

2014

Í þessu skjali er að finna samantekt úrskurða 2014. Allir úrskurðir eru í einu skjali, til að auðvelda leit í þeim að einstaka efnisorðum en hægt er að fá þá staka senda í tölvupósti. Vinsamlegast hafið samband við sigrun@fme.is

Síðast uppfært 17.7.2015 – allir úrskurðir ársins 2014 komnir inn í skjalið. Ef það vantar inn í númeraröðina er það vegna þess að í þeim málum hefur verið samið áður en til úrskurðar kom.

Ár 2014, föstudaginn 4. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 2. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. janúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. febrúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. febrúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 19. febrúar 2014. Var bréfið sent varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. febrúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 5. mars 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 16. apríl 2003 gaf A, út skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 3.600.000, til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila, að B, var sett að veði á 4. veðrétti til tryggingar skuldabréfinu.

Þann 2. febrúar 2009 barst sóknaraðila greiðsluáskorun frá varnaraðila vegna skuldabréfs nr. X. Samtals nam fjárhæð kröfunnar kr. 3.225.970.

Fyrir liggja kvittanir fyrir viðskiptum, dags. 5. október 2009, 7. desember 2009 og 18. desember 2009 þar sem sóknaraðili greiðir gjalddaga skuldabréfs nr. X. Þann 5. október 2009 greiddi sóknaraðili kr. 38.919 vegna gjalddaga 1. júlí 2009 og 1. ágúst 2009. Þann 7. desember 2009 greiddi sóknaraðili kr. 45.313 vegna gjalddaga 1. september 2009 og 1. október 2009. Þann 18. desember 2009 greiddi sóknaraðili kr. 40.489 vegna gjalddaga 1. nóvember 2009 og 1. desember 2009.

Sóknaraðili hefur lagt fram yfirlit yfir hreyfingar á reikningum nr. Y og Z sem hann kveður hafa verið greiðslur vegna skuldabréfs nr. X. Útborganir af reikningunum

voru framkvæmdar dags. 14. janúar 2010 kr. 48.315, 25. janúar 2010 kr. 76.972 (tilvísunarnr. Þ, skýring F), 15. febrúar 2010 kr. 48.545, 17. mars 2010 kr. 48.396, 9. apríl 2010 kr. 56.990 (tilvísunarnr. ÞÞ), 12. maí 2010 kr. 57.479 (tilvísunarnr. ÞÞ), 10. júní 2010 kr. 56.585 (tilvísunarnr. ÞÞ), 6. júlí 2010 kr. 56.274 (tilvísunarnr. ÞÞ), 10. ágúst 2010 kr. 56.156 (ÞÞ), 6. september 2010 kr. 55.783 (tilvísunarnr. ÞÞ) og 30. september 2010 kr. 55.523 (tilvísunarnr. ÞÞ). Samtals kveðst sóknaraðili hafa greitt kr. 741.730 vegna skuldabréfs nr. X.

Á árinu 2013 fór sóknaraðili þess á leit við varnaraðila að veðsetning á 4. veðrétti fasteignar sóknaraðila yrði ógilt og veðréttindum varnaraðila aflýst af eigninni sökum þess að varnaraðili hefði ekki fullnægt skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Krafa sóknaraðila var tekin til skoðunar og úr varð að varnaraðili féllst á að aflýsa veðréttindum sínum sem hvíldu á fasteign sóknaraðila.

Sóknaraðili lagði fram ódagsettan tölvupóst frá starfsmanni varnaraðila þar sem fram kom að bankinn vildi fá formlegt erindi þar sem krafist væri endurgreiðslu á greiddum gjalddögum lánsins sem hann hefði greitt sem eigandi veðsins þar til það var fellt niður. Þá hefur sóknaraðili lagt fram óundirritað skjal með yfirskriftinni „Staðfesting“ þar sem fram kemur að hann hafi komið til varnaraðila og farið fram á endurgreiðslu á kr. 741.730 sem varnaraðili hafi hafnað.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 2. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Í liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Geri kröfu um greiðslu kr. 741.730 ,sem ég greiddi af ólöglegu ábyrgðarláni hjá F [svo] á árinu 2009 og 2010 auk Seðlabanka vaxta [svo].“*

Sóknaraðili kveður það ekki rétt að hann hafi ekki beint kvörtun sinni til varnaraðila áður en hann hafi lagt inn kvörtun til nefndarinnar. Hann kveðst hafa farið með skjal sem hann hafi kallað staðfestingu til C, fjármálaráðgjafa hjá varnaraðila. C hafi sagst að athuguðu máli ekki geta skrifað undir skjalið. Hún hafi þurft að bera það undir yfirmann sem hafi synjað kröfunni. Þremur til fjórum dögum seinna hafi sóknaraðili hringt í hana og hún hafi sagt málið í athugun. Sama dag hafi komið tölvupóstur frá henni.

Sóknaraðili kveðst hafa farið til C í desemberbyrjun 2013 með útprentun úr heimabanka yfir greiðslur sem hann hafi innt af hendi vegna umþrætts láns. Hafi hann farið fram á greiðslu auk vaxta. Hafi L staðhæft að umræddar greiðslur hefðu farið til varnaraðila. Hafi bankinn synjað um greiðslu kröfunnar og bent á að sóknaraðili yrði að leita annarra leiða. Starfsmaður umboðsmanns skuldara hafi einnig vitað um málið.

Sóknaraðili telur ekki rétt hjá varnaraðila að miða við að fyrningu hafi verið slitið þegar hann hafi lagt inn kvörtun til úrskurðarnefndarinnar 2. janúar 2014. Hafi hann leitað til umboðsmanns skuldara um að kanna gildi ábyrgðar. Hafi fulltrúi hans sent fyrirspurn til varnaraðila þann 3. október 2013 og beri að miða rof fyrningar við þá dagsetningu þar sem þá hafi sóknaraðili fyrst átt rétt til efnda. Greiðslur vegna skuldabréfsins séu því ekki fyrndar eins og bankinn haldi fram. Vísar sóknaraðili til 2. gr. og 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfurettinda.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Til þrautavara er þess krafist að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila kr. 617.009.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili í fyrsta lagi til þess að 5. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki standi í vegi fyrir því að krafa sóknaraðila verði tekin til efnismeðferðar. Samkvæmt hinu tilvitnaða ákvæði sé það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa mál með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Varnaraðili byggir á að þetta skilyrði sé ekki fyrir hendi enda hafi sóknaraðili ekki gert neina fjárkröfu á hendur varnaraðila og þar af leiðandi ekki veitt honum færi á að taka afstöðu til kröfu hans áður en hann beindi kvörtun til úrskurðarnefndarinnar. Fullyrðingar í kvörtun sóknaraðila um að kvörtun hans hafi verið hafnað af varnaraðila fá ekki stoð í öðrum gögnum málsins en af rökstuðningi sóknaraðila fyrir kvörtuninni virðist þó mega ráða að hann hafi haft slíka kröfu uppi við fulltrúa umboðsmanns skuldara.

Varnaraðili bendir á að í andmælum sínum, dags. 13. febrúar 2014, geri sóknaraðili tilraun til að ráða bót á málatilbúnaði sínum með því að krefja starfsmann útibús um undirritun á skjal til staðfestingar á því að hann hafi í raun gert fjárkröfu á hendur varnaraðila. Svo virðist sem sóknaraðili hafi komið í útibú varnaraðila í desember 2013 og haft uppi óformlegt erindi í formi munnlegrar fyrirspurnar eða kröfu um endurgreiðslu af ofgreiddum ábyrgðarskuldbindingum. Hafi honum verið tjáð, m.v. fyrirliggjandi upplýsingar, að slíkar kröfur væru ekki teknar til greina. Varnaraðili byggir á að skilyrðum 5. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefndina hafi ekki verið fullnægt í þessu tilviki, enda séu uppi í málinu fjölmargar málsástæður sem varnaraðila hafi ekki verið gefinn kostur á að taka afstöðu til í þessari munnlegu fyrirspurn sóknaraðila.

Varnaraðili byggir í öðru lagi á því að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo óljós, illa upplýstur og kröfur sóknaraðila svo óskýrar að málið sé ekki tækt til úrskurðar, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Bendir varnaraðili á að málatilbúnaður sóknaraðila sé verulega vanreifaður að því er varði kröfur hans og málsástæður. Þannig sé krafa um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar sem sóknaraðili hafi greitt af „ólöglegu ábyrgðarláni“ hjá varnaraðila á árunum 2009 og 2010 auk „Seðlabanka vaxta“. Í rökstuðningi og málavaxtalýsingu sóknaraðila sé ekki einu orði vikið að því á hvaða grundvelli sóknaraðili telji sig eiga kröfu á hendur varnaraðila né á hverju kröfur hans séu byggðar að öðru leyti. Varnaraðili byggir á að slíkur málatilbúnaður fari gegn e-lið 1. mgr. 6. gr. samþykkt úrskurðarnefndarinnar enda geri það að verkum að varnir varnaraðila verði að taka mið af öllum mögulegum málsástæðum og verði þar af leiðandi óljósari og ómarkvissari.

Varnaraðili byggir einnig á að fjárhæð endurkröfu sóknaraðila sé óljós en í því samhengi leggi sóknaraðili fram afrit ýmissa kvittana frá FF sem og útprentuð yfirlit úr netbanka L. Kvittanir frá FF beri með sér að vera tilkomnar vegna afborgana af skuldabréfi nr. X en hin útprentuðu yfirlit frá L gefi á hinn bóginn ekkert slíkt til kynna og því sé ómögulegt að ráða af þeim hvort hreyfingarnar séu vegna afborgana af skuldabréfinu.

Loks byggir varnaraðili á að vaxtakrafa sóknaraðila sé verulega vanreifuð og uppfylli ekki þær lágmarkskröfur sem gerðar séu til slíkra krafna skv. 11. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og beri því að vísa henni frá. Vísist í þessu samhengi m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 238/2007.

Að öllu ofangreindu virtu telur varnaraðili að vísa beri málinu frá vegna óljóss málatilbúnaðar sóknaraðila. Bendir varnaraðili á að frávísun á þessum grundvelli ætti ekki að valda sóknaraðila sérstökum réttarspjöllum enda gefist honum kostur á að afla frekari upplýsinga og skýra kröfur sínar og málsástæður með nýju málskoti, sbr. 3. málsl. e-liðar 1. mgr. 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina.

Varakröfu sína byggir varnaraðili á að meginreglur kröfuréttar um fyrirvaralausar greiðslur leiði til þeirrar niðurstöðu að hafna beri kröfu sóknaraðila. Byggir varnaraðili á því að fyrirvaralausar greiðslur sóknaraðila af skuldabréfinu til varnaraðila hafi leitt til þess að varnaraðili hafi reiknað með og gengið út frá að greiðslan hafi verið endanleg og hagað sínum athöfnum í samræmi við það. Telur varnaraðili það leiða til þeirrar niðurstöðu að endurkröfuréttur sóknaraðila sé ekki fyrir hendi. Við mat á því hvort endurkröfuréttur sé fyrir hendi hafi dómstólar lagt mikið upp úr því hvort greitt hafi verið með eða án fyrirvara. Megi í því sambandi benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 255/1992. Varnaraðili telur fordæmisgildi þessa dóms Hæstaréttar hafa úrslitaáhrif fyrir niðurstöðu þessa máls, enda hafi hann staðfest mikilvægi þess að binda umdeildar kröfur fyrirvara.

Varnaraðili byggir jafnframt á að hann hafi verið í góðri trú um gildi veðsetningarinnar þegar hann hafi mótttekið greiðslur sóknaraðila vegna gjaldfallinna afborgana af skuldinni, enda hafi honum á þeim tíma ekki verið kunnugt um eða ljóst að atvik að baki veðsetningunni gætu leitt til þess að hún væri ógild eða ógildanleg. Sóknaraðili hafi engan reka gert að því að kanna eða afla upplýsinga um gildi sjálfskuldarábyrgðarinnar þegar honum hafi borist greiðsluáskoranir vegna vanskila á láninu. Sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að gera fyrirvara við greiðslur sínar. Varnaraðili byggir á því að á þeim tíma er hann hafi mótttekið hinar fyrirvaralausar greiðslur hafi honum hvorki verið ljóst né mátt vera ljóst að sóknaraðili teldi sig eiga endurkröfu á hendur honum. Því telji varnaraðili að hafna beri kröfum sóknaraðila af þeim sökum.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi sýnt af sér slíkt tómlæti við að krefjast ógildingar veðsetningarinnar og endurgreiðslu vegna greiddra afborgana að það eitt og sér eigi að leiða til þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Sóknaraðila hafi borist fyrstu greiðsluáskoranir frá varnaraðila vegna vanskila skuldabréfs nr. X á árinu 2009. Sóknaraðili hafi ekki kannað réttarstöðu sína vegna veðsetningarinnar fyrir en undir lok árs 2013. Þetta tómlæti sóknaraðila hafi m.a. leitt til þess að hluti hinnar umkröfnu endurgreiðslu hafi fyrnst.

Þá mótmælir varnaraðili því í öllum tilvikum að krafa sóknaraðila beri vexti, annað hvort samningsvexti eða dráttarvexti. Almenna vexti skuli aðeins reikna af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum, sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varnaraðili telur að það brestri lagastoð til að úrskurða að krafan beri vexti skv. 3. gr. sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001.

Varnaraðili byggir þrautavarakröfu sína á því að krafa sóknaraðila sé að hluta fallin niður fyrir fyrningu. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist endurkröfur á fjórum árum frá því að krafan var efnd.

Bendir varnaraðili á að fyrningu sé slitið þegar kröfur séu lagðar fyrir kær- og úrskurðarnefndir sem settar séu á fót af skuldara eða starfsgreinarsamtökum sem hann eigi aðild að eða með þátttöku þeirra, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 150/2007. Varnaraðili telur að ákvæðið verði að túlka á þann hátt að fyrningu sé slitið þegar kvörtun sé lögð fram hjá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Í þessu máli verði því að miða við að fyrningu hafi verið slitið 2. janúar 2014. Af því leiði að allar afborganir sem sóknaraðili hafi greitt af skuldabréfi nr. X fyrir 2. janúar 2010 séu fyrndar. Bendir varnaraðili á að umleitanir sóknaraðila og umboðsmanns skuldara vegna þessarar endurkröfu hafi ekki slitið fyrningu, enda fái það hvergi stoð í lögum um fyrningu kröfuréttinda.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi lagt fram yfirlit um greiðslur sem hann hafi innt af hendi af skuldabréfi nr. X. Á yfirlitinu megi sjá að fyrsta greiðsla sóknaraðila hafi verið innt af hendi þann 5. október 2009, önnur þann 4. desember 2009 og sú þriðja 18. desember 2009. Samanlögð fjárhæð þessara afborgana sem séu fyrndar sé kr. 124.721 og komi í öllum tilvikum til frádráttar frá kröfu sóknaraðila sökum fyrningar, sbr. 4. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Varnaraðili telur að 5. gr. laga nr. 150/2007 eigi ekki við í máli þessu, enda ræði þar um fyrningarfrest peningaskuldar skv. skuldabréfi eða peningaláni. Varnaraðili bendir á að fyrningarfresturinn eigi við um skuldarsamband kröfuhafa og skuldara en ekki um endurkröfur ábyrgðarmanns á hendur kröfuhafa. Því til stuðnings vísar varnaraðili einnig til 8. gr. laga nr. 150/2007. Þar komi fram almenn meginregla um fyrningu endurkrafna, en hún sé sú að hvers kyns endurkröfur fyrnist á fjórum árum frá því að kröfuhafi hafi fyrst getað átt rétt til efnda. Í máli þessu hljóti að verða að miða við að sóknaraðili hafi fyrst átt rétt til efnda þegar hann hafi innt af hendi afborganir af skuldabréfinu vegna lánsveðsins og því hafi fyrningarfresturinn, sbr. 2. gr. laganna, byrjað að líða þá.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurgreiðslu ofgreidds fjár vegna greiðslna sóknaraðila af skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggja að ágreiningur sé um sakarefnið.

Í máli þessu liggur fyrir ódagsettur tölvupóstur frá starfsmanni varnaraðila þar sem óskað er eftir formlegu erindi frá sóknaraðila vegna endurgreiðslu ofgreidds fjár vegna greiðslna sóknaraðila á skuldabréfi nr. X. Þá liggur fyrir óundirritað og ódagsett skjal sem sóknaraðili útbjó með yfirskriftinni „Staðfesting“. Lagði hann það fram með athugasemdum sínum, dags. 13. febrúar 2014, eftir að varnaraðili hafði krafist frávísunar á grundvelli 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina. Í því kom fram að sóknaraðili óskaði staðfestingar varnaraðila á því að hann hefði komið í útibú varnaraðila og óskað eftir greiðslu að fjárhæð kr. 741.730 en því hefði verið hafnað.

Af gögnum málsins og málalíbúnaði varnaraðila verður ekki ráðið hvort sóknaraðili hafi borið málið upp við varnaraðila í desember 2013, enda liggja þeirri staðhæfingu sóknaraðila einungis til grundvallar ódagsett gögn. Þá liggur fyrir að varnaraðili óskaði eftir því við sóknaraðila að hann bæri málið formlega upp við nánar

tilgreindan starfsmann varnaraðila. Virðist sóknaraðili ekki hafa gert það heldur beint málinu til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ekki verður talið að nægilegt sé fyrir viðskiptamenn fjármálafyrirtækja að bera óformlegar munnlegar fyrirspurnir upp við starfsmenn fjármálafyrirtækja sem af því tilefni óska formlegra erinda um málið til að skilyrðum 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sé fullnægt. Í ljósi þess verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá, með vísan til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 4. apríl 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 13. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **endurupptaka mál nr. 1/2014:**

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. 2. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dags. 6. janúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 7. febrúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dags. 7. febrúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dags. 19. febrúar 2014. Var bréfið sent varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dags. 24. febrúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dags. 5. mars 2014.

Með úrskurði, dags. 4. apríl 2014, var kröfu sóknaraðila vísað frá á þeim grundvelli að kröfum sóknaraðila hefði aldrei verið hafnað af varnaraðila, sbr. 5. gr. samþykktu nefndarinnar. Sóknaraðili fór fram á endurupptöku málsins með bréfi, dags. þann 14. ágúst 2014, eftir að hafa mótttekið synjun varnaraðila á endurgreiðslukröfu sinni. Féllst nefndin á beiðni um endurupptöku. Með bréfi nefndarinnar, dags. 22. ágúst 2014, var varnaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Með bréfi dags. 27. ágúst 2014 vísaði varnaraðili í fyrri rökstuðning, dags. 7. febrúar 2014. Nefndin sendi varnaraðila frekari fyrirspurnir vegna málsins þann 11. desember 2014 og bárust svör hans 19. desember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 13. febrúar 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 16. apríl 2003 gaf A, út skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 3.600.000, til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila, að B, var sett að veði á 4. veðrétti til tryggingar skuldabréfinu.

Þann 2. febrúar 2009 barst sóknaraðila greiðsluáskorun frá varnaraðila vegna skuldabréfs nr. X. Samtals nam fjárhæð kröfunnar kr. 3.225.970.

Fyrir liggja kvittanir fyrir viðskiptum, dags. 5. október 2009, 7. desember 2009 og 18. desember 2009 þar sem sóknaraðili greiðir gjalddaga skuldabréfs nr. X. Þann 5. október 2009 greiddi sóknaraðili kr. 38.919 vegna gjalddaga 1. júlí 2009 og 1. ágúst 2009. Þann 7. desember 2009 greiddi sóknaraðili kr. 45.313 vegna gjalddaga 1. september 2009 og 1. október 2009. Þann 18. desember 2009 greiddi sóknaraðili kr. 40.489 vegna gjalddaga 1. nóvember 2009 og 1. desember 2009.

Sóknaraðili hefur lagt fram yfirlit yfir hreyfingar á reikningum nr. Y og Z sem hann kveður hafa verið greiðslur vegna skuldabréfs nr. X. Útborganir af reikningunum voru framkvæmdar dags. 14. janúar 2010 kr. 48.315, 25. janúar 2010 kr. 76.972 (tilvísunarnr. Þ, skýring F), 15. febrúar 2010 kr. 48.545, 17. mars 2010 kr. 48.396, 9. apríl 2010 kr. 56.990 (tilvísunarnr. ÞÞ), 12. maí 2010 kr. 57.479 (tilvísunarnr. ÞÞ), 10. júní 2010 kr. 56.585 (tilvísunarnr. ÞÞ), 6. júlí 2010 kr. 56.274 (tilvísunarnr. ÞÞ), 10. ágúst 2010 kr. 56.156 (ÞÞ), 6. september 2010 kr. 55.783 (tilvísunarnr. ÞÞ) og 30. september 2010 kr. 55.523 (tilvísunarnr. ÞÞ). Samtals kveðst sóknaraðili hafa greitt kr. 741.730 vegna skuldabréfs nr. X.

Á árinu 2013 fór sóknaraðili þess á leit við varnaraðila að veðsetning á 4. veðrétti fasteignar sóknaraðila yrði ógilt og veðréttindum varnaraðila aflýst af eigninni sökum þess að varnaraðili hefði ekki fullnægt skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Krafa sóknaraðila var tekin til skoðunar og úr varð að varnaraðili féllst á að aflýsa veðréttindum sínum sem hvíldu á fasteign sóknaraðila.

Sóknaraðili lagði fram ódagsettan tölvupóst frá starfsmanni varnaraðila þar sem fram kom að bankinn vildi fá formlegt erindi þar sem krafist væri endurgreiðslu á greiddum gjalddögum lánsins sem hann hefði greitt sem eigandi veðsins þar til það var fellt niður. Þá hefur sóknaraðili lagt fram óundirritað skjal með yfirskriftinni „Staðfesting“ þar sem fram kemur að hann hafi komið til varnaraðila og farið fram á endurgreiðslu á kr. 741.730 sem varnaraðili hafi hafnað.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dags. 2. janúar 2014. Með úrskurði, dags. 4. apríl 2014, var kröfu sóknaraðila vísað frá. Sóknaraðili lagði fram bréf með kvörtun þar sem sóknaraðili fór fram á endurgreiðslukröfu við varnaraðila. Kröfunni var formlega hafnað af varnaraðila.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður ekki rétt hafa verið staðið að lánveitingu á skuldabréfi nr. x sem var áhvílandi á fasteign hans, og fer hann því fram á endurgreiðslu greiddra gjalddaga. Sóknaraðili gerir kröfu um greiðslu að upphæð 741.730 kr. auk seðlabankavaxta eða vaxta samkvæmt skuldabréfi nr. X.

Með bréfi dags. 23. apríl 2014, fór sóknaraðili fram á endurgreiðslu varnaraðila að fjárhæð 741.730 kr. og voru greiðslurnar sundurliðaðar. Endurgreiðslubeiðni sóknaraðila var hafnað af hálfu varnaraðila í tölvupósti dags. 4. júlí 2014.

Sóknaraðili telur ekki rétt hjá varnaraðila að miða við að fyrningu hafi verið slitid þegar hann hafi lagt inn kvörtun til úrskurðarnefndarinnar 2. janúar 2014. Hafi hann leitað til umboðsmanns skuldara um að kanna gildi ábyrgðar. Hafi fulltrúi hans sent fyrirspurn til varnaraðila þann 3. október 2013 og beri að miða rof fyrningar við þá dagsetningu, þar sem þá hafi sóknaraðili fyrst átt rétt til efnda. Greiðslur vegna

skuldabréfsins sé því ekki fyrndar eins og bankinn haldi fram. Vísar sóknaraðili til 2. gr. og 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili vísar í andmæli í bréfi dags. 7. febrúar 2014 þar sem varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Til þrautavara er þess krafist að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila kr. 617.009.

Varnaraðili byggir á því að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo óljós, illa upplýstur og kröfur sóknaraðila svo óskýrar að málið sé ekki tækt til úrskurðar, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Bendir varnaraðili á að málatilbúnaður sóknaraðila sé verulega vanreifaður að því er varði kröfur hans og málsástæður. Þannig sé krafa um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar sem sóknaraðili hafi greitt af „ólöglegu ábyrgðarláni“ hjá varnaraðila á árunum 2009 og 2010 auk „Seðlabanka vaxta“. Í rökstuðningi og málavaxtalýsingu sóknaraðila sé ekki einu orði vikið að því á hvaða grundvelli sóknaraðili telji sig eiga kröfu á hendur varnaraðila né á hverju kröfur hans séu byggðar að öðru leyti. Varnaraðili byggir á að slíkur málatilbúnaður fari gegn e-lið 1. mgr. 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar enda geri það að verkum að varnir varnaraðila verði að taka mið af öllum mögulegum málsástæðum og verði þar af leiðandi óljósari og ómarkvissari.

Varnaraðili byggir einnig á að fjárhæð endurkröfu sóknaraðila sé óljós en í því samhengi leggi sóknaraðili fram afrit ýmissa kvittana frá FF sem og útprentuð yfirlit úr netbanka L. Kvittanir frá FF beri með sér að vera tilkomnar vegna afborgana af skuldabréfi nr. X en hin útprentuðu yfirlit frá L gefi á hinn bóginn ekkert slíkt til kynna og því sé ómögulegt að ráða af þeim hvort hreyfingarnar séu vegna afborgana af skuldabréfinu.

Loks byggir varnaraðili á að vaxtakrafa sóknaraðila sé verulega vanreifuð og uppfylli ekki þær lágmarkskröfur sem gerðar séu til slíkra krafna skv. 11. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og beri því að vísa henni frá. Vísist í þessu samhengi m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 238/2007.

Að öllu ofangreindu virtu telur varnaraðili að vísa beri málinu frá vegna óljóss málatilbúnaðar sóknaraðila.

Varakröfu sína byggir varnaraðili á að meginreglur kröfuréttar um fyrirvaralausar greiðslur leiði til þeirrar niðurstöðu að hafna beri kröfu sóknaraðila. Byggir varnaraðili á því að fyrirvaralausar greiðslur sóknaraðila af skuldabréfinu til varnaraðila hafi leitt til þess að varnaraðili hafi reiknað með og gengið út frá að greiðslan hafi verið endanleg og hagað sínum athöfnum í samræmi við það. Telur varnaraðili það leiða til þeirrar niðurstöðu að endurkröfuréttur sóknaraðila sé ekki fyrir hendi. Við mat á því hvort endurkröfuréttur sé fyrir hendi hafi dómstólar lagt mikið upp úr því hvort greitt hafi verið með eða án fyrirvara. Megi í því sambandi benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 255/1992. Varnaraðili telur fordæmisgildi þessa dóms Hæstaréttar hafa úrslitaáhrif fyrir niðurstöðu þessa máls, enda hafi hann staðfest mikilvægi þess að binda umdeildar kröfur fyrirvara.

Varnaraðili byggir jafnframt á að hann hafi verið í góðri trú um gildi veðsetningarinnar þegar hann hafi mótttekið greiðslur sóknaraðila vegna gjaldfallinna

afborgana af skuldinni, enda hafi honum á þeim tíma ekki verið kunnugt um eða ljóst að atvik að baki veðsetningunni gætu leitt til þess að hún væri ógild eða ógildanleg. Sóknaraðili hafi engan reka gert að því að kanna eða afla upplýsinga um gildi sjálfskuldarábyrgðarinnar þegar honum hafi borist greiðsluáskoranir vegna vanskila á láninu. Sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að gera fyrirvara við greiðslur sínar. Varnaraðili byggir á því að á þeim tíma er hann hafi móttengið hinar fyrirvaralausú greiðslur hafi honum hvorki verið ljóst né mátt vera ljóst að sóknaraðili teldi sig eiga endurkröfu á hendur honum. Telji varnaraðili að hafna beri kröfum sóknaraðila af þeim sökum.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi sýnt af sér slíkt tómlæti við að krefjast ógildingar veðsetningarinnar og endurgreiðslu vegna greiddra afborgana að það eitt og sér eigi að leiða til þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Sóknaraðila hafi borist fyrstu greiðsluáskoranir frá varnaraðila vegna vanskila skuldabréfs nr. X á árinu 2009. Sóknaraðili hafi ekki kannað réttarstöðu sína vegna veðsetningarinnar fyrir en undir lok árs 2013. Þetta tómlæti sóknaraðila hafi m.a. leitt til þess að hluti hinnar umkröfðu endurgreiðslu hafi fyrnst.

Þá mótmælir varnaraðili því í öllum tilvikum að krafa sóknaraðila beri vexti, annað hvort samningsvexti eða dráttarvexti. Almenna vexti skuli aðeins reikna af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum, sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varnaraðili telur að það bresti lagastoð til að úrskurða að krafan beri vexti skv. 3. gr. sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001.

Varnaraðili byggir þrautavarakröfu sína á því að krafa sóknaraðila sé að hluta fallin niður fyrir fyrningu. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist endurkröfur á fjórum árum frá því að krafan var efnd.

Bendir varnaraðili á að fyrningu sé slitið þegar kröfur séu lagðar fyrir kæru- og úrskurðarnefndir sem settar séu á fót af skuldara eða starfsgreinarsamtökum sem hann eigi aðild að eða með þátttöku þeirra, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 150/2007. Varnaraðili telur að ákvæðið verði að túlka á þann hátt að fyrningu sé slitið þegar kvörtun sé lögð fram hjá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Í þessu máli verði því að miða við að fyrningu hafi verið slitið 2. janúar 2014. Af því leiði að allar afborganir sem sóknaraðili hafi greitt af skuldabréfi nr. X fyrir 2. janúar 2010 séu fyrndar. Bendir varnaraðili á að umleitanir sóknaraðila og umboðsmanns skuldara vegna þessarar endurkröfu hafi ekki slitið fyrningu, enda fái það hvergi stoð í lögum um fyrningu kröfuréttinda.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi lagt fram yfirlit um greiðslur sem hann hafi innt af hendi af skuldabréfi nr. X. Á yfirlitinu megi sjá að fyrsta greiðsla sóknaraðila hafi verið innt af hendi þann 5. október 2009, önnur þann 4. desember 2009 og sú þriðja 18. desember 2009. Samanlögð fjárhæð þessara afborgana sem séu fyrndar sé kr. 124.721 og komi í öllum tilvikum til frádráttar frá kröfu sóknaraðila sökum fyrningar, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Varnaraðili telur að 5. gr. laga nr. 150/2007 eigi ekki við í máli þessu, enda ræði þar um fyrningarfrest peningaskuldar skv. skuldabréfi eða peningaláni. Varnaraðili bendir á að fyrningarfresturinn eigi við um skuldarsamband kröfuhafa og skuldara en ekki um endurkröfur ábyrgðarmanns á hendur kröfuhafa. Því til stuðnings vísar varnaraðili einnig til 8. gr. laga nr. 150/2007. Þar komi fram almenn meginregla um fyrningu endurkrafna, en hún sé sú að hvers kyns endurkröfur fyrnist á fjórum árum frá því að kröfuhafi hafi fyrst getað átt rétt til efnda. Í máli þessu hljóti að verða að miða við að sóknaraðili hafi fyrst átt rétt til efnda þegar hann hafi innt af hendi

afborganir af skuldabréfinu vegna lánsveðsins og því hafi fyrningarfresturinn, sbr. 2. gr. laganna, byrjað að líða þá.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurgreiðslu ofgreidds fjár vegna greiðslna sóknaraðila af skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF, nú varnaraðila.

Í 6. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktá, þar sem málatilbúnaður sóknaraðila sé svo óljós, illa upplýstur og kröfur sóknaraðila svo óskýrar að málið sé ekki tækt til úrskurðar. Bendir varnaraðili á að málatilbúnaður sóknaraðila sé verulega vanreifaður að því er varði endurkröfu hans og vaxtakröfu.

Enda þótt málatilbúnaður sóknaraðila hefði vissulega mátt vera markvissari, verður að telja að sakarefnið liggja nægilega skýrt fyrir til að unnt sé að taka afstöðu til þess. Það leiðir af eðli nefndarinnar, sem ætlað er að gefa viðskiptamönnum fjármálafyrirtækja færi á að bera mál sín upp án verulegs kostnaðar, að ekki verða gerðar ríkar kröfur um vísan til réttarreglna eða önnur slík atriði í málatilbúnaði þeirra.

Það virðist liggja skýrt fyrir í máli þessu að sóknaraðili telur sig hafa ofgreitt fé af ógildu eða ógildanlegu veðláni sem hvíldi á eign hans. Krafan er studd gögnum um umræddar greiðslur. Varnaraðili er kunnugur reglum íslensks réttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár og verður ekki talið að vanhöld á því að sóknaraðili reki hvernig þær snerta málið geri honum erfitt fyrir um varnir. Ekki virðist ágreiningur um málsatvik eða um ógildi lánsins, en varnaraðili ber fyrir sig framangreindar málsástæður sem taka má afstöðu til í málinu. Verður frávísunarkröfu varnaraðila því hafnað.

Varnaraðili byggir á því til vara að fyrirvaralausar greiðslur sóknaraðila, af skuldabréfinu, til varnaraðila hafi leitt til þess að varnaraðili hafi reiknað með og gengið út frá að greiðslan hafi verið endanleg. Því sé endurkröfuréttur sóknaraðila ekki fyrir hendi.

Almennt er viðurkennt að fyrirvaralaus greiðsla geti jafngilt endanlegu uppgjöri milli aðila og þá einkum hafi greiðandi jafnframt sýnt af sér tómlæti um leiðréttingu síðar. Er þess vegna gert ráð fyrir því að greiðandi greiðslu geri fyrirvara um réttmæti greiðslu vilji hann koma í veg fyrir að hún verði talin endanlegt uppgjör í þeim tilvikum sem honum megi vera ljóst að vafi geti leikið á um greiðsluskyldu. Talið er að réttur til endurheimtu ofgreiðslu geti skerst eða fallið niður fyrir sakir tómlætis greiðanda. Sóknaraðili greiddi varnaraðila greiðslur að fjárhæð kr. 741.730 vegna umrædds skuldabréfs á tímabilinu 5. október 2009 til 30. september 2010 og voru greiðslurnar inntar af hendi athugasemdalaust og án nokkurs fyrirvara um réttmæti greiðslunnar.

Hafa ber í huga aðstöðumun aðila. Stóð það varnaraðila nær að gæta þess að lánsamningur væri gildur. Varnaraðili er fjármálafyrirtæki, sem yfir sérfræðikunnáttu búi og hefur atvinnu af lánveitingum. Því má telja að varnaraðili hafi verið í betri aðstöðu til að meta lögmæti veðlánsins en sóknaraðili. Af þessum sökum verður því

hafnað að réttur sóknaraðila til endurgreiðslu verði skertur á þessum grunni, enda er ekkert fram komið um að sóknaraðili hafi dregið úr hömlu að leita réttar síns eftir að honum varð ljóst að vafi kynni að leika á um lögmæti lánsins.

Á árinu 2013 fór sóknaraðili þess á leit við varnaraðila og starfsmann umboðsmanns skuldara, að veðsetning á 4. veðrétti fasteignar yrði ógilt og veðréttindum aflýst af eigninni.

Talið er að á því tímamarki þegar skuldari greiðir kröfuhafa umfram það sem efni standa til, stofnist endurheimtukrafa til handa upphaflegum skuldara. Fyrningarfrestur þessarar nýju kröfu hefst um leið og hin upphaflega greiðsla fer fram og getur upphaflegur skuldari ekki farið fram á endurgreiðslu hins ofgreidda fjár, geri hann ekki tilkall til hennar áður en fyrningarfresturinn er liðinn.

Varnaraðili krefst þess til þrautavara að kröfu sóknaraðila verði hafnað þar sem krafan sé að hluta fallin niður vegna fyrningar. Með fyrningu er átt við að réttur kröfuhafa til að innheimta greiðslu úr hendi skuldara falli niður að meira eða minna leyti vegna aðgerðaleysis kröfuhafa við innheimtu kröfunnar. Endurheimtukröfur falla undir hið almenna ákvæði 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og bera fjögurra ára fyrningarfrest. Því ber að telja frestinn frá þeim degi þegar ofgreiðsla fór fram, enda getur greiðandi í fyrsta lagi átt rétt til endurgreiðslu frá því tímamarki, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Samkvæmt 16. gr. er fyrningu slitið þegar málið er lagt til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hefur sérstakt ákvörðunarvald til þess að ljúka deilu um ágreininginn, eða fyrir kæru- og úrskurðarnefndir, sem eru settar á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann á aðild að eða með þátttöku þeirra, eða eru settar á fót á grundvelli fyrirmæla í lögum. Erindi sóknaraðila til umboðsmanns skuldara og bréfaskipti þess embættis við varnaraðila gátu samkvæmt þessu ekki slitið fyrningu endurkröfunnar.

Þegar sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dags. 2. janúar 2014, var fyrningu slitið. Því verður að telja að endurgreiðslukröfur hans vegna greiðslna sem voru inntar af hendi meira en fjórum árum fyrir slit fyrningu, það er fyrir 2. janúar 2010, teljist vera fyrndar að lögum.

Af yfirliti sem sóknaraðili lagði fram um greiðslur sem hann hefur framkvæmt af umræddu skuldabréfi má sjá að fyrsta greiðsla sóknaraðila var innt af hendi þann 5. október 2009, önnur þann 4. desember 2009 og sú þriðja 18. desember 2009 að samtals fjárhæð kr. 124.721. Verður því að telja að þessar greiðslur af skuldabréfinu séu fyrndar skv. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og koma til frádráttar kröfu sóknaraðila.

Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu reiknast dráttarvextir af kröfu sóknaraðila að liðnum mánuði frá því hann setti kröfu sína um útgreiðslu fram þann 2. janúar 2014, en ósannað er að hann hafi sett kröfu um endurgreiðslu fram fyrr en við það tímamark.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fallist er á kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F um endurgreiðslu ofgreidds fjár að hluta.

Greiðslur sóknaraðila á tímabilinu 5. október til 18. desember 2009 vegna skuldabréfs nr. X að fjárhæð kr. 124.721 eru fyrndar samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og koma til frádráttar kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili skal endurgreiða ofgreiðslur sóknaraðila á tímabilinu 14. janúar 2010 til 20. september 2010 vegna skuldabréfs nr. X að fjárhæð kr. 617.010 með dráttarvöxtum. frá 2. janúar 2014.

Reykjavík, 13. febrúar 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 11. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 3. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 3. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. janúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 10. febrúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. febrúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 14. febrúar 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. mars og 11. apríl 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 30. október 2006 tók sóknaraðili við láni nr. X. Fyrir liggur að um var að ræða ólögmett gengistryggt lán sem endurreiknað var þann 31. desember 2010 hjá FF. Staða lánsins fyrir endurreikning var kr. 3.393.534 en eftir endurreikning kr. 2.595.863. Í kjölfar sölu bifreiðarinnar þann 31. desember 2010 greiddi sóknaraðili lánið upp.

Þann 14. júní 2011 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Avant hf. og SP fjármögnunar við varnaraðila þar sem fyrrnefndum félögunum tveimur var slitið án skuldaskila. Gert var ráð fyrir að samruninn miðaðist við 31. desember 2010.

Þann 4. ágúst 2011 afskrifaði varnaraðili kr. 2.057.781 hjá sóknaraðila vegna láns nr. Y, kr. 5.238.337 vegna skuldabréfs nr. Z og kr. 937.863 vegna Vísaskuldar nr. Þ. Samtals afskrifaði varnaraðili því kr. 8.233.981 hjá sóknaraðila.

Þann 3. janúar 2014 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila að inneign sem myndast myndi við leiðréttingu varnaraðila á endurreikningi FF yrði notuð til skuldajöfnunar við önnur vanskil við varnaraðila áður en upphæð yrði greidd út til viðskiptavinar.

Lán í skilum yrðu ekki greidd upp en greidd yrðu upp vanskil eða afskriftir. Væri þetta gert skv. almennum reglum kröfuréttar um skuldajöfnun.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 3. janúar 2014.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 2014 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila um leiðréttan endurreikning á láni nr. X. Leiðréttingin tók mið af dómafordæmum Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Útreikningur leiðréttis endurreiknings var miðaður við dags. 4. ágúst 2012 þegar varnaraðili afskrifaði lán sóknaraðila en inneign eftir leiðréttingu var kr. 493.842. Í bréfinu lýsti bankinn yfir skuldajöfnuði vegna afskriftar láns nr. Y að fjárhæð kr. 2.057.781.

III.

Umkvörtunarefni.

Undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Sú inneign sem ég átti (á) inni hjá FF v/bílaláns (samningur nr: X). Ólöglegt lán sem ég ofgreiddi 2010, ári fyrir samruna FF við F. Krefst ég að fá endugreitt það sem ég ofgreiddi.*“

Sóknaraðili vísar til þess að hún vilji fá endurgreitt það sem hún hafi ofgreitt af umþrættu láni og samþykki ekki að varnaraðili taki það fé upp í skuld sem hún eigi við bankann.

Sóknaraðili bendir á að hún hafi neyðst til að greiða fé sem hún hafi ekki átt að gera. Umþrætt lán hafi verið ólöglegt. Bendir sóknaraðili á að hún hafi tekið lánið hjá FF en ekki varnaraðila en eigi svo að greiða það fé sem haft hafi verið af henni með ólöglegum hætti til þess fyrirtækis. Telur sóknaraðili að þriðji aðili geti ekki hirt pening af henni sem hún hafi ofgreitt áður en samruni hafi átt sér stað. Hafi hún átt inni inneign hjá FF löngu fyrir samruna við varnaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá með vísan til e-liðar 6. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Að mati varnaraðila er kröfugerð sóknaraðila svo óskýr að hún er ekki tæk til úrskurðar. Telur varnaraðili að úrskurðarnefndin geti ekki orðað niðurstöðu sína í samræmi við hana. Að mati varnaraðila eru því skilyrði ákvæðis 1. málsl. e-liðar 6. gr. samþykktanna ekki uppfyllt.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til almennra reglna kröfuréttar um skuldajöfnuð. Viðfangsefni hins almenna hluta kröfuréttar sé einkum af fernum toga. Í fyrsta lagi réttar efndir kröfu, í öðru lagi vanefndir samninga og afleiðingar þeirra, í þriðja lagi aðilaskipti að kröfuréttindum og í fjórða lagi lok kröfuréttinda.

Varnaraðili bendir á að lok kröfuréttinda geti orðið með ýmsu móti. Í fyrsta lagi með efnd kröfu með skuldajöfnuði, geymslugreiðslu, annarri greiðslu en samið hafi verið um eða með því að ný krafa taki við eldri kröfu og í öðru lagi með því að krafa sé ekki efnd, s.s. með eftirgjöf gegn greiðslu, eftirgjöf án greiðslu eða með

athafnaleysi, þ.e. tómlæti, vanlýsingu eða fyrningu kröfu. Skuldajöfnuður sé sú aðferð sem beitt hafi verið við efnd kröfu í tilfalli sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að vilji aðili efna kröfu með skuldajöfnuði þurfi bæði aðalkrafan og gagnkrafan að uppfylla ákveðin skilyrði til að vera tækar til skuldajafnaðar. Kröfurnar þurfi í fyrsta lagi að vera sambærilegar, þ.e. báðar fjárkröfur, í öðru lagi að vera hæfar til að mætast, þ.e. vera komnar á gjalddaga og í þriðja lagi að vera gildar, þ.e. þær séu lögvarðar kröfur. Bæði gagnkrafa og aðalkrafa uppfylli framangreind skilyrði. Þar sem varnaraðili hafi lýst því yfir að bankinn myndi nota skuldajafnaðarrétt sinn, með bréfi, dags. 6. febrúar 2014, komi ekki til greiðslu inneignar sóknaraðila vegna leiðréttis endurreiknings á innlánsreikning sóknaraðila.

Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili að ekki séu fyrir hendi forsendur til að verða við kröfu sóknaraðila. Beri því að hafna kröfunni.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu vegna láns nr. Y á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Lesa má úr kröfugerð sóknaraðila að hún krefjist þess að skuldajöfnuður sá sem varnaraðili lýsti yfir nái ekki fram að ganga og að hún fái greidda leiðréttingu vegna láns X. Varnaraðili hefur lagt framangreindan skilning í kröfugerðina til stuðnings varakröfu sinni. Verður í ljósi þess ekki fallist á að vísa eigi kröfunni frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Þann 14. júní 2011 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Avant hf. og SP fjármögnunar við varnaraðila, á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Varnaraðili tók við öllum réttindum og skyldum SP fjármögnunar og Avant. Varnaraðili hefur því tekið við sem gagnaðili að kröfu sóknaraðila á hendur FF.

Í íslenskum rétti hefur verið talið að heimild fjármálafyrirtækja til að skuldajafna peningakröfum sem þau eignast á viðskiptamenn sína við innstæður eða önnur fjárhagsleg réttindi sem viðskiptamaðurinn á í viðkomandi banka eða sparisjóði sé miklum takmörkunum háð.

Styðjast þessar takmarkanir öðru fremur við það hlutverk fjármálafyrirtækja að taka að sér vörslur fjármuna fyrir viðskiptamenn sína. Er það almennt ekki samræmanlegt þessu hlutverki að banki gangi að innstæðum eða öðrum fjárhagslegum réttindum til að fullnusta eigin kröfur. Þessi sjónarmið eiga á hinn bóginn ekki við um kröfu viðskiptamanns um útgreiðslu fjár vegna endurreiknings skuldabréfaláns, á sama tíma og hann skuldar sama banka gjaldfallnar peningakröfur, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 83/2013.

Verður í ljósi framangreinds ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 11. apríl 2014.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 28. mars er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 8. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 8. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. janúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 6. febrúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 26. febrúar 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 28. mars 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 22. október 1998 var skuldabréf nr. X að fjárhæð kr. 1.200.000 gefið út af A til L. Fasteign A og B að C var sett að veði á 3. veðrétti til tryggingar skuldinni. Þann 23. júní 2006 var umrætt skuldabréf framselt til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. umræddu skuldabréfi.

Þann 22. október 1998 var skjalið „Yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð“ undirritað. Eftirfarandi kom fram í skjalinu: „*Eftirtaldir aðilar takast jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni þessu in solidum. Jafnframt ábyrgjast þeir sem sjálfskuldarábyrgðarmenn skilvísu og skaðlausa greiðslu skuldabréfsins allt samkvæmt ákvæðum þess, sem þeir hafa kynnt sér sérstaklega.*“ Þá voru tilgreind nöfn sóknaraðila og D. D skrifaði undir og B eftir umboði. Fyrir liggur ódagsett skjal þar sem eftirfarandi kemur fram: „*Ég undirritaður M veiti móður minni B fulla heimild til að rita nafn mitt á skuldabréf sem hún er að fá í L.*“ Handskrifað hefur verið á milli textans „*sem hún*“ og „*er að fá*“ á skjalið eftirfarandi: „*og faðir minni A*“.

Þann 20. febrúar 2001, 28. janúar 2003, 30. mars 2005 og 14. mars 2007 voru gerðar skilmálabreytingar á skuldabréfi nr. X, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Fyrir liggur ódagsett skjal, „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi Y“. Óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 1.450.000 hjá L til að greiða skuldabréf nr. Z, kr. 606.078,70 og skuldabréf nr. ZZ, kr. 782.934,40. Gert var ráð fyrir greiðslumati á skjalinu en reitir þess efnis eru fylltir út með kr. 0. Sóknaraðili og E voru tilgreind ábyrgðarmenn. Staðfesti sóknaraðili eftirfarandi með undirritun sinni á skuldabréfið: „Undirrituðum hefur verið kynntur réttur ábyrgðarmanna/veðsala til að óska eftir mati á greiðslugetu umsækjanda. Við erum reiðubúnir til að gangast í sjálfskuldarábyrgð/lána veð til tryggingar láni sem kann að verða veitt á grundvelli úmsóknar þessarar og greiðslumats. Við höfum kynnt okkur fræðslubækling um sjálfsskuldarábyrgðir.“ Ekki var hakað við reit þar sem óskað var eftir greiðslumati.

Þann 14. mars 2001 var skuldabréf nr. Y að fjárhæð kr. 1.450.000 gefið út af A til Íslandsbanka. Þann 23. júní 2006 var skuldabréfið framselt til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. umræddu skuldabréfi. Sóknaraðili og E tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum til tryggingar láninu.

Þann 28. janúar 2003, 30. mars 2005, 14. mars 2007 og 12. nóvember 2007 voru gerðar skilmálabreytingar á skuldabréfi nr. Y, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 23. júní 2006 voru bæði ofangreind skuldabréf árituð af L um framsal til FF.

Þann 29. nóvember 2012 sendi umboðsmaður skuldara tölvupóst til varnaraðila fyrir hönd sóknaraðila þar sem óskað var eftir því að framangreindar ábyrgðaryfirlýsingar yrðu skoðaðar og rökstudd afstaða tekin til gildis þeirra. Þann 3. september 2013 kvað varnaraðili ábyrgðirnar gildar.

Þann 11. desember 2013 tilkynnti umboðsmaður skuldara sóknaraðila að varnaraðili teldi ábyrgðir nr. Y og X gildar.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 8. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að verða leystur undan ábyrgð á tveimur lánunum A, nr. X og Y.

Sóknaraðili kveður stofnun umræddra ábyrgðarskuldbindinga ekki hafa verið í samræmi við samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða frá 27. janúar 1998, sbr. 3. gr. samkomulagsins. Bendir sóknaraðili á að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt við útgáfu skuldabréfanna.

Sóknaraðili vísar til þess að honum hafi fyrst orðið kunnugt um að ekki hafi verið farið að lögum við útgáfu skuldabréfanna haustið 2012. Ekki sé rétt að liðið hafi 11 og 14 ár. Kveðst sóknaraðili ekki lögmenntaður maður og hafi fengið vitneskju um þetta í viðræðum við vinafólk sem hafi verið leiðbeint um sín mál á þeim tíma. Sóknaraðili telur það því ekki rétt að hann hafi sýnt af sér tómlæti enda hafi honum með engu verið kunnugt um þau lög sem gilt hafi á þessum tíma, enda í blindni treyst bankastofnuninni á S til að afgreiða þetta mál með lögætum hætti. Hafi hann á þeim tíma verið 19 og 22 ára og algerlega óreyndur.

Sóknaraðili bendir á að bankastofnuninni hafi verið að fullu kunnugt um fjárhagsstöðu föður hans, útgefanda skuldabréfanna, á þessum tíma. Það hafi sóknaraðila hins vegar ekki verið. Hafi foreldrar sóknaraðila greint honum frá því að á

Þessum tíma hafi þau verið í miklum vandræðum með fjármál sín og skuldabréfin hafi verið tekin í þeim tilgangi að lagfæra slæma stöðu heimilisins. Þetta hafi bankanum verið fullkomlega ljóst enda hafi þau verið í viðskiptum við lítið útibú á S sem hafi á þessum tíma verið að leiðbeina þeim hvernig þau gætu unnið sig út úr vandanum. Sóknaraðili setur stórt spurningamerki við það hvort foreldrar hans hefðu staðist greiðslumat á þessum tíma. Því til stuðnings kveðst sóknaraðili geta vísað til margra bréfa sem honum hafi borist í gegnum tíðina um vanskil foreldra sinna.

Sóknaraðili kveður foreldra sína ítrekað hafa tekið mál þetta upp við bankastofnunina í gegnum tíðina og óskað eftir því að nafn sóknaraðila, sem og annarra ábyrgðarmanna, yrði tekið af bréfunum og þau myndu sjálf með sínum eignum standa að baki þessara skuldabréfa. Bankastofnunin hafi ávallt hafnað því.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að hann hafi með engu móti vanefnt þær skyldur sem á honum hvíli svo réttlætt geti að sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar sóknaraðila verði felldar úr gildi. Jafnframt er því alfarið hafnað að beiting 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eigi við í málinu.

Varnaraðili vísar til þess að sá formlegi annmarki að sóknaraðili hafi ekki óskað eftir því skriflega að greiðslumat yrði ekki framkvæmt leiði ekki sjálfkrafa til þess að löggerningarnir verði taldir ógildanlegir á grundvelli ákvæðis 36. gr. laga nr. 7/1936. Með vísan til dómafordæma Hæstaréttar, t.a.m. í málum nr. 163/2005, 16/2007, 116/2010 og 343/2012, sé ljóst að nauðsynlegt sé að fram fari heildstætt mat á atvikum máls við mat á því hvort það yrði talið ósanngjarnt í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936, fyrir sjóðinn að bera fyrir sig þær sjálfskuldarábyrgðir sem sóknaraðili hafi samþykkt. Af ofangreindum dómum sjáist að það ráðist af heildstæðu mati á atvikum máls hverju sinni hvort beita eigi ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936. Vanræksla fjármálastofnunar á að kynna ábyrgðarmanni greiðslumat á skuldara dugi ekki ein og sér til að beita 36. gr. laga nr. 7/1936, heldur þurfi meira að koma til. Af dómunum megi ráða að fjármálastofnun þurfi að hafa verið grandvís um slæma fjárhagsstöðu skuldarans og látið hjá líða að tilkynna ábyrgðarmanni þar um.

Varnaraðili telur óhætt að fullyrða að dómstólar hafi einkum í seinni tíð beitt 36. gr. laga nr. 7/1936 með varfærunum hætti og raunar aðeins í algjörum undantekningartilvikum en það sé í fullu samræmi við yfirlýstan tilgang löggjafans með þessu ákvæði laganna.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi af fúsum og frjálsum vilja gengist í sjálfskuldarábyrgðir á umræddum skuldabréfum. Hafnar varnaraðili með öllu þeim sjónarmiðum sóknaraðila að efni standi til þess að felldar verði úr gildi sjálfskuldarábyrgðir hans. Varnaraðili byggir á meginreglu samningaréttar um að samninga skuli halda, pacta sunt servanda, og að sóknaraðili sé þar með bundinn af þeim samningi sem hann hafi gert við varnaraðila að þessu leyti.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi gengist undir ábyrgðirnar með samkomulagi við varnaraðila, en með því samkomulagi hafi sóknaraðili skuldbundið sig til þess að tryggja réttar efndir á kröfum varnaraðila á hendur skuldara. Ábyrgðaryfirlýsingarnar séu í reynd loforð ábyrgðarmanns og gildi reglur samningaréttarins því um stofnun þess og skuldbindingargildi, en samkvæmt

grundvallarreglum samningaréttarins beri loforðsgjöfum að standa við loforð sín og skuldbindingar.

Bendir varnaraðili á að efni sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsinganna í þessu máli sé hefðbundið í alla staði og skilmálar þeirra eðlilegir. Telur varnaraðili að þær verði því ekki felldar úr gildi m.v.t. þess að efni þeirra sé á einhvern hátt ósanngjarnt í garð sóknaraðila.

Varnaraðili byggir á því að þrátt fyrir að talsverður munur sé á stöðu almenns neytanda og fjármálafyrirtækis við samningsgerð geti sá munur einn og sér ekki talist næg ástæða til að ógilda megi samninga þessara aðila, heldur þurfi aðstöðumunurinn að vera slíkur að í reynd séu neytandanum settir afarkostir, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 255/1993 og 3/2003. Af hálfu varnaraðila sé því alfarið hafnað að svo mikill aðstöðumunur hafi verið á stöðu aðila við útgáfu ábyrgðaryfirlýsingarinnar að réttlætt geti að henni verði vikið til hliðar m.v.t. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili bendir á að þegar sóknaraðili hafi undirritað ábyrgðaryfirlýsingarnar hafi engin lög verið í gildi um ábyrgðarmenn eða réttindi þeirra, en núgildandi lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi tekið gildi 4. apríl 2009.

Varnaraðili vísar til þess að af framangreindu leiði að meta verði hvort og þá hver réttaráhrif tilvitnað samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða frá 1998 geti haft og jafnframt hvort ástæða sé að lögum til að vikið verði frá framangreindri meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga. Samkomulagið sé ólögfest og hafi ekkert sjálfstætt gildi sem réttarheimild. Í samkomulaginu sé hvergi vikið að skuldbindingargildi þess né að beitingu vanefndaúrræða við brotum á því. Aðeins sé um að ræða samkomulag ákveðinna aðila þess efnis að þeir ætli sér að hlíta tilteknum reglum. Ábyrgðaryfirlýsingar verði því ekki felldar úr gildi á grundvelli samkomulagsins enda hafi það engar ógildingarheimildir að geyma.

Varnaraðili byggir á því að ekki sé unnt að víkja frá framangreindri meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga með vísan til umrædds ólögfests samkomulags. Til að mynda megi vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 131/1999, þar sem komi fram að einungis sé heimilt að víkja frá óskræðri meginreglu sem þessari komi það skýrt fram í settum lögum frá Alþingi.

Varnaraðili bendir á að í því máli sem hér sé til úrlausnar virðist sóknaraðili ekki hafa gert kröfu til þess að sérstakt mat yrði framkvæmt á fjárhagsstöðu skuldara. Þá megi benda á að sóknaraðili hafi ekki lagt fram neinar haldbærar upplýsingar um að fjárhagsstaða skuldara hafi verið verri en hann hafi mátt vænta eða haldið því fram að niðurstaða greiðslumats hefði ráðið nokkru um ákvörðun hans um að gangast í sjálfskuldarábyrgðina.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi gert athugasemdir vegna ábyrgðaryfirlýsinga sinna á árinu 2012, vegna lánveitinga sem veittar hafi verið á árunum 1998 og 2001. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðili sýnt af sér tómlæti og kröfur hans um að vikið verði frá ábyrgðaryfirlýsingum séu of seint fram komnar. Það sé viðurkennd meginregla að aðilar kunni að glata rétti til þess að hafa uppi kröfur ef þeir hafi sýnt af sér verulegt tómlæti. Í máli þessu hafi liðið ríflega 11 ár og tæplega 14 ár frá því að lánveitingarnar hafi farið fram og sóknaraðili hafi gengist undir ábyrgðaryfirlýsingar þær er um ræði, þar til kröfur hans um að fella bæri úr gildi hinar umþrættu ábyrgðaryfirlýsingar, hafi fyrst komið fram. Varnaraðili bendir á að fullt tilefni hafi verið af hálfu sóknaraðila til að hafa uppi mótmæli og kröfur fyrr, hafi hann talið að á sér væri brotið. Kröfu um niðurfellingu ábyrgðarskuldbindinga beri að koma á framfæri innan eðlilegs tíma og án ástæðulausrar tafar. Varnaraðili hafi

hagsmuni af því að kröfum af þessu tagi sé komið á framfæri sem fyrst, enda sé erfiðara að verjast slíkum kröfum eftir því sem lengri tími líði frá því málsatvik hafi átt sér stað. Varnaraðili telur hið óútskýrða og stórfellda tómlæti sem sóknaraðili hafi sýnt í þessu máli eigi samkvæmt framangreindu að leiða til þess að ekki verði fallist á kröfur sóknaraðila í málinu með vísan til meginreglunnar um áhrif tómlætis á kröfur aðila.

Með vísan til alls ofangreinds telur varnaraðili að ekkert bendi til annars en að ábyrgðaryfirlýsingar sóknaraðila vegna lánanna séu í fullu gildi og séu athugasemdaleasar.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á skuldabréfum nr. X og Y, útgefnum af A til L.

Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998, er undirritað af Sambandi íslenskra viðskiptabanka f.h. viðskiptabanka. L var einn þessara viðskiptabanka og verður varnaraðili talinn bundinn við efni þess. Varnaraðili hefur ekki byggt á því sjónarmiði að framsal bréfanna þann 23. júní 2006 hafi sóknaraðili glatað rétti sínum til að bera fram mótbáru á grundvelli þess hvernig staðið var að lánveitingunum.

Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða tók m.a. til sjálfskuldarábyrgða á skuldabréfalánum, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Í 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins var mælt fyrir um að fjármálafyrirtæki bæri að meta greiðslugetu greiðanda væri sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu og ábyrgðarmaður óskaði eftir slíku mati. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. var fjármálafyrirtæki þó skylt að greiðslumeta greiðanda þegar óskað var sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nam meira en kr. 1.000.000. Tryggt skyldi að ábyrgðarmaður gæti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengist í ábyrgð enda lægi fyrir að greiðandi hefði samþykkt það, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Ekki liggja fyrir nein gögn um að L hafi metið greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfa nr. X og Y, við útgáfu þeirra. Verður því að miða við að greiðslumat hafi ekki farið fram. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins var L skylt að greiðslumeta greiðanda þegar óskað var sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nam meira en einni milljón króna. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 95/2012 og 38/2013.

Fyrir liggur að sóknaraðila varð fyrst ljóst haustið 2012 að með réttu hefði átt að kynna honum greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hans. Ekki fæst séð að þetta hafi komið upp við breytingar á greiðsluskilmálum skuldabréfsins og ekki fæst séð af gögnum málsins að innheimta hafi verið reynd hjá sóknaraðila. Leitaði sóknaraðili til varnaraðila þegar honum varð framangreint ljóst. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að ábyrgðaryfirlýsingar hans verði látnar standa.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfum nr. X og Y, útgefnu af A til L.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila, M, á skuldabréfum nr. X og Y, útgefnu af A til L, eru ógildar.

Reykjavík, 28. mars 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 28. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 9. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. janúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 10. febrúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. febrúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 17. febrúar 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 28. febrúar 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 14. maí 2007 gaf sóknaraðili út lánsamning í erlendri mynt til FF, nú varnaraðila, að fjárhæð JPY 36.000.000, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum, miðað við sölugengi á japönsku jeni í íslenskum sparisjóðum á gjalddaga eða greiðsludegi, því sem hærra reynist. Vextir af skuldinni voru 1 mánaðar LIBOR vextir eins og þeir voru ákveðnir í framangreindri mynt á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði og til viðbótar fast 2,25% vaxtaálag. Lánsamningurinn var til 40 ára og bar að greiða með 480 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 3. júlí 2007.

Þann 30. október 2008 var skilmálum lánsamningsins fyrst breytt þannig að á næstu tveimur gjalddögum skyldu aðeins greiðast vextir og skyldi næsti gjalddagi vera 3. nóvember 2008. Skilmálum lánsamningsins var aftur breytt 18. desember 2008 þannig að á næstu fjórum gjalddögum skyldu aðeins greiðast vextir. Þá skyldi næsti gjalddagi verða 3. janúar 2009. Þann 5. maí 2009 var skilmálum lánsamningsins breytt á ný á þá leið að fjöldi gjalddaga eftir breytingu yrði 457. Þá skyldu aðeins greiðast vextir á næstu sex gjalddögum og skyldi næsti gjalddagi verða

4. maí 2009. Á öllum skilmálabreytingunum var getið um höfuðstól lánsins í japönskum jenum.

Þann 14. september 2011 var lán sóknaraðila endurreiknað miðað við 1. júlí 2011, samkvæmt ákvæði X til bráðabirgða, sbr. 18. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Samkvæmt viðauka við lánessamninginn, dags. 14. september 2011, var upphaflegur höfuðstóll lánsins endurreiknaður frá útborgunardegi lánessamningsins miðað við óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands sem ákveðnir væru með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum lánastofnana, sbr. 10. gr. laga nr. 38/2001. Fyrir endurreikning lánsins var staða þess kr. 49.007.264 en eftir útreikninginn kr. 25.107.614.

Þann 26. mars 2013 var sóknaraðila tilkynnt, í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2011 og 332/2012, að lán hans væri ekki gengistryggt þar sem lánsfjárhæðin væri tilgreind í hinum erlendu myntum, heldur væri um að ræða lán í erlendri mynt og yrði endurreikningurinn því ekki leiðréttur frekar. Nokkur bréfaskipti áttu sér stað milli sóknaraðila og varnaraðila vegna þessarar afstöðu varnaraðila.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 7. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili leiðrétti endurreikning á láni hans nr. X, þannig að tekið verði tillit til þess að hann hafi greitt vexti að fullu er lán hans hafi verið endurreiknað í íslenskar krónur. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila sé óheimilt að reikna viðbótarvexti á lánsfjárhæðina fyrir liðna tíð, þ.e. fyrir gildistöku laga nr. 151/2010, sem breytt hafi lögum nr. 38/2001.

Sóknaraðili bendir á að kvörtun hans snúist ekki um það hvort lánið sé erlent eða hvort það hafi verið gengistryggt. Fjalli kvörtunin um endurreikning á vaxtaútreikningi frá útborgunardegi lánsins til gildistöku laga nr. 151/2010.

Sóknaraðili vísar til þess að vextir hafi verið greiddir í heimabanka og jafngildi það fullnaðarkvittun, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013.

Bendir sóknaraðili á að ákvæði laga nr. 151/2010 geti ekki með afturvirkum hætti breytt með íþyngjandi hætti efni skuldbindinga og greiðslu skulda frá því sem verið hafi þegar til skuldarinnar hafi verið stofnað og af skuldbindingunni greitt. Sé það andstætt vernd eignarréttinda sem leiði af 72. gr. stjórnarskrár Íslands.

Sóknaraðili mótmælir túlkun varnaraðila á dómum nr. 524/2011 og 332/2012 og mótmælir því jafnframt að þessir dómur hafi kveðið á um að fullnaðarkvittanir fyrir vaxtagreiðslum gildi ekki um lán sóknaraðila, nr. X.

Sóknaraðili vísar til þess að í dómi nr. 542/2011 komi ekkert fram um að bankanum sé rétt skv. lögum að krefja um viðbótarvexti vegna endurreiknings á erlendu láni. Dómurinn hafi eingöngu fjallað um að umþrætt lán væri erlent lán. Ekkert hafi verið fjallað um útreikninga eða endurreikninga en aðilar hafi verið sammála um að leggja dómkröfu Íslandsbanka til grundvallar málinu. Fordæmisgildi dómsins sé eingöngu það að lánessamningur sá sem fjallað hafi verið um hafi talist vera gilt erlent lán í tilgreindum gjaldmiðlum. Í dómnum hafi ekkert verið fjallað um hvernig fara skyldi með samningsvexti í endurreikningi hins erlenda láns, þ.e. fyrir gildistöku laga nr. 151/2010, sem breytt hafi lögum nr. 38/2001. Sóknaraðili bendir á að lögmaður áfrýjanda hafi ráðstafað sakarefninu með bindandi hætti. Hafi hann gert

Það með yfirlýsingu þess efnis að fallist yrði á endurreikning Íslandsbanka kæmist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að um lögmætt erlent lán væri að ræða. Þar sem sú hafi verið raunin hafi aldrei reynt á lögmæti vaxtaútreiknings Íslandsbanka. Sóknaraðili vekur athygli á því að Hæstiréttur hafi fellt niður málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili telur að dómur Hæstaréttar í máli nr. 332/2012 hafi ekkert fordæmisgildi um kröfu hans um leiðréttingu á endurreikningi láns hans, enda hafi sá dómur eingöngu fjallað um það hvort tiltekinn lánsamningur væri ólögmætt gengistryggt lán eða ekki.

Sóknaraðili bendir á að í dómum Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013 hafi því verið slegið föstu að óheimilt væri að krefja um viðbótarvexti fyrir liðna tíð. Niðurstaða dómanna byggji m.a. á meginreglu kröfuréttar um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu og undantekningum frá þeirri meginreglu. Þá sé í dómunum slegið föstu að greiðslutilkynningar og fyrirvaralaus móttaka bankans á vaxtagreiðslum hafi jafngilt fullnaðarkvittunum. Ennfremur að hafi skuldari verið í góðri trú um að vaxtagreiðslur fælu í sér fullnar efndir, þá geti bankinn ekki krafist hann um viðbótargreiðslu vaxta vegna liðins tíma. Jafnframt hafi því verið hafnað að með lögum nr. 151/2010 væri unnt að hrófla afturvirkir með íþyngjandi hætti við efni skuldbindinga og greiðslu skulda frá því sem gildi þegar til þeirra hafi verið stofnað og af þeim greitt.

Sóknaraðili kveðst hafa greitt vaxtaafborganir að fullu er lán hans hafi verið endurreiknað af hálfu varnaraðila. Sé bankanum því samkvæmt skýru fordæmi í framangreindum dómum Hæstaréttar óheimilt að reikna sér viðbótarvexti við endurreikning lánsins fyrir liðna tíð.

Sóknaraðili telur að önnur sjónarmið í dómum Hæstaréttar eigi við um endurreikning á láni hans, þótt í dómunum hafi verið fjallað um ólögmæt gengistryggt lán. Um sé að ræða eftirtalin sjónarmið: 1) festa í endurgreiðslum, þ.e. greitt hafi verið reglulega af láninu, 2) aðstöðumunur lánveitanda og lántaka, lánið sé neytandalán og búi sóknaraðili ekki yfir sérþekkingu á fjármálastarfsemi og peningamálum á fjölþjóðlegum vettvangi og 3) krafa varnaraðila um viðbótarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 fyrir liðna tíð sé umtalsverð fyrir sóknaraðila sem neytanda. Endurreikningur varnaraðila frá útborgunardegi lánsins til gildistöku laga nr. 151/2010, eða þann 29. desember 2010, nemi kr. 11.531.823. Á sama tímabili hafi sóknaraðili greitt kr. 3.874.038 í vaxtagreiðslur og fengið fullnaðarkvittun fyrir. Hér muni kr. 7.657.785, sem sé umtalsvert fyrir sóknaraðila sem neytanda.

Sóknaraðili vísar til frekari rökstuðnings til greinar Benedikts Bogasonar, Um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu og fullnaðarkvittun sem birt hafi verið í Tímariti lögfræðina og til erindis Valgerðar Sólness sem flutt hafi verið á ráðstefnu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í október 2012.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að af kvörtun málsins virðist mega ráða að ekki sé uppi ágreiningur um hvort umræddur lánsamningur nr. X sé um lán í erlendri mynt. Ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, eigi því ekki við enda sé ekki um að ræða verðtryggingu samningsfjárhæðarinnar í skilningi VI. kafla laganna. Vísist þar einkum til 1. mgr. 13. gr. laganna þar sem kveðið sé á um að

ákvæði kaflans taki eingöngu til skuldbindinga í íslenskum krónum. Skuldbinding sóknaraðila samkvæmt lánsamningnum hafi verið ákveðin í japönskum jenum og fjárhæðin tilgreind sem JPY 36.000.000. Sé hafið yfir vafa að lánsamningurinn falli utan gildissviðs VI. kafla laga nr. 38/2001.

Varnaraðili bendir á að lög nr. 38/2001 hafi ekki að geyma skilgreiningu á því hvað skuli teljast vera „skuldbinding um lánsfé í íslenskum krónum“. Af því leiði að túlka verði skuldbindingu aðila í hvert og eitt skipti samkvæmt fyrirbyggjandi samningi og orðalagi hans.

Varnaraðili byggir samkvæmt framangreindu á því að sannanlega sé um að ræða skuldbindingu í erlendri mynt. Þegar af þeirri ástæðu eigi reglur laga nr. 38/2001 um heimildir til verðtryggingar lánsfjár í íslenskum krónum ekki við, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 194/2013.

Varnaraðili bendir á að í kvörtuninni sé rakið að sóknaraðili „hafði greitt vaxtaafborganir að fullu“ er lán hans hafi verið endurreiknað af hálfu varnaraðila. Sóknaraðili telji því að bankanum sé samkvæmt skýru fordæmi í dómum Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013 óheimilt að reikna sér viðbótarvexti við endurreikning lánsins fyrir liðna tíð.

Varnaraðili tekur af ofangreindu tilefni fram að lán nr. X hafi verið endurreiknað vegna skyldu bankans til þess samkvæmt ákvæði X til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001. Ákvæðið hafi komið inn í lögin með lögum nr. 151/2010. Varnaraðili vísar til 1. mgr., 3. mgr. og 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Bendir varnaraðili á að í sérstökum athugasemdum greinargerðar við ákvæði 1. mgr. 2. gr. frumvarps þess er orðið hafi að lögum nr. 38/2001 komi fram að gert sé ráð fyrir því að í lögnum verði endurspegluð sú staðreynd að órjúfanleg tengsl séu á milli ákvæða um verðtryggingu og samninga um vexti af fjárskuldbindingu. Síðan segi í greinargerðinni: *„Af því leiðir að ef annaðhvort ákvæði samninga um vexti eða verðtryggingu (eða hvorutveggja) eru ógildanleg á grundvelli laganna verði að koma til heildarendurskoðunar í samræmi við ákvæði í 4. gr. laganna, þ.e. að litið er þá [sic] aðstöðu eins og ekki hafi verið samið um tiltekna vexti eða verðtryggingu. Er þessi regla í fullu samræmi við þá niðurstöðu sem komist var að í dómi Hæstaréttar frá 16. september 2010. Þykir hér eftir rétt að sú regla sé skýrð í lögum og öllum ljós.“*

Varnaraðili vísar til þess að hann hafi endurreiknað lán sóknaraðila í samræmi við framangreind fyrirmæli og miðað við vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 frá stofndegi lánsins, sbr. 3. mgr. 18. gr. sömu laga. Útreikningurinn hafi leitt til þess að höfuðstóll láns sóknaraðila hafi lækkað úr kr. 49.007.264 í kr. 25.107.614. Sóknaraðili hafi því fengið niðurfelldar kr. 23.899.650 af höfuðstól á lögmætu erlendu láni.

Vísar varnaraðili til þess að samkvæmt framansögðu hafi endurreikningur á láni sóknaraðila farið fram til samræmis við skýr fyrirmæli laga og leitt til lakari stöðu varnaraðila sem kröfuhafa. Varnaraðili telur að í tilviki sóknaraðila hafi ekki verið um viðbótarkröfu að ræða vegna vaxta fyrir liðna tíð heldur niðurfellingu hluta láns vegna íþyngjandi lagasetningar. Í tilviki sóknaraðila hafi verið um að ræða lögmætt erlent lán en vegna áðurnefndrar lagasetningar hafi varnaraðili verið skyldaður til að endurreikna lán hans í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 4. gr. sömu laga. Slíkt geti ekki leitt til þess að sóknaraðili eigi frekari kröfu á hendur varnaraðila um niðurfellingu umrædds láns vegna fullnaðarkvittana fyrir greiðslu samningsvaxta. Í máli þessu sé enda ekki um það að ræða að varnaraðili hafi tekið það upp hjá sjálfum sér samkvæmt eigin mati að krefjast frekari greiðslu fyrir vexti heldur byggja

útreikningar bankans á því að Alþingi hafi sett lög sem breytt hafi efnislega samningi milli aðilanna, bæði hvað varði höfuðstól og vexti.

Varnaraðili hafnar því að dómur Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013 séu fordæmisgefandi í máli sóknaraðila. Í þeim málum hafi enda í öllum tilvikum verið um að ræða ólögmat gengistryggð lán. Í tilviki sóknaraðila hafi hins vegar verið um að ræða lögmætt erlent lán sem endurreiknað hafi verið í samræmi við skýr fyrirmæli laga nr. 151/2010. Því eigi meginreglan um viðbótargreiðslu og undantekningar frá henni vegna fullnaðarkvittana ekki við í máli sóknaraðila. Telji úrskurðarnefndin hins vegar að meginreglan um viðbótargreiðslu eigi við í máli sóknaraðila og þar með komi til skoðunar hugsanlegar undantekningar frá henni vegna fullnaðarkvittana telur varnaraðili skilyrðum til að víkja frá meginreglunni ekki fullnægt í máli sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt kenningum íslenskra og norræna fræðimanna hafi verið nefnd þrjú skilyrði þess að hafnað verði rétti kröfuhafa til viðbótargreiðslu. Í fyrsta lagi þurfi skuldari að hafa verið í góðri trú er hann hafi efnit skuld sína aðeins að hluta. Í öðru lagi að villa skuldara verði rakin til kröfuhafa, ýmist þannig að háttsemi skuldara sé afleiðing af mistökum kröfuhafa eða vafi leiki á fjárhæð kröfu af öðrum ástæðum. Í öllu falli séu aðstæður þá með þeim hætti að nærtækara sé að kröfuhafi beri ábyrgð og áhættu þar af. Í kenningum fræðimanna hafi því enn fremur verið haldið fram í þessu samhengi að mæla megja gegn því að fallast á kröfu um viðbótargreiðslu þegar villa um fjárhæð kröfunnar stafi af rangri lagatúlkun. Í þriðja lagi að mistökin hafi ekki uppgötvast þegar í stað og þau þá þegar leiðrétt með viðbótarkröfu af hálfu kröfuhafa.

Varnaraðili byggir á því að til þess að unnt sé að hafna rétti kröfuhafa til viðbótargreiðslu úr hendi skuldara þurfi öll framangreind skilyrði að vera uppfyllt. Í tilviki sóknaraðila sé tveimur síðastnefndu skilyrðunum ekki fullnægt. Þannig hafi varnaraðila ekki verið um að kenna að sóknaraðili hafi greitt lægri vexti. Ekki hafi verið um ranga lagatúlkun bankans að ræða í þessu sambandi. Þá hafi lán sóknaraðila verið endurreiknað í samræmi við ákvæði XI til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001.

Varnaraðili bendir á að í áðurnefndum dómum Hæstaréttar nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013 hafi verið um ólögmat gengistryggð lán að ræða. Í þeim málum hafi mátt rekja villu skuldara til mistaka kröfuhafa. Þá hafi skuldari verið í góðri trú auk þess sem mistökin hafi ekki verið leiðrétt þegar í stað.

Varnaraðili vísar til þess að í máli því sem hér sé til umfjöllunar hafi verið um lögmætt erlent lán að ræða. Því séu ekki fyrir hendi skilyrði til að víkja frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu. Í máli sóknaraðila hafi enda ekki verið um rangan lagaskilning að ræða eða eftir atvikum mistök sem rakin verði til varnaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi á vöxtum á lánsamningi sem sóknaraðili gaf út til FF þann 14. maí 2007.

Varnaraðili endurreiknaði umþrætt lán sóknaraðila á grundvelli ákvæðis X til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010, þann 14. september 2011. Var lánið því ekki endurreiknað á grundvelli þess að um ólögmat gengistryggt lán væri að ræða. Við endurreikninginn var miðað við vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í kröfu sóknaraðila felst að hann hafi lokið greiðslu vaxta

fyrir liðna tíð og því hafi varnaraðila ekki verið heimilt að reikna vexti skv. 4. gr. laga nr. 38/2001.

Forsenda endurreiknings er að um ólögmaett gengistryggt lán hafi verið að ræða enda fer skuldbinding í erlendum gjaldmiðli ekki gegn ákvæðum 13. og 14. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hefur Hæstiréttur kveðið upp dóma þar sem því er hafnað að gildar skuldbindingar sæti niðurfærslu með endurútreikningi á grundvelli umræddra laga. Verður því ekki fallist á röksemdir sóknaraðila um að endurreikna beri lánið án tillits til þess hvort um erlent lán eða gengistryggt lán hafi verið að ræða.

Við úrlausn þess hvort um gilt lán í erlendum gjaldmiðlum hafi verið að ræða eða ólögmaett gengistryggt lán í íslenskum krónum er úrskurðarnefndin bundin af lögum og dómafordæmum í sambærilegum málum. Í samræmi við þau viðmið sem fram koma í nýlegum dómum Hæstaréttar á þessu sviði er fyrst að líta til heitis lánsamningsins, en fyrirsögn hans er „Lánasamningur í erlendri mynt“. Í öðru lagi að lánsfjárhæðin er samkvæmt orðalagi lánsamningsins tilgreind í erlendum gjaldmiðli, japönsku jeni. Í þriðja lagi eru vextir samkvæmt skuldabréfinu til samræmis við það að um erlent lán sé að ræða tilgreindir LIBOR vextir. Í fjórða lagi er til skilmálabreytinga lánsamnings að líta þar sem lánið var ávallt tilgreint í hinum erlenda gjaldmiðli. Þegar framangreind atriði eru virt verður lagt til grundvallar að hér hafi verið um gilt lán í hinum erlenda gjaldmiðli að ræða, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2011, 3/2013 og 127/2013. Áréttað skal að með aðilum virðist enginn ágreiningur um þetta atriði.

Ekki er fallist á með sóknaraðila að ákvæði laga nr. 151/2010 hafi breytt með afturvirkum og íþyngjandi hætti efni skuldbindingar sóknaraðila, enda fékk hann með setningu þeirra niðurfelldan hluta lögmaets erlends láns síns.

Með vísan til alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 28. febrúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 28. mars er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 20. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 18. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. janúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 21. febrúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. febrúar 2014 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 5. mars 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 28. mars 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 30. maí 2011 keypti sóknaraðili verðbréf, „Ríkissjóður 31 0124, RIKB 31 0124“, hjá varnaraðila. Nafnverð var kr. 42.900.000, gengi var 90,7 og upphæð var kr. 38.910.300. Afgreiðslugjald var kr. 300, þóknun var kr. 119.642, áfallnir vextir í 127 daga voru kr. 970.245. Samtals ISK var 40.000.487, samtals kostnaður var kr. 119.942. Tekið var út af reikningi nr. X kr. 40.000.487.

Þann 24. janúar 2012 var skjalið „Skilagrein vegna vaxtagreiðslu“ dagsett, vegna ríkisbréfa sóknaraðila „Ríkissjóður 31 0124“. Vextir voru kr. 2.788.500 og fjármagnstekjuskattur kr. 363.651, samtals kr. 2.424.849, sem lagðar voru inn á reikning sóknaraðila.

Þann 17. febrúar 2012 keypti sóknaraðili verðbréf, „Ríkissjóður 31 0124, RIKB 31 0124“, hjá varnaraðila. Nafnverð var kr. 23.000.000, gengi var 94,5 og upphæð var kr. 21.735.000. Afgreiðslugjald var kr. 300, þóknun var kr. 65.536 og áfallnir vextir í 27 daga voru kr. 110.287. Samtals tilgreind fjárhæð í ISK var 21.911.123, samtals kostnaður var kr. 65.836. Tekið var út af reikningi nr. Y kr. 21.911.123.

Þann 24. janúar 2013 var skjalið „Skilagrein vegna vaxtagreiðslu“ dagsett, vegna ríkisbréfa sóknaraðila „Ríkissjóður 31 0124“. Vextir voru 4.933.500 og fjármagnstekjuskattur kr. 861.992, samtals kr. 4.071.408, sem lagðar voru inn á reikning sóknaraðila.

Þann 1. mars 2013 seldi sóknaraðili verðbréf, „Ríkissjóður 31 0124, RIKB 31 0124“ hjá varnaraðila. Nafnverð var kr. 50.000.000, gengi var 99 og upphæð var 49.500.000. Afgreiðslugjald var kr. 99.695, áfallnir vextir í 39 daga voru kr. 347.260 og fjármagnstekjuskattur var kr. 797.440. Samtals ISK var 48.949.825, samtals kostnaður var kr. 99.995. Inn á reikning nr. X voru lagðar kr. 48.949.825.

Þann 26. júní 2013 sendi sóknaraðili A, miðlara hjá varnaraðila, bréf þar sem hún kvaðst ekki eiga að greiða skatt tvisvar af vöxtum og hagnaði. Hafi hún þegar greitt skatt af vöxtum sem hún hafi fengið. Taldi hún hagnað hafa verið kr. 49.500.000 að viðbættum vöxtum að fjárhæð kr. 347.260, samtals kr. 49.847.260. Mismunur milli kaupverðs kr. 50.000.000 að nafnvirði væri selt á kr. 49.847.260 og keypt á kr. 46.624.398. Mismunurinn væri kr. 3.222.862, en fjármagnstekjuskattur af því væri kr. 644.572. Því hafi hún átt að fá kr. 49.202.488 en hafi fengið kr. 48.949.825. Mismunurinn væri kr. 252.863 sem bankinn skuldi, ásamt vöxtum. Óskaði sóknaraðili eftir að fá umrædda fjárhæð greidda inn á reikning sinn.

Fyrir liggur skjal frá varnaraðila varðandi framangreind viðskipti sóknaraðila. Samkvæmt því keypti sóknaraðili að nafnverði 42.900.000, dags. 31. maí 2011, á 0,907, samtals kr. 38.910.300. Vextir eru ekki tilgreindir á þessu skjali. Þóknun var kr. 119.942 og samtals var því kr. 39.030.242. Þann 20. febrúar 2012 keypti sóknaraðili 7.100.000 á nafnverði á 0,945, samtals kr. 6.709.500. Engir vextir voru tilgreindir. Þóknun var kr. 20.323 og samtals var því kr. 6.739.832. Samtals nafnverð var kr. 50.000.000, keypt clean price upphæð var kr. 45.619.800, þóknun var kr. 140.265 og samtals var kr. 45.760.065. Þann 4. mars 2013 seldi sóknaraðili verðbréf að nafnverði 50.000.000 á 0,99, samtals kr. 49.500.000, vaxtatekjur voru kr. 347.260, þóknun var kr. 99.995 og samtals var því kr. 49.747.265. Skattahagnaður var kr. 3.987.200 og 20% fjármagnstekjuskattur var kr. 797.440. Varnaraðili benti á að sóknaraðili hefði talið skattahagnað vera kr. 3.223.170 og fjármagnstekjuskatt kr. 644.634.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 18. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði henni kr. 252.863 ásamt dráttarvöxtum frá upphafi viðskipta.

Sóknaraðili telur útreikning varnaraðila í tengslum við kaup hennar og sölu á verðbréfum rangan.

Sóknaraðili kveðst hafa skoðað útreikninga varnaraðila. Aðalatriðið hljóti að vera að reikna eigi vextina með, enda hafi hún borgað þá. Telur sóknaraðili að öðrum kosti að hún sé að tvígreiða vextina.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að aðalmunurinn á útreikningum varnaraðila og sóknaraðila felist í því hvernig kostnaðargrunnur (stofnverð) hafi verið reiknaður út. Þannig hafi kostnaðargrunnurinn ekki innihaldið áfallna vexti vegna þess að áföllnu

vextirnir hafi verið greiddir út í næstu greiðslu á eftir kaupum, þ.e. í sérstökum skattviðburði. Vaxtagreiðslurnar og söluhagnaðurinn séu tveir mismunandi viðburðir, en sóknaraðili hafi ekki tekið tillit til vaxtagreiðslna sem átt hafi sér stað fyrir sölu þegar hún hafi látið áföllnu vextina fylgja með í útreikningum sínum.

Varnaraðili telur með vísan til alls framangreinds að ekki séu forsendur fyrir hendi til að verða við kröfum sóknaraðila. Beri því að hafna þeim.

V.

Niðurstaða.

Þegar bornir eru saman útreikningar sóknaraðila og varnaraðila kemur fram að mismunurinn liggur að mestu leyti í þeim fjármagnstekjusköttum sem varnaraðili dró af innleggjum sínum á reikning sóknaraðila og stóð ríkissjóði skil á.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal innheimta í staðgreiðslu 20% tekjuskatt til ríkissjóðs af vöxtum og arði eins og nánar er kveðið á um í lögum. Skyldir til að greiða skatt skv. 1. gr. og sæta innheimtu í staðgreiðslu hans eru allir þeir sem fá vaxtatekjur og arðstekjur, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Samkvæmt 3. gr. laganna hvílir skyldan til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamíðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, auk fleiri aðila sem nefndir eru í ákvæðinu. Með þessu fyrirkomulagi hefur fjármálafyrirtækjum í raun verið falið hlutverk innheimtumanns ríkissjóðs. Þegar ágreiningur kemur upp á milli þess sem krafinn er um skattinn og fjármálafyrirtækisins í þessu hlutverki, verður að hafa í huga að eigendur þeirra réttinda sem deilt er um eru annars vegar ríkissjóður og hins vegar viðkomandi fjármagnseigandi, en fjármálafyrirtækið sjálft á ekki sjálft beinan hlut að máli. Vegna þessa hefur í lögum 94/1996 verið markaður farvegur fyrir ágreiningsefni af þessu tagi. Í því ákvæði segir:

Rísi ágreiningur um staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum milli skilaskylds og skattskylds aðila getur skattskyldur eða eftir atvikum skilaskyldur aðili kært staðgreiðsluna til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá því að staðgreiðsla átti sér stað.

Þá kemur fram í 3. mgr. ákvæðisins að úrskurði eða ákvörðun Ríkisskattstjóra megi skjóta til yfirskattanefndar.

Af öllu framangreindu leiðir að viðskiptamaður og fjármálafyrirtæki geta ekki svo bindandi sé fyrir ríkissjóð ráðið til lykta ágreiningi um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Verður ágreiningi skilaskylds og skattskylds aðila samkvæmt þessum lögum því ekki skotið til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 28. mars 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, þriðjudaginn 27. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 22. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 16. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. janúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 26. febrúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. febrúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. og 27. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 29. október 2007 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 4.800.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú yfirtekið réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu. Sóknaraðili óskaði eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda. Tiltekið var að ábyrgðaraðili gæti óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda, enda væri heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda gagnvart varnaraðila lægri en kr. 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda. Sóknaraðili staðfesti að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Fyrir liggur skjal, sem prentað hefur verið út þann 29. október 2007, með yfirskriftinni „Forsendur greiðslumats“. A var tilgreind lántaki og maki hennar var B. Tiltekið var að þau ættu þrjú börn og eina bifreið. Fram kom að áætluð greiðslubyrði nýs láns væri kr. 66.262 á mánuði. Engar eignir voru tilgreindar. Þá kom fram að skuldir samtals eftir lántöku væru kr. 8.023.351. Útborguð mánaðarlaun lántaka voru kr. 198.697 og útborguð mánaðarlaun maka voru kr. 250.000. Þá fengu þau barnabætur að fjárhæð kr. 53.500 og meðlag með þremur börnum kr. 59.500. Tekjur á mánuði voru samtals kr. 561.697. Framfærslukostnaður var kr. 202.940 og rekstrarkostnaður bifreiða var kr. 35.000 en rekstrarkostnaður fasteigna var kr. 0. Heildarframfærslukostnaður á mánuði eftir lántöku var kr. 371.232.

Fyrir liggur skjal sem lántaki virðist hafa sent varnaraðila um forsendur greiðslumats. Fram kom að áhvílandi á húsinu væru um kr. 18.000.000. Greiðsla á mánuði væri rétt tæpar kr. 80.000. Tiltekið var að billinn yrði seldur, en keyptur yrði nýr bíll en engin greiðslubyrði yrði af honum. Þá yrði annað mótörhjólið selt, greiðslubyrði myndi því lækka um kr. 14.000. Jafnframt yrði fellihýsið selt og greiðslubyrði myndi lækka um kr. 29.000. Þá hefðu hjónin nýlega skipt um vinnu og því lægju greiðsluseðlar síðustu þriggja mánaða ekki fyrir. Fram kom að lántaki fengi meðlag með þremur börnum, rétt tæpar kr. 60.000 á mánuði. Þá hefði hún fengið barnabætur u.þ.b. 160.000 á þriggja mánaða fresti. Tiltekið var að B væri með yfirdrátt sem næmi kr. 750.000 og lántaki væri með yfirdrátt sem næmi kr. 170.000. Þá væri B með lán sem sjö greiðslur væru eftir af, heildarupphæð kr. 116.665. Greiðslubyrði myndi lækka um kr. 19.000. Þá borgaði B meðlag með einu barni. Tekið var fram að hjónin væru með eftirfarandi vísaraðgreiðslur, B: Lasersjón kr. 12.167 og Púkinn kr. 5.045, A: Tölvan kr. 6.590 og Elko kr. 8.100.

Þann 29. nóvember [svo] 2007 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað. Lántaki var tilgreind A og maki hennar var B en börn voru þrjú. Samkvæmt greiðslumatinu voru útborguð mánaðarlaun lántaka kr. 198.697 og maka hennar kr. 250.000, aðrar tekjur voru kr. 113.000. Ráðstöfunartekjur samtals voru kr. 561.697. Áætlaður framfærslukostnaður var kr. 202.940, áætlaður framfærslukostnaður bifreiða var kr. 35.000 en áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna og annar kostnaður var kr. 0. Áætluð greiðslugeta án tillits til skulda var kr. 323.757. Áætluð greiðslubyrði lána sem ekki yrðu greidd upp var kr. 67.030, áætluð greiðslubyrði væntanlegs láns var kr. 66.262 og öryggismörk í greiðslubyrði væntanlegra lána var kr. 0. Áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda var kr. 190.466. Engar eignir voru tilgreindar í greiðslumatinu. Þá kom fram að skuldir sem ekki yrðu greiddar upp væru kr. 3.223.351, þar af væru vanskil kr. 0. Væntanlegt lán var kr. 4.800.000. Skuldir samtals voru kr. 8.023.351. Eignastaða var neikvæð um kr. 8.023.351. Tiltekið var að greiðslugeta teldist næg. Sóknaraðili staðfesti að hafa fengið afhent, kynnt sér og skilið þetta mat á greiðslugetu greiðanda og samþykkti það sem fullnægjandi fyrir sig. Þá hafði hann einnig kynnt sér efni upplýsingabæklings varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Þann 10. maí 2013 var skuldabréfið áritað um skilmálabreytingu. Sóknaraðili varð nýr skuldari og var sjálfskuldarábyrgð hans og B felld niður.

Þann 31. október 2013 fór lögmaður sóknaraðila þess á leit við varnaraðila að bankinn felldi úr gildi sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á framangreindu skuldabréfi. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 4. nóvember 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 16. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að felld verði úr gildi sjálfskuldarábyrgð hans af eftirstöðvum skuldabréfs nr. X. Til vara er þess krafist að ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila um sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X verði vikið til hliðar í heild.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og að fyrir hendi séu forsendur samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa til að víkja sjálfskuldarábyrgð hans til hliðar. Sóknaraðili telur að greiðslumat sem framkvæmt hafi verið í tengslum við lántökuna hafi verið haldið

verulegum annmörkum. Sóknaraðili vísar til 3. gr. samkomulagsins. Telur sóknaraðili að sér hafi ekki verið kynnt greiðslumat aðalskuldans með fullnægjandi hætti eða forsendur þess.

Sóknaraðili vísar til þess að greiðslumatið taki bæði til skuldara og sambúðarmaka hennar og þegar af þeirri ástæðu gefi greiðslumatið ranga mynd af greiðslugetu skuldans. Í áður nefndu samkomulagi segi að meta skuli greiðslugetu „greiðanda“ en maki skuldara hafi ekki verið greiðandi og sé greiðslumatið hvað þetta varði í andstöðu við 3. gr. samkomulagsins. Í héraðsdómi nr. E-1562/2012, sem hafi verið efnislega staðfestur af Hæstarétti í máli nr. 376/2013, hafi dómurinn hafnað því sem ósönnuðu að venja væri fyrir því að telja tekjur sambýlismaka með tekjum lánsúmsækjanda við greiðslumöt.

Sóknaraðili telur að sér hafi ekki verið kynnt greiðslumatið með fullnægjandi hætti né heldur forsendur þess. Ekki hafi heldur verið gerð sérstök grein fyrir því að með láninu væri verið að endurgreiða önnur lán skuldans eins og áskilið sé í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili vísar til þess að engar eignir séu skráðar í matið þrátt fyrir að þær hafi verið til staðar. Í greiðslumatinu séu eignir skráðar sem kr. 0 þrátt fyrir að aðalskuldari og maki hafi átt fasteign og farartæki (bifreið, mótórhjól og fellihýsi), á þessum tíma. Ekkert tillit hafi verið tekið til þessa í greiðslumati og megi ætla að þessir liðir hafi haft mikla þýðingu um útkomu þess. Greiðslumatið sé að þessu leyti beinlínis rangt um veigamiknið atriði. Í svarbréfi varnaraðila um þetta atriði segi að upplýsingar í greiðslumati um eignir hafi komið frá skuldara sjálfum og hafi verið á þann veg að þau hygðust selja eignir sínar. Hafi greiðslumatið grundvallast á því. Af þessu tilefni bendir sóknaraðili á að varnaraðili framkvæmi greiðslumatið og beri ábyrgð á því að þær upplýsingar sem þar komi fram séu réttar gagnvart ábyrgðarmanni.

Sóknaraðili bendir á að áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna sé tilgreindur sem kr. 0 í greiðslumati. Augljóslega hafi lántakandi og maki þurft að greiða af húnæðisskuldbindingum eða leigugjald sem ekki sé tekið tillit til. Í svarbréfi varnaraðila komi fram að framfærslukostnaður hafi verið reiknaður sem kr. 202.940 en að framfærslukostnaður fyrir hjón með þrjú börn í ágúst 2007 hafi verið kr. 137.600. Því megi telja ljóst að gert hafi verið ráð fyrir húsnaðiskostnaði í tölum um framfærslukostnað. Þá segi jafnframt að þar sem greiðslumat hafi verið jákvætt er nemi kr. 190.465 á mánuði sé miðað við framfærslukostnað hjóna með þrjú börn á verðlagi ársins 2007 megi gera ráð fyrir að hluti af þeirri upphæð hefði einnig dugað upp í húsnaðiskostnað ef vantað hefði upp á. Sóknaraðili telur að ekki verði annað ráðið miðað við þessi svör varnaraðila en að honum þyki sitt eigið greiðslumat ruglingslegt. Getgátur bankans um það hvernig greiðslugeta aðalskuldans hafi verið fengin út breyti því ekki að greiðslumatið sé ónákvæmt og byggi á röngum forsendum.

Vísar sóknaraðili til þess að engin sundurliðun sé gerð á milli tekna, gjalda né skuldbindinga skuldans og maka hennar. Þannig séu útborgaðar tekjur lántakandans tilgreindar sem kr. 198.697 og barnabætur og meðlag (aðrar tekjur) telji kr. 130.000. Ekki komi fram hvort þessar tekjur tilheyri aðalskuldara eða maka. Það hafi því mikla þýðingu fyrir sóknaraðila að greiðslugeta aðalskuldara hafi verið tilgreind sérstaklega. Fram hafi komið að niðurstaða greiðslumatsins byggi á fjárhag aðalskuldara og maka sameiginlega. Hins vegar verði ekki séð að tekið hafi verið tillit til meðlagsútgjalda við framfærsluútreikning eða til frádráttar á meðlagstekjum en maki aðalskuldara greiði meðlag með einu barni. Framfærslukostnaður í greiðslumati miðist þannig við

þrjú börn, en þau séu framfærsluskyld gagnvart fjórum börnum. Í svarbréfi varnaraðila vegna þessa segi að sundurliðun á tekjum og skuldum aðalskuldara og maka skipti ekki höfuðmáli enda sé verið að meta greiðslugetu þeirra sameiginlega og að greiðslumatið byggji á eignum og skuldum þeirra beggja. Þessu kveðst sóknaraðili ósammála, enda sé kveðið á um í áðurnefndu samkomulagi að meta skuli greiðslugetu „greiðanda“ og hér sé einn aðalskuldari og makinn sé ekki aðili að skuldbindingunni. Framsetning og þær upplýsingar sem bankinn stilli upp í greiðslumatinu sé þannig ruglingsleg og beinlínis röng.

Að ofansögðu telur sóknaraðili ljóst að ómögulegt sé að átta sig á því hvernig þær upphæðir sem bankinn stilli fram í greiðslumati séu fengnar út. Þær fjárhæðir sem matið byggji á séu í besta falli ónákvæmar og forsendur þess rangar. Í ljósi ofangreindra annmarka telur sóknaraðili það vera ósanngjarnt og í andstöðu við góða viðskiptahætti að bera ábyrgðina fyrir sig og að henni beri að víkja til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Vararaðili telur í upphafi rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli það í sér ófrávikjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það er afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áðurnefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá vísar varnaraðili jafnframt til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr. 10/2011.

Varnaraðili vísar til þess að í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggi fyrir að greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna lántöku skuldara. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Samkvæmt áðurnefndu skuldabréfi hafi sóknaraðili ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „*Með undirritun sinni á skuldabréf þetta staðfesta sjálfskuldarábyrgðaraðilar að þeir hafa kynnt sér efni upplýsingabæklingis FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en FF er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.*“ Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili kynnt sér efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir áður en hann hafi undirritað umrætt veðskuldabréf, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Þá liggi fyrir að sóknaraðili hafi ritað undir niðurstöðu greiðslumatsins.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur varnaraðili að hann hafi í öllum atriðum farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við framangreinda lánveitingu.

Varnaraðili bendir á að í kvörtuninni séu gerðar athugasemdir við að greiðslumatið hafi bæði tekið til skuldara og sambúðarmaka hans. Af þessu tilefni tekur varnaraðili fram að framangreint fyrirkomulag hafi byggst á ótvíræðri venju sem byggji m.a. á því að finna út rekstrarkostnað fjölskyldu. Eins og sjáist á greiðslumati

Því sem liggja fyrir í málinu hafi áætlaður framfærslukostnaður verið miðaður við hjón með fjögur börn eða kr. 202.940, en vegna innsláttarvillu í greiðslumati standi hjón með þrjú börn. Fjárhæðin hafi jafnframt innihaldið áætlaðan rekstrarkostnað fasteignarinnar sem A, aðalskuldari og maki hennar hafi ætlað að festa kaup á. Samkvæmt neysluviðmiðum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna í ágúst 2007 hafi áætlaður framfærslukostnaður hjóna með fjögur börn verið kr. 156.300 á framangreindum tíma. Hefði greiðslumatið eingöngu tekið mið af skuldara sjálfum hefði áætlaður rekstrarkostnaður verið lægri eða kr. 109.700, enda hafi aðalskuldari eingöngu þrjú börn á sinni framfærslu. Þá verði ekki fallist á með sóknaraðila að dómur héraðsdóms í máli nr. E-1562/2012 hafi efnislega verið staðfestur með dómi Hæstaréttar í máli nr. 376/2013 og sé því fordæmisgefandi í málinu. Í dómi Hæstaréttar hafi ekki verið staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að hafna því sem ósönnuðu að venja væri fyrir því að telja tekjur sambýlismaka með tekjum lánsúmsækjanda við greiðslumöt. Í dómnum hafi aðeins verið tekið fram að ætlast væri til þess að fjármálafyrirtæki gæti upplýst hvort einungis væri miðað við lántaka sjálfan eða hvort einnig miðað væri við maka hans eða sambúðarmaka þegar ráðstöfunartekjur og greiðslubyrði lána og framfærslukostnaður væru tíunduð. Af dómi Hæstaréttar verði þannig ekki séð að hann hafni framangreindri venju.

Varnaraðili mótmælir því sem ósönnuðu að sóknaraðila hafi ekki verið kynnt greiðslumatið með fullnægjandi hætti né heldur forsendur þess. Líkt og gögn málsins gefi til kynna hafi sóknaraðila verið kynnt greiðslumatið, sbr. undirritun sóknaraðila á sjálft greiðslumatið. Þá beri þess að geta að ákvæði 3. mgr. 4. gr. um neikvætt greiðslumat, sé eina ákvæði samkomulagsins sem kveði á um það að ábyrgðarmaður verði að staðfesta með undirritun sinni að hann hafi kynnt sér niðurstöðu greiðslumats. Í öðrum tilvikum skuli tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins sem gert hafi verið í þessu máli. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Varnaraðili tekur fram að ákvæði 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins kveði á um að sé ráðgert að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki skuli ábyrgðarmaður staðfesta skriflega að honum hafi verið kynnt um þær ráðagerðir. Samkvæmt forsendum greiðslumatsins hafi átt að greiða niður tvö lán skuldara, annars vegar skuldabréf með uppgreiðsluverðmæti að fjárhæð kr. 1.149.782 og hins vegar skuldabréf með uppgreiðsluverðmæti að fjárhæð kr. 117.000, samtals kr. 1.266.782. Lánið sem nota hafi átt til að greiða framangreindar skuldir hafi hins vegar verið að fjárhæð kr. 4.800.000. Því hafi engin skylda hvílt á varnaraðila að kynna sóknaraðila framangreindar ráðagerðir.

Varnaraðili vísar til þess að ástæða þess að eignir hafi verið skráðar kr. 0 í greiðslumatið, þrátt fyrir að aðalskuldari og maki hafi átt fasteign, bíl, mótórhjól og fellihýsi á þessum tíma hafi verið að í upplýsingum er komið hafi frá aðalskuldara segi að upptaldar eignir sem þau eigi verði yfirteknar eða seldar. Í niðurstöðu greiðslumats sem sóknaraðili riti undir komi fram að upplýsingar um skuldir og fjárhagsstöðu greiðanda séu að hluta til frá honum sjálfum. Að því leyti séu forsendur mats á greiðslugetu hans og niðurstöður/ályktanir dregnar af þeim upplýsingum á ábyrgð lántakans.

Varnaraðili bendir á að til hafi staðið að eignir yrðu yfirteknar. Hafi aðalskuldari og maki hennar ekki enn fest kaup á annarri fasteign. Þegar greiðslumat sé framkvæmt í tengslum við lánveitingu til skuldara sé ávallt tekið mið af punktstöðu skuldara, þ.e.a.s. eigna- og skuldastöðu skuldara á þeim tímamarki sem greiðslumat sé framkvæmt. Hefði greiðslumat það sem um sé deilt í máli þessu ekki tekið mið af

Því að umræddar eignir yrðu yfirteknar hefði staðið jákvæð tala í stað kr. 0 og eignastaða þeirra þar með orðið jákvæð. Greiðslumatið hefði því gefið betri mynd af fjárhag aðalskuldara og maka hennar, en raun hafi borið vitni. Að mati varnaraðila stóði það því ekki fyrir sóknaraðila að bera framangreint fyrir sig til stuðnings því að ógilda beri ábyrgð hans eða eftir atvikum víkja henni til hliðar.

Hvað varðar þá athugasemd sóknaraðila að áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna hafi verið tilgreindur kr. 0 í greiðslumati vísar varnaraðili til þess að þó þessi kostnaður sé tilgreindur sem kr. 0 megi benda á að framfærslukostnaður sé reiknaður í greiðslumati kr. 202.940 á mánuði en framfærsluviðmið ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna fyrir hjón með þrjú börn í ágúst 2007 hafi verið kr. 137.600. Því megi telja ljóst að gert hafi verið ráð fyrir húsnæðiskostnaði í tölum um framfærslukostnað. Auk þess hafi greiðslumat verið jákvætt sem nemi kr. 190.465 á mánuði megi gera ráð fyrir að hluti af þeirri upphæð hafi einnig dugað upp í húsnæðiskostnað, hefði vantað upp á. Varnaraðili bendir einnig á að gert hafi verið ráð fyrir kr. 35.000 í rekstrarkostnað bifreiða þó að viðmið ráðgjafarstofu hafi verið kr. 26.900 og sé því gert ráð fyrir bifreið og rúmlega það.

Verði ekki fallist á framangreint telur varnaraðili rétt að ítreka að um suma kostnaðarliði í greiðslumati verði lánveitandi almennt að styðjast við upplýsingar lántaka sjálfs og sé vakin sérstök athygli á því í prentuðu eyðublaði fyrir greiðslumat. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Varnaraðili bendir á að í kvörtuninni séu jafnframt gerðar athugasemdir við að engin sundurliðun sé gerð á milli tekna, gjalda eða skuldbindinga skuldarans og maka hennar. Varnaraðili tekur fram af þessu tilefni að á þeim tíma sem umrætt greiðslumat hafi verið framkvæmt hafi engar reglur kveðið á um að ekki mætti framkvæma mat á greiðslugetu skuldara með þessum hætti. Þá komi fram í fylgiskjali með greiðslumatinu að framangreindar tekjur, þ.e. „aðrar tekjur“ tilheyri A, aðalskuldara lánsins.

Varnaraðili kveðst ekki fá betur séð en að greiðslumatið sem um ræði taki mið af því að aðalskuldari og maki hennar hafi verið framfærsluskyld gagnvart fjórum börnum. Samkvæmt greiðslumatinu hafi verið áætlaður framfærslukostnaður kr. 202.940 á mánuði. Samkvæmt neysluviðmiði ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna frá ágúst 2007 hafi áætlaður framfærslukostnaður hjóna með fjögur börn verið kr. 156.300 á framangreindum tíma.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sóknaraðila ekki hafa sýnt fram á að greiðslumatið sem um ræði hafi verið efnislega rangt. Þá fylgi kvörtuninni engin gögn til stuðnings framangreindum fullyrðingum. Varnaraðili mótmælir því öllum fullyrðingum sóknaraðila og vísar til niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012.

Varnaraðili vísar til þess að í 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins sé kveðið á um hvernig meta skuli greiðslugetu greiðanda. Þar komi m.a. fram að við greiðslumat skuli taka tillit til neyslu og annarra fastra útgjalda áður en ráðstöfunarfé til greiðslu skuldbindinga sé reiknað út. Við áætlun á útgjöldum til neyslu skuli að lágmarki nota viðmiðun ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eða Íbúðalánasjóðs. Greiðslumat á greiðslugetu A og maka hennar miðist við framangreind fyrirmæli. Þannig hafi áætlaður framfærslukostnaður þeirra verið miðaður við neysluviðmiðun ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna líkt og um hjón með fjögur börn hafi verið að ræða.

Varnaraðili telur ótrúverðuga þá fullyrðingu sóknaraðila að hann hafi ekki verið upplýstur um greiðslugetu A og maka hennar. Hafi sóknaraðili hagað gerðum sínum á þann hátt að skrifa undir greiðslumatið án þess að kynna sér það verði hann

að bera hallann af því, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 669/2010. Sóknaraðila hafi enda verið í lófa lagið að láta ógert að rita nafn sitt án þess að afla nægilegrar vitneskju um greiðslugetu A og maka hennar. Þá liggi ekkert fyrir um að starfsmenn varnaraðila hafi beitt sóknaraðila þrýstingi til að aðhafast eitthvað sem hann hafi ekki verið fús til.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áður nefnt skuldabréf 29. október 2007 og fyrst hafi verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina með tölvubréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 6. desember 2013, fyrir hans hönd eða rúnum sex árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Varnaraðili telji í því sambandi rétt að áréttu að umrætt greiðslumat hafi verið kynnt sóknaraðila. Hafi sóknaraðili talið greiðslumatið efnislega rangt hafi hann haft allar forsendur til að koma að athugasemdum áður en hann ritaði undir matið. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Að öllu ofangreindu virtu og þegar framangreind atriði eru metin heildstætt telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar eða eftir atvikum ógilda ábyrgðarskuldbindingu hans á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Sóknaraðili krefst þess að felld verði úr gildi sjálfskuldarábyrgð hans af eftirstöðvum skuldabréf nr. X. Til vara krefst sóknaraðili þess að ábyrgðarskuldbindingu hans um sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X verði vikið til hliðar í heild.

Þann 10. maí 2013 var framangreint skuldabréf áritað um skilmálabreytingu. Sóknaraðili varð nýr skuldari og var sjálfskuldarábyrgð hans og B felld niður.

Með vísan til framangreindrar skilmálabreytingar, dags. 10. maí 2013, hefur sóknaraðili ekki lögvarða hagsmuni af kröfum sínum um að sjálfskuldarábyrgð hans verði felld úr gildi eða vikið til hliðar í heild, enda hefur ábyrgð hans verið vikið til hliðar og hann orðið skuldari skuldabréfsins. Í ljósi þess verður ekki hjá því komist að hafna kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, sem varða ábyrgðarskuldbindingu hans vegna skuldabréfs nr. X, er hafnað.

Reykjavík, 27. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2015, föstudaginn 30. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **ENDURUPPTAKA máls nr. 8/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni upphaflega 22. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 16. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. janúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 26. febrúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. febrúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila. Úrskurður var kveðinn upp þann 27. maí 2014. Sóknaraðili fór fram á endurupptöku málsins með bréfi, dags. 16. júlí 2014 á þeim forsendum að úrskurður nefndarinnar hefði ranglega verið byggður á því að sóknaraðili hefði samþykkt skilmálabreytingu á skuldabréf það sem myndar grundvöll málsins. Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við endurupptöku málsins, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. júlí 2014. Varnaraðili tilkynnti þann 12. ágúst 2014, að hann hefði engar athugasemdir við endurupptöku málsins. Nefndin ákvað að endurupptaka málið með vísan til 13. gr. samþykktu nefndarinnar.

Með bréfi nefndarinnar, dags. 14. október 2014, var varnaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri frekari athugasemdum. Varnaraðili tilkynnti að hann hefði ekki frekari athugasemdir.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. janúar 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 29. október 2007 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 4.800.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú yfirtekið réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu. Sóknaraðili óskaði eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda. Tiltekið var að ábyrgðaraðili gæti óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda, enda væri heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda gagnvart varnaraðila lægri en kr. 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda. Sóknaraðili staðfesti að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Fyrir liggur skjal, sem prentað hefur verið út þann 29. október 2007, með yfirskriftinni „Forsendur greiðslumats“. A var tilgreind lántaki og maki hennar var B. Tiltekið var að þau ættu þrjú börn og eina bifreið. Fram kom að áætluð greiðslubyrði nýs láns væri kr. 66.262 á mánuði. Engar eignir voru tilgreindar. Þá kom fram að skuldir samtals eftir lántöku væru kr. 8.023.351. Útborguð mánaðarlaun lántaka voru kr. 198.697 og útborguð mánaðarlaun maka voru kr. 250.000. Þá fengu þau barnabætur að fjárhæð kr. 53.500 og meðlag með þremur börnum kr. 59.500. Tekjur á mánuði voru samtals kr. 561.697. Framfærslukostnaður var kr. 202.940 og rekstrarkostnaður bifreiða var kr. 35.000 en rekstrarkostnaður fasteigna var kr. 0. Heildarframfærslukostnaður á mánuði eftir lántöku var kr. 371.232.

Fyrir liggur skjal sem lántaki virðist hafa sent varnaraðila um forsendur greiðslumats. Fram kom að áhvílandi á húsinu væru um kr. 18.000.000. Greiðsla á mánuði væri rétt tæpar kr. 80.000. Tiltekið var að billinn yrði seldur, en keyptur yrði nýr bill en engin greiðslubyrði yrði af honum. Þá yrði annað mótörhjolið selt, greiðslubyrði myndi því lækka um kr. 14.000. Jafnframt yrði fellihýsið selt og greiðslubyrði myndi lækka um kr. 29.000. Þá hefðu hjónin nýlega skipt um vinnu og því lögju greiðsluseðlar síðustu þriggja mánaða ekki fyrir. Fram kom að lántaki fengi meðlag með þremur börnum, rétt tæpar kr. 60.000 á mánuði. Þá hefði hún fengið barnabætur u.þ.b. 160.000 á þriggja mánaða fresti. Tiltekið var að B væri með yfirdrátt sem næmi kr. 750.000 og lántaki væri með yfirdrátt sem næmi kr. 170.000. Þá væri B með lán sem sjö greiðslur væru eftir af, heildarupphæð kr. 116.665. Greiðslubyrði myndi lækka um kr. 19.000. Þá borgaði B meðlag með einu barni. Tekið var fram að hjónin væru með eftirfarandi vísaraðgreiðslur, B: Lasersjón kr. 12.167 og Púkinn kr. 5.045, A: Talvan kr. 6.590 og Elko kr. 8.100.

Þann 29. nóvember [svo] 2007 var skjalið „Niðurstöður greiðslu-mats“ undirritað. Lántaki var tilgreind A og maki hennar var B en börn voru þrjú. Samkvæmt greiðslumatinu voru útborguð mánaðarlaun lántaka kr. 198.697 og maka hennar kr. 250.000, aðrar tekjur voru kr. 113.000. Ráðstöfunartekjur samtals voru kr. 561.697. Áætlaður framfærslukostnaður var kr. 202.940, áætlaður framfærslukostnaður bifreiða var kr. 35.000 en áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna og annar kostnaður var kr. 0. Áætluð greiðslugeta án tillits til skulda var kr. 323.757. Áætluð greiðslubyrði lána sem ekki yrðu greidd upp var kr. 67.030, áætluð greiðslubyrði væntanlegs láns var kr. 66.262 og öryggismörk í greiðslubyrði væntanlegra lána var kr. 0. Áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda var tilgreind kr. 190.466. Engar eignir voru tilgreindar í greiðslumatinu. Þá kom fram að skuldir sem ekki yrðu greiddar upp væru kr. 3.223.351, þar af væru vanskil kr. 0. Væntanlegt lán var kr. 4.800.000. Skuldir samtals voru kr. 8.023.351. Eignastaða var talin neikvæð um kr. 8.023.351. Tiltekið var að greiðslugeta teldist næg. Sóknaraðili, aðalskuldari og maki hennar staðfestu að hafa fengið afhent, kynnt sér og skilið þetta mat á greiðslugetu greiðanda og samþykktu það sem fullnægjandi fyrir sig. Þá hafði sóknaraðili einnig kynnt sér efni upplýsingabæklings varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Þann 10. maí 2013 var skuldabréfið áritað um skilmálabreytingu. Samkvæmt árituninni var sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila og B felld niður með vísan til skilmálabreytingu á „meðfylgjandi skjali“ en fyrir liggur að samkvæmt þeirri skilmálabreytingu átti sóknaraðili að verða nýr aðalskuldari. Þá verður jafnframt lagt til grundvallar að sóknaraðili hafi ekki fallist á umrædda breytingu.

Þann 31. október 2013 fór lögmaður sóknaraðila þess á leit við varnaraðila að bankinn felldi úr gildi sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á framangreindu skuldabréfi. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 4. nóvember 2013.

Sóknaraðili skaut málinu upphaflega til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 16. janúar 2014. Úrskurður var kveðinn upp þann 27. maí 2014 þar sem öllum kröfum sóknaraðila var hafnað.

Sóknaraðili fór fram á endurupptöku málsins með bréfi, dags. 16. júlí 2014. Fallist var á endurupptöku.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að felld verði úr gildi sjálfskuldarábyrgð hans á eftirstöðvum skuldabréfs nr. X. Til vara er þess krafist að ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila um sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X verði vikið til hliðar í heild.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og að fyrir hendi séu forsendur samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga til að víkja sjálfskuldarábyrgð hans til hliðar. Sóknaraðili telur að greiðslumat sem framkvæmt hafi verið í tengslum við lántökuna hafi verið haldið verulegum annmörkum. Sóknaraðili vísar til 3. gr. samkomulagsins. Telur sóknaraðili að sér hafi ekki verið kynnt greiðslumat aðalskuldarans með fullnægjandi hætti eða forsendur þess.

Sóknaraðili vísar til þess að greiðslumatið taki bæði til skuldara og sambúðarmaka hennar og þegar af þeirri ástæðu gefi greiðslumatið ranga mynd af greiðslugetu skuldarans. Í áður nefndu samkomulagi segi að meta skuli greiðslugetu „greiðanda“ en maki skuldara hafi ekki verið greiðandi og sé greiðslumatið hvað þetta varði í andstöðu við 3. gr. samkomulagsins. Í héraðsdómi nr. E-1562/2012, sem hafi verið efnislega staðfestur af Hæstarétti í máli nr. 376/2013, hafi dómurinn hafnað því sem ósönnuðu að venja væri fyrir því að telja tekjur sambýlismaka með tekjum lánsúmsækjanda við greiðslumöt.

Sóknaraðili telur að sér hafi ekki verið kynnt greiðslumatið með fullnægjandi hætti né heldur forsendur þess. Ekki hafi heldur verið gerð sérstök grein fyrir því að með láninu væri verið að endurgreiða önnur lán skuldarans eins og áskilið sé í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili vísar til þess að engar eignir séu skráðar í matið þrátt fyrir að þær hafi verið til staðar. Í greiðslumatinu séu eignir skráðar sem kr. 0 þrátt fyrir að aðalskuldari og maki hafi átt fasteign og farartæki (bifreið, mótórhjól og fellihýsi), á þessum tíma. Ekkert tillit hafi verið tekið til þessa í greiðslumati og megi ætla að þessir liðir hafi haft mikla þýðingu um útkomu þess. Greiðslumatið sé að þessu leyti beinlínis rangt um veigamiknið atriði. Í svarbréfi varnaraðila um þetta atriði segi að upplýsingar í greiðslumati um eignir hafi komið frá skuldara sjálfum og hafi verið á þann veg að þau hygðust selja eignir sínar. Hafi greiðslumatið grundvallast á því. Af þessu tilefni bendir sóknaraðili á að varnaraðili framkvæmi greiðslumatið og beri ábyrgð á því að þær upplýsingar sem þar komi fram séu réttar gagnvart ábyrgðarmanni.

Sóknaraðili bendir á að áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna sé tilgreindur sem kr. 0 í greiðslumati. Augljóslega hafi lántakandi og maki þurft að greiða af húnæðisskuldbindingum eða leigugjald sem ekki sé tekið tillit til. Í svarbréfi varnaraðila komi fram að framfærslukostnaður hafi verið reiknaður sem kr. 202.940

en að framfærslukostnaður fyrir hjón með þrjú börn í ágúst 2007 hafi verið kr. 137.600. Því megi telja ljóst að gert hafi verið ráð fyrir húsnæðiskostnaði í tölum um framfærslukostnað. Þá segi jafnframt að þar sem greiðslumat hafi verið jákvætt er nemi kr. 190.465 á mánuði sé miðað við framfærslukostnað hjóna með þrjú börn á verðlagi ársins 2007 megi gera ráð fyrir að hluti af þeirri upphæð hefði einnig dugað upp í húsnæðiskostnað ef vantað hefði upp á. Sóknaraðili telur að ekki verði annað ráðið miðað við þessi svör varnaraðila en að honum þyki sitt eigið greiðslumat ruglingslegt. Getgátur bankans um það hvernig greiðslugeta aðalskuldarans hafi verið fengin út breyti því ekki að greiðslumatið sé ónákvæmt og byggji á röngum forsendum.

Vísar sóknaraðili til þess að engin sundurliðun sé gerð á milli tekna, gjalda né skuldbindinga skuldarans og maka hennar. Þannig séu útborgaðar tekjur lántakandans tilgreindar sem kr. 198.697 og barnabætur og meðlag (aðrar tekjur) telji kr. 130.000. Ekki komi fram hvort þessar tekjur tilheyri aðalskuldara eða maka. Það hafi því mikla þýðingu fyrir sóknaraðila að greiðslugeta aðalskuldara hafi verið tilgreind sérstaklega. Fram hafi komið að niðurstaða greiðslumatsins byggji á fjárhag aðalskuldara og maka sameiginlega. Hins vegar verði ekki séð að tekið hafi verið tillit til meðlagsútgjalda við framfærsluútreikning eða til frádráttar á meðlagstekjum en maki aðalskuldara greiði meðlag með einu barni. Framfærslukostnaður í greiðslumati miðist þannig við þrjú börn, en þau séu framfærsluskyld gagnvart fjórum börnum. Í svarbréfi varnaraðila vegna þessa segi að sundurliðun á tekjum og skuldum aðalskuldara og maka skipti ekki höfuðmáli enda sé verið að meta greiðslugetu þeirra sameiginlega og að greiðslumatið byggji á eignum og skuldum þeirra beggja. Þessu kveðst sóknaraðili ósammála, enda sé kveðið á um í áður nefndu samkomulagi að meta skuli greiðslugetu „greiðanda“ og hér sé einn aðalskuldari og makinn sé ekki aðili að skuldbindingunni. Framsetning og þær upplýsingar sem bankinn stilli upp í greiðslumatinu sé þannig ruglingsleg og beinlínis röng.

Að ofansögðu telur sóknaraðili ljóst að ómögulegt sé að átta sig á því hvernig þær upphæðir sem bankinn stilli fram í greiðslumati séu fengnar út. Þær fjárhæðir sem matið byggji á séu í besta falli ónákvæmar og forsendur þess rangar. Í ljósi ofangreindra annmarka telur sóknaraðili það vera ósanngjarnt og í andstöðu við góða viðskiptahætti að bera ábyrgðina fyrir sig og að henni beri að víkja til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur í upphafi rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli það í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það er afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áður nefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá vísar varnaraðili jafnframt til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr. 10/2011.

Varnaraðili vísar til þess að í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggja fyrir að greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna lántöku skuldara. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Samkvæmt áðurnefndu skuldabréfi hafi sóknaraðili ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „*Með undirritun sinni á skuldabréf þetta staðfesta sjálfskuldarábyrgðaraðilar að þeir hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en FF er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.*“ Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili kynnt sér efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir áður en hann hafi undirritað umrætt veðskuldabréf, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Þá liggja fyrir að sóknaraðili hafi ritað undir niðurstöðu greiðslumatsins.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur varnaraðili að hann hafi í öllum atriðum farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við framangreinda lánveitingu.

Varnaraðili bendir á að í kvörtuninni séu gerðar athugasemdir við að greiðslumatið hafi bæði tekið til skuldara og sambúðarmaka hans. Af þessu tilefni tekur varnaraðili fram að framangreint fyrirkomulag hafi byggst á ótvíræðri venju sem byggji m.a. á því að finna út rekstrarkostnað fjölskyldu. Eins og sjáist á greiðslumati því sem liggja fyrir í málinu hafi áætlaður framfærslukostnaður verið miðaður við hjón með fjögur börn eða kr. 202.940, en vegna innsláttarvillu í greiðslumati standi hjón með þrjú börn. Fjárhæðin hafi jafnframt innihaldið áætlaðan rekstrarkostnað fasteignarinnar sem A, aðalskuldari og maki hennar hafi ætlað að festa kaup á. Samkvæmt neysluviðmiðum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna í ágúst 2007 hafi áætlaður framfærslukostnaður hjóna með fjögur börn verið kr. 156.300 á framangreindum tíma. Hefði greiðslumatið eingöngu tekið mið af skuldara sjálfum hefði áætlaður rekstrarkostnaður verið lægri eða kr. 109.700, enda hafi aðalskuldari eingöngu þrjú börn á sinni framfærslu. Þá verði ekki fallist á með sóknaraðila að dómur héraðsdóms í máli nr. E-1562/2012 hafi efnislega verið staðfestur með dómi Hæstaréttar í máli nr. 376/2013 og sé því fordæmisgefandi í málinu. Í dómi Hæstaréttar hafi ekki verið staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að hafna því sem ósönnuðu að venja væri fyrir því að telja tekjur sambýlismaka með tekjum lánsúmsækjanda við greiðslumöt. Í dómnum hafi aðeins verið tekið fram að ætlast væri til þess að fjármálafyrirtæki gæti upplýst hvort einungis væri miðað við lántaka sjálfan eða hvort einnig miðað væri við maka hans eða sambúðarmaka þegar ráðstöfunartekjur og greiðslubyrði lána og framfærslukostnaður væru tíunduð. Af dómi Hæstaréttar verði þannig ekki séð að hann hafni framangreindri venju.

Varnaraðili mótmælir því sem ósönnuðu að sóknaraðila hafi ekki verið kynnt greiðslumatið með fullnægjandi hætti né heldur forsendur þess. Líkt og gögn málsins gefi til kynna hafi sóknaraðila verið kynnt greiðslumatið, sbr. undirritun sóknaraðila á sjálfu greiðslumatið. Þá beri þess að geta að ákvæði 3. mgr. 4. gr. um neikvætt greiðslumat, sé eina ákvæði samkomulagsins sem kveði á um það að ábyrgðarmaður verði að staðfesta með undirritun sinni að hann hafi kynnt sér niðurstöðu greiðslumats. Í öðrum tilvikum skuli tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins sem gert hafi verið í þessu máli. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Varnaraðili tekur fram að ákvæði 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins kveði á um að sé ráðgert að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá

fjármálafyrirtæki skuli ábyrgðarmaður staðfesta skriflega að honum hafi verið kynnt um þær ráðagerðir. Samkvæmt forsendum greiðslumatsins hafi átt að greiða niður tvö lán skuldara, annars vegar skuldabréf með uppgreiðsluverðmæti að fjárhæð kr. 1.149.782 og hins vegar skuldabréf með uppgreiðsluverðmæti að fjárhæð kr. 117.000, samtals kr. 1.266.782. Lánið sem nota hafi átt til að greiða framangreindar skuldir hafi hins vegar verið að fjárhæð kr. 4.800.000. Því hafi engin skylda hvílt á varnaraðila að kynna sóknaraðila framangreindar ráðagerðir.

Varnaraðili vísar til þess að ástæða þess að eignir hafi verið skráðar kr. 0 í greiðslumatið, þrátt fyrir að aðalskuldari og maki hafi átt fasteign, bíl, mótórhjól og fellihýsi á þessum tíma hafi verið að í upplýsingum er komið hafi frá aðalskuldara segi að upptaldar eignir sem þau eigi verði yfirteknar eða seldar. Í niðurstöðu greiðslumats sem sóknaraðili riti undir komi fram að upplýsingar um skuldir og fjárhagsstöðu greiðanda séu að hluta til frá honum sjálfum. Að því leyti séu forsendur mats á greiðslugetu hans og niðurstöður/ályktanir dregnar af þeim upplýsingum á ábyrgð lántakans.

Varnaraðili bendir á að til hafi staðið að eignir yrðu yfirteknar. Hafi aðalskuldari og maki hennar ekki enn fest kaup á annarri fasteign. Þegar greiðslumat sé framkvæmt í tengslum við lánveitingu til skuldara sé ávallt tekið mið af punktstöðu skuldara, þ.e.a.s. eigna- og skuldastöðu skuldara á þeim tímapunkti sem greiðslumat sé framkvæmt. Hefði greiðslumat það sem um sé deilt í máli þessu ekki tekið mið af því að umræddar eignir yrðu yfirteknar hefði staðið jákvæð tala í stað kr. 0 og eignastaða þeirra þar með orðið jákvæð. Greiðslumatið hefði því gefið betri mynd af fjárhag aðalskuldara og maka hennar, en raun hafi borið vitni. Að mati varnaraðila stóði það því ekki fyrir sóknaraðila að bera framangreint fyrir sig til stuðnings því að ógilda beri ábyrgð hans eða eftir atvikum víkja henni til hliðar.

Hvað varðar þá athugasemd sóknaraðila að áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna hafi verið tilgreindur kr. 0 í greiðslumati vísar varnaraðili til þess að þó þessi kostnaður sé tilgreindur sem kr. 0 megi benda á að framfærslukostnaður sé reiknaður í greiðslumati kr. 202.940 á mánuði en framfærsluviðmið ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna fyrir hjón með þrjú börn í ágúst 2007 hafi verið kr. 137.600. Því megi telja ljóst að gert hafi verið ráð fyrir húsnæðiskostnaði í tölum um framfærslukostnað. Auk þess hafi greiðslumat verið jákvætt sem nemi kr. 190.465 á mánuði megi gera ráð fyrir að hluti af þeirri upphæð hafi einnig dugað upp í húsnæðiskostnað, hefði vantað upp á. Varnaraðili bendir einnig á að gert hafi verið ráð fyrir kr. 35.000 í rekstrarkostnað bifreiða þó að viðmið ráðgjafarstofu hafi verið kr. 26.900 og sé því gert ráð fyrir bifreið og rúmlega það.

Verði ekki fallist á framangreint telur varnaraðili rétt að ítreka að um suma kostnaðarliði í greiðslumati verði lánveitandi almennt að styðjast við upplýsingar lántaka sjálfs og sé vakin sérstök athygli á því í prentuðu eyðublaði fyrir greiðslumat. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Varnaraðili bendir á að í kvörtuninni séu jafnframt gerðar athugasemdir við að engin sundurliðun sé gerð á milli tekna, gjalda eða skuldbindinga skuldarans og maka hennar. Varnaraðili tekur fram af þessu tilefni að á þeim tíma sem umrætt greiðslumat hafi verið framkvæmt hafi engar reglur kveðið á um að ekki mætti framkvæma mat á greiðslugetu skuldara með þessum hætti. Þá komi fram í fylgiskjali með greiðslumatinu að framangreindar tekjur, þ.e. „aðrar tekjur“ tilheyri A, aðalskuldara lánsins.

Varnaraðili kveðst ekki fá betur séð en að greiðslumatið sem um ræði taki mið af því að aðalskuldari og maki hennar hafi verið framfærsluskyld gagnvart fjórum

börnum. Samkvæmt greiðslumatinu hafi verið áætlaður framfærslukostnaður kr. 202.940 á mánuði. Samkvæmt neysluviðmiði ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna frá ágúst 2007 hafi áætlaður framfærslukostnaður hjóna með fjögur börn verið kr. 156.300 á framangreindum tíma.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sóknaraðila ekki hafa sýnt fram á að greiðslumatið sem um ræði hafi verið efnislega rangt. Þá fylgi kvörtuninni engin gögn til stuðnings framangreindum fullyrðingum. Varnaraðili mótmælir því öllum fullyrðingum sóknaraðila og vísar til niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012.

Varnaraðili vísar til þess að í 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins sé kveðið á um hvernig meta skuli greiðslugetu greiðanda. Þar komi m.a. fram að við greiðslumat skuli taka tillit til neyslu og annarra fastra útgjalda áður en ráðstöfunarfé til greiðslu skuldbindinga sé reiknað út. Við áætlun á útgjöldum til neyslu skuli að lágmarki nota viðmiðun ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eða Íbúðalánasjóðs. Greiðslumat á greiðslugetu A og maka hennar miðist við framangreind fyrirmæli. Þannig hafi áætlaður framfærslukostnaður þeirra verið miðaður við neysluviðmiðun ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna líkt og um hjón með fjögur börn hafi verið að ræða.

Varnaraðili telur ótrúverðuga þá fullyrðingu sóknaraðila að hann hafi ekki verið upplýstur um greiðslugetu A og maka hennar. Hafi sóknaraðili hagað gerðum sínum á þann hátt að skrifa undir greiðslumatið án þess að kynna sér það verði hann að bera hallann af því, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 669/2010. Sóknaraðila hafi enda verið í lófa lagið að láta ógert að rita nafn sitt án þess að afla nægilegrar vitneskju um greiðslugetu A og maka hennar. Þá liggi ekkert fyrir um að starfsmenn varnaraðila hafi beitt sóknaraðila þrýstingi til að aðhafast eitthvað sem hann hafi ekki verið fús til.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áður nefnt skuldabréf 29. október 2007 og fyrst hafi verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina með tölvubréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 6. desember 2013, fyrir hans hönd eða rúnum sex árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Varnaraðili telji í því sambandi rétt að áréttu að umrætt greiðslumat hafi verið kynnt sóknaraðila. Hafi sóknaraðili talið greiðslumatið efnislega rangt hafi hann haft allar forsendur til að koma að athugasemdum áður en hann ritaði undir matið. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Að öllu ofangreindu virtu og þegar framangreind atriði eru metin heildstætt telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar eða eftir atvikum ógilda ábyrgðarskuldbindingu hans á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Varnaraðili framkvæmdi mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins, A, sem kynnt var sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir á því að framangreint greiðslumat byggir á tekjum maka lántaka til viðbótar við tekjur lántaka. Í 2. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er kveðið á um lágmarksskilyrði sem greiðslumat sem þarf að fullnægja. Samkvæmt ákvæðinu skal við greiðslumat taka tillit til neyslu og annarra fastra útgjalda áður en ráðstöfunarfé til greiðslu skuldbindinga er reiknað út. Við áætlun á útgjöldum til neyslu skal að lágmarki nota viðmiðun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eða Íbúðalánasjóðs. Við áætlun á greiðslubyrði vegna yfirdráttarlána skal aldrei miða við lægri fjárhæð en sem nemur mánaðarlegum vöxtum og heildarútgjöldum af hámarksfjárhæð yfirdráttarláns. Við áætlun á greiðslubyrði vegna kreditkorta skal taka mið af mánaðarlegum vöxtum af hámarksúttekt.

Í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er ekki kveðið á um að óheimilt sé að byggja á tekjum maka við framkvæmd greiðslumats. Virðist fremur við það miðað að þegar metnir eru möguleikar skuldara á að standa við skuldbindingar sínar, sé horft til heimilisins í heild sinni. Þrátt fyrir að hvort hjóna beri ábyrgð á þeim skuldbindingum sem á því hvíli, sbr. 67. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 ber þeim m.a. skylda til að hjálpast að við að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum og á annan hátt. Verður í ljósi þess og venju sem myndast hefur við gerð greiðslumata, sbr. t.d. að miðað er við framfærslukostnað heimilisins, ekki fallist á með sóknaraðila að varnaraðila hafi ekki verið heimilt að byggja greiðslumat á tekjum maka lántaka til viðbótar við tekjur lántaka. Er þeirri röksemd því hafnað og ekki fallist á að umrætt greiðslumat sé rangt og villandi um mikilvæg atriði að þessu leyti, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 18/2013.

Ekki verður fallist á túlkun og vísan sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 376/2013, enda var í því máli innbyrðis ósamræmi í greiðslumati þar sem texti þess gerði ráð fyrir að tilgreindar væru „Ráðstöfunartekjur fjölskyldu“ en tilgreining á greiðslubyrði vegna skulda tók eingöngu til skulda lántaka. Þannig lá ekki fyrir hvort matið átti við hann einan eða fjölskyldu hans. Í máli þessu liggur fyrir að matið á við aðalskuldara og fjölskyldu hennar, sbr. skjölin „Forsendur greiðslumats“ og „Niðurstaða greiðslumats“. Þá hafa aðalskuldari og maki hennar staðfest með undirritun sinni á skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ að hafa fengið afhent, kynnt sér og skilið greiðslumatið og samþykkt það sem fullnægjandi fyrir sig. Er því ljóst að greiðslumatið á við um þau bæði. Með vísan til þessa og lágmarksskilyrða 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins er ekki skylt að sundurliða tekjur og gjöld aðalskuldara og maka hennar í greiðslumatinu.

Eins og rakið var að ofan skal við áætlun á útgjöldum til neyslu samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins að lágmarki nota viðmiðun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eða Íbúðalánasjóðs. Frá ágúst 2007 til ágúst 2008 var viðmiðunin kr. 137.600 fyrir hjón með 3 börn og kr. 156.300 fyrir hjón með fjögur börn. Samkvæmt því er ljóst að framfærslukostnaður var talsvert umfram lágmarkskröfur samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, enda var áætlaður framfærslukostnaður kr. 202.940 á mánuði.

Í ljósi framangreinds verður að telja að greiðslumat hafi farið fram og verið í samræmi við lágmarksskilyrði 3. gr. samkomulagsins. Verður því að hafna röksemdum sóknaraðila um að honum hafi ekki verið kynnt greiðslumat aðalskuldara með fullnægjandi hætti. Í þessu ljósi verður einnig að hafna röksemdum sóknaraðila um að ekki hafi verið gert ráð fyrir áætluðum rekstrarkostnaði fasteigna eða meðlagsgreiðslu maka sóknaraðila með einu barni, enda var framfærslukostnaður talsvert umfram lágmarkskröfur og afgangur aðalskuldara og maka hennar á mánuði töluverður, þ.e. kr. 190.465.

Ekki verður fallist á með sóknaraðila að varnaraðila hafi borið að kynna honum að ráðgert hafi verið að ráðstafa umræddu láni til endurgreiðslu á öðrum lánnum skuldara hjá fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Samkvæmt skjalinu „Forsendur greiðslumats“ var ráðgert að greiða upp lán nr. Y, uppgreiðsluverðmæti kr. 1.149.782, og Z, uppgreiðsluverðmæti kr. 117.000. Í ljósi þess var ekki ráðgert að verja meira en helmingi lánsfjár til endurgreiðslu á öðrum lánnum skuldara hjá fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins, heldur einungis kr. 1.266.782 af kr. 4.800.000.

Ekki verður fallist á að það leiði til ógildingar sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, að í greiðslumati séu eignir aðalskuldara tilgreindar kr. 0. Hefðu eignir, sem samkvæmt upplýsingum sem stöfuðu frá aðalskuldara átti að selja, verið tilgreindar í greiðslumati hefði niðurstaða greiðslumatsins orðið aðalskuldara hagstæðari. Fæst því ekki séð að orsakatengsl séu á milli þess að eignir voru tilgreindar kr. 0 í greiðslumati og ákvörðunar sóknaraðila um að gangast í ábyrgðina.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, verður að telja sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X gilda og verður því að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 30. janúar 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 4. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 28. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 28. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 17. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 25. mars 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 20. júlí 2007 var bílasamningur nr. X gerður milli varnaraðila sem leigusala og sóknaraðila sem leigutaka. Hið leigða var A. Samningsfjárhæð var kr. 2.326.949. Greiðsla frá 5. september 2007 í 84 skipti var kr. 36.146. Tiltekið var að samningurinn væri gengistryggður og væru allar fjárhæðir bundnar erlendum/innlendum myntum í eftirfarandi hlutföllum og tækju mið af þeim á hverjum tíma, USD 15%, EUR 20%, JPY 10%, CHF 5%, ISK 50%. Gengi/vísitala gjaldmiðla miðaðist við útborgunardag samnings. Leigugjald skyldi taka breytingum á gengi og vöxtum skv. 7. gr. samningsins.

Sóknaraðili fékk senda greiðsluseðla vegna bílasamningsins þar sem afborgun var tilgreind í eftirfarandi gjaldmiðlum: CHF, EUR, ISK, JPY og USD. Í málinu liggur m.a. fyrir greiðsluseðill dags. 5. júní 2009.

Þann 16. júní 2009 gerði sóknaraðili upp íslenska hluta bílasamningsins með greiðslu á kr. 1.145.766.

Þann 5. júlí 2009 barst sóknaraðila greiðsluseðill vegna bílasamningsins þar sem afborgun var tilgreind í eftirfarandi gjaldmiðlum: CHF, EUR, JPY og USD. Ekki var ISK hluti tilgreindur á greiðsluseðlinum.

Þann 10. nóvember 2013 óskaði sóknaraðili eftir leiðréttingu á framangreindum bílasamningi með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012. Þann 25. nóvember 2013 hafnaði varnaraðili því að leiðrétta bílasamninginn með vísan til þess að greiðslur sem inntar voru á samningstíma væru fyrndar, sbr. lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, enda hefði íslenski hluti samningsins verið uppgærður þann 16. júní 2009.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 28. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst leiðréttingar á bílasamningi nr. X með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012 hvað varðar íslenska hluta lánsins.

Sóknaraðili telur að leiðrétting á íslenska hluta lánsins eigi að fara sjálfkrafa til hans eins og gert hafi verið með leiðréttingu á erlenda hlutanum. Sóknaraðili bendir á að lánið hafi borið eitt lánsnúmer í mörgum gjaldmiðlum. Lánið hafi alltaf verið í skilum og verið endanlega uppgreitt 2011. Sóknaraðili telur að ekki sé jafnræði milli leiðréttinga á íslenska hluta og erlenda hluta á sama láni þurfi lántakandi að gera kröfu um leiðréttingu af hluta lánsins en hún komi sjálfkrafa af öðrum hluta lánsins. Þetta sé sami bílasamningur nr. X.

Sóknaraðili bendir á að um fyrningu uppgjörskrafna segi í 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda sé fjögur ár. Þá segi í 1. mgr. 2. gr. laganna að fyrningarfrestur kröfu reiknist frá þeim degi þegar kröfuhafi hafi fyrst getað átt rétt til efnda. Svo virðist sem varnaraðili líti svo á að sá dagur hafi verið þegar sóknaraðili hafi gert kröfu um leiðréttingu. Jafnvel þótt fallist yrði á þetta sé ljóst að hafi fresturinn byrjað að líða á þeim degi þá fyrnist kröfur sóknaraðila ekki fyrr en að fjórum árum frá þeim degi. Sú skoðun að reikna beri fyrningarfrestinn fjögur ár aftur í tímann frá því tímamarki standist ekki nánari skoðun.

Sóknaraðili kveðst krefjast endurgreiðslu ofgreidds fjár, en krafan sé efnislega ólík þeim kröfum sem varnaraðili vísi til með tilvísan sinni til tímaritsgreinarinnar „Endurheimta ofgreidds fjár“. Í greininni riti höfundur eftirfarandi: „*Krafa um endurgreiðslu þegar greitt hefur verið án eða umfram skyldu fyrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007. Reiknast fyrningarfrestur frá þeim degi er greiðslan var innt af hendi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna.*“ Sóknaraðili telur rétt að benda á að tilvísun höfundar sé efnislega röng, en umrætt ákvæði segi að fyrningarfrestur reiknist frá þeim tíma er kröfuhafi hafi fyrst getað átt rétt til efnda, en ekki frá þeim degi er greiðsla hafi verið innt af hendi. Sóknaraðili hafi talið sig vera að greiða í samræmi við skuldbindingu og hvorki hafi hann vitað né mátt vita að lánasamningur aðila og móttaka varnaraðila á greiðslum hans hafi verið í andstöðu við ýmis ákvæði eldri laga nr. 121/1994 um neytendalán.

Sóknaraðili telur ljóst að hann hafi ekki með nokkru móti getað áttað sig á að varnaraðila hafi verið óheimilt að innheimta breytilega vexti og verðbætur af láninu né að hann hafi átt rétt til endurgreiðslu fyrr en í fyrsta lagi með dómi Hæstaréttar í máli nr. 672/2012, þann 24. apríl 2013. Hafi hann þá fyrst getað átt rétt til efnda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 150/2007.

Sóknaraðili vísar til þess að í frumvarpi því er orðið hafi að lögum nr. 150/2007 segi um þá meginreglu sem finna megji í 1. mgr. 2. gr. laganna að: „*Samkvæmt 1. mgr. er meginreglan sú að fyrningarfrestur reiknast frá þeim degi*

Þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Er það efnislega sama reglan og nú er kveðið á um í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. fyrningarlaga. Regla 1. mgr. gildir hvort sem krafan verður gjaldkræf vegna ákvæða í samningi, dómsorði, fyrir venju eða á annan hátt.“ Þá segi ennfremur um hvernig ákveða skuli upphaf fyrningarfrests í þeim tilvikum þar sem ekki sé um fastákveðinn gjalddaga að ræða, eða það leiði af samningi, lögum eða venju: „Í slíkum tilvikum leiðir af orðalagi ákvæðisins að upphaf fyrningarfrests miðast við það tímamark, þegar kröfuhafi gat fyrst möguleika á að knýja fram efndir, þ.e. með uppsögn eða kröfu um greiðslu. Enda þótt segja megi að réttur til efnda stofnist á því tímamarki þegar slík krafa um efndir er í raun sett fram er til þess að líta að í tilvikum sem þessum hefur kröfuhafi það í hendi sér hvenær krafa verður gjaldkræf. Ef miðað væri við það tímamark þegar kröfuhafi tekur ákvörðun um að fá kröfuna efnda mundi það leiða til þeirrar ótæku niðurstöðu að hann réði því hvenær fyrningarfrestur tekur að líða. Ber því að túlka orðalag ákvæðisins svo að miða skal upphaf fyrningarfrests við það tímamark þegar kröfuhafi átti þess fyrst kost að setja fram kröfu um efndir.“

Sóknaraðili bendir á að það hafi því ekki verið fyrr en 24. apríl 2013 sem fjögurra ára fyrningarfresturinn hafi byrjað að líða, þ.e. þegar hann hafi fyrst getað átt rétt til efnda. Í framangreindum dómi Hæstaréttar nr. 672/2012 hafi varnaraðila sem hafi verið stefndi í því máli haldið því fram að „stefnanda hafi mátt vera ljóst að íslenski hluti lánsins væri verðtryggður þar sem það hafi komið fram á greiðsluseðlum en stefnandi hafi verið búinn að greiða af láninu í yfir fjögur ár áður en hann kom fram með athugasemdir vegna verðtryggingarinnar og hafi því sýnt af sér tómlæti.“ Þessu hafi héraðsdómur hafnað, sem hafi verið staðfest í Hæstarétti.

Vísar sóknaraðili til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4221/2012, en í niðurstöðu dómsins hafi m.a. sagt: „Samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda er almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda fjögur ár. Í 1. mgr. 2. gr. sömu laga er tekið fram að fyrningarfrestur reiknist frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Síðastgreint orðalag ber að túlka svo að upphaf frestsins miðist við það tímamark þegar kröfuhafi átti þess fyrst kost að setja fram kröfu um efndir, enda er meginregla laganna sú að upphaf fyrningarfrests sé óháð athöfnum eða athafnaleyssi kröfuhafa.“ Sóknaraðili telur ljóst að umrædd sjónarmið eigi við í tilviki hans enda hafi hann ekki getað vitað eða mátt vita að lánsamningur aðila hafi farið í bága við fyrrgreind lög fyrr en með dómi Hæstaréttar þann 24. apríl 2013. Telur sóknaraðili því að kröfur hans séu að engu leyti fyrndar.

Fallist úrskurðarnefndin ekki á ofangreindar röksemdir telur sóknaraðili að líta verði til sérreglu 10. gr. laga nr. 150/2007. Við túlkun á orðalagi 1. mgr. 2. gr. laganna verði þannig að líta til þeirrar sérreglu sem þar komi fram. Þar segi að hafi kröfuhafi ekki haft uppi kröfu sökum þess að hann skorti nauðsynlega vitneskju um kröfuna eða skuldarann þá fynist krafa hans aldrei fyrr en að einu ári eftir þann dag þegar kröfuhafi fékk eða bar að afla sér slíkrar vitneskju. Eins og fram hafi komið hafi sóknaraðila skort nauðsynlega vitneskju um kröfuna og hafi því fyrst getað átt rétt til efnda 24. apríl 2013.

Sóknaraðili vísar til greinargerðar með lögum nr. 150/2007. Samkvæmt henni verði við túlkun á 10. gr. að hafa í huga að lykilatriði sé raunveruleg vitneskja kröfuhafans: „Mat á því verður að ráðast af aðstæðum hverju sinni en skortur á vitneskju getur lotið annars vegar að kröfunni sjálfri, til dæmis ef kröfuhafi fær ranglega upplýsingar um að krafa hans sé fallin niður eða sé ekki til, eða hins vegar að skuldaranum sjálfum, til dæmis ef kröfuhafi hefur ekki vitneskju um hver sé skuldari. Hér verður þó að gera ákveðnar kröfur til sjálfstæðrar rannsóknar af hálfu

kröfuhafa og vísar niðurlag 1. mgr. til þeirrar skyldu hans. Við mat á því hvort kröfuhafi hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni verður að líta til aðstæðna hverju sinni en þá getur til dæmis skipt máli hvort því fylgi mikil fyrirhöfn eða kostnaður að afla upplýsinga um kröfuna. Enn fremur getur háttsemi skuldara einnig skipt máli að því leyti að sé um svíksamlegt háttalag að ræða getur það haft áhrif á hversu strangt sé tekið á því hvort kröfuhafi hafi fullnægt rannsóknarskyldu sinni.“

Sóknaraðili byggir á því að líta verði til þess að kröfuhafi í þessu tilliti, þ.e. sóknaraðili, hafi átt að geta treyst því að starfshættir varnaraðila væru í samræmi við lög. Ekki sé hægt að leggja það á sóknaraðila að hann hafi án gruns átt að leita aðstoðar löglærðs einstaklings við yfirlstur og samningu staðlaðs bílaláns, þar sem varnaraðili hafi verið sérfróður aðili og hafi borið skylda til þess að gæta fyrrnefndra laga um neytendalán. Þá hafi Hæstiréttur réttilega bent á í máli nr. 348/2013 að starfsmönnum banka (og lánastofnana almennt) hafi mátt vera ljóst við gerð gengistryggðra samninga að þeir væru ólögmatir. Leggja megi hið sama til grundvallar þegar komi að gerð þeirra samninga sem einnig hafi borið með sér verðtryggða vexti og verðbætur, en ákvæði laga nr. 121/1994, einkum 5., 6., 9. og 14. gr. þeirra séu ótvíræð um efni, heimildir og skyldur lánastofnana við samningsgerð. Varnaraðili sé sérfróður aðili andstætt sóknaraðila og verði að telja að félagið verði að bera hallann af því þegar skilmálar sem samdir séu einhliða af varnaraðila séu í andstöðu við lög.

Sóknaraðili telur að úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 15/2012 og 79/2013 eigi ekki við í því máli sem hér sé til úrlausnar. Ólíkt röksemdum sóknaraðila í máli úrskurðarnefndarinnar nr. 15/2012, hafi sóknaraðili talið að samningur aðila væri í samræmi við ákvæði laga nr. 121/1994, þar til Hæstiréttur hafi kveðið upp dóm í máli nr. 672/2012, þann 24. apríl 2013. Fram að því hafi sóknaraðili talið sér skylt að greiða í samræmi við greiðsluseðla varnaraðila, enda hafi hann talið ákvæði samningsins um verðtryggingu í gildi. Tekur umræddur úrskurður því ekki til þess máls sem hér sé til skoðunar og sé því hafnað að hann hafi fordæmisgildi í máli þessu. Hvað tilvísun varnaraðila til máls nr. 79/2013 þá sé rétt að benda á að það mál hafi verið afturkallað af lögmanni sóknaraðila og hafi því aldrei komið til úrskurðar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili tekur fram vegna tilvísunar sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012 að dómsmálið hafi hvorki snúið að því hvort umrædd lánveiting væri ólögmat né hvort aðilum hefði verið óheimilt að semja á þann hátt sem um hafi verið deilt. Hvergi komi fram í dómnum að um „ólögmat lán“ hafi verið að ræða eða að óheimilt væri að reikna vexti eða verðbætur á íslenska hluta lánsins.

Bendir varnaraðili á að ágreiningurinn í tilvitnuðu dómsmáli hafi snúið að túlkun á efni samnings, þ.e. hvort að í því tilviki hefði verið samið um verðtryggingu og breytilega vexti. Stefndandi í málinu hafi gert ágreining um þetta efni og við túlkun á þessari samningsskuldbindingu hafi varnaraðili verið látinn bera halla af því að skilmálar samnings hafi ekki verið nógu skýrir varðandi verðtryggingu eða um breytileika vaxta. Hafi Hæstiréttur talið að félaginu hefði ekki í umræddu tilviki tekist að færa fram sönnur á grundvelli annarra gagna, sbr. 3. mgr. 14. gr. þágildandi laga um neytendalán nr. 121/1994. Hins vegar hafi verið um gilt lán að ræða og með föstu vaxtaviðmiði sem tilgreint hafi verið í samningnum.

Varnaraðili bendir á að krafa sóknaraðila lúti að endurgreiðslu ofgreidds fjár, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 15/2012 og 79/2013. Krafa um endurgreiðslu ofgreidds fjár fyrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og reiknist fyrningarfrestur frá þeim degi er greiðsla hafi verið innt af hendi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Sama regla hafi gilt samkvæmt eldri fyrningarlögum, sbr. 5. tölul. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905. Engin rök standi til þess að viðbótarfrestir eigi við í þessu máli, frekar en í málum nr. 15/2012 og 79/2013, enda sé því ekki haldið fram af hálfu sóknaraðila.

Með vísan til framangreinds kveður varnaraðili kröfur sóknaraðila hafa verið fyrndar og framkvæmd varnaraðila í samræmi við lög.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort krafa sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár vegna íslensks hluta bílasamnings nr. X sé fyrnd.

Óumdeilt er að varnaraðili hefur fallist á með sóknaraðila að honum hafi ekki verið ljóst að sá hluti samnings aðila hafi verið verðtryggður og með breytilegum vöxtum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012. Varnaraðili hefur hafnað endurgreiðslu ofgreidds fjár sóknaraðila á samningnum á grundvelli þess að krafan sé fyrnd.

Krafa sóknaraðila er krafa um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Bílasamningur sóknaraðila var gefinn út þann 20. júlí 2007 og greiddi hún upp íslenska hluta lánsins þann 16. júní 2009. Sóknaraðili skaut kvörtun sinni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki þann 28. janúar 2014.

Krafa sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár stofnaðist að hluta til í gildistíð laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, enda var fyrsta greiðsla af samningnum þann 5. september 2007. Samkvæmt 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda öðluðust þau gildi þann 1. janúar 2008. Lög þau gilda einvörðungu um þær endurgreiðslukröfur sem stofnuðust eftir gildistöku laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 telst fyrningarfrestur frá þeim degi er krafa varð gjaldkræf. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila varð gjaldkræf þegar sóknaraðili innti greiðslur samkvæmt samningnum, af hendi. Ekki er í þessu ljósi fallist á með sóknaraðila að fyrningarfrestur hefjist þann 24. apríl 2013, þegar dómur Hæstaréttar í máli nr. 672/2013 féll. Verður hér að gera skýran greinarmun á því hvort metið er tómlæti sóknaraðila, eftir atvikum með hliðsjón af því sem honum mátti vera kunnugt, eða fyrning kröfu hans. Samkvæmt 5. tölul. 3. gr. laganna fyrnist krafa um endurgjald sem maður hefur greitt í rangri ímyndun um skuldbindingu á fjórum árum. Verður því að telja að krafa sóknaraðila til endurgreiðslu vegna greiðslna skuldabréfs nr. X fram til 1. janúar 2008 sé fyrnd, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 15/2012.

Sóknaraðili sleit fyrningu kröfu um endurgreiðslu ofgreidds fjár þegar hún skaut máli sínu til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki þann 28. janúar 2014, sbr. 16. gr. laga nr. 150/2007. Samkvæmt lögum nr. 150/2007 er meginreglan fjögurra ára fyrningarfrestur. Voru því allar endurkröfur sóknaraðila vegna greiðslna sem greiddar voru á tímabilinu 1. janúar 2008 til 28. janúar 2010 fyrndar, samkvæmt meginreglunni, en lokagreiðsla sóknaraðila var innt af hendi 16. júní 2009.

Í III. kafla laganna er mælt fyrir um viðbótarfresti. Segir í 10. gr. að hafi kröfuhafi ekki haft uppi kröfu sökum þess að hann skorti nauðsynlega vitneskju um

kröfuna eða skuldarann, fyrnist krafa hans aldrei fyrr en einu ári eftir þann dag þegar kröfuhafi fékk eða bar að afla sér slíkrar vitneskju. Í greinargerð sem fylgdi því ákvæði kemur fram sá skilningur að lykilatriði í þessu sambandi sé raunveruleg vitneskja kröfuhafans, en viðbótarfrestur getur einungis komið til ef hann skortir „nauðsynlega vitneskju“ um kröfuna. Krafa sóknaraðila virðist í grunninn byggja á því að hann hafi ekki skuldbundið sig til að greiða verðbætur, samkvæmt upphaflegum samningi. Telja verður að sóknaraðili hefði getað áttað sig á því að hann greiddi umræddar verðbætur, enda báru greiðsluseðlar þær með sér. Verður því ekki fallist á röksemdir sóknaraðila um að hann hafi mátt telja að greiðslurnar væru í samræmi við þær skuldbindingar sem hann hefði undirgengist eða að hann hafi hlotið að telja þær réttar þar til Hæstiréttur hafi kveðið upp dóm í máli nr. 672/2012 og því sé úrskurður úrskurðarnefndar í máli nr. 15/2012 ekki fordæmisgefandi í máli þessu, þvert á móti eru atvik sambærileg.

Verður í ljósi framangreinds ekki fallist á að sóknaraðila hafi skort nauðsynlega vitneskju um að krafa um verðbætur væri óréttmæt, þannig að lengja megi fyrningarfrest á grundvelli þessa ákvæðis. Ber því að miða við fjögurra ára fyrningarfrest á allri endurgreiðslukröfu sóknaraðila. Þar sem fyrningu var, eins og áður sagði, slitið þann 28. janúar 2014 verður að miða við að krafa sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár sé fyrnd, enda var lánið uppgreitt þann 16. júní 2009.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um leiðréttingu á bílasamningi nr. X á grundvelli þess að krafa hans um endurgreiðslu ofgreidds fjár sé fyrnd.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 4. apríl 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, miðvikudaginn 30. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. janúar 2014, með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 17. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. apríl 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 22. júlí 2005 var bílalan nr. X gefið út. Viðurkenndi sóknaraðili að skulda FF kr. 1.948.292. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur samkvæmt skuldabréfinu. Skuldabréfið var með 84 afborgunum en fyrsti gjalddagi þess var þann 3. september 2005 og síðasti gjalddagi þann 3. ágúst 2012. Lánið var gengistryggt í 50% ISK, 12,5% USD, 7,5% JPY, 20% EUR og 10% CHF. Til tryggingar skuldinni var bifreiðin A sett að veði á 1. veðrétti.

Þann 17. mars 2011 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila að skuldabréf hans hefði verið endurreiknað, miðað við dóma Hæstaréttar frá 16. júní og 16. september 2010 og lög nr. 151/2010. Samkvæmt endurreikningnum var fjárhæð nýs láns kr. 412.507.

Þann 12. september 2013 barst sóknaraðila tilkynning um endurútreikning á láni nr. X. Samkvæmt endurreikningnum sem miðaðist við 12. september 2013 komu kr. 217.815 til lækkunar á samningnum. Ný staða lánsins við útgáfu skjalsins var kr. 279.153.

Þann 25. febrúar 2014 voru eftirstöðvar skuldar sóknaraðila kr. 297.134.

Í máli þessu liggur fyrir læknisvottorð um hreyfihömlun sóknaraðila vegna bifreiða, dags. 24. nóvember 2011, þar sem fram kemur að sóknaraðili sé algerlega háður bifreið til að sinna öllum venjulegum þörfum hins daglega lífs. Þá liggur fyrir læknisvottorð á sóknaraðila, dags. 7. desember 2013, þar sem það vottast að sóknaraðili hafi verið í blóðskiljun á Landspítalanum og hafi tölvuverðan kostnað af meðferðinni og lyfjum. Hann ferðist á eigin bíl til Landspítalans frá heimili sínu á Hvolsvelli.

Þann 10. október 2013 leitaði lögmaður sóknaraðila til varnaraðila og óskaði eftir að sóknaraðili fengi að greiða kr. 150.000 vegna framangreinds bílasamnings og þá teldist samningurinn uppgreiddur. Varnaraðili hafnaði tilboðinu þann 28. október 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun mótttekinni 29. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili gefi eftir af eftirstöðvum á láni nr. X, þannig að hann geti greitt upp skuld sína með eingreiðslu að fjárhæð kr. 150.000.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir því að varnaraðili taki ekki tillit til persónulegra aðstæðna hans. Vegna veikinda hafi hann ekki getað unnið og komi einu tekjur hans frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóði. Á hinn bóginn þurfi hann nauðsynlega á bifreið að halda vegna meðferðar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að eftirstöðvar láns samkvæmt framangreindu veðskuldabréfi hafi verið þann 25. febrúar 2014 kr. 297.134. Varnaraðili kveður það mat sérfræðinga bankans að líklegt verðmæti bifreiðar sóknaraðila sem standi til tryggingar láninu hafi í ársbyrjun 2014 verið á bilinu kr. 1.300.000 til kr. 1.400.000. Ljóst sé að eftirstöðvar lánsins séu nær helmingi hærri en sú fjárhæð sem sóknaraðili hafi boðið til lúkningar skuldinni, auk þess sem verðmat bílsins sé langt umfram eftirstöðvar lánsins. Varnaraðili hafi boðið sóknaraðila að greiða kr. 150.000 inn á lánið og nýtt lán til allt að 24 mánaða fyrir eftirstöðvunum en því boði hafi sóknaraðili hafnað athugasemdalaust.

Varnaraðili byggir á því að meginregla samningaréttar um samningsfrelsi gildi á Íslandi. Af því leiði að ekki sé hægt að þvinga fjármálastofnun til samningsgerðar við viðskiptavin líkt og þeirrar sem sóknaraðili krefjist í máli þessu. Í því sambandi megi benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 455/2011.

Varnaraðili telur af framansögðu að hafna beri kröfum sóknaraðila, enda sé krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila óumdeild.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að tilboði sóknaraðila um greiðslu á kr. 150.000 inn á bílalán nr. X gegn því að varnaraðili felli niður eftirstöðvar bílalánsins.

Sóknaraðili er útgefandi umþrætts bílaláns. Með undirskrift sinni á bílalánið skuldbatt sóknaraðili sig samkvæmt bílaláninu til efnda samkvæmt því, sbr. meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Ekkert er fram komið

að neinar ógildingarástæður samningalaga eigi við um skuldbindingu sóknaraðila. Eftirstöðvar láns sóknaraðila voru þann 25. febrúar 2014 kr. 297.134. Samkvæmt meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi verður varnaraðili ekki þvingaður til að ganga að tilboði sóknaraðila um greiðslu á kr. 150.000 inn á umþrætt bílalán gegn því að varnaraðili felli niður eftirstöðvar lánsins. Í því sambandi skipta aðstæður sóknaraðila, studdar læknisvottorðum, ekki máli.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 30. apríl 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 9. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 29. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 17. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 28. mars 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 11. og 30. apríl og 9. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 18. desember 2006 yfirtók sóknaraðili bílasamning nr. X af A. Varnaraðili var tilgreindur leigusali. Tiltekið var að upphaflegur höfuðstóll hefði verið kr. 2.577.659 og eftirstöðvar væru kr. 1.607.104. Fram kom að staða samnings væri miðuð við útgáfudag yfirtöku. Yfirtakan væri hluti af samningi nr. X, en samningurinn væri að öllu leyti óbreyttur og hefði nýr leigutaki og sjálfskuldarábyrgðaraðili/ar kynnt sér alla skilmála upphaflega samningsins og mótttekið afrit hans.

Í nóvember 2009 var gerð greiðslujöfnun á framangreindum bílasamningi. Samkvæmt kynningarskjali sem varnaraðili sendi sóknaraðila um þá aðgerð var markmið hennar að færa greiðslubyrði gengistryggðra samninga í sama horf og hún var í maí 2008. Var því lengt í lánstíma og afborganir lækkaðar.

Um greiðslujöfnunina var útbúið sérstakt skjal 10. nóvember 2009 þar sem eftirfarandi kom m.a. fram: „*Um er að ræða samning, að hluta eða öllu leyti, í erlendum myntum sem leigutaki greiðir með íslenskum krónum í samræmi við skráð sölugengi F á hinum erlendu gjaldmiðlum á útgáfudegi greiðsluseðla á hverjum tíma. Ef samningur eða einstakir hlutar hans eru verðtryggðir í íslenskum krónum þá*

reiknast íslenski hluti hans miðað við vísitölu neysluverðs á gjalddaga greiðsluseðils.“ Í þeim hluta skjalsins þar sem farið var yfir eftirstöðvar samningsins í hverri mynt var tiltekið að íslenski hlutinn væri verðtryggður. Þá kom eftirfarandi fram: „*Eftirstöðvar þessa samnings reiknast áfram miðað við upphaflega skilmála samningsins en leigugreiðslur verða reiknaðar í íslenskum krónum miðað við greiðslujöfnunarvísitölu.*“ Í greiðsluáætlun sem fylgdi með greiðslujöfnuninni voru vextir af ISK tilgreindir 8,90, gengi dagsins var 349,6 og upphæð í ISK voru kr. 640.149. Þá voru tilgreindir gjalddagar, greiðsla, vextir, afborgun og eftirstöðvar.

Fyrir liggja greiðsluseðlar vegna framangreinds bílasamnings, dags. 5. desember 2009 og 5. janúar 2010, þar sem tilgreindur var verðbótaþáttur afborgana og vaxta af íslenska hluta samningsins.

Þann 19. febrúar 2013 gerði sóknaraðili framangreindan samning upp með greiðslu á kr. 156.599.

Þann 26. júlí 2013 barst varnaraðila erindi frá sóknaraðila þar sem gerðar voru athugasemdir við þann hluta framangreinds samnings sem væri verðtryggður og í íslenskum krónum. Með bréfi varnaraðila, dags. 26. ágúst 2013, féllst varnaraðili á að sóknaraðila hafi ekki verið ljóst að samningurinn væri verðtryggður og með breytilegum vöxtum fram til 10. nóvember 2009, við skilmálabreytingu samningsins. Tilkynnti varnaraðili að félagið hygðist reikna út ofgreiðslu af þessum hluta samningsins sem fólst í mismun á greiðslu verðtryggingar og breytilegra vaxta, annars vegar og tilgreindum vöxtum á íslenska hluta fjármögnunarinnar hins vegar á tímabilinu frá 24. apríl 2009 til 10. nóvember 2009.

Þann 21. janúar 2014 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila varðandi endurreikning á bílasamningi. Fram kom í bréfinu að í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 hefði verið ákveðið að endurreikna bílasamning sóknaraðila. Hafði sóknaraðili ofgreitt kr. 16.224 vegna endurreiknaðs höfuðstóls með vöxtum til 31. janúar 2014.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 29. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að lán hans hjá varnaraðila verði endurreiknað eða endurreikningar varnaraðila verði endurskoðaðir.

Sóknaraðili kveðst mjög ósáttur við endurreikninga varnaraðila sem hann telur ranga. Í fyrsta lagi sé hann ósáttur við fyrningu á íslenska hlutanum, en þar fái hann einungis nokkra mánuði leiðréttu vegna fyrningar. Sóknaraðili telur að fáránlegt sé að oftekið fé geti fyrnst.

Sóknaraðili kveðst ekki trúa því varðandi erlenda hluta lánsins að útreikningar varnaraðila geti staðist miðað við það hvernig aðrar fjármálastofnanir endurgreiði og leiðrétti sambærileg lán. Sóknaraðili kveður lögfræðing varnaraðila hafa tjáð sér að varnaraðili reikni rétt en allar hinar stofnanirnar reikni eftir röngum forsendum. Þetta telji sóknaraðili hæpna skýringu og í hæsta máta óeðlilegt að svo mikið misræmi sé milli fjármálastofnana.

Sóknaraðili kveðst hafa fengið álit lögfræðistofnu sem farið hafi yfir endurreikning varnaraðila og hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann ætti að fá um kr. 700.000 til baka til viðbótar við það sem þegar hafi verið leiðrétt af láninu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila varðandi íslenska hluta lánsins verði hafnað og að kröfu sóknaraðila varðandi erlenda hluta lánsins verði vísað frá.

Til stuðnings kröfu sinni varðandi íslenska hluta samningsins vísar varnaraðili til þess að þann 10. nóvember 2009 hafi sóknaraðili gert skilmálabreytingu um greiðslujöfnun þar sem skýrt hafi komið fram að íslenski hluti samningsins væri verðtryggður, auk þess sem tilteknir hafi verið nýir vextir. Frá þessum tíma hafi sóknaraðila því mátt vera ljóst að íslenski hluti samningsins væri verðtryggður.

Bendir varnaraðili á að gögn málsins beri framangreindu vitni en í skilmálabreytingunni hafi ítrekað verið minnst á verðtryggingu samningsins, verðtryggingar hafi sérstaklega verið getið fyrir aftan tilgreiningu fjárhæðar samnings í íslenskum krónum og vaxtahlutfall og vísitölugildi að finna í greiðsluáætlun sem hafi verið hluti skilmálabreytingarinnar. Þá hafi greiðsluseðlar skýrlega borið með sér að greiddar hafi verið verðbætur af samningnum.

Varnaraðili bendir á að hann hafi kosið að gera ekki ágreining við sóknaraðila varðandi tímabilið fyrir 10. nóvember 2009, þó að því marki sem kröfur hafi ekki verið fyrndar m.v. dagsetningu dóms í máli nr. 672/2012. Þannig hafi endurgreiðsla til sóknaraðila verið miðuð við greiðslur á tímabilinu 24. apríl 2009 til 10. nóvember 2009.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili geri ekki ágreining í kvörtun sinni um það að honum hafi mátt vera ljóst að samningurinn væri verðtryggður frá 10. nóvember 2009. Hins vegar snúi kvörtunin að fyrningu kröfunnar.

Varnaraðili kveður eðli kröfu sóknaraðila vera kröfu um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Slík krafa fyrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og reiknist fyrningarfrestur frá þeim degi er greiðsla hafi verið innt af hendi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Sama regla hafi gilt skv. eldri fyrningarlögum, sbr. 5. tölul. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905. Varnaraðili telur að engin rök standi til þess að viðbótarfyrningarfrestitir eigi við í máli þessu, frekar en í málum nr. 15/2012 eða 79/2013, enda sé því ekki haldið fram af hálfu sóknaraðila.

Varnaraðili byggir á því með vísan til framangreinds að kröfur sóknaraðila séu fyrndar og framkvæmd varnaraðila sé í samræmi við lög.

Til stuðnings kröfu sinni varðandi erlenda hluta samningsins bendir varnaraðili á að hann hafi endurreiknað samning sóknaraðila í samræmi við dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 471/2010. Við þann endurreikning hafi eftirstöðvar skuldbindingar sóknaraðila lækkað, en niðurstaða veltureiknings hafi sýnt skuld, þ.e. að vangreitt hafi verið af láni. Hafi þeirri skuld verið bætt við höfuðstól skuldbindingarinnar á síðasta greidda gjalddaga fyrir endurreikning, ásamt ógreiddum gjaldföllnum gjalddögum frá 5. júlí 2010 til 5. febrúar 2011.

Varnaraðili vísar til þess að í kjölfar dóma Hæstaréttar um svokallaða fullnaðarkvittun, einkum dóms í máli nr. 50/2013, hafi varnaraðili ákveðið að eigin frumkvæði að endurreikna að nýju samninga sóknaraðila.

Bendir varnaraðili á að kvörtun sóknaraðila byggir á því að hann telji að framangreindur endurreikningur fái ekki staðist og krefjist endurskoðunar á honum. Varnaraðili vísar til þess að engin tilraun sé gerð til þess að sýna fram á að endurreikningur hans sé rangur. Þá sé ekki að finna nein rök, málsástæður eða lagasjónarmið til stuðnings því að endurreikningur sé ekki í samræmi við lög.

Varnaraðili kveðst ekki geta með góðu móti tekið til varna vegna þess hve málatilbúnaður sóknaraðila sé óljós, grundvöllur kröfu hans illa upplýstur og kröfur óskýrar. Með vísan til þessa og e-liðar 1. mgr. 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar fari varnaraðili fram á frávísun þessarar kröfu, sbr. einnig niðurstaða úrskurðarnefndar í máli nr. 79/2013.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi á engan hátt sýnt fram á að hann hafi ofgreitt af láni sínu þegar lögskipti aðila séu virt sem ein heild. Þá hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á fjárhagslega röskun vegna endurreiknings varnaraðila vegna skuldbindingar sem þegar hafi verið greidd.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi varnaraðila á bílasamningi sóknaraðila, nr. X.

Í upphafi verður vikið að íslenska hluta umrædds bílasamnings. Varnaraðili hefur fallist á að sóknaraðila hafi ekki verið ljóst að sá hluti samnings aðila hafi verið verðtryggður og með breytilegum vöxtum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012, fyrr en með skilmálabreytingu þann 10. nóvember 2009. Varnaraðili féllst á að endurgreiða sóknaraðila ofgreiðslur sem áttu sér stað á síðustu fjórum árum fyrir dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012, í samræmi við ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda, og þar til varnaraðili telur að sóknaraðila hafi orðið ljóst að samningurinn væri verðtryggður, þann 10. nóvember 2009.

Ágreiningslaust er að samningur sá sem mál þetta snýst um er lánessamningur. Samkvæmt 1. gr. þágildandi laga nr. 121/1994 um neytendalán tóku þau til lánessamninga sem lánveitandi gerði í atvinnuskyni við neytendur. Lögin áttu því við um þann samning sem hér um ræðir. Ljóst er að lög nr. 121/1994 gerðu ríkar kröfur til skýrleika lánessamninga af þeim toga sem hér um ræðir, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012.

Með greiðslujöfnun bílasamnings nr. X var feitletruð eftirfarandi lýsing á því hvernig þetta úrræði tengdist verðtryggðum samningum „*Ef samningur eða einstakir hlutar hans eru verðtryggðir í íslenskum krónum þá reiknast íslenski hluti hans miðað við vísitölu neysluverðs á gjalddaga greiðsluseðils.*“ Í upptalningu á eftirstöðvum íslensks hluta samningsins kemur síðan fram að hann væri verðtryggður. Hins vegar var hvergi getið um grunnvísitölu. Þó var getið um greiðslujöfnunarvísitölu í samningnum, sbr. samkomulag um beitingu greiðslujöfnunar fyrir verðtryggð bílalán og bílasamninga einstaklinga og bílalán og bílasamninga einstaklinga í erlendri mynt, dags. 31. október 2009.

Það er afstaða nefndarinnar að þessi framsetning lýsi þeim ranga skilningi varnaraðila að umrædd samningsskuldbinding hafi frá öndverðu verið verðtryggð, en beri ekki með sér meðvitaða ákvörðun aðila samningsins um að breyta honum í verðtryggðan samning.

Skilmálar samningsins voru staðlaðir og samdir af varnaraðila án aðkomu sóknaraðila. Hefði það verið tilgangur aðila með greiðslujöfnuninni að verðtryggja umræddan bílasamning frá þeim tíma hefði varnaraðila borið að taka það fram með skýrum hætti í skjalinu og gera sóknaraðila það ljóst. Verður varnaraðili að bera hallann af því að það var ekki gert, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012. Með vísan til niðurstöðu og forsendna þess dóms verður einnig að hafna því að tilgreining verðbóta á greiðsluseðlum fái breytt þessu.

Í ljósi framangreinds hefur íslenski hluti bílasamnings nr. X aldrei verið verðtryggður. Verður því að fallast á með sóknaraðila að endurreikna beri samninginn miðað við þá forsendu að hann sé verðtryggður.

Varnaraðili féllst á að endurgreiða sóknaraðila ofgreiðslur sem áttu sér stað á fjórum síðustu árum fyrir dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012 og fram að greiðslujöfnuninni þann 10. nóvember 2009.

Krafa sóknaraðila varðandi íslenska hluta samningsins er krafa um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Slíkar kröfur fynast samkvæmt lagaákvæðum um fyrningu. Sóknaraðili yfirtók bílasamninginn þann 18. desember 2006 og greiddi hann upp þann 19. febrúar 2013. Sóknaraðili skaut kvörtun sinni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki þann 29. janúar 2014.

Krafa sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár stofnaðist að hluta til í gildistíð laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, enda greiddi sóknaraðili af samningnum frá yfirtöku hans þann 18. desember 2006. Samkvæmt 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda öðluðust þau gildi þann 1. janúar 2008. Lög þau gilda einvörðungu um þær endurgreiðslukröfur sem stofnuðust eftir gildistöku laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 telst fyrningarfrestur frá þeim degi er krafa varð gjaldkræf. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila varð gjaldkræf þegar sóknaraðili innti greiðslur samkvæmt samningnum af hendi. Samkvæmt 5. tölul. 3. gr. laganna fynist krafa um endurgjald sem maður hefur greitt í rangri ímyndun um skuldbindingu á fjórum árum. Verður því að telja að krafa sóknaraðila til endurgreiðslu vegna greiðslna skuldabréfs nr. X fram til 1. janúar 2008 sé fyrnd, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 15/2012.

Samkvæmt lögum nr. 150/2007 er meginreglan fjögurra ára fyrningarfrestur, sbr. 3. gr. laganna. Varnaraðili sleit fyrningu kröfunnar þegar hann viðurkenndi kröfuna og samþykkti endurgreiðslu, sbr. 14. gr. laga nr. 150/2007, þann 26. ágúst 2013. Samkvæmt meginreglu 3. gr. laganna væru kröfur sem sóknaraðili greiddi fyrir 26. ágúst 2009 því fyrndar.

Í III. kafla laga nr. 150/2007 er mælt fyrir um viðbótarfresti. Segir í 10. gr. að hafi kröfuhafi ekki haft uppi kröfu sökum þess að hann skorti nauðsynlega vitneskju um kröfuna eða skuldarann, fynist krafa hans aldrei fyrr en að einu ári eftir þann dag þegar kröfuhafi fékk eða bar að afla sér slíkrar vitneskju. Í greinargerð sem fylgdi því ákvæði kemur fram sá skilningur að lykilatíði í þessu sambandi sé raunveruleg vitneskja kröfuhafans, en viðbótarfrestur getur einungis komið til ef hann skortir „nauðsynlega vitneskju“ um kröfuna. Krafa sóknaraðila virðist byggja á því að hann hafi ekki skuldbundið sig til að greiða verðbætur. Verður í því ljósi ekki fallist á að hann hafi skort nauðsynlega vitneskju um að krafa um verðbætur væri óréttmæt, þannig að lengja megi fyrningarfrest á grundvelli þessa ákvæðis. Ber því að miða við fjögurra ára fyrningarfrest á allri endurgreiðslukröfu sóknaraðila. Þar sem fyrningu var, eins og áður sagði, slitið þegar varnaraðili samþykkti með bréfi, dags. 26. ágúst 2013, endurgreiðslur ofgreiðslna sem áttu sér stað á síðustu fjórum árum fyrir dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012 og fram til 10. nóvember 2009, verður að miða við að endurgreiðslukröfur sóknaraðila sem urðu til fyrir 24. apríl 2009 séu fyrndar, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 79/2013.

Í ljósi alls framangreinds og þess að varnaraðili hefur endurgreitt sóknaraðila ofgreiðslur af bílasamningi nr. X sem áttu sér stað á tímabilinu 24. apríl 2009 til 10. nóvember 2009, ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila ofgreiðslur af

bílasamningnum sem áttu sér stað á tímabilinu frá 10. nóvember 2009 til þess dags er sóknaraðili greiddi samninginn upp, þann 19. febrúar 2013.

Verður því næst vikið að kröfu sóknaraðila varðandi erlenda hluta lánsins.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili byggir kröfu sína varðandi erlenda hluta lánsins á því að útreikningar varnaraðila geti ekki staðist miðað við það hvernig aðrar fjármálastofnanir endurgreiði og leiðrétti sambærileg lán. Þá kveðst sóknaraðili hafa fengið álit lögfræðistofu sem hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann ætti að fá um kr. 700.000 til baka til viðbótar við það sem leiðrétt hafi af láninu.

Sóknaraðili gerir ekki tilraun til að sýna fram á að útreikningur varnaraðila sé rangur eða útskýra á hvaða forsendum leiðréttta beri lán hans frekar en gert hefur verið.

Til þess að unnt sé að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila um leiðréttingu telur nefndin nauðsynlegt að fá annað hvort í hendur skýra og glögglega fram setta útreikninga á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum, ellegar skýra, rökstudda kröfu um að einhver tiltekin atriði í fyrirbyggjandi útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en gert er.

Í ljósi þess verður að telja að mál sóknaraðila sé svo óljóst og illa upplýst að ekki verði hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila varðandi erlenda hluta lánsins frá, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 79/2013.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðila, F, ber að endurgreiða sóknaraðila, M, það sem ofgreitt hefur verið af íslenska hluta bílasamnings nr. X á tímabilinu 10. nóvember 2009 til og með 19. febrúar 2013 vegna þess að lagt var til grundvallar að samningurinn væri verðtryggður.

Kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila vegna erlenda hluta bílasamnings nr. X er vísað frá.

Reykjavík, 9. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 9. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 29. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 17. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 22. mars 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 30. apríl og 9. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 21. október 2010 endurreiknaði varnaraðili F samning sóknaraðila nr. X í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 153/2010 og 471/2010. Samkvæmt endurreikningnum voru eftirstöðvar samnings fyrir endurreikning kr. 1.606.948 og eftir endurreikning kr. 978.164. Inneign á veltureikningi var kr. 149.129. Staða samnings miðað við að inneign yrði ráðstafað inn á eftirstöðvar var kr. 829.035.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 29. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar stendur eftirfarandi undir liðnum kröfur: „Vísu í meðfylgjandi gögn“. Ekki er fyllt út í kafla um það yfir hverju sé kvartað eða hver rökstuðningur fyrir kvörtun sé.

Meðfylgjandi texti fylgdi með kvörtun sóknaraðila: „Ég undirritaður, A, óska hér með eftir að Fjármálaeftirlitið taki til rannsóknar hvort höfnun L á endurgreiðslu ofgreidds láns míns til bankans standist lög. Fyrir liggur að ég ofgreiddi bankanum kr. 175.535,- vegna gengistryggðs bílaláns sem ég tók. Með tölvupósti, dags. 29. október sl., neitaði bankinn að greiða mér þá fjárhæð, annars vegar með vísan til dóms Hæstaréttar 18. október 2012 í máli nr. 464/2012 og hins vegar með vísan til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3787/2012. Ég tel rökstuðning bankans fyrir höfnun kröfunnar ekki standast lög og óska eftir því að Fjármálaeftirlitið taki málið til athugunar.“

Í athugasemdum sóknaraðila, dags. 22. mars 2014, varðandi athugasemdir varnaraðila F kom fram að þegar hann hafi haft samband við þjónustufulltrúa um útreikning hafi honum verið tjáð að inneign sem kæmi þar fram yrði tekin upp í greiðslur þar sem hann hafi verið búinn að greiða upp skuld sína við fyrirtækið. Telur sóknaraðili það ekki vera réttlátt. Óskar hann eftir því að það verði skoðað.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá.

Varnaraðili bendir á að erindi sóknaraðila sé ritað á kvörtunareyðublað nefndarinnar og sé tilgreint að það beinist gegn fjármálafyrirtækjunum LL og F. Efnislegur rökstuðningur beinist eingöngu að L og gögn yfir samskipti við fjármálafyrirtæki varði eingöngu L. Eina tenging sóknaraðila við varnaraðila sé skjal af þjónustuvef með endurreikningi frá árinu 2010 og endursögn starfsmanns nefndarinnar á því að sóknaraðili hafi sagst í símtali vilja „fá á hreint hvort hann eigi ekki inni hjá F“.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki skuli nefndin taka til meðferðar kvartanir sem varði réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns. Þá sé það skilyrði málsmeðferðar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns, sbr. 5. gr. samþykktanna.

Varnaraðili byggir á því að af hálfu sóknaraðila séu engin gögn lögð fram um réttarágreining við fyrirtækið. Þá sé því ekki haldið fram af hálfu sóknaraðila að varnaraðili hafi hafnað erindi hans. Með vísan til þessa séu ekki uppfyllt ákvæði 3. og 5. gr. samþykktanna.

Vísar varnaraðili til þess að kvörtun til úrskurðarnefndar skuli vera skrifleg, sbr. 8. gr. samþykktanna. Þá fjalli nefndin ekki um mál sem séu óljós, illa upplýst eða kröfur aðila óskýrar, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr. samþykktanna.

Varnaraðili bendir á að í gögnum málsins sé ekki sett fram efnisleg kvörtun gegn honum, þó að nafn hans sé skrifað í tölulið 3 á kvörtunareyðublaði. Í tölvubréfi starfsmanns úrskurðarnefndar segi að sóknaraðili hafi skýrt það „í síma“ að hann vilji „fá á hreint hvort hann eigi ekki inni hjá F“. Af þessu sé ljóst að engin skrifleg kvörtun liggja fyrir gegn sóknaraðila í skilningi formkröfu 8. gr. samþykktanna. Þessu til viðbótar liggja ekkert fyrir um atvik málsins, málsástæður eða lagarök fyrir mögulegum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila eða á hvaða efnisgrunni hann telji sig eiga inni hjá varnaraðila. Þannig sé kvörtunin svo óljós, illa upplýst og kröfugerð svo óskýr að vísa beri erindinu frá skv. 6. gr. samþykktanna.

V.

Niðurstaða.

Í kvörtun sóknaraðila til nefndarinnar var engin krafa gerð á hendur varnaraðila. Í athugasemdum sóknaraðila, dags. 22. mars 2014, óskaði hann eftir því að skoðað yrði hvort réttlátt væri að inneign á endurreikningi yrði tekin upp í greiðslur.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili færir engin rök fyrir kröfu sinni. Þá verður ekki af kvörtuninni ráðið hvers sóknaraðili krefjist í sambandi við endurreikninginn sem lagður var fram eða hvort sóknaraðili telji hann á einhvern hátt rangan. Í ljósi þess verður að telja að mál sóknaraðila sé óljóst og illa upplýst auk þess sem kröfur hans eru óskýrar. Þá hefur sóknaraðili ekki kröfu uppi í málinu sem metin verður til fjár.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa máli sóknaraðila frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með vísan til b- og e-liða 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 9. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, miðvikudaginn 30. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 3. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 3. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 17. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 19. mars 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 11. og 30. apríl 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 20. febrúar 2006 var bílasamningur nr. X undirritaður. Varnaraðili var tilgreindur leigusali og sóknaraðili leigutaki. Hið leigða var bifreiðin A og leigutími var frá 14. febrúar 2006 til 5. mars 2013. Samningsfjárhæð var kr. 1.288.622, í USD 15%, JPY 10%, EUR 20%, CHF 5% og ISK 50%. Tiltekið var að samningurinn væri gengistryggður.

Þann 31. október 2007 keypti L umrædda bifreið af sóknaraðila.

Fyrir liggur endurreikningur varnaraðila á bílasamningi nr. X, dags. 28. mars 2011, í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 153/2010 og 471/2010. Eftirstöðvar samnings fyrir endurreikning voru tilgreindar kr. 0 og eftirstöðvar samnings eftir endurreikning voru kr. 0. Skuld á veltureikningi var kr. 100.695, sem varnaraðili kveðst ekki hafa innheimt hjá sóknaraðila.

Sóknaraðili hefur lagt fram forsendur og niðurstöður endurreiknings á framangreindum bílasamningi úr reiknivél umboðsmanns skuldara þar sem fram kemur að heildarlækkun lánsins sé kr. 95.900, þ.e. lækkun umfram endurútreikning varnaraðila.

Þann 31. júlí 2007 var bílasamningur nr. Y undirritaður. Varnaraðili var tilgreindur leigusali og sóknaraðili leigutaki. Hið leigða var bifreiðin B og leigutími var frá 31. júlí 2007 til 5. ágúst 2013. Samningsfjárhæð var kr. 2.150.532 í 50% JPY og 50% CHF, en tiltekið var að samningurinn væri gengistrygður.

Í ágúst 2013 gerði sóknaraðili upp samninginn.

Fyrir liggur endurreikningur varnaraðila á bílasamningi nr. Y, dags. 26. október 2010, í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 153/2010 og 471/2010. Tiltekið var að eftirstöðvar samnings fyrir endurreikning væru kr. 3.386.116 og eftirstöðvar eftir endurreikning væru kr. 1.267.775. Inneign á veltureikningi var kr. 172.328.

Sóknaraðili hefur lagt fram forsendur og niðurstöður endurreiknings á framangreindum bílasamningi úr reiknivél umboðsmanns skuldara þar sem fram kemur að heildarlækkun lánsins sé kr. 452.170 umfram það sem varnaraðili hafði reiknað, auk vaxta af þessum mismun, alls kr. 532.132.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 3. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum það sem hann hafi ofgreitt af lánum nr. X og Y, samtals kr. 628.032 að viðbættum vöxtum.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili viðurkenni ekki að dómur sem fallið hafi um hliðstæð lán hjá öðrum lánveitendum eigi við um þessi lán hjá sér. Ekki verði séð að aðrar reglur eigi að gilda um varnaraðila sem vísi hins vegar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 50/2013. Sóknaraðili kveðst ekki sjá að sá dómur eigi við í hans tilfelli.

Sóknaraðili vísar til útreikninga sem byggðir séu á reiknivél umboðsmanns skuldara en reiknivél á vegum Sparnaðar hf. gefi svipaða niðurstöðu. Sóknaraðili bendir á að við útreikninginn sé notast við raungreiðslur, skv. kvittunum frá varnaraðila, þ.e.a.s. raunverulegar greiðslur sem hann hafi innt af hendi en m.a. vegna þess eigi dómur Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 ekki við.

Sóknaraðili telur svar varnaraðila ákaflega einkennilegt. Lögfræðingur varnaraðila fari út um víðan völl og fjalli að ýmsu leyti um hluti sem komi kvörtun sóknaraðila ekki við. Sóknaraðili kveðst ekki vera lögfræðingur og sé ekki með lagagreinar á hraðbergi en geti ekki séð að kvörtun hans sé minna marktæk fyrir það.

Sóknaraðili bendir á að í svari varnaraðila nefni fyrirtækið hve mikið lánið hafi lækkað skv. þeirra eigin útreikningum, en láti þess ógetið hve mikið það hafi hækkað fram að því, skv. hinni ólöglegu gengistryggingu. Kveðst sóknaraðili ekki fá séð hvað breyting á raunvirði bifreiðar vegna gengisbreytinga og vextir verðtryggðra fasteignalána komi málinu við. Bendir sóknaraðili á að varnaraðili velji, ein lánastofnana, að taka ekki mark á niðurstöðum Hæstaréttar og noti sína eigin aðferð við endurreikninga lána. Aðrar lánastofnanir fari eftir úrskurðum Hæstaréttar vegna hliðstæðra lánasamninga.

Sóknaraðili kveðst ekki byggja kvörtun sína á „almennri umræðu um svokallaða fullnaðarkvittun“. Heldur byggji hann á útreikningum í reiknivél á vef umboðsmanns skuldara og eftir leiðbeiningum starfsmanns hans.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili bendi hvergi á hvað sé rangt í útreikningum reiknivélar umboðsmanns skuldara, enda sé hún grundvölluð á dómum

Hæstaréttar. Kveðst sóknaraðili nokkuð viss um að varnaraðili sé ekki undanþeginn landslögum.

Sóknaraðili bendir á að í útreikningum hans sé notast við raungreiðslur sem hann hafi innt af hendi á samningstímanum. Í tilfelli lánessamnings Y sé tekið tillit til lækkunar sem fram hafi komið í endurreikningi varnaraðila, kr. 172.328. Tekur sóknaraðili fram að hann hafi tvisvar sinnum notfært sér tímabundin úrræði sem varnaraðili hafi boðið upp á til lækkunar á afborgunum. Fyrst frá desember 2008 til og með febrúar 2009, síðan frá desember 2009 til og með júní 2010. Frá júlí til október 2010 hafi varnaraðili ekki sent greiðsluseðla vegna þessa láns og því ekki um neinar afborganir að ræða. Sóknaraðili bendir á að í útreikningum hans sé tekið tillit til þessara lækkana á afborgunum. Niðurstaðan sé að ofgreiðslan vegna þess samnings hafi verið kr. 532.132, miðað við 5. ágúst 2013, þegar lokagreiðsla samkvæmt samningnum hafi átt sér stað.

Sóknaraðili bendir á varðandi samning nr. X, sem uppgreiddur hafi verið árið 2007, að á þeim tíma hafi ekki verið ljóst að um ólöglegt gengistryggt lán væri að ræða. Því hafi ekki verið gerðar kröfur um endurreikning á þeim tíma. Sömu reiknivélar hafi verið notaðar við útreikning á ofgreiðslu á þessu láni, niðurstaðan sé að ofgreiðsla hafi verið kr. 95.900 án vaxta.

Sóknaraðili tekur fram að hann hafi alltaf verið í skilum með lánin. Kveðst hann ekki víkja sér undan því að greiða af þeim samkvæmt réttmætum / löglegum skilmálum. Þá telur sóknaraðili það augljóst að hann hafi orðið fyrir „fjárhagslegri röskun“.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings kröfu sinni varðandi bílasamning nr. Y vísar varnaraðili til þess að þegar fjallað sé um endurreikning lána, sem upphaflega hafi borið gengistryggingu, sé til þess að líta að um lögmætar skuldbindingar hafi verið að ræða sem lántökum hafi borið að standa skil á samkvæmt grundvallarreglum fjármunaréttar um skuldbindingargildi samninga. Eftir þá niðurstöðu Hæstaréttar að óheimilt hafi verið að verðtryggja lánskuldbindingar með vísan til gengis gjaldmiðla þá hafi réttarstaðan verið sú að „*líta [varð] með öllu fram hjá ákvæðum samnings um vaxtahæð*“, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010.

Varnaraðili byggir á því að þar sem gengistryggingin hafi verið óheimil, þá hafi fallið niður bæði gengistrygging og vaxtaviðmið samningsins, enda „*bein og órjúfanleg tengsl*“ á milli þessa. Atvik hafi þá svarað til þess „*að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera*“, sbr. tilvitnaður dómur. Af þeim sökum skyldu vextir ákvarðaðir í samræmi við lögbundið vaxtaviðmið skv. 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga.

Vísar varnaraðili til þess að samkvæmt 3. gr. laganna skuli greiða vexti frá stofndegi kröfu og til greiðsludags. Ákvæði 4. gr. sömu laga ákvarði að vextir í slíkum tilfellum skuli vera í samræmi við lægstu vexti á íslenskum lánamarkaði, en slík vaxtakjör bjóðist almennt ekki við fjármögnun varanlegra neyslufjármuna eins og bifreiða.

Varnaraðili bendir á að í kjölfar gengisdóma Hæstaréttar þann 16. júní 2010 og vaxtadóms frá 16. september 2010 hafi samningur sóknaraðila verið endurreiknaður. Við endurreikning hafi verið beitt svonefndri veltureikningsaðferð við að finna út of-

eða vangreiðslur og höfuðstól en þessi aðferð hafi verið viðurkennd í dómaframkvæmd, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013.

Varnaraðili vísar til þess að í dómum Hæstaréttar, t.d. í málum nr. 471/2010, 50/2013, 327/2013 og 328/2013 sé að finna leiðsögn um útreikninga sem sé eftirfarandi: 1) Ógild ákvæði um gengistryggingu í lánasamningi leiði til þess að litið verði með öllu fram hjá ákvæði samnings um vaxtahæð og skuldin beri vexti eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá lántökudegi til lokadags. Skuldbinding lántakans á hverjum tíma skuli miðast við lánið þannig reiknað; 2) Ofgreiðsla/vangreiðsla fyrir liðna tíð sé fundin með því að bera saman annars vegar raunverulegar greiðslur sem lántaki hafi innt af hendi og hins vegar þær greiðslur sem lántaka hafi borið að inna af hendi, ef vaxtahæð hefði verið reiknuð eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá upphafi (velturreikningur); 3) Réttur lántaka til viðbótargreiðslu vegna vangreiðslu geti mögulega takmarkast af undantekningarreglu kröfuréttar um gildi fullnaðarkvittana. Feli endurkrafa í sér verlega röskun á fjárhagslegum hagsmunum skuldarans, miðað við þær væntingar sem hann hafi mátt gera, og önnur skilyrði fullnaðarkvittunar séu til staðar þá falli endurkröfuréttur lánveitandans niður; 4) Réttur lántaka til að ná fram kröfu á lánveitanda vegna ofgreiðslu ráðist af því hvort að lántaki hafi greitt hærri fjárhæðir samtals á umræddu tímabili en hann hefði gert ef hæð vaxta hefði verið reiknuð eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá upphafi.

Varnaraðili bendir á að niðurstaða endurreiknings á samningi sóknaraðila hafi verið sú að eftirstöðvar samnings hans hafi lækkað um kr. 2.118.341 frá síðasta greidda gjalddaga fyrir endurreikning, eða úr kr. 3.386.116 í 1.267.775. Þá hafi sóknaraðila reiknast inneign á velturreikningi og hafi því ofgreitt af láni sínu. Þessari inneign að fjárhæð kr. 172.328 hafi sóknaraðili ráðstafað til aukaafborgunar á eftirstöðvum skuldarinnar.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili fari fram á að lán hans verði reiknað að nýju án þess að tilgreina á hvaða lagareglu slíkur endurreikningur eigi að byggja. Af samhengi kvörtunar og fylgiskjala verði ályktað að sóknaraðili byggji fjárkröfu sína á almennri umræðu um svokallaða fullnaðarkvittun. Þetta sé þó háð vissum skilyrðum og eigi við mjög sérstakar aðstæður. Reglunni um fullnaðarkvittun verði hins vegar einungis beitt gegn kröfu kröfuhafa en ekki til stuðnings kröfu skuldara á hendur kröfuhafa - slík kröfugerð styðjist við önnur lagasjónarmið, s.s. reglur um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Varnaraðili vísar til þess að enga reglu sé að finna í lögum sem leiði til þeirrar niðurstöðu að skuldari geti endurkrafð kröfuhafa um fjárhæð sem hann hafi greitt í samræmi við samning aðila, lög og dómafordæmi. Í þessu sambandi vekur varnaraðili athygli á dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013.

Varnaraðili byggir á því að þegar hann hafi endurreiknað lán sóknaraðila í samræmi við gildandi rétt, þá hafi endurreiknaður höfuðstóll lækkað um kr. 2.118.341, eða sem nemi 98% af upphaflegri samningsfjárhæð. Þá hafi niðurstaða velturreiknings verið sú að sóknaraðili hafi ofgreitt af láni sínu og hafi fengið endurgreiddar kr. 172.328 eða um 8% af upphaflegu láni.

Af framangreindu telur varnaraðili ljóst að sú staða sé ekki uppi að sóknaraðili geti borið fyrir sig fullnaðarkvittun þar sem engin krafa hafi verið gerð á hendur honum um viðbótargreiðslu. Þvert á móti hafi sóknaraðili fengið greitt frá varnaraðila.

Til viðbótar framangreindu byggir varnaraðili á því að í tilviki sóknaraðila sé ekki uppfyllt það meginskilyrði fyrir beitingu undantekningarreglunnar um fullnaðarkvittun að endurkrafa fjármuna raski verulega fjárhagslegum hagsmunum skuldara. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni að fjárhagslegum hagsmunum

sóknaraðila hafi verið raskað. Þvert á móti liggi fyrir að við endurreikning hafi eftirstöðvar skuldbindingar sóknaraðila lækkað verulega. Á sama tíma hafi raunvirði bifreiðarinnar vegna áhrifa gengisfalls íslensku krónunnar á verðmæti bifreiða, að teknu tilliti til afskrifta, hækkað um kr. 539.150 eða um 23% af upphaflegu kaupverði.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili ætlist til þess með kröfugerð sinni að skuldbinding hans beri neikvæða raunvexti eða -1,17%. Slík kjör, þar sem lánveitandi borgi með láni, hafi sóknaraðili aldrei getað gert sér væntingar um. Til hliðsjónar megi benda á að Íbúðalánasjóður hafi gert kröfu um 4,8% raunvexti vegna fasteignatryggðra lána þegar lán sóknaraðila hafi verið tekið í júlímánuði 2007.

Varnaraðili bendir á að sé tekið tillit til verðmætis bifreiðar sóknaraðila í október 2010 þá ætli sóknaraðili að hafa 14,30% arðsemi af viðskiptunum.

Með vísan til þessa telur varnaraðili einsýnt að sóknaraðili hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegri röskun vegna skuldbindingar sinnar við fjármögnun bifreiðakaupanna. Sóknaraðili hafi ekki getað vænst annars en að þurfa að greiða vexti af láninu og hafi aldrei getað búist við hreinni arðsemi af lántöku sinni.

Að síðustu telur varnaraðili einsýnt að verði fallist á kröfu sóknaraðila þá muni hann auðgast á óréttmætan hátt á kostnað varnaraðila og njóta kjara sem væntingar hans hafi aldrei staðið til.

Varnaraðili vísar til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 90/2013 máli sínu til stuðnings.

Til stuðnings kröfu sinni varðandi bílasamning nr. X vísar varnaraðili til þess að í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 471/2010 hafi samningur sóknaraðila verið endurreiknaður til að kanna hvort hann hefði ofgreitt af láni sínu miðað við gildandi rétt. Niðurstaðan hafi verið sú að hann hafi ekki ofgreitt. Þvert á móti hafi sóknaraðila reiknast skuld á veltureikningi og hafi því vangreitt af láni sínu. Þar sem samningur aðila hafi verið uppgerður hafi ekki verið gerð krafa á hendur sóknaraðila vegna þessarar vangreiðslu.

Varnaraðili byggir á því að af framansögðu sé ljóst að ekki hafi verið gerð viðbótarkrafa á hendur sóknaraðila við endurreikning. Þá hafi samningur aðila ekki verið tekinn upp og uppgjör hans hafi staðið óhaggað. Sóknaraðili hafi þannig ekki ofgreitt af láni sínu miðað við útreikning samkvæmt gildandi rétti.

Varnaraðili telur að engar forsendur standi til þess að beita undantekningarreglu um fullnaðarkvittun enda hafi annars vegar engin krafa verið gerð um viðbótargreiðslu á hendur sóknaraðila og hins vegar hafi hann ekki orðið fyrir fjárhagslegri röskun við endurreikning. Þessu til viðbótar hafi samningssambandi aðila lokið um 40 mánuðum fyrir endurreikning og þær kvittanir sem liggi til grundvallar framkvæmd og uppgjöri samningsins hljóti að teljast fullnaðarkvittanir.

Varnaraðili telur rétt að taka fram að samningssambandi aðila hafi lokið með athugasemdalausu uppgjöri sex árum áður en sóknaraðili hafi haft uppi kröfur sínar. Samkvæmt meginreglum kröfuréttar hafi kvartanda borið að hafa uppi kröfur vegna meintrar ofgreiðslu við uppgjörið eða fljótlega eftir það. Hafi mögulegar kröfur verið til staðar þá séu þær fallnar niður fyrir tómlæti, auk þess sem mögulegar kröfur um endurgreiðslu ofgreidds fjár vegna samningsins séu fyrndar, sbr. 5. tölul. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905.

Varnaraðili bendir á að krafa sóknaraðila byggji hvorki á efnislegum né lagalegum grunni og verði að hafna sem tilefnislausri.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi á bílasamningum nr. X og Y, útgefnum af sóknaraðila til varnaraðila.

Kröfur sóknaraðila eru ekki svo skýrar sem kostur væri. Af málatilbúnaði aðila og framlögðum gögnum virðast kröfurnar byggja á því að varnaraðili hafi ekki getað eftir almennum reglum kröfuréttar, krafð sóknaraðila um viðbótargreiðslur vegna mismunar á umsömdum vöxtum, sem sóknaraðili hefur þegar greitt af umþrættum lánum, og þeim vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013, enda hafa bílasamningar sóknaraðila þegar verið endurreiknaðir í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 471/2010.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um endurgreiðslu á kr. 628.032 á útreikningi sem hann hefur framkvæmt á heimasíðu umboðsmanns skuldara. Reiknivél þessi birtir annars vegar forsendur og hins vegar útreiknaðar niðurstöður, en þess er ekki kostur að yfirfara forsendur útreikninganna eða hvernig þeir eru framkvæmdir. Rétt er að geta þess með vísan til málatilbúnaðar sóknaraðila að viðtækur fyrirvari er á heimasíðu umboðsmanns skuldara um notkun reiknivélar umboðsmanns skuldara þar sem segir m.a.: „*Umboðsmaður skuldara ber hvorki ábyrgð á því að gefnar forsendur notanda séu réttar né að niðurstaða endurútreiknings sé rétt.*“

Þá kemur fram í umræddum fyrirvörum að forsendur að baki reiknivélinni byggji á þeim leiðbeiningum sem fram komi í dómum Hæstaréttar í málum 600/2011 og 464/2012. Í forsendum reiknivélarinnar sé m.a. ekki gert ráð fyrir hvaða þýðingu fjárhæð viðbótarkröfu kröfuhafa um vexti fyrir liðna tíð kunni að hafa á útreikninginn m.t.t. beitingu reglunnar um gildi fullnaðarkvittana. Krafa um endurreikning verður samkvæmt þessu ekki einungis byggð á reiknivél umboðsmanns skuldara., heldur þurfa lagaskilyrði að vera uppfyllt.

Til þess að unnt sé að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila um leiðréttingu telur nefndin nauðsynlegt að fá annað hvort í hendur skýra og glögglega fram setta útreikninga á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum, ellegar skýra, rökstudda kröfu um að einhver tiltekin atriði í fyrirbyggjandi útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en varnaraðili hefur gert.

Í ljósi þessa verður að telja að mál sóknaraðila sé svo óljóst og illa upplýst að ekki verði hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila varðandi erlenda hluta lánsins frá, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykpta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 79/2013.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 30. apríl 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 19. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 25. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 22. apríl 2014. Viðbótarathugasemdir bárust frá sóknaraðila þann 5. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 18. september 2014.

II.

Málsatvik.

Á grundvelli lánasamnings, dags. 11. janúar 2008, veitti L A heimild til að taka lán allt að fjárhæð kr. 85.000.000 í helstu viðskiptamyntum L. Tilgangur lánsins var að fjármagna kaup lántaka á fasteign við B. Samhliða lánveitingunni og sem gildisskilyrði fyrir lánasamningnum var gengið frá veðsetningu á grundvelli tryggingarbréfs á fasteigninni við B, þann 6. febrúar 2008. Gáfu þá lántaki og sóknaraðili út tryggingarbréf að fjárhæð kr. 63.000.000 tryggðu með veði í framangreindri fasteign. Skyldi tryggingarbréfið hvíla á 1. veðrétti á tveimur eignarhlutum fasteignarinnar skv. útgáfu sérstaks veðleyfis. Var tryggingarbréfið til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum sóknaraðila og A við L. Auk framangreinds tryggingarbréfs gaf A út tryggingarbréf til L tryggt með veði í fasteign hans, C, þann 30. janúar 2008. Tryggingarbréfið var að fjárhæð kr. 39.000.000.

Þann 31. janúar 2008 var D, útibússtjóra F veitt umboð til að undirrita skilyrt veðleyfi fyrir hönd L vegna tryggingarbréfs útgefna af A og sóknaraðila að upphæð kr. 63.000.000. Tryggingarbréfið tæki veð í eigninni B. Áritunin tengdist kauptilboði A í eignina, dags. 22. desember 2007.

Þann 28. júlí 2008 veittu A og sóknaraðili E fullt og ótakmarkað umboð til þess að kaupa heildarhúseignina að B. Gilti umboðið til þess að undirrita kauptilboð, kaupsamning, veðbréf, veðheimildir, kostnaðaruppgjör, afsal svo og öll önnur nauðsynleg skjöl vegna sölunnar. Þá gilti umboðið einnig til þess að móttaka greiðslur og framselja veðbréf.

Þann 1. ágúst 2008 var framkvæmdur veðflutningur þannig að tryggingarbréf að fjárhæð kr. 39.000.000 var flutt af C á fasteignina við B og hvíldi á 2. og 6. veðrétti á fasteigninni. E skrifaði undir eftir umboði útgefanda. Ekki liggur fyrir veðbókarvottorð, en af fram lögðum gögnum má ráða að sóknaraðili hafi orðið þinglesinn eigandi að 10% hlut í fasteigninni í þessum viðskiptum og sé það enn.

Þann 29. júní 2012 framseldi L allar kröfur sínar á hendur lántaka skv. framangreindum lánasamningi auk þeirra tryggingarréttinda sem fylgdu kröfunni, þ.m.t. réttindi skv. framangreindum tryggingarbréfum til varnaraðila.

Frá framsali og til ársins 2014 áttu sér stað viðræður á milli lántaka og varnaraðila um uppgjör á lánveitingunum en það uppgjör átti m.a. að fela í sér framsal á fasteigninni við B, enda var lánið veitt til fjármögnunar á kaupum á þeirri eign. Samkomulag tókst með A og varnaraðila í febrúar 2014.

Þann 6. febrúar 2014 var skuldabréf að fjárhæð kr. 4.000.000, gefið út af A til varnaraðila. Sama dag gaf A út skuldabréf að fjárhæð kr. 2.750.000 til varnaraðila.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 6. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógilt verði veðsetning skv. 1. veðrétti húseignar að B skv. tryggingarbréfi, dags. 6. febrúar 2008. Jafnframt er þess krafist að ógilt verði veðsetning skv. 2. veðrétti á sömu húseign skv. tryggingarbréfi, dags. 1. ágúst 2008. Krafist er aflýsingar á framangreindum tryggingarskjöllum.

Sóknaraðili krefst þess til vara að ógilt verði veðsetning skv. 2. veðrétti og sóknaraðili verði óskuldbundinn af veðsetningu skv. 1. veðrétti að því er varðar hlutdeild hennar í húsinu, þ.e. að veðbréfið verði að hámarki talið ná til jafngildis eignar sóknaraðila í fasteigninni, þannig að veðsetningin takmarkist við 90% eignarhluta A í fasteigninni.

Þá krefst sóknaraðili þess að þær þvingunaraðgerðir sem varnaraðili sé að beita í samskiptum við A í tengslum við eignir sóknaraðila verði stöðvaðar og starfshættir varnaraðila í tengslum við málið teknir til skoðunar hjá eftirlitsaðila.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um ógildi veðsetningar að B skv. tryggingarbréfum, dags. 6. febrúar 2008 og 1. ágúst 2008, á því að hún hafi aldrei átt viðskipti við varnaraðila og hefði því ekki átt að vera gerð að útgefanda tryggingarbréfa fyrir skuldum henni óviðkomandi. Hafi það að vera skráð sem útgefandi sömu þýðingu og að vera veðsali hafi henni á engu stigi verið kynnt innihald lánasamnings né niðurstaða greiðslumats á greiðsluhæfi A svo sem skylt hafi verið skv. ákvæðum 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, en F hafi átt aðild að því samkomulagi. Sóknaraðili hafi aldrei verið kölluð í bankann, hvorki til undirritunar né til að gera henni grein fyrir þeirri áhættu sem hún væri að

baka sér með áritun á umrædd veðskjöl. Sóknaraðila hafi ekki enn verið boðuð til neinna viðræðna hvað málið varði. Sóknaraðila hafi ekki tekist að verða sér út um raunverulega upphæð kröfunnar á hendur A. Allar upplýsingar sem berist frá varnaraðila séu sendar A og sé nú yfirstandandi krafa um gjaldþrotaskipti á hendur honum og eigi munnlegur málflutningur að fara fram 7. febrúar 2014. Hafi það í för með sér að A verði úrskurðaður gjaldþrota þá valdi það A einnig atvinnumissi. Þessi aðgerð varnaraðila sé í kjölfar þess að A hafi ekki tekist að uppfylla kröfur bankans um að fá sóknaraðila til að framselja varnaraðila sínum 10% hluta í B og þar að auki sé sett sú krafa á A að hann sjái til þess að bifreiðin G sem sé eign sóknaraðila verði framseld varnaraðila.

Sóknaraðili kveðst hafa gert tilraunir til að fá varnaraðila til að veita sér upplýsingar um grundvöll krafna bankans en án árangurs. Einn fund hafi hún þó fengið að sitja í kjölfar beiðni frá A þess efnis að sóknaraðili væri höfð með í samskiptum við bankann. Sá fundur hafi þó ekki orðið til þess að upplýsingar fengjust heldur hafi sóknaraðila í kjölfarið borist afrit af tölvupósti sendum A sem hafi innihaldið drög að samningi þeirra á milli.

Sóknaraðili bendir á að eftirfarandi hafi komið fram í umræddum drögum að samningi: „*A lýsir eftirtöldu yfir gagnvart F með skilyrðislausum og óafturkallanlegum hætti: Að ekkert sé því til fyrirstöðu að þeim eignarhluta fasteignarinnar B, sem A er ekki þinglýstur eigandi að, verði afsalað til F í samræmi við 1. tl 1. mgr. 2. gr. samkomulags þessa, að þinglýstir eigendur þeirra eignarhluta muni veita samþykki sitt fyrir afsali þeirra og að lögformlega rétt verði staðið að ráðstöfun umræddra eignarhluta til F.*“ Sóknaraðili vísar til þess að hér hafi verið gerð tilraun til að fá A til að undirrita samning sem innihaldið hafi yfirlýsingu sem honum hafi verið ómögulegt að standa undir. Sóknaraðili telur að hér geri varnaraðili tilraun til að brjóta gegn 31. gr. laga nr. 7/1936 og einnig 25. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Sóknaraðili vísar til þess að henni hafi ekki tekist að fá upplýsingar um raunverulega upphæð kröfunnar á hendur A. Varnaraðili hafi sent A tölvupóst þann 28. maí 2013 þar sem fram hafi komið að upphaflegi seljandinn að fasteigninni að B hafi unnið mál gagnvart F og fengið greiddar kr. 27.213.065. Gjaldþrotaskiptakrafan gegn A hafi borist innan 6 mánaða frá því honum hafi verið sendur ofangreindur tölvupóstur og hljóði krafan upp á kr. 160.215.382.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi ekki séð tilheyrandi lánasamning við undirritun tryggingarbréfa. Sóknaraðili hafi hvorki fyrr né síðar verið formlega kynnt innihald lánasamnings að baki tryggingarbréfum. Valdi það eitt út af fyrir sig ógildi meintrar skuldbindingar, skv. grunnreglum kröfuréttarins um stofnun löggernings. Þótt tryggingarbréfum hafi verið þinglýst án athugasemda felist ekki í því staðfesting á gildi veðsetningarinnar slík að bindi þinglýstan eiganda. Mistök við þinglýsingu hafi enda engin áhrif á gildi eða ógildi veðsetningar.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi brugðist öllum meginskyldum sínum í samskiptum við ætlaðan veðsala. Hafi bankinn ætlað að tryggja sér veð í húsinu öllu hafi hann hlotið að ganga eftir því að rétt væri um hnútana búið og að þinglýstur eigandi undirgengist þar umrædda skuldbindingu með skýrum og afdráttarlausum hætti. Hafi varnaraðili gert mistök í því efni fái hann ekki velt ábyrgð á þeim yfir á sóknaraðila.

Sóknaraðili bendir á að L í samstarfi við F hafi haft yfirburðarstöðu við frágang umræddra láns- og veðskjala. F hafi annast gerð umræddra tryggingarbréfa skv. umboði frá dótturfélagi. Báðir bankarnir hafi kosið að vanefna

leiðbeiningarskyldur sínar við sóknaraðila og að tryggja ekki að sameiginlegur skilningur væri með þeim og þinglýstum eiganda á því hvaða skuldbindingar sóknaraðili væri að undirgangast. Bankinn hljóti einn að axla ábyrgð á óvönduðum vinnubrögðum sínum í kringum skjalavinnu tengdri lánveitingu og á því að gildi veðsamningsins hafi reynst annað og rýrara en hann hafi ætlað. Um ábyrgð lánastofnunar á óskýrleika í veðskjölum sem frá honum stafi vísist til dóms Hæstaréttar í máli nr. 269/1996.

Sóknaraðili vísar til þess að vinnubrögð bankans hafi falið í sér brýnt brot á þeim reglum sem bankinn hafi undirgengist til að takmarka áhættu ábyrgðarmanna af veitingu ógrundaðrar ábyrgðar. Beri því að víkja samningunum til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þar sem það sé ósanngjarnt og í andstöðu við góða viðskiptavenju að halda sóknaraðila bundnum við samninga eins og tilurð þeirra hafi verið háttáð.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi brugðist leiðbeiningarskyldum þeim sem á honum hafi hvílt og hagnýtt sér yfirburðarstöðu í samskiptum við sóknaraðila og A. Sé því ósanngjarnt og í andstöðu við góða viðskiptahætti að hann fái borið fyrir sig veðsamninga þá sem þannig hafi verið komið á.

Sóknaraðili telur rétt að benda á að varnaraðili kaupí kröfu sem byggir á lánasamningi sem gerður sé í íslenskum krónum og tryggingarbréf einnig í íslenskum krónum en fari svo fram á að krafan sé greidd í evrum sem greiðast eigi inn á reikning í banka í Danmörku. Dæmi um það megi sjá í samkomulagi sem A hafi fengið sent í nóvember árið 2012. Spurning vakni um hvort slíkt fái staðist lög um gjaldeyrismál.

Í kjölfar athugasemda varnaraðila kom sóknaraðili eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili haldi því fram að hann sé ekki aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja og sé því óbundinn af úrskurði nefndarinnar. Sóknaraðili vísar til túlkunar Fjármálaeftirlitsins á 2. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, varðandi aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. og 100. gr. a nefndra laga.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili haldi því fram að þar sem L sé ekki aðili að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hann hvorki getað borið þær skyldur sem kveðið sé á um í samkomulaginu né geti sóknaraðili borið þann rétt fyrir sig. Sóknaraðili vísar til þess að L hafi veitt D útibússtjóra F umboð til að undirrita skilyrt veðleyfi fyrir hönd L. Hvað varði að öðru leyti aðkomu F að útgáfu tryggingarbréfa er málið varði vísist til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli fyrri eiganda B gegn F nr. E-Y. Að mati sóknaraðila ætti dómurinn að geta tekið af allan vafa er snúi að aðkomu F að skjalagerð þeirri er hér um ræði.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili beri fyrir sig að lánveitandinn hafi heyrt undir lög Lúxemborgar við lánveitinguna. Sóknaraðili byggir á því að lánasamningur hafi heyrt undir Civil Code lög. Samkvæmt Art. 2335 sé ekki hægt að veðsetja eign aðila án þess að skuld sé þar að baki. Vilji sóknaraðili einnig koma á framfæri að skv. Civil Code lögum hefði framsal lánasamnings til varnaraðila aldrei gert varnaraðila að veðhafa tryggingarbréfa. Til þess hefði þurft að eiga sér stað framsal á svokölluðum Pledge samningi sem fylgi lánasamningum sem þessum. Það hafi ekki verið gert af þeirri einföldu ástæðu að sá samningur sé ekki framseljanlegur skv. lögum í Lúxemborg. Jafnvel þótt löglega hefði verið staðið að þessum þáttum og jafnvel þótt notast hefði verið við framseljanlegan samning þá hefði það þýtt að staðfestingu lántaka á því að honum væri kunnugt um framsal samnings til að um væri að ræða gilt framsal, sbr. Civil Code Art. 1690. Við þetta sé að bæta að veðhafi umræddra

tryggingarbréfa sé L skv. upplýsingum frá sýslumanni og viti sóknaraðili ekki til þess að breyting hafi orðið þar á.

Sóknaraðili bendir á að samningur sem þessi hafi fjögurra ára fyrningu skv. lögum í Lúxemborg. Samningur sem hér um ræði hafi skv. bestu vitund sóknaraðila verið gjaldfelldur þegar L hafi farið í slitameðferð í lok árs 2008. Beri að geta þess í því samhengi að skv. Art. 1178 teljist skyldur lántaka gagnvart lánveitanda uppfylltar hafi hinn síðarnefndi ekki getað staðið við skuldbindingar sínar.

Sóknaraðili vísar til þess að eftir að hann hafi skilað inn kvörtun til úrskurðarnefndar hafi verið undirritað samkomulag á milli A og varnaraðila. Í d-lið samkomulagsins megi sjá hvernig varnaraðili hyggist fara að því að komast yfir eignarhluta sóknaraðila. Samkvæmt bestu vitund sóknaraðila hafi A verið sagt að hætta að greiða fasteignagjöld af eigninni sem myndi gefa varnaraðila færi á að stefna A og fara fram á nauðungarsölu og þar með slit á sameign. Með því móti gæti varnaraðili komist yfir 10% eignarhluta sóknaraðila. Einnig megi sjá í samkomulagi að varnaraðili skuldbindur A til að greiða honum leigutekjur af B frá undirritun samkomulags í febrúar 2014, þar til varnaraðili hafi eignast B að öllu leyti. Sóknaraðili telur að færa megi rök fyrir því að háttsemin varði við 248. gr., 249. gr. og 253. gr. almennra hegningarlaga.

Sóknaraðili telur hvað þessi atriði varði og samkomulagið að öðru leyti, þ.m.t. eignaupptöku varnaraðila á annarri fasteign í eigu A, að færa megi rök fyrir því að samkomulagið og tilurð þess varði við 29., 30., 31., 32., 33. og 34. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga sem og 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Sóknaraðili vísar til Civil Code laga hvað varðar þá eignaupptöku sem þegar hafi átt sér stað. Teljist sú yfirtaka ólögleg, sbr.: „*Under the Luxembourg Commercial and Civil code however, the pledgee must necessarily apply to a court for a decision ordering appropriation of the secured asset, or ordering a public sale. Any clause having the effect to circumvent this provision is null and void.*“

Sóknaraðili telur samkomulagið sýna glögglega þær þvingunaraðgerðir sem varnaraðili beiti í samskiptum sínum við A og í yfirvofandi aðgerðum gagnvart sóknaraðila. Miðað við röksemdafærslu varnaraðila verði vart annað séð en að þar gildi hentistefna. Sóknaraðila þyki áhugavert hvenær varnaraðili beri fyrir sig lög og hvenær lögleysu. Sóknaraðili telur ólíklegt að starfshættir varnaraðila teljist til góðra viðskiptahátta gagnvart neytanda.

Sóknaraðili telur að þrátt fyrir að samkomulagið sé trúnaðarskjal þá víki sá trúnaður fyrir borgaralegri tilkynningarskyldu sóknaraðila vegna grunsemda um ólöglegt athæfi sem gæti jafnvel varðað hegningarlagabrot af hálfu varnaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að hann sé ekki aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja og þar af leiðandi ekki aðili að nefndinni. Beri því með vísan til 3. gr. samþykktar nefndarinnar að vísa málinu frá.

Verði ekki fallist á framangreint byggir varnaraðili á því að nefndina skorti heimildir til að kveða upp bindandi úrskurð um gildi veðsetninga og vísar varnaraðili til a-liðar 6. gr. samþykktar nefndarinnar þessu til stuðnings. Að mati varnaraðila sé slíkt aðeins á færi dómstóla eða eftir atvikum gerðardóma sem varnaraðili hafi fellt sig

undir. Úrskurður nefndarinnar geti aldrei haft bindandi réttaráhrif gagnvart varnaraðila og falli úrskurður sóknaraðila í hag séu engir möguleikar fyrir sóknaraðila að fullnusta slíkan úrskurð. Með sama hætti gæti varnaraðili ekki gert kröfur á hendur sóknaraðila sem unnt væri að fullnusta gagnvart sóknaraðila, t.d. með fjárnámi, enda fylgi úrskurðum nefndarinnar takmörkuð réttaráhrif ef einhver. Þar að auki telur varnaraðili að nefndin hafi ekki valdheimildir til að ráðstafa eignarréttindum varnaraðila, þ.m.t. þeim veðréttindum sem kvörtun sóknaraðila byggir á. Slíkar heimildir sé hvorki að finna í lögum né samningum sem varnaraðili sé aðili að. Varnaraðili bendir jafnframt á að nefndin uppfylli ekki skilyrði þess að teljast gerðardómur. Skorti þar á þau formskilyrði sem kveðið sé á um í lögum nr. 53/1989 um sammingsbundna gerðardóma.

Varnaraðili telur ljóst með vísan til samþykktu nefndarinnar að valdheimildir hennar séu það takmarkaðar að það sé ekki á forræði nefndarinnar að kveða upp úrskurði sem hafi þau réttaráhrif sem sóknaraðili krefjist í máli þessu. Telur varnaraðili að nefndinni hafi ekki verið ætlaður tilgangur sem staðgengill dómstóls. Leiði þessi skortur á réttaráhrifum úrskurða nefndarinnar í málum sem þessu óumflýjanlega til frávísunar þess.

Verði ekki fallist á frávísun málsins krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og byggir þá kröfu á eftirfarandi málsástæðum.

Varnaraðili bendir á að lánið, sem tryggingarbréfunum hafi verið ætlað að tryggja, hafi verið veitt af L og hafi tryggingarbréfin því verið gefin út af sóknaraðila og lántaka til L. L hafi við veitingu lánsins, útgáfu tryggingarbréfanna og við ofangreindan veðflutning verið sjálfstætt fjármálafyrirtæki sem heyrir undir lög Lúxemborgar. L hafi aldrei verið, skv. bestu vitund varnaraðila, aðili að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001, sem sóknaraðili byggir kröfur sínar á. Hafi L því aldrei getað borið þær skyldur sem kveðið sé á um í samkomulaginu né geti sóknaraðili byggt rétt á samkomulaginu vegna viðskipta sinna við L. Sé ekki unnt að beita ákvæðum samkomulagsins vegna viðskipta við L, jafnvel þótt viðskiptavinurinn hafi verið íslenskur ríkisborgari og búsettur á Íslandi. Þegar af þeirri ástæðu beri að hafna kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að þó svo hægt sé að færa rök fyrir því að íslensk lög gildi um þau tryggingarbréf, sem slík, sem deilt sé um í máli þessu sé þrátt fyrir það ekki unnt að beita ákvæðum samkomulagsins í málinu. Til þess skorti það grundvallarskilyrði að samkomulagið teljist til íslenskra laga. Samkomulagið geti eðli málsins samkvæmt aðeins bundið þá sem séu aðilar að því. Með vísan til framangreinds sé ljóst að samkomulagið geti því ekki komið til álita í máli þessu sökum þess að L hafi ekki, skv. bestu vitund varnaraðila, fellt sig undir það. Um starfsemi L hafi gilt, þegar hin umdeildu viðskipti hafi farið fram, lög og reglur Lúxemborgar og hafi L því verið bundið af lögum og reglum þess ríkis.

Varnaraðili bendir á að þrátt fyrir að framangreind kröfuréttindi og þau tryggingarréttindi sem þeim fylgi hafi síðar komist í eigu varnaraðila sé ekki unnt að beita reglum samkomulagsins nú til ógildingar á ráðstöfunum sem gerðar hafi verið af öðrum lögaðila, sem hafi ekki fellt sig undir samkomulagið. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar í málum sem varði ógildingu á ráðstöfunum sem falli undir samkomulagið verði ráðið að það séu einungis atvik við veitingu láns og töku trygginga, hvort sem sé í formi ábyrgða eða veðtrygginga frá þriðja manni, sem geti leitt til ógildingar. Sé þá oftast um að ræða skort á framkvæmd skv. 3. og 4. gr. samkomulagsins. Hér sé engu slíku til að dreifa enda hafi framangreint lán verið veitt af aðila sem beri engar skyldur skv. samkomulaginu og hafi umrædd tryggingarbréf verið gefin út til þess aðila.

Varnaraðili byggir á því að honum hafi verið framseld kröfuréttindi, þ.e. lán sem þegar hafi verið veitt og tryggingarréttindi sem þeim kröfuréttindum hafi fylgt, rúmum fjórum árum eftir veitingu lánsins og þinglýsingu tryggingarbréfa. Varnaraðili geti með engu móti fallist á að beita beri ákvæðum samkomulagsins til ógildingar á ráðstöfunum sem hafi verið upphaflegum lánveitanda og veðhafa fullkomlega heimilar. Að mati varnaraðila sé ekki unnt að ógilda tryggingarbréfin á grundvelli samkomulagsins þar sem ákvæði samkomulagsins hafi aldrei komið til álita þegar tryggingarbréfin hafi verið gefin út. Að mati varnaraðila sé ekki unnt að beita ákvæðum samkomulagsins með afturvirkum hætti, til ógildingar á ráðstöfun sem annars væri fullkomlega gild hefðu kröfu- og veðhafaskipti ekki átt sér stað. Telur varnaraðili því ljóst að hafna beri kröfum sóknaraðila í máli þessu. Aukinheldur felli samkomulagið ekki þá skyldu á aðila sem kunni að fá framseld til sín kröfuréttindi að framkvæma það sem kveðið sé á um í 3. og 4. gr. samkomulagsins.

Varnaraðili telur að leiðrétta þurfi ummæli sóknaraðila undir liðnum „*Yfir hverju er kvartað (í stuttu máli)*“, enda séu þau augljóslega röng. Í fyrsta lagi haldi sóknaraðili því fram að hafa aldrei átt viðskipti við L en ljóst sé að með útgáfu þeirra tryggingarbréfa sem deilt sé um hafi sóknaraðili átt viðskipti við þann aðila. Það sé ljóst að mati varnaraðila að lánafyrirgreiðsla sé ekki eina form viðskipta sem hægt sé að eiga við fjármálafyrirtæki. Í öðru lagi sé ljóst af efni tryggingarbréfanna að útgefendur þeirra séu veðsalar. Einnig telur varnaraðili tilvísun sóknaraðila til 3. gr. samkomulagsins með öllu haldlausa, með vísan til framangreindra röksemda.

Varnaraðili telur ummæli sóknaraðila um að hafa ekki verið „*kölluð í bankann*“ þýðingarlaus, enda sé það ekki formskilyrði fyrir útgáfu tryggingarbréfa að þau séu gefin út á starfstöð veðhafa auk þess sem starfstöð „*bankans*“ hafi verið í Lúxemborg og því töluvert óhagræði af því að fá útgefendur á starfstöð hans til þess eins að undirrita tryggingarbréf.

Varnaraðili bendir á að þeir löggerningar sem um sé deilt í máli þessu séu tvö tryggingarbréf, en kvörtun sóknaraðila geti eðli málsins samkvæmt ekki varðað löggerning sem sóknaraðili sé ekki aðili að, til þess skorti lögvarða hagsmuni. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á nein atvik sem valdið geti ógildingu tryggingarbréfanna en til þess nægi ekki að vísa til samkomulagsins, enda eigi það ekki við í máli þessu.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili vísi til þess að „*bankinn*“, sem að mati varnaraðila geti aðeins verið tilvísun til L, hafi brugðist einhverjum skyldum, þ.m.t. leiðbeiningarskyldum gagnvart sóknaraðila. Varnaraðili telur, með vísan til ofangreindra raka, ljóst að á L, hafi engar slíkar skyldur hvílt, að minnsta kosti ekki skyldur sem grundvallist á samkomulaginu. Sóknaraðili telji að á F hafi hvílt leiðbeiningarskylda sökum þess að F hafi annast skalagerð, sem sé að vísu ósannað í máli þessu. Hvort sem F hafi annast skjalagerð eður ei þá geti það ekki leitt til þess að á honum hafi hvílt einhver skylda í viðskiptum sóknaraðila við erlent fjármálafyrirtæki sem hafi verið F óviðkomandi. Auk þess að slík leiðbeiningarskylda gæti ekki falið í sér leiðbeiningar um réttindi skv. samkomulaginu, enda hafi samkomulagið aldrei komið til álita í viðskiptum sóknaraðila við L.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili telji einhvern óskýrleika vera í tryggingarbréfunum en varnaraðili mótmælir því sem röngu. Í tryggingarbréfunum greini með skýrum hætti að útgefendur þeirra veðsetji ákveðnar fasteignir til tryggingar öllum skuldum útgefanda. Tryggingarbréfið hafi að geyma skýr ákvæði um réttaráhrif veðsetningarinnar sem og skýr ákvæði um heimildir veðhafa verði vanskil á

þeim skuldum sem veðinu sé ætlað að tryggja. Beri því að hafna þessum rökum sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á varðandi kröfu sóknaraðila um þvingunaraðgerðir varnaraðila í samskiptum við A að sá aðili sé ekki aðili að þessu máli. Að mati varnaraðila leiði það til þess að nefndinni sé ekki unnt að kveða upp úrskurð í málefnum hans. Varnaraðili tekur þó fram að unnið hafi verið að sátt í málefnum A í töluverðan tíma og hafi sættir tekist og því sé enginn ágreiningur milli varnaraðila og þess aðila. Óumflýjanlegt sé að inn í slíkar sættir blandist eignir sem veðsettar séu til tryggingar lánnum. Varnaraðili telur sér ófært að tjá sig frekar um málefni A, sökum ákvæða 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem og sammingsbundinna ákvæða um trúnað milli aðila. Varnaraðili tekur fram að eftirlit með starfsemi varnaraðila sé á höndum Fjármálaeftirlitsins en ekki nefndarinnar.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili ætli nefndinni vald til að hafa eftirlit með lögum um gjaldeyrismál, sbr. liðinn „*Athugasemdir*“ á kvörtunareyðublaði til nefndarinnar. Varnaraðili mótmælir sem röngu fullyrðingum um að kröfuréttindi varnaraðila séu í íslenskum krónum en einnig telur varnaraðili rétt að benda á að eftirlit skv. lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 sé á forræði Seðlabanka Íslands.

Varnaraðili ítrekar að ágreiningur sóknaraðila og varnaraðila sé þess eðlis að úr honum verði eingöngu leyst fyrir þar til bærum dómstólum enda lýsi varnaraðili því hér með yfir, með vísan til 2. mgr. 12. gr. samþykktu nefndarinnar að sama á hvorn veg nefndin úrskurði muni varnaraðili ekki hlíta þeirri niðurstöðu og lýsi sig óbundinn af úrskurði nefndarinnar í máli þessu.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila og A að B, skv. tryggingarbréfum, dags. 30. janúar 2008 og 6. febrúar 2008 og að samskiptum varnaraðila og A í tengslum við eignir sóknaraðila.

Um skyldu fjármálafyrirtækja í slitiferli til að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur verið fjallað í fjölmörgum úrskurðum nefndarinnar. Með 101. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, eins og hún stendur eftir breytingar samkvæmt lögum nr. 78/2011, var ákveðið að Fjármálaeftirlitið hefði eftirlit með rekstri fjármálafyrirtækja sem stýrt er af slitastjórn. Túlkun Fjármálaeftirlitsins, sem samkvæmt þessu hefur eftirlit með starfsemi varnaraðila, á 2. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki varðandi aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sbr. og 100. gr. a nefndra laga, dags. 21. maí 2012, felur í sér að varnaraðili skuli í samræmi við 19. gr. a laga nr. 161/2002, eiga aðild að nefndinni. Röksemdir varnaraðila um takmörkuð réttaráhrif úrskurða nefndarinnar hrófla ekki við þessu. Verður málinu því hvorki vísað frá á grundvelli 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki né á grundvelli takmarkaðra réttaráhrifa úrskurða nefndarinnar. Verður kröfu varnaraðila um frávísun málsins því hafnað.

Málatilbúnaður sóknaraðila er ekki að öllu leyti svo glöggur sem æskilegt væri. Bæði eru gerðar ákveðnar kröfur sem sóknaraðili hefur ekki lögvarða hagsmuni af og eins er fjallað um ýmis lögskipti aðila, sem ekki geta snert við þeirri spurningu hvort fella eigi hinar umdeildu veðsetningar úr gildi. Þrátt fyrir þetta þykir málið nægilega skýrt til að taka megj það til úrskurðar og fjalla um þær kröfur sóknaraðila sem hún hefur lögvarða hagsmuni af.

Ekki fæst séð að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá veðsetningu á eignarhluta A í fasteigninni að B fellda úr gildi, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálamálafyrirtæki nr. 1/2010. Verður krafa af þessu tagi að stafa frá veðsala sjálfum til að komast að. Í ljósi þessa verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila varðandi veðsetningu á eignarhluta A frá nefndinni.

Ekki fæst séð að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að samskipti A og varnaraðila verði með tilteknum hætti, þrátt fyrir að hún eigi hlut í eignum er varða samskiptin. Verður því ekki hjá því komist að vísa þeirri kröfu sóknaraðila frá nefndinni sem og kröfu um að starfshættir varnaraðila í tengslum við málið verði teknir til skoðunar hjá eftirlitsaðila.

Verður þessu næst vikið að kröfu sóknaraðila varðandi ógildingu á veðsetningu 10% eignarhlutar hennar í fasteigninni að B.

Umrædd krafa sóknaraðila virðist í fyrsta lagi byggjast á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001.

Tryggingarbréf að fjárhæð kr. 63.000.000, dags. 6. febrúar 2008 og tryggingarbréf að fjárhæð kr. 39.000.000, dags. 30. janúar 2008 þar sem veðflutningur frá C yfir á B, var samþykktur 1. ágúst 2008, voru gefin út til tryggingar skuldum tilgreindra aðila við L. Ekki liggur fyrir að L hafi verið skuldbundinn til að fara eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Verður því ekki á því byggt.

Ekki fær haggð þessari niðurstöðu að D útibússtjóra F hafi verið veitt umboð til að undirrita skilyrt veðleyfi fyrir hönd L vegna tryggingarbréfs útgefna af A og sóknaraðila að upphæð kr. 63.000.000, dags. 31. janúar 2008, enda var tryggingarbréfið gefið út til tryggingar skuldum við L, en ekki F. Ummæli í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-Y, um aðra skjalagerð í tengslum við umrædda lánveitingu breyta því ekki að sóknaraðili og L gerðu umræddan veðsamning.

Þá var varnaraðili ekki skuldbundinn til að framfylgja ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga þegar framsal á láni og umræddum tryggingarbréfum frá L átti sér stað. Verður niðurfelling umræddra veðréttinda ekki á því byggð.

Í lokaathugasemdum sínum við greinargerð varnaraðila, tefldi sóknaraðili fram þeim röksemdum að umrædd veðréttindi væru ógild samkvæmt lögum Luxemborgar og hefðu verið það þegar varnaraðili fékk þau framseld. Vitnaði varnaraðili efnislega til tiltekinna ákvæða úr þarlendri löggjöf, Code Civil, en endurrit umræddra lagatexta liggur ekki fyrir í málinu. Enda þótt ekki gildi strangar formreglur um málartilbúnað fyrir nefndinni er ekki unnt að fallast á að þessi nýi málsgrundvöllur undir kröfur sóknaraðila sé settur fram með þessum hætti. Er útilokað fyrir nefndina að taka afstöðu til þessara málsástæðna sóknaraðila eins og þær eru fram settar.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um ógildingu veðsetningar eignarhluta fasteignar hennar að B.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila um ógildingu veðsetningar eignarhluta A í fasteigninni að B er vísað frá.

Kröfum sóknaraðila um að þær þvingunaraðgerðir sem varnaraðili beiti í samskiptum við A í tengslum við eignir sóknaraðila verði stöðvaðar og starfshættir varnaraðila í tengslum við málið teknir til skoðunar hjá eftirlitsaðila er vísað frá.

Kröfu sóknaraðila um ógildingu veðsetningar eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að B er hafnað.

Reykjavík, 19. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marellsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 11. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 16/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 13. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 17. mars 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. apríl 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 15. febrúar 2007 var veðskuldabréf í erlendum myntum, nr. X, að fjárhæð að jafnvirði kr. 18.000.000 í 50% CHF og 50% JPY, gefið út af sóknaraðila til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila að A, var sett að veði á 5. veðrétti til tryggingar skuldinni.

Framangreint skuldabréf var endurreiknað og var viðmiðunardagur endurreiknings 2. janúar 2013. Staða láns fyrir endurreikning var kr. 43.578.575 en eftir endurreikninginn var staða lánsins kr. 21.387.188. Breyting láns við endurreikning var kr. -22.191.387.

Þann 14. mars 2012 barst sóknaraðila reikningur frá B að fjárhæð kr. 502.000 m/vsk, vegna lögfræðiþjónustu C. Umræddur reikningur barst úrskurðarnefndinni þann 13. febrúar 2014. Þann 3. janúar 2014 staðfesti C við sóknaraðila að B hefðu ekki unnið fyrir sóknaraðila í neinum öðrum málum en varðandi erlend lán félagsins.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 6. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að veðskuldabréfi er hvíli á eign hans að A verði aflýst. Þá krefst sóknaraðili þess að afborganir og vextir verði endurgreiddir frá þeim tíma sem erlendi skuldareigandinn felldi niður sína kröfu. Með tölvupósti, dags. 13. febrúar, bætti sóknaraðili við kröfugerðina. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum lögmannskostnað vegna þess að þrýsta þurfti á varnaraðila um leiðréttingu á láni í samræmi við fallna Hæstaréttardóma.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir því að borga af láni sem búið sé að afskrifa. Bendir sóknaraðili á að hann hafi fengið erlent lán í gegnum FF sem hafi farið í þrot og hafi FF, þrotabú FF, síðar FF, yfirtekið lánið. Þeir hafi einnig farið í þrot. Við allt þetta hafi erlendi lánveitandinn (þýskur banki) afskrifað kröfuna. Nú innheimti varnaraðili lán sem hann þurfi ekki að standa erlenda lánveitandanum skil á. Sóknaraðili telur að eftirgjöfin eigi að ganga alla leið til lántakandans.

Sóknaraðili byggir á því að vitað sé að á „góðærisárum“ fyrir hrun, þegar lausafé hafi flotið um allt bankakerfi heimsins á lágum vöxtum, hafi íslenska bankakerfið tekið óheyrilega há erlend lán til að endurlána hér og hafi FF verið þar enginn eftirbátur.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðila sé tíðrætt um að sóknaraðili geti ekki sýnt fram á 1) að um endurlánað erlent lán sé að ræða, 2) hvaða erlenda lánastofnun um sé að ræða og 3) hvort og þá hversu mikið erlenda lánastofnunin hafi afskrifað sín lán til FF, FF og FF. Sóknaraðili kveður það margvitað og frægt hve títt bankamenn skýli sér bak við bankaleynd. Af þeim ástæðum sé skiljanlegt að nær ógerlegt sé fyrir sóknaraðila að fá svör við ofanrituðum spurningum. Því sé þrautalendingin að fá aðstoð úrskurðarnefndar við að fá svör við þessu. Reynist grunur sóknaraðila réttur, að kannski 50, 70 eða 90% af erlendum kröfum hafi verið afskrifaðar, sé einsýnt að fjölmargir séu í áþekkri stöðu, enda sé með eindæmum hve hagnaður bankanna hafi verið frá hrúni, sem styrki þá skoðun að þeir séu í stórum stíl að innheimta erlendar kröfur, sem erlendir kröfuhafar hafi afskrifað fyrir margt löngu.

Sóknaraðili kveður það einlæga ósk sína að fá aðstoð úrskurðarnefndar til að leiða hið rétta í ljós, því varnaraðili virðist hafa öll tromp á hendi. Fáist ekki niðurstaða í þetta mál og sé svo sem sóknaraðili haldi muni það hafa áhrif á fjöldamargar aðrar erlendar kröfur í þjóðfélaginu og rýra verulega eign vogunarsjóða í bönkunum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili styður frávísunarkröfu sína við b- og e-liði 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili setji ekki fram fjár- eða viðurkenningarkröfu. Tengsl framlagðra gagna við kröfugerðina séu óljós og styðji á engan hátt við staðhæfingar um aðild erlends fjármálafyrirtækis að lánveitingunni. Varnaraðila sé því með öllu ókleift að taka

afstöðu til kröfugerðarinnar. Krafa um aflýsingu veðs sé gerð en hún verði ekki studd öðrum gögnum en þeim sem upp á aðra þætti kröfugerðarinnar vanti.

Varnaraðili bendir á hvað greiðslu lögfræðipjónustu varði þá liggi ekki fyrir í gögnum að varnaraðili hafi hafnað kröfu sóknaraðila þar að lútandi. Sé krafist frávísunar á þeim þætti kröfugerðarinnar á grundvelli 5. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefndina. Þá sé ekki ljóst hvernig fram lagðir reikningar tengist varnaraðila. Sé því frávísunarkrafa einnig studd e-lið 6. gr. samþykktta.

Fallist úrskurðarnefndin ekki á frávísun krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili byggir á því líkt og í frávísunarkröfu að sóknaraðili hafi ekki sýnt með neinum hætti fram á tengsl erlends banka við lánveitinguna og raunar engan banka nafngreint. Veðskuldabréf það sem um ræði hafi verið gefið út til FF og lýsi engum öðrum sem kröfuhafa. Þegar af þeirri ástæðu standist fullyrðingar sóknaraðila um eftirgjöf kröfunnar ekki, enda hafi því ekki verið haldið fram að Sparisjóðurinn eða þeir kröfuhafar sem hafi yfirtekið kröfur í eigu sjóðsins skv. ákvörðunum FME eða með samruna hafi gefið yfirlýsingar í þá veru, hvorki með almennum hætti né til sóknaraðila. Engin merki finnist í framlögðum skjölum að innheimta kröfunnar sé háð því að þeir sem kunni að hafa fjármagnað upphaflegan lánveitanda hafi ekki gefið kröfuna eftir, hvað þá að beint samband hafi verið milli láns frá slíkum aðila og láns sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að bæði með ákvörðunum FME og við samruna hafi viðtökuaðili yfirtekið bæði kröfur og skuldbindingar viðkomandi fjármálafyrirtækja, skv. nánari lýsingu í ákvörðunum og/samrunaáætlun. Varnaraðili sem viðtakandi hafi því ekki fengið kröfur án endurgjalds.

Varnaraðili byggir á því að greiðandi skuldbindingar geti á engan hátt byggt rétt á bókhaldslegri meðferð kröfueiganda á eignum sínum, hvorki gagnvart þeim sem skráður hafi verið fyrir henni í upphafi eða þeim sem síðar eignist kröfuna. Enn síður geti greiðandi byggt á því að þeir aðilar sem kunni að hafa lánað lánveitanda hafi fært á afskriftareikning kröfur vegna tapshættu, og gildi þá einu hvort unnt sé að rekja viðkomandi kröfu á greiðanda til þess lánveitanda.

Hvað kröfu um greiðslu reikninga fyrir lögfræðipjónustu varði sé ekki ljóst af efni þeirra hvort þjónustan hafi verið látin í té í tengslum við kröfugerð á hendur varnaraðila vegna annarra álitamála. Ekki njóti heldur gagna um að varnaraðili eða forverar hans hafi haldið uppi ágreiningi um þann endurreikning sem lýst sé að framan. Þegar af þeim ástæðum telur varnaraðili að hafna eigi kröfunni.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að veðsetningu fasteignar sóknaraðila að A með skuldabréfi nr. X og að endurgreiðslu afborgana og vaxta af umræddu skuldabréfi. Þá krefst sóknaraðili einnig lögfræðipóknunar vegna vinnu við kröfu um endurreikning á umræddu láni.

Krafa sóknaraðila um aflýsingu veðs af A skv. skuldabréfi nr. X og um endurgreiðslu afborgana og vaxta af umræddu skuldabréfi virðist byggja á því að lánið sé niður fallið vegna meintra afskrifta erlends banka á því. Í ljósi þess verður að telja að krafa sóknaraðila verði metin til fjár, enda um kröfu um endurgreiðslu að ræða og niðurfellingu veðs. Verður því ekki fallist á með varnaraðila að krafa sóknaraðila sé ekki fjárhagsleg, sbr. b-lið 6. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við

fjármálafyrirtæki. Þá verður ekki fallist á með varnaraðila að mál sóknaraðila sé of óljóst, illa upplýst eða krafu hans svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar, enda hefur varnaraðili lagt framangreindan skilning í kröfugerð sóknaraðila. Verður því ekki fallist á að vísa eigi málinu frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Skuldabréf sóknaraðila nr. X er gefið út af sóknaraðila til FF. Lánið færðist yfir í FF við sameiningu FF og fleiri í það fjármálafyrirtæki og til FF með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 22. apríl 2010. Varnaraðili er kröfuhafi bréfsins eftir að rekstur FF sameinaðist varnaraðila 29. nóvember 2011. Ekkert framangreindra fjármálafyrirtækja hefur gefið út yfirlýsingar til sóknaraðila um niðurfellingu umþrætts láns hans. Ekki skiptir máli varðandi gildi láns sóknaraðila þótt lán til kröfuhafa hans hafi verið afskrifað, jafnvel þótt sannað yrði að lán sóknaraðila hafi verið fjármagnað með því láni kröfuhafa hans. Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfum sóknaraðila varðandi endurgreiðslu afborgana og vaxta af umþrættu skuldabréfi og um aflýsingu veðs sem hvílir á fasteign hans að A, með skuldabréfi nr. X.

Sóknaraðili krefst einnig greiðslu á reikningi frá B, dags. 14. mars 2012, vegna lögfræðiþjónustu vegna erlends láns sóknaraðila.

Samkvæmt 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi krafðið varnaraðila um greiðslu á reikningi hans vegna lögfræðiþjónustu, dags. 14. mars 2012. Varnaraðili byggði kröfu um frávísun á þessum grundvelli og lagði sóknaraðili í framhaldinu ekki fram gögn um að krafan hefði verið borin upp við varnaraðila. Samkvæmt því verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila um að varnaraðili greiði reikning hans frá B, dags. 14. mars 2012, frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefndina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um að veðskuldabréfi nr. X, er hvílir á A, verði aflýst er hafnað.

Kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu afborgana og vaxta af skuldabréfi nr. X frá þeim tíma er erlendi skuldareigandinn felldi niður kröfu sína, er hafnað.

Kröfu sóknaraðila um greiðslu varnaraðila, F, á reikningi frá B, dags. 14. mars 2012, er vísað frá.

Reykjavík, 11. apríl 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, miðvikudaginn 30. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 17/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. febrúar 2014, með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 5. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. apríl 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 19. apríl 2004 var skuldabréf í erlendri mynt/mynteiningum nr. X gefið út af sóknaraðila til F. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur F samkvæmt skuldabréfinu. Viðurkenndi sóknaraðili að skulda varnaraðila eftirfarandi erlenda fjárhæð eða jafngildi hennar í öðrum erlendum myntum eða mynteiningum, sem birtar væru í almennri gengistöflu varnaraðila, eða í íslenskum krónum: 26.474 svissneska franka. Vextir voru tilgreindir CHF LIBOR vextir, auk vaxtaálags bankans sem var 2,5%. Lánið var tryggt með 3. veðrétti í fasteigninni að A.

Þann 5. apríl 2005 voru til greiðslu CHF 222,55, andvirði í ISK var 11.299, sem tekið var út af íslenskum tékkareikningi sóknaraðila.

Þann 8. október 2007 voru til greiðslu CHF 354,80, andvirði í ISK var 18.400, sem tekið var út af íslenskum tékkareikningi sóknaraðila.

Þann 7. júlí 2008 voru til greiðslu CHF 480,07, andvirði í ISK var 35.717, sem tekið var út af íslenskum tékkareikningi sóknaraðila.

Þann 6. október 2008 voru til greiðslu CHF 490,16, andvirði í ISK var 54.707, sem tekið var út af íslenskum tékkareikningi sóknaraðila.

Þann 5. janúar 2009 voru til greiðslu CHF 503,32, andvirði í ISK var 56.090, sem tekið var út af íslenskum tékkareikningi sóknaraðila.

Þann 6. apríl 2009 voru til greiðslu CHF 347,25, andvirði í ISK var 37.003, sem tekið var út af íslenskum tékkareikningi sóknaraðila.

Þann 3. júlí 2009 var gerð skilmálabreyting á framangreindu skuldabréfi sem sóknaraðili skrifaði undir með fyrirvara um réttmæti kröfunnar og/eða fyrirvara um réttmæti veðtryggingar. Eftirstöðvar lánsins voru tilgreindar CHF 26.474, án vaxta.

Þann 25. nóvember 2009 barst sóknaraðila staða framangreinds skuldabréfs. Upphafleg fjárhæð var bæði tilgreind í ISK 1.446.804 og CHF 26.474. Þá var uppreikningur skuldabréfs tilgreindur kr. 3.250.930.

Þann 5. júlí 2010 og 1. janúar 2011 voru gerðar skilmálabreytingar á skuldabréfinu og voru eftirstöðvar tilgreindar CHF 26.474, án vaxta.

Þann 31. ágúst 2011 skrifaði sóknaraðili undir skjal með yfirskriftinni: „*Yfirlýsing vegna erlends íbúðaláns. Afbökkun endurútreiknings*“. Fram kom í skjalinu að sóknaraðili hefði óskað eftir því við lánveitanda að lán nr. X myndi sæta höfuðstólslækkun og myntbreytingu, allt í samræmi við undirritaða umsókn lántaka þar um og þann útreikning lánveitanda sem væri grundvöllur höfuðstólslækkunar. Þá kom eftirfarandi fram: „*Með undirritun sinni á yfirlýsingu þessa staðfestir lántaki að lánveitandi hafi kynnt honum niðurstöðu endurútreiknings skv. lögum nr. 151/2010 um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu á framangreindu láni. Þannig hefur lántaka verið kynntur réttur sinn til þess að velja að lánið skuli taka mið af þeim endurútreikningi og vera framvegis í íslenskum krónum með nánar tilgreindum vaxtakjörum, sem fyrstu 5 árin frá breytingunni taka mið af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum eða verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir. Með undirritun sinni staðfestir lántaki jafnframt að hann geri ekki kröfu um endurútreikning lánsins samkvæmt framangreindu.*“

Þann 19. október 2011 barst sóknaraðila uppgjör höfuðstólslækkunar framangreinds láns. Tiltekið var að fjárhæð í mynt hefði verið 26.474 og fjárhæð í ISK væri 3.575.313. Stofn til höfuðstólslækkunar var kr. 3.575.313. Áfallnir vextir voru kr. 131.556, vanskil voru kr. 0 og áfallið iðgjald lánatryggingar kr. 0. Uppgreiðsluverðmæti alls var kr. 3.706.869. Höfuðstólslækkun var kr. 1.184.976. Nýtt lán nr. X var að fjárhæð kr. 2.521.893.

Þann 4. febrúar 2014 óskaði sóknaraðili eftir svari frá varnaraðila við því hvort lögleg erlend lán væru til ef ekki væri um erlenda lánastofnun að ræða eða lán til erlends aðila. Varnaraðili svaraði þann 5. febrúar og kvað framangreint lán vera lán útgefið í erlendum myntum.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun móttækinni þann 6. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Í liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila kemur ekkert fram.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir því að varnaraðili neiti að endurreikna hennar nr. X. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðila beri að endurreikna lánið sbr. lög nr. 151/2010 og dómaframkvæmd Hæstaréttar varðandi gengistryggð lán. Skuldbindingin hafi verið tengd við gengi erlendra gjaldmiðla með ólögætum hætti og varnaraðila beri að endurreikna hana skv. 18. gr. laga nr. 38/2001. Sóknaraðili bendir á að lánið hafi verið í íslenskum krónum og greitt hafi verið af láninu í krónum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að um gilt lán í erlendum gjaldmiðli sé að ræða. Svo sem greini í forsendum dóma Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010 fari skuldbinding í erlendum gjaldmiðli ekki gegn ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að líkt og ráða megi af hinu umdeilda skuldabréfi hafi sóknaraðili viðurkennt með undirritun sinni á það að skulda varnaraðila CHF 26.474. Af skuldabréfinu, sem borið hafi heitið „Skuldabréf í erlendum myntum/mynteiningum“ sé jafnframt ljóst að vextir séu til samræmis við það að um skuldbindingu í erlendri mynt hafi verið að ræða.

Varnaraðili vísar til þess að af fyrirbyggjandi réttarframkvæmd verði skýrlega ráðið að þegar höfuðstóll lánskuldbindingar sé sérstaklega tilgreindur í erlendum gjaldmiðlum, eins og við eigi um það skuldabréf sem hér sé til umfjöllunar, þá sé um gilt lán í erlendum gjaldmiðlum að ræða. Vísar varnaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 520/2011, 515/2011, 552/2011, 524/2011, 757/2012, 499/2013 og 446/2013.

Varnaraðili telur að hafna beri kröfum sóknaraðila þar sem hin umdeilda lánskuldbinding sé byggð á veðskuldabréfi sem eins og önnur viðskiptabréf hafi að geyma tæmandi lýsingu á þeim réttindum sem það veiti og takmörkunum sem á þeim kunni að vera. Í því samhengi vísar varnaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 715/2013, 757/2013 og 3/2013.

Varnaraðili vísar til þess að önnur atriði umþrættrar skuldaviðurkenningar, sbr. ekki síst heiti skuldabréfsins, tilgreining vaxta, skilmálabreytingar og yfirlýsing vegna höfnunar á endurreikningi séu auk þess hvert um sig og saman, sjáanlega til marks um að um gilt lán í erlendri mynt hafi verið að ræða.

Þá vísar varnaraðili til þess að við túlkun hinnar umdeildu skuldaviðurkenningar beri að hafa í huga meginreglu íslensks réttar um frelsi manna til að bindast skuldbindingum með samningum við aðra þannig að samningar teljist gildir nema sýnt sé fram á að þeir fari í bága við ófrávíkjanlegar reglur í settum lögum.

Varnaraðili telur að ekki verði hjá því komist að vísa til þess að sóknaraðili hafi sérstaklega hafnað að þiggja endurreikning lánsins eftir þeim aðferðum sem mælt hafi verið fyrir um með lögum nr. 151/2010, sem nú sé þó krafist af hálfu sóknaraðila. Sóknaraðili hafi heldur kosið að þiggja frjálst tilboð varnaraðila um höfuðstólslækkun lánsins sem leitt hafi til eftirgjafar eftirstöðva lánsins umfram þá lækkun sem leitt hafi af fyrrnefndum endurreikningi. Af þeirri ástæðu sé einfaldlega ekki um það að ræða að sóknaraðili hafi verið krafinn um viðbótarvexti fyrir liðinn tíma. Til viðbótar við þá staðreynd að um gilda skuldbindingu hafi verið að ræða í hinni erlendu mynt geti einnig af þeirri ástæðu ekki komið til álita sjónarmið um að fullnaðarkvittanir hafi áhrif á endurreikning lánsins.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort endurreikna beri skuldabréf nr. X, útgefið af sóknaraðila til FF.

Forsenda endurreiknings er að um ólögmaett gengistryggt lán hafi verið að ræða enda fer skuldbinding í erlendum gjaldmiðli ekki gegn ákvæðum 13. og 14. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hefur Hæstiréttur kveðið upp dóma þar sem því er hafnað að gildar skuldbindingar sæti niðurfærslu með endurreikningi á grundvelli umræddra laga.

Við úrlausn þess hvort um gilt lán í erlendum gjaldmiðlum hafi verið að ræða eða ólögmaett gengistryggt lán í íslenskum krónum er úrskurðarnefndin bundin af lögum og dómafordæmum í sambærilegum málum. Í samræmi við þau viðmið sem fram koma í nýlegum dómum Hæstaréttar á þessu sviði er fyrst að líta til heitis skuldabréfsins, en fyrirsögn þess er „Skuldabréf í erlendri mynt/mynteiningum“. Í öðru lagi að lánsfjárhæðin er samkvæmt orðalagi lánsammansins tilgreind í erlendum gjaldmiðli, þ.e. svissneskum frönkum. Í þriðja lagi eru vextir samkvæmt skuldabréfinu til samræmis við það að um erlent lán sé að ræða tilgreindir LIBOR vextir. Í fjórða lagi er til skilmálabreytinga skuldabréfsins að líta þar sem lánið var ávallt tilgreint í hinum erlenda gjaldmiðli. Þegar framangreind atriði eru virt verður lagt til grundvallar að hér hafi verið um gilt lán í hinum erlenda gjaldmiðli að ræða, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2011, 3/2013 og 127/2013.

Sóknaraðili byggir á því að greiðsla F til hennar í íslenskum krónum og afborganir hennar í íslenskum krónum leiði til þess að telja verði að um hafi verið að ræða skuldbindingu í íslenskum krónum bundna gengi erlendra gjaldmiðla. Af dómum Hæstaréttar, sérstaklega dómum í málum nr. 524/2011 og 3/2013, verður hins vegar ályktað að ekki skipti máli þótt greiðslur fari fram í íslenskum krónum þegar skýrt kemur fram í skuldabréfi að skuldin sé í erlendri mynt.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að um sé að ræða gilt lán í erlendri mynt. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila um endurreikning lánsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 30. apríl 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, miðvikudaginn 30. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 19/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 8. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 8. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 11. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. apríl 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 23. október 2006 tók sóknaraðili lán nr. X hjá FF. Lánið var ólögmeitt gengistryggt lán og var fyrst endurreiknað þann 30. september 2010. Lánið var greitt upp þann 5. mars 2012. Við leiðréttan endurreikning lánsins þann 5. september 2013 myndaðist inneign að fjárhæð kr. 544.805.

Þann 14. júní 2011 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna L og FF við F þar sem fyrrnefndum félögum var slitið án skuldaskila og sameinuð F. Gert var ráð fyrir að samruninn miðaðist við 31. desember 2010.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 6. september 2012 var bú sóknaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Þann 1. október 2012 lýsti varnaraðili kröfum í bú sóknaraðila samtals að fjárhæð kr. 1.483.655. Skiptum lauk þann 15. janúar 2013 með því að kr. 47.700 greiddust upp í veðkröfur en ekkert fékkst upp í almennar kröfur og eftirstæðar kröfur. Í kjölfarið afskrifaði bankinn kröfur samtals að fjárhæð kr. 1.459.741 þann 25. október 2012, þar af kr. 576.767 vegna láns nr. Y.

Þann 5. september 2013 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila um leiðréttan endurreikning á láni nr. X. Leiðréttingin tók mið af dómafordæmum Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Útreikningur leiðréttis endurreiknings var miðaður við 25. október 2012, þegar varnaraðili afskrifaði lán sóknaraðila. Varnaraðili lýsti í bréfinu yfir skuldajöfnuði vegna afskriftar láns nr. Y, að fjárhæð kr. 576.767.

Þann 3. október 2013 krafðist sóknaraðili endurgreiðslu vegna ofgreiðslu láns nr. X. Varnaraðili kvaðst þann 26. nóvember 2013 standa við skuldajafnaðaryfirlýsinguna og viðmiðunardagsetningu við leiðréttan endurreikning.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 8. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili borgi henni leiðréttingu bílaláns nr. X, að upphæð kr. 544.805 auk vaxta frá leiðréttingardegi.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir því að varnaraðili taki leiðréttingu bílaláns og skuldajafni við lán sem afskrifað hafi verið í október 2012 og breyti dagsetningu á leiðréttingunni. Sóknaraðili kveðst ósátt við að varnaraðili geti ráðskast með peninga sem bankinn hafi rukkað ólöglega og beri að greiða til baka samkvæmt dómsúrskurði.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður viðmiðunardagsetningu og dagsetningu afskrifar hafa verið valda þá sömu í stað þess að framreikna kröfurnar til 5. september 2013, enda hefði við þá leið myndast mismunur á kröfunum þar sem inneign sóknaraðila hefði borið seðlabankavexti á því tímabili meðan krafa bankans hefði borið dráttarvexti.

Varnaraðili vísar um skuldajafnaðarrétt til 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og almennra reglna kröfuréttar um skuldajöfnuð. Bæði gagnkrafta varnaraðila og aðalkrafa sóknaraðila hafi uppfyllt almenn skilyrði kröfuréttar um skuldajöfnun, en bæði aðalkrafa og gagnkrafta hafi verið fjárkröfur sem komnar hafi verið á gjalddaga og lögvarðar samkvæmt almennum reglum kröfu- og samningaréttar.

Varnaraðili telur að öllu framangreindu virtu að ekki séu fyrir hendi forsendur til að verða við kröfu sóknaraðila. Beri því að hafna kröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu vegna láns nr. Y á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Þann 14. júní 2011 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna L og FF við varnaraðila, á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Varnaraðili tók við öllum réttindum og skyldum FF og L. Varnaraðili hefur því tekið við sem gagnaðili að kröfu sóknaraðila á hendur FF.

Varnaraðili á kröfu á hendur sóknaraðila á grundvelli skuldabréfs nr. Y, enda fékkst hún ekki greidd við gjaldþrotaskipti sóknaraðila og er krafan ekki fyrnd, sbr. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., í því sambandi skiptir ekki máli að varnaraðili hafi afskrifað kröfuna í bókhaldi sínu.

Í íslenskum rétti hefur verið talið að heimild fjármálafyrirtækja til að skuldajafna peningakröfum sem þau eignast á viðskiptamenn sína við innstæður eða önnur fjárhagsleg réttindi sem viðskiptamaðurinn á í viðkomandi banka eða sparisjóði sé miklum takmörkunum háð.

Styðjast þessar takmarkanir öðru fremur við það hlutverk fjármálafyrirtækja að taka að sér vörslur fjármuna fyrir viðskiptamenn sína. Er það almennt ekki samræmanlegt þessu hlutverki að banki gangi að innstæðum eða öðrum fjárhagslegum réttindum til að fullnusta eigin kröfur. Þessi sjónarmið eiga á hinn bóginn ekki við um kröfu viðskiptamanns um útgreiðslu fjár vegna endurreiknings skuldabréfaláns, á sama tíma og hann skuldar sama banka gjaldfallnar peningakröfur, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 83/2013 og 2/2014 og 100. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 102/1991.

Þá skal áréttað að jafnvel þótt skuldajöfnunarréttur varnaraðila yrði ekki viðurkenndur, gæti eingöngu þrotabú sóknaraðila beint kröfum að varnaraðila vegna inneignarinnar sem myndaðist við endurreikninginn. Skipaður skiptastjóri fer einn með forræði búsins.

Verður í ljósi framangreinds ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 30. apríl 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 9. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 20/2014**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 10. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 21. febrúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. mars 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust þann 14. apríl 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 9. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 4. júlí 2006 var skuldabréf nr. X (nú XX), að fjárhæð kr. 2.500.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðilar tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Þann 4. júlí 2006 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ undirritað. Greiðandi var tilgreind A og ábyrgðarmenn voru sóknaraðilar. Ekki var tiltekið hvernig láninu yrði ráðstafað. Staðfestu sóknaraðilar með undirskrift sinni að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Óskuðu þau eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og settu upphafsstafi sína við það val. Tekið var fram að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæðin væri hærri en kr. 1.000.000. Ekki var hakað við á skjalinu hver niðurstaða greiðslumats hefði verið.

Þann 6. júlí 2006 var skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ undirritað. Sóknaraðilar óskuðu eftir að gangast í ábyrgð fyrir A fyrir láni að fjárhæð kr. 2.500.000. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti ekki

efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að meira en helmingi lánsfjárhæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá sparisjóðnum. Staðfestu sóknaraðilar að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 14. júlí 2006 var lánið greitt út til A.

Þann 8. maí 2007, 17. nóvember 2008, 14. apríl 2010, 9. október 2011 og 12. febrúar 2013 voru gerðar skilmálabreytingar á framangreindu skuldabréfi sem sóknaraðilar skrifuðu m.a. undir.

Þann 2. janúar 2014 óskuðu sóknaraðilar eftir niðurfellingu á ábyrgðum á skuldabréfi nr. Y. Varnaraðili hafnaði því þann 16. janúar 2014.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 6. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast niðurfellingar ábyrgða sinna á skuldabréfi nr. XX.

Sóknaraðilar vísa til þess að á skjalinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ sé gert ráð fyrir að haka eigi við það hvort ráðgert sé að verja meira en helmingi lánsfjár til greiðslu skulda hjá sparisjóðnum og að ábyrgðarmönnum hafi verið kynntar þær ráðagerðir. Ekki hafi verið hakað við valmöguleika þar. Ekki hafi heldur verið hakað við hver niðurstaða greiðslumats hafi verið. Ljóst sé að sóknaraðilum hafi ekki verið kynnt niðurstaða greiðslumats fyrr en degi eftir að þau hafi gengist í ábyrgðina. Niðurstaða greiðslumatsins hafi ekki verið til staðar fyrr en degi eftir að skuldabréfið hafi verið gefið út.

Sóknaraðilar telja að ekki hafi verið staðið rétt að því að kynna ábyrgðarmönnum niðurstöðu greiðslumats þegar þau hafi skrifað undir þann 6. júlí 2006. Greiðslumatið hafi verið neikvætt. Ábyrgðarmönnum hafi ekki verið gert að setja upphafsstafi sína við textann um niðurstöðu greiðslumats né heldur hafi starfsmenn sparisjóðsins gert það.

Sóknaraðilar benda á að þau hafi ekki verið upplýst um neikvæða greiðslugetu greiðanda skuldabréfsins fyrr en eftir að þau hafi gengist í ábyrgðina og þá hafi þeim ekki verið bent á þann möguleika að kynna sér forsendur greiðslumatsins. Þeim hafi heldur ekki verið boðið að falla frá ábyrgðinni við undirritun greiðslumatsins. Sóknaraðilar kveðast hafa talið að þau hafi skuldbundið sig með undirritun á skuldabréfið og hafi bankinn ekki boðið eða kynnt þeim að hægt væri að taka ábyrgðaryfirlýsinguna til baka.

Sóknaraðilar telja að þau hafi ekki getað haft neitt um málið að segja við undirritun skilmálabreytinga þar sem þau hafi verið í ábyrgð á láninu og hefði ekki komið til skilmálabreytinga hefði lánið að öllum líkindum fallið á ábyrgðarmenn vegna vanskila. Það sé því ljóst að þeim hafi verið „stillt upp við vegg“ þegar komið hafi að skilmálabreytingum.

Vísa sóknaraðilar til 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga máli sínu til stuðnings og til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því að hann og fyrri kröfuhafi hafi uppfyllt allar skyldur sem á þeim hafi hvílt samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við upphaflega lánveitingu til lántaka og þegar gengið hafi verið frá töku sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að framkvæmt hafi verið greiðslumat á skuldara og það kynnt fyrir ábyrgðarmönnum áður en þeir hafi tekist á hendur ábyrgðina. Niðurstaða greiðslumatsins hafi verið neikvæð og hafi sérstaklega verið hakað í þar til gerðan reit á niðurstöðublaði greiðslumatsins sem settur hafi verið fram á áberandi hátt. Þá hafi jafnframt verið hakað í reitinn þar sem komi fram að ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til endurgreiðslu annarra skulda. Því hafi varnaraðili fullnægt þeim skyldum sínum samkvæmt samkomulaginu.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar byggi m.a. á því að þau hafi hvorki verið upplýst um neikvæða greiðslugetu skuldara fyrr en eftir að þau hafi gengist í ábyrgðina né heldur bent á þann möguleika að kynna sér niðurstöður greiðslumatsins. Varnaraðili bendir á að þær fullyrðingar séu beinlínis rangar enda komi skýrt fram á blaðinu „Niðurstaða greiðslumats“ að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gangist í ábyrgðina. Þá hafi sóknaraðilar staðfest að hafa fengið og kynnt sér bækling um ábyrgðir og lánsveð. Verði sóknaraðilar að bera allan halla af því að hafa ekki óskað eftir að fá að kynna sér forsendur greiðslumatsins, telji þau það kunna að hafa áhrif á ákvörðun þeirra að takast á hendur sjálfskuldarábyrgðina. Varnaraðili bendir m.a. á að dómstólar hafi í úrskurðum sínum talið að sambærileg framsetning niðurstöðu greiðslumats uppfylli skilyrði samkomulagsins. Vísist um þetta m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðilar bendi réttilega á að niðurstaða greiðslumatsins sé dagsett tveimur dögum seinna en skuldabréf og telja að varnaraðili hafi með því vanrækt að kynna þeim niðurstöðu þess áður en þau hafi gengist í ábyrgðina. Varnaraðili mótmælir því harðlega og bendir á að þrátt fyrir að niðurstaða greiðslumatsins hafi verið dagsett á eftir skuldabréfinu liggi hins vegar afar skýrt fyrir að skuldabréfið hafi ekki verið keypt og greitt inn á umbeðinn ráðstöfunarreikning fyrr en 8 dögum eftir undirritun greiðslumatsins. Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila hafi því fyrst orðið virk þegar skuldabréfið hafi verið keypt og greitt út. Þar af leiðandi telur varnaraðili að það liggi skýrt og afdráttarlaust fyrir að sóknaraðilum hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins áður en þau hafi gengist í ábyrgðina. Varnaraðili bendir jafnframt á að það sé meginregla í samninga- og kröfurétti að ábyrgðarmenn verði ekki bundnir við ábyrgðaryfirlýsingar sínar nema það stofnist jafnframt gild krafa á hendur aðalskuldara. Þar sem krafa varnaraðila á hendur lántaka hafi ekki stofnast fyrr en 14. júlí 2006 hafi sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila fyrst getað orðið virkar á þeim tímapunkti. Varnaraðili telur það því gefa augaleið að sóknaraðilum hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins áður en ábyrgð þeirra hafi orðið virk og þ.a.l. geti ekki komið til álita að fella ábyrgðina niður með vísan til 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins og 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Varnaraðili byggir jafnframt á að sóknaraðilar hafi sýnt ótvíræðan vilja til þess að gangast í sjálfskuldarábyrgðina. Hafi vilji þeirra ekki staðið til þess að gangast í sjálfskuldarábyrgðina þegar þeim hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins hafi þeim verið í lófa lagið að mótmæla því að lánið yrði veitt líkt og þeim hafi verið heimilt. Það hafi sóknaraðilar þó ekki gert. Það fáist því ekki séð að sóknaraðilar hafi verið beittir þrýstingi til að takast á hendur sjálfskuldarábyrgðina því þeim hafi

augljóslega verið heimilt að neita að skrifa á blaðið og mótmæla því að lánið yrði greitt út, sbr. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Þess í stað hafi þau undirritað blaðið athugasemdalaust. Sóknaraðilar hafi svo margítrekað þennan vilja sinn til að vera í sjálfskuldarábyrgð með fjölmörgum athugasemdalausum undirritunum á skilmálabreytingar lánsins.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðilar hafi sýnt af sér verulegt tómlæti við að halda fram rétti sínum, bæði með því að samþykkja athugasemdalaust fjölmargar skilmálabreytingar lánsins sem og að setja ekki fram beiðni um afléttingu sjálfskuldarábyrgðarinnar fyrr en um sjö og hálfu ári eftir lánveitinguna.

Með hliðsjón af framansögðu fær varnaraðili ekki séð annað en að hann hafi uppfyllt allar skyldur sem á honum hafi hvílt samkvæmt samkomulaginu. Því séu ekki fyrir hendi neinar forsendur eða aðstæður í málinu sem gefi tilefni til þess að sjálfskuldarábyrgðum sóknaraðila verði vikið til hliðar í heild eða að hluta, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Með vísan til alls ofangreinds er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á skuldabréfi nr. XX (áður X) útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. Verður varnaraðili talinn bundinn við efni þess, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði engu að síður veitt, skal hann staðfesta það skriflega.

Í málinu liggur fyrir skjal sem ber heitið „Niðurstaða greiðslumats“. Á skjalinu kemur fram að niðurstaða greiðslumats bendi til þess að lántakandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Skjalið er dagsett 6. júlí 2006 en útgáfudagur umrædds skuldabréfs var 4. júlí 2006. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur fram að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Sóknaraðilar skrifuðu undir skuldabréf nr. XX þann 4. júlí 2006 og gengust þar með í ábyrgðina þann dag og skiptir í því samhengi ekki máli þótt krafa varnaraðila á hendur aðalskuldara hafi ekki stofnast fyrr en við útgreiðslu lánsins nokkrum dögum síðar. Ekki liggja fyrir gögn sem staðfesta að sóknaraðilum hafi verið gefinn kostur á að hætta við að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds skuldabréfs áður en þau skrifuðu undir skjalið „Niðurstaða greiðslumats“, sbr. t.d.

úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 41/2012, 128/2012 og 10/2013.

Ekki er fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 hafi fordæmisgildi í máli því sem nú er til úrlausnar, enda var í því máli um að ræða jákvætt greiðslumat. Sú er ekki aðstaðan í máli þessu.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðilum varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna þeim greiðslumat á skuldaranum áður en þau gengust í sjálfskuldarábyrgðirnar og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu þeirra. Fæst ekki séð að þetta hafi komið upp við skilmálabreytingar á láninu. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðilar hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að ábyrgðaryfirlýsingar þeirra verði látnar standa, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 630/2013.

Í ljósi framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga er fallist á kröfu sóknaraðila um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgða þeirra á skuldabréfi nr. XX, útgefnu af A til FF.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila, N og M, á skuldabréfi nr. XX, útgefnu af A til FF eru ógildar.

Reykjavík, 9. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, þriðjudaginn 27. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 22/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 12. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 8. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 14. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 25. mars 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 9., 16. og 27. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 27. apríl 2011 gerðu sóknaraðili og varnaraðili með sér bílasamning nr. X um kaupleigu á bifreiðinni A. Leigutími var frá 28. maí 2011 til 5. desember 2015. Samningsfjárhæð var kr. 936.838.

Vanskil urðu á samningnum af hálfu sóknaraðila. Þann 20. febrúar 2013 samþykkti umboðsmaður skuldara umsókn sóknaraðila um greiðsluáðlögun. Í framhaldinu lýsti varnaraðili kröfu vegna vanskila sóknaraðila á leigugreiðslum samkvæmt samningi aðila að fjárhæð kr. 618.359.

Þann 11. júní 2013 sendi varnaraðili starfsmanni umboðsmanns skuldara tölvupóst þar sem áréttað var að það yrði að skila bifreiðinni til varnaraðila áður en samningur um greiðsluáðlögun yrði samþykktur. Auk þess samþykkti varnaraðili að sóknaraðili nyti söluverðs á bifreiðinni ef hún seldist innan eins mánaðar. Að öðru leyti færi með bifreiðina eins og skilmálar samningsins kváðu á um og stuðst væri við matsverð í uppgjöri aðila.

Þann 25. júlí 2013 skilaði sóknaraðili bifreiðinni til varnaraðila í ljósi þess að hún seldist ekki innan mánaðar. Fram fór mat á bifreiðinni, dags. 12. ágúst 2013, sem tekið var tillit til við uppgjör samningsins. Samkvæmt matinu var bifreiðin ekin 87.492 km, listaverð samkvæmt Bíló var kr. 1.059.000, uppítökuverð samkvæmt Bíló var kr. 783.000, aðfinnslur til lækunar voru kr. 317.492. Matsverð tækis með VSK var kr. 465.508 og kom það til frádráttar á uppgjöri aðila vegna samningsins.

Þann 27. júlí 2013 var bifreiðin send í ástandsskoðun hjá Frumherja hf. þar sem viðgerðarkostnaður var áætlaður. Í framhaldinu, eða þann 26. ágúst 2013, var gert uppgjör á samningi aðila. Skuld sóknaraðila við varnaraðila var samkvæmt uppgjörinu kr. 137.163.

Þann 1. nóvember 2013 óskaði sóknaraðili eftir upplýsingum um söluverð bifreiðarinnar. Varnaraðili hafnaði þeirri ósk og upplýsti sóknaraðila um að upplýsingar um söluverð til þriðja aðila væru ekki gefnar upp enda um að ræða gögn er varða viðskipti milli varnaraðila og þriðja aðila sem væru sóknaraðila óviðkomandi auk þess sem í samningi aðila kæmi skýrt fram að matsverð en ekki endanlegt söluverð kæmi til frádráttar skuldum við uppgjör.

Fyrir liggur auglýsing af heimasíðunni Bill.is þar sem auglýst er til sölu bifreiðin B á kr. 1.290.000. Samkvæmt auglýsingunni var bifreiðin ekin 86.000 km.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 8. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili upplýsi um söluverð bifreiðarinnar A og endurgreiði mismuninn af eftirstöðvum lánsins og söluverðinu með tilheyrandi vöxtum.

Sóknaraðili bendir á að þann 28. maí 2011 hafi hún tekið lán hjá varnaraðila sem átt hafi að standa til 5. desember 2015. Við greiðsluaðlögunarsamning hjá umboðsmanni skuldara hafi sóknaraðili þurft að skila bílnum til varnaraðila. Bíllinn hafi verið metinn á kr. 1.290.000 en varnaraðila hafi tekist að lækka matsverðið í 465.508 og hafi hirt gróðann.

Sóknaraðili vísar til þess að bifreiðin hafi verið nýskoðuð af Frumherja og hafi flogið í gegnum skoðunina. Svo hafi sama fyrirtæki í samvinnu við varnaraðila lækkað matsverðið í 465.508 eftir afhendingu. Milligjöfin eigi með réttu að koma til sóknaraðila, skráðs eiganda bifreiðarinnar. Varnaraðili hafi aldrei viljað tjá henni hvað fyrirtækið hafi selt bílinn á og hirði gróðann með því að svindla á henni.

Sóknaraðili telur að máttur einstaklingsins gagnvart varnaraðila sem stundi fjármálabrask í skjóli 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sé lítill. Fjöldi fólks með bílasamning við varnaraðila hafi farið í gegnum greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara eftir þann forsendubrest sem orðið hafi eftir hrunið.

Sóknaraðili bendir á að hún hafi fengið einn mánuð til að selja bifreiðina. Lítil sem engin sala hafi verið á þessum tíma og útkoman hefði eflaust verið önnur í ágúst eða september, sem sé alþekkt þegar skólar og atvinnulíf fari aftur í gang eftir dvala sumarsins.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur að ekki sé til staðar samningssamband milli sóknar- og varnaraðila, sbr. a-lið 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Starfssvið nefndarinnar sé útlistað í 3.-7. gr. samþykktanna og komi þar skýrlega fram hverjir geti borið fram kvartanir við nefndina.

Varnaraðili bendir á að þegar bifreiðinni hafi verið skilað, kostnaðarmat og uppgjör klárað á samningi aðila og engar athugasemdir gerðar af sóknaraðila innan þess frests sem 23. gr. samningsins tilgreini sé ljóst að samningssambandi milli aðila hafi verið lokið.

Í ljósi ofangreinds telur varnaraðili að starfssvið nefndarinnar nái ekki yfir kvörtun sóknaraðila í máli þessu og þar sem grundvallarskilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar sé ekki uppfyllt beri nefndinni að vísa málinu frá.

Fallist úrskurðarnefndin ekki á framangreindar málsástæður telur varnaraðili ljóst að nefndin verði að líta til b-liðar 6. gr. samþykktanna.

Bendir varnaraðili á að varðandi uppgjör á bifreiðinni hafi verið farið eftir skýrum ákvæðum í samningi milli aðila. Varnaraðili hafi þó áður, án nokkurrar skyldu, gefið sóknaraðila kost á að reyna að selja bifreiðina á almennum markaði og hafi gefið sóknaraðila mánuð til þess. Þar sem sóknaraðili hafi ekki náð að selja bifreiðina innan þess tíma hafi verið farið eftir skýrum ákvæðum í samningi aðila, n.t.t. 23. gr. samningsins sem fjalli um uppgjör á samningi vegna loka á samningi.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt framansögðu sé ljóst að krafa sóknaraðila um afhendingu gagna um söluverð umræddrar bifreiðar til þriðja aðila verði ekki metin til fjár í þessu tilfelli þar sem uppgjóri og þar með endalokum á samningssambandi aðila hafi verið hagað í fullu samræmi við ákvæði í samningi aðila. Þar af leiðandi séu ekki fjárhagslegir, né lögvarðir hagsmunir fyrir hendi hjá sóknaraðila til að krefjast umræddra gagna um viðskipti varnaraðila og þriðja aðila. Í ljósi þessa beri úrskurðarnefndinni að vísa málinu frá, sbr. b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili vísi til þess að bifreiðin hafi verið í sölu hjá bifreiðasölnunni Bíll.is og leggi fram útprentun af heimasíðu Bíll.is og ljósmynd af B þess efnis. Varnaraðili bendir á að hvergi komi fram fastanúmer þeirrar bifreiðar sem sóknaraðili haldi fram að sé bifreiðin A, hvorki í útprentun af heimasíðu Bíll.is né á ljósmynd af bifreiðinni. Varnaraðili bendir á að það sé með engu móti hægt að sannreyna að um sömu bifreið sé að ræða af þeim gögnum sem sóknaraðili leggi fram í málinu, en sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að mynda bifreiðina þar sem fastanúmer hennar sæist eða fá staðfestingu frá bifreiðasölnunni þess efnis. Auk þess telji varnaraðili að það standist ekki að um sömu bifreið sé að ræða í ljósi þess að þegar bifreiðin A hafi verið skoðuð af óháðum aðila þann 26. júlí 2013 þá hafi bifreiðinni verið ekið 87.492 km, en einungis 86.000 km þegar sóknaraðili hafi prentað út upplýsingar um meinta bifreið af heimasíðu Bíll.is þann 25. september 2013. Það standist augljóslega ekki að akstur bifreiðarinnar sé minni tveimur mánuðum seinna, þ.e. hafi farið lakkandi á tímabilinu 26. júlí til 25. september 2013. Ennfremur skuli á það bent að varnaraðili standi ekki að sölu þeirrar bifreiðar sem skráð sé á sölusíðu Bíll.is og geti umrædd auglýsing ekki haft neina þýðingu fyrir niðurstöðu málsins.

Varnaraðili telur að samkvæmt ofansögðu sé ljóst að þessi málsástæða sóknaraðila sé vanreifuð og í versta falli röng. Þar af leiðandi sé málið illa upplýst af hendi sóknaraðila, sbr. e-lið 6. gr. samþykktar nefndarinnar. Í ljósi alls framangreinds sé ljóst að málið sé óhæft til afgreiðslu, sbr. 7. gr. samþykktanna og því ljóst að nefndinni beri að vísa málinu frá á framangreindum grundvelli.

Varnaraðili vísar til þess að þau samkomulög sem varnaraðili geri um fullnustueignir sínar við þriðja aðila séu trúnaðarmál þeirra á milli. Varnaraðili, sem fjármálafyrirtæki, sé bundinn trúnaði við viðskiptamenn sína, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002, svo og ákvæði persónuverndarlaga nr. 77/2000. Varnaraðila sé því einfaldlega óheimilt að láta umræddar upplýsingar í té. Jafnvel þótt um væri að ræða eiginlega sölu á umræddri bifreið þá væri slík sala jafnframt trúnaðarmál á milli seljanda og kaupanda.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi aldrei verið eigandi að umræddri bifreið heldur hafi hún verið að fullu í eigu varnaraðila og hafi sóknaraðili einungis haft umráð með bifreiðinni á grundvelli leigusamnings aðila. Skýrt sé kveðið á um það í 23. gr. í samningi aðila að það sé matsverð bifreiðarinnar eða viðmiðunarverð en ekki endanlegt söluverð sem komi til frádráttar skuldum við uppgjör samningsins. Matsverð það sem lagt hafi verið til grundvallar uppgjóri samningsins sé uppítökuberð samkvæmt viðmiðunarverðskrá bílaumboðanna (Bíló), áætlaður viðgerðarkostnaður samkvæmt niðurstöðu ástandsskoðunar auk 3% sölulauna og annars kostnaðar sem tilgreindur sé í 22. gr. samningsins.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili, hafi enga lögvarða hagsmuni af því að fá umrædd gögn afhent. Vísist í þessu sambandi til úrskurðar héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. V-32/2011, þar sem varnaraðili varð ekki skyldaður til að afhenda sóknaraðila upplýsingar um endursöluverð tækja sem leigð hafi verið sóknaraðila með sambærilegum samningum og hér liggi til grundvallar. Sama hafi gilt um kröfu sóknaraðila um upplýsingar um hvaða tæki væru óseld. Hafi niðurstaða dómsins grundvallast á því að tækin hafi ekki verið í eigu sóknaraðila og endursöluverð þeirra hafi ekki varpað ljósi á skuldir hans við varnaraðila, enda hafi skýrt komið fram í samningum aðila að það hafi verið matsverð tækjanna en ekki söluverð sem legið hafi til grundvallar uppgjóri samninganna.

Varnaraðili bendir á að þegar bifreið sé skilað til varnaraðila fari fram mat á henni með þeim hætti að gert sé svokallað kauptilboð um bifreiðina sem taki mið af viðmiðunarverði Bíló eða nánar tiltekið mati á tegund bifreiðarinnar, aldri og akstri hennar. Sá fyrirvari sé gerður við tilboðið að bifreiðin fari í gegnum ástandsskoðun. Ástandsskoðun fari að því loknu fram og í kjölfarið útbúin kostnaðarmatsskýrsla þar sem áætlaður viðgerðarkostnaður á bifreiðinni sé sundurliðaður. Sá kostnaður sé að því búnu dreginn frá viðmiðunarverði Bíló og eftirstöðvarnar lagðar til grundvallar á uppgjóri samningsins. Þetta komi allt saman fram í þeim gögnum sem varnaraðili hafi sent sóknaraðila við uppgjör samningsins.

Varnaraðili byggir á því að umrætt matsverð liggi til grundvallar uppgjóri samnings en ekki söluverð bifreiðarinnar. Það að varnaraðili hafi komið til móts við sóknaraðila með því að gefa honum einn mánuð til að selja bifreiðina á almennum markaði og hann myndi þá njóta góðs af söluverði hennar breyti í engu samningi aðila. Þar sem sóknaraðila hafi ekki tekist að selja bifreiðina innan eins mánaðar hafi skýr ákvæði samningsins varðandi uppgjör hans tekið við.

Í ljósi alls ofangreinds telur varnaraðili að hafna beri kröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að afhendingu varnaraðila á gögnum er varða uppgjör á bílasamningi nr. X. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili upplýsi um söluverð bifreiðarinnar A og endurgreiði mismuninn af eftirstöðvum lánsins og söluverðsins með tilheyrandi vöxtum.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni á grundvelli 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, enda sé samningssamband á milli aðila.

Úrskurðarnefndin telur að almennt beri að túlka hugtakið samningssamband rúmt þegar neytendur skjóta málum til nefndarinnar. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi enn ekki réttilega gert upp við sig á grundvelli samnings þeirra. Enda þótt varnaraðili beri fyrir sig að samningssambandinu sé lokið og skyldur hans samkvæmt því hafi verið efndar að fullu, leiðir það ekki til frávísunar málsins. Í samræmi við þetta þykir rétt að ágreiningur aðila komi til efnislegrar meðferðar fyrir nefndinni.

Fyrir liggur að sóknaraðili telur sig geta reist fjárkröfu á hendur varnaraðila á umkröfðum gögnum. Eru kröfur hennar fyrir nefndinni svo nátengdar þessari fjárkröfu að b-liður 6. gr. samþykktar nefndarinnar stendur því ekki í vegi að fjallað sé um þær, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 177/2012.

Ekki er fallist á kröfu varnaraðila um frávísun á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, enda verður lesið úr kröfu sóknaraðila að hann krefjist þess að varnaraðili upplýsi um söluverð bifreiðarinnar og endurgreiði mismuninn á eftirstöðvum lánsins og söluverðinu með tilheyrandi vöxtum. Er málið því ekki svo óljóst, illa upplýst og kröfur aðila svo óskýrar að málið sé ekki tækt til úrskurðar.

Krafa varnaraðila um frávísun málsins á grundvelli 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki verður ekki tekin til greina enda er um að ræða málsástæðu er varðar efnislegan grundvöll málsins.

Kröfu varnaraðila um frávísun málsins er því hafnað.

Verður því næst vikið að kröfu sóknaraðila um að varnaraðili upplýsi um söluverð umþrættrar bifreiðar.

Í 23. gr. bílasamnings nr. X kemur m.a. fram að frá greiðslu leigutaka til varnaraðila skuli draga matsverð leigumunar sem í tilfelli ökutækja sé kauptilboð (uppítökuverð) skv. viðmiðunarverðskrá bílaumboðanna, Bíló, auk 15% viðbótaraffalla á viðmiðunarverð og áætlaðan viðgerðarkostnað skv. niðurstöðu ástandsskoðunar auk 3% sölulauna og annars kostnaðar sem tilgreindur er í 22. gr. Yrði ágreiningur um matsverð og/eða viðgerðarkostnað og aðilar næðu ekki samkomulagi mætti leigusali láta selja leigumun beint á opinberu uppboði hjá sýslumanninum í Reykjavík, Hafnarfirði eða Kópavogi, skv. 8. gr. laga nr. 90/1991, í því ástandi sem hún væri, enda hefði leigutaki mótmælt matinu eða uppgjörinu skriflega innan 7 daga frá því honum mátti vera það kunnugt. Að öðrum kosti teldist hann við það bundinn.

Ljóst er að samningsbundið er að leggja kauptilboð skv. viðmiðunarverðskrá bílaumboðanna til grundvallar við uppgjör aðila, sbr. 23. gr. samnings nr. X. Liggur fyrir að varnaraðili gerði það, sbr. verðmatsskýrslu, dags. 12. ágúst 2013 og uppgjör umrædds samnings, dags. 26. ágúst 2013.

Á hinn bóginn er til þess að líta að uppgjör varnaraðila samkvæmt þeim aðferðum sem hann stillti einhliða upp sem stöðluðum samningsskilmálum ber með sér hættu á að niðurstaðan verði mjög ósanngjörn fyrir þann neytanda sem hefur gengið að skilmálunum. Þannig er bíllinn í fyrsta lagi afskrifaður á grundvelli upplýsinga um gangverð sambærilegra bíla. Þá eru tekin 15% af verðinu, en frá þessu lækkaða verði eru síðan dregnir kostnaðarliðir vegna fjölda atriða sem í þessu tilviki virðast mörg hver lúta að næsta venjulegu ástandi sex ára gamals bíls og sum hver vera þannig vaxin að fjarlæggt sé að leggja í viðgerðarkostnað vegna þeirra.

Enda þótt nefndin hafi ekki gögn í höndunum til að fullyrða að víkja megi uppgjöri varnaraðila á grundvelli samningsskilmálanna til hliðar í heild sinni, virðist henni þó að nægar vísbendingar séu uppi um að slíkt geti komið til greina, til að fallast verði á kröfu sóknaraðila um að upplýst verði hvaða verð var lagt til grundvallar í síðari viðskiptum varnaraðila með bifreiðina. Þannig verði lagt mat á hvort uppgjör sóknaraðila hafi í raun verið ósanngjarnt. Verður í þessu samhengi ekki litið fram hjá tölvupósti varnaraðila þar sem áréttað var að það yrði að skila bifreiðinni til varnaraðila áður en samningur um greiðsluáðlögun yrði samþykktur, en það var forsenda þess að sóknaraðili héldi húsnæði sínu. Þá þykir í þessu samhengi rétt að benda á dreifibréf FME til fjármálafyrirtækja nr. 2010040005, dags. 30. ágúst 2010, þar sem sú afstaða FME er látin uppi að það samræmist eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum í skilningi 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, að skuldari njóti góðs af þeim hagnaði sem myndast þegar bifreið er seld á hærra verði en matsverð hennar hljóðar á um samkvæmt uppgjöri.

Samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002 eru stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórnar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Ekki verður talið að umrætt ákvæði nái til sölu bifreiða, enda hefur ekki verið litið svo á að kaupendur bifreiða af fjármálafyrirtækjum teljist viðskiptamenn þeirra í skilningi laga um fjármálafyrirtæki. Gildir að þessu leyti annað um fjármögnun kaupanna, en til þess nær 58. gr. laga nr. 161/2002. Við afhendingu gagnanna er varnaraðila því rétt að afmá þær upplýsingar sem varða fjármögnun, sem hann telur falla undir trúnaðarskyldu. Fær þessi niðurstaða stöð í fyrri ákvörðunum nefndarinnar og úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál í málinu nr. A-370/2011.

Á hinn bóginn getur nefndin ekki fallist á kröfu sóknaraðila um að samningsskilmálunum verði vikið til hliðar í heild sinni og þess í stað byggt á verði í síðari viðskiptum, enda liggur ekkert fyrir um hvert það var.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, F, um frávísun kröfu sóknaraðila, M, er hafnað.

Varnaraðili skal afhenda sóknaraðila gögn um ráðstöfun bifreiðarinnar X eftir að sóknaraðili var svipt vörslum bifreiðarinnar Skulu gögnin bera með sér það verðmæti sem lagt var til grundvallar í þeim viðskiptum en ekki lánskjör..

Reykjavík, 27. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 9. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 23/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 20. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 1. apríl 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 9. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 14. júní 2007 var afsal gefið út til sóknaraðila vegna kaupa hennar á fasteigninni að A.

Þann 11. ágúst 2008 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.500.000 gefið út af sóknaraðila til FF. Varnaraðili hefur nú tekið við réttindum og skyldum FF skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila að A, var sett að veði á 3. veðrétti til tryggingar láninu. B tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur þann 20. maí 2010 var sóknaraðila veitt heimild til að leita greiðsluaðlögunar fasteignaveðlana er hvíldu á eign hennar að A.

Árið 2011 óskaði sóknaraðili eftir niðurfærslu veðskulda af íbúðalánnum samkvæmt svokallaðri 110% leið á grundvelli samkomulags lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila, dags. 15. janúar 2011. Varnaraðili hafnaði beiðni sóknaraðila um niðurfærslu veðskulda.

Þann 7. febrúar 2014 barst sóknaraðila tilkynning um nauðungarsölu. Sóknaraðila tilkynntist að embætti sýslumannsins í Reykjavík hefði borist beiðni um

nauðungarsölu á eigninni A. Samkvæmt beiðni um nauðungarsölu, dags. 14. febrúar 2011, var heimildaskjalið skuldabréf nr. X, en heildarsamtala skuldarinnar var kr. 3.605.438.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 13. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Í liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*F óskar eftir greiðslu höfuðstóls 2.727.698, dráttarvaxta upp á 29 412.223 og innheimtubókun upp á 299.230, auk annarra kostnaðarliða, samtals 3.605.438.*“

Sóknaraðili vísar til þess að lánið hafi verið notað til íbúðakaupa og sé með veði á 3. veðrétti í fasteign hennar. Hafi hún farið 110% leiðina til að leiðrétta lánin á íbúðinni og hafi varnaraðili neitað að taka þátt.

Bendir sóknaraðili á að lán með veði í húsnæði falli ekki undir sammingskröfu. Varnaraðili hafi neitað að taka þátt í 110% leiðinni á þeirri forsendu að umrætt lán væri ekki íbúðalán. Sóknaraðili vísar til þess að við kaup á eigninni hafi varnaraðili veitt henni yfirdrátt upp á kr. 2.000.000 sem hún hafi skuldbreytt í kr. 2.500.000 lán með veði í fasteign sinni. Hafi varnaraðili nú farið fram á nauðungarsölu á fasteigninni.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi farið í greiðsluaðlögun árið 2010 með sammingskröfum annars vegar og fasteignakröfum hins vegar. Krafa varnaraðila hafi ekki talist til sammingskrafna vegna veðs í fasteign en ekki heldur til íbúðaláns að þeirra mati. Nú sé krafa varnaraðila gjaldfallin. Sóknaraðili telur að um íbúðalán hafi verið að ræða sem falla hafi átt undir 110% leiðina.

Sóknaraðili bendir á að hún hafi óskað eftir láni frá varnaraðila til kaupa á fasteign sinni. Hafi varnaraðili neitað henni um lánið á þeim forsendum að hún væri einstæð móðir og hafi ekki haft ábyrgðarmann tiltækan. Hafi varnaraðili hins vegar verið reiðubúinn að veita henni yfirdrátt til að ganga frá kaupunum. Þegar hún hafi flutt inn og verið komin í sambúð hafi sparisjóðurinn verið reiðubúinn að skuldbreyta yfirdrættinum í lán með veði í fasteign hennar og maðurinn hafi orðið ábyrgðarmaður. Hafi sóknaraðili því litið á lánið sem íbúðalán.

Sóknaraðili kveður aðgerðir varnaraðila persónulegar gegn henni.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir í fyrsta lagi á því að vísa skuli kæru sóknaraðila frá nefndinni. Kröfur þær sem sóknaraðili geri í málinu séu mjög óljósar en af kvörtun sóknaraðila sé erfitt að átta sig á hvers sé krafist og því erfitt fyrir varnaraðila að taka til varna.

Varnaraðili byggir í annan stað á því að hann hafi með engu móti vanefnt þær skyldur sem á honum hvíli svo réttlætt geti að fallist verði á kröfum sóknaraðila. Varnaraðili telur að umrætt veðskuldabréf falli ekki undir þær skuldir sem fella megi

niður með þeim reglum sem kveðið sé á um í samkomulaginu og því beri varnaraðila engin skylda til þess að taka þátt í 110% niðurfellingarleiðinni.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt samkomulaginu bjóðist heimilum þar sem áhvílandi veðskuldir séu umfram 110% af verðmæti fasteignar að færa veðskuldir sínar niður að 110% af verðmæti eignar. Niðurfærsla skuli eiga sér stað hjá þeim kröfuhafa/-höfum sem séu á veðréttum umfram 110% af verðmæti eignar. Þær skuldir sem færa megi niður samkvæmt samkomulaginu séu þær skuldir sem stofnað hafi verið til vegna fasteignakaupa umsækjanda fyrir árið 2009 og hvíli með veði á eign sem ætluð sé til heimilishalds lántaka. Um sé að ræða skuldir sem uppfylli skilyrði til vaxtabóta, sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og séu að fjárhæð umfram 110% veðmörk.

Varnaraðili vísar til þess að vaxtagjöld af lánnum vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota myndi rétt til vaxtabóta. Veðskuldabréfið sem sóknaraðili hafi gefið út árið 2008 hafi ekki verið tilkomið vegna kaupa á íbúðarhúsnæði og falli því utan þess að mynda rétt til vaxtabóta. Varnaraðili hafi hafnað kröfum sóknaraðila um niðurfærslu skuldarinnar á þeim grundvelli að ekki væri um að ræða fasteignalán. Sóknaraðili hafi keypt fasteignina að A og sé afsal gefið út þann 14. júní 2007. Veðskuldabréf sóknaraðila hafi ekki verið gefið út fyrr en rúmu ári seinna, hinn 11. ágúst 2008. Varnaraðili telur því einsýnt að ekki hafi verið um að ræða fasteignalán. Lánveitingin falli því utan þeirra veðskulda sem samkomulagið um 110% leiðina nái til.

Með vísan til alls ofangreinds telur varnaraðili að ekkert bendi til annars en að veðskuldabréf sóknaraðila sé í fullu gildi og að varnaraðila beri ekki að fallast á umbeðna niðurfellingu veðskuldabréfsins.

V.

Niðurstaða.

Í 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Í liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*F óskar eftir greiðslu höfuðstóls 2.727.698, dráttarvaxta upp á 29 412.223 og innheimtubókun upp á 299.230, auk annarra kostnaðarliða, samtals 3.605.438.*“

Í málalíbúnaði sínum fjallar sóknaraðili um að varnaraðili hafi neitað að taka þátt í 110% leiðinni, um greiðsluádlögun og um beiðni varnaraðila á nauðungarsölu á fasteign sóknaraðila.

Af öllu framangreindu verður ekki ráðið hvers sóknaraðili krefst í málinu eða á hverju krafan byggir, enda setur sóknaraðili enga skýra kröfu fram.

Með vísan til framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa máli sóknaraðila frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar nefndarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 9. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 16. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 24/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 18. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 17. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 6. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Engar athugasemdir bárust.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 9. og 16. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 30. janúar 2007 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 800.000 gefið út af A til FF. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð og óskaði eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda. Tekið var fram að ábyrgðaraðili gæti óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda enda væri heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda gagnvart FF lægri en kr. 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda. Staðfesti sóknaraðili að hann hefði kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Þann 2. ágúst 2007 var skuldabréf nr. Y, að fjárhæð kr. 875.000, gefið út af A til FF. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð og óskaði eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda. Tekið var fram að ábyrgðaraðili gæti óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda enda væri heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda gagnvart FF lægri en 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda. Staðfesti sóknaraðili að hann hefði kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Fyrir liggur lánsúmsókn þar sem A sótti um lán að fjárhæð kr. 2.650.000 til að greiða skuldabréf nr. Y og X. Tiltekið var að sóknaraðili tækist á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna lánsins.

Fyrir liggur skjalið forsendur greiðslumats, sem lokið var þann 17. september 2008. Lántaki var tilgreind A og sóknaraðili var maki hennar. Tekið var fram að þau byggju hjá foreldrum hans, a.m.k. til áramóta. A væri í fæðingarorlofi og sóknaraðili væri líklega kominn með nýja vinnu og fengi 300.000 útborgað, en engin staðfesting væri á því. Þá væri sóknaraðili með tvær greiðsludreifingar hjá Eurocard/Mastercard, greiðslubyrði 179.133 og 77.821, aðeins 1 og 2 greiðslur eftir og því engin greiðslubyrði. Fjárhæð láns var tilgreind 2.600.000. Samkvæmt skjalinu skyldi lánið nýtt til uppgreiðslu á skuldabréfum nr. X kr. 409.572, Y kr. 809.160, Z kr. 469.949, yfirdrætti á reikningi nr. Þ kr. 260.000, Eurocard/Mastercard kr. 69.286 og Eurocard/Mastercard kr. 527.526.

Þann 17. september 2008 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ útbúið en það er óundirritað. Lántaki var tilgreind A og maki hennar var sóknaraðili. Fjárhæð láns var kr. 2.600.000. Samkvæmt greiðslumatinu voru útborguð mánaðarlaun lántaka kr. 136.343, útborguð mánaðarlaun maka voru kr. 285.000 og aðrar tekjur voru kr. 0. Ráðstöfunartekjur samtals voru kr. 421.343. Áætlaður framfærslukostnaður var kr. 175.310, áætlaður rekstrarkostnaður bifreiða var kr. 45.000, áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna var kr. 0 og annar kostnaður kr. 0. Áætluð greiðslugeta án tillits til skulda var kr. 201.033. Áætluð greiðslubyrði lána sem ekki yrðu greidd upp var kr. 141.043 og áætluð greiðslubyrði væntanlegs láns var kr. 43.762. Öryggismörk í greiðslubyrði væntanlegs láns voru kr. 0. Áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda var kr. 16.228. Engar eignir voru tilgreindar í greiðslumatinu. Skuldir ekki uppgreiddar voru kr. 5.345.461, þar af voru vanskil kr. 123.904. Væntanlegt lán var kr. 2.600.000. Skuldir samtals voru kr. 7.945.461. Eignastaða var neikvæð um kr. 7.945.461. Tiltekið var á skjalinu að greiðslugeta teldist næg.

Þann 2. október 2008 var skuldabréf nr. Æ, að fjárhæð kr. 2.650.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu. Ritaði sóknaraðili upphafsstafi sína við að hann óskaði eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda en hakaði ekki við þar til gerðan reit. Tiltekið var að ábyrgðaraðili gæti óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda enda væri heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda gagnvart FF lægri en kr. 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda. Ábyrgðaraðili skyldi staðfesta ósk um undanþágu með upphafsstöfum sínum. Sóknaraðili staðfesti að hann hefði kynnt sér efni upplýsingabæklingis FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands þann 10. september 2009 var nauðasamningur A til greiðsluaðlögunar staðfestur.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 17. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgð hans á láni A vegna skuldabréfs nr. Æ verði úrskurðuð ógild.

Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi nýlega verið skráður í sambúð með A þegar hann hafi gengist í ábyrgð fyrir hana. Þau hafi verið með aðskilinn fjárhag og skilað sínu skattframtalinu hvort. Sóknaraðila hafi ekki verið ljós fjárhagsleg staða A

Þegar hann hafi gengist í ábyrgð fyrir hana. A hafi til dæmis farið ein í gegnum greiðsluaðlögun. Sóknaraðili kveðst ekki hafa samþykkt með formlegum hætti að greiðslumat yrði ekki framkvæmt. Hann hafi enga aðkomu haft að lánsúmsókn og hafi ekki skrifað undir hana. Auk þess hafi bankinn ekki tilkynnt honum að til stæði að nýta nýtt lán til að greiða upp eldri heimild A. Bankinn hafi þannig ekki uppfyllt formskilyrði og því beri að ógilda ábyrgðina.

Sóknaraðili vísar til 1. mgr. og 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili telur óumdeilt að varnaraðili hafi ekki framkvæmt mat á greiðslugetu A við útgáfu skuldabréfsins. Af gögnum málsins verði ráðið að lánsúmsókn sem varnaraðili hafi fyllt út hafi verið fyllt út án atbeina ábyrgðarmanns, enda hafi hann ekki skrifað undir það skjal. Lánveitandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar í samræmi við samkomulagið. Sóknaraðili hafi ekki veitt undanþágu fyrir framkvæmd greiðslumats. Með ritun upphafsstafa sinna á skuldabréfið hafi hann einungis fallist á að gangast í ábyrgð fyrir láninu enda gefi textinn fyrir ofan til kynna að hann sé að gangast í ábyrgð fyrir lánið. Lánveitandi sé fjármálfyrirtæki sem hafi sérþekkingu og atvinnu af bankaviðskiptum og fjármálaþjónustu. Þá séu skjölin sem um sé deilt í málinu útbúin af félaginu einhliða. Því hafi lánveitanda borið að tryggja að formskilyrði væru uppfyllt, svo sem að hakað væri í reitinn og vilji ábyrgðarmanns gerður ljós. Allur efi um raunverulegan vilja ábyrgðarmanns beri því að túlka ábyrgðarmanni í vil. Hafa beri í huga aðstöðumun einstaklings sem í ábyrgð gangist og fjármálfyrirtækis, sem yfir sérfræðikunnáttu búi og hafi atvinnu af lánveitingum. Hafi fjármálfyrirtækinu mátt vera ljóst að fjárhagur greiðanda stefndi í veruleg vandræði. Við slíkar aðstæður hefði bankanum borið að upplýsa verðandi ábyrgðarmann um stöðu A og láta fara fram greiðslumat áður en hann hafi gengist í ábyrgð, sbr. Hrd. 2005, bls. 2096.

Sóknaraðili telur atvik ekki sambærileg og í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012. Orðalag 3. gr. veiti ekki sjálfkrafa heimild til undanþágu einungis vegna þess eins að fólk sé skráð í sambúð. A og sóknaraðili hafi verið með aðskilinn fjárhag. Sóknaraðili hafi ekki haft vitneskju um eldri skuldir A. Lánveitandi hafi mátt vita að fjárhagsstaða A hafi verið slæm á þessum tíma þar sem samningur hennar um greiðsluaðlögun hafi verið samþykktur nokkrum mánuðum eftir umrædda lánveitingu. Staða lánveitanda gagnvart ábyrgðarmanni hafi því verið ójöfn. Bankinn skuli bera hallann af því að upplýsingar hafi ekki legið fyrir sem hefðu getað skipt sköpum við ákvörðun sóknaraðila um að gangast í ábyrgð fyrir láninu. Fullnægjandi greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt þrátt fyrir að ábyrgðarmaður hafi ekki með undirskrift sinni undanskilið fjármálfyrirtækið frá þeirri skyldu að framkvæma greiðslumat.

Sóknaraðili vísar máli sínu til stuðnings til 2. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Bendir sóknaraðili á að það hafi verið hagur bankans að fá tryggingu þriðja aðila fyrir skuld lánþakans vegna slæmrar fjárhagsstöðu hans enda um að ræða útgáfu skuldabréfs fyrir skuld sem þegar hafi verið stofnað til. Við þessa lánveitingu hafi ábyrgðarmaður ekki staðfest skriflega að honum hafi verið kynnt um þær fyrirætlanir skuldara að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálfyrirtæki. Á lánsúmsókn sé ritað „gr. upp heimild“ en ábyrgðarmaður hafi ekki skrifað undir eða komið að lánsúmsókn með neinum hætti. Engar upplýsingar hafi verið á skuldabréfi um að ráðstafa hafi átt láninu til uppgreiðslu heimildar.

Sóknaraðili bendir á að honum hafi ekki verið kynntur bæklingur þegar A hafi fyllt út lánsúmsókn eins og lánveitanda beri skylda til, sbr. 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili telur að upplýsingagjöf varnaraðila hafi verið verulega ábótavant og hefði væntanlega breytt afstöðu hans til ábyrgðarinnar. Í samræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar sé það lánveitanda að bera hallann af því að upplýsingar liggi ekki fyrir með þeim fyrirvara sem hefði getað skipt máli við ákvörðun ábyrgðarmanns um að gangast í ábyrgðina.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Æ verði einungis úrskurðuð ógild að því marki sem fjárhæðin er umfram kr. 1.235.192.

Varnaraðili telur í upphafi rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli það í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og afstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áðurnefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá sé jafnframt vísað til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 10/2011.

Varnaraðili bendir á að í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggi fyrir að greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna lántöku skuldara. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Samkvæmt áðurnefndu skuldabréfi hafi sóknaraðili ritað upphafsstafi sína við eftirfarandi yfirlýsingu: „Óskar eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda.“ Þar fyrir neðan hafi staðið: „Ábyrgðaraðili getur óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda enda sé heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda (útgefanda) gagnvart FF lægri en kr. 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda. Ábyrgðaraðili skal staðfesta ósk um undanþágu með upphafsstöfum sínum.“ Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili fallið frá því að greiðslugeta maka hans yrði metin, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi jafnframt ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu á umræddu skuldabréfi: „Með undirritun sinni á skuldabréf þetta staðfesta sjálfskuldarábyrgðaraðilar að þeir hafa kynnt sér efni upplýsingabæklinga FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en FF er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga“. Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili kynnt sér efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir áður en hann hafi undirritað umrætt veðskuldabréf, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Varnaraðili bendir á að það verði að teljast fremur ólíklegt að það hafi verið ákvörðunarástæða eða eftir atvikum forsenda fyrir sóknaraðila þegar hann hafi gengist í umrædda ábyrgð að hann fengi upplýsingar um greiðslugetu greiðanda enda um maka sóknaraðila að ræða. Þá verði jafnframt að telja afar ólíklegt að

sóknaraðili hefði vikist undan því að gangast í umrædda ábyrgð hefði hann fengið upplýsingar um niðurstöðu greiðslumats áður en umrætt veðskuldabréf hafi verið undirritað. Greiðslumatið hafi enda verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda veðskuldabréfsins. Í því sambandi telur varnaraðili einnig rétt að áréttta að sóknaraðili hefði getað óskað eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur varnaraðili að hann hafi í öllum meginatriðum farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og að meintir annmarkar sem nefndir hafi verið í kvörtuninni eigi ekki að leiða til ógildingar framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar. Vísað sé til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 um gildi lánsveðs. Þá vísar varnaraðili til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Hvað sem framangreindu líði telur varnaraðili ótrúverðuga þá fullyrðingu sóknaraðila að hann hafi ekki verið upplýstur um greiðslugetu A, maka síns. Hafi sóknaraðili hagað gerðum sínum á þann hátt að skrifa undir greiðslumatið án þess að kynna sér það verði hann að bera hallann af því, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 669/2010. Sóknaraðila hafi enda verið í lófa lagið að láta ógert að rita nafn sitt án þess að afla nægilegrar vitneskju um greiðslugetu A. Þá liggi ekkert fyrir um að starfsmenn varnaraðila hafi beitt sóknaraðila þrýstingi til að aðhafast eitthvað sem hann hafi ekki verið fús til.

Varnaraðili vísar til niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 um gildi sjálfskuldarábyrgðar, máli sínu til stuðnings.

Varnaraðili bendir á að í kvörtun sóknaraðila séu jafnframt gerðar athugasemdir við að varnaraðili hafi ekki tilkynnt sóknaraðila um að til stæði að nýta nýtt lán til þess að greiða upp eldri skuldir A, sbr. 2. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Af þessu tilefni telji varnaraðili að líta verði til þess að skuldir þær sem greiddar hafi verið upp virðist tengjast sóknaraðila, a.m.k. að miklu leyti. Fyrir liggi að andvirði lánsins hafi m.a. verið notað til að greiða upp skuldabréf nr. X, með uppgreiðsluverðmæti kr. 414.727 og skuldabréf nr. Y, með uppgreiðsluverðmæti kr. 820.465 en sóknaraðili hafi verið í ábyrgð fyrir þeim lánnum. Þá hafi andvirði skuldabréfsins jafnframt verið nýtt til greiðslu á kreditkortaskuld að fjárhæð kr. 607.276, en telja verði að hluti þeirrar skuldar hafi farið til sameiginlegs heimilishalds sóknaraðila og A. Auk framangreindra skulda hafi jafnframt verið greitt upp skuldabréf nr. Z, með uppgreiðsluverðmæti kr. 476.821 og yfirdráttarheimild að fjárhæð kr. 264.161. Heildarfjárhæð þeirra skulda sem greiddar hafi verið upp hafi verið kr. 2.583.450. Af þeirri fjárhæð hafi sóknaraðili verið í ábyrgð fyrir 1.235.192. Þá megi færa rök fyrir því að kreditkortaskuld A hafi að miklu leyti tengst sóknaraðila. Samtals myndi þessar fjárhæðir kr. 1.842.468. Framangreind fjárhæð sé rúm 70% af þeirri fjárhæð sem ráðstafað hafi verið til greiðslu eldri skulda. Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili vitað eða mátt vita að verið væri að ráðstafa meira en helmingi lánsfjárhæðarinnar til greiðslu eldri skulda, þ.m.t. skulda sem sóknaraðili hafi verið í ábyrgð fyrir. Sóknaraðila hafi því mátt vera fullkomlega ljóst að lánið hafi verið tekið í því skyni að greiða upp eldri skuldir og lækka greiðslubyrði A. Geti hann þegar af þeirri ástæðu ekki borið fyrir sig ákvæði umrædds samkomulags. Í annan stað sé ljóst að ákvæðið eigi ekki við þegar verið sé að greiða upp skuldir sem ábyrgðarmaður sé þegar í ábyrgð fyrir. Í slíkum tilvikum sé enda í raun verið að umbreyta ábyrgð en ekki greiða upp eldri skuld aðalskuldara í skilningi samkomulagsins. Hafi því ekki verið þörf á því að varnaraðili aflaði skriflegrar staðfestingar sóknaraðila á framangreindum ráðahag.

Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á það með málatilbúnaði sínum að það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að sóknaraðili sé bundinn við samþykki sitt fyrir veðsetningunni. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og hafi sóknaraðili vitað og eða mátt vita af því að það hefði verið framkvæmt. Þá hafi hann aðgang að því og hafi getað kynnt sér efni þess. Varnaraðili telur því að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt til að unnt sé að fallast á kröfu hans.

Varnaraðili telur kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áður nefnt skuldabréf 2. október 2008 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina með bréfi sóknaraðila í ágúst 2013 eða tæpum fimm árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að við mat samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 verði að taka tillit til þess að hluti lánsins hafi farið til greiðslu eldri skuldabréfa að fjárhæð samtals kr. 1.235.192, sem sóknaraðili hafi verið í ábyrgð fyrir. Varnaraðili telur þær ábyrgðir hafa verið gildar, enda hafi hann fylgt í öllum atriðum reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við útgáfu þeirra. Í ljósi framangreinds telur varnaraðili það hvorki ósanngjarnt né andstætt góðri viðskiptavenju í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 að bera fyrir sig umrædda ábyrgð í máli þessu.

Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Varnaraðili vísar jafnframt til niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1562/2012 um sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili telur að öllu ofangreindu virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hans á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. Æ, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. Verður varnaraðili talinn bundinn við efni þess, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars.

Fyrir liggur að sóknaraðili setti upphafsstafi sína við ósk um undanþágu frá mati á greiðslugetu á umþrættu skuldabréfi, en hakaði þó ekki við þann valmöguleika.

Þrátt fyrir það verður í ljósi texta skuldabréfsins, m.a.: „Ábyrgðaraðili skal staðfesta ósk um undanþágu með upphafsstöfum sínum“ að telja að markmið sóknaraðila með því að setja upphafsstafi sína við umrædda ósk hafi verið að óska eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins, A, sambýliskonu sinnar. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er fólki í óvígðri sambúð heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Með vísan til framangreinds var varnaraðila ekki skylt að framkvæma mat á greiðslugetu A. Verður ábyrgð sóknaraðila því ekki ógilt á þeim grundvelli.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til sjálfskuldarábyrgðar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar.

Í 2. mgr. 4. gr. ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings. Gerði sóknaraðili það við umræddar lánveitingar. Á hinn bóginn virðist ekki hafa verið leitað eftir því að hann staðfesti sérstaklega að honum væri kunnugt um að ráðstafa ætti meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Þegar litið er til þess að sóknaraðili sýndi ítrekaðan og einbeittan vilja til að ganga í ábyrgðir fyrir sambýliskonu sína, án þess að nokkurt greiðslumat yrði gert og að síðustu lánveitingunni var einkum ætlað að greiða upp eldri lán sem sóknaraðili var sjálfur í ábyrgðum fyrir verður þrátt fyrir þessa misfelli ekki talið ósanngjarnt af varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um ógildingu á ábyrgð hans á skuldabréfi nr. Æ, útgefnu af A til FF, er hafnað.

Reykjavík, 16. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 16. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 25/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 20. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 20. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 20. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 16. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 15. júní 2004 var „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X “ undirritað. A óskaði eftir láni að fjárhæð kr. 850.000. Sóknaraðili og B voru tilgreindir ábyrgðarmenn. Gert var ráð fyrir greiðslumati á skjalinu en reitir þess efnis hafa verið fylltir út með kr. 0. Eftirfarandi texti kom fram á skjalinu: „Undirrituðum hefur verið kynntur réttur ábyrgðarmanna/veðsala til að óska eftir mati á greiðslugetu umsækjanda. Ávallt er skylt að meta greiðslugetu umsækjanda þegar um einstakling er að ræða og ábyrgð ábyrgðarmanns/veðsala á fjárhagslegum skuldbindingum viðkomandi einstaklings nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. - Við hyggjumst gangast í sjálfskuldarábyrgð/lána veð til tryggingar láni sem kann að verða veitt á grundvelli úmsóknar þessarar og greiðslumats. Við höfum kynnt okkur fræðslubækling um sjálfskuldarábyrgðir.“ Gert var ráð fyrir að hakað væri við hvort óskað væri eftir greiðslumati eða ekki, hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda hjá bankanum og að niðurstaða greiðslumats benti til

Þess að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður/veðsali samþykkti að gangast í ábyrgð/lána veð engu að síður. Ekki hefur verið hakað við nokkurn þessara valmöguleika.

Þann 15. júní 2004 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 850.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Þann 28. desember 2012 sendi umboðsmaður skuldara fyrir hönd sóknaraðila tölvupóst til varnaraðila og óskaði eftir því að ábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 28. desember 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 20. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgð hennar á skuldabréfi nr. X verði felld úr gildi.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa farið eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga þegar hún hafi gengist í framangreinda ábyrgð. Ekki hafi verið framkvæmt mat á greiðslugetu, sbr. 3. gr. samkomulagsins og henni ekki kynntur upplýsingabæklingur skv. 4. gr. þess.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé fjármálafyrirtæki einungis skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Í þessu máli hafi fjárhæð láns einungis verið kr. 850.000 og því hafi greiðslumat ekki verið framkvæmt. Samkomulagið hafi verið í gildi þegar lánið hafi verið tekið.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili haldi því fram að honum hafi ekki borist upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og lánsveð. Með undirritun sinni á lánsúmsókn sem fylgt hafi með umræddu skuldabréfi hafi sóknaraðili hins vegar staðfest að hafa kynnt sér bæklinginn, í samræmi við 4. gr. samkomulagsins. Undirritunar sóknaraðila hafi verið krafist á lánsúmsókn m.a. til að sýna fram á að ábyrgðarmanni eða veðsala hafi verið kynntur umræddur bæklingur. Varnaraðili geti ekki byggt á öðru en undirritun sóknaraðila. Hafi ábyrgðarmanni ekki verið kynntur upplýsingabæklingur bankans, þrátt fyrir að rita undir staðfestingu þess efnis, verði sóknaraðili að færa á það sönnur.

Varnaraðili vísar til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012. Varnaraðili bendir á að atvik í umræddu dómsmáli og því máli sem hér sé til umfjöllunar séu ekki alveg sambærileg. Í dómsmálinu hafi verið um sambúðarfólk að ræða og ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat. Í þessu máli sé um einstakling að ræða og ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat. Það fordæmi sem komi fram í dómnum og hafi þýðingu í þessu máli sé hins vegar að þar sé því slegið föstu að ekki

hafi verið þörf á því að haka við viðeigandi reiti heldur hafi undirritun ábyrgðarmanns/veðsala nægt til þess að skuldbinda hann.

Vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 og til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 101/2012 og 147/2012.

Varnaraðili telur af framansögðu ljóst að sóknaraðili staðfesti með undirritun sinni að hafa kynnt sér upplýsingabækling um notkun sjálfskuldarábyrgða og lánsveða. Sóknaraðili beri sönnunarbyrði um annað. Þá hefði sóknaraðila verið í lófa lagið að óska eftir greiðslumati á skuldara en hafi ekki gert það. Varnaraðila hafi ekki verið skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar um einstakling hafi verið að ræða og ábyrgð ábyrgðarmanns á fjárhagslegum skuldbindingum viðkomandi einstaklings hafi numið minna en kr. 1.000.000. Verði því ekki annað séð en að varnaraðili hafi uppfyllt þær skyldur sem á hann hafi verið lagðar samkvæmt 3. og 4. gr. samkomulagsins.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. X. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema sjálfskuldarábyrgðaraðili óskaði eftir því að greiðslumat yrði ekki framkvæmt, enda var fjárhæð skuldabréfsins kr. 850.000. Sóknaraðili óskaði ekki eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin, sbr. 3. gr. samkomulagsins. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A, eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki verður fallist á að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu. Í því máli undirritaði sjálfskuldarábyrgðaraðili sjálfskuldarábyrgð þar sem sambærileg yfirlýsing og fram kemur á lánsúmsókn í máli þessu var á ábyrgðaryfirlýsingunni sjálfri. Mátti ábyrgðaraðila því vera ljóst við undirritunina að greiðslumat yrði ekki framkvæmt, enda hafði greiðslumat ekki farið

fram við undirritun ábyrgðaryfirlýsingarinnar með framangreindri yfirlýsingu. Í máli þessu undirritaði sóknaraðili lánsúmsókn með sambærilegri yfirlýsingu og mátti af stöðluðum texta yfirlýsingarinnar, sbr. „Við hyggjumst gangast í sjálfskuldarábyrgð/lána veð til tryggingar láni sem kann að verða veitt á grundvelli umsóknar þessarar og greiðslumats“, fremur ráða að greiðslumat yrði framkvæmt, óskaði ábyrgðaraðili þess ekki að greiðslumat yrði ekki framkvæmt. Sóknaraðili óskaði ekki skriflega eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin. Mátti hann því búast við því að greiðslumat yrði framkvæmt. Af öllu framanrituðu er því ljóst að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 er ekki sambærilegur máli þessu.

Ekki er fallist á vísan varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 en í því máli hafði greiðslumat verið framkvæmt. Þá er ekki fallist á vísan varnaraðila til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 101/2012 og 147/2012 þar sem greiðslumat hafði einnig verið framkvæmt, svo er ekki í máli þessu.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 13/2013 og 15/2013.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF, er ógild.

Reykjavík, 16. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, miðvikudaginn 29. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 26/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 20. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 19. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 1. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 21. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 29. ágúst 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 16. mars 2007 var tryggingarbréf gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. tryggingarbréfinu. Gerði A kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum nú eða síðar við FF, samtals allt að fjárhæð kr. 1.000.000, væri fasteignin að B sett að veði á 6. veðrétti. Faðir sóknaraðila er eigandi fyrirtækisins A sem og fasteignarinnar að B.

Þann 11. október 2010 var útbúið skjal með fyrirsögninni „Veðflutningur“. Með skjalinu voru veðréttindi varnaraðila flutt af B, yfir á fasteign sóknaraðila að C. Er skjalið áritað um samþykki hennar sem eiganda og um samþykki varnaraðila. Skjalið var afhent til þinglýsingar 13. október 2013 og þinglýst á fasteign sóknaraðila.

Frá 2. október 2009 til 27. október 2011 greiddi A sóknaraðila kr. 1.014.300.

Í febrúar 2013 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir afstöðu hans til gildis framangreindrar ábyrgðar.

Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 26. febrúar 2013. Þann 1. mars 2013 kynnti umboðsmaður skuldara sóknaraðila þá afstöðu varnaraðila.

Þann 28. maí 2013 var bú A tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptum á búinu lauk 27. ágúst 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 19. febrúar 2014.

Þann 16. apríl 2014 skrifuðu D og E undir yfirlýsingu. Staðfestu þau að hafa tekið íbúð sóknaraðila að CC [svo] á leigu til eigin nota frá og með 1. febrúar 2011. Leigugreiðslur, skv. munnlegum leigusamningi voru kr. 90.000, auk hækkunar skv. vísitölu. Þær voru ýmist greiddar út af persónulegum reikningum eða af reikningi A. Staðfestu þau einnig að sóknaraðili hafi hvergi komið nálægt rekstri A og að starfsemi félagsins hafi verið henni með öllu óviðkomandi og ókunnug. Þrátt fyrir að leigugreiðslur hefðu verið greiddar af reikningi félagsins þá hefði það verið þeirra ákvörðun og sóknaraðili hafi ekkert haft um það að segja.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að veðsetning fasteignarinnar C, með tryggingarbréfi á 3. veðrétti að fjárhæð kr. 1.000.000, flutt á eignina þann 11. október 2010, verði felld úr gildi. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að aflétta veðinu af eigninni.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi með grófum hætti vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn við undirbúning veðsetningarinnar, þ.e. að kanna greiðslugetu skuldara á tryggingarbréfinu og getu sóknaraðila til að standa undir greiðslum, kæmi til innheimtu skv. því. Sömuleiðis hafi varnaraðili vanrækt skyldur sínar skv. lögnum að upplýsa sóknaraðila um þá áhættu sem falist hafi í veðsetningunni. Að lokum hafi verið verulegur aðstöðumunur á aðilum sem varnaraðili hafi nýtt sér í viðskiptunum. Sóknaraðili telur því að það sé ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju fyrir varnaraðila að byggja rétt á hinni umdeildu veðsetningu og því beri að fella hana úr gildi.

Sóknaraðili byggir í fyrsta lagi á því að um veðsetninguna gildi ákvæði laga nr. 32/2009. Sóknaraðili teljist ábyrgðarmaður í skilningi 2. mgr. 2. gr. laganna. Einnig sé fyrirbyggjandi að hin umdeilda yfirlýsing um veðflutning hafi verið undirrituð í október 2010 eða um einu og hálfu ári efir gildistöku laganna. Verði ekki fallist á að ákvæði laga nr. 32/2009 gildi um réttarsamband aðila sé á því byggt að um það gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, sem hafi að geyma sams konar reglur og lög nr. 32/2009 um skyldu til greiðslumats og kynningu á niðurstöðu þess.

Í öðru lagi vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt 4. gr. laga nr. 32/2009 skuli lánveitandi meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán, þar sem ábyrgðarmaður gangist í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka. Þá skuli lánveitandi með skriflegum hætti ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð bendi greiðslumat til þess að lántaki geti ekki efnt skuldbindingar sínar. Að lokum skuli lánveitandi með sama hætti ráða ábyrgðarmanni frá því að undirgangast ábyrgð gefi aðstæður ábyrgðarmanns tilefni til.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi með öllu vanrækt ofangreindar skyldur sínar. Telur sóknaraðili að veðflutningur árið 2010 hafi falið í sér nýja ábyrgð og því hafi borið að meta bæði greiðslugetu skuldara skv. bréfinu og greiðslugetu sóknaraðila af því tilefni. Þetta hafi varnaraðili alfarið vanrækt, en ekkert greiðslumat

hafi farið fram, hvorki á A né sóknaraðila. Í þessu sambandi sé til þess að líta til A hafi verið í viðskiptum við varnaraðila um árabíl og hafi varnaraðili því haft greinargóðar upplýsingar um fjárhag félagsins og hafi verið í lófa lagið að meta greiðslugetu þess án mikillar fyrirhafnar.

Þá byggir sóknaraðili á því að varnaraðili beri sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi uppfyllt ákvæði og kröfur laga nr. 32/2009 og beri allan halla af sönnunarskorti í þeim efnum. Þrátt fyrir fyrirspurnir og áskoranir sóknaraðila og umboðsmanns skuldara hafi varnaraðili ekki getað lagt fram nein gögn sem sýni fram á að greiðslugeta aðila hafi verið metin.

Í þriðja lagi vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 32/2009 hafi varnaraðila borið, fyrir gerð ábyrgðarsamnings, að upplýsa ábyrgðarmann skriflega um þá áhættu sem ábyrgðinni hafi verið samfara, m.a. almennar reglur sem um ábyrgðir gildi, greiðslugetu lántaka, lán það sem ábyrgð sé ætlað að tryggja, gildistíma ábyrgðar, höfuðstól ábyrgðar, hvort ábyrgð standi til tryggingar innheimtukostnaði og hvernig hann sé reiknaður út og leiðir sem ábyrgðarmanni standi til boða til að fá leyst úr ágreiningi vegna ábyrgðar.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi aldrei við veðsetninguna upplýst hana um ofangreinda þætti og að henni hafi með öllu verið ókunnugt um greiðslugetu lántakanda, um þær skuldir sem tryggingarbréfinu hafi verið ætlað að tryggja og hvað hafi falist að öðru leyti í ábyrgð hennar. Telur sóknaraðili því að varnaraðili hafi algerlega vanrækt lögboðnar skyldur sínar skv. umræddu ákvæði.

Sóknaraðili bendir á að hún hafi verið með öllu ótengd rekstri A, hún hafi aldrei starfað fyrir félagið né setið í stjórn þess og hafi enga vitneskju haft um reksturinn eða fjárhagsstöðu félagsins. Einu tengsl hennar við félagið hafi verið að hún var dóttir eiganda þess. Þá hafi sóknaraðili enga reynslu, menntun eða þekkingu á rekstri en hún hafi ekki lokið stúdentsprófi og hafi eingöngu starfað við almenn afgreiðslustörf. Hafi henni því verið ómögulegt að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem hún hafi verið að takast á hendur án leiðbeininga af hálfu varnaraðila.

Í fjórða lagi byggir sóknaraðili á því að verulegur aðstöðumunur hafi verið með aðilum við undirritun yfirlýsingarinnar um veðflutning. Hafi sóknaraðili verið með öllu óupplýst um stöðu mála og hafi hvorki reynslu né þekkingu á málum sem þessum. Varnaraðili sé hins vegar gamalgróin fjármálastofnun, þar sem starfi fjölmargir háskólamenntaðir sérfræðingar, m.a. lögfræðimenntaðir.

Sóknaraðili telur í þessu sambandi liggja fyrir að varnaraðili og fyrirvarsmaður A hafi notfært sér fjölskyldubönd og þekkingarleysi hennar til að fá öruggt veð í fasteign hennar án þess að það þjónaði á nokkurn hátt hagsmunum hennar heldur fyrst og fremst hagsmunum varnaraðila og félagsins, sem hafi þá (m.v. gjaldþrot félagsins) verið í fyrirsjáanlegum greiðsluerfiðleikum. Hafi báðum aðilum einnig mátt vera ljós bág fjárhagsstaða sóknaraðila vegna örorku hennar. Sóknaraðili hafi talið sig í ljósi þess að varnaraðili væri stórt fjármálafyrirtæki geta treyst því að varnaraðili færi við veðsetninguna að lögum og gætti hagsmuna hennar. Hafi varnaraðili hins vegar brugðist algjörlega þessu trausti.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili vísi til þess að hún hafi þegið greiðslur frá A og að það sýni fram á tengsl hennar við félagið. Það rétta sé hins vegar að sóknaraðili hafi frá 1. febrúar 2011, leigt foreldrum sínum íbúð sína að C. Leigusamningur aðila sé munnlegur og leigugreiðslur kr. 90.000 á mánuði auk hækkunar sem nemi vísitölu. Sé þetta m.a. staðfest með yfirlýsingu þeirra. Faðir sóknaraðila hafi ákveðið að greiða hluta leigugreiðslna af reikningi A og hafi það alfarið verið hans ákvörðun og sóknaraðila óviðkomandi.

Sóknaraðili mótmælir túlkun varnaraðila á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009. Sóknaraðili bendir á að orðalag ákvæðisins um atvinnurekstur og fjárhagslegan ávinning feli í sér undantekningu frá gildissviði ábyrgðarmannahugtaksins og samkvæmt almennum lögskýringarreglum beri að skýra undanþáguákvæði þröngri skýringu. Sömuleiðis beri varnaraðili sönnunarbyrði fyrir því að sóknaraðili falli undir undanþáguákvæðin og halla af sönnunarskorti. Sóknaraðili hafi ekki verið tengd rekstri A. Hún hafi ekki setið í stjórn félagsins og hafi hvorki fengið laun né arðgreiðslur frá rekstri þess. Geti rekstur A því ekki á nokkurn hátt talist „atvinnurekstur ábyrgðarmanns“ í skilningi ákvæðisins. Þá standi eftir síðari undanþága ákvæðisins um fjárhagslegan ávinning. Fyrirsvarsmaður A hafi að henni forspurdri greitt leigugreiðslur vegna persónulegs leigusamnings af reikningum félagsins. Eitthvað sem sóknaraðili hafi enga stjórn haft á. Umræddur legusamningur sé algerlega ótengdur veðsetningunni og algerlega ósannað að leigugreiðslurnar hafi verið endurgjald fyrir veðsetninguna. Í raun væri fráleitt að halda því fram að sem endurgjald fyrir veðsetninguna leigði fyrirsvarsmaður félagsins persónulega íbúðina af sóknaraðila undir markaðsverði og byggji í íbúðinni. Verði því ekki séð að sóknaraðili hafi haft nokkurn fjárhagslegan ávinning úr hendi A vegna veðsetningarinnar.

Sóknaraðili telur að öllu framangreindu virtu að verulega ósanngjarn sé og andstætt góðri viðskiptavenju að varnaraðili beri fyrir sig veðsetninguna og krefjist greiðslu á grundvelli hennar. Beri því að fella hana úr gildi á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Sóknaraðili vísar því til stuðnings m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 127/2013.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga taki eins og nafnið gefi til kynna einungis til ábyrgða vegna skulda einstaklinga en gildi ekki þegar einstaklingur gangist í ábyrgð fyrir skuldum fyrirtækis. Þessu til stuðnings sé bent á 2. mgr. 2. gr. samkomulagsins. Hæstiréttur hafi staðfest þessa túlkun í dómi réttarins í máli nr. 669/2010, þar sem því hafi verið hafnað að samkomulagið ætti við um það tilvik þegar einstaklingur gengst í ábyrgð fyrir skuldum fyrirtækis. Af þessari ástæðu mótmælir varnaraðili þeirri staðhæfingu að hann hafi vanrækt meintar skyldur sínar við undirbúning umræddrar veðsetningar og upplýsingagjöf í tengslum við hana þar sem samkomulagið gildi ekki í þessu máli. Þessu til viðbótar hafi fjármálafyrirtæki einungis verið skylt að greiðslumeta skuldara samkvæmt samkomulaginu þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nam meira en kr. 1.000.000. Í þessu máli hafi ábyrgðin einungis verið að fjárhæð kr. 1.000.000 og hefði því ekki heldur verið skylt að greiðslumeta skuldara.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn sé með ábyrgðarmanni samkvæmt lögnum átt við einstakling sem gangist persónulega í ábyrgð eða veðsetji tilgreinda eign sína til tryggingar efnudum lántaka enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans. Í greinargerð með lagafrumvarpinu segi um þetta: „*Helsta afmörkun á gildissviði frumvarpsins er komin undir því í hvaða tilgangi ábyrgð er veitt. Ef ábyrgðarmaður veitir ábyrgð í þágu eigin atvinnurekstrar er litið svo á að ábyrgðarmaður hafi ekki þörf fyrir jafn ríka vernd og ákvæði frumvarpsins mæla fyrir um. Þar með er þó ekki sagt að þeir sem gangast í ábyrgð í þágu eigin*

atvinnurekstrar hafi ekki þörf fyrir neina vernd. Við mat á því hvort skilyrðið um atvinnurekstur er uppfyllt verður einkum að líta til þess hvort ábyrgðarmaður hafi þegið sanngjarnt endurgjald fyrir að gangast í ábyrgð. Almennt á ekki að skipta máli hvort lántaki sem gengist er í ábyrgð fyrir er einstaklingur eða lögaðili og í hvaða tilgangi lán er tekið. Sérstök álitamál geta þó risið vegna tengsla ábyrgðarmanns við lántaka.“

Varnaraðili telur rétt að benda á að sóknaraðili hafi sett eign sína að veði fyrir félag í eigu föður hennar. Þó svo sóknaraðili hafi hvorki verið eigandi né stjórnarmaður í félaginu og haldi því fram að hún hafi enga hagsmuni haft af umræddri veðsetningu þá sé varnaraðili á öðru máli. Því til stuðnings vísar varnaraðili til reikningsyfirlita A hjá varnaraðila. Yfirlitin nái yfir tímabilið frá 2. október 2009 til 31. október 2011. Á yfirlitunum komi fram að félagið hafi á tímabilinu millifært í 12 skipti fjármuni inn á reikning í eigu sóknaraðila, samtals kr. 1.014.300. Þetta bendi til þess að sóknaraðili sé ekki eins ótengd umræddu félagi og hún hafi hingað til haldið fram og af þessu megi leiða að því líkur að hún hafi þegið sanngjarnt endurgjald fyrir að gangast í hina umdeildu ábyrgð. Samtala millifærslanna sé nánast sú sama og fjárhæð ábyrgðarinnar. Með vísan til þessa hafni varnaraðili því algjörlega að hann hafi vanrækt skyldur samkvæmt ábyrgðarmannalögunum, um mat á greiðslugetu skuldara og kynningu á niðurstöðu þess gagnvart skuldara og annarri upplýsingagjöf til hans enda eigi lögin ekki við í þessu máli.

Varnaraðili mótmælir því að skortur á greiðslumati og kynningu á því ásamt því að sóknaraðili hafi ekki fengið afhentan upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir, eigi að leiða til ógildingar ábyrgðarinnar þar sem ekki sé að finna neinar reglur í lögum nr. 32/2009 sem mæli fyrir um ógildi samnings vegna þessa og vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 213/2012 í því sambandi.

Varnaraðili telur að einu gildi þótt talið yrði að beita ætti sanngirnismati á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 til fyllingar lögum nr. 32/2009 líkt og dómaframkvæmd hafi byggt á við úrlausn um réttmæti ábyrgða sem til var stofnað undir fyrrnefndu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Sem fyrr segi hafi sóknaraðili borið talsvert úr bítum vegna tengsla sinna við fyrirtækið og hafi meirihluti greiðslna til hans átt sér stað eftir að veðið hafi verið flutt á eignina. Þá liggja fyrir að faðir sóknaraðila búi nú sjálfur í hinni veðsettu eign. Að öllu samanlögðu telur varnaraðili að ekki verði talið ósanngjarnt að halda lánsveðinu upp á sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að C, með tryggingarbréfi, útgefnu 16. mars 2007.

Þegar sóknaraðili samþykkti veðsetningu á fasteign sinni að C, til tryggingar tryggingarbréfi, útgefnu 16. mars 2007, þann 11. október 2010, voru í gildi lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, sem tóku gildi þann 4. apríl 2009. Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga á þegar af þeirri ástæðu ekki við í máli þessu. Vísan varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 669/2010 á því ekki við.

Lög nr. 32/2009 gilda um lánveitingar stofnana og fyrirtækja þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efnudum lántaka, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna en samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er með ábyrgðarmanni m.a. átt við einstakling sem gengst persónulega í ábyrgð til tryggingar efnudum lántaka enda sé

ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans.

Framangreind veðsetningin var ekki í þágu atvinnurekstrar sóknaraðila, heldur atvinnureksturs föður hennar. Þá hefur varnaraðila, gegn mótmælum sóknaraðila, ekki tekist sönnun um að veðsetning fasteignar sóknaraðila hafi verið í þágu fjárhagslegs ávinnings hennar, þrátt fyrir að útgefandi tryggingarbréfsins, A, hafi lagt kr. 1.014.300 inn á reikning sóknaraðila frá 2. október 2009 til 27. október 2011. Verður í þessu samhengi ekki talin nægileg sönnun að sýna fram á að einhverjar greiðslur hafi runnið frá fyrirtækinu til sóknaraðila.

Verður því að telja sóknaraðila ábyrgðarmann í skilningi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 32/2009 skal lánveitandi meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efnudum lántaka. Greiðslumat skal byggt á viðurkenndum viðmiðum. Þá segir í 5. gr. laganna að fyrir gerð ábyrgðarsamnings skuli lánveitandi upplýsa ábyrgðarmann skriflega um þá áhættu sem ábyrgð sé samfara. Í því felist m.a. að veita upplýsingar um greiðslugetu lántaka, sbr. b-lið 1. mgr. 5. gr. Í athugasemdum með 5. gr. frumvarps til laga nr. 32/2009 kemur eftirfarandi fram: „*Markmiðið með greininni er að ábyrgðarmaður geri sér grein fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem hann undirgengst samfara undirritun ábyrgðarsamnings. [...] Aðalatriðið við skýringu á því hvort lánveitandi hafi uppfyllt skyldu sína er komin undir því hvort upplýst hafi verið um öll þau atriði sem áhrif geta haft á áhættumat ábyrgðarmanns. Vanræksla lánveitanda við samningsgerð getur leitt til þess að ábyrgðarmaður sé ekki bundinn við samning sinn, a.m.k. ekki ef vitneskja um atriði sem hefði getað haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð. Sönnunarbyrðin um að vanræksla hafi engin áhrif haft á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð hvílir á lánveitanda.*“

Má afdráttarlaust fullyrða að varnaraðili uppfyllti ekki skyldur sínar samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 32/2009.

Með ákvæðum laga nr. 32/2009 er lánveitendum vissulega nokkur vandi á höndum varðandi útgáfu veðtryggingarbréfa til allsherjartryggingar á skuldum 3. aðila. Er vandséð að þessi ákvæði laganna um greiðslumöt og kynningu á þeim við veðsetningu séu samrýmanleg því hagræði sem stefnt er að með slíku allsherjarveði. Til að framfylgja ákvæðum laga nr. 32/2009 gagnvart þessum veðsölum geta lánveitendur annaðhvort reynt að leggja mat á getu viðkomandi greiðanda til að standa við hámarksskuldbindingu samkvæmt ábyrgðinni, greiðslumetið við útgáfu hverrar nýrrar skuldbindingar skuldarans eða bæði.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, þegar veð samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 16. mars 2007, var flutt af fasteign eiganda útgefanda tryggingarbréfsins yfir á fasteign sóknaraðila. Samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 32/2009 var varnaraðila skylt að framkvæma greiðslumat og kynna ábyrgðarmanni tölulegar forsendur þess. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður samþykkt veðsetningu fasteignar sinnar til tryggingar tryggingarbréfi, útgefnu 16. mars 2007, eftir að hafa kynnt sér matið.

Varnaraðili vísar kröfu sinni um höfnun á kröfu sóknaraðila til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 213/2012. Dómur meirihluta Hæstaréttar í máli nr. 213/2012 er afdráttarlaus um að lög nr. 32/2009 geyma engar heimildir til að mæla fyrir um ógildi samnings vegna þess að ekki var framkvæmt greiðslumat á lántaka,

sbr. 4. gr. laganna. Dómurinn girðir hins vegar ekki fyrir að styðja megi ógildingu ábyrgðarsamnings við þau atvik að ekki hafi verið farið eftir ákvæðum laganna, ef sú niðurstaða fær stoð í ógildingarreglum samningaréttar. Vísan varnaraðila til dómsins styður ekki við varnir hans gegn kröfu sóknaraðila um ógildingu veðsamningsins á grundvelli 36. gr. samningalaga, þar sem meirihluti dómenda taldi réttarfarsreglur standa í vegi fyrir því að krafa áfrýjanda yrði studd við þessar reglur, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 200/2012.

Vanræksla lánveitanda við samningsgerð getur leitt til þess að ábyrgðarmaður sé ekki bundinn við samning sinn, en þar sem allar efnisreglur um þetta atriði skortir í lögin, velta réttaráhrif slíkrar vanrækslu á öðrum réttarreglum, skráðum eða óskráðum, þ.á.m. ógildingareglum samningaréttar, sem sóknaraðili byggir á í máli þessu. Varnaraðili hefur ekki sýnt fram á að áðurnefnd vanræksla við að upplýsa sóknaraðila um mat á greiðslugetu skuldara hafi engin áhrif haft á ákvörðun sóknaraðila um að takast á hendur ábyrgð. Sönnunarbyrði um það hvíli á varnaraðila, sbr. athugasemdir við 5. gr. frumvarps til laga nr. 32/2009 og úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 39/2012 og 200/2012. Ekki liggur fyrir að sóknaraðili hafi haft nokkra vitneskju um fjárhagslega stöðu A, útgefanda tryggingarbréfs, dags. 16. mars 2007. Varnaraðili er fjármálafyrirtæki sem ekki sinnti lagaskyldu til að veita upplýsingar um greiðslugetu lántaka, sbr. lög nr. 32/2009. Gera mátti ríkar kröfur til varnaraðila um sérfræðipækkingu og vönduð vinnubrögð. Þessar kröfur leiða bæði af óskráðum reglum og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Aðstöðumunur var því með sóknaraðila og varnaraðila, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 200/2012.

Þegar allt framangreint er metið, verður að líta svo á að varnaraðili hafi brotið með svo stórfelldum hætti gegn lögboðnum skyldum sínum við veðsetningu fasteignar sóknaraðila að Engihlíð 16 að það væri ósanngjarnt af honum að bera samninginn fyrir sig í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Verður veðsetning fasteignar sóknaraðila að C, með tryggingarbréfi útgefnu 16. mars 2007 því ógilt.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning fasteignar sóknaraðila, M, að C, til tryggingar tryggingarbréfi, útgefnu 16. mars 2007 af A, er ógild.

Reykjavík, 29. ágúst 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 14. nóvember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 27/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 26. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 31. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 14. apríl 2014. Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri efnislegum athugasemdum sínum við málið þann 22. ágúst 2014. Athugasemdir bárust frá varnaraðila þann 5. september 2014. Var sóknaraðila gefinn kostur á að tjá sig um greinargerð varnaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. september 2014. Athugasemdir bárust frá sóknaraðila með bréfi, dagsettu 16. október 2014

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 14. nóvember 2014.

II.

Málsatvik.

Upphaf máls þessa má rekja til lánveitinga F til sóknaraðila og fleiri aðila með yfirdráttarheimildum á myntvultureikningum til kaupa á fasteignum í A á Englandi. Hlutafélagið B átti lóðir í A og hóf sölu á þeirra til einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi en félagið var skráð í Panama. Framkvæmdastjóri félagsins var C. D hafði umsjón með sölu lóðanna. Heiti félagsins var breytt í E 18. febrúar 2011 og var félagið úrskurðað gjaldþrota 28. júní 2011.

Þann 18. október 2007 gekk sóknaraðili frá kaupsamningi um lóð AA. Þar kemur fram að sóknaraðili muni kaupa tiltekna eign af B sem seljanda eignarinnar. Aftast í samningnum kemur fram að eignin sé þekkt undir heitinu AA. Í samningnum kemur jafnframt fram að söluverð eignarinnar sé GBP 27.500 og að eignin sé greiðanleg hjá FF.

Sóknaraðili stofnaði myntvultureikning nr. X hjá útibúi F, þann 16. nóvember 2007, og óskaði eftir yfirdrætti á reikninginn að fjárhæð GBP 15.000. Yfirdrátturinn átti að gilda frá 12. nóvember 2007 til 1. desember 2008. Handskrifað hefur verið á skjalið „Plot 1-32“. Umsókn lánsins fylgdi undirrituð yfirlýsing vegna sjálfskuldarábyrgðar þáverandi sambýliskonu sóknaraðila, G, þar sem hún staðfesti að hún vissi að lánið yrði notað til lóðakaupa á Bretlandi. Þann 25. nóvember 2007 tókst G á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar einstaklings á myntvultureikningi nr. X, að fjárhæð GBP 15.000.

G, óskaði eftir sambærilegum myntvultureikningi og sóknaraðili. Gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð fyrir þeim reikningi og undirritaði sambærilega yfirlýsingu og G gerði vegna myntvultureiknings sóknaraðila.

Fyrir liggur reikningsyfirlit, dags. 22. nóvember 2007, sem ber með sér að það hafi verið sent sóknaraðila. Fram kemur að stofnaður hafi verið nýr reikningur, myntvultureikningur í breskum pundum nr. 200934.

Þann 28. nóvember 2007 millifærði F af reikningi sóknaraðila nr. X GBP 11.000 vegna lóðakaupanna inn á reikning seljanda, B.

Fyrir liggur reikningsyfirlit myntvultureiknings sóknaraðila nr. X fyrir tímabilið 22. nóvember 2007 til 31. desember 2007, sem ber með sér að hafa verið sent sóknaraðila. Fram kom að GBP 11.000 hefðu verið millifærð inn á reikning í eigu B. Tiltekið var að athugasemdir óskuðust gerðar innan 20 daga frá viðtöku yfirlitsins, annars teldist reikningurinn réttur.

Þann 22. janúar 2008 millifærði F af sama reikningi GBP 2.750 á reikning B.

Sóknaraðili kveður liggja fyrir að ekkert byggingarleyfi hafi verið gefið út á lóð sóknaraðila í A og þyki óumdeilt að ekkert byggingarleyfi verði verið út í sjáanlegri framtíð, líkt og hugmyndin með sölu lóðanna hafi gengið út á.

Í janúar 2011 hafði sóknaraðili samband við umboðsmann viðskiptavina varnaraðila þar sem óskað var eftir því að hann tæki viðskipti sóknaraðila við F til skoðunar þannig að unnt yrði að „[...] finna leið til að endurheimta lánað fé frá C og co, [...]“. Beiðni sóknaraðila laut að því að umboðsmaður viðskiptavina varnaraðila hjálpaði sóknaraðila við að „[...] fá ráðamenn bankans til þess að koma að þessu máli á þeim forsendum að hér sé um sameiginlegt hagsmunamál bankans og viðskiptavina hans að ræða“. Umboðsmaðurinn tók málið til skoðunar og svaraði sóknaraðila með erindi, dags. 6. júní 2011, þess efnis að bankinn teldi sig ekki getað tekið þátt í mögulegri kæru í málinu eða málaferlum sóknaraðila. Ástæða þess var sú að bankinn taldi sig ekki aðila að málinu þar sem FF hefði ekki komið að fasteignaverkefninu í A né verið þátttakandi í því að öðru leyti en að veita lán fyrir því. Varnaraðili bauð hins vegar sóknaraðila, eins og öðrum lántakendum af lánnum í erlendri mynt, að lækka höfuðstól lánsins um 25% sem sóknaraðili féllst ekki á. Þá taldi varnaraðili millifærslu af myntvultureikningnum hafa verið heimila.

Þann 27. nóvember 2013 krafðist lögmaður sóknaraðila þess með tölvupósti að varnaraðili félli frá innheimtuaðgerðum vegna yfirdráttar á myntvultureikningi sóknaraðila og að bankinn felldi sömuleiðis niður skuld sóknaraðila við varnaraðila vegna yfirdráttar sem stofnaði til skuldarinnar við bankann. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 16. desember 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 26. febrúar 2014.

Þann 26. mars 2014 var G stefnt til greiðslu skuldar við varnaraðila að fjárhæð GBP 14.897,75, sem tilkomin er vegna sambærilegrar yfirdráttarheimildar og mál þetta snýst um.

Í upphaflegum athugasemdum varnaraðila var þess krafist að öllum kröfum sóknaraðila yrði vísað frá á grundvelli d-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, enda væri sambærilegt mál til meðferðar fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, sem höfðað var gegn G. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafnaði frávísunarkröfunni og gaf varnaraðila kost á að koma á framfæri efnislegum athugasemdum. Verða rök aðila varðandi frávísunarkröfuna ekki reifuð í framhaldinu.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að úrskurðað verði að millifærslur af myntvultureikningi hans nr. X, í F, þann 28. nóvember 2007, að fjárhæð GBP 11.000 og þann 22. janúar 2008, að fjárhæð GBP 2.750, séu ógildar og óskuldbindandi fyrir hann og lán hans hjá varnaraðila vegna yfirdráttar á reikningum vegna millifærslanna verði fellt niður.

Til vara krefst sóknaraðili þess að úrskurðað verði að millifærslur af myntvultureikningi hans nr. X, í F, þann 28. nóvember 2007, að fjárhæð GBP 11.000 og þann 22. janúar 2008 að fjárhæð GBP 2.750, séu ógildar og óskuldbindandi fyrir hann, lán hans hjá varnaraðila verði fellt niður og varnaraðili endurgreiði sóknaraðila GBP 13.750, gegn því að hann afsali lóðinni AA, Englandi til F.

Til þrautavara krefst sóknaraðili þess að úrskurðað verði að millifærslur af myntvultureikningi hans, nr. X, í F, þann 28. nóvember 2007 að fjárhæð GBP 11.000 og þann 22. janúar 2008, að fjárhæð GBP 2.750, séu ógildar og óskuldbindandi fyrir hann og lán hans hjá varnaraðila vegna yfirdráttar á reikningnum vegna millifærslanna verði fellt niður, gegn því að hann afsali lóðinni AA, Englandi til varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að fyrir liggja að varnaraðili hafi ekki haft fullnægjandi heimild sóknaraðila til að framkvæma umþrættar færslur af myntvultureikningi sóknaraðila. Geti færslurnar því ekki verið skuldbindandi gagnvart honum. Af þeim sökum geti bankinn ekki krafist sóknaraðila um greiðslu yfirdráttarskuldar sem myndast hafi við færslurnar af reikningnum.

Sóknaraðili byggir á því að umræddar millifærslur hafi ekki verið skuldbindandi gagnvart honum og hafi sú yfirdráttarskuld sem bankinn krefji sóknaraðila um greiðslu á því aldrei átt að verða til. Í skilmálum myntvultureikninga sóknaraðila komi fram að skilyrði fyrir úttekt af myntvultureikningi sé að viðkomandi hafi heimild til úttektar af reikningnum. Slíka heimild hafi aðeins sóknaraðili haft, sem eigandi reikningsins og hafi hann aldrei veitt bankanum sérstakt samþykki eða heimild fyrir umræddum millifærslum. Hafi bankanum því ekki verið heimilt að taka út af reikningi sóknaraðila. Verði í þessu samhengi einnig að líta til þess að bankinn sé að brjóta gegn skilmálum sem hann hafi einhliða samið. Bankinn sé fjármálafyrirtæki með fjölda sérfræðinga í vinnu og hefði því verið í lófa lagið að óska eftir heimild til millifærslanna eins og honum hafi borið skylda til að gera. Af þessu sé fullljóst að um verulegan formgalla sé að ræða við millifærslurnar sem bankanum beri sjálfum að bera hallann af. Til enn frekari staðfestingar á þessu megi t.a.m. vísa til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 11/2009, 24/2009 og 2/2010.

Sóknaraðili byggir einnig á því að staðhæfing bankans um að frágangur á kaupsamningi um lóðirnar staðfesti að sóknaraðila hafi verið kunnugt um að

umdeildar millifærslur hafi farið fram þegar þær hafi verið gerðar og vilji hans hafi alltaf staðið til þess að þær myndu fara fram eigi ekki við nein rök að styðjast og liggi ekki fyrir nein gögn sem renni stoðum undir slíkar staðhæfingar. Í fyrsta lagi komi ekkert fram í tilvitnuðum kaupsamningi um það með hvaða hætti kaupverð lóðanna skuli greiddast eða að það skuli fjármagnað með yfirdrætti af myntveltureikningi eða með öðrum hætti. Í kynningu fasteignasölnunnar hafi hins vegar komið fram að F myndi tryggja fjármögnun í formi umræddra myntveltulána væri þess óskað. Í öðru lagi hafi frágangur kaupsamnings enga þýðingu haft í þessu samhengi. Hafi ekki legið fyrir undirritaður kaupsamningur aðila máls þegar millifærslurnar hafi verið framkvæmdar og hafi varnaraðili í reynd ekki enn getað lagt fram undirritað eintak. Í þriðja lagi hafi sóknaraðili aldrei veitt samþykki sitt fyrir millifærslunum né heldur hafi hann verið bundinn af því að nýta sér þá fjármögnun sem falist hafi í yfirdrætti á myntveltureikningum til lóðakaupanna.

Sóknaraðili byggir á því að lánin hafi á engan hátt verið beintengd lóðakaupunum á grundvelli sérstakra ábyrgðaryfirlýsinga sem gerðar hafi verið samhliða veitingu þeirra enda liggi slík ábyrgðaryfirlýsing ekki fyrir undirrituð í máli þessu. Í ábyrgðaryfirlýsingunum felist hvorki staðfesting á því að dregið yrði á yfirdráttarheimild myntveltureiknings sóknaraðila eða hún yrði nýtt. Aðeins hafi því verið um að ræða heimild til að nýta sér lán, en ekki skilyrði, og hafi sóknaraðili einn haft heimild til að millifæra af reikningi sínum. Hafi ábyrgðaryfirlýsingarnar því á engan hátt falið í sér heimild fyrir bankann að framkvæma millifærslur af reikningi sóknaraðila án samþykkis eða heimildar hans. Hafi slíkar ábyrgðaryfirlýsingar því ekkert gildi gagnvart sóknaraðila og skuldbindingargildi millifærslna af reikningum hans, né heldur feli þær í sér staðfestingu á því að sóknaraðili hafi vitað eða vilji hans hafi staðið til að umræddar millifærslur yrðu framkvæmdar af reikningi hans. Enn fremur megi vísa til þess sem áður hafi verið nefnt að hvorki lóðakaup sóknaraðila né umsókn hans um myntveltureikning hafi falið í sér skuldbindingu af hans hálfu til að nýta sér fjármögnun F til kaupanna.

Sóknaraðili vísar til þess að rök bankans um að athafnaleysi sóknaraðila að gera athugasemdir við millifærslurnar jafngildi samþykki þeirra, eigi ekki við í máli þessu. Sóknaraðili hafi eðli málsins samkvæmt ekki vitað að umræddar millifærslur hafi farið af reikningi hans þegar þær hafi verið gerðar þar sem hann hafi sjálfur aldrei framkvæmt slíkar millifærslur eða veitt bankanum samþykki eða annars konar heimild til að framkvæma þær. Þann 26. nóvember 2007 hafi sóknaraðili greitt GBP 13.750 af reikningi sínum í L inn á reikning í eigu B í F. Afgangur kaupverðsins hafi svo átt að koma til greiðslu fljótlega þar á eftir, annaðhvort með heimild til bankans um lántöku eða frá kaupendum sjálfum. Strax og sóknaraðili hafi vitað að umræddar færslur hefðu verið framkvæmdar hafi hann gert munnlegar athugasemdir við þær í samskiptum sínum við starfsmenn F. Þar sem engin viðbrögð hafi borist við þeim athugasemdum hafi hann sent formlegt erindi vegna málsins með tölvupósti þann 26. janúar 2011 til H, eftir fund með útibússtjóra bankans. Geti bankinn því ekki borið fyrir sig tómlæti af hálfu sóknaraðila enda sé ljóst að sú tilhögun bankans að framkvæma millifærslur af reikningi hans án samþykkis leiði ein og sér til þess að sóknaraðili sé ekki skuldbundinn af þeim.

Sóknaraðili bendir á að fullyrðingar varnaraðila í bréfi, dags. 16. desember 2013, um að sóknaraðila hafi verið send yfirlit um stöðu myntveltureiknings, þar sem fram komi að athugasemdir þyrfti að gera innan 20 daga, og kvittanir fyrir millifærslum sýni fram á að hann hafi vitað af tilvist umræddra millifærslna og geti því ekki borið fyrir sig að honum hafi verið kunnugt um þær hafi enga þýðingu.

Yfirlit yfir stöðu reikningsins eða kvittanir fyrir millifærslum hafi aldrei borist sóknaraðila. Telji bankinn sóknaraðila hafa mótttekið slík gögn verði hann að færa sönnur fyrir því en slíkt hafi bankinn ekki gert. Enn fremur verði bankinn að styðja þær fullyrðingar sínar einhverjum gögnum telji hann sóknaraðila hafa sýnt af sér athafnaleysi við að gera ekki athugasemdir við millifærslurnar fyrir en gert hafi verið.

Sóknaraðili byggir á því að bankinn geti ekki borið fyrir sig að sóknaraðili eigi enn í dag umrædda lóð og með niðurfellingu lánsins sé sóknaraðili að auðgast á kostnað bankans. Í fyrsta lagi þá beri að taka mið af því að bankinn hafi framkvæmt umræddar millifærslur í heimildarleysi. Bankinn sé fjármálafyrirtæki með fjölda sérfræðinga í vinnu og hefði því verið í lófa lagið að óska eftir heimild til millifærslanna eins og honum hafi borið skylda til að gera. Það væri því með öllu óeðlilegt ef bankinn gæti velt ábyrgð á mistökum sínum yfir á viðskiptavinum sína. Verði bankinn því sjálfur að bera hallann af þessum mistökum sínum og því tjóni sem það kunni að hafa valdið honum. Í öðru lagi þá liggi fyrir að verðmæti lóðarinnar sé í dag margfalt minna en kaupverð hennar hafi verið og hafi sóknaraðili greitt helming kaupverðsins úr eigin vasa. Sé því ljóst að sóknaraðili sé ekki að hagnast á kostnað bankans heldur muni hann sjálfur tapa stórum hluta þeirra fjármuna sem hann hafi lagt út fyrir kaupunum.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili byggi á því að umsókn sóknaraðila um yfirdrátt á myntveltareikningi nr. X hafi verið beintengd lóðakaupum þar sem hún hafi verið merkt „Plot 1-32“ og umsókninni hafi jafnframt fylgt sjálfskuldarábyrgð og sérstök yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð frá fyrrverandi sambýliskonu sóknaraðila, G. Hið rétta sé að merkingin „Plot 1-32“ sé einungis handrituð á umsókn sóknaraðila og hafi þessi merking ekki verið til staðar þegar sóknaraðili hafi skrifað undir skjalið. Enda sé almenn venja að þegar handskrifuðum texta sé bætt við skjöl þá setji sá sem undirriti skjalið upphafsstafi sína við þann texta sem bætt sé við til að staðfesta að hann samþykki viðbæturnar. Það hafi sóknaraðili þó ekki gert og hafi þessi handskrifaða merking því ekkert gildi og staðfesti á engan hátt að umsóknin hafi verið tengd lóðakaupunum. Að öllum líkindum sé hér um að ræða einhverja merkingu sem starfsmenn varnaraðila hafi ritað á umsóknina við flokkun hennar eða skráningu.

Sóknaraðili bendir á að því er varðar sjálfskuldarábyrgð og yfirlýsingu G fyrir yfirdráttarheimild sóknaraðila, eða sóknaraðila fyrir yfirdráttarheimild G, að það sé ekki rétt sem varnaraðili haldi fram að slík skjöl staðfesti að lán sóknaraðila verði notað til lóðakaupa í Bretlandi, heldur staðfesti þau að G og sóknaraðili viti að yfirdráttarheimildin sé fengin til mögulegra lóðakaupa í Bretlandi. Á þessu tvennu sé sá meginmunur að samkvæmt orðalagi yfirlýsingarinnar sé ekki ljóst að yfirdráttur reikningsins muni verða nýttur til lóðakaupanna heldur sé hér um möguleika sóknaraðila á að nýta sér þessa fjármögnun, ekki skyldu. Þar fyrir utan séu umrædd skjöl í raun óviðkomandi deiluefni þessa máls sem snúi að skuldbindingargildi millifærslna sem framkvæmdar hafi verið af reikningi sóknaraðila en ekki ábyrgð að baki henni eða ábyrgð sem hann hafi veitt þriðja aðila.

Sóknaraðili bendir á að í þessu samhengi vísi varnaraðili ennfremur til þess að þrátt fyrir að millifærslurnar hafi verið framkvæmdar án samþykkis sóknaraðila þá sé ljóst af gögnum málsins að sóknaraðila hafi verið kunnugt um að stofna ætti yfirdrátt á reikningnum og millifæra af honum til á lóðum í A. Það sé óumdeilt í þessu máli að sóknaraðila hafi verið kunnugt um að stofna ætti yfirdráttarheimild á reikningnum, enda hafi sóknaraðili undirritað umsókn þess efnis. Sóknaraðila hafi hins vegar aldrei verið kunnugt um eða tilkynnt á nokkurn hátt að millifært yrði af reikningnum án beiðni hans eða heimildar og þar með í trássi við almenna skilmála

myntveltureikninga sem varnaraðili hafi einhliða samið. Þá hafi varnaraðili ekki heldur vísað til af hvaða gögnum það hafi verið ljóst að millifæra ætti af reikningnum til kaupa á lóð. Í þessu samhengi verði að hafa í huga að hér sé um yfirdráttarheimild að ræða en ekki eiginlegt lán. Slík heimild feli í sér möguleika til lánveitingar en ekki skyldu. Hér sé því ekki um eiginlegt lán að ræða heldur lánsheimild sem reikningseigandi geti nýtt sér óski hann þess. Sóknaraðili hafi aldrei lýst því yfir að hann ætlaði að nýta sér þessa yfirdráttarheimild til fjármögnunar á kaupum lóðar, heldur hafi hann einungis viljað hafa möguleika á að nýta sér hana ef hann þyrfti. Einu gögnin sem varnaraðili bendi á í þessu samhengi séu „kaupsamningur“ milli sóknaraðila og B um lóð í A. Þessi samningur sé þó óundirritaður og því ekki um gildan samning að ræða eða fullnægjandi heimild til millifærslu. Sú staðhæfing varnaraðila að hann hafi framkvæmt millifærslurnar í góðri trú sé því augljóslega röng þar sem engin gögn hafi staðið til þess að bankinn hafi haft heimild til skuldfærslu af reikningi sóknaraðila.

Sóknaraðili telur óumdeilt að um verulegan formgalla við millifærslurnar hafi verið að ræða. Ljóst sé að öll vinnubrögð og tilhögun við millifærslurnar sé langt frá því að vera góðri og gegnri fjármálastofnun sæmandi. Í ljósi þess sem og aðstöðumunar sóknaraðila og varnaraðila verði að telja bæði eðlilegt og sanngjarnt að varnaraðili beri hallann af þessum stórkostlegu mistökum og yfirsjónum sínum en reyni ekki að velta þeim yfir á sóknaraðila, sem sé ekki sérfræðingur á sviði bankaviðskipta. Fyrir liggir því að ef umræddar millifærslur hefðu ekki verið framkvæmdar þá stæðu líkur til þess að sóknaraðili væri ekki búinn að greiða kaupverð lóðarinnar að fullu og tjón hans verði mun milla en ella þar sem hann stæði ekki í skuld við varnaraðila vegna millifærslunnanna. Mál þetta snúist því ekki um hvort varnaraðili beri ábyrgð á tapi sóknaraðila vegna fjárfestinga eða samninga við þriðja aðila, líkt og varnaraðili haldi fram, heldur um það tjón sem varnaraðili hafi valdið sóknaraðila vegna rangrar og ólögætrar háttsemi við millifærslur af reikningum sóknaraðila og hvort ábyrgð varnaraðila sem fjármálafyrirtækis sé ekki strangari en svo að hann komist upp með þá stórkostlega gáleysislegu háttsemi sem hér um ræði án þess að þurfa að bera nokkra ábyrgð á henni. Á þessari vítaverðu háttsemi sinni verði bankinn að bera ábyrgð. Hvort varnaraðili telji sóknaraðila kunna að verða fyrir ólögætri auðgun á sinn kostnað vegna þess sé einungis afleiðing af handvömm varnaraðila og geti hann því ekki borið slíkt fyrir sig til að velta mistökum sínum yfir á sóknaraðila. Eins og atvikum máls þessa sé háttað eigi tilvísun varnaraðila um skyldu sóknaraðila til að standa við samninga sína með vísan til almennra reglna samningaréttar og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga ekki við.

Varakröfu sína byggir sóknaraðili á öllum sömu málsástæðum og aðalkröfu. Til viðbótar byggir hann á því að þar sem bankinn hafi millifært af reikningi hans án heimildar sé það í raun bankinn sem hafi verið skuldbundinn af kaupunum en ekki hann sjálfur. Telur sóknaraðili í ljósti þess eðlilegt að hann afsali lóðinni til bankans gegn því að úrskurðað verði að millifærslurnar séu óskuldbindandi fyrir hann, skuldin verði felld niður og bankinn endurgreiði sóknaraðila þann hluta kaupverðsins sem hann hafi þegar greitt fyrir lóðina, eða GBP 13.750, sem hann hafi greitt með millifærslu af bankareikningi sínum í L inn á reikning seljanda B, í F þann 26. nóvember 2007. Þá leiki enginn vafi á því að sóknaraðili geti ekki auðgast á kostnað bankans.

Þrautavarakröfu sína byggir sóknaraðili á öllum sömu málsástæðum og aðalkröfu og varakröfu en til viðbótar byggir hann á því að þar sem bankinn hafi millifært af reikningi hans án heimildar hafi bankinn í raun skuldbundið sig til greiðslu eftirstöðva kaupverðsins en ekki hann sjálfur. Telur sóknaraðili í ljósi þess eðlilegt að hann afsali lóðinni til bankans gegn því að úrskurðað verði að millifærslurnar séu óskuldbindandi fyrir hann. Þá leiki enginn vafi á því að sóknaraðili geti ekki auðgast á kostnað bankans.

Sóknaraðili hafnar þeirri málsástæðu varnaraðila að hann hafi með vara- og þrautavarakröfu sinni viðurkennt að um ólögmæta auðgun yrði að ræða af hans hálfu ef fallist yrði á aðalkröfu hans. Umræddar kröfur hafi verið settar fram sem varakröfur þar sem þær gangi skemur en aðalkrafa og komi einungis til álita að aðalkröfu frágenginni. Af þeim sökum felist því á engan hátt viðurkenning um að í aðalkröfu felist ólögmæt auðgun. Heldur séu þessar kröfur eðlilegar til að taka af allan vafa um að um ólögmæta auðgun sóknaraðila geti verið að ræða og úrskurðarnefndinni sé í ljósi þess auðveldara að fella ábyrgð á varnaraðila vegna háttsemi sinnar gagnvart sóknaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að skýringar sóknaraðila í bréfi, dags. 27. nóvember 2013, hafi ekki verið í samhengi við fyrri athugasemdir hans og sammingsumleitanir, þar sem hann hafi ekki gert athugasemdir við umræddar millifærslur af myntvultureikningnum áður, þrátt fyrir að liðin séu allmörg ár frá færslunum. Sóknaraðili geti ekki borið fyrir sig að honum hafi ekki verið kunnugt um millifærslurnar. Hafi sóknaraðili haft tök á að mótmæla þeim mun fyrr hefði hann talið þær óheimilar. Hafi sóknaraðili reglulega fengið send yfirlit yfir stöðu myntvultureikningsins ásamt því að kvittanir fyrir þessum tilteknu færslum hafi verið sendar sóknaraðila í pósti á sama tíma og þær hafi verið gerðar. Á yfirlitunum frá F hafi komið fram að athugasemdir við yfirlit þyrftu að koma innan 20 daga frá viðtöku yfirlitsins, annars teldist færslan/reikningurinn réttur. Ljóst sé að sóknaraðili hafi nýtt fjármunina til lóðakaupa. Lóðirnar sem keyptar hafi verið séu lóðir í A sem sóknaraðili eigi enn þann dag í dag. Krafa sóknaraðila sé því ósanngjörn og óeðlileg, enda myndi hann ef fallist yrði á hana, hafa í för með sér að sóknaraðili myndi auðgast á kostnað bankans, þar sem fjármunirnir hafi sannanlega verið nýttir til að kaupa lóðir sem sóknaraðili eigi enn í dag og geti hagnast af sölunni síðar.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili haldi því fram að varnaraðili hafi ekki haft fullnægjandi heimild til að framkvæma umræddar færslur af myntvultureikningi sóknaraðila, dags. 28. nóvember 2007 og 22. janúar 2008. Varnaraðili mótmælir framangreindri málsástæðu sem rangri. Sóknaraðili hafi samið við F um fjármögnun á kaupunum líkt og hluti þeirra aðila sem keypt hafi lóðir á Bretlandi af B. Fjármögnunin hafi falið í sér að stofnaður hafi verið myntvultureikningur sem nýttur hafi verið til yfirfærslu vegna greiðslu á lóðunum. Sóknaraðili hafi stofnað slíkan reikning þann 16. nóvember 2007 og hafi hann fengið númerið X. Jafnframt hafi sóknaraðili óskað eftir yfirdrætti á reikninginn að fjárhæð GBP 15.009 til lóðakaupanna. Hafi yfirdrátturinn átt að gilda frá 12. nóvember 2007 til 1. desember 2008. Lánsbeiðnin hafi verið beint tengd lóðakaupunum þar sem umsókninni um lánið

hafi fylgt framangreind yfirlýsing G um staðfestingu á að lánið yrði notað til lóðakaupanna í Bretlandi. Varnaraðili hafi því verið í góðri trú þegar hann hafi fært til ádráttar á reikningi sóknaraðila fyrir kaupum á lóðinni og greitt hluta kaupverðsins til B. Máli sínu til stuðnings vísar varnaraðili til lánsúmsóknar sóknaraðila, sjálfskuldarábyrgðar G og tölvupóstsamskipta milli sóknaraðila og umboðsmanns viðskiptavina varnaraðila. Auk þess vísar bankinn til undirritaðrar yfirlýsingar sóknaraðila sem ábyrgðarmanns fyrir G vegna lánveitingar til kaupa á lóð á Bretlandi.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili haldi því jafnframt fram að ákveðin viðurkenning á öryggi fjárfestingarinnar hafi falist í því að F byði upp á möguleika á fjármögnun til kaupa á lóðunum í A. Varnaraðili mótmælir þessari málsástæðu sóknaraðila sem rangri enda hafi varnaraðili óskað eftir tryggingu fyrir lánveitingunni í formi sjálfskuldarábyrgðar og hafi aldrei gefið sóknaraðila yfirlýsingar eða aðrar upplýsingar í þeim tilgangi að auka trúverðugleika fjárfestingarinnar.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili haldi því fram að hann hafi ekki verið ákveðinn með hvaða hætti hann kæmi til með að fjármagna lóðarkaupin, ef til þeirra kæmi, þegar hann hafi sótt um myntvultureikning hjá varnaraðila. Varnaraðili mótmælir þessari málsástæðu sóknaraðila og bendir á að í lánsbeiðni hans komi skýrt fram að óskað væri eftir lánveitingu vegna Plot 1-32 sem sé tilvísun til lóðar í A. Auk þess hafi sambýliskona sóknaraðila gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu og undirritað yfirlýsingu þess efnis að hún væri meðvituð um að lánið væri veitt til skamms tíma vegna lóðakaupa á Bretlandi. Sóknaraðili hafi undirritað sambærilega yfirlýsingu vegna láns sem sambýliskona hans hafi tekið sömuleiðis vegna lóðakaupa í Bretlandi. Auk þess vísi bankinn til samskipta milli sóknaraðila og umboðsmanns viðskiptavina varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að því sé haldið fram í kvörtun sóknaraðila að honum hafi aldrei borist tilkynningar um millifærslur á myntvultureikningnum né yfirlit yfir stöðu reikningsins. Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu sóknaraðila sem rangri. Um tilkynningar til sóknaraðila um millifærslurnar vísar bankinn til reikningsyfirlita þar sem finna megi yfirlit yfir stofnun myntvultureiknings og stöðu reikningsins eftir ádrátt. Í tilkynningunni sé tekið fram að ef sóknaraðili hafi athugasemdir við tilkynninguna beri honum að koma þeim á framfæri við bankann innan 20 daga frá afhendingu tilkynningarinnar. Sóknaraðili hafi ekki haft samband við bankann fyrr en fjórum árum seinna, í byrjun árs 2011. Hafi hann fyrst gert þær athugasemdir að varnaraðili hafi ekki haft heimild til millifærslu af reikningnum í júní 2013. Sóknaraðili hafi fengið yfirlit yfir myntvultureikninginn sent mánaðarlega frá nóvember 2007 til apríl 2011, en eftir það hafi tilkynningar borist í heimabanka sóknaraðila. Óski úrskurðarnefnd eftir afriti af öllum tilkynningum til sóknaraðila á þessu tímabili muni varnaraðili að sjálfsögðu verða við þeirri beiðni.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili haldi því fram að umboðsmaður viðskiptavina hafi viðurkennt að um formgalla væri að ræða á ádrætti af myntvultureikningi sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki fært sönnur fyrir því önnur en samskipti milli sóknaraðila og umboðsmanns en þar megi hvergi finna viðurkenningu þess efnis.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili haldi því fram að niðurfelling láns hans til kaupa á umþrætti lóð geti ekki leitt til auðgunar hans á kostnað varnaraðila og færi fyrir því þau rök að annars vegar hafi millifærslan verið framkvæmd í heimildarleysi af hálfu bankans og hins vegar að verðmæti lóðarinnar sé í dag margfalt minna en það hafi verið á þeim tíma er kaupin hafi átt sér stað. Fyrra atriðinu hafi verið svarað að framan. Varðandi seinna atriðið bendir varnaraðili á að aðkoma hans hafi eingöngu

verið að lána sóknaraðila fyrir kaupum á lóðinni og hafi bankinn ekki verið aðili að kaupsamningnum eða verkefni D um sölu á lóðunum. Hvort fjárfesting sóknaraðila hafi aukist eða falli í verði hafi ekki áhrif á fjárhæð lánveitingarinnar og beri varnaraðila ekki að bera tap sóknaraðila af samningum hans við þriðja aðila. Vísar varnaraðili til almennra reglna samningaréttar og kröfuréttar um skuldbindingargildi lánsammansins þar um og skyldu sóknaraðila til að standa við gerða samninga.

Varnaraðili byggir á því að fyrir liggi að sóknaraðili hafi fengið umrædda yfirdráttarheimild í breskum pundum í því skyni að greiða fyrir lóðina AA á Bretlandi. Sóknaraðili hafi gert ráð fyrir að byggingarleyfi yrði gefið út á umrædda lóð og að hagnaður vegna lóðarinnar gæti orðið umtalsverður. Þegar sóknaraðila hafi orðið ljóst að ekki myndi koma til þess að byggingarleyfi yrði veitt vegna lóðarinnar hafi hann óskað eftir liðsinni varnaraðila við að draga viðeigandi aðila til ábyrgðar. Þegar varnaraðili hafi ekki viljað verða við þeirri ósk hafi sóknaraðili brugðið á það ráð að mótmæla því að hann hafi heimilað umræddar millifærslur af myntvultureikningi sínum.

Varnaraðili telur að með vísan til alls framangreinds beri að hafna öllum kröfum sóknaraðila. Varnaraðili telur að verði úrskurðarnefndin við aðalkröfu eða eftir atvikum varakröfum sóknaraðila verði um ólögmeta auðgun af hálfu sóknaraðila að ræða. Yfirdráttarheimild sóknaraðila hafi enda verið nýtt til að kaupa umrædda lóð sem sé enn þann dag í dag í eigu sóknaraðila. Sóknaraðili stæði þá uppi með eign án þess að hafa greitt fyrir hana að fullu. Í vara- og þrautavarakröfu fari sóknaraðili fram á úrskurð um að millifærslur af myntvultureikningi hans séu ógildar og óskuldbindandi og að yfirdrátturinn verði felldur niður gegn afsali lóðarinnar til varnaraðila. Telur varnaraðili sóknaraðila með því viðurkenna að um ólögmeta auðgun yrði að ræða ef farið yrði fram á úrskurð um ógildi millifærslunnar án afsals eignarinnar til bankans. Að lokum telur varnaraðili úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki ekki hafa lagaheimild til að úrskurða þess efnis að sóknaraðili ráðstafi bankanum eign sinni gegn niðurfellingu skuldbindinga hans. Að því virtu telur varnaraðili að vísa verði frá vara- og þrautavarakröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að framkvæmd varnaraðila á millifærslum af myntvultureikningi sóknaraðila nr. X.

Varnaraðili framkvæmdi millifærslu út af myntvultureikningi sóknaraðila nr. X, að fjárhæð GBP 11.000 þann 28. nóvember og að fjárhæð GBP 2.750 þann 22. janúar 2008. Ekki liggja fyrir nein gögn um að sóknaraðili hafi veitt varnaraðila afdráttarlausu heimild til millifærslunnar. Þá verður niðurstaða málsins ekki byggð á einhliða yfirlýsingum varnaraðila um að hann hafi sent sóknaraðila reikningsyfirlit vegna tímabilsins 22. nóvember 2007 til 31. desember 2007, þar sem fram kom að millifærð hefðu verið GBP 11.000 af reikningi sóknaraðila inn á reikning B og tiltekið að gera þyrfti athugasemdir innan 20 daga frá viðtöku yfirlitsins, annars teldist reikningurinn réttur.

Hvað sem líður útsendingu yfirlitanna virðast gögn málsins bera skýrlega með sér að sóknaraðila mátti vera ljóst að umræddar greiðslur hefðu verið inntar af hendi fljótlega eftir að þær voru greiddar út. Heildarskoðun á þeim skjölum sem lögð hafa verið fram leiðir í ljós að um var að ræða viðskipti þar sem sóknaraðili og þáverandi sambýliskona hans festu kaup á umræddum lóðum og gengu um leið frá fjármögnun

þeirra með því að sækja um yfirdráttarlán á myntvultureikningi í breskum pundum. Hefur sóknaraðili ekki gert sennilegt að neitt annað hafi fyrir honum vakað en að greiðslan fyrir lóðirnar rynni af reikningi hans. Þá hefur hann alls enga tilraun gert til að útskýra hvernig hann hélt að á því gæti staðið að hann hefði orðið eigandi lóðanna án þess að greitt hefði verið fyrir þær.

Af gögnum málsins verður einnig ráðið að sóknaraðili hafði fyrst samband við varnaraðila vegna áhyggna sinna af umræddum viðskiptum með lóðir í A, Englandi, í upphafi árs 2011. Þá fór hann þess á leit við varnaraðila að bankinn aðstoðaði hann við að draga þá til ábyrgðar sem líklega væru að hafa bankann og viðskiptavinum hans að ginningarfíflum og reynt yrði að endurheimta það fé sem líklega væri að renna viðskiptavinum bankans úr greipum og hugsanlega bankanum að einhverju leyti líka. Í erindi sóknaraðila var ekki minnst á að millifærslur varnaraðila af myntvultureikningi sóknaraðila hefðu verið bankanum óheimilar. Í svari varnaraðila, dags. 6. júní 2011, var tekið fram að millifærslurnar hefðu verið skoðaðar en lögmenn bankans litu svo á að ekki væri um verulegan formgalla að ræða á málinu. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili virðist ekki hafa gert athugasemdir við niðurstöðu varnaraðila varðandi millifærslurnar fyrr en 27. nóvember 2013. Sýndi hann þannig af sér mikið og óvenjulegt tómlæti, ef vilji hans stóð ekki til þess að umræddar millifærslur af reikningnum væru framkvæmdar.

Með vísan til alls framangreinds, þess að sóknaraðili gerði engar athugasemdir við úttekt varnaraðila fyrr en í fyrsta lagi í byrjun árs 2011 og þess að hann hreyfði engum andmælum við afstöðu varnaraðila vegna úttektar bankans af myntvultureikningnum fyrr en 27. nóvember 2013, verður að hafna kröfu sóknaraðila, enda virðast úttektirnar hafa verið gerðar með vilja sóknaraðila en sóknaraðili eignaðist með úttektunum lóð AA, Englandi, skv. kaupsamningi, dags. 18. október 2007. Með sömu rökum er öllum kröfum sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 14. nóvember 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 16. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 28/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. febrúar 2014, með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 9. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 16. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Haustið 2007 var bílasamningur nr. X gerður milli varnaraðila sem leigusala og sóknaraðila sem leigutaka. Hið leigða var A. Leigutími var frá 5. október 2007 til 5. október 2014. Samningsfjárhæð var kr. 1.571.636 í EUR 40%, USD 30%, CHF 10% og JPY 20%.

Þann 28. október 2010 barst sóknaraðila tilkynning um að samningur nr. X hefði verið endurreiknaður í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 153/2010 og 471/2010. Eftirstöðvar eftir endurreikning voru kr. 1.101.469 og inneign á veltureikningi var kr. 8.145.

Þann 25. febrúar 2014 var staða lánsins kr. 249.028.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun móttækinni 26. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að upphæð láns fari í umsamda upphaflega fjárhæð. Sóknaraðili kveður bílalán hennar hafa hækkað meira en eðlilegt geti talist.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki skuli nefndin taka til meðferðar kvartanir sem varði réttarágreining á milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns. Það sé skilyrði málsmeðferðar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns, sbr. 5. gr. samþykktanna.

Varnaraðili bendir á að af hálfu sóknaraðila séu engin gögn lögð fram um réttarágreining. Þá sé því ekki haldið fram af hálfu sóknaraðila að varnaraðili hafi hafnað erindi hennar. Með vísan til þessa séu ekki uppfyllt skilyrði ákvæða 3. og 5. gr. samþykktanna.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt 6. gr. samþykktanna þá fjalli nefndin ekki um mál sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila óskýrar. Krafa sóknaraðila snúi að því að færa upphæð láns í umsamda upphaflega fjárhæð. Slík kröfugerð sé vægast sagt óljós og óskýr. Þessu til viðbótar væri slík aðgerð sóknaraðila í óhag, enda upphafleg samningsfjárhæð kr. 1.571.636 en staða samnings hafi verið kr. 249.028 þann 25. febrúar 2014.

Varnaraðili vísar til þess að fullyrðing sóknaraðila um að bílalán hafi „hækkað meira en eðlilegt telst“ sé ekki studd neinum frekari rökum og ekki sé hægt að leiða slíkt af framlögðum gögnum. Þannig komi ekkert fram um hver sé meint umfram hækkun eða hvernig það sé metið. Þá samræmist sú fullyrðing illa þeirri staðreynd að lán sóknaraðila hafi lækkað um rúmar 1,3 milljónir á lánstímanum og eftir endurreikning bílaláns hafi sóknaraðili fengið endurgreiðslu frá varnaraðila.

Varnaraðili byggir á því til viðbótar við óskýra og óljósa kröfugerð að lýsing á málsatvikum, málsástæðum og lagarökum sé þannig að ómögulegt sé að átta sig á efnisgrunni málsins.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur varnaraðili kvörtun sóknaraðila ekki uppfylla ákvæði 3., 5. og 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst þess að upphæð láns fari í umsamda upphaflega fjárhæð.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggi að ágreiningur sé um sakarefnið.

Í 6. gr. samþykktanna er fjallað um mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi borið kvörtun sína upp við varnaraðila. Þá verður ekki ráðið af kvörtun sóknaraðila í hverju ágreiningur aðila felst, enda var upphafleg samningsfjárhæð kr. 1.571.636 en staða samnings þann 25. febrúar 2014 var kr. 249.028. Krafa sóknaraðila er óskýr og málið óljóst.

Í ljósi framangreinds og með vísan til 5. gr. og e-liðar 6. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður ekki hjá því komist að vísa máli sóknaraðila frá.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 16. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 11. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 29/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 27. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 10. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. júlí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 10. janúar 2007 var bílasamningur nr. X undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og sóknaraðila sem leigutaka. Hið leigða var A. Leigutími var frá 10. janúar 2007 til 5. febrúar 2014. Samningsfjárhæð var kr. 1.097.528. Samningurinn var gengistryggður miðað við 50% JPY og 50% CHF.

Þann 21. október 2010 var bílasamningur nr. X endurreiknaður í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 153/2010 og 471/2010. Eftirstöðvar samnings fyrir endurreikning voru kr. 1.414.857 en eftir endurreikning voru þær kr. 670.436. Inneign á veltureikningi var kr. 15.548.

Þann 20. september 2013 krafðist sóknaraðili endurgreiðslu ofgreiddra afborgana af láni nr. X. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 4. nóvember 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurreikni ólöglegt gengislán hans nr. Y 70102879, m.t.t. reikningsaðferðar sem Hæstiréttur Íslands mælti fyrir um í máli nr. 464/2012 og greiði honum þá upphæð sem hann ofgreiddi af láninu.

Sóknaraðili kveður lán hans uppfylla öll skilyrði þess að falla undir undantekningarreglu frá fullum efnudum vegna fullnaðarkvittana. Varnaraðili neiti hins vegar að viðurkenna fordæmi dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Ekki verði annað séð en að varnaraðili sé að draga öll mál á langinn í þeirri von að kröfur á hendur fyrirtækinu fyrnist.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að þegar fjallað sé um endurreikning lána sem upphaflega hafi borið gengistryggingu, sé til þess að líta að um lögmætar skuldbindingar sé að ræða sem lántökum beri að standa skil á samkvæmt grundvallarreglum fjármunaréttar um skuldbindingargildi samninga. Eftir þá niðurstöðu Hæstaréttar að óheimilt hafi verið að verðtryggja lánsskuldbindingar með vísan til gengis gjaldmiðla þá hafi réttarstaðan verið sú að „*líta [varð] með öllu fram hjá ákvæðum samnings um vaxtahæð*“, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010.

Varnaraðili vísar til þess að þar sem gengistryggingin hafi verið óheimil, þá hafi fallið niður bæði gengistrygging og vaxtaviðmið samningsins, enda „*bein og órjúfanleg tengsl*“ á milli þessa. Atvik hafi þá svarað til þess „*að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera*“, sbr. tilvitnaðan dóm. Af þeim sökum skyldu vextir ákvarðaðir í samræmi við lögbundið vaxtaviðmið skv. 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga.

Varnaraðili byggir á því að samkvæmt 3. gr. laganna skuli greiða vexti frá stofndegi kröfu og til greiðsludags. Ákvæði 4. gr. sömu laga ákvarði að vextir í slíkum tilfellum skuli vera í samræmi við lægstu vexti á íslenskum lánamarkaði, en slík vaxtakjör bjóðist almennt ekki við fjármögnun varanlegra neyslufjármuna eins og bifreiða.

Bendir varnaraðili á að í kjölfar gengisdóma Hæstaréttar þann 16. júní 2010 og vaxtadóms frá 16. september 2010 hafi samningur sóknaraðila verið endurreiknaður. Við endurreikning hafi verið beitt svonefndri veltureikningsaðferð við að finna út of- eða vangreiðslur og höfuðstól, en þessi aðferð hafi verið viðurkennd í dómafrankvæmd, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013.

Varnaraðili tekur fram vegna tilvísunar sóknaraðila til máls nr. 464/2012 að þar hafi ekki reynt sérstaklega á málsástæður um aðferð við endurreikning, enda hafi kröfuhafi ekki sett fram sérstök andmæli við útreikning skuldara. Þannig hafi málið einkum snúið að því hvort að skilyrði fullnaðarkvittunar væru fyrir hendi, en í málinu hafi verið gerð viðbótarkrafa um greiðslu á hendur skuldara (öfugt við aðstöðu sóknaraðila sem hafi fengið endurgreiðslu). Umrætt dómsmál verði því að lesa með hliðsjón af málsforræðisreglu einkamálaréttarfars sem feli í sér að dómstólar séu bundnir af þeim málsástæðum og gögnum sem aðilar tefli fram hverju sinni. Með vísan til þessa, dóms Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 og að engin viðbótarkrafa hafi verið gerð á hendur sóknaraðila verði ekki litið til máls nr. 464/2012 við úrlausn kvörtunarinnar, ekki frekar en í niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli nr. 90/2013.

Bendir varnaraðili á að í dómum Hæstaréttar t.d. í málum nr. 471/2010, 603/2010, 50/2013, 327/2013 og 328/2013 sé að finna leiðsögn um útreikninga sem sé eftirfarandi: 1) Ógild ákvæði um gengistryggingu í lánasamningi leiði til þess að litið verði með öllu fram hjá ákvæði samningsins um vaxtahæð og skuldin beri vexti eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá lántökudegi til lokadags. Skuldbinding lántakans á hverjum tíma skuli miðast við lánið þannig reiknað; 2) Ofgreiðsla/vangreiðsla fyrir liðna tíð sé fundin með því að bera saman annars vegar raunverulegar greiðslur sem lántaki hafi innt af hendi og hins vegar þær greiðslur sem lántaka hafi borið að inna af hendi, hefði vaxtahæð verið reiknuð eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá upphafi (veltureikningur); 3) Réttur lánveitanda til viðbótargreiðslu vegna vangreiðslu geti mögulega takmarkast af undantekningarreglu kröfuréttar um gildi fullnaðarkvittana. Feli endurkrafa í sér verulega röskun á fjárhagslegum hagsmunum skuldarans, miðað við þær væntingar sem hann hafi mátt gera og önnur skilyrði fullnaðarkvittunar séu til staðar, þá falli endurkröfuréttur lánveitandans niður; 4) Réttur lántaka til að ná fram kröfu vegna ofgreiðslu ráðist af því hvort að lántaki hafi greitt hærri fjárhæðir samtals á umræddu tímabili en hann hefði gert hefði hæð vaxta verið reiknuð eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá upphafi.

Varnaraðili bendir á að niðurstaða endurreiknings á samningi sóknaraðila hafi verið sú að eftirstöðvar samnings hans hafi lækkað um kr. 744.421 frá síðasta greidda gjalddaga fyrir endurreikning, eða úr 1.414.857 í kr. 670.436. Þá hafi sóknaraðila reiknast inneign á veltureikningi og hafi því ofgreitt af láni sínu. Inneign sóknaraðila hafi annars vegar verið ráðstafað til skuldajöfnunar á ógreiddum gjalddögum frá 5. júlí 2010 til 5. október 2010 (að fjárhæð um kr. 68.000). Hins vegar hafi sóknaraðili ráðstafað þeirri inneign sem eftir hafi staðið, kr. 15.548 til aukaafborgunar inn á eftirstöðvar skuldarinnar.

Varnaraðili vísar til þess að það sé meginregla í kröfurétti að kröfuhafi sem fengið hafi minna greitt en hann hafi átt rétt til eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangoldið sé. Frá meginreglunni geti verið undantekningar, t.d. reglan um fullnaðarkvittun.

Varnaraðili bendir á að þannig kunni sú aðstaða að vera uppi þegar kröfuhafi geri kröfu á hendur skuldara um vangoldna greiðslu, að skuldari geti komist undan frekari fjárútlátum með því að bera fyrir sig svokallaða fullnaðarkvittun. Þetta sé þó háð vissum skilyrðum og eigi við mjög sérstakar aðstæður. Reglunni um fullnaðarkvittun verði hins vegar einungis beitt gegn kröfu kröfuhafa en ekki til stuðnings kröfu skuldara á hendur kröfuhafa, slík kröfugerð styðjist við önnur lagasjónarmið s.s. reglur um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Varnaraðili byggir á því að enga reglu sé að finna í lögum sem leiði til þeirrar niðurstöðu að skuldari geti endurkrafið kröfuhafa um fjárhæð sem hann hafi þegar greitt í samræmi við samning aðila, lög og dómafordæmi. Í þessu sambandi skuli vakin athygli á dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013, en þar hafi sérstakri endurkröfu skuldara verið hafnað, jafnvel þó að kröfuhafi gæti ekki krafist viðbótargreiðslu úr hendi skuldara vegna þess að undantekningarreglan um fullnaðarkvittun átti við. Sama aðstaða sé uppi varðandi fyrirliggjandi kvörtun. Þegar varnaraðili hafi endurreiknað lán sóknaraðila í samræmi við gildandi rétt þá hafi endurreiknaður höfuðstóll lækkað um kr. 744.421. Þá hafi niðurstaða veltureiknings verið sú m.v. síðasta greidda gjalddaga að sóknaraðili hafi ofgreitt af láni sínu en hafi fengið endurgreiddar um kr. 83.000 eða um 7,5% af upphaflegu láni. Endurgreiðslunni hafi verið ráðstafað til greiðslu ógreiddra gjalddaga og því sem umfram hafi verið eftir þessar greiðslur hafi sóknaraðili nýtt til aukaafborgunar af láninu.

Varnaraðili telur af framangreindu ljóst að sóknaraðili geti ekki borið fyrir sig fullnaðarkvittun þar sem engin krafa hafi verið gerð á hendur honum um viðbótargreiðslu. Þvert á móti hafi sóknaraðili fengið greitt frá varnaraðila.

Varnaraðili bendir á til viðbótar framangreindu að ekki sé í tilvikum sóknaraðila uppfyllt það meginskilyrði fyrir beitingu undantekningarreglunnar um fullnaðarkvittun að endurkrafa fjármuna raski verulega fjárhagslegum hagsmunum skuldara. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni að fjárhagslegum hagsmunum sóknaraðila hafi verið raskað. Þvert á móti liggi fyrir að við endurreikning hafi eftirstöðvar skuldbindingar sóknaraðila lækkað verulega. Á sama tíma hafi raunvirði bifreiðarinnar aukist vegna áhrifa gengisfalls íslensku krónunnar á verðmæti bifreiða, að teknu tilliti til afskrifta um kr. 222.543 eða um 20% af upphaflegu kaupverði.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili ætlist til þess með kröfugerð sinni að skuldbinding hans beri neikvæða raunvexti eða -1,97%. Slík kjör, þar sem lánveitandi borgi með láni, hafi sóknaraðili aldrei getað gert sér væntingar um. Til hliðsjónar megi benda á að Íbúðalánasjóður hafi gert kröfu um 4,7% raunvexti vegna fasteignatryggðra lána þegar lán sóknaraðila hafi verið tekið í janúar 2007. Sé einnig tekið tillit til hækkunar á verðmæti bifreiðar sóknaraðila m.v. október 2010 þá ætli sóknaraðili að hafa um 10% arðsemi af viðskiptunum (neikvæða raunvexti).

Varnaraðili telur ljóst með vísan til framangreinds að sóknaraðili hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegri röskun vegna fjármögnunar bifreiðakaupa sinna. Sóknaraðili hafi aldrei getað vænst annars en að þurfa að greiða vexti af láninu og hafi aldrei getað búist við hreinni arðsemi af lántöku sinni. Þessu til viðbótar sé einsýnt að verði fallist á kröfu sóknaraðila muni hann auðgast á óréttmætan hátt á kostnað varnaraðila og njóta kjara sem væntingar hans hafi aldrei getað staðið til.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi varnaraðila á bílasamningi sóknaraðila nr. X.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila eru svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að lán hans uppfylli öll skilyrði þess að falla undir undantekningarreglu frá fullum efndum vegna fullnaðarkvittana, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 464/2012.

Sóknaraðili gerir ekki tilraun til að sýna fram á að útreikningur varnaraðila sé rangur eða útskýra á hvaða forsendum leiðréttu beri lán hans frekar en gert hefur verið. Við yfirferð nefndarinnar yfir gögn málsins vekja háir vextir í endurútreikningi athygli, en sóknaraðili hefur enga athugasemd gert við þá.

Til þess að unnt sé að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila um leiðréttingu telur nefndin nauðsynlegt að fá annaðhvort í hendur skýra og glögglega fram setta útreikninga á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum, eða skýra, rökstudda kröfu um að einhver tiltekin atriði í fyrirbyggjandi útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en gert er.

Í ljósi framangreinds verður að telja að mál sóknaraðila sé svo óljóst og illa upplýst að ekki verði hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 79/2013, 12/2014 og 14/2014.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 11. júlí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, miðvikudaginn 29. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 30/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru F, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 28. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 26. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 11. júlí og 29. ágúst 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 1. ágúst 2007 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.900.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B, tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Staðfestu þau að hafa kynnt sér efni bréfsins og að þau gerðu sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra væri fólgin og töldu hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt hefðu þau kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 2. ágúst 2007 undirritaði sóknaraðili skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Óskaði hún eftir að því gangast í ábyrgð fyrir A. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldir sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Ekki kom fram hvort meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum, þar sem hakað hafði verið í hvorugan þeirra reita sem ætlaðir voru til að staðfesta eða hafna því að svo væri. Staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Fyrir liggur fjárhagsyfirlit úr tölvukerfi varnaraðila, dags. 2. ágúst 2007. Þar kemur fram að afgangur á mánuði fyrir lánveitingu hafi verið kr. 49.000 en eftir lánveitingu yrði hann kr. 33.000.

Þann 29. september 2009, 11. nóvember 2010 og 5. maí 2011 voru gerðar skilmálabreytingar á framangreindu skuldabréfi sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Í nóvember 2012 óskaði sóknaraðili eftir því að ábyrgð hennar yrði felld niður. Varnaraðili hafnaði því þann 14. nóvember 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 26. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fallið verði frá sjálfskuldarábyrgð hennar á skuldabréfi nr. X.

Sóknaraðili bendir á að hún hafi gengist í ábyrgð þann 1. ágúst 2007 með undirskrift sinni á skuldabréfið. Greiðslumat vegna umræddrar lánveitingar hafi verið klárað 2. ágúst 2007 en sé ekki staðfest af aðalskuldara. Niðurstaða greiðslumats hafi verið kynnt ábyrgðarmanni 2. ágúst 2007 eða einum degi eftir að hún hafi gengist í ábyrgðina. Á skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ sé ekki fyllt út í reitinn lánsfjárhæð, ekki sé merkt við tegund láns eða tegund ábyrgðar og ekki sé merkt við hvort meira en helmingi lánsfjár verði varið til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili telur varnaraðila ekki hafa farið eftir 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, þegar hún hafi gengist í umrædda ábyrgð.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi gengist í hina umþrættu sjálfskuldarábyrgð þann 1. ágúst 2007. Lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi hins vegar ekki tekið gildi fyrr en 4. apríl 2009. Að mati varnaraðila sé því ljóst að ákvæði laganna um framkvæmd greiðslumats geti ekki átt við um hina umþrættu lánveitingu og sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfinu.

Varnaraðili bendir á að greiðslumat hafi engu að síður farið fram í samræmi við ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og hafi sóknaraðila verið kynntar niðurstöður greiðslumatsins. Í skjalinu komi fram að niðurstaða greiðslumatsins bendi til þess að lántakandi geti efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu. Í skjalinu sé jafnframt vísað til þess á hvaða upplýsingum niðurstaða greiðslumatsins sé byggð og að jákvæð niðurstaða greiðslumats feli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efni skyldur sínar.

Varnaraðili vísar til dóms héraðsdóms í máli nr. E-760/2012 og mun þar átt við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. Bendir bankinn á að atvik í dómsmálinu og því máli sem hér sé til umfjöllunar séu ekki alveg sambærileg. Í dómsmálinu hafi verið um sambúðarfólk að ræða og ekki hafði verið framkvæmt greiðslumat. Í þessu máli sé um einstakling að ræða og greiðslumat hafi verið framkvæmt. Þær skyldur sem samkomulagið leggi á varnaraðila hafi því verið betur uppfylltar hér en í dómsmálinu.

Það fordæmi sem komi fram í dóminum og hafi þýðingu í þessu máli sé hins vegar, að þar sé því slegið föstu að ekki hafi verið þörf á því að haka við viðeigandi reiti heldur hafi undirritun ábyrgðarmanns/veðsala nægt til þess að skuldbinda hann. Málsástæður sóknaraðila um að varnaraðili hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga þar sem ekki sé fyllt út í reitinn lánsfjárhæð, ekki merkt við tegund láns eða tegund ábyrgðar og ekki merkt við hvort meira en helmingi lánsfjár verði varið til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki hafi því enga þýðingu í þessu máli þar sem sóknaraðili riti undir skjalið. Því til viðbótar megi benda á að sóknaraðili riti einnig undir skuldabréfið sjálft þar sem lánsfjárhæðin komi fram skýrum stöfum á tveimur stöðum, bæði í bókstöfum og tölustöfum.

Varnaraðili telur það ekki hafa komið að sök þó niðurstaða greiðslumats sem sóknaraðili hafi undirritað hafi verið dagsett einum degi síðar en skuldabréfið sjálft eða að aðalskuldari hafi ekki staðfest það með undirskrift sinni og að það eitt og sér geti ekki leitt til ógildingar ábyrgðarinnar. Líkt og áður hafi verið nefnt þá hafi niðurstöður greiðslumatsins bent til þess að lántaki gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu enda hafi greiðslur af láni samkvæmt skuldabréfinu verið í skilum framan af, sem styðji jákvæða niðurstöðu greiðslumatsins. Megi því leiða líkur að því að jafnvel þótt sóknaraðila hefði verið kynntar niðurstöður matsins og hann skrifað undir niðurstöðurnar sama dag og skuldabréfið sjálft þá hefði það ekki leitt til þess að hann hefði síður ákveðið að gangast í umþrætta sjálfskuldarábyrgð.

Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 máli sínu til stuðnings. Sambærilega niðurstöðu megi finna í úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 101/2012 og 147/2012 og nýlegum dómi Hæstaréttar í máli nr. 749/2013. Atvik í máli því sem hér um ræði hafi verið sambærileg. Sóknaraðili hafi staðfest með undirritun sinni að hafa kynnt sér upplýsingabækling um notkun sjálfskuldarábyrgða og lánsveða þar sem fram komi að hann geti kynnt sér greiðslumat. Varnaraðili hafi látið fara fram greiðslumat á skuldara. Það hafi verið undir sóknaraðila sjálfum komið að óska eftir því að fá að sjá það áður en hann hafi veitt samþykki við því að gangast í sjálfskuldarábyrgð á umræddu skuldabréfi. Verði því ekki annað séð en að varnaraðili hafi uppfyllt þær skyldur sem lagðar hafi verið á hann samkvæmt 3. og 4. gr. samkomulagsins.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá þeim sparisjóði. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum

viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á því sjónarmiði að í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats eða geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ sem telja verður að unnið hafi verið við útgáfu umrædds skuldabréfs, enda er það gefið út degi síðar og sóknaraðili hefur ekki haldið því fram að hún hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna útgáfu annars láns útgefanda skuldabréfs nr. X á svipuðum tíma og það var gefið út. Verður í þessu ljósi ekki litið fram hjá því skjali, þrátt fyrir að fjárhæð láns, tegund láns eða ábyrgðar komi ekki fram á því.

Með skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ var sóknaraðila kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats, en sama orðalag og sama aðferð virðist hafa verið viðhöfð við að benda ábyrgðarmönnum á þann möguleika að kynna sér gögn til grundvallar niðurstöðunni og í umræddu Hæstaréttarmáli. Þá var tilgreint sérstaklega að jákvæð niðurstaða fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efndi skyldur sínar.

Skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ var undirritað degi eftir að skuldabréf nr. X var undirritað. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur fram að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Varnaraðili uppfyllti því ekki skyldur sínar samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins við útgáfu skuldabréfsins.

Við mat á því hvort víkja eigi ábyrgð sóknaraðila til hliðar í ljósi ofangreinds með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa ber að líta til þess að þann 2. ágúst 2007 var sóknaraðila kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats. Sóknaraðili hefur enga tilraun gert til að útskýra hvernig dagsetning skjalsins „Niðurstaða greiðslumats“ hafi skipt máli fyrir ábyrgðarskuldbindingu hans eða haldið því fram að vilji hans hafi staðið til þess að gangast ekki í ábyrgð vegna niðurstöðu greiðslumatsins. Verður ekki séð að orsakatengsl séu á milli dagsetningar umræddra skjala og ábyrgðarinnar sem sóknaraðili gekkst í, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 185/2012. Verður að hafna því að víkja ábyrgðinni til hliðar með vísan til dagsetninga á umræddum skjölum.

Svo sem fyrr greinir var greiðslumat varnaraðila á því reist að ráðstöfunartekjur sóknaraðila, eftir að hafa greitt ýmsan fastan kostnað og afborganir, lækkuðu aðeins um 16.000 krónur við það að taka á sig afborganir nýs láns. Er útilokað að svo gæti verið miðað við fjárhæð lánsins og skilmála, nema því hafi að öllu verulegu leyti verið ætlað að greiða upp eldri lán. Verður málatilbúnaður aðila enda skilinn svo að ágreiningslaust sé að svo hafi verið. Verður því hér að taka afstöðu til þess hvort vanhöld varnaraðila á því að kynna sóknaraðila að meirihluta lánsins yrði varið til uppgreiðslu eldri skuldbindinga, leiði til þess að ábyrgð sóknaraðila verði talin ógild. Var varnaraðila þetta skylt samkvæmt skýlausu orðalagi 2. mgr. 4. gr. fyrrgreinds samkomulags.

Þegar litið er til þeirrar áherslu sem dómstólar hafa lagt á þýðingu þess hvort ábyrgðarmaður hafi fengið tilefni og möguleika til að óska frekari upplýsinga, við veitingu ábyrgðar, verður ekki fallist á að ábyrgðarskuldbindingin verði ógilt vegna þessara vanhalda varnaraðila á að upplýsa sóknaraðila. Varnaraðili fékk í hendur greiðslumat þar sem fjallað var um ráðstöfun lánsfjár undir sérstakri fyrirsögn og fylgdi henni svofelld setning: *Meira en helmingi lánsupphæðar verður varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá sparisjóðnum*: Þar fyrir neðan voru tveir reitir merktir „Já“ og „Nei“ en merkt var í hvorugan reitinn. Bar skjalið því skýrlega með sér að upplýsingar um þetta skorti. Er útilokað að byggja á því nú, að það hafi verið úrslitaatriði fyrir sóknaraðila við veitingu ábyrgðarinnar hvort því var ráðstafað til greiðslu eldri skulda.

Í ljósi framangreinds verður ekki talið að forsendur séu til að víkja ábyrgð sóknaraðila til hliðar á grundvelli samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 29. ágúst 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 16. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 31/2014**:

**M,
N,
O,
P,
Q,
R,
S,
T,
U og
V
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, N, O, P, Q, R, S, T, U og V, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 28. febrúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 26. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 11. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. apríl 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 28. apríl 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 16. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 6. desember 2006 sendi A B útibússtjóra FF tölvupóst þar sem hann vísaði til þess að hann ásamt O, M, U, Q og S væru að fara að ráðast í fjárfestingu á Tyrklandi að upphæð u.þ.b. kr. 15.500.000. Óskaði hann upplýsinga um það hverjir möguleikar væru á að fá kúlulán í japönskum jenum til sex ára með veð upp á 22-24 milljónir sem tryggingu. Þann 8. desember 2006 upplýsti A B með tölvupósti að

tryggingar kúlulánsins yrðu fasteignir framangreindra sóknaraðila og A. Í framhaldinu lagði A fram þinglýsingarvottorð og verðmöt, dags. 13. desember 2006, fyrir framangreindar fasteignir.

Þann 10. janúar 2007 gerðu FF, sem lánveitandi og A, sem lántaki með sér lánessamning, nr. X, um fjölmyntalán til sex ára að jafnvirði kr. 17.000.000 í japönskum jenum. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. lánessamningnum. Tiltekið var í lánessamningnum að A hefði gefið út tryggingarbréf nr. Y til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra lánshluta skv. samningnum.

Þann 10. janúar 2007 gaf A út tryggingarbréf nr. Y. Samkvæmt tryggingarbréfinu var fasteign A og fimm fasteignir sóknaraðila að C, D, E, G og H veðsettar FF til tryggingar öllum skuldum og fjárskuldbindingum A við FF, allt að fjárhæð kr. 26.000.000. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. tryggingarbréfinu. Staðfestu sóknaraðilar að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en FF var aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Á árinu 2007 keypti A 3,41% hlut í félaginu I ehf. Á árinu 2011 skipti eignarhluturinn um hendur og er sóknaraðili O nú eigandi hlutarins. Fyrir liggur vottorð úr fyrirtækjaskrá varðandi félagið I ehf. en tilgangur þess er að eiga og reka fyrirtæki í Tyrklandi. Sóknaraðili O situr m.a. í stjórn félagsins.

Þann 9. apríl 2008 voru veðbönd leyst af fasteigninni að E og fasteignin að J veðsett í staðinn en sóknaraðilar Q og R eru eigendur þeirrar fasteignar. Staðfestu sóknaraðilar Q og R að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila. Gert var ráð fyrir að veðsali hakaði við hvort hann óskaði eftir mati á greiðslugetu útgefanda, en ekki hefur verið hakað við valmöguleika þess efnis á skjalinu.

Þann 3. apríl 2012 óskuðu sóknaraðilar eftir því að tryggingarbréfi nr. Y yrði aflýst af fasteignum þeirra. Varnaraðili hafnaði því þann 8. október 2012.

Þann 27. desember 2012 var lán nr. X gjaldfelld.

Í janúar 2014 átti A í samskiptum við varnaraðila vegna umrædds láns. Velti hann því m.a. upp hvort varnaraðili vildi yfirtaka eignarhluta sóknaraðila og A í eigninni í Tyrklandi á móti skuldinni.

Þann 23. janúar 2014 áttu A og sóknaraðilar U, S og M fund með varnaraðila um lánessamning nr. X og tryggingarbréf nr. Y.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 26. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, að ógilt verði veðsetning fasteigna þeirra að C, D, G, H og J, sem veitt var með tryggingarbréfi nr. Y.

Sóknaraðilar byggja kröfur sínar á því að ekki hafi verið farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, frá 1. nóvember 2001, þegar þau tóku á sig ábyrgð á skuldum A.

Sóknaraðilar benda á að óumdeilt sé að varnaraðili sé aðili að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og það sama eigi við um forvera hans FF. Hafi bankanum því borið að fullnægja þeim skyldum sem á honum hafi hvílt

samkvæmt samkomulaginu þegar leitað hafi verið eftir veði í fasteignum þriðju aðila til tryggingar á skuld við bankann, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Sóknaraðilar vísa til 2. gr., 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Ljóst sé að um sé að ræða einstaklinga sem veðsett hafi fasteignir sínar til tryggingar á öllum skuldum og fjárskuldbindingum annars einstaklings allt að kr. 26.000.000. Því sé ljóst að samkvæmt umræddu samkomulagi hafi varnaraðila borið að meta greiðslugetu A og kynna sóknaraðilum niðurstöðu þess mats áður en þau hafi gengist í ábyrgð fyrir greiðslu á skuldum hans.

Vísa sóknaraðilar til 4. gr. samkomulagsins máli sínu til stuðnings. Í máli þessu liggja fyrir að sóknaraðilum hafi ekki verið kynntur upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og veðsetningar. Sé ljóst að með því að afhenda sóknaraðilum ekki upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar hafi sóknaraðilar ekki verið upplýst um það hvað hafi falist í því að veðsetja fasteignir sínar til tryggingar skuldum annars einstaklings, með þeim hætti sem fjármálafyrirtæki hafi skuldbundið sig til að gera, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 62/2012 og 180/2012.

Sóknaraðilar benda á að þau séu tíu einstaklingar, fimm pör, sem búi öll í Grindavík. Þau séu fæst langskólagengin og hafi takmarkaða reynslu af fjármálastarfsemi. Þau tengist lántakanum, A, vana- og kunningjaböndum, en hafi ekki þekkt til þess hvernig fjárhag og greiðslugetu hans hafi verið háttað, hvorki þegar lánsveðin hafi verið veitt á árinu 2007 né þegar veðflutningur hafi átt sér stað varðandi eitt húsið á árinu 2008. Til að þau gætu tekið upplýsta ákvörðun um veitingu umræddra veða, hefði verið nauðsynlegt fyrir þau annars vegar að fá upplýsingar um það hvað í því felist að veðsetja fasteignir sínar til tryggingar skuldum annars einstaklings og hins vegar upplýsingar um greiðslugetu A. Sérstaklega hafi þetta verið mikilvægt þar sem umrætt tryggingarbréf hafi verið til tryggingar á greiðslu á öllum fjárskuldbindingum A við varnaraðila, allt að kr. 26.000.000.

Sóknaraðilar benda á að umræddur lánsamningur frá 10. janúar 2007 hafi verið gerður á milli varnaraðila og A. Það sé því ljóst að um hafi verið að ræða lán til einstaklings. Í samningnum sé ekki kveðið á um það með neinum hætti í hvaða tilgangi lánið hafi verið veitt og sé óumdeilt að það hafi verið greitt inn á reikning A.

Sóknaraðilar vísa til þess að þegar liðið hafi á lánstímann hafi komið í ljós að fjárhagsstaða A hafi verið slæm og liggja fyrir að sóknaraðilar hefðu ekki gengist í umrædda ábyrgð hefðu þau vitað hver fjárhagsleg staða lántakanda hafi verið. Því telji sóknaraðilar bæði ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu varnaraðila að bera umrætt tryggingarbréf fyrir sig.

Sóknaraðilar benda á að á þeim tíma sem umrætt tryggingarbréf hafi verið gefið út hafi A stofnað til fleiri skulda við FF en umrædds láns eins og sjá megi af skattframtölum 2007 og 2008. Hafi sóknaraðilum ekki verið kunnugt um þessar skuldir. Þá hafi þeir heldur ekki haft hugmynd um fjárhagsstöðu A, tekjur hans eða möguleika hans á að standa í skilum við varnaraðila, en af skattframtölum megi sjá að árstekjur A hafi verið kr. 752.626 árið 2006 auk kr. 2.268.000 reiknaðs endurgjalds við eigin atvinnurekstur en kr. 1.812.279 árið 2007 auk kr. 2.068.000 reiknaðs endurgjalds við eigin atvinnurekstur.

Vísa sóknaraðilar til þess að í dag séu skuldir A við varnaraðila mun hærri en sem nemi framangreindu láni frá því í janúar 2007, eins og sjáist á skattframtali 2014. Af tryggingarbréfinu sé ljóst að bankinn geti gengið að sóknaraðilum vegna allra núverandi skulda A við bankann, hvort sem um sé að ræða eldra lán sem tekið hafi verið hjá varnaraðila, skuldir við FFF sem varnaraðili hafi yfirtekið eða yfirdrátt á

tékkareikningi. Það sé því ljóst að ekki sé einungis hægt að horfa á hið umdeilda tryggingarbréf í tengslum við lán sem A hafi tekið í janúar 2007 eins og varnaraðili vilji gera heldur þurfi að meta öll atvik málsins heildstætt.

Sóknaraðilar telja rétt að benda á að jafnvel þótt litið yrði til eignarhluta O í félaginu I ehf. og mögulega aðkomu M, Q, S og U að kaupum í félaginu, þá séu mun fleiri aðilar þinglýstir eigendur þeirra fasteigna sem veitt hafi verið veð í með tryggingarbréfinu sem A hafi gefið út sama dag og lánsamningurinn hafi verið gerður. Þannig hafi sóknaraðilarnir N, P, R, T og V ekkert komið að umræddum viðskiptum.

Að auki telja sóknaraðilar að það geti ekki haft þýðingu fyrir úrlausn málsins til hvers umrætt lánsfé hafi verið notað þar sem ljóst sé að í tryggingarbréfi því sem deilt sé um í málinu hafi fasteignir A og sóknaraðila verið veðsettar FF til tryggingar mun hærri fjárhæð en sem láninu nemi, eða allt að fjárhæð kr. 26.000.000. Sé fjárhæðin bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 266,2. Vísitala neysluverðs í febrúar 2014 hafi verið 418,7 stig og nemi hækkunin frá útgáfu tryggingarbréfsins því 152,5 stigum eða 57,3%. Standi tryggingarbréfið nú til tryggingar skuldum A að fjárhæð kr. 40.898.000.

Sóknaraðilar vísa til fjölmargra úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og dóma Hæstaréttar þar sem ábyrgðir og veðsetningar fasteigna einstaklinga til tryggingar skuldum annarra einstaklinga hafi verið ógiltar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 þar sem aðilar að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og hafi ekki fullnægt þeim skyldum sem á þeim hafi hvílt samkvæmt samkomulaginu. Sóknaraðilar vísa sérstaklega til dóma Hæstaréttar í málum nr. 630/2013 og 611/2013.

Sóknaraðilar benda á að varnaraðili vísi til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 131/2012. Í úrskurðinum komi skýrt fram að ekki sé hægt að draga þá afdráttarlausu ályktun að vanhöld á því að framkvæma greiðslumat leiði fyrirvaralaust til þess að ábyrgðarskuldbinding falli niður, heldur verði mjög að líta til 36. gr. laga nr. 7/1936 og sanngirnissjónarmiða. Það sé einmitt það sem sóknaraðilar hafi rökstutt að beri að gera í málinu, enda augljóslega ósanngjarnt fyrir varnaraðila að bera umrætt tryggingarbréf fyrir sig. Í þessu máli hafi allt önnur staða verið uppi en í máli nr. 131/2012 enda hafi sóknaraðilar hvorki óskað eftir því að greiðslumat færi ekki fram né lýst því yfir að þau veittu veð í eignum sínum þrátt fyrir vitneskju um getuleysi skuldara til greiðslu umrædds láns.

Sóknaraðilar telja aðstöðuna í máli þessu allt aðra en í dómi Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Í máli þessu sé enginn sóknaraðila sérfræðingur í fjármálum og hafi ekkert þeirra haft háskólapróf þegar þau hafi gengist í ábyrgðina. Þá hafi sóknaraðilar hvorki gefið út yfirlýsingu um að ekki þyrfti að gera greiðslumat né lýst því yfir að þau myndu gangast í ábyrgð þó greiðslumat leiddi í ljós að skuldarinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Það sé því ljóst að ekki sé rétt að byggja á dómi Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 við úrlausn máls þessa.

Benda sóknaraðilar á að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 komi skýrt fram að fjármálafyrirtæki beri að fullnægja þeim skyldum sem á því hvíla samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga þegar leitað sé eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við bankann. Varnaraðili hafi ekki sinnt þeim skyldum sínum í þessu máli. Ljóst sé að staða sóknaraðila í þessu máli sé sambærileg stöðu ábyrgðarmannanna í umræddum dómi hvað varði þekkingu og menntun á sviði fjármála. Staða sóknaraðila sé hins vegar ekki sambærileg stöðu ábyrgðarmanna í máli nr. 169/2012 hvað varði uppgreiðslu á eldri skuld enda hafi lánveiting

varnaraðila til A ekki verið notuð til að greiða upp skuldir sem hvílt hafi á fasteignum sóknaraðila.

Sóknaraðilar vísa til þess að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 376/2013 hafi hluti láns verið notaður til uppgreiðslu eldra láns en slíkt sé ekki fyrir hendi í máli þessu. Að öðru leyti sé margt í dómnum sem eigi við hér og vísa sóknaraðilar sérstaklega til orða réttarins um ríka skyldu fjármálafyrirtækja til að framkvæma greiðslumat á lántökum og mikilvægi þess að slíkt greiðslumat gefi rétta mynd af fjárhagsstöðu lántaka. Slíku hafi ekki verið fyrir að fara í máli því sem hér sé til meðferðar enda hafi ekki verið framkvæmt neitt greiðslumat.

Sóknaraðilar telja að fyrir liggja að þau hafi ekki sýnt af sér tómlæti, en umrætt lán hafi verið veitt á árinu 2007 og á árinu 2012 hafi þau ritað varnaraðila bréf þar sem þess hafi verið krafist að umræddu tryggingarbréfi yrði aflétt af eignum þeirra.

Í ljósi alls framangreinds telja sóknaraðilar að ógilda eigi veðsetningu fasteigna þeirra sem veitt hafi verið með tryggingarbréfi nr. Y og viðauka við það með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 enda verði að telja bæði ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að bera umrætt tryggingarbréf og viðauka við það fyrir sig.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli það í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað sé til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 131/2012. Vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áður nefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá sé jafnframt víað til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 10/2011.

Varnaraðili bendir á að í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggja fyrir að um hafi verið að ræða lánveitingu vegna fjárfestingar A og sóknaraðila M, O, Q, S og U í byggingarfélagi sem hafi verið með fjárfestingarverkefni í Tyrklandi. Til tryggingar hafi verið fasteignaveð þeirra sem staðið hafi að verkefninu, alls sex fasteignir. Þessir sex aðilar eigi 3,41% af heildarfjárfestingunni og fari O með hlutinn. Þegar leitað hafi verið eftir því af hálfu varnaraðila hvort framangreindir einstaklingar hygðust stofna félag um fjárfestinguna í Tyrklandi hafi því verið svarað neitandi og óskað hefi verið eftir því að lánið yrði tekið á nafni A, enda hafi hann verið í forsvari fyrir hópinn. Þannig hafi verið um að ræða fjárfestingahóp í nafni A sem hafi ætlað að kaupa sig inn í byggingarfélag sem hafi síðar átt að gefa þeim ríkulega til baka með sölu fasteigna. Við lánveitinguna hafi því af hálfu varnaraðila verið litið svo á að ekki væri um hefðbundin lánsveð að ræða þar sem eigendur fasteignanna sem settar hafi verið að veði til tryggingar láni nr. X hafi allir verið þátttakendur í fjárfestingarverkefninu. Varnaraðili hafi því ekki framkvæmt mat á greiðslugetu A enda mjög erfitt að útfæra slíkt mat þar sem ekki hafi verið gert ráð fyrir því að A myndi einn greiða skuldina. Samkvæmt fjárfestahópnum átti fjárfestingarverkefnið sjálft að greiða skuldina.

Varnaraðili telur samkvæmt framansögðu að allir sóknaraðilar hafi haft hag af lánveitingunni til A. Því geti sóknaraðilar ekki borið fyrir sig að tryggingarbréf nr. Y hafi verið ógilt þar sem ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á greiðslugetu A. Sóknaraðilar hafi enda staðið sjálfir að láni nr. X sem tryggingarbréfinu hafi verið ætlað að tryggja. Þegar lán nr. X hafi verið gjaldfellt og ljóst hafi verið að ekki yrðu frekari leiðréttingar á því vegna gengistryggingar hafi farið að berast mótmæli við veðsetningunum. Þá hafi borist tölvubréf í byrjun árs 2014 þar sem sexmenningarnir hafi óskað eftir lausn á framangreindu máli og komið með tillögu um að bankinn yfirtæki 3,41% eignarhluta þeirra auk þess sem hvert og eitt „þar“ myndi greiða kr. 500.000 með eigninni. Í tölvubréfunum hafi A jafnframt lýst yfir vonbrigðum þeirra sem staðið hafi að fjárfestingunni með að ekki hefði orðið af væntum hagnaði af sameiginlegri fjárfestingu þeirra.

Varnaraðili telur öll framangreind samskipti bankans við aðila málsins sem og forsögu málsins sýna fram á að lán nr. X hafi verið tekið fyrir þá sex aðila sem staðið hafi að fjárfestingunni í Tyrklandi. Sönnunarbyrði um að skuldbindingar sóknaraðila séu fallnar úr gildi eða ógildar hvíli á sóknaraðilum. Sóknaraðilar reisi ógildingarkröfur sínar á 36. gr. laga nr. 7/1936. Við sanngirnismat skv. 36. gr. laga nr. 7/1936 verði að taka tillit til þess að andvirði láns nr. X hafi verið nýtt til að kaupa 3,41% eignarhlut A og sóknaraðila M, O, Q, S og U í I ehf. sem eigi 95% hlut í tyrkneska félaginu K sem sé skráður eigandi lóðarinnar í L í Tyrklandi sem sé raunverulegt andlag fjárfestingar hluthafa. Í ljósi framangreinds telji varnaraðili það hvorki ósannjarnt né andstætt góðri viðskiptavenju í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 að bera fyrir sig umræddar ábyrgðir í máli þessu.

Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóma Hæstaréttar í málum nr. 169/2012 og 376/2013.

Varnaraðili telur að samkvæmt því sem að framan hafi verið rakið hafi sóknaraðilar ekki sýnt fram á að ósannjarnt sé af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgð þeirra samkvæmt tryggingarbréfinu, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt. Þegar sóknaraðilar hafi undirritað tryggingarbréfið sem þinglýstir eigendur áður nefndra veða í Grindavík hafi falist í því loforð sem skuldbindi þá að lögum til að tryggja efndir samkvæmt tryggingarbréfinu. Að því virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðilar hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingum þeirra á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili telur auk framangreinds rétt að áréttu að lánið hafi verið tekið til hagsbóta fyrir sóknaraðila. Féllist úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki á með sóknaraðilum að víkja bæri veðsetningunum til hliðar þar sem ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat fælist í því óréttmæt auðgun af þeirra hálfu. Í málinu liggi enda fyrir að sóknaraðilar eigi 3,41% hlut í I ehf. sem eigi tyrkneska félagið K. Verði sóknaraðilar leystir undan ábyrgðum sínum standi þeir uppi með eignir í Tyrklandi sem þeir hafi aldrei greitt fyrir.

Varnaraðili byggir á því að kröfur sóknaraðila séu fallnar niður vegna tómlætis af þeirra hálfu. Sóknaraðilar hafi ritað undir áður nefnt tryggingarbréf 10. janúar 2007 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við veðsetningarnar í byrjun apríl 2012 eða rúmum fimm árum eftir að sóknaraðilar hafi gengist í umræddar ábyrgðir. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili umræddar veðsetningar gildar og beri því að hafna kröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetninga fasteigna sóknaraðila að C, D, G, H og J, með tryggingarbréfi nr. Y.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaganna sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaganna og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Þegar forveri varnaraðila hafði undirgengist þær skuldbindingar sem fólust í samkomulaginu var honum vissulega nokkur vandi á höndum varðandi útgáfu veðtryggingarbréfa til allsherjartryggingar á skuldum 3. manns. Er vandséð að þessar skuldbindingar um greiðslumöt og kynningu á þeim við veðsetningu hafi verið samrýmanlegt því hagræði sem stefnt var að með slíku allsherjarveði. Til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart þessum veðsölum hefði bankinn annaðhvort getað reynt að leggja mat á getu viðkomandi greiðanda til að standa við hámarksskuldbindingu samkvæmt ábyrgðinni, greiðslumetið við útgáfu hvernar nýrrar skuldbindingar skuldarans eða bæði.

Óumdeilt er að varnaraðili hefur ekki framkvæmt mat á greiðslugetu A, útgefanda tryggingarbréfs nr. Y. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðili skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Við mat á því hvort vika beri veðsetningum fasteigna sóknaraðila til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa verður að líta til þeirrar málsástæðu varnaraðila að umrætt lán hafi í raun verið tekið til að fjármagna sameiginlega fjárfestingu allra sóknaraðila í hlutdeild í tiltekinni tyrkneskri fasteign.

Óumdeilt virðist í málinu að varnaraðili hefur enga tilraun gert til að innheimta neinar aðrar skuldir A á grundvelli tryggingabréfsins hjá sóknaraðilum en lán nr. X. Þá er ekki að sjá að varnaraðili hafi áskilið sé neinn rétt til frekari innheimtu en vegna umrædds láns. Verður við sanngirnismat þetta að líta til þessa og meta hvort sanngjarnt sé að varnaraðili byggi á veðsetningunni við innheimtu umrædds láns sérstaklega.

Gögn málsins bera ekki aðeins með sér að A kom frá upphafi fram gagnvart varnaraðila sem fyrirsvarsmaður fjárfestahóps, heldur hafa sóknaraðilar M, O, Q, S, og U verið þátttakendur í samskiptum við varnaraðila, þar sem fyrirvaralaust hefur verið rætt um málið á þeim forsendum að það snerist um fjárfestingu þeirra allra í umræddri fasteign. Verður að hafna því að þeir geti á grundvelli sanngirmissjónarmiða krafist þess að veðsetningar sínar fyrir þessari fjárfestingu verði felldar niður vegna vanhaldna varnaraðila á að framkvæma greiðslumat á A. Virðast hvorki þeir né varnaraðili í raun hafa ætlað A einum að endurgreiða lánið.

Samaðild allra sóknaraðila að máli þessu byggir á því sjónarmiði að þau eigi óskipt réttindi eða beri óskipta skyldu. Þykir því ekki koma til greina að fjalla hér um hvort sóknaraðilar N, P, R, T og V kunni fyrir sitt leyti að geta gert aðrar og frekari kröfur en sóknaraðilar sameiginlega.

Með vísan til alls ofangreinds verður kröfu sóknaraðila um ógildingu veðtryggingabréfsins hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila um ógildingu á veðsetningu fasteigna sóknaraðila að C, D, G, H og J með tryggingarbréfi nr. Y, er hafnað.

Reykjavík, 16. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 11. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 33/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 3. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 19. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. júlí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 16. nóvember 2007 samþykkti varnaraðili veitingu láns að fjárhæð kr. 2.400.000 til A, með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila. Tilgangur lánveitingar var uppgreiðsla heimildar og vanskila. Handskrifað hefur verið á lánsúmsókn: „*Samþ. sem neyðarráðstöfun sbr. álag og lánt.gjöld. Greiði upp tryggingarlausar heimildir sínar hér*“.

Þann 19. nóvember 2007 var skuldabréf í erlendum myntum/mynteiningum, að fjárhæð allt að kr. 2.400.000 í JPY 100%, gefið út af A til varnaraðila. Sóknaraðili, móðir útgefanda skuldabréfsins, tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu.

Þann 21. nóvember 2007 greiddi A kr. 578.742, kr. 983.666 og kr. 550.000 inn á tékkareikninga sína. Þá greiddi hann kr. 182.969 inn á kreditkort, kr. 23.744 inn á skuldabréf nr. R, kr. 17.807 og kr. 5.072 inn á víxla/kröfur.

Þann 6. desember 2007 var skuldabréf í erlendum myntum/mynteiningum, að fjárhæð allt að kr. 2.000.000 í JPY 100% gefið út af A til varnaraðila. B, tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu.

Þann 6. desember 2007 greiddi A kr. 66.550 inn á kreditkort.

Þann 7. desember 2007 greiddi A kr. 1.241.152 inn á reikning L, kr. 596.885 inn á reikning N og kr. 111.963 inn á kreditkort.

Þann 13. september 2010 var nauðasamningur til greiðsluaðlögunar A staðfestur með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur. Samkvæmt frumvarpi að nauðasamningi til greiðsluaðlögunar var lagt til að veitt yrði algjör eftirgjöf samningskrafna.

Varnaraðili hafnaði niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila þann 20. nóvember 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hennar á skuldabréfi í erlendri mynt, útgefið 19. nóvember 2007, að fjárhæð kr. 2.400.000 verði ógilt.

Sóknaraðili vísar kröfunni til stuðnings til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og ákvæða í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001.

Sóknaraðili byggir á því að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt, sbr. 3. gr. samkomulagsins og að ekki hafi verið rétt staðið að lánveitingunni með tilliti til sjálfskuldarábyrgðarinnar. Sóknaraðila hafi ekki verið kynnt greiðslumat enda hafi það ekki verið framkvæmt eða gerð tilraun til þess. Allt ferlið sé með öllu ófullnægjandi og með vísan til fjölmargra dómafordæma Hæstaréttar sé gerð krafa um ógildinguna ábyrgðarinnar.

Sóknaraðili vísar til þess að lánveitanda hafi verið með öllu ljós erfið skuldastaða aðalskuldara. Á fylgiskjali, dags. 16. nóvember 2007, komi fram að tilgangur lánveitingar hafi verið uppgreiðsla heimildar og vanskila. Þá sé sérstaklega tekið fram og það staðfest af sparisjóðsstjóranum að lánið hafi verið samþykkt sem neyðarráðstöfun, sbr. álag og lántökugjald. Greiða hafi átt upp tryggingarlausar heimildir aðalskuldara. Þessum upplýsingum hafi verið með öllu haldið frá ábyrgðarmanni. Þá liggi fyrir að aðalskuldari hafi strax í kjölfar lánveitingarinnar þurft að afla sér frekari lánveitingar en hann hafi tekið lán útgefið 6. desember 2007, að fjárhæð kr. 2.000.000. Sparisjóðnum hafi því verið fullkunnugt um bága fjárhagsstöðu útgefanda skuldabréfsins en hafi ekki upplýst ábyrgðarmann um hana, sbr. fyrrgreint samkomulag. Þá hafi sparisjóðurinn verið að afla sér tryggingar að baki skuldum aðalskuldara þar sem ekki hafi verið trygging fyrir.

Sóknaraðili bendir á að tveimur árum eftir veitingu ábyrgðanna hafi aðalskuldara verið veitt heimild til að leita nauðasamninga til greiðsluaðlögunar, hún verið samþykkt og allar samningskröfur hans felldar niður að öllu leyti.

Sóknaraðili hafnar öllu tali um að eðli málsins samkvæmt hafi starfsmenn sparisjóðsins metið láns- og greiðsluhæfni skuldarans.

Sóknaraðili hafnar þeim rökum varnaraðila að hún hafi verið starfsmaður varnaraðila á þeim tíma sem lánið hafi verið veitt, enda ekki rétt. Hún hafi hætt störfum hjá varnaraðila um mánaðamótin febrúar/mars 2007. Hún hafi flutt til Reykjavíkur í maí sama ár og byrjað að vinna í bænum í júní. Þótt hún hafi verið starfsmaður sparisjóðsins þá breyti það ekki skyldum sjóðsins gagnvart

ábyrgðarmönnum. Sparisjóðnum hafi verið fullljóst að greiðslugeta aðalskuldara hafi verið engin og neikvæð.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að hann hafi með engu móti vanefnt þær skyldur sem á honum hafi hvílt svo réttlætt geti að sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila verði felld úr gildi. Jafnframt sé því alfarið hafnað að beiting 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eigi við í málinu.

Varnaraðili vísar til þess að sá formlegi annmarki að sóknaraðili hafi ekki óskað eftir því skriflega að greiðslumat yrði ekki framkvæmt leiði ekki sjálfkrafa til þess að löggerningurinn verði talinn ógildanlegur á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Með vísan til dómafordæma Hæstaréttar, t.a.m. í málum nr. 163/2005, 16/2007, 116/2010 og 343/2012 sé ljóst að nauðsynlegt sé að fram fari heildstætt mat á atvikum máls við mat á því hvort það yrði talið ósanngjarnt í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 fyrir sjóðinn að bera fyrir sig þá sjálfskuldarábyrgð sem sóknaraðili hafi samþykkt. Af ofangreindum dómum sjáist að það ráðist af heildstæðu mati á atvikum máls hverju sinni hvort beita eigi ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936. Vanræksla fjármálastofnunar á að kynna ábyrgðarmanni greiðslumat á skuldara dugi ekki ein og sér til að beita 36. gr. laga nr. 7/1936 heldur þurfi meira að koma til. Af dómunum megi ráða að fjármálastofnun þurfi að hafa verið grandvís um slæma fjárhagsstöðu skuldarans og látið hjá líða að tilkynna ábyrgðarmanni þar um.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi af fúsum og frjálsum vilja gengist í sjálfskuldarábyrgð á umræddu skuldabréfi og hafnar með öllu þeim sjónarmiðum sóknaraðila að efni standi til þess að felld verði úr gildi sjálfskuldarábyrgð hennar. Varnaraðili byggir á meginreglu samningaréttar um að samninga skuli halda, pacta sunt servanda, og að sóknaraðili sé þar með bundin af þeim samningi sem hún hafi gert við varnaraðila að þessu leyti.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi gengist undir ábyrgðina með samkomulagi við varnaraðila en með því samkomulagi hafi sóknaraðili skuldbundið sig til þess að tryggja réttar efndir á kröfu varnaraðila á hendur skuldara. Ábyrgðaryfirlýsingin sé í reynd loforð ábyrgðarmanns og gildi reglur samningaréttarins því um stofnun þess og skuldbindingargildi, en samkvæmt grundvallarreglum samningaréttarins beri loforðsgjöfum að standa við loforð sín og skuldbindingar.

Varnaraðili telur óhætt að fullyrða að dómstólar hafi einkum í seinni tíð beitt 36. gr. laga nr. 7/1936 með varfænum hætti og raunar aðeins í algjörum undantekningartilfellum en það sé í fullu samræmi við yfirlýsan tilgang löggjafans með þessu ákvæði laganna.

Varnaraðili byggir á því að efni sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingarinnar í þessu máli sé hefðbundið í alla staði og skilmálar hennar eðlilegir. Verði hún því ekki felld úr gildi m.v.t. þess að efni hennar sé á einhvern hátt ósanngjarnt í garð sóknaraðila.

Varnaraðili telur að þrátt fyrir að talsverður munur sé á stöðu almenns neytanda og fjármálafyrirtækis við samningsgerð geti sá munur einn og sér ekki talist næg ástæða til að ógilda megi samninga þessara aðila, heldur þurfi aðstöðumunurinn að vera slíkur að í reynd séu neytandanum settir afarkostir, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 255/1993 og 3/2003. Af hálfu varnaraðila sé því alfarið hafnað að svo

mikill aðstöðumunur hafi verið á stöðu aðila við útgáfu ábyrgðaryfirlýsingarinnar að réttlætt geti að henni verði vikið til hliðar m.v.t. 36. gr. laga nr. 7/1936. Sóknaraðili hafi verið starfsmaður varnaraðila um nokkuð langt skeið og á þeim tíma hafi hún starfað sem skrifstofustjóri og staðgengill sparisjóðsstjóra. Sóknaraðili hafi í starfi sínu margoft komið sjálf að lánveitingum af þessu tagi og hafi verið fullljóst um þýðingu þess að gangast í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skuldum einstaklings. Varnaraðili telur aðstöðumun aðila engan og auk þess hafi sóknaraðila verið kunnugt um fjárhagsstöðu skuldara þegar hún hafi gengist í ábyrgð á láni hans.

Varnaraðili bendir á að þegar sóknaraðili hafi undirritað ábyrgðaryfirlýsinguna hafi engin lög verið í gildi um ábyrgðarmenn eða réttindi þeirra, en núgildandi lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi tekið gildi 4. apríl 2009. Engin heildstæð löggjöf hafi því verið í gildi þegar sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir láni því sem til umfjöllunar sé í þessu máli.

Varnaraðili vísar til þess að af framangreindu leiði að meta verði hvort og þá hver réttaráhrif tilvitnað samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga geti haft og jafnframt hvort ástæða sé að lögum til að vikið verði frá framangreindri meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga. Samkomulagið sé ólögfest og hafi ekkert sjálfstætt gildi sem réttarheimild. Í samkomulaginu sé hvergi vikið að skuldbindingargildi þess né að beitingu vanefndaúrræða við brotum á því. Aðeins sé um að ræða samkomulag ákveðinna aðila þess efnis að þeir ætli sér að hlíta tilteknum reglum. Ábyrgðaryfirlýsingin verði því ekki felld úr gildi á grundvelli samkomulagsins, enda hafi það engar ógildingarheimildir að geyma.

Varnaraðili byggir á því að ekki sé unnt að víkja frá fyrrgreindri meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga með vísan til umrædds ólögfests samkomulags. Til að mynda megi vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 131/1999, þar sem komi fram að einungis sé heimilt að víkja frá óskráðri meginreglu sem þessari komi það skýrt fram í settum lögum frá Alþingi.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi ekki gert kröfu um að framkvæmt yrði sérstakt mat á fjárhagsstöðu skuldara. Þá megi benda á að sóknaraðili hafi ekki lagt fram neinar haldbærar upplýsingar um að fjárhagsstaða skuldara hafi verið verri en hún hafi mátt vænta eða haldið því fram að niðurstaða greiðslumats hefði ráðið nokkru um ákvörðun hennar um að gangast í sjálfskuldarábyrgð. Sóknaraðili hafi verið móðir skuldara og fyrrverandi starfsmaður varnaraðila og megi því gera ráð fyrir að henni hafi verið fjárhagsstaða skuldara kunnug þegar lánveitingin hafi átt sér stað. Sóknaraðili hafi þekkt lánsveitingarfyrirkomulag varnaraðila og hafi sjálf, í starfi sínu, séð um fjölda lánveitinga fyrir varnaraðila. Sóknaraðila hafi því verið í lófa lagið að krefjast þess að gert yrði skriflegt greiðslumat á syni hennar og að henni yrði kynnt niðurstaða þess greiðslumats áður en hún gengist í sjálfskuldarábyrgð á láni hans.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi gert athugasemdir vegna ábyrgðaryfirlýsingarinnar á árinu 2013, vegna lánveitingar sem veitt hafi verið á árinu 2007 eða sex árum síðar. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðili sýnt af sér tómlæti og kröfur hennar um að vikið verði frá ábyrgðaryfirlýsingunni of seint fram komnar. Það sé viðurkennd meginregla að aðilar kunni að glata rétti til þess að hafa uppi kröfur hafi þeir sýnt af sér verulegt tómlæti. Varnaraðili bendir á að fullt tilefni hafi verið af hálfu sóknaraðila til að hafa uppi mótmæli og kröfur fyrr hafi hún talið á sér brotið. Kröfu um niðurfellingu ábyrgðarskuldbindingar beri að koma á framfæri innan eðlilegs tíma og án ástæðulausrar tafar. Varnaraðili hafi hagsmuni af því að kröfum af þessu tagi verði komið á framfæri sem fyrst, enda erfiðara að verjast slíkum kröfu eftir því sem lengri tími líði frá því málsatvik hafi átt sér stað. Varnaraðili telur að hið

óútskýrða tómlæti sem sóknaraðili hafi sýnt af sér í þessu máli eigi að leiða til þess að ekki verði fallist á kröfur sóknaraðila.

Varnaraðili telur að nefndin verði að meta á grundvelli alls þess sem fram hafi komið í málinu, hvort ástæða sé til að víkja frá meginreglu samninga- og kröfuréttarins um skuldbindingargildi samninga og efndir loforða. Grundvallarreglan sé sú að aðilar samningssambands verði gerðir ábyrgir fyrir gjörðum sínum, þeim beri skylda til að virða og efna þá samninga sem þeir stofni til, svo fremi sem ekki séu til staðar lagaskilyrði til að þeim verði vikið til hliðar.

Varnaraðili mótmælir því alfarið að skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 sé fullnægt með því einu að ekki hafi verið framkvæmt skriflegt greiðslumat á lántaka í samræmi við samkomulagið frá 2001. Þegar litið sé til allra atvika málsins þá sé útilokað að það eitt að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt geti talist svo alvarlegur annmarki að valdið geti brottfalli sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila, sérstaklega með tilliti til stöðu sóknaraðila gagnvart varnaraðila og skuldara.

Með vísan til alls ofangreinds telur varnaraðili að ekkert bendi til annars en að ábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila vegna lánveitingarinnar sé í fullu gildi og athugasemdalaus.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi útgefnu af A til varnaraðila, þann 19. nóvember 2007.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. Varnaraðili var einn þessara sparisjóða og er bundinn við efni þess, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði engu að síður veitt, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, við útgáfu umrædds skuldabréfs. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A, eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að fjölskyldutengsl sóknaraðila og A, útgefanda skuldabréfsins, geri það að verkum að sóknaraðili þekki til fjárhagsstöðu A eða að þau hafi slík áhrif á skyldur varnaraðila skv. samkomulaginu til að framkvæma greiðslumat eða áhrif á sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um

samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að það ráði úrslitum, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 9/2013.

Ekki verður fallist á vísan varnaraðila til þess að sóknaraðili hafi verið starfsmaður varnaraðila og hafi því haft upplýsingar um stöðu fjárhags skuldara. Varnaraðili hafði skuldbundið sig til að lána ekki út peninga til einstaklinga gegn veðsetningum og ábyrgðum 3. manns nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessum meginreglum var ætlað að tryggja að ekki væri farið offari gegn neytendum í því að velta ábyrgðum af lánveitingum af fjármálafyrirtækjum á ábyrgðarmenn. Varnaraðili kaus að virða þessar skuldbindingar sínar að vettugi, við útgáfu umrædds skuldabréfs. Við matið á því hvort telja megi sanngjarnt að byggja á sjálfskuldarábyrgðinni við þessar aðstæður virðist einsýnt að vanhöld lánveitandans á því að standa við þessar skuldbindingar vegi þyngra en það að sóknaraðili hafi verið bankastarfsmaður. Liggur ekkert afdráttarlaust fyrir um hvort lántaki hefði yfir höfuð staðist greiðslumat hefði varnaraðili hirt um að framkvæma það, en skýrar vísbendingar eru um að hann hafi þegar við lánveitinguna átt í verulegum greiðsluferfiðleikum sem varnaraðila var fullkunnugt um. Bakgrunnur sóknaraðila breytti engu um að þannig skerti varnaraðili mjög möguleika hennar á að gera sér grein fyrir áhættunni sem hún var að takast á hendur með því að gangast í ábyrgð fyrir A, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 182/2012 og 9/2013.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti áður en hún tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi A, dags. 19. nóvember 2007 og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hennar. Þá er ekki í ljós leitt hvenær varnaraðili krafði sóknaraðila fyrst um greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að ábyrgðaryfirlýsing hennar verði látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013 og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 9/2013.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi útgefnu þann 19. nóvember 2007 af A til varnaraðila, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi útgefnu af A til varnaraðila, F, þann 19. nóvember 2007, er ógild.

Reykjavík, 11. júlí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 11. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 34/2014**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 4. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 28. febrúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 16. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. apríl 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðilum.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. júlí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 21. október 2003 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.340.000, gefið út af sóknaraðila N til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili M, A og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu.

Þann 4. október 2004, 9. maí 2008, 5. maí 2009 og 6. september 2010 voru gerðar breytingar á greiðsluskilmálum framangreinds skuldabréfs.

Fyrir liggur skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Skjalið er ódagsett, en stimplað af FF 3. nóvember 2004 með árituninni „ERINDREKI“. Sóknaraðili N óskaði eftir láni að fjárhæð kr. 2.340.000 en ábyrgðarmenn voru tilgreindir sóknaraðili M, A og B og undirrita þau öll skjalið. Óskuðu þau öll eftir að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin. Skjalið hefur verið áritað um niðurfellingu allra sjálfskuldarábyrgðaraðilanna.

Í október 2013 var framangreint skuldabréf gjaldfellt, þar sem ekki hafði verið greitt af því í þrjá mánuði, þ.e. frá ágúst 2013. Með bréfi, dags. 31. október 2013, var

sóknaraðila N send greiðsluáskorun. Þar var honum tilkynnt að yrði hann ekki við þeirri áskorun að greiða kröfuna eða semja um greiðslu hennar innan 15 daga frá móttöku hennar yrði krafist aðfarar fyrir kröfunni hjá honum og/eða ábyrgðarmanni án frekari tilkynninga. Með bréfi, dags. 23. desember 2013, var lögð fram aðfararbeiðni hjá sýslumanninum í Keflavík. Hinn 19. febrúar 2014 var fjárnám gert af hálfu sýslumannsins í Keflavík í 15% eignarhluta sóknaraðila N í C.

Í nóvember 2013 var sóknaraðili M í sambandi við varnaraðila vegna framangreinds skuldabréfs varðandi mögulegar lausnir á greiðsluvanda sóknaraðila N.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 28. febrúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Í liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Skuldabréf afskrifað. Fjárnám fellt niður, dráttarvextir, bankakostnaður, innheimtukostnaður auk annars áfallandi dráttarvaxta, og að láns hæfis- og greiðslu verði virt ef það á annað borð hafi verið framkvæmt*“.

Sóknaraðilar vísa til þess að reynt hafi verið að semja um greiðslur vegna vanskila á láni sem sóknaraðili N hafi verið með hjá FF sem síðar hafi farið til varnaraðila. Þrátt fyrir bæði tölvupósta og samtal við starfsmann varnaraðila í nóvember hafi varnaraðili ekki séð sér fært um að koma með lausnir fyrir sóknaraðila N. Varnaraðili hafi ekki skoðað þetta lán sem sóknaraðilum finnist vera orðið óeðlilega hátt.

Sóknaraðili M kveðst hafa hringt til varnaraðila og beðið um að gögn varðandi láns hæfis- og greiðslumat yrðu tilbúin í útibúi varnaraðila í D. Konan sem hafi svarað hafi sagt að gögnin yrðu tilbúin. Sóknaraðili N hafi svo komið í útibúið en þá hafi honum verið sagt að gögnin væru ekki tilbúin. Siðareglur sem varnaraðili hafi búið til fyrir sig og starfsfólk séu greinilega á engan hátt virtar í samskiptum við viðskiptavini.

Sóknaraðilar benda á að lánið hafi verið gjaldfellt við þriggja mánaða vanskil, þrátt fyrir að alltaf væri til staðar greiðsluvilji og borgunarhreyfing. Sóknaraðilar telja að þetta séu allt of harðar aðgerðir þar sem greiðsluvilji hafi verið fyrir hendi en hafi algjörlega verið hundsáður.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til e-liðar 6. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Að mati varnaraðila sé kröfugerð sóknaraðila svo óskýr að hún sé ekki tæk til úrskurðar og málsatvik illa upplýst. Engar lagatilvísanir eða málsástæður séu til stuðnings kröfu sóknaraðila og því ómögulegt fyrir varnaraðila að taka til varna í málinu. Einnig sé kröfugerðin það óskýr að úrskurðarnefndin geti ekki orðað niðurstöðu sína í samræmi við hana. Að mati varnaraðila séu því skilyrði ákvæðis 1. málsl. e-liðar 6. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefndina ekki uppfyllt.

Verði ekki fallist á frávísun kefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Kvörtunin sé mjög óskýr. Af kvörtuninni virðist hins vegar helst mega ráða að þar sé farið fram á að fjárnám það er gert hafi verið í 15% eignarhluta sóknaraðila N í C verði fellt niður.

Varnaraðili bendir á að í 2. tölul. í áðurgreindu skuldabréfi komi fram að standi skuldari ekki í skilum með greiðslu afborgana og/eða vaxta verði gert árangurslaust fjárnám hjá skuldara eða ábyrgðarmanni að skuldinni, eins eða fleiri, eða leiti þeir nauðasamninga þá sé heimilt að gjaldfella skuldina án uppsagnar eða tilkynningar. Beri þá að greiða dráttarvexti af skuldinni í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfeldri fjárhæð frá og með gjaldfellingardegi til greiðsludags. Ógreiddir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila. Þá segi í 4. tölul. að rísi mál út af skuldinni eða ábyrgð megi reka það fyrir héraðsdómi Reykjaness samkvæmt reglum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Einnig megi gera aðför til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar hjá skuldara og sjálfskuldarábyrgðarmönnum samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Aðfararheimildin nái til vaxta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjalds kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustugærdum samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Varnaraðili vísar til 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 og 2. mgr. 1. gr. sömu laga. máli sínu til stuðnings. Þá vísar hann til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1989 og 1. mgr. 7. gr. sömu laga.

Varnaraðili kveðst ekki fá annað ráðið en að umrætt fjárnám hafi farið fram í samræmi við framangreind ákvæði laga nr. 90/1989, sem og ákvæði skuldabréfsins. Af kvörtun málsins verði ekki annað ráðið en að athugasemdir sóknaraðila við áður nefnt fjárnám lúti eingöngu að því að aðeins hafi verið um þriggja mánaða vanskil að ræða. Þá hafi ávallt verið greiðsluvilji fyrir hendi og „borgunarhreyfing“. Sóknaraðilar hafi ritað undir áður nefnt skuldabréf þar sem fram hafi komið að heimilt væri að gjaldfella skuldina, stæði skuldari ekki í skilum með greiðslu afborgana. Samkvæmt þessu hafi verið nægjanlegt að greiðslufall yrði í einn mánuð. Hvað varði þær fullyrðingar sóknaraðila að ávallt hafi verið fyrir hendi greiðsluvilji og borgunarhreyfing fái varnaraðili ekki séð að sýnt hafi verið fram á það. Þá mótmælir varnaraðili því að bankinn hafi ekki viljað verða við beiðnum sóknaraðila um gögn málsins, en af meðfylgjandi gögnum með kvörtun málsins verði ekki annað ráðið en að sóknaraðili hafi fengið öll gögn sem varnaraðili hafi undir höndum vegna málsins.

Varnaraðili telur að samkvæmt framansögðu hafi sóknaraðilar ekki sýnt fram á að víkja beri umræddu fjárnámi til hliðar. Beri því að hafna kröfum sóknaraðila. Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili rétt að minna á að ágreiningsmál um fjárnám beri að reka samkvæmt sérreglum laga nr. 90/1989.

V.

Niðurstaða.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Í liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Skuldabréf afskrifað. Fjárnám fellt niður, dráttarvextir, bankakostnaður, innheimtukostnaður auk annars áfallandi dráttarvaxta, og að láns hæfis- og greiðslu verði virt ef það á annað borð hafi verið framkvæmt*“.

Sóknaraðilar virðast helst byggja framangreinda kröfu á því að varnaraðili hafi gjaldfellt lán sóknaraðila N og að bankinn hafi ekki gengið til samninga við þau varðandi greiðslu skuldabréfsins, en frekar farið fram á fjárnám í 15% eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að C.

Sóknaraðilar gera ekki frekari tilraun til færa rök fyrir kröfu sinni. Verður ekki fyllilega ráðið hvers sóknaraðilar krefjast í málinu og hvort kröfur þeirra byggja á því að greiðsluskylda sé ekki fyrir hendi, ellegar aðeins því að á varnaraðila hvíli skylda til að ganga vægar fram í innheimtu sinni en gert hefur verið.

Með vísan til framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfum sóknaraðila frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar nefndarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M og N, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 11. júlí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 11. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 35/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 5. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 8. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 19. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. júlí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 16. nóvember 2007 samþykkti varnaraðili veitingu láns að fjárhæð kr. 2.400.000 til A, með sjálfskuldarábyrgð B. Tilgangur lánveitingar var uppgreiðsla heimildar og vanskila. Handskrifað hefur verið á lánsúmsókn: „*Samþ. sem neyðarráðstöfun sbr. álag og lánt.gjöld. Greiði upp tryggingarlausar heimildir sínar hér*“.

Þann 19. nóvember 2007 var skuldabréf í erlendum myntum/mynteiningum, að fjárhæð allt að kr. 2.400.000 í JPY 100%, gefið út af A til varnaraðila. B tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu.

Þann 21. nóvember 2007 greiddi A kr. 578.742, kr. 983.666 og kr. 550.000 inn á tékkareikninga sína. Þá greiddi hann kr. 182.969 inn á kreditkort, kr. 23.744 inn á skuldabréf nr. R, kr. 17.807 og kr. 5.072 inn á víxla/kröfur.

Þann 6. desember 2007 var skuldabréf í erlendum myntum/mynteiningum, að fjárhæð allt að kr. 2.000.000 í JPY 100% gefið út af A til varnaraðila. Sóknaraðili, faðir útgefanda skuldabréfsins, tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu.

Þann 6. desember 2007 greiddi A kr. 66.550 inn á kreditkort.

Þann 7. desember 2007 greiddi A kr. 1.241.152 inn á reikning L, kr. 596.885 inn á reikning N og kr. 111.963 inn á kreditkort.

Þann 13. september 2010 var nauðasamningur til greiðsluaðlögunar A staðfestur með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur. Samkvæmt frumvarpi að nauðasamningi til greiðsluaðlögunar var lagt til að veitt yrði algjör eftirgjöf samningskrafna.

Varnaraðili hafnaði niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila þann 20. nóvember 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfi í erlendra mynt, útgefið 6. desember 2007, að fjárhæð kr. 2.000.000 verði ógilt.

Sóknaraðili vísar kröfunni til stuðnings til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og ákvæða í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001.

Sóknaraðili byggir á því að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt, sbr. 3. gr. samkomulagsins og að ekki hafi verið rétt staðið að lánveitingunni með tilliti til sjálfskuldarábyrgðarinnar. Sóknaraðila hafi ekki verið kynnt greiðslumat enda hafi það ekki verið framkvæmt eða gerð tilraun til þess. Allt ferlið sé með öllu ófullnægjandi og með vísan til fjölmargra dómafordæma Hæstaréttar sé gerð krafa um ógildingu ábyrgðarinnar.

Sóknaraðili vísar til þess að lánveitanda hafi verið með öllu ljós erfið skuldastaða aðalskuldara. Á fylgiskjali, dags. 16. nóvember 2007, komi fram að tilgangur lánveitingar þann 19. nóvember 2007, hafi verið uppgreiðsla heimildar og vanskila. Þá sé sérstaklega tekið fram og það staðfest af sparisjóðsstjóranum að það lán hafi verið samþykkt sem neyðarráðstöfun, sbr. álag og lántökugjald. Greiða hafi átt upp tryggingarlausar heimildir aðalskuldara. Þessum upplýsingum hafi verið haldið frá ábyrgðarmanni. Þá liggi fyrir að aðalskuldari hafi strax í kjölfar þeirrar lánveitingar þurft að afla sér frekari lánveitingar og taki ágreiningur þessi til þess láns. Sparisjóðnum hafi því verið fullkunnugt um bága fjárhagsstöðu útgefanda skuldabréfsins en hafi ekki upplýst ábyrgðarmann um hana, sbr. fyrrgreint samkomulag. Þá hafi hann verið að afla sér tryggingar að baki skuldum aðalskuldara sem ekki hafi verið til staðar fyrir.

Sóknaraðili bendir á að tveimur árum eftir veitingu ábyrgðanna hafi aðalskuldara verið veitt heimild til að leita nauðasamninga til greiðsluaðlögunar, hún verið samþykkt og allar samningskröfur hans felldar niður að öllu leyti.

Sóknaraðili hafnar öllu tali um að eðli málsins samkvæmt hafi starfsmenn sparisjóðsins metið láns- og greiðsluhæfni skuldarans.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að hann hafi með engu móti vanefnt þær skyldur sem á honum hafi hvílt svo réttlætt geti að sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila verði

felld úr gildi. Jafnframt sé því alfarið hafnað að beiting 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eigi við í málinu.

Varnaraðili vísar til þess að sá formlegi annmarki að sóknaraðili hafi ekki óskað eftir því skriflega að greiðslumat yrði ekki framkvæmt leiði ekki sjálfkrafa til þess að löggerningurinn verði talinn ógildanlegur á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Með vísan til dómafordæma Hæstaréttar, t.a.m. í málum nr. 163/2005, 16/2007, 116/2010 og 343/2012 sé ljóst að nauðsynlegt sé að fram fari heildstætt mat á atvikum máls við mat á því hvort það yrði talið ósanngjarnt í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 fyrir sjóðinn að bera fyrir sig þá sjálfskuldarábyrgð sem sóknaraðili hafi samþykkt. Af ofangreindum dómum sjáist að það ráðist af heildstæðu mati á atvikum máls hverju sinni hvort beita eigi ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936. Vanræksla fjármálastofnunar á að kynna ábyrgðarmanni greiðslumat á skuldara dugi ekki ein og sér til að beita 36. gr. laga nr. 7/1936 heldur þurfi meira að koma til. Af dómunum megi ráða að fjármálastofnun þurfi að hafa verið grandvís um slæma fjárhagsstöðu skuldarans og látið hjá líða að tilkynna ábyrgðarmanni þar um.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi af fúsum og frjálsum vilja gengist í sjálfskuldarábyrgð á umræddu skuldabréfi og hafnar með öllu þeim sjónarmiðum sóknaraðila að efni standi til þess að felld verði úr gildi sjálfskuldarábyrgð hans. Varnaraðili byggir á meginreglu samningaréttar um að samninga skuli halda, pacta sunt servanda, og að sóknaraðili sé þar með bundinn af þeim samningi sem hann hafi gert við varnaraðila að þessu leyti.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi gengist undir ábyrgðina með samkomulagi við varnaraðila en með því samkomulagi hafi sóknaraðili skuldbundið sig til þess að tryggja réttar efndir á kröfu varnaraðila á hendur skuldara. Ábyrgðaryfirlýsingin sé í reynd loforð ábyrgðarmanns og gildi reglur samningaréttarins því um stofnun þess og skuldbindingargildi, en samkvæmt grundvallarreglum samningaréttarins beri loforðsgjöfum að standa við loforð sín og skuldbindingar.

Varnaraðili telur óhætt að fullyrða að dómstólar hafi einkum í seinni tíð beitt 36. gr. laga nr. 7/1936 með varfærum hætti og raunar aðeins í algjörum undantekningartilfellum en það sé í fullu samræmi við yfirlýsan tilgang löggjafans með þessu ákvæði laganna.

Varnaraðili byggir á því að efni sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingarinnar í þessu máli sé hefðbundið í alla staði og skilmálar hennar eðlilegir. Verði hún því ekki felld úr gildi m.v.t. þess að efni hennar sé á einhvern hátt ósanngjarnt í garð sóknaraðila.

Varnaraðili telur að þrátt fyrir að talsverður munur sé á stöðu almenns neytanda og fjármálafyrirtækis við sanningsgerð geti sá munur einn og sér ekki talist næg ástæða til að ógilda megi samninga þessara aðila, heldur þurfi aðstöðumunurinn að vera slíkur að í reynd séu neytandanum settir afarkostir, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 255/1993 og 3/2003. Af hálfu varnaraðila sé því alfarið hafnað að svo mikill aðstöðumunur hafi verið á stöðu aðila við útgáfu ábyrgðaryfirlýsingarinnar að réttlætt geti að henni verði vikið til hliðar m.v.t. 36. gr. laga nr. 7/1936. Sóknaraðili sé faðir skuldara og eiginkona hans hafi starfað um árabíl hjá varnaraðila og komið að ýmsum lánveitingum í starfi sínu þar. Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi verið kunnugt um fjárhagsstöðu skuldara og að hann hefði gengist í sjálfskuldarábyrgð á láni hans, óháð því hvort honum hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumats á skuldara.

Varnaraðili bendir á að þegar sóknaraðili hafi undirritað ábyrgðaryfirlýsinguna hafi engin lög verið í gildi um ábyrgðarmenn eða réttindi þeirra, en núgildandi lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi tekið gildi 4. apríl 2009. Engin heildstæð löggjöf hafi

Því verið í gildi þegar sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir láni því sem til umfjöllunar sé í þessu máli.

Varnaraðili vísar til þess að af framangreindu leiði að meta verði hvort og þá hver réttaráhrif tilvitnað samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga geti haft og jafnframt hvort ástæða sé að lögum til að vikið verði frá framangreindri meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga. Samkomulagið sé ólögfest og hafi ekkert sjálfstætt gildi sem réttarheimild. Í samkomulaginu sé hvergi vikið að skuldbindingargildi þess né að beitingu vanefndaúrræða við brotum á því. Aðeins sé um að ræða samkomulag ákveðinna aðila þess efnis að þeir ætli sér að hlíta tilteknum reglum. Ábyrgðaryfirlýsingin verði því ekki felld úr gildi á grundvelli samkomulagsins, enda hafi það engar ógildingarheimildir að geyma.

Varnaraðili byggir á því að ekki sé unnt að víkja frá fyrrgreindri meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga með vísan til umrædds ólögfests samkomulags. Til að mynda megi vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 131/1999, þar sem komi fram að einungis sé heimilt að víkja frá óskráðri meginreglu sem þessari komi það skýrt fram í settum lögum frá Alþingi.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi ekki gert kröfu um að framkvæmt yrði sérstakt mat á fjárhagsstöðu skuldara. Þá megi benda á að sóknaraðili hafi ekki lagt fram neinar haldbærar upplýsingar um að fjárhagsstaða skuldara hafi verið verri en hann hafi mátt vænta eða haldið því fram að niðurstaða greiðslumats hefði ráðið nokkru um ákvörðun hans um að gangast í sjálfskuldarábyrgð. Sóknaraðili hafi verið faðir skuldara og því megi gera ráð fyrir að honum hafi verið fjárhagsstaða skuldara kunnug þegar lánveitingin hafi átt sér stað.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi gert athugasemdir vegna ábyrgðaryfirlýsingarinnar á árinu 2013, vegna lánveitingar sem veitt hafi verið á árinu 2007, eða sex árum síðar. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðili sýnt af sér tómlæti og kröfur hans um að vikið verði frá ábyrgðaryfirlýsingunni of seint fram komnar. Það sé viðurkennd meginregla að aðilar kunni að glata rétti til þess að hafa uppi kröfur hafi þeir sýnt af sér verulegt tómlæti. Varnaraðili bendir á að fullt tilefni hafi verið af hálfu sóknaraðila til að hafa uppi mótmæli og kröfur fyrir hafi hann talið á sér brotið. Kröfu um niðurfellingu ábyrgðarskuldbindingar beri að koma á framfæri innan eðlilegs tíma og án ástæðulausrar tafar. Varnaraðili hafi hagsmuni af því að kröfum af þessu tagi verði komið á framfæri sem fyrst, enda erfiðara að verjast slíkum kröfu eftir því sem lengri tími líði frá því málsatvik hafi átt sér stað. Varnaraðili telur að hið óútskýrða tómlæti sem sóknaraðili hafi sýnt af sér í þessu máli eigi að leiða til þess að ekki verði fallist á kröfur sóknaraðila.

Varnaraðili telur að nefndin verði að meta á grundvelli alls þess sem fram hafi komið í málinu, hvort ástæða sé til að víkja frá meginreglu samninga- og kröfuréttarins um skuldbindingargildi samninga og efndir loforða. Grundvallarreglan sé sú að aðilar samningssambands verði gerðir ábyrgir fyrir gjörðum sínum, þeim beri skylda til að virða og efna þá samninga sem þeir stofni til, svo fremi sem ekki séu til staðar lagaskilyrði til að þeim verði vikið til hliðar.

Varnaraðili mótmælir því alfarið að skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 sé fullnægt með því einu að ekki hafi verið framkvæmt skriflegt greiðslumat á lántaka í samræmi við samkomulagið frá 2001. Þegar litið sé til allra atvika málsins þá sé útilokað að það eitt að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt geti talist svo alvarlegur annmarki að valdið geti brottfalli sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila, sérstaklega með tilliti til stöðu sóknaraðila gagnvart varnaraðila og skuldara.

Með vísan til alls ofangreinds telur varnaraðili að ekkert bendi til annars en að ábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila vegna lánveitingarinnar sé í fullu gildi og athugasemdaleaus.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi útgefnu af A til varnaraðila, þann 6. desember 2007.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. Varnaraðili var einn þessara sparisjóða og er bundinn við efni þess, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði engu að síður veitt, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, við útgáfu umrædds skuldabréfs. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðili skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A, eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að fjölskyldutengsl sóknaraðila og A, útgefanda skuldabréfsins, geri það að verkum að sóknaraðili þekki til fjárhagsstöðu A eða að þau hafi slík áhrif á skyldur varnaraðila skv. samkomulaginu til að framkvæma greiðslumat eða áhrif á sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að það ráði úrslitum, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 9/2013. Þá hefur ekki áhrif á sanngirnismatið að maki sóknaraðila hafði verið starfsmaður varnaraðila.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna honum greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti áður en hann tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi A, dags. 6. desember 2007 og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hans. Þá er ekki í ljós leitt hvenær varnaraðili krafði sóknaraðila fyrst um greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að ábyrgðaryfirlýsing hans verði látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013 og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 9/2013.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi útgefnu þann 6. desember 2007 af A til varnaraðila, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi útgefnu af A til varnaraðila, F, þann 6. desember 2007, er ógild.

Reykjavík, 11. júlí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 3. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 36/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 5. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 11. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 28. apríl 2014. Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. maí 2014. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi, dagsettu 1. júlí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 3. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 21. desember 2005 gerðu sóknaraðili og varnaraðili með sér bílasamning nr. X um kaupleigu á bifreiðinni A. Varnaraðili var tilgreindur leigusali og sóknaraðili leigutaki. Samningsfjárhæð var kr. 2.625.869. Samningurinn var gengistryggður miðað við USD 15%, JPY 10%, EUR 20%, CHF 5% og ISK 50%.

Þann 25. október 2010 endurreikaði varnaraðili umræddan bílasamning í samræmi við dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 471/2010. Eftirstöðvar samningsins fyrir endurreikning voru kr. 2.394.938 og eftirstöðvar eftir endurreikning voru kr. 1.511.478.

Þann 4. maí 2011 var umsókn sóknaraðila og C um greiðsluaðlögun einstaklinga samþykkt. Sóknaraðili greiddi ekki leigugreiðslur til varnaraðila frá þeim tíma. Í samningi um greiðsluaðlögun kom fram að sóknaraðili myndi skila bifreiðinni til varnaraðila svo hægt væri að klára uppgjör á kaupleigusamningi nr. Y og myndu

ógreidd vanskil á leigugreiðslum vegna kaupleigusamnings koma inn í fyrrgreindan samning um greiðsluaðlögun sem samningskröfur.

Þann 15. júlí 2013 endurreiknaði varnaraðili íslenska hluta bílasamnings sóknaraðila, í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012. Heildarstaða eftir leiðréttingu var kr. 1.117.651.

Þann 31. janúar 2014 skilaði sóknaraðili umþrættri bifreið til varnaraðila og var samningur sóknaraðila um greiðsluaðlögun samþykktur þann 7. febrúar 2014.

Fram fór mat á bifreiðinni, sbr. verðmatsskýrsla, dags. 10. febrúar 2014. Virði bifreiðarinnar var metið kr. 313.000, sem er uppítökuverð skv. viðmiðunarverðskrá bílaumboðanna (Bíló) og áætlaður viðgerðarkostnaður var metinn að fjárhæð kr. 499.575, sbr. kostnaðarmatsskýrslu, dags. 5. febrúar 2014. Í ljósi þess að viðgerðarkostnaður var hærri en matsvirði bifreiðarinnar tók varnaraðili þá ákvörðun að meta bifreiðina að fjárhæð kr. 100.000 sem kom til frádráttar vanskilum.

Þann 12. febrúar 2014 barst sóknaraðila uppgjör á bílasamningi nr. Y. Samtals nam skuld sóknaraðila við varnaraðila kr. 1.370.874, þ.e. upphæð kr. 1.030.775, dráttarvextir kr. 260.444 og innheimtukostnaður kr. 58.200 ásamt umsjónargjaldi með vsk kr. 15.060 og sölubóknun með vsk. kr. 6.395.

Þann 25. febrúar 2014 sendi sóknaraðili varnaraðila bréf vegna uppgjors á umþrættum bílasamningi. Benti sóknaraðili m.a. á að hann hefði boðist til að kaupa bifreiðina á kr. 800.000 en því hefði varnaraðili hafnað. Gerði sóknaraðili athugasemdir við kostnaðaráætlun, dráttarvexti og innheimtukostnað.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 5. mars 2014.

Varnaraðili ákvað að selja bifreiðina A á uppboði B. Seldist hún hæstbjóðanda þann 10. mars 2014. Í afsali bifreiðarinnar kom fram að ökutækið seldist í núverandi ástandi og að ökutækið væri skemmt eftir umferðaróhapp. Kaupverð var kr. 400.000, eigendaskipti kr. 2.630 og bifreiðagjöld kr. 10.200. Samtals greiddi kaupandi kr. 412.813.

Þann 20. mars 2014 var Citroen C5, árgerð 2005, ekinn 171.000 km skráð á söluskrá hjá Bílamarkaðnum. Ásett verð var kr. 890.000. Tekið var fram að skipt hefði verið um tímareim í 135.

Þann 10. apríl 2014 var sóknaraðila sent leiðrétt uppgjör á umþrættum bílasamningi. Samtals nam skuld sóknaraðila við varnaraðila kr. 1.039.546, þ.e. höfuðstóll kr. 779.102 og vextir kr. 260.444. Leiðrétt uppgjör var sent sóknaraðila vegna þess að starfsmaður varnaraðila hafði gefið sóknaraðila loforð um að sóknaraðili fengi að njóta söluandvirðis bifreiðarinnar þegar hún seldist, líkt og fram kemur í samningi sóknaraðila um greiðsluaðlögun. Þá kom fram í samningi sóknaraðila um greiðsluaðlögun að varnaraðili væri tilbúinn að fella niður allan innheimtukostnað, að fjárhæð kr. 58.200, á samninginn.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili viðurkenni að ekki hafi verið staðið rétt að uppgjöri vegna bílasamnings nr. Y. Þá krefst sóknaraðili þess að úrskurðað verði að varnaraðili greiði að lágmarki kr. 800.000 inn á reikning Y/X. Einnig að varnaraðila sé óheimilt að leggja kostnaðaráætlun og raunkostnað að jöfnu, að innheimta dráttarvexti af ofangreindum samningi og að innheimta innheimtukostnað af bílasamningi. Jafnframt krefst sóknaraðili þess að úrskurðað verði að lántakanda hafi verið gert að greiða ekki af nefndum samningi og varnaraðila beri að fara eftir

lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga. Þá krefst sóknaraðili þess að á grundvelli tilboðs hans verði úrskurðað að varnaraðili taki umsýslu-, skoðunar- og umsjónargjald með vsk., alls kr. 34.575.

Með athugasemdum sóknaraðila, dags. 23. apríl 2014 bætti sóknaraðili við kröfugerð sína. Krefst hann þess einnig að varnaraðila verði gert að breyta kaupsamningi í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012 fram til maí 2008, þar sem það geti ekki verið um fyrningu að ræða þegar um dómsmál sé að ræða og ekki hafi verið skorið úr um lögmati gjörningsins fyrr en í apríl 2013. Að viðurkennt verði að lög nr. 101/2010 geri ráð fyrir jafnræði milli kröfuhafa og því séu kröfur varnaraðila um fullnaðargreiðslur með kostnaði andstæðar þeim lögum. Að viðurkennt verði að sóknaraðila beri ekki að bera kostnað af skaða varnaraðila sem hvíli á ákvörðunum varnaraðila og innri vinnureglum.

Sóknaraðili vísar til þess að með umsókn um greiðsluskjól samkvæmt lögum nr. 101/2010 hafi hann og B gengist inn á að greiða ekki af þeim skuldum sem fyrir hafi legið á þeim tíma. Einnig hafi aðilarnir gengist inn á að stofna ekki til nýrra skuldbindinga. Það hafi því byggt á lögum að ekki hafi verið greitt af bílasamningnum. Beri hlutaðeigandi aðilum að fylgja þeim lögum, jafnt lánveitendum og lántakendum. Sóknaraðili bendir á að embætti umboðsmanns skuldara hafi tilkynnt honum að ef brotið yrði gegn þessum ákvæðum þá væri grundvöllur til sammings fallinn brott.

Sóknaraðili vísar til þess að hann sé menntaður vélstjóri, véltæknifræðingur frá Odense Teknikum, með hagfræðimenntun frá Copenhagen Business School, HD-diploma, rekstrar- og viðskiptafræði frá Endurmenntun Háskóla Íslands og MBA frá Háskóla Íslands. Hafi hann 35 ára reynslu frá iðnaðar-, framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum í Danmörku og á Íslandi.

Sóknaraðili vísar til þess að á 35 ára starfsferli hans hafi kostnaðaráætlanir alla tíð verið grundvöllur fyrir ákvörðunartöku innan fyrirtækis um framkvæmdir og grundvöllur fyrir tilboðsgerð til verkkaupa. Vilji sóknaraðili í þessu tilviki skoða kostnaðaráætlun varnaraðila sem innanbúðarvinnuþegg óháð viðskiptum hans og varnaraðila. Sóknaraðili bendir á að hann hafi gert bindandi tilboð í bifreiðina A upp á kr. 800.000. Því tilboði hafi engar kvaðir fylgt um viðgerðir eða annan kostnað.

Sóknaraðili kveður aðferðarfræði varnaraðila rýra innheimtur kröfuhafa um kr. 415.300 og auki jafnframt skuld hans sem því nemi. Hér sé unnið með rauntölur en dráttarvaxtagreiðslur upp á kr. 260.444 séu teknar út þar sem þær séu ekki kröfuhæfar samkvæmt lögum nr. 101/2010.

Sóknaraðili bendir á að í maí 2008 hafi varnaraðili byrjað að reikna verðbótapátt vaxta og afborgana/gjalda og verðbótapátt vaxta. Þegar hann hafi snúið sér til varnaraðila í júlí 2013 hafi þeir gert leiðréttingu til apríl 2009. Kveðst sóknaraðili hafa snúið sér til varnaraðila í framhaldi af þessu og bent á þetta ósamræmi og hafi fengið þá skýringu að þeim væri ekki skylt að fara lengra aftur með tilvísun til laga um fyrningu kröfuréttar. Kveðst sóknaraðili telja að varnaraðili hafi ranglega reiknað sér verðbætur frá maí 2008 til apríl 2009. Þessi óréttmæta gjaldtaka hafi áhrif á eftirstöðvarnar og óskast leiðrétting á því.

Sóknaraðili byggir á því að samkvæmt öllum þeim kenningum, sem hann hafi tileinkað sér í formi skólagöngu og með 35 ára starfsreynslu sé tilgangur fyrirtækis að hámarka afköst þess og þar með eigenda og kröfuhafa.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt afsali, dags. 12. mars 2014, sé bifreiðin sögð skemmd eftir umferðaróhapp. Hafi bifreiðin ekki verið skemmd við afhendingu

til varnaraðila þann 31. janúar 2014. Skemmdir eftir 31. janúar 2014 séu því ekki á hans ábyrgð.

Sóknaraðili bendir á að bifreiðin hafi verið seld af varnaraðila á uppboði þann 12. mars 2014 á kr. 400.000, skemmd eftir umferðaróhapp. Bifreiðin hafi verið afhent kaupanda þann 18. mars 2014 og hafi verið skráð á bílasölu þann 20. mars 2014, þá á kr. 890.000 í fyrirtaksstandi og án athugasemda um skemmdir vegna umferðaróhapps. Sóknaraðili kveður það sína reynslu að viðgerðum á bifreiðum skemmdum eftir umferðaróhöpp sé ekki lokið á minna en 1 til 1,5 mánuði, allt meðtalið. Hafi bifreiðin verið seld á uppboði 12. mars 2014, skemmd eftir umferðaróhapp, afhent þann 18. í sama ástandi og sett á sölu þann 20. mars 2014 án athugasemda sé ólíklegt að hún hafi verið skemmd.

Sóknaraðili vísar til þess að í nefndri söluuppstillingu sé getið um að skipt hafi verið um tímareim eftir 135.000 km akstur. Þessar upplýsingar hafi eingöngu verið gefnar í bréfi, dags. 25. febrúar 2014, sem varnaraðili segist ekki hafa mótttekið. Bendir sóknaraðili á að í skoðunarskýrslu frá Frumherja frá 3. febrúar 2014 sé getið um að upplýsingar um tímareim vanti.

Sóknaraðili bendir á að í uppgjöri, dags. 10. apríl 2014, hafi varnaraðili breytt uppgjöri sínu á afgerandi hátt og látið líta út sem um samningsvexti en ekki dráttarvexti sé að ræða. Sóknaraðili bendir á að hann hafi mótttekið endurreikning frá varnaraðila þann 22. október 2010. Þar, sem og í uppgjöri 12. febrúar 2014, séu settar fram kröfur um dráttarvexti, þvert á staðhæfingar varnaraðila í svarbréfi 11. apríl 2014. Það komi ekki fram í endurreikningsskjalinu hvort dráttarvextirnir séu innreiknaðir í endurreikninginn.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila um að varnaraðila sé óheimilt að leggja kostnaðaráætlun og raunkostnað að jöfnu, að varnaraðila hafi verið óheimilt að innheimta innheimtukostnað af kaupleigusamningi aðila og kröfu sóknaraðila að varnaraðili greiði að lágmarki kr. 800.000 inn á reikning Y verði vísað frá nefndinni með vísan til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og að öllum öðrum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur kröfu sóknaraðila um að varnaraðila sé óheimilt að leggja „kostnaðaráætlun“ og „raunkostnað“ að jöfnu óskýra, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Af framangreindri kröfu sé með öllu óljóst hvort sóknaraðili sé að fjalla um kostnaðarmat sem Frumherji gerði 5. febrúar 2014 eða hvort um sé að ræða verðmat bifreiðarinnar sem gert hafi verið í kjölfar kostnaðarmatsins. Orðin kostnaðaráætlun og raunkostnaður séu ekki skýrð frekar í kröfugerð sóknaraðila og algjörlega ótækt fyrir varnaraðila að svara þessum kröfum eða átta sig frekar á samhenginu.

Varnaraðili telur af framangreindu ljóst að grundvallarskilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar sé ekki uppfyllt hvað þennan þátt kröfu sóknaraðila varði og beri því að vísa kröfunni frá nefndinni.

Fallist nefndin ekki á framangreint vísar varnaraðili til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina. Af málavaxtalýsingu varnaraðila og framlögðum gögnum

sóknaraðila megi sjá að varnaraðili hafi aldrei hafnað umræddri beiðni sóknaraðila. Þann 13. september 2013 hafi lögfræðingur kröfuhafa lýst því yfir að félagið væri tilbúið til þess að horfa til söluverðmætis hennar við endanlegt uppgjör kaupleigusamnings aðila og kæmi það til frádráttar kröfu varnaraðila þegar hún yrði seld. Varnaraðili hafi tekið þessa ívilnandi ákvörðun án nokkurrar skyldu og þrátt fyrir að skýrt hafi verið tekið fram í samningi aðila að það væri matsverð bifreiðar en ekki endanlegt söluverð sem kæmi til frádráttar við uppgjör. Af leiðréttu uppgjöri megi sjá að söluandvirði bifreiðarinnar hafi verið lagt til grundvallar við uppgjör samningsins.

Varnaraðili bendir á að í ljósi þess að sóknaraðili fái notið söluverðs bifreiðarinnar við uppgjör samningsins þá sé ekki litið til kostnaðarmatskýrslu þriðja aðila á bifreiðinni eða endanlegs matsvirðis hennar við uppgjör kaupleigusamnings aðila. Auk þess sé rétt að benda á að sóknaraðili hafi ekki á neinum tímupunkti haft samband við varnaraðila eftir að hann hafi skilað bifreiðinni og því ljóst að sóknaraðili hafi ekki fengið neitun frá sóknaraðila um að miðað yrði við söluandvirði bifreiðarinnar við endanlegt uppgjör hennar. Fylgiskjal sem sóknaraðili hafi látið fylgja kvörtun sinni til úrskurðarnefndarinnar, dags. 25. febrúar 2014, og sé stílað á varnaraðila hafi aldrei borist varnaraðila. Það hafi því ekki verið fyrr en með kvörtun sóknaraðila að varnaraðili hafi fengið afrit af fyrrgreindu bréfi og kvörtunum sóknaraðila. Engin gögn sýni fram á að framangreint bréf hafi verið sent eða skilað sér til varnaraðila og verði varnaraðili að bera hallann af því að hafa ekki sent bréfið með sannanlegum hætti.

Varnaraðili telur að af ofangreindu sé ljóst að grundvallarskilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar sé ekki uppfyllt hvað þennan þátt kröfu sóknaraðila varði og beri því að vísa kröfunni frá nefndinni.

Verði ekki fallist á aðalkröfu varnaraðila um frávísun krefst varnaraðili þess til vara að umræddri kröfu verði hafnað. Vísar varnaraðili til þess að ekki séu lengur til staðar lögvarðir hagsmunir sóknaraðila vegna kröfunnar. Ljóst sé að varnaraðili hafi þegar sent sóknaraðila leiðrétt uppgjör þar sem tekið sé mið af söluvirði bifreiðarinnar ásamt því að innheimtukostnaður hafi verið felldur niður. Af framangreindu leiðir að ekki sé horft til kostnaðarmats eða annars mats á bifreiðinni líkt og varnaraðila hafi þó verið heimilt, skv. samningi aðila, og því eingöngu tekið mið af söluandvirði bifreiðarinnar, sem sé ívilnandi fyrir sóknaraðila, við uppgjör samningsins.

Varnaraðili telur að af ofangreindu sé ljóst að hann hafi þegar fallist á kröfu sóknaraðila og beri því úrskurðarnefndinni að hafna framangreindri kröfu sóknaraðila.

Varðandi kröfu sóknaraðila um að ekki komi til innheimtu innheimtukostnaðar af bílasamningi aðila bendir varnaraðili á að hann hafi ekki hafnað umræddri kröfu. Lögfræðingur varnaraðila hafi lýst því yfir þann 13. september 2013 að félagið væri tilbúið til þess að fella niður allan innheimtukostnað að fjárhæð kr. 58.200.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki haft samband við fyrirtækið eftir að hann hafi skilað bifreiðinni. Sóknaraðili hafi ekki fengið neitun frá varnaraðila um að innheimtukostnaður yrði felldur niður líkt og honum hafi verið lofað af varnaraðila og nú hafi verið gert. Af því sé ljóst að grundvallarskilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar, þ.e. að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns, sbr. 5. gr. samþykktar nefndarinnar, sé ekki uppfyllt hvað þennan þátt kröfu sóknaraðila varði og beri því að vísa kröfunni frá nefndinni.

Verði ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun krefst hann þess að kröfunni verði hafnað, á þeim grundvelli að ekki séu lengur til staðar lögvarðir hagsmunir sóknaraðila af henni. Í ljósi þess að varnaraðili hafi þegar fellt niður innheimtukostnað, þá sé ekki lengur ágreiningur um þennan þátt málsins.

Varðandi kröfu sóknaraðila um dráttarvexti á umræddum bílasamningi vísar varnaraðili til þess að hann hafi ekki á neinum tímavexti innheimt dráttarvexti frá því að sóknaraðili fór í greiðsluáðlögun hjá umboðsmanni skuldara. Varnaraðili hafi farið eftir skýrum ákvæðum laga nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga. Beri því að vísa kröfunni frá nefndinni á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar nefndarinnar.

Verði ekki fallist á aðalkröfu varnaraðila krefst hann þess að kröfunni verði hafnað. Varnaraðili hafi ekki innheimt neina dráttarvexti líkt og sóknaraðili haldi fram. Skýrt sé tekið fram í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga að vextir falli á skuldir á meðan á greiðslufresti standi en þeir séu ekki gjaldkræfir meðan greiðslufrestur sé til staðar. Ekki á neinum tímavexti hafi varnaraðili reynt að innheimta umrædda dráttarvexti eða vangreiddar leigugreiðslur eftir að greiðsluáðlögun sóknaraðila hafi verið samþykkt. Eðli málsins samkvæmt hafi varnaraðili orðið að reikna vexti á ógreidda gjalddaga þrátt fyrir að þeir væru ekki innheimtir á greiðsluáðlögunartímabilinu, m.a. svo varnaraðili gæti rökstutt kröfu sína fyrir lok kröfulýsingarfrests, vegna greiðsluáðlögunar sóknaraðila. Samkvæmt framansögðu hafi varnaraðili farið eftir skýrum ákvæðum laga nr. 101/2010.

Varnaraðili vísar til þess að hann hafi staðið rétt að uppgjóri á umþrættum bílasamningi. Skýrt sé kveðið á um það í 23. gr. samnings aðila að það sé matsverð bifreiðarinnar eða viðmiðunarverð en ekki endanlegt söliverð sem komi til frádráttar skuldum við uppgjör samningsins. Matsverð sé uppítökverð samkvæmt viðmiðunarverðskrá bílaumboðanna (Bíló), áætlaður viðgerðarkostnaður samkvæmt niðurstöðu ástandsskoðunar auk 3% sölulauna og annars kostnaðar sem tilgreindur sé í 22. gr. samningsins.

Varnaraðili bendir á að þegar bifreið sé skilað fari fram mat á henni með þeim hætti að gert sé svokallað kauptilboð um bifreiðina sem taki mið af viðmiðunarverði Bíló eða nánar tiltekið mati á tegund bifreiðarinnar, aldri og akstri hennar. Sá fyrirvari sé gerður við tilboðið að bifreiðin fari í gegnum ástandsskoðun. Ástandsskoðun fari að því loknu fram og í kjölfarið sé útbúin kostnaðarmatsskýrsla þar sem áætlaður viðgerðarkostnaður á bifreiðinni sé sundurliðaður. Sá kostnaður sé að því búnu dreginn frá viðmiðunarverði Bíló og eftirstöðvarnar lagðar til grundvallar uppgjóri.

Varnaraðili byggir á því að starfsmaður hans hafi hins vegar tekið þá ívilnandi ákvörðun að sóknaraðili fengi að njóta góðs af söluandvirði bifreiðarinnar við uppgjör kaupleigusamnings aðila ásamt því að innheimtukostnaður vegna sama samnings yrði felldur niður. Varnaraðili hafi sent út nýtt uppgjör til sóknaraðila í kjölfar sölu bifreiðarinnar sem tekið hafi mið af söliverði hennar og þar sem innheimtukostnaður hafi verið felldur niður.

Varnaraðili vísar til þess að engin skylda hafi hvílt á fyrirtækinu að taka meintu tilboði sóknaraðila um kaup á bifreiðinni áður en hún hafi verið metin af óháðum þriðja aðila. Verklagsreglur varnaraðila séu þannig að allar bifreiðar séu teknar og ástandsskoðaðar og metnar áður en ákvörðun sé tekin um hvort bifreið sé seld á almennum markaði eða á uppboði. Í framhaldi af ástandsskoðun og mati á bifreiðinni A hafi varnaraðili tekið þá ákvörðun að bifreiðin yrði seld á uppboði.

Hefði sóknaraðili viljað kaupa bifreiðina þá hafi honum verið í lófa lagið að bjóða í hana eins og öllum öðrum á fyrrgreindu uppboði.

Varnaraðili telur að af framangreindu leiði að hann hafi staðið rétt að uppgjör kaupleigusamnings aðila og hafi gert enn betur og tekið þá ívilnandi ákvörðun í þágu sóknaraðila að hann fengi að njóta góðs af söluandvirði bifreiðarinnar við uppgjör hennar og niðurfellingu á innheimtukostnaði.

Varðandi kröfu sóknaraðila um að varnaraðili greiði honum að lágmarki kr. 800.000 inn á reikning Y/X vísar varnaraðili til þess að krafan sé sett fram án rökstuðnings. Virðist vera sem sóknaraðili hafi ákveðið einhverja krónutölu sem hann telji að bifreiðin hefði átt að vera metin á og krefjist þess að varnaraðili greiði honum þá upphæð í ljósi þess að hann hafi viljað kaupa hana á því verði áður en bifreiðin hafi verið ástandsskoðuð og yfirfarin.

Bendir varnaraðili á að skýrt sé kveðið á um það í kaupleigusamningi aðila hvernig uppgjör fari fram við skil leigumuna til leigusala. Varnaraðila, sem eiganda bifreiðarinnar, sé ekki skylt að taka tilboði í eignir sínar, nema í þeim tilfellum sem varnaraðili hafi tekið ákvörðun um að selja eignir sínar á uppboði eða að ágreiningur hafi verið uppi með matsverð og leigutaki hafi mótmælt matinu skriflega innan 7 daga þá séu leigumunir boðnir upp á uppboði, sbr. 4. tölul. 23. gr. bílasamningsins. Það sé því ljóst að varnaraðila hafi ekki borið skylda til þess að taka tilboði sóknaraðila um kaup á bifreiðinni, sem hafi auk þess verið lægra en vanskil sóknaraðila hafi hljóðað upp á hjá varnaraðila. Áréttu skuli að varnaraðili selji ekki leigumuni án þess að ástandsskoðun fari fram.

Varnaraðili byggir á því að hann hafi í viðskiptum sínum við sóknaraðila farið eftir lögum nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga. Megi í því sambandi benda á að varnaraðili hafi ekki krafist eða tekið við greiðslum á kröfum sínum frá sóknaraðila frá þeim tíma er samningur um greiðsluáðlögun hafi tekið gildi, sbr. a-lið 1. mgr. 11 .gr. laganna. Þá hafi varnaraðili ekki gjaldfellt neinar skuldir á umræddum tíma, sbr. b-lið sömu greinar.

Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við seinni athugasemdir sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að fyrirtækinu sé í sjálfsvald sett hvort það taki þeim tilboðum sem berist í eignir þess. Tilboð sóknaraðila hafi hljóðað upp á kr. 800.000 gegn niðurfellingu eftirstöðva samningsins. Hafi því ekki verið um það að ræða að sóknaraðili myndi greiða umrædda fjárhæð og eftirstöðvar samningsins eins og fyrri hugmyndir hafi verið um. Þá sé ekkert sem liggja fyrir um hvað aðrir kröfuhafar í greiðsluáðlögunarferli sóknaraðila hefðu sagt við slíkri ráðstöfun.

Varnaraðili bendir á að þegar ljóst hafi verið að aðilar næðu ekki samkomulagi á þessum forsendum hafi farið um uppgjör samningsins í samræmi við ákvæði hans. Hafi varnaraðili þá jafnframt tekið þá ívilnandi ákvörðun fyrir sóknaraðila að ráðstafa söluverði bifreiðarinnar inn á skuld sóknaraðila í stað matsverðs.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi haft rétt samkvæmt uppgjörssákvæði 23. gr. samningsins að senda inn skrifleg mótmæli við matsvirði bifreiðarinnar innan sjö daga frá því honum hafi mátt vera uppgjörð kunnugt og hafi leigusala þá verið heimilt að selja leigumuninn á opinberu uppboði. Bærust slík mótmæli ekki innan tiltekins frests teldist sóknaraðili bundinn við matið samkvæmt ákvæðinu.

Varnaraðili vísar til þess að uppgjör hafi verið kynnt sóknaraðila þann 12. febrúar 2014, athugasemdir sóknaraðila séu dagsettar 25. febrúar 2014, sendar þann 3.

mars 2014 og móttæknar þann 4. mars 2014. Þó svo að mótmælin hafi ekki borist frá sóknaraðila innan fyrrgreinds frests sé á það bent að bifreiðin hafi verið seld á uppboði B og hafi söluverðmæti bifreiðarinnar komið til frádráttar skuld sóknaraðila þótt varnaraðila bæri ekki skylda til að koma til móts við sóknaraðila með þeim hætti samkvæmt ákvæðum samningsins. Ennfremur sé á það bent að sóknaraðila hafi verið fjálst að bjóða í bifreiðina á umræddu uppboði en hafi ekki gert það. Benda megi á að lögmaður sóknaraðila hafi vakið athygli sóknaraðila á þeim möguleika í tölvupóstsamskiptum þeirra á milli, dags. 7. nóvember 2013.

Varnaraðili byggir á því að hann hafi í einu og öllu farið eftir ákvæðum samningsins hvað uppgjörið varði og jafnframt tekið ívilnandi ákvörðun um ráðstöfun söluverðs bifreiðarinnar inn á skuld sóknaraðila samkvæmt samningnum.

Varnaraðili bendir á að í athugasemdum sínum bæti sóknaraðili töluvert við kröfugerð sína og fari meðal annars fram á leiðréttingu á samningi vegna tilskriftar á verðbótum frá maí 2008. Hér sé um að ræða nýja kröfu sem varnaraðila hafi ekki borist áður og uppfylli hún því ekki skilyrði 5. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og beri því að vísa umræddri kröfu frá nefndinni.

Varnaraðili tekur fram að hann hafi bent sóknaraðila á að sækja um leiðréttingu á þessum þætti samningsins og eftir að athugasemdir sóknaraðila bárust hafi varnaraðili leiðrétt meinta ofgreiðslu í samræmi við dóm Hæstaréttar og ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til 5. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar vegna annarra nýrra krafna sóknaraðila. Umræddar kröfur hafi ekki verið bornar fyrir varnaraðila og séu að auki svo óskýrar og illa upplýstar að ekki sé tækt að taka til frekari varna á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og gagna. Uppfylli þær því ekki nauðsynleg skilyrði til umfjöllunar nefndarinnar samkvæmt fyrrgreindum samþykktum.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að uppgjöri á bílasamningi nr. X.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggi að ágreiningur sé um sakarefnið.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi borið kröfu sína um að varnaraðili taki á grundvelli tilboðs hans umsýslu-, skoðunar- og umsýsargjald með vsk., alls kr. 34.575, upp við varnaraðila. Þá verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi gert athugasemdir við leiðréttingu á bílasamningnum vegna verðtryggingar íslenska hluta samningsins, dags. 15. júlí 2013. Verður í ljósi þessa ekki hjá því komist að vísa umræddum kröfum frá á grundvelli 5. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Aðrar kröfur virðist sóknaraðili hafa borið upp við varnaraðila og verður því að hafna kröfu varnaraðila um að vísa þeim kröfum frá á þessum grundvelli.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila sé óheimilt að leggja kostnaðaráætlun og raunkostnað að jöfnu. Sóknaraðili útskýrir ekki nánar hvað felst í umræddri kröfu, þ.e. hvort átt sé við kostnaðarmat sem Frumherji hf. gerði 5. febrúar 2014 eða hvort um sé að ræða verðmat bifreiðarinnar sem gert var í kjölfar kostnaðarmatsins, sér í lagi í ljósi leiðréttis uppgjors, dags. 10. apríl 2014. Þá er engan veginn ljóst hvaða fjárhagslegu áhrif það ætti að hafa á uppgjör aðila ef fallist yrði á þessa viðurkenningarkröfu. Verður af þessum sökum ekki hjá því komist að vísa umræddri kröfu sóknaraðila frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurðað verði að varnaraðili greiði að lágmarki kr. 800.000 inn á reikning Y/X. Virðist krafa þessi byggja á því að sóknaraðili gerði tilboð í umrædda bifreið að fjárhæð kr. 800.000. Sóknaraðili gerir ekki frekari tilraun til að færa rök fyrir kröfu sinni, en í ljósi meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi var varnaraðila ekki skylt að ganga að tilboði sóknaraðila. Í ljósi þess að ekki verður fyllilega ráðið á hverju krafa sóknaraðila byggir verður ekki hjá því komist að vísa umræddri kröfu sóknaraðila frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki lítur svo á að í kröfum sem sóknaraðili bætti við með athugasemdum, dags. 23. apríl 2014, um að viðurkennt verði að lög nr. 101/2010 geri ráð fyrir jafnræði milli kröfuhafa og því séu kröfur varnaraðila um fullnaðargreiðslur með kostnaði andstæðar þeim lögum og um að viðurkennt verði að sóknaraðila beri ekki að bera kostnað af skaða varnaraðila sem hvíli á ákvörðunum varnaraðila og innri vinnureglum, felist sömu kröfur og í eftirstandandi upphaflegri kröfugerð sóknaraðila. Sé í reynd um að ræða málsástæður, sem ætlað sé að styðja við kröfur hans. Verður því hér eftir fjallað um upphaflegar kröfur sóknaraðila.

Í 23. gr. bílasamnings nr. X kemur m.a. fram að frá greiðslu leigutaka til varnaraðila skuli draga matsverð leigumunar sem í tilfelli ökutækja sé kauptilboð (uppítökuerð) skv. viðmiðunarverðskrá bílaumboðanna, Bíló, auk 15% viðbótaraffalla á viðmiðunarverð og áætlaðan viðgerðarkostnað skv. niðurstöðu ástandsskoðunar auk 3% sölulauna og annars kostnaðar sem tilgreindur er í 22. gr. Yrði ágreiningur um matsverð og/eða viðgerðarkostnað og aðilar næðu ekki samkomulagi mætti leigusali láta selja leigumun beint á opinberu uppboði hjá sýslumanninum í Reykjavík, Hafnarfirði eða Kópavogi, skv. 8. gr. laga nr. 90/1991, í því ástandi sem hún væri, enda hefði leigutaki mótmælt matinu eða uppgjörinu skriflega innan 7 daga frá því honum mátti vera það kunnugt. Að öðrum kosti teldist hann við það bundinn.

Ljóst er að samningsbundið er að leggja kauptilboð skv. viðmiðunarverðskrá bílaumboðanna til grundvallar við uppgjör aðila, sbr. 23. gr. samnings nr. X. Liggur fyrir að varnaraðili lagði við leiðrétt uppgjör þann 10. apríl til grundvallar söluverð bifreiðarinnar en bifreiðin var seld á uppboði B þann 12. mars 2014. Umsamið kaupverð var kr. 400.000, sem miðað var við í leiðréttu uppgjóri. Var sú ákvörðun varnaraðila ívilnandi fyrir sóknaraðila.

Ekki hefur verið sýnt fram á fyrir nefndinni að bifreiðin hafi skemmst í umferðaróhappi eftir að varnaraðili tók við vörslum hennar og raunar virðist sóknaraðili byggja á því í málatilbúnaði sínum að það sé mjög ósennilegt að svo hafi verið. Þegar á allt er litið er vandséð að varnaraðili hafi getað gengið lengra við að

tryggja að verðmæti bifreiðarinnar kæmi til lækkunar skuldar sóknaraðila, en með því að auglýsa hana á uppboði þar sem hverjum manni var frjálst að bjóða í hana.

Í ljósi þess að varnaraðili lagði við leiðrétt uppgjör þann 10. apríl 2014 til grundvallar kaupverð bifreiðarinnar við uppboð B þann 12. mars 2014, verður samningsskilmálum ekki vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Skiptir þá ekki máli hvort sama bifreið hafi í reynd verið boðin til sölu skömmu síðar á öðru og hærra verði. Verður því, m.a. í ljósi ívilnandi ákvörðunar varnaraðila um að leggja raunverulegt kaupverð bifreiðarinnar til grundvallar uppgjóri ekki fallist á að ekki hafi verið rétt staðið að uppgjóri bílasamningsins. Verður kröfu sóknaraðila þar að lútandi því hafnað.

Með leiðréttu uppgjóri, dags. 10. apríl 2014, var innheimtukostnaður að fjárhæð kr. 58.200 frá fyrra uppgjóri, dags. 12. febrúar 2014, felldur niður. Í ljósi þess verður ekki hjá því komist að vísa frá kröfu sóknaraðila um að varnaraðila sé óheimilt að innheimta innheimtukostnað af bílasamningnum með vísan til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila sé óheimilt að innheimta dráttarvexti af umræddum bílasamningi. Ekki liggur fyrir að varnaraðili hafi innheimt dráttarvexti af samningnum. Samkvæmt leiðréttu uppgjóri, dags. 10. apríl 2014, innheimti varnaraðili vexti af samningnum, en ekki dráttarvexti svo sem tiltekið hafði verið í uppgjóri, dags. 12. febrúar 2014. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga falla vextir á skuldir á meðan frestun greiðslna stendur yfir en þeir eru ekki gjaldkræfir. Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Þá krefst sóknaraðili þess að úrskurðað verði að honum hafi verið gert að greiða ekki af umræddum bílasamningi og beri varnaraðila að fara eftir lögum nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga. Ekki liggur annað fyrir en að varnaraðili hafi farið eftir lögum nr. 101/2010 í tengslum við bílasamning nr. X, enda hafi varnaraðili ekki krafist eða tekið við greiðslum á kröfum sínum frá sóknaraðila frá þeim tíma sem samningur um greiðsluáðlögun tók gildi, sbr. a-lið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010. Þá hafi varnaraðili ekki gjaldfellt neinar skuldir á hendur sóknaraðila á umræddum tíma, sbr. b-lið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010. Í ljósi þess verður að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um að varnaraðili, F, taki á grundvelli tilboðs sóknaraðila umsýslu-, skoðunar- og umsjónargjald með VSK, alls kr. 34.575, er vísað frá.

Kröfu sóknaraðila um leiðréttingu á bílasamningi nr. X vegna verðtryggingar íslenska hluta samningsins, er vísað frá.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðila sé óheimilt að leggja kostnaðaráætlun og raunkostnað að jöfnu er vísað frá.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðila sé óheimilt að innheimta innheimtukostnað af bílasamningnum er vísað frá.

Kröfu sóknaraðila um að úrskurðað verði að varnaraðili greiði að lágmarki kr. 800.000 inn á reikning nr. Y/X er vísað frá.

Öllum öðrum kröfum sóknaraðila er hafnað.

Reykjavík, 3. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 5. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Oddur Ólason og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 37/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 7. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 25. apríl 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. september 2014.

II.

Málsatvik.

Í nóvember 2011 stofnaði sóknaraðili til viðskipta við varnaraðila. Sóknaraðili samdi við varnaraðila um tímabundna yfirdráttarheimild á reikningi nr. X, að fjárhæð kr. 5.000.000. Eiginkona sóknaraðila, A, tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar yfirdráttarheimildinni.

Óumdeilt er að með umsókn um viðskipti hjá bankanum þann 25. nóvember undirritaði sóknaraðili viðskiptaskilmála þar sem m.a. kemur fram: „*Mér er ljóst að um yfirdráttarheimild þarf að semja sérstaklega. Fáir ég slíka heimild skuldbind ég mig til að greiða yfirdráttarskuldina upp í síðasta lagi á lokadegi heildartímabilsins, sem skal teljast gjalddagi höfuðstóls skuldarinnar en um vexti af skuldinni og greiðslur þeirra fer skv. vaxtaákvörðun F á hverjum tíma. Skuld sem ekki greiðist á gjalddaga, ber dráttarvexti lögum samkvæmt frá þeim degi.*“

Í febrúar 2014 átti sóknaraðili fund með fulltrúa varnaraðila vegna yfirdráttarheimildarinnar en hún hafði runnið út. Þann 21. febrúar 2014 óskaði sóknaraðili eftir að fá að halda óbreyttri yfirdráttarheimild á reikningi sínum í það minnsta fram á mitt ár 2014. Varnaraðili svaraði samdægurs og kvað það sjálfsagt að framlengja yfirdráttinum gegn því að fá tryggingarbréf á fasteign þeirra hjóna. Hafnaði varnaraðili því að halda heimildinni óbreyttri án tryggingarbréfs. Nokkur frekari samskipti áttu sér stað milli sóknaraðila og varnaraðila. Þann 26. febrúar 2013 kvaðst varnaraðili halda vanskilum á heimild frá lögfræðisinnheimtu á meðan

sóknaraðili væri að skoða málið, en því miður væri það ekki hægt lengur en til loka 28. febrúar.

Þann 3. mars 2014 barst sóknaraðila innheimtubréf frá B sem falið var að innheimta kröfu varnaraðila vegna ógreidds yfirdráttar á reikningi nr. X. Gjalddagi kröfunnar var 31. janúar 2014. Fjárhæð kröfunnar var samtals kr. 5.308.384. Höfuðstóll kröfunnar var að fjárhæð kr. 5.006.088, dráttarvextir til 3. mars 2014 voru kr. 57.848, málskostnaður var kr. 194.779 og virðisaukaskattur var kr. 49.669.

Þann 16. mars 2014 sendi sóknaraðili B tölvupóst þar sem hann tilkynnti að ágreiningur um málsmeðferð hefði verið send Fjármálaeftirlitinu. Óskaði sóknaraðili eftir því að ekki yrði farið í frekari innheimtuaðgerðir. B svaraði þann 17. mars 2014 og kvað málskot til úrskurðarnefndarinnar ekki fresta innheimtuaðgerðum. Fram kom að best væri að semja um uppgjör skuldarinnar, t.d. greiðslu að fjárhæð kr. 500.000 og svo yrði skuldin greidd upp á löngum tíma með viðráðanlegri fjárhæð á mánuði t.d. kr. 50 til 75 þúsund. Samþykkti sóknaraðili þann 19. mars 2014 að greiða kr. 500.000 og síðan kr. 50.000 á mánuði. Samdægurs tilkynnti B sóknaraðila að málið hefði verið skoðað betur og kr. 50.000 á mánuði væri heldur lítið. Það gæti gilt meðan málið væri til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni en síðan yrði að opna málið og ákveða framhaldið. Líklegast þyrfti að hækka mánaðarlegu fjárhæðina í kr. 100 til 150 þúsund.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 7. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fá að halda yfirdráttarheimild hjá varnaraðila upp á kr. 5.000.000 gegn óbreyttum tryggingum og á óbreyttum kjörum. Þá krefst sóknaraðili þess að innheimtukostnaður lögmannsstofu varnaraðila upp á kr. 245.000 verði felldur niður. Sóknaraðili krefst þess að krafa bankans um dráttarvexti falli niður en í staðinn verði greiddir vextir eins og þeir eru á yfirdrætti samkvæmt heimild á bankareikningum.

Sóknaraðili bendir á að hann hafi reynt að leggja inn á reikning sinn svo staðan yrði lægri en heimildin hafi verið á reikningnum. Það hafi ekki gengið þar sem reikningnum hafi verið lokað fyrir innborgunum.

Sóknaraðili kveðst kvarta undan því að varnaraðili hafi ekki orðið við ósk um óbreytta yfirdráttarheimild en krefjist þess í stað fullrar uppgreiðslu á heimildinni. Þá kveðst hann kvarta undan framkomu bankans sem m.a. birtist í því viðhorfi að honum beri ekki að svara einföldum spurningum um viðskiptahætti bankans almennt.

Sóknaraðili bendir á að hann hafi stofnað til viðskipta við varnaraðila. Það hafi tvö fyrirtæki í hans eigu einnig gert, C og D. Sóknaraðili vísar til þess að skoðun hans hafi lengi verið sú að viðskipti við aðeins einn banka séu óskynsamleg þar sem viðskiptavinurinn sé þá í þeirri stöðu að geta ekki snúið sér til annars banka telji hann að þjónusta eins sé ófullnægjandi eða á honum sé brotið. Því hafi sóknaraðili ákveðið að opna viðskipti í öðrum banka en L. Kveður sóknaraðili ástæðu þess að varnaraðili hafi orðið fyrir valinu hafi ekki síst verið auglýsingar bankans í þá veru að bankinn sérhæfi sig í viðskiptum við smá fyrirtæki og eigendur þeirra.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi alfarið synjað honum um framlengingu á yfirdráttarheimildinni. Telur sóknaraðili þessa einhliða breytingu á viðskiptaskilmálum óeðlilega og ósanngjarna. Því hafi sóknaraðili spurt stjórnendur bankans nokkurra spurninga um málið og viðskiptahætti bankans en engin svör fengið. Í stað þess hafi varnaraðili sent kröfu sína til innheimtu hjá lögfræðingi.

Sóknaraðili telur að ekkert í viðskiptum hans við varnaraðila hafi breyst. Því séu ekki forsendur fyrir þeirri einhliða breytingu á viðskiptaskilmálum sem bankinn krefjist.

Sóknaraðili telur að svar bankans við kvörtun hans til úrskurðarnefndarinnar spegli vel þau viðhorf sem hann hafi mætt hjá bankanum, þ.e. hroka og því viðhorfi að bankinn geti í einu og öllu farið sínar leiðir og þurfi ekki að skýra þær fyrir einum eða neinum.

Sóknaraðili bendir á að bankaviðskipti snúist um traust og til þeirra sé yfirleitt stofnað með því hugarfari að þau standi í langan tíma. Þegar sóknaraðili og félag í hans eigu hafi hafið viðskipti við varnaraðila hafi hann samið um ýmis atriði, þ.á.m. umrædda yfirdráttarheimild. Þá kveðst sóknaraðili hafa staðið í góðri trú að samkomulag um þau viðskipti myndu standa af bankans hálfu.

Sóknaraðili telur að þótt yfirdráttarheimildin hafi að formi til haft lokadagsetningu þá sé sjaldnast til þess ætlast að yfirdrátturinn sé að fullu greiddur upp. Sóknaraðila finnst því slík framkoma af hálfu bankans ekki drengileg og þótt honum séu ekki ljós hvaða úrræði úrskurðarnefndin hafi í málum sem þessum þá finnst honum að úr því að bankinn hafi séð ástæðu til að koma svona fram við hann að ósekju, að það hljóti að vera önnur hliðstæð tilvik innan bankans eða að bankinn sé að sýna óútskýrða eineltistilburði gagnvart sóknaraðila. Hvorugt sé gott og hljóti að gefa tilefni til skoðunar.

Sóknaraðili minnr á að hann hafi reynt að fá bankann til að skýra framkomu sína og vinnureglur en án árangurs. Einhverjar slíkar reglur virðist bankinn hafa sett sér en þrátt fyrir fyrirspurnir hafi varnaraðili alfarið neitað að skýra þær. Því hafni sóknaraðili því að bankinn hafi leitað lausna í málinu og svarað erindum og beiðnum lántaka eins og honum sé framast kostur. Litlar skýringar hafi hann fengið á framkomu varnaraðila og skyndilegri kröfu um uppgreiðslu yfirdráttarheimildarinnar.

Sóknaraðili bendir á að bankinn hafi sent kröfu vegna yfirdráttarheimildarinnar til innheimtu á lögfræðistofunni B. Hafi sóknaraðili þar gert samkomulag um greiðslu kröfunnar við lögfræðing stofunnar. Samkomulagið hafi án vafa verið í samræmi við vinnulag sem þar hafi gilt. Af einhverri ástæðu virðist lögfræðistofan bakka skyndilega út úr því samkomulagi. Telur sóknaraðili þann enn eina vísbendingu um að bankinn taki á þessu máli með óeðlilegum hætti.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila um að fá að halda yfirdráttarheimild upp á kr. 5.000.000 gegn óbreyttum tryggingum og á óbreyttum kjörum verði vísað frá en öðrum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur þá kröfu sóknaraðila um að fá að halda yfirdráttarheimild [...] gegn óbreyttum tryggingum og á óbreyttum kjörum ekki tæka til úrskurðar, sbr. c- og e-liði 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili vísar til þess að nefndin hafi samkvæmt samþykktunum ekki heimild til að fjalla um breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja og geti því eðli málsins samkvæmt ekki úrskurðað um tiltekin kjör líkt og gerð sé krafa um. Þá hafi nefndin enga heimild til þess að þvinga fjármálafyrirtæki til samningsgerðar við viðskiptavin líkt og hér sé krafist enda stríði það gegn meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi. Hafi nefndin þannig ekki nokkra heimild til þess að þvinga bankann til þess að veita tiltekna lánaþingreiðslu með tilteknum hætti, þvert á innri reglur hans

og lög og reglur er varði heilbrigða viðskiptahætti og áhættustýringu fjármálafyrirtækja.

Varnaraðili byggir á 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 2. gr. reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. einnig 1. gr. laga nr. 161/2002. Vísar varnaraðili 17. gr. laga nr. 161/2002 og 5. gr. reglna nr. 670/2013.

Varnaraðili bendir á að fyrir liggi að eftir að lántaka hafi verið veitt heimild til yfirdráttar og áður en að gjalddaga hennar hafi komið hafi tekið gildi ný lög um neytendalán, þ.e. lög nr. 33/2013. Lögin, sem taki m.a. til þeirrar lánveitingar sem hér horfi til, leggi enn ríkari skyldur á bankann til ábyrgra og vandaðra lánveitinga heldur en áður hafi verið.

Varnaraðili vísar til þess að í samræmi við framangreindar skyldur samkvæmt lögum og reglum hafi bankinn sett sér innri reglur um starfsemina, þ.m.t. útlánareglur þar sem m.a. sé kveðið á um að taka skuli fullnægjandi tryggingar og tryggja réttarvernd þeirra vegna skuldbindinga viðskiptamanna. Sé þetta til þess fallið að bæta gæði útlánasafnsins og draga úr útlánaáættu bankans; hluthöfum, viðskiptamönnum og fjármálamarkaðnum í heild í hag. Þá hafi Fjármálaeftirlitið, sem hafi eftirlit með starfsemi bankans, jafnframt eðli málsins samkvæmt lýst yfir stuðningi við framangreindar aðgerðir bankans, þ.e. að krefjast sem öruggastra trygginga vegna skuldbindinga viðskiptavina og nýta tækifæri við framlengingar og endurnýjun lánveitinga til þess að afla öruggari og betri trygginga.

Varnaraðili bendir á að óumdeilt sé að yfirdráttarheimild lántaka hafi verið tímabundin. Þegar að gjalddaga hennar hafi komið hafi honum borið samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins að greiða hana að fullu, nema um annað væri samið. Í samræmi við lög og reglur og innri reglur sínar hafi bankinn metið beiðni lántaka um áframhaldandi lánveitingu, m.a. með tilliti til fram boðinna trygginga. Að teknu tilliti til áhættuþátta og innri reglna sinna hafi bankinn ekki verið reiðubúinn að endurnýja yfirdráttarheimild að fjárhæð kr. 5.000.000 nema reidd yrði fram traustari trygging en sjálfskuldarábyrgð eiginkonu lántaka. Lántaki hafi sjálfur vísað til þess í samskiptum sínum við bankann að óvissa væri fyrir hendi í fjármálum hans.

Varnaraðili kveðst hafa verið fús til þess að endurnýja heimildina gegn því að lántaki gæfi út tryggingarbréf á fasteign sína. Hafi þessu verið lýst yfir á fundi, sem og í tölvupóstsamskiptum við starfsmenn, þ.m.t. forstjóra bankans. Hafi lántaka verið bent á að hann yrði ekki fyrir neinum kostnaði við þinglýsingu á slíku tryggingarbréfi.

Varnaraðili vísar til þess að fulltrúi bankans hafi átt samtöl og fund með lántaka til að leita lausna á málinu en hafi einungis mætt einörðum kröfum lántaka um að fá endurnýjun lánveitingar gegn þeim tryggingum sem honum hafi hugnast.

Varnaraðili telur að öllu framangreindu virtu að það liggi ljóst fyrir að framganga bankans í málinu hafi einkennst af fagmennsku og vilja til þess að koma til móts við lántaka. Það væri fyrst ófaglegt af starfsmönnum bankans að víkja frá reglum og stefnum um áhættustýringu og öruggar lánveitingar til þess að gera einum viðskiptamanni til geðs. Það liggi jafnframt algjörlega ljóst fyrir að aðilar eigi ekki „rétt“ á lánum hjá fjármálafyrirtækjum. Fjármálafyrirtækjum sé heimilt að veita lán á grundvelli síns starfsleyfis og sé þá rétt að gera það með ábyrgum og faglegum hætti. Þeim sé hins vegar ekki skylt að veita lán eftir geðþótta einstakra viðskiptavina, gegn hverjum þeim tryggingum sem viðkomandi hugnist að leggja fram.

Varðandi kröfu sóknaraðila um að innheimtukostnaður að fjárhæð kr. 245.000 verði felldur niður og dráttarvextir falli niður vísar bankinn til þess sem að framan

hafi verið rakið að yfirdráttarheimildin hafi verið tímabundin og að hana hafi borið að greiða á gjalddaga nema um annað væri samið.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi undirritað umsókn um viðskipti hjá bankanum þann 25. nóvember 2011 og á grundvelli þeirrar umsóknar hafi honum verið veitt umrædd yfirdráttarheimild. Vísar varnaraðili til þess sem þar kemur fram um skyldu til að greiða yfirdráttarskuld upp við lok gildistíma hennar og um heimild til að krefjast dráttarvaxta af gjaldfallinni yfirdráttarskuld.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðila hafi verið veittur viðbótarfrestur með tölvupósti, dags. 26. febrúar 2014, þar sem komið hafi fram að bankinn hefði ákveðið að fresta lögfræðinnheimtu á meðan lántaki skoðaði málið. Þessum fresti hafi sóknaraðili ekki sinnt og hafi krafan því farið í hefðbundið innheimtuferli að honum loknum. Í samræmi við innheimtulög nr. 95/2008 og lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sem og undirritaða viðskiptaskilmála, sé bankanum því fyllilega stætt á því að krefjast bæði dráttarvaxta á hina gjaldföllnu kröfu og auk þess kostnaðar sem hann hafi orðið fyrir vegna innheimtu hennar.

Varðandi kvörtun lántaka um framkomu bankans vísar varnaraðili til þess sem að framan hafi verið rakið um samskipti bankans við lántaka, þ.e. tölvupóstsamskipti, samtöl og fund þar sem bankinn hafi leitað lausna á málinu. Bankinn hafi því svarað erindum og beiðnum lántaka eins og honum sé framast kostur. Varnaraðili kveðst ekki átta sig fyllilega á málalíbúnaði lántaka á því nákvæmlega hvaða upplýsingar það séu sem hann óski. Að gefnu tilefni sé rétt að geta þess að bankinn veiti að sjálfsögðu ekki upplýsingar um aðra viðskiptavinum bankans eða hvernig viðskiptum við þá aðila sé háttað, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að yfirdráttarheimild á reikningi sóknaraðila nr. X, innheimtukostnaði á ógreiddum yfirdrætti á umræddum reikningi og kröfu varnaraðila um dráttarvexti á skuldinni.

Í upphafi verður vikið að kröfu sóknaraðila um að fá að halda yfirdráttarheimild hjá varnaraðila upp á kr. 5.000.000 gegn óbreyttum tryggingum og á óbreyttum kjörum.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfunni verði vísað frá með vísan til c- og e-liða 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ekki verður fallist á að um breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja sé að ræða, sbr. c-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá verður ekki fallist á að málið sé það óljóst, illa upplýst eða krafa sóknaraðila svo óskýr að hún sé ekki tæk til úrskurðar, sbr. e-lið 6. gr. samþykktanna. Verður því ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun málsins.

Yfirdráttarheimild sóknaraðila var tímabundin og hefur runnið út. Samkvæmt meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi verður varnaraðili ekki þvingaður til að veita sóknaraðila yfirdráttarheimild. Hefur varnaraðili heimild til að krefjast trygginga fyrir yfirdráttarheimild. Er ekki unnt að fallast á þann málalíbúnað sóknaraðila að reglan um að yfirdráttarheimild skuli greidd upp í lok samningstíma sé aðeins formregla, sem varnaraðili hafi ekki heimild til að beita nema réttlæta það sérstaklega. Þá liggur fyrir að varnaraðili var tilbúinn til að framlengja heimildina gegn tryggingu.

Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um að hann fái að halda yfirdráttarheimild hjá varnaraðila upp á kr. 5.000.000 gegn óbreyttum tryggingum og á óbreyttum kjörum.

Verður því næst vikið að kröfu sóknaraðila um að innheimtukostnaður upp á kr. 245.000 verði felldur niður og að dráttarvextir falli niður en í staðinn verði greiddir vextir eins og þeir séu á yfirdrætti samkvæmt heimild á bankareikningnum.

Þegar sóknaraðili fékk yfirdráttarheimild á reikningi sínum nr. X undirritaði hann viðskiptaskilmála þar sem m.a. kom fram að hann skuldbindi sig til að greiða yfirdráttarskuldina í síðasta lagi á lokadegi heildartímabilsins, sem væri gjalddagi höfuðstóls skuldarinnar og að skuld sem ekki greiddist á gjalddaga bæri dráttarvexti lögum samkvæmt frá þeim degi.

Samkvæmt innheimtubréfi, dags. 3. mars 2014, var gjalddagi skuldarinnar 31. janúar 2014. Með vísan til 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu var varnaraðila því heimilt að krefja sóknaraðila um dráttarvexti. Sóknaraðili hefur ekki gert sennilegt að um viðtökudrátt hafi verið að ræða hjá varnaraðila, þannig að honum hafi verið gert erfitt eða ókleift að greiða gjaldfallna skuld sína.

Kröfu sóknaraðila um niðurfellingu dráttarvaxta er því hafnað.

Þar sem varnaraðili átti gjaldfallna kröfu á sóknaraðila var honum rétt að innheimta hana. Fékk hann lögmannsstofuna B til þess. Er ekki annað fram komið en að stofan hafi innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008 og hefur sóknaraðili ekki setta fram tölulegar eða annars rökstuddar athugasemdir við fjárhæð kostnaðarins. Eru ekki efni til að fallast á kröfu sóknaraðila um að þessi kostnaður við að innheimta gjaldfallna kröfu falli niður.

Í síðara bréfi sóknaraðila til nefndarinnar eru rakin samskipti hans við umrædda lögmannsstofu, sem hann telur hafa „bakkað skyndilega út“ úr samkomulagi sem hann hafði gert við stofuna. Umrædd samskipti eru ekki hluti af máli þessu. Nefndin getur því ekki tekið afstöðu til þeirra en bendir á að hafi náðst bindandi samningur um fyrirkomulag greiðslna, hlýtur hann jafnan að vera skuldbindandi fyrir báða aðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um að hann fái að halda yfirdráttarheimild hjá varnaraðila, F, upp á kr. 5.000.000 gegn óbreyttum tryggingum og á óbreyttum kjörum er hafnað.

Kröfu sóknaraðila um að krafa bankans um dráttarvextir og innheimtukostnaður falli niður, en í staðinn verði greiddir vextir eins og þeir eru á yfirdrætti samkvæmt heimild á bankareikningnum, er hafnað.

Reykjavík, 5. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason
Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 12. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 38/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 10. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 11. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 25. apríl 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 12. september 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 7. maí 2002 var veðskuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 1.500.000 gefið út af A til sóknaraðila. Lánstími var fimm ár og afborganir tuttugu, fjórar á hverju ári. Fasteignin að B var sett að veði á 16. veðrétti til tryggingar láninu.

Þann 22. ágúst 2002 var skuldbreyting/skilmálabreyting gerð á framangreindu skuldabréfi. Nýr höfuðstóll eftir skuldbreytingu var kr. 1.533.878. Fjöldi gjalddaga á ári var 12 og fjöldi nýrra gjalddaga var 357.

Þann 11. apríl 2003 var fasteignin að B leyst úr veðböndum. Fasteignin að C var sett að veði til tryggingar láninu samdægurs.

Þann 26. júlí 2006 sótti D um ábyrgð hjá L, að fjárhæð kr. 1.691.244. Móttakandi/seljandi var tilgreindur sóknaraðili. Þá kom fram að ábyrgðin gildi til 15. september 2006 vegna lífeyrissjóðsláns nr. X sem væri á 10. veðrétti á C.

Þann 26. júlí 2006 gaf L út bankaábyrgð nr. Y, til M til tryggingar láni nr. X. Ábyrgðarbeiðandi var D. Samkvæmt bankaábyrgðinni ábyrgðist L greiðslur allt að kr. 1.691.244. Ábyrgðin var til tryggingar veðflutningi á láni nr. X, sem var á 10. veðrétti á C. Jafnframt var tiltekið í ábyrgðaryfirlýsingunni að ábyrgðin gildi þar til nýtt veð hefði fengist fyrir láninu eða það greitt upp.

Þann 27. júlí 2006 var E tilkynnt að reikningur hans hefði verið skuldfærður vegna ábyrgðar nr. Y, fyrir tímabilið 26. júlí 2006 til 24. janúar 2007. Reikningurinn var skuldfærður fyrir kr. 18.351. Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila hefur ekki verið innheimt þóknun eða kostnaður vegna umræddrar ábyrgðar eftir það tímamark.

Þann 28. júlí 2006 undirritaði varnaraðili veðbandslausn vegna láns nr. X. Skuldari var tilgreind D og lánveitandi var sóknaraðili. Fyrri veðstaður var C en nýr veðstaður var ábyrgðaryfirlýsing nr. Y.

Þann 11. september 2006 var afsal gefið út vegna fasteignarinnar að G, seljandi var H ehf. og kaupendur voru A og E.

Þann 14. september 2006 var gerð breyting á ofangreindri ábyrgð og gildistími hennar framlengdur til 15. október 2006. Sóknaraðili fékk senda tilkynningu um þessa breytingu.

Þann 25. október 2006 var ábyrgðinni lokað og tilkynning þar um send D.

Þann 15. apríl 2008 var veðskuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 4.200.000 gefið út af D til sóknaraðila. Fasteignin að G var sett að veði á 2. veðrétti til tryggingar láninu.

Þann 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar L, vék stjórn bankans frá og setti skilanevnd yfir bankann, samkvæmt heimild í 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 14. október 2008, sem reist var á sömu lagaheimild, var eignum og skuldum bankans ráðstafað til LL.

Þann 25. maí 2010 barst D greiðsluáskorun vegna vanskila á láni nr. X. Tiltekið var í greiðsluáskoruninni að til tryggingar láninu væri ábyrgðaryfirlýsing nr. Y.

Þann 10. ágúst 2010 samþykkti sóknaraðili frestun gjalddaga á láni því sem umrædd ábyrgð hafði snúið að. Næsti gjalddagi lánsins greiddur að fullu eftir breytingu var 6. júlí 2011. Skjalið er ekki áritað um samþykki varnaraðila.

Þann 5. mars 2013 krafði sóknaraðili varnaraðila um greiðslu tryggingarfjárins þar sem lántaki var í vanskilum með lánið sem bankaábyrgðin var til tryggingar á. Varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila með bréfi, dags. 8. maí 2013, með vísan til þess að ábyrgðinni hefði verið lokað þann 25. október 2006 og hún eða kröfur vegna hennar ekki flust yfir til varnaraðila með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 14. október 2008.

Þann 7. júní 2013 sendi sóknaraðili varnaraðila bréf og ítrekaði kröfur sínar ásamt því að mótmæla afstöðu varnaraðila. Varnaraðili sendi sóknaraðila bréf, dags. 28. júní 2013, þar sem kröfu sóknaraðila var hafnað og vísað til áður fram komins rökstuðnings.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 6. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að varnaraðili sé skuldbundinn skv. bankaábyrgð nr. Y. Þá krefst sóknaraðili greiðslu að fjárhæð kr. 1.691.244 skv. bankaábyrgðinni.

Sóknaraðili bendir á að í texta ábyrgðaryfirlýsingarinnar sjálfrar komi fram með skýrum hætti að: „Ábyrgð þessi gildir þar til nýtt veð hefur fengist fyrir láninu eða það greitt upp.“ Í ábyrgðinni sjálfri komi því fram að ábyrgðin gildi þar til framangreind skilyrði hafi verið uppfyllt. Hvorugt þessara skilyrða hafi verið fyrir hendi. Engin heimild sé fyrir einhliða uppsögn bankans á bankaábyrgðinni. Lífeyrissjóðurinn hafi ekki séð nein skjöl sem staðfesti staðhæfingu varnaraðila þess

efnis að tilkynning um uppsögn á ábyrgðinni hafi verið send til lífeyrissjóðsins 14. september 2006. Komi engu að síður í ljós að slík tilkynning hafi verið send lífeyrissjóðnum sé því mótmælt af hálfu lífeyrissjóðsins að hún hafi eitthvert gildi þar sem slík einhliða uppsögn sé ógild og marklaus og gangi gegn skýrum skilmálum ábyrgðarinnar sjálfar.

Sóknaraðili telur að slík einhliða uppsögn gangi gegn almennum venjum í viðskiptum með bankaábyrgðir. Bankaábyrgðir séu nýttar til tryggingar í viðskiptum, í þessu tilviki hafi hún komið í stað fasteignaveðs. Sóknaraðili telur að bankaábyrgðir væru með öllu tilgangslausar sem trygging ef hægt væri að segja þeim einhliða upp með þeim hætti sem bankinn haldi fram. Um óafturkallanlega skuldbindingu sé að ræða. Jafnframt sé rétt að benda á að engin lokadagsetning komi fram í bankaábyrgðinni og enginn fyrirvari komi fram í texta hennar um að bankanum sé heimiluð uppsögn á henni. Hefði bankanum verið slíkt í lófa lagið enda séu skilmálar ábyrgðarinnar samdir einhliða af bankanum. Þvert á móti komi skýrt fram að bankaábyrgðin gildi þar til nýtt veð hafi fengist fyrir láninu eða það greitt upp, án frekari fyrirvara. Eini fyrirvarinn sem komi fram í texta bankaábyrgðarinnar sé að greiðsla skv. henni sé bundin við ákveðna hámarksfjárhæð, sem hafi verið eftirstöðvar skuldarinnar á þeim tíma sem bankaábyrgðin hafi verið gefin út. Eftirstöðvar lánsins séu hærri í dag og hafi lánið verið gjaldfellt skv. heimild í skilmálum skuldabréfsins.

Þá bendir sóknaraðili á heimasíðu varnaraðila en þar sé að finna umfjöllun um bankaábyrgðir. Þar komi skýrt fram að greiðsluábyrgðir sé óafturkallanleg skuldbinding banka á greiðslu til ábyrgðarþega. Í hefðbundinni ábyrgðarumsókn sem hægt sé að nálgast á heimasíðu varnaraðila komi jafnframt fram að bankaábyrgð útgefin skv. umsókn skuli vera óafturkallanleg.

Sóknaraðili hafnar því á framangreindum forsendum að beina eigi til slitastjórnar L kröfu um greiðslu skv. ábyrgðinni. Um gilda bankaábyrgð hafi verið að ræða og hafi LL síðar varnaraðili, yfirtekið skuldbindingar skv. ábyrgðum vegna efnda fyrirtækja og einstaklinga er tengist hefðbundinni starfsemi.

Sóknaraðili vísar máli sínu til stuðnings til meginreglna samningaréttar, reglna um skuldbindingargildi samninga og almennra reglna kröfuréttar. Jafnframt sé vísað til 8. gr. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda L til LL, dags. 14. október 2008. Einnig sé vísað til þeirra meginreglna sem bankaábyrgðir byggja á, eða ICC Uniform Rules for Demand Guarantees (URDG).

Sóknaraðili bendir á að þrátt fyrir að varnaraðili hafi ekki innheimt þóknun fyrir lengra tímabil en 26. júlí 2006-24. janúar 2007 gagnvart viðskiptavini sínum breyti það ekki þeirri staðreynd að um ólögmdæta uppsögn á ábyrgðinni hafi verið að ræða gagnvart sóknaraðila sem ábyrgðarhafa. Þóknun eða kostnaður sem viðskiptavinir banka greiði vegna bankaábyrgðar komi ábyrgðarhafa ekki við og hafi ábyrgðarhafar ekkert um það að segja hvort eða hvernig sú þóknun sé innheimt. Sé hér um að ræða samningssamband gagnvart viðkomandi banka sem gefi út bankaábyrgðina og viðskiptavinar sem óski eftir því að fá ábyrgðina gefna út.

Sóknaraðili hafnar því að bankaábyrgðir séu almennt gefnar út til ákveðins tíma eða að þær tengist samningssambandi með ákveðinni lokadagsetningu. Í bankaábyrgðum sem þessum sem gefnar séu út til lánastofnunar til tryggingar lánafyrirgreiðslu séu ábyrgðirnar nær undantekningarlaust án lokadagsetningar þar sem þeim sé ætlað að tryggja efndir á lánafyrirgreiðslu. Aðrar bankaábyrgðir sem fyrir hendi séu hjá sóknaraðila og N og sem gefnar séu út af varnaraðila og öðrum viðskiptabönkum til tryggingar lánnum hjá lífeyrissjóðum hafi ekki að geyma lokadagsetningar. Einnig komi það fram á skýran hátt í texta umræddrar

bankaábyrgðar að engin lokadagsetning sé fyrir hendi í henni. Sóknaraðili vill áréttta að hafi það verið ætlun varnaraðila að láta bankaábyrgðina gilda til ákveðins tíma og láta hana hafa að geyma ákveðna lokadagsetningu hefði slíkt átt að koma fram í texta ábyrgðarinnar sjálfur en varnaraðili hafi einhliða samið texta ábyrgðaryfirlýsingarinnar.

Sóknaraðili bendir á að í svarbréfi sínu vísi bankinn til þess sem rökstuðnings fyrir máli sínu að foreldrar lántaka hafi keypt nýja fasteign. Vísar sóknaraðili til þess að fasteignaviðskipti foreldra lántaka geti ein og sér ekki orðið þess valdandi að bankanum hafi verið heimilt að fella niður bankaábyrgðina einhliða. Myndi slík niðurstaða leiða til þess að bankaábyrgðir yrðu í raun með öllu gagnslaus trygging í viðskiptum til tryggingar lánnum sem misst hafa veð sitt og gætu lánastofnanir ekki lengur samþykkt bankaábyrgðir sem gilda tryggingu fyrir lánnum. Bankaábyrgðir sem þessar séu að meginstefnu til óafturkallanlegar og óuppsegjanlegar og sé það eitt af einkennum þeirra, enda sé slíkt nauðsynlegt til að þær geti gegnt hlutverki sínu sem trygging í viðskiptum á milli aðila.

Sóknaraðili bendir á að í bréfi varnaraðila sé vísað til lánveitingar sóknaraðila til lántaka vegna láns frá 2008 og komi m.a. fram að bankanum þyki það skjóta skökku við að sjóðurinn hafi samþykkt nýja lánveitingu til aðila sem þá þegar hafi verið með ótryggt lán hjá sjóðnum. Vegna þessa tekur sóknaraðili fram að slíkt sé alls ekki raunin því til staðar hafi verið fullnægjandi trygging fyrir láninu í formi umræddrar ábyrgðaryfirlýsingar varnaraðila. Að öðru leyti komi lán sóknaraðila frá 2008 máli þessu ekki við og tengist það ekki láni nr. X sem ábyrgðin tryggir.

Sóknaraðili vísar til þess að með skilmálabreytingunni á láninu í ágúst 2010 hafi ekki á neinn hátt verið aukið við skuldbindingu bankans sem ábyrgðaraðila. Samkvæmt bankaábyrgðinni hafi bankinn ábyrgst greiðslu skv. fyrirfram ákveðinni fjárhæð eða kr. 1.691.244. Ekki sé hægt að krefja bankann um hærri fjárhæð og því eigi ekki að skipta hann máli þótt umrædd skilmálabreyting hafi átt sér stað. Með skilmálabreytingunni hafi gjalddögum jafnframt eingöngu verið frestað en ekki fjölgað. Hefði ekki til skilmálabreytingarinnar komið hefði að öllum líkindum þurft að krefja bankann þá þegar um greiðslu skv. bankaábyrgðinni. Jafnframt bendir sóknaraðili á að ekkert komi fram í bankaábyrgðinni sjálfri um það að samþykki bankans þurfi að liggja fyrir verði láninu sem ábyrgðin eigi að tryggja skilmálabreytt en nauðsynlegt sé að slíkt komi fram á skýran hátt í texta ábyrgðarinnar, enda hafi hún verið samin einhliða af bankanum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að ábyrgð nr. Y hafi verið lokað þann 25. október 2006 af hálfu L. Þar sem ábyrgðinni hafi verið lokað hafi hún ekki flust til varnaraðila. Varnaraðili telji því að beina hefði átt kröfunni að slitastjórn L og varnaraðili sé því ekki réttur aðili að máli þessu.

Varnaraðili bendir á að tilkynning um uppsögn á ábyrgðinni hafi verið send sóknaraðila þann 14. september 2006. Þar hafi verið skýrt tekið fram að gildistími ábyrgðarinnar hefði verið framlengdur og að ábyrgðin gildi aðeins til 15. október sama ár. Ekki sé að sjá að sóknaraðili hafi gert nokkra athugasemd við þá uppsögn. Þessu til frekari stuðnings megi benda á það að varnaraðili hafi einungis innheimt þóknun og kostnað vegna umræddrar ábyrgðar fyrir tímabilið 26. júlí 2006 til 24. janúar 2007.

Hefði varnaraðili talið ábyrgðina enn í gildi hefði hann án efa innheimt þóknun og kostnað vegna hennar meðan hún væri í gildi.

Varnaraðili bendir á að bankaábyrgðir séu almennt gefnar út til ákveðins tíma eða tengist samningssambandi með tiltekinni lokadagsetningu. Eðli málsins samkvæmt væri varnaraðila ókleift að meta áhættu af ótímabundnum ábyrgðum og því komi þær ekki til álita séu lok samningssambands óviss. Svipuð sjónarmið eigi við ef um langtíma samband sé að ræða. Varnaraðili hafi því ekki boðið upp á ábyrgðir til tryggingar langtímalánum allan greiðsluferil þeirra. Krafa sóknaraðila virðist byggja á því að gefin hafi verið út ábyrgð til a.m.k. tæpra 8 ára, en til loka lánstíma það lengsta. Slíkt gangi bæði gegn skýrum ákvæðum ábyrgðarinnar sjálfrar og þeim almennu viðmiðum sem að framan séu rakin.

Þá telur varnaraðili rétt að það komi fram samhengisins vegna hver tilgangur ábyrgðarinnar hafi verið. Í ábyrgðaryfirlýsingunni komi fram að ábyrgðin sé gefin út: „*Til tryggingar veðflutningi á láni nr. X, sem sé á 10. veðrétti á C.*“ C hafi verið í eigu foreldra sóknaraðila og hafi veðflutningurinn verið gerður þar sem foreldrarnir hafi verið að selja þá eign og kaupa nýja að G. Sé afsal vegna þeirrar eignar dagsett 11. september 2006 og innfært í þinglýsingabók 14. september 2006. Af þessu sé ljóst að ábyrgðin hafi einungis átt að vera tímabundin og stemmi dagsetningin á innfærslu afsalsins við tilkynningu varnaraðila til sóknaraðila um niðurfellingu á ábyrgðinni. Varnaraðila verði ekki um kennt eða látinn bera ábyrgð á að sóknaraðili eða einhver á hans vegum hafi látið hjá líða að þinglýsa láni nr. X á hina nýju eign að G.

Varnaraðili vísar til þess að fyrir liggi að á 2. veðrétti á G hvíli lán á nafni D frá sóknaraðila að fjárhæð kr. 4.200.000 sem sé útgefið 15. apríl 2008. Það skjóti skökku við að sóknaraðili heimili nýja lánveitingu til aðila sem þá þegar sé með ótryggt lán hjá honum. Að minnsta kosti hefði sóknaraðila í síðasta lagi þann 15. apríl 2008 átt að hafa orðið ljóst að lánið hafi ekki verið flutt á nýtt veðandlag. Rétt sé að gera þá kröfu til sóknaraðila að hann skýri nýju lánveitinguna þann 15. apríl 2008 og geri grein fyrir því hvort hún tengist á einhvern hátt láni nr. X.

Loks bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi algerlega látið undir höfuð leggjast að leita samþykkis varnaraðila við breytingu á láninu í ágúst 2010 þrátt fyrir að vísað væri í ábyrgðina. Ef talið væri að ábyrgðin hafi þá verið í gildi, hafi sóknaraðili með samþykkt á breytingunni endanlega fyrirgert rétti sínum til að ganga að ábyrgðinni skv. almennum reglum um að ekki verði aukið við skuldbindingu ábyrgðaraðila án samþykkis hans.

Varnaraðili telur að með hliðsjón af öllu framansögðu verði að hafna kröfum sóknaraðila. Telur varnaraðili einsýnt af framansögðu og framlögðum gögnum að ábyrgð hans hafi lokið 15. október 2006 og þar með skyldu hans til að bæta sóknaraðila mögulegt tjón hans.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur í fyrsta lagi að því hvaða skilning eigi að leggja í tímamörk ábyrgðarinnar samkvæmt skilmálum hennar og hvort varnaraðila hafi verið rétt að takmarka þau með einhliða yfirlýsingum sínum, dags. 14. september og 25. október 2006.

Fallast verður á þá lýsingu sem sóknaraðili tekur upp af heimasíðu varnaraðila að greiðsluábyrgð sé óafturkallanleg skuldbinding banka á greiðslu til ábyrgðarþega.

Skilmálar ábyrgðarinnar voru einhliða samdir af forvera varnaraðila. Verður að líta fyrst og fremst til traustfangsgildis ábyrgðarinnar og meta hana eftir efni skilmálanna. Þykir því ekki hafa þýðingu hvernig varnaraðili sjálfur leit á ábyrgðina eftir að hún hafði verið gefin út eða hvort hann innheimti þóknun frá viðkomandi einstaklingi vegna hennar.

Í texta ábyrgðarinnar kemur fram að hún sé gerð „*Til tryggingar á veðflutningi á láni nr. X*“. Þá segir að sóknaraðili geti „*krafið L um greiðslu tryggingaffjárins [...] verði það nauðsynlegt vegna vanefnda ábyrgðarbeiðandans á ákvæðum samningsins*“. Hlaut sóknaraðili að líta svo á að þar væri vísað til lánasamningsins á milli hans og ábyrgðarbeiðandans, enda voru það fyrst og fremst vanefndir á honum sem gátu gert það nauðsynlegt að krefjast greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar.

Af þessu leiðir að varnaraðili gat ekki takmarkað ábyrgð sína gagnvart sóknaraðila með síðari yfirlýsingum og skiptir því ágreiningur, um hvort þær bárust sóknaraðila yfir höfuð, ekki máli.

Varnaraðili byggir á því að aðgerðir og aðgerðaleyssi sóknaraðila, eftir að ábyrgðin var gefin út, leiði til þess að hann geti ekki byggt á henni rétt. Ekki er unnt að fallast á að sú lýsing í ábyrgðinni að hún væri „til tryggingar á veðflutningi“ hafi ein og sér takmarkað svigrúm sóknaraðila til lánaviðskipta við ábyrgðarbeiðandann og foreldra hennar. Ekkert er komið fram um að sóknaraðili beri á því sök að ekki varð af umræddum veðflutningi eins og varnaraðili hafði ábyrgst gagnvart honum.

Á hinn bóginn verður að fallast á það með varnaraðila að skuldbindingin hafi samkvæmt efni sínu takmarkast við gildandi skilmála skuldabréfsins á þeim tíma sem ábyrgðin var gefin út. Þegar ábyrgðin var gefin út hafði verið gerð skilmálabreyting á skuldabréfinu sem framlengdi það um tæp þrjátíu ár. Varnaraðili tókst því á hendur ábyrgð á skuldabréfi sem gilti til ársins 2032.

Í ljósi alls framangreinds máttu aðilar máls þessa treysta því að umþrætt ábyrgð væri ekki ótímabundin. Skuldabréfið bar hins vegar með sér að vera til u.þ.b. 30 ára, sbr. skilmálabreyting 22. ágúst 2002, og þar með gilda til ársins 2032. Þar sem skilmálabreyting skuldabréfsins leiddi ekki til þess að afborganir hækkuðu eða ábyrgðarskuldbinding varnaraðila yrði annars meira íþyngjandi en ella og þar sem hún gat ekki framlengt ábyrgðartímann, er ekki fallist á að skilmálabreytingin hafi leitt til þess að ábyrgðin félli niður. Með vísan til framangreinds var umrædd ábyrgð í gildi þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar L þann 7. október 2008.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 14. október 2008 var eignum og skuldum L ráðstafað til LL (nú varnaraðili). Samkvæmt 8. gr. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins yfirtók LL skuldbindingar samkvæmt inn- og útflutningsábyrgðum, ábyrgðir vegna efnda fyrirtækja og einstaklinga er tengjast reglubundinni starfsemi. LL yfirtók ekki ábyrgðir L vegna: a) skuldbindinga dótturfélaga erlendis, b) fyrirtækja í greiðslustöðvun, undir nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum, c) skuldbindinga þeirra sem eiga virkan eignarhlut í L og tengdra aðila, d) skuldbindinga við íslensk fjármálafyrirtæki; e) aðrar sérstaklega tilgreindar ábyrgðir samkvæmt upptalningu í samantekt að nýjum stofnefnahagsreikningi.

Með vísan til þess að ábyrgðin var í gildi þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar L þann 7. október 2008 og þess að LL yfirtók ábyrgðir vegna efnda fyrirtækja og einstaklinga er tengjast reglubundinni starfsemi, sbr. 8. gr. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. október 2008, fluttist umþrætt ábyrgð til varnaraðila og er í gildi. Í ljósi þess verður að fallast á með sóknaraðila að varnaraðili sé skuldbundinn skv. bankaábyrgð nr. Y.

Verður þá vikið að kröfu sóknaraðila um greiðslu að fjárhæð kr. 1.691.244 skv. bankaábyrgðinni.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Samkvæmt ábyrgð nr. Y getur sóknaraðili krafist varnaraðila um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, verði það nauðsynlegt vegna vanefnda ábyrgðarbeiðandans á ákvæðum sammingsins.

Ekki liggur fyrir hvort eða hver vanskil láns nr. X sem umrædd ábyrgð tryggir eru. Greiðsluáskorun, dags. 25. maí 2010, er ekki sönnun þess hvort eða hver vanskil eru. Hefur varnaraðili ekki lagt fram gögn þar að lútandi, en vanefndir D á ákvæðum sammingsins eru skilyrði þess að sóknaraðili geti krafist varnaraðila um greiðslu tryggingarfjárins. Verður því að svo komnu ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila um greiðslu að fjárhæð kr. 1.691.244 skv. ábyrgðinni frá með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, er skuldbundinn samkvæmt ábyrgð nr. Y.

Kröfu sóknaraðila, M, um greiðslu að fjárhæð kr. 1.691.244, skv. ábyrgð nr. Y, er vísað frá.

Reykjavík, 12. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 5. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 39/2014**:

M ehf.
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 11. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 23. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 8. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. september 2014.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili stundar verslunarrekstur og er að fullu í eigu A. Félagið keypti reksturinn af öðru félagi, B ehf., árið 2009. B ehf. er í eigu A og fyrrum eiginmanns hennar C.

Árið 2007 tók B ehf. lán hjá FF að fjárhæð kr. 110.000.000. Undir samninginn skrifuðu fyrir hönd félagsins C og A sem stjórnarmenn. Jafnframt rituðu þau undir samninginn til staðfestu skiptri sjálfskuldarábyrgð (pro rata) fyrir endurgreiðslu á 10% af því láni sem lántaki tæki samkvæmt samningnum. Komu nöfn þeirra beggja fram í greininni. FFF eignaðist kröfuna.

FFF hóf að innheimta lánið árið 2011 á hendur B ehf. og ábyrgðarmönnum þess. Var höfuðstóll kröfunnar þá rúmar 300 milljónir króna og krafan yfir 400 milljónir með dráttarvöxtum. Skuldari og ábyrgðarmenn lánsins, A og C, mótmæltu innheimtu FFF. og því að vera krafín, hvort um sig um yfir 400 milljónir króna vegna láns B ehf. Í fyrsta lagi töldu þau lánið hafa að geyma ólögmetta gengistryggingu og það bæri að endurreikna. Í öðru lagi töldu þau óheimilt af FFF að krefja ábyrgðarmenn lánsins um hærri upphæð en samtals 11.000.000, þ.e.a.s. 10% af

upprunalegum höfuðstól lánsins, auk þess sem ábyrgðin væri skýrlega pro rata. Því gætu C og A ekki borið ábyrgð á hærri fjárhæð en 5,5 milljónum króna hvort um sig. Fór svo að FFF höfðaði mál á hendur B ehf. og báðum ábyrgðarmönnum til greiðslu á allri skuldinni. Öll stefndu tóku til varna. Dómur féll í júlí 2013. Niðurstaða héraðsdóms Reykjavíkur, sbr. mál nr. E-X/X, varð sú að lánið var talið lögmætt erlent lán. Hins vegar taldi dómurinn að ábyrgð C og A á láninu væri pro rata ábyrgð sem takmarkaðist í heild við 10% af upphaflegum höfuðstól lánsins. Var hvor ábyrgðarmaður um sig dæmdur til að greiða FFF kr. 5.500.000. Málinu var hvorki áfrýjað af FFF né stefndu.

A og C skildu árið 2010 og gengu frá fjárskiptum sín á milli með samningi árið 2011. Í fjárskiptasamningi milli A og C sem gerður var um mitt ár 2011, var fjallað um hvernig fara skyldi með þessa kröfu ef til greiðslu hennar kæmi. Skyldi A taka að sér að greiða hlut C upp að ákveðnu hámarki en þau skipta því sem kæmi til greiðslu umfram það hámark. C átti að greiða aðrar skuldir þeirra, m.a. fasteignalán sem hvíldi á 1. veðrétti á fasteigninni D, sem kom í hlut A, sem og aðrar tilgreindar skuldir. Það átti að gerast innan þriggja mánaða frá undirritun skilnaðarsamkomulagsins.

A hafði í hyggju að gera upp skuld sína við FFF sem fyrst. Þar sem hún átti ekki á lausu þá fjármuni sem til þurfti var ljóst að hún þyrfti að taka lán. Á þeim tíma átti hún kröfu á hendur M ehf. Það félag skorti einnig laust fé. Niðurstaðan varð því sú að M ehf. sótti um lán hjá varnaraðila að fjárhæð kr. 16.000.000 og bauð A fram veð í fasteign sinni að D sem tryggingu. Hluta lánsins, um 6,2 milljónir króna, átti að nota til að greiða kröfu FFF á hendur A. Lánið fékkst hins vegar ekki afgreitt þar sem á 1. veðrétti á D hvíldi enn fasteignalán sem C átti skv. fjárskiptasamningi að vera búinn að greiða upp. Verulegur þungi var lagður í það af hálfu A að fá C til að efna fjárskiptasamninginn að fullu, með því að greiða upp þessa skuld og aðrar skuldbindingar sem hann tók á sig með samkomulaginu. Það gekk hins vegar erfiðlega og bar C því við að hann fengi ekki fyrirgreiðslu í banka þar sem engin fjármálastofnun vildi lána honum meðan FFF væri með tæplega 500 milljóna króna kröfu skráða í innheimtu.

FFF hóf innheimtuaðgerðir á grundvelli niðurstöðu héraðsdóms upp á 5,5 milljónir króna á hendur hvorum aðila. Fór svo að FFF gerði fjárnám í fasteign A að D vegna hennar hluta ábyrgðarinnar.

C greiddi upp veðskuldabréfið á D hinn 6. desember 2013. Í kjölfarið komst hreyfing á lánveitinguna til sóknaraðila. Hinn 12. desember 2014 upplýsti varnaraðili að skjalagerð vegna lánsins til sóknaraðila væri hafin, en bankinn þyrfti að fá upplýsingar vegna fjárnámsins frá FFF, þ.e.a.s. hversu mikið ætti að greiða til FFF. Lögmaður sóknaraðila sendi bankanum daginn eftir afrit af kröfunni ásamt greiðsluupplýsingum. Þann 13. desember sendi A starfsmanni varnaraðila tölvupóst og óskaði eftir því að fjárnámið við FFF yrði greitt, þ.e. upphæðin í skjalinu og restin yrði svo lögð inn á hana. Hún myndi greiða FFF sjálf það sem eftir væri.

Frekari tafir urðu á afgreiðslu lánsins vegna þess að varnaraðili ákvað að lánið þyrfti að fara beint á 1. veðrétt á eigninni. Vegna þessarar ákvörðunar bankans þurfti veðleyfi frá FFF. Varnaraðili sá um að afla veðleyfis frá FFF.

Hinn 8. janúar 2014 tilkynnti bankinn að skjöl vegna málsins væru tilbúin og A gæti komið og undirritað þau. Lánið var greitt út föstudaginn 24. janúar 2014. Sunnudaginn 26. janúar 2014 sendi A lögmanni sínum skjámynd af heimabanka sóknaraðila og mátti af henni ráða að varnaraðili hefði, sama dag og lánið var greitt út,

skuldfært reikning félagsins til að greiða bæði fjárnámskröfuna á hendur A sem og kröfu FFF á hendur C.

Lögmaður sóknaraðila hafði í kjölfarið samband við varnaraðila og óskaði eftir skýringum á þessu. Var honum sent afrit af skilyrtu veðleyfi FFF. Á skjalinu var ekki gert ráð fyrir undirritun annarra en FFF og varnaraðila, auk votta. Í undirrituðu skilyrtu veðleyfi kemur fram að FFF veiti leyfi fyrir því að 16 milljóna króna veðskuldabréf varnaraðila fari á 1. veðrétt á undan fjárnámi FFF sem verði þá á 2. veðrétti. Þá kemur fram að veðleyfið sé bundið því ófrávíkjanlega skilyrði og háð þeirri forsendu að varnaraðili ábyrgist að andvirði lánsins verði varið til uppgreiðslu á lánnum sem hvíla á D og E, bæði að fjárhæð kr. 6.124.755.

Lögmaður sóknaraðila ritaði varnaraðila bréf hinn 28. janúar 2014 og krafðist þess að fjárhæðin yrði endurgreidd þar sem lántaki hefði aldrei samþykkt þessa ráðstöfun og hún væri með öllu ólögæt. Varnaraðili hafnaði kröfunni með bréfi, dags. 24. febrúar 2014.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 11. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum kr. 6.124.755 auk kostnaðar vegna vinnu lögmanns við málið kr. 421.259.

Sóknaraðili byggir á því að hann hafi aldrei samþykkt að hluta andvirðis lánsins sem hann sótti um og fékk samþykkt hjá varnaraðila skyldi varið til að greiða upp kröfu FFF á hendur þriðja manni, sem sé sóknaraðila óviðkomandi. Vissulega kunni bankinn að hafa haft upplýsingar um að A og C hafi gert samkomulag árið 2011 um að A tæki að sér að greiða skuldir þeirra við FFF að hluta. Hins vegar sé af og frá að varnaraðili hafi haft heimild til að vinna málið innan bankans með það til hliðsjónar. Um það hafi enginn beðið bankann. Þar sem C hafi vanefnt fjárskiptasamning þeirra á milli, ekki greitt skuldir sem hann hafi tekið á sig og valdið A tjóni með vanefndum sínum, hafi ekki staðið til að greiða fjárkröfu FFF á hendur C á þessum tímapunkti og jafnvel aldrei. Sóknaraðili mótmælir því alfarið að samskipti A og varnaraðila hafi verið á þá leið að til stæði að lánveitingin færi m.a. til að greiða upp skuld C við FFF.

Sóknaraðila kveðst ekkert varða um að FFF hafi sett sem ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir útgáfu hins skilyrta veðleyfis að skuld C við FFF yrði greidd að fullu. Sóknaraðila hafi aldrei verið kynnt slíkt skilyrði og hefði heldur aldrei samþykkt það. Hafi FFF sett slíkt skilyrði þá hafi það verið með öllu ólögæt. Fjármálafyrirtæki hafi enga heimild til að setja sem skilyrði fyrir útgáfu veðleyfis að kröfur þess á hendur þriðja manni, sem ekkert tengist þeirri lánveitingu sem verið sé að vinna, skuli greiddar að fullu. Hafi FFF sett slíkt skilyrði hafi varnaraðila borið að kynna það rækilega fyrir sóknaraðila og ganga úr skugga um að hann myndi samþykkja það. Svo hafi ekki verið. Þetta skilyrði hafi hvorki verið kynnt sóknaraðila né A við vinnslu lánsins.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi ráðstafað andvirði lánsins án samþykkis lántaka og þar með algerlega án heimildar þriðjungu af andvirði lánsins sem sóknaraðili hafi tekið og fengið samþykkt hjá bankanum til greiðslu á kröfu þriðja manns, sem sóknaraðili hafi ekki verið í ábyrgð fyrir. Þetta hafi bankinn gert algerlega án heimildar lántaka eða annars þar til bærs aðila. Að mati sóknaraðila sé þessi háttsemi ólögæt. Sóknaraðili hafi fengið samþykki varnaraðila fyrir láni að

fjárhæð kr. 16.000.000. Í því skyni hafi sóknaraðili gefið út skuldabréf til varnaraðila þar sem hann viðurkenni að skulda bankanum þá fjárhæð. Sóknaraðili hafi gefið samþykki sitt fyrir því að hluta andvirðis lánsins, rúmum 6 milljónum króna, mætti verja og skyldi varið til uppgreiðslu á skuld á 1. veðrétti á fasteigninni sem boðin hafi verið fram til tryggingar endurgreiðslu á láninu. Án heimildar hafi bankinn hins vegar einnig ráðstafað rúmum 6 milljónum króna af andvirði lánsins til uppgreiðslu á skuld þriðja manns, sem hvorki sóknaraðili né A höfðu samþykkt að bera ábyrgð á gagnvart viðkomandi kröfuhafa. Kröfuhafi þeirrar kröfu hafi enga heimild haft til að gera að skilyrði fyrir skilyrtu veðleyfi varðandi fasteignina D að krafa hans á hendur 3. manni yrði greidd. Ráðstöfunin hafi algerlega verið án heimildar, bæði í samningi og lögum og brjóti auk þess gróflega gegn 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Því beri varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila þessa fjármuni.

Sóknaraðili vísar til þess að ábyrgt fjármálafyrirtæki sem starfi á grundvelli opinbers starfsleyfis, sbr. II. kafla laga nr. 161/2002 geti ekki byggt á því að því hafi verið heimilt að framkvæma mjög óvenjulega ráðstöfun eins og að ráðstafa andvirði láns sem A taki, til uppgreiðslu á skuldum B, samkvæmt munnlegum fyrirmælum A. Fjármálafyrirtækið beri sönnunarbyrðina fyrir slíkum fullyrðingum, en ekki viðskiptavinurinn. Bankinn hafi á engan hátt sannað eða gert líklegt, að fullyrðing hans um munnleg fyrirmæli eigi við rök að styðjast. Því verði ekki á henni byggt í þessu máli, en ráðstöfunin hafi verið í andstöðu við vilja sóknaraðila. Sóknaraðili hafi alveg frá útborgun lánsins mótmælt þessari ráðstöfun. Sóknaraðili hafi t.d. lagt fram tölvupóst frá sama tíma og ráðstöfunin hafi farið fram, sem A hafi ritað, þar sem fram komi að bankinn hafi framkvæmt þessa ráðstöfun án samráðs við hana.

Sóknaraðili mótmælir eindregið málsástæðum varnaraðila um að sóknaraðila hafi verið kunnugt um skilyrði FFF eða verið þessi ráðstöfun lánsins kunn áður en til lánveitingarinnar hafi komið með vísan til tölvupóstsamskipta lögmannna undir rekstri dómsmáls nr. E-X/X. Einnig sé því mótmælt að þessi tölvupóstsamskipti hafi nokkra þýðingu fyrir þetta mál. Hér sé á ferðinni alvarlegur misskilningur bankans sem raunar staðfesti algert heimildarleysi hans og skilningsleysi á málinu. Í tölvupóstsamskiptunum sem bankinn vísi til komi ekkert fram um að FFF hyggist setja sem skilyrði fyrir veðleyfi af sinni hálfu að fá umrædda skuld greidda af þeirri einföldu ástæðu að þegar tölvupóstsamskipti þessi hafi átt sér stað hafi ekki legið fyrir að varnaraðili vildi setja lánið á 1. veðrétt fasteignarinnar. Því hafi ekki legið fyrir á þeim tíma að nokkurt veðleyfi þyrfti frá FFF. Sé því vandséð hvernig einhverjum hafi átt að vera kunnugt um skilyrði FFF.

Sóknaraðili bendir á að tölvupóstsamskipti lögmannanna endurspegli einungis það sem fyrir liggir, að í skilnaðarsamkomulagi milli A og C frá árinu 2012 hafi hún tekið að sér að greiða skuld C við FFF. Sá samningur hafi hins vegar verið varnaraðila með öllu óviðkomandi. Enginn hafi beðið varnaraðila nokkru sinni um að hafa milligöngu um að greiða FFF þessa skuld C. A hafi sjálf ætlað að sjá um að greiða þá skuld. Lán frá varnaraðila hafi ekki verið forsenda þess eða ófrávikjanlegt skilyrði.

Sóknaraðili telur að þau tölvupóstsamskipti sem bankinn leggi fram og vísi til séu ekki til marks um neitt annað en að þau hafi farið fram í upplýsingaskyni um það hver staða málsaðila væri gagnvart hver öðrum. Af þessum samskiptum öllum megi hins vegar ráða að sá misskilningur hafi orðið til innan varnaraðila sjálfs að bankinn ætti að greiða upp skuld C í tengslum við lánsútsókn sóknaraðila. Í tölvupósti lögmanns C til lögmanns FFF hinn 27. ágúst 2013 sé verið að ræða það mál að varnaraðili verði að taka úr innheimtu 400 milljóna króna kröfu vegna láns sem

héraðsdómur hafi staðfest að væri að hámarki 11 milljónir. Það verði að gera vegna þess að A ætli sér að taka lán hjá bankanum m.a. til að borga þessar 11 milljónir en þessi innheimta á 400 milljónum, sem sé ólögmat, standi í vegi fyrir láninu. Í þessum samskiptum komi ekkert fram um að varnaraðili eigi eða muni sjá um að greiða skuld C við FFF.

Sóknaraðili telur rétt að taka fram að í þessum tölvupósti lögmanns FFF, G hdl., segi að beiðnin komi frá lögmanni A, en hið rétta sé að það hafi verið lögmaður C sem sett hafi fram beiðnina. Ef til vill hafi þetta átt þátt í þeim misskilningi sem komið hafi upp hjá varnaraðila.

Sóknaraðili bendir á að þessi óformlegu samskipti lögmannna um hvernig gera eigi upp skuldina við FFF samkvæmt skilnaðarsamkomulaginu virðist síðan ferðast með áframsendingum á tölvupóstskeytum til varnaraðila. Fyrst frá lögmanni FFF til H, starfsmanns hjá FFF og þaðan til I hjá varnaraðila og síðan til starfsmanns útibús varnaraðila í Garðabæ. Á þeim tíma hafi ekki enn verið sótt um lán hjá varnaraðila. Hinn 5. september 2013 upplýsi starfsmaður varnaraðila að lánsútsókn sóknaraðila hafi borist þann dag.

Sóknaraðili telur að ekki verði önnur ályktun dregin af þessu en að starfsmenn varnaraðila hafi einfaldlega gengið út frá því að þeim væri, í ljósi þessara tölvupóstsamskipta, sem hafi alls ekki verið ætluð þeim, heimilt að greiða upp skuld C án þess að fá um það fyrirmæli sérstaklega frá lántaka. FFF virðist að auki hafa gert þá kröfu og varnaraðili ákveðið að verða við henni, án þess að ræða það neitt við sóknaraðila, heldur með vísan til tölvupóstsamskipta sem aldrei hafi verið ætluð bankanum. Varnaraðili virðist því hafa talið sér þetta heimilt á grundvelli óformlegs spjalls lögmannna aðila í tölvupósti undir rekstri dómsmálsins. Ekki verði önnur ályktun dregin, í ljósi þess að varnaraðili kjósi að leggja fram þessi tölvupóstsamskipti nú til stuðnings því að honum hafi verið þessi ráðstöfun heimil.

Sóknaraðili kveður augljóslega alrangt sem fullyrt sé í athugasemdum varnaraðila, að bankinn hafi verið upplýstur um skilnaðarsamkomulag A og C, því þær upplýsingar hafi verið byggðar á tölvupóstsamskiptum lögmannna, sem aldrei hafi verið ætluð starfsmönnum varnaraðila og hafi alls ekki haft að geyma allar staðreyndir málsins. Því sé alfarið hafnað að sóknaraðili verði að bera hallann af því að hafa ekki upplýst um breytingar á þessu samkomulagi, því sóknaraðili hafi hvorki upplýst varnaraðila um þessi mál né hafi hann vitað af því að varnaraðila hafi borist framangreind tölvupóstsamskipti. Sóknaraðili hafi því einfaldlega aldrei gert ráð fyrir öðru en að fá greidda út alla lánsfjárhæðina og hafi ekki vitað að varnaraðili teldi sig hafa verið upplýstan um skilnaðarsamkomulagið og að bankinn hafi ætlað sér að fullnusta það samkomulag f.h. aðila þess.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi með athugasemdum sínum til úrskurðarnefndarinnar lagt fram tölvupóst lögmanns sóknaraðila til J, dags. 26. september 2013. Bankinn vísi í tölvupóstinn til stuðnings því að bankinn hafi verið upplýstur um skilnaðarsamkomulag A og C, þó engin fyrirmæli til bankans komi fram í póstinum. Hins vegar liggi fyrir að hinn 12. desember 2013 hafi J svarað þessum tölvupósti beint til A, ekki með afriti á lögmann hennar, og óskað eftir fyrirmælum um hvernig gera ætti upp við FFF. A hafi svarað tölvubréfinu daginn eftir og gefið skýr fyrirmæli um að það ætti að greiða upp fjárnámið við FFF, þ.e.a.s. á D og restina ætti að greiða inn á hana sjálfa, þ.e.a.s. M. Hún myndi sjálf sjá um að greiða FFF, þ.e.a.s. kröfu FFF á C.

Sóknaraðili kveður að ládst hafi að leggja fram framangreindan tölvupóst A til bankans, frá 13. desember 2013, en lögmaður sóknaraðila hafi ekki verið með afrit af

honum. Ljóst sé hins vegar að varnaraðili hafi verið með afrit af honum og hafi verið kunnugt um efni hans. Bankinn hafi lagt fyrir úrskurðarnefndina samskipti aðila til 26. september 2013, en hafi klippt út úr þræðinum samskiptin eftir það og því kosið að upplýsa ekki um þau. Augljóst sé að bankanum sé kunnugt um þennan tölvupóst frá A með greiðslufyrirmælum. Þrátt fyrir það hafi hann ekki verið lagður fram af bankanum. Í stað þess hafi bankinn vísvitandi haldið fram röngum upplýsingum fyrir úrskurðarnefndinni, þess efnis að sóknaraðili hafi aldrei sett fram greiðslufyrirmæli samkvæmt framangreindu og að munnleg fyrirmæli hafi borist frá sóknaraðila um að greiða samkvæmt ráðstöfun bankans. Telja verði þessa háttsemi varnaraðila mjög alvarlega enda felist í henni tilraun til blekkingar bankans gagnvart nefndinni og viðskiptavini hans. Þrátt fyrir að bankinn viti betur neiti hann að verða við réttmætri kröfu sóknaraðila en haldi þess í stað leyndum mikilvægum upplýsingum og reyni að afvegaleiða úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki til að fá úrskurð sóknaraðila í óhag. Áskilinn sé allur réttur í þessu sambandi.

Sóknaraðili áréttar hvað varði hið skilyrta veðleyfi að það kveði ekki á um að það heimili uppgreiðslu á öðrum skuldum en þeim sem hvíli á D. Skuld C við FFF hafi aldrei hvílt á fasteigninni og veðleyfið hafi því ekki heimilað uppgreiðslu þeirrar kröfu. Skilyrta veðleyfið hafi heldur ekki verið kynnt sóknaraðila eða A, enda var ekki gert ráð fyrir að hún undirritaði skjalið og það hafi hún ekki gert. Vangaveltum varnaraðila um að tímasetningar á skilyrta veðleyfinu og öðrum gögnum sanni eitthvað sé einfaldlega mótmælt sem órökstuddum og röngum. Einnig sé því mótmælt að varnaraðili telji „óumdeilt“ að tilvist skilyrta veðleyfisins hafi ekki getað dulist sóknaraðila. Vitaskuld sé þetta rangt, þar sem deilt sé sérstaklega um þetta atriði og varnaraðili eigi að bera halla af skorti á sönnun þar um.

Sóknaraðili telur málsástæðu varnaraðila um að málinu sé beint að röngum aðila sérstaklega ómálefnalega og sé henni mótmælt. Í 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki komi fram að viðskiptamenn fjármálafyrirtækja geti snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Nefndin taki til meðferðar kvartanir sem varði réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, enda sé samningssamband á milli aðila.

Sóknaraðili hafnar því með vísan til framangreinds að nær hefði verið fyrir hann að snúa sér til FFF eða C vegna málsins. Milli sóknaraðila og FFF sé ekkert samningssamband og hafi aldrei verið. Þegar af þeirri ástæðu hefði málinu verið vísað frá nefndinni. Hins vegar sé samningssamband milli sóknaraðila og varnaraðila og milli þeirra sé réttarágreiningur. Hann sé þess efnis að varnaraðili hafi ekki afhent sóknaraðila umsamið lánsfé samkvæmt undirrituðu láns skjali heldur hafi ráðstafað án heimildar ríflega þriðjungi andvirðis lánsins til uppgreiðslu á skuld þriðja manns, sem sóknaraðili hafi enga ábyrgð borið á.

Sóknaraðili vísar til þess að ef taka ætti undir þá málsástæðu að málinu sé ranglega beint að varnaraðila, fælist í slíkri niðurstöðu að fjármálafyrirtæki bæru enga ábyrgð á mistökum sínum. Ef fjármálafyrirtæki afhenti t.d. óviðkomandi aðilum fjármuni viðskiptamanna sinna fyrir mistök, hvort heldur sem væri innstæðu, innheimtufé eða andvirði láns, væri það í besta falli fráleit niðurstaða að fórnarlamb slíkra mistaka þyrfti að höfða mál á hendur þriðja manni, móttakanda fjármunanna, á grundvelli reglna um endurheimt ofgreidds fjár, en fjármálafyrirtækið væri ábyrgðarlaust. Fjármálafyrirtækið þurfi einfaldlega að bæta viðskiptamanni sínum mistökin við svona aðstæður og höfða síðan sjálft slíkt mál um endurheimtu ofgreidds fjár á hendur þeim sem það hafi afhent fjármunina fyrir mistök, telji það tilefni til. Þessi málsástæða varnaraðila sem árétti í athugasemdum sínum að hann sé ábyrgt

fjármálafyrirtæki sem starfi á grundvelli opinbers starfsleyfis, sbr. II. kafla laga nr. 161/2002, sé ekki bara röng heldur mjög alvarleg. Sóknaraðili muni vegna þessa íhuga hvort vekja eigi athygli Fjármálaeftirlitsins á því hvaða augum bankinn líti svona mál almennt, þ.e.a.s. að bankinn telji sig ábyrgðarlausan af mistökum gagnvart viðskiptavinum sínum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að ágreiningur sé uppi um hvort fyrirvarsmanni sóknaraðila og eiganda veðandlagsins, A hafi verið kynnt hið skilyrta veðleyfi og þau skilyrði sem FFF hafi sett fyrir veitingu þess. Varnaraðili heldur því fram að henni hafi verið fullkunnugt um efni þess og verið kynnt það við frágang lánamálsins fyrir útgreiðslu lánsfjárins. Fullyrðingum sóknaraðila um hið gagnstæða sé hafnað.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því að ráðstöfun lánsfjárins hafi hvorki verið ólögmat sé framkvæmd í andstöðu við vilja og vitneskju sóknaraðila eða fyrirvarsmanns sóknaraðila. Varnaraðili byggir þannig á að A fyrirvarsmanni sóknaraðila, hafi við undirritun annarra skuldaskjala verið kynnt munnlega að FFF hygðist setja fram hið umþrætta skilyrði um uppgreiðslu skuldar C í veðleyfið. Sóknaraðili hafi ekki gert sérstakar athugasemdir við hina fyrirhuguðu ráðstöfun fjármunanna. Þegar og af þeirri ástæðu telur varnaraðili að hann hafi ekki ráðstafað lánsfénu með ólögmatum hætti og því beri að hafna kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili byggir jafnframt á að skilyrðin í hinu skilyrta veðleyfi, þ.e. að lánsfénu skyldi ráðstafað til að greiða upp skuld A og skuld fyrrum eiginmanns hennar, C, hafi verið sóknaraðila kunn áður en til lánveitingarinnar hafi komið, enda hafi upplýsingar um það stafað frá sóknaraðila sjálfum. Bendir varnaraðili á að slíkt hafi m.a. komið fram í samskiptum lögmanns sóknaraðila, lögmanns C og lögmanns FFF. Varnaraðili hafi því fengið þessar upplýsingar við meðferð lánsútsóknarinnar og hafi þær stafað frá sóknaraðila. Af þeim upplýsingum megi ráða að sóknaraðili hafi sérstaklega verið kynnt þessi fyrirhuguðu skilyrði FFF og að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við þau. Þá bendir varnaraðili jafnframt á að sóknaraðili viðurkenni í greinargerð sinni að fyrirvarsmaður sóknaraðila hafi verið upplýst um að FFF væri að útbúa skilyrt veðleyfi vegna þess að varnaraðili gerði kröfu um að hið nýja lán færi á 1. veðrétt eignarinnar. Að því virtu telur varnaraðili hafið yfir vafa að sóknaraðili hafi verið meðvitaður um skilyrta veðleyfið og þau skilyrði sem þar hafi komið fram.

Í tengslum við ofangreinda málsástæðu bendir varnaraðili jafnframt á að í samskiptum lögmannanna sé vísað til samkomulags milli C og A þess efnis að A myndi greiða skuld C við FFF. Í tengslum við lánveitinguna hafi A jafnframt upplýst starfsmenn varnaraðila um það. Í greinargerð sóknaraðila sé einnig vikið að þessu samkomulagi milli A og C og viðurkennt að A skyldi greiða skuld C við FFF. Varnaraðili hafi verið upplýstur um efni þessa samkomulags og hafi því ekki talið efni skilyrta veðleyfisins frá FFF athugavert. Að mati varnaraðila verði sóknaraðili að bera allan halla af því að hafa ekki upplýst um breytingar á þessu samkomulagi en óumdeilt sé að það hafi ekki verið gert.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðila hafi ekki getað dulist efni hins skilyrta veðleyfis í lögskiptum aðila. Því til stuðnings bendir varnaraðili á að þann 8. janúar 2014 hafi varnaraðili veitt A, leyfi til að veðsetja fasteignina til tryggingar veðskuldabréf útgefnu af sóknaraðila að fjárhæð kr. 16.000.000. Veðskuldabréfið hafi verið gefið út 8. janúar 2014 og hið umþrætta skilyrta veðleyfi gefið út og undirritað

13. janúar 2014. Öll skjölin hafi svo verið tekin saman, kynnt fyrir sóknaraðila og send saman til þinglýsingar, en þinglýsingarstjóri hafi stimplað skjölin með móttökustimpli þann 17. janúar 2014. Að því virtu og þeim tímasetningum sem um ræði telur varnaraðili óumdeilt að tilvist skilyrta veðleyfisins hafi ekki getað dulist sóknaraðila.

Varnaraðili mótmælir því að eitthvað hafi verið rangt eða óeðlilegt við þá kröfu bankans að fá fyrsta veðrétt í eigninni þrátt fyrir að fyrir lægi að hluta lánsfjárhæðarinnar yrði ráðstafað til uppgreiðslu á aðfararveðinu sem þá hafi hvílt á fyrsta veðrétti eignarinnar. Byggir varnaraðili í því sambandi á að það sé rétt og eðlilegt að lánveitandi sem starfi á grundvelli opinbers starfsleyfis, sbr. II. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og stundi ábyrga útlánastarfsemi geri ríkar kröfur til þeirra trygginga sem settar séu fyrir útlánum sem hann veiti. Í því samhengi sé bent á að það geti vart talist ábyrg eða skynsamleg ráðstöfun að lána fjármuni sem skulu tryggðir með veði sem hvíli á eða eftir aðfararveði. Gildi í því samhengi einu þótt hluti lánsfjárhæðarinnar skyldi nýttur til að greiða þá kröfu sem gert hafi verið fjárnám fyrir.

Varnaraðili telur jafnframt að kröfu sóknaraðila í þessu máli sé beint að röngum aðila. Í því samhengi telur varnaraðili að sóknaraðila hefði verið nær að krefja A eða C um endurgreiðslu þeirra fjármuna sem hann nú krefjist úr hendi varnaraðila hafi vilji hans ekki staðið til þess að greiða skuld C með lánsfénu. Telur varnaraðili nær lagi að þeir aðilar yrðu krafðir um endurgreiðslu fjárhæðarinnar á grundvelli meginreglna kröfuréttar um endurgreiðslu ofgreiddra fjármuna. Varnaraðili, ólíkt FFF og C, hafi engan hag haft af því að ráðstafa fjármuninum eins og gert hafi verið í þessu tilvik. Því telur varnaraðili að það ætti að koma til skoðunar að vísa kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila frá ex officio.

Varnaraðili krefst þess jafnframt að kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu lögmannskostnaðar við málið verði hafnað. Krafa þessi sé í eðli sínu málskostnaðarkrafa. Að mati varnaraðila verði þessari kröfu hvergi fundin stoð, hvorki í samþykktum úrskurðarnefndarinnar eða öðrum samningum sem varnaraðili kunni að hafa undirgengist. Þá bendir varnaraðili jafnframt á að úrskurðarnefndin hafi í fjölmörgum úrskurðum komist að þeirri niðurstöðu að hún hafi ekki heimild til að ákvarða málskostnað, sbr. m.a. úrskurð nr. 34/2011.

Að öllu ofangreindu virtu krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að ráðstöfun varnaraðila á láni útgefnu af sóknaraðila til varnaraðila þann 8. janúar 2014.

Máli þessu er réttilega beint að varnaraðila, sbr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, enda um ágreining að ræða á ráðstöfun varnaraðila á láni útgefnu af sóknaraðila til varnaraðila. Verður kröfu sóknaraðila því ekki vísað frá.

Sóknaraðili tók lán að fjárhæð kr. 16.000.000 hjá varnaraðila. Telja verður sannað að sóknaraðili og A hafi verið upplýst um að FFF gerði kröfu til þess að fjárnámið á 1. veðrétti fasteignar A að D yrði greitt upp til þess að veðleyfi fengist á 1. veðrétti fasteignarinnar fyrir umþrættu láni. Hins vegar hefur varnaraðila ekki tekist að sanna gegn mótmælum sóknaraðila að sóknaraðili hafi verið upplýstur um að FFF skilyrta veðleyfið við að krafa á hendur C, sem hvíldi á fasteigninni að E yrði einnig

greidd upp. Verður varnaraðili að bera hallan af þessum sönnunarskorti, enda var honum í lófa lagið að kynna sóknaraðila umrædda ráðstöfun með tryggilegum hætti. Verður því lagt til grundvallar að sóknaraðili hafi ekki veitt samþykki sitt fyrir þessari ráðstöfun lánsfjárins.

Var varnaraðila því skylt að greiða henni út fjárhæð lánsins að fráreginni fjárhæð þeirri sem fór til uppgreiðslu fjárnáms á 1. veðrétti fasteignar hennar að D, svo sem hún óskaði eftir, sbr. tölvupóst hennar til varnaraðila, dags. 13. desember 2013. Er varnaraðila því skylt að greiða sóknaraðila umrædda fjárhæð, kr. 6.124.755.

Sóknaraðili krefst einnig kostnaðar vegna vinnu lögmanns við málið, kr. 421.259. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur samkvæmt samþykktum fyrir nefndina enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu og verður kröfu sóknaraðila þar að lútandi því vísað frá, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 105/2013.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, skal greiða sóknaraðila, M, kr. 6.124.755, sem dregið var af láni útgefnu af sóknaraðila til varnaraðila, þann 8. janúar 2014.

Kröfu sóknaraðila um málskostnað er vísað frá.

Reykjavík, 5. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 11. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 40/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 14. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 14. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. júlí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 22. febrúar 2007 var bílasamningur nr. X undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og A sem leigutaka. Hið leigða var B. Leigutími var frá 21. febrúar 2007 til 5. maí 2014. Samningsfjárhæð var kr. 3.756.422, gengistrygð miðað við 50% JPY og 50% CHF.

Þann 21. desember 2007 yfirtók sóknaraðili framangreindan bílasamning en eftirstöðvar hans voru þá kr. 3.364.523. Var yfirtakan hluti af upphaflegum samningi sem var að öllu leyti óbreyttur.

Þann 8. mars 2011 barst sóknaraðila endurreikningur á samningi nr. X í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 153/2010 og 471/2010. Eftirstöðvar samnings fyrir endurreikning voru kr. 6.039.696 en eftirstöðvar samnings eftir endurreikning voru kr. 2.152.211. Skuld á veltureikningi var kr. 457.117.

Þann 17. febrúar 2014 óskaði umboðsmaður sóknaraðila eftir staðfestingu varnaraðila á því að framangreint lán yrði gert upp eins og lög segðu til um hið fyrsta og/eða útskýringar veittar á því hvað stæði í vegi leiðréttingar lánsins. Þá var óskað upplýsinga er vörðuðu vexti sem greiddir yrðu vegna dráttar á leiðréttingu lánsins.

Varnaraðili svaraði þann 20. febrúar og kvað fyrirtækið bíða eftir frekari leiðbeiningum dómstóla.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 13. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst endurreiknings vegna ólöglegs bílaláns/samnings nr. X samkvæmt dómi Hæstaréttar nr. 471/2010 um gengistryggingu.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir óeðlilegum viðskiptaháttum varnaraðila gagnvart honum, drætti á endurreikningi, fálæti og undanbrögðum á kröfu um endurreikning samningsins.

Sóknaraðili bendir á að ekki hafi verið neinn ágreiningur um ólögmæti upphaflega lánsins. Hafi varnaraðili ávallt viðurkennt lögmæti kröfu sóknaraðila sem sýnt hafi mikla biðlund gagnvart varnaraðila sem ávallt hafi lýst því yfir að röðin væri alveg að koma að endurreikningi á samningi sóknaraðila en vegna mikils álags á varnaraðila hafi orðið tafir á að viðkomandi samningur yrði endurreiknaður. Sóknaraðila finnst varnaraðili að einhverju leyti vera að misnota þolinmæði hans. Sóknaraðili telur að ekki sé lengur ásættanlegur sá fyrirsláttur, fálæti og undanbrögð sem varnaraðili sýni gagnvart honum.

Sóknaraðili telur að þar sem nú virðist að nýju vera komin upp sú staða hjá varnaraðila að „beðið sé frekari leiðbeininga dómstóla“ virðist fullreynt að um raunverulegan vilja varnaraðila til að endurreikna umræddan samning sé að ræða. Telur sóknaraðili sig tilneyddan að leita réttar síns og fá úrskurð um réttarstöðu sína gagnvart varnaraðila.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili vísi til þess að töfum á endurreikningi megi kenna vanskilum og breytingum á umræddum samningi. Sóknaraðili kveður engin vanskil finnast hjá Lánstrausti og aðrar breytingar á samningi hafi verið að undirlagi lánveitanda til að viðhalda greiðsluvilja lántaka.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá.

Varnaraðili byggir á því að þegar fjallað sé um endurreikning lána, sem upphaflega hafi borið gengistryggingu, sé til þess að líta að um lögmætar skuldbindingar hafi verið að ræða sem lántökum hafi borið að standa skil á samkvæmt grundvallarreglum fjármunaréttar um skuldbindingargildi samninga. Eftir þá niðurstöðu Hæstaréttar að óheimilt hafi verið að verðtryggja lánsskuldbindingar með vísan til gengis gjaldmiðla, þá hafi réttarstaðan verið sú að „líta varð með öllu fram hjá ákvæðum samnings um vaxtahæð“, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010.

Varnaraðili vísar til þess að þar sem gengistryggingin hafi verið óheimil, þá hafi fallið niður bæði gengistrygging og vaxtaviðmið samningsins, enda „*bein og órjúfanleg tengsl*“ á milli þessa. Atvik hafi þá svarað til þess „*að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera*“, sbr. tilvitnaðan dóm. Af þeim sökum skyldu vextir ákvarðaðir í samræmi við lögbundið vaxtaviðmið, skv. 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar taki nefndin til meðferðar mál sem varði réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns. Samkvæmt 6. gr. fjalli nefndin ekki um mál sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Þá verði máli vísað frá nefndinni sé það óhæft til afgreiðslu skv. 7. gr. samþykktanna.

Varnaraðili bendir á að fyrirtækið hafi þegar framkvæmt endurreikning á samningi sóknaraðila í samræmi við leiðsögn Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Þannig hafi verið orðið við kröfum sóknaraðila og eðli máls samkvæmt geti því ekki verið um réttarágreining að ræða, sbr. skilyrði 3. gr. samþykktu nefndarinnar. Af þeim sökum sé kvörtunin ekki hæf til afgreiðslu og beri að vísa henni frá, sbr. 7. gr. samþykktu nefndarinnar.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili færi engin sérstök rök fyrir því að endurreikna eigi samning hans að nýju. Engin tilraun sé gerð til þess að sýna fram á að endurreikningur varnaraðila sé rangur. Þá sé ekki að finna nein rök, málsástæður eða lagasjónarmið til stuðnings því að endurreikningurinn sé ekki í samræmi við lög. Þannig sé málatilbúnaður sóknaraðila óljós, grundvöllur kröfu hans illa upplýstur og kröfur óskýrar sem leiði til þess að varnaraðili geti ekki með nokkru móti tekið til varna. Með vísan til þessa og e-liðar 1. mgr. 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar sé farið fram á frávísun málsins, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 79/2013.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi varnaraðila á bílasamningi sóknaraðila nr. X.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili krefst endurreiknings vegna ólöglegs bílaláns/samnings nr. X samkvæmt dómi Hæstaréttar nr. 471/2010 um gengistryggingu. Varnaraðili endurreiknaði bílasamninginn og birti sóknaraðila endurreikning, dags. 8. mars 2011.

Sóknaraðili virðist telja endurreikning varnaraðila rangan, en hann hefur ekki gert tilraun til að sýna fram á það eða útskýra á hvaða forsendum leiðréttta beri láns hans frekar en gert hefur verið.

Til þess að unnt sé að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila um leiðréttingu telur nefndin nauðsynlegt að fá annaðhvort í hendur skýra og glögglega fram setta útreikninga á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum eða skýra, rökstudda kröfu um að einhver tiltekin atriði í fyrirbyggjandi útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en gert er.

Í ljósi framangreinds verður að telja mál sóknaraðila svo óljóst og illa upplýst að ekki verði hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila varðandi erlenda hluta lánsins frá, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 79/2013, 12/2014 og 14/2014.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 11. júlí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, miðvikudaginn 29. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 41/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 14. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 14. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 7. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 29. ágúst 2014.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili lagði inn umsókn um framfærslulán til L, skv. verklags- og úthlutunarreglum L, þegar hann hugðist hefja nám við háskóla í Bandaríkjunum.

Sóknaraðila var veitt yfirdráttarlán á gjaldeyrisreikningi hans hjá varnaraðila, nr. 301-26-00393, á grundvelli lánsloforðs frá L að fjárhæð USD 9.023. Lánsloforð L hljóðaði upp á USD 9.023 en yfirdráttarheimildin hljóðaði upp á USD 9.930.

Þann 4. júlí 2013, þegar sóknaraðili hafði skilað fullnægjandi upplýsingum um námsframvindu, greiddi L út lánið til varnaraðila sem ráðstafaði því til lækkunar á yfirdráttarheimild á reikningi sóknaraðila, í samræmi við ákvæði samnings um stofnun reiknings. Lánsfjárhæðin hrökk ekki fyrir allri skuldinni á gjaldeyrisreikningnum og því stóð sóknaraðili eftir með skuld á gjaldeyrisreikningnum, að fjárhæð USD 907,51.

Þann 18. júlí 2013, hafði sóknaraðili samband við varnaraðila og krafðist þess að eftirstandandi yfirdráttarskuld á reikningi hans yrði felld niður. Þann 6. ágúst 2013 svaraði varnaraðili og kvaðst ekki finna þau samskipti sem áttu sér stað þegar heimild var sett á reikning sóknaraðila í febrúar 2013. Hafi heimildin verið hærri en

sóknaraðili hafi óskað eftir þá væri það miður og virtist að um mistök hjá starfsmanni væri að ræða sem varnaraðili baðst afsökunar á. Kvað starfsmaður varnaraðila við hæfi að bankinn endurgreiddi sóknaraðila vexti næstu fjóra mánuði. Sóknaraðili kvaðst líta á fjögurra mánaða frestinn sem bráðabirgðalausn á meðan leitað væri að farsælli útkomu innan bankans.

Í febrúar 2014 var sóknaraðili í sambandi við umboðsmann viðskiptavina bankans og starfsmenn lögfræðisviðs vegna skuldarinnar.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 14. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst lausnar undan þeirri skyldu að greiða varnaraðila kröfu sem er til komin vegna fyrirframgreiddra námslána frá bankanum til sóknaraðila, að fjárhæð USD 907,51, auk vaxta og annars aukakostnaðar. Að auki krefst sóknaraðili bóta að þeirri upphæð sem nefndin telur viðeigandi vegna þess umstangs og þeirrar vinnu sem af málinu hefur hlotist.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir því að bankinn innheimti líkt og um almennt lán sé að ræða, kröfu sem orðið hafi til til vegna mistaka bankans við útreikning fyrirframgreiddra námslána til sóknaraðila. Sóknaraðili telur það standa varnaraðila nær að bera hallann af eigin mistökum, enda skjóti skökku við að hann hagnist af eigin mistökum. Er þess krafist að krafan verði felld niður.

Sóknaraðili telur að ekki þurfi að fara mörgum orðum um þau óþægindi sem fylgi því að peningar sem viðtakandi telji sig eiga rétt til og ráðstafi í samræmi við það, séu síðar krafðir til baka á þeim grundvelli að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. Sú sé raunin hér. Hafi sóknaraðili fengið greidda USD 9.930 en virðist hafa átt að fá USD 9.023. Munurinn sé hlutfallslega lítill og því ekki hægt að ætlast til þess að sóknaraðili gerði sér grein fyrir mistökunum við móttöku greiðslunnar.

Sóknaraðili bendir á að í rökstuðningi varnaraðila fyrir höfnun kröfu hans, í tölvupósti, dags. 26. febrúar 2014, segi um meinta skyldu sóknaraðila til endurgreiðslu: „*Það ræðst fyrst og fremst af því að þú hefur sannarlega móttekið þessa fjármuni og ráðstafað þeim. Því ber þér, í samræmi við almennar reglur um skuldbindingargildi samninga, að endurgreiða þessa fjármuni.*“ Sóknaraðili telur hér á ferðinni misskilning af einhverju tagi, enda snúi ágreiningurinn alls ekki að því hvort hann hafi móttekið fjármunina og ráðstafað þeim, auk þess sem alls ekki hafi verið samið um hvernig haga skyldi tilviki af þessum meiði. Í samningnum sé í öllu falli gert ráð fyrir að framfærslulánið frá L dugi til uppgreiðslu skuldarinnar við bankann. Eina undantekningin sem samningurinn tiltaki frá þessu lúti að því að lántaki „*fái ekki framfærslu greidda frá L skv. lánsloforði af einhverjum ástæðum*“. Þessi undantekning eigi ekki við hér, því vissulega hafi sóknaraðili fengið greidda framfærslu frá L í samræmi við lánsloforð. Vegna mistaka bankans hafi það hins vegar ekki dugað til endurgreiðslu fyrirframgreiðslunnar, eins og samningurinn geri ráð fyrir, og sé því komið upp álitaefni sem samningurinn leysi ekki úr. Þess skuli getið að skv. almennum reglum um túlkun samninga beri aðila í yfirburðarstöðu, sem einhliða semji samning aðila, að bera hallann af því að samningnum sé áfátt um eitthvað atriði.

Sóknaraðili telur ljóst að bankinn fari alls ekki fram á endurgreiðslu á grundvelli skuldbindingargildis samninga, heldur á grundvelli einhvers annars, sennilega meginreglunnar um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Beri því að kanna inntak

þeirrar reglu. Vísar sóknaraðili í því sambandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 32/2007 þar sem segi um hana: „Í íslenskum rétti gildir meginregla um að þeir sem fá fyrir mistök greidda peninga sem þeir eiga ekki rétt til skuli endurgreiða þá. Frá þessari reglu verður þó að gera undantekningar eftir því hver atvik eru að ofgreiðslunni og endurkröfu hennar.“ Aðrir dómur, auk skrifa fræðimanna um málefnið, taki í sama streng. Almennt sé viðurkennt að meginreglan um endurgreiðslu sé til staðar en undantekningar frá meginreglunni séu fyrirferðamiklar. Séu dómaframkvæmd og fræðiskrif að skandínavískum rétti rannsökuð megi sjá að eftirfarandi sex atriði rýri rétt þess sem ofgreiðir á endurgreiðslu: 1) Ofgreiðslan er greiðandanum um að kenna; 2) Greiðandinn býr yfir sérfræðiþekkingu; 3) Móttakandi greiðslu er grandlaus um ofgreiðsluna; 4) Greiðslan er hugsuð móttakanda hennar til framfærslu; 5) Greiðslan er innt af hendi án fyrirvara um hugsanlega ofgreiðslu; 6) Langur tími líður frá því ofgreitt er þar til endurgreiðslu er krafist.

Sóknaraðili vísar til þess að fyrsta atriðið sé rótgróin regla, jafnt í dómaframkvæmd sem fræðiskrifum og sé oft sett fram í samhengi við atriði 3. Sem dæmi um beitingu þessa atriðis megi nefna einn af grundvallardómum skandínavísku réttar um álitafnið ofgreiðslu fjár, sænskan dóm NJA 1933, bls. 25. Þá vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 32/2007.

Sóknaraðili bendir á vegna þess máls sem hér sé til skoðunar að ljóst sé að bankinn hafi annast útreikning ofgreiðslunnar. Hafi bankinn þegar viðurkennt að ofgreiðslan hafi átt sér stað vegna mistaka starfsmanns.

Sóknaraðili byggir á því að það sama megi segja um annað atriðið. Viðs vegar sé vikið að því í dómaframkvæmd og fræðaskrifum um málefnið að ríkari kröfur beri að gera til sérfróðra aðila. Sem dæmi megi nefna að dr. Páll Sigurðsson taki fram á bls. 191 í bók sinni Kröfuréttur að undantekningu kunni að þurfa að gera frá meginreglunni um endurgreiðslu ef gera megi sérstaka kröfu til greiðanda svo sem vegna sérfræðiþekkingar.

Sóknaraðili vísar til þess að í máli því sem hér sé til skoðunar sé greiðandinn, varnaraðili, sérfróður aðili.

Varðandi þriðja atriðið bendir sóknaraðili á að sjónarmiðið um grandleysi viðtakanda ofgreiðslu hafi lykiláhrif um matið á því hvort endurgreiðslukrafa verði viðurkennd, svo sem glöggst megi sjá af fræðaskrifum og dómaframkvæmd. Sé jafnan tekið fram, að fari saman grandleysi viðtakanda og mistök greiðanda séu litlar líkur á að krafa um endurgreiðslu nái fram að ganga. Vísar sóknaraðili til orða danska fræðimannsins Bo von Eyben í Lærebog í Obligationsret II. Sóknaraðili byggir á því að íslensk dómaframkvæmd virðist gera strangar sönnunarkröfur til þess sem krefst endurgreiðslu ofgreidds fjár um grandsemi viðtakanda greiðslunnar. Vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 32/2007.

Sóknaraðili vísar til þess að í máli því sem hér sé til skoðunar hafi hann með engu móti gert sér grein fyrir ofgreiðslunni fyrr en í ljós hafi komið að námslánagreiðslan frá L dugði ekki til endurgreiðslu fyrirframgreiðslunnar frá bankanum. Hafi hann átt að fá greidda USD 9.027 en hafi fengið greidda USD 9.930. Munurinn sé um 10% og því afar ósannfærandi að halda því fram að ofgreiðslan hafi átt að vera sóknaraðila augljós.

Varðandi atriði 4 vísar sóknaraðili til þess að þegar um sé að ræða fé sem ætlað sé viðtakanda þess til framfærslu, virðist næsta ómögulegt að viðtakandinn verði dæmdur til endurgreiðslu þess nema veigamikil rök komi til, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 32/2007.

Sóknaraðili bendir á að lán hans sé námslán sem líkt og laun nýtist til framfærslu- og neysluþarfa.

Sóknaraðili vísar til þess varðandi atriði 5 að oftsinnis hafi í dómaframkvæmd verið litið til þess hvort greiðandi geri við greiðslu sína fyrirvara um endurgreiðslu sé um ofgreiðslu að ræða. Þegar svo sé ekki, og einkum þegar endurgreiðslu sé ekki krafist strax og ofgreitt hafi verið, leiði það til höfnunar á endurgreiðslukröfu.

Sóknaraðili bendir á að enginn fyrirvari hafi verið gerður um ofgreiðslu af hálfu varnaraðila. Samningnum um fyrirframgreiðslu námslána sé áfátt um þetta atriði. Ætti það í raun að leiða til þeirrar niðurstöðu að aðili í yfirburðarstöðu sem einn komi að samningsgerð skuli bera hallann af því að samningi sé áfátt um ákveðið atriði.

Varðandi atriði 6 vísar sóknaraðili til þess að miklu máli skipti hvort ofgreiðsla uppgötvist strax eða hvort langur tími líði áður en endurgreiðslu sé krafist. Eigi þetta einkum og sér í lagi við þegar um greiðslur til framfærslu viðtakanda sé að ræða og af augljósum ástæðum. Í þeim tilfellum félli réttur greiðanda til endurgreiðslu ofgreidds fjár niður fyrir sakir tómlætis löngu áður en til fyrningar kæmi.

Sóknaraðili vísar til þess að mistök bankans hafi ekki uppgötvast fyrr en greiðsla hafi borist frá L um hálfu ári eftir að ofgreiðslan hafi átt sér stað. Hafi sóknaraðili þá verið kominn heim úr námsdvölinni þar sem greiðslan hafi nýst upp í framfærslu, neysluþarfir og greiðslu skólagjalda.

Sóknaraðili telur að sýnt hafi verið fram á að öll þau sjónarmið sem hnígi í átt til þess að kröfu um endurgreiðslu ofgreidds fjár beri að hafna eigi við í málinu.

Sóknaraðili telur dóma þá sem varnaraðili vísar til í málum nr. 36/2012 og 48/2012 ekki af eðlislíkum meiði og mál það sem hér sé til úrlausnar. Í þessum málum hafi verið deilt um hvort samningur hafi legið að baki stofnunar yfirdráttarlána sem og hvort og með hvaða hætti fjármunum hafi verið ráðstafað. Í þessu máli lúti ágreiningurinn að allt öðru, nefnilega því að bankinn hafi sannanlega ekki staðið við gerðan samning og hafi þannig orðið valdur að því að endurgreiðsla lánsins hafi ekki getað orðið með þeim hætti sem samningurinn hafi gert ráð fyrir. Því sé sú ályktun bankans af umræddum fordæmum augljóslega röng.

Sóknaraðili minnir á að yfirskrift samnings þess sem liggja til grundvallar máli þessu sé svohljóðandi: „*Stofnaður er Framfærslulán L í erlendri mynt í USD. Óbundinn reikningur sem er stofnaður í tengslum við þjónustu bankans. Viðskiptavinur hefur ekki úttektarheimild.*“ Sóknaraðili telur að tvennt í yfirskriftinni sé mikilvægt að hafa í huga og hvort þeirra atriða sýni ennfremur fram á að dómsmál þau sem varnaraðili tæni til séu í eðli sínu ólík þessu máli. Í fyrsta lagi, að um sé að ræða framfærslulán. Í öðru lagi, að sóknaraðili hafi ekki haft úttektarheimild af umræddum reikningi, heldur aðeins starfsfólk bankans sem hafi millifært af honum inn á reikning sóknaraðila í bandarískum banka. Hafi sóknaraðili því aldrei haft bein afskipti af umræddum reikningi.

Sóknaraðili mótmælir því að hann líti ekki heildrænt á málavöxtu, sem röngu og órökstuddu. Sóknaraðili mótmælir því sem röngu að honum hafi ekki getað dulist ofgreiðslan, enda hafi hann ekki gert sér grein fyrir ofgreiðslunni fyrr en hann hafi verið fluttur aftur til Íslands og í ljós hafi komið að námslánin frá L hafi ekki dugað til uppgreiðslu yfirdráttarreikningsins, sem hann hafi og átti ekki að hafa nein afskipti af. Sóknaraðili mótmælir þessu einnig sem illa rökstuddu og bendir á að 10% sé ekki hátt hlutfall í þessu samhengi, sér í lagi í ljósi þess að hann hafi búið ytra og hafi fengið greiðsluna í erlendum gjaldmiðli inn á reikning í sama banka. Það eitt hve gengi

gjaldmiðla sé flöktandi geti því valdið mismun að svo smárri hlutfallsgráðu. Þá séu fordæmi Hæstaréttar augljós um þetta atriði, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 32/2007.

Sóknaraðili mótmælir því að fordæmið úr dómi Hæstaréttar í máli nr. 32/2007 eigi ekki við, vegna ólíks tímaranna, sem röngu. Hafa þurfi í huga að þegar sóknaraðili sé krafinn um endurgreiðslu hinna ofgreiddra fjármuna ríflega hálfu ári eftir að hún hafi farið fram og ekki að frumkvæði varnaraðila, sem hafi ekki áttað sig á eigin mistökum nema fyrir tilstuðlan sóknaraðila. Á þeim tímapunkti hafi sóknaraðili nýverið flutt heim eftir kostnaðarsamt nám erlendis og hafi verið að reyna að koma undir sig fótunum á ný. Hafi endurgreiðslukrafan, sem sóknaraðili hafi alls ekki mátt gera ráð fyrir, komið sér afar bagalega. Beri að taka heildrænt tillit til allra aðstæðna.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili segi ekki um tómlæti að ræða enda hafi ofgreiðslan uppgötvast um leið og hún hafi mátt uppgötvast. Telur sóknaraðili þetta rökleysu hjá varnaraðila, enda beri við mat á þessu ekki að miða við þann tíma sem líðið hafi frá því að þeim sem ofgreiði hafi orðið ofgreiðslan ljós og þar til endurgreiðslu sé krafist heldur við þann tíma sem líði frá því ofgreiðsla fari fram og þar til endurgreiðslu sé krafist. Í þessu samhengi telur sóknaraðili að finna áhugaverða ábendingu frá varnaraðila sem hljóði svo: „Þá bendir varnaraðili jafnan á [að] sóknaraðila var kunnugt um ofgreiðsluna nær samstundis og hóf þá samskipti við varnaraðila vegna þess“. Sóknaraðili kveður bankann virðast falla frá því sem hann hafi fyrst haldið fram, að sóknaraðila hafi hlotið að vera ofgreiðslan ljós um leið og hún bast og viðurkenni að sóknaraðila hafi orðið hún ljós nær samstundis eftir að í ljós hafi komið að lánið frá L hafi ekki dugað til uppgreiðslu yfirdráttarreikningsins.

Sóknaraðili fellst á að honum sé ekki tækt að krefjast bóta úr hendi bankans vegna máls þessa.

Sóknaraðili bendir á að þegar á öllu sé á botninn hvolft sé mál þetta í grunninn afar einfalt og lúti að því hvor aðila skuli bera hallann af mistökum bankans; hann sjálfur eða neytandi. Verði niðurstaðan hið síðartalda sleppi varnaraðili ekki einungis undan því að bera hallann af eigin mistökum heldur hagnist hann beinlínis á þeim. Þetta beri að hafa hugfast við úrlausn málsins.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að greiðsluskylda sóknaraðila vegna hinna umþrættu USD 907,5 sé óumdeild í málinu, enda styðjist hún við rótgrónar meginreglur samninga- og kröfuréttar um skyldu manna til að endurgreiða það lánsfé sem þeir hafi sannanlega mótttekið og ráðstafað. Gildi þar einu þótt sóknaraðili kannist ekki við að hafa óskað eftir lánsfénu, svo framarlega sem hann hafi mótttekið fjármunina og ráðstafað þeim. Hafi dómstólar í fjölmörgum tilvikum staðfest umrædda meginreglu. Megi í því samhengi vísa til dóma Hæstaréttar í málum nr. 36/2012, 48/2012 og 605/2012.

Af framangreindum dómafordæmum Hæstaréttar telur varnaraðili það óumdeilt og hafið yfir vafa að sóknaraðili sé skyldur til að greiða varnaraðila eftirstandandi skuld á gjaldeyrisreikningnum, en önnur niðurstaða færi í berhöggi við afar skýr fordæmi Hæstaréttar. Séu þessi fordæmi jafnframt í fullu samræmi við meginreglu kröfuréttar um endurgreiðslu ofgreiddra fjármuna, þ.e. að þeir sem fyrir mistök fái greidda peninga sem þeir eigi ekki rétt til skuli endurgreiða þá.

Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðili verði leystur undan greiðsluskyldu sinni á grundvelli undantekninga frá meginreglunni um endurgreiðslu ofgreiddra fjármuna. Verði því vikið hér nokkrum orðum að málatilbúnaði sóknaraðila þar sem hann rökstyðji hvers vegna hann telji að fallast beri á kröfur hans.

Varnaraðili bendir á að í fyrsta, öðru og þriðja lagi víki sóknaraðili að því að ofgreiðslan hafi verið greiðandanum, varnaraðila, að kenna, þá sé varnaraðili sérfróður aðili og loks hafi sóknaraðili verið grandlaus um ofgreiðsluna. Varnaraðili byggir á því að virða verði öll málsatvik heildstætt og draga ályktun af öllum málsatvikum ólíkt því sem sóknaraðili geri. Eins og gögn málsins beri með sér, þá sé óumdeilt að sóknaraðila hafi verið veitt hærri yfirdráttarheimild en efni hafi staðið til, þegar hann hafi hafið nám við hinn erlenda háskóla. Þá sé óumdeilt að varnaraðili sé sérfróður aðili á fjármálamarkaði. Aftur á móti sé því hins vegar mótmælt að sóknaraðili hafi verið grandlaus um ofgreiðsluna. Bendir varnaraðili þar á að sóknaraðili hafi lagt stund á lögfræðinám á meistarastigi við hinn bandaríska háskóla. Undirbúningur náms við erlenda háskóla krefjist mikils tíma og yfirlegu og því telji varnaraðili að ekki sé óvarlegt að ætla að sóknaraðili hafi á þeim tímamarki þurft að kanna fjármál sín, m.a. með því að skoða lánsáætlun sína frá L og áætla framfærsluþörf sína erlendis. Því sé ekki óeðlilegt að gera þá kröfu til sóknaraðila að hann hafi vitað eða mátt vita hvaða fjárhæð stæði honum til ráðstöfunar og þ.a.l. hefði hann átt að gera athugasemdir teldi hann eitthvað athugavert þar á ferðum. Varnaraðili telji eðlilegt að slíkt hefði verið gert, sérstaklega í ljósi þess að ofgreiðslan hafi verið rúmlega 10% af heildarlánsfjárhæðinni og hefði sóknaraðila sem grandvörum aðila ekki átt að geta dulist það. Sóknaraðili hafi samt sem áður ekki gert neinar athugasemdir.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili vísi til þess að horfa verði til þess að fjármunirnir hafi verið ætlaðir til framfærslu og vísi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 32/2007. Í því sambandi byggir varnaraðili á að í þeim dómi hafi verið deilt um ofgreidd laun en í fyrirbyggjandi máli sé deilt um skuld á yfirdráttarreikningi vegna framfærslu námsmanns. Þrátt fyrir að fjármunirnir hafi í báðum tilvikum verið ætlaðir til framfærslu verði að gæta þess að um eðlisólíka hluti sé að ræða. Launakröfur séu þannig endurgjald fyrir starf sem hafi verið innt af hendi og launþeginn geri almennt ráð fyrir að ekki verði gerðar endurkröfur vegna þeirra, m.a. vegna framfærslu- og neysluþarfa sinna, en framfærslulán séu hins vegar lánsfjármunir sem lantaki geri ráð fyrir og sé skyldur til að endurgreiða þegar fullnægjandi námsárangri hafi verið skilað. Því telji varnaraðili að ekki sé hægt að jafna þessu tvennu saman.

Þá bendir varnaraðili á að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 32/2007 hafi einnig verið um gerólíkan tímaramma að ræða, en þar hafi ofgreiðslan átt sér stað á fyrri hluta árs 2002 en launþeginn hafi fyrst verið endurkrafinn um hina ofgreiddu fjármuni rúmum þremur árum síðar. Tilvísun sóknaraðila til þessa dóms Hæstaréttar og þeirrar undantekningar frá meginreglunni um endurgreiðslu ofgreidds fjár sem birtist í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar, geti í þessu máli ekki vegið þyngra en áður tilvitnaðir dómur Hæstaréttar í málum nr. 36/2012, 48/2012 og 605/2012.

Varnaraðili hafnar því að hafa sýnt af sér einhvers konar tómlæti við að krefjast endurgreiðslu, enda hafi alltaf legið fyrir að uppgjör vegna kröfunnar myndi ekki eiga sér stað fyrr en við skil á fullnægjandi námsárangri í hinum erlenda háskóla. Því sé eðlilegt að ekki hafi uppgötvast um skuldina fyrr en við námslok. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðila hafi verið kunnugt um ofgreiðsluna nær samstundis og hafi þá hafið samskipti við varnaraðila vegna þess.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila um bætur vegna umstangs og þeirrar vinnu sem af málinu hafi hlotist verði hafnað. Krafa þessi sé verulega vanreifuð og það sé með öllu óljóst á hvaða grundvelli hún byggi eða hvort um málskostnaðarkröfu eða eiginlega bótakröfu sé að ræða. Að mati varnaraðila verði þessari kröfu hvergi fundin stoð, hvorki í lögum, samþykktum úrskurðarnefndarinnar eða öðrum samningum sem varnaraðili kunni að hafa undirgengist. Þá bendir varnaraðili jafnframt á að úrskurðarnefndin hafi í fjölmörgum úrskurðum komist að þeirri niðurstöðu að hún hafi ekki heimild til að ákvarða málskostnað, sbr. m.a. úrskurð nr. 34/2011.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurgreiðslu sóknaraðila á því fé sem millifært var af yfirdráttarreikningi hans hjá varnaraðila inn á bandarískan bankareikning hans, umfram það sem um hafði verið samið í viðskiptum þeirra.

Þegar rætt er um ofgreiðslu fjár og endurgreiðslukröfur vegna þess, er aðstaðan jafnan sú að einhver hefur móttengið fé, án þess að greiðsluskylda hafi verið fyrir hendi og án þess að nokkuð hafi verið samið um endurgreiðslu fyrirfram. Algengast er að fjallað sé um ofgreitt fé í því sambandi að upphaflegur skuldari hefur greitt of mikið og hefur meginreglan verið talin sú að krefja megum um ofgreitt fé, þannig að reikningsskil aðila séu í raun færð í rétt horf.

Hér ræðir hins vegar um að samið var um tiltekna lántöku með tilteknu sniði. Sóknaraðili samþykkti að greiðslur sem inntar voru af hendi inn á hinn erlenda reikning, yrðu færðar honum til yfirdráttarskuldar á bankareikningi hans hjá varnaraðila. Öndvert við það sem yfirleitt á við þegar um er að ræða ofgreitt fé, hlaut honum því að vera ljóst að fé sem hann fengi lánað og móttók með þessum hætti á grundvelli samnings, yrði hann að endurgreiða.

Þau mistök varnaraðila að lána sóknaraðila, með umræddum millifærslum, meira fé en hann hafði sótt um, fá ekki haggð við skyldu sóknaraðila til að endurgreiða allt lánið. Mátti sóknaraðila ljóst vera að hvað sem öðru liði, væri hann skuldbundinn til að endurgreiða varnaraðila allt það fé sem hann fengi lánað. Verður að líta svo á að varnaraðili geti reist kröfu um endurgreiðslu fjárins, á samningi þeirra um lánið og endurgreiðslu þess. Hann þurfi því ekki að reisa kröfu sína á reglunum um endurgreiðslu ofgreidds fjár og sæta þeim mótbárum sem skuldarar geta fært fram gegn slíkum kröfum.

Með vísan til alls ofangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um lausn undan kröfu varnaraðila um greiðslu að fjárhæð USD 907,51, auk vaxta og annars aukakostnaðar.

Áréttað skal að eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina eru ekki efni til að fjalla um vexti á kröfu sóknaraðila eða kveða upp úr um greiðslukjör. Í þeim efnum hlýtur að þurfa að horfa mjög til þess að krafan er til komin vegna mistaka sóknaraðila við afgreiðslu lánsins. Kröfur sem fela í sér að varnaraðili hagnist á þeim mistökum fá traudla samrýmst 1. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með síðari breytingum.

Sóknaraðili krafðist einnig bóta að þeirri fjárhæð sem nefndin teldi viðeigandi vegna þess umstangs og þeirrar vinnu sem af málinu hefði hlotist. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur enga heimild til að ákvarða sóknaraðila

málskostnað í málinu og verður kröfu sóknaraðila þar að lútandi hafnað, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 172/2012.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 29. ágúst 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, miðvikudaginn 29. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Jón Magnússon, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 42/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 16. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 12. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 29. ágúst 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 23. janúar 2013 undirritaði sóknaraðili samning um sértæka skuldaaðlögun hjá varnaraðila. Af veðskuldum, alls kr. 33.500.000, skyldi greiða 136.414 í 36 mánuði en af samningskröfum, kr. 7.454.030, greiddist ekkert. Kæmi sú upphæð til afskrifta að liðum 3 árum yrði samningurinn þá í skilum. Varnaraðili var eini kröfuhafinn fyrir utan bílalán hjá þriðja aðila.

Þann 25. nóvember 2013 barst sóknaraðila tilkynning frá FF um endurútreikning á samningi/láni nr. X. Samkvæmt niðurstöðum endurreikningsins hafði sóknaraðili ofgreitt af framangreindum samningi kr. 240.691. Fram kom að þessi fjárhæð hefði verið lögð inn á bankareikning sem stofnaður var í nafni sóknaraðila í útibúi varnaraðila.

Þann sama dag og í sama umslagi barst sóknaraðila jafnframt önnur tilkynning frá FF vegna ráðstöfunar á inneign vegna endurútreiknings. Fram kom að samningur nr. Y hefði verið endurreiknaður og inneign hefði myndast að upphæð kr. 240.691. Fjárhæðin hafi verið lögð inn á reikning í eigu F og þaðan yrði henni ráðstafað inn á afskriftir.

Þann 16. desember 2013 fór sóknaraðili fram á að varnaraðili gerði grein fyrir því hvort og á hvaða forsendum hann teldi framangreindan skuldajöfnuð heimilan. Varnaraðili svaraði samdægurs og kvað skuldajöfnuðinn heimilan.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 6. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða henni kr. 240.691 með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi sem innstæða var greidd út af reikningi hennar.

Sóknaraðili vísar til þess að í kröfurétti sé það viðurkennd meginregla að hver og einn verði að gæta hagsmuna sinna sjálfur og í því felist enn fremur frelsið til að ráðstafa fjármunum sínum á eigin ábyrgð. Sú innstæða sem myndast hafi vegna endurreiknings og lögð hafi verið inn á reikning nr. Z, hafi án nokkurs vafa verið í eigu sóknaraðila enda komi fram í tilkynningu um endurreikning að kr. 240.691 hafi verið lagðar inn á bankareikning sem stofnaður hafi verið í hennar nafni í útibúi varnaraðila. Af því leiði að innstæða framangreinds bankareiknings sé sérgreind eign sóknaraðila, sem varnaraðili hafi enga heimild haft til að ráðstafa án hennar samþykkis og verði ekki séð að sóknaraðili hafi skuldað bankanum það fé sem skuldajafnað hafi verið við samningskröfur sem komi til afskrifta á árinu 2016. Inneign á bankareikningi beri að líta á sem skuld varnaraðila við reikningseiganda, sbr. 1. tölul. 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem skv. framangreindri tilkynningu sé sóknaraðili. Þá hafi umræddur reikningur hvorki verið veðsettur varnaraðila né bundinn almennum skuldajöfnunarheimildum sem sóknaraðili hafi samþykkt.

Sóknaraðili telur í ljósi framangreinds bankann hafa seilst afar langt og hafi farið út fyrir þröngar skorður skuldajöfnunarheimilda fjármálastofnana með því að greiða eyrnamerkta endurgreiðslu vegna endurreiknings ólögsmæts gengistryggingarláns viðskiptavinar bankans og skuldajafna við samningskröfur í samningi um sértæka skuldaaðlögun sem komi til afskrifta árið 2016 með vísan til þess að það sé ekki íþyngjandi fyrir skuldara að verða fyrir þessum skuldajöfnuði.

Sóknaraðili hafnar því að ráðstöfunin sé ekki íþyngjandi fyrir hana, enda sé ljóst að ekki hefði þurft að koma til sértækrar skuldaaðlögunar teldist umrædd ráðstöfun ekki íþyngjandi. Þá hafi bankinn ekki sýnt fram á að sú heimild sem lögfræðideild bankans hafi vísað til varðandi skuldajöfnuðinn, þ.e. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, geti með nokkru móti átt við.

Sóknaraðili bendir á að svar varnaraðila hafi tiltekið að nota megi kröfuna til lækkunar þess láns sem lækkunin tengist. Það þurfi ekki að fjölyrða um það að sú innstæða sem myndast hafi vegna endurreiknings á samningi nr. X eigi ekkert skylt við afskriftir samningskrafna bankans í sértækri skuldaaðlögun. Megi þá helst nefna að framangreindur lánsamningur hafi verið greiddur upp tæpum tveimur árum áður en þess hafi verið farið á leit við bankann að njóta þeirra úrræða sem sértæk skuldaaðlögun hafi að geyma. Þá hafi enn fremur komið verið komið inn á það í svari varnaraðila að nota megi skuldir í vanskilum til skuldajöfnuðar. Ekki verði tekið undir með varnaraðila að afskriftir samningskrafna teljist til vanskila, enda byggt á samningi um sértæka skuldaaðlögun sem feli í sér mánaðarlegar afborganir til samræmis við greiðslugetu hvers og eins. Þá sé sá samningur er sóknaraðili hafi gert við varnaraðila um sértæka skuldaaðlögun í skilum og því ekki á neinn máta unnt að draga upp úr hitinni að um vanskil sé að ræða þegar um sé að ræða samning milli aðila sem staðið hafi verið við í einu og öllu.

Sóknaraðili vísar til þess að ljóst sé skv. efni samnings um sértæka skuldaaðlögun að samningskröfurnar eigi ekki að koma til afskrifta fyrr en að þremur árum liðnum, með því skilyrði að staðið verði við afborganir skv. samningi um sértæka skuldaaðlögun og að engin atvik komi upp er kunni að valda ógildingu, sbr.

20. og 21. gr. samkomulags Samtaka fjármálafyrirtækja frá 20. desember 2010. Standi lántaki við greiðslur skv. samningi um sértæka skuldaaðlögun í þrjú ár frá gildistöku samningsins falli niður eftirstöðvar þeirra samningskrafna sem samningurinn náir til, sú dagsetning yrði m.t.t. dagsetningar undirritunar samningsins, 23. janúar 2016. Út frá þessum samningsbundnu staðreyndum liggja fyrir að umræddar samningskröfur komi ekki til afskrifta fyrr en á árinu 2016. Af þeim sökum verði ekki séð að kröfurnar séu hæfar til að mætast hvað varði tímamark í ofanálaga að ekki sé fallist á með bankanum að afskriftir teljist til vanskila líkt og að framan greini. Því til viðbótar hafi á engan hátt verið gerðar neinar samnings- eða skilmálabundnar heimildir milli sóknaraðila og bankans er lúti að skuldajafnaðarheimildum.

Sóknaraðili bendir á að í svari varnaraðila segi að samkvæmt reglum bankans fari inneign sem myndist vegna endurreiknings inn á afskrifaðar kröfur hjá bankanum. Sóknaraðili vísar til þess að við ítarlega skoðun starfsreglna varnaraðila hafi hún ekki orðið vör við slíkar reglur. Aftur á móti komi fram í almennum skilmálum varnaraðila að bankinn beri skyldu til að endurgreiða viðskiptavinum sínum greiðslur sem bankinn hafi tekið ranglega út af reikningum þeirra. Á engan hátt sé talað um heimild bankans til skuldajafnaðar við viðskiptavini sína í almennum skilmálum bankans sem séu aðgengilegir á vef varnaraðila.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili byggir á því að samningur nr. X hafi verið endurreiknaður skv. aðferð vaxtalaga nr. 38/2001 eins og þeim hafi verið breytt með lögum nr. 151/2010. Ennfremur segi að sóknaraðili hafi fengið þá inneign óskerta. Sóknaraðili bendir á að hann hafi þegar sýnt fram á að varnaraðili hafi ekki hlýtt ákvæðum vaxtalaga eins og þeim hafi verið breytt með lögum nr. 151/2010 enda geri vaxtalög ráð fyrir að nota megi kröfu vegna endurreiknings til lækkunar þess láns sem hún tengist, óháð því hvort það sé í skilum eða ekki. Ennfremur sé tiltekið í téðri 18. gr. vaxtalaga að krafa skuli koma til sérstaks uppgjörs sé aðili ekki lengur skuldari láns.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili segi að ekki hafi verið stofnaður reikningur á nafni sóknaraðila hjá bankanum. Bendir sóknaraðili á að samkvæmt tilkynningu um endurreikning megi bersýnilega sjá að ofgreiðsla að fjárhæð kr. 240.691 hafi þá þegar við gerð tilkynningarinnar verið lögð inn á bankareikning sem stofnaður hafi verið sérstaklega í nafni sóknaraðila til að móttaka ofgreiðslu framangreinds samnings. Það sé engum vafa undirorpið að eftirfarandi orðalag tilkynningarinnar: „*Þessi fjárhæð hefur verið lögð inn á bankareikning, sem var stofnaður í þínu nafni [...]*“ gefi auga leið að framangreindri upphæð hafi verið ráðstafað inn á bankareikning sem sé sérgreind eign sóknaraðila, hvað sem leiðréttingu póstlagðri í sama umslagi og upprunalegri tilkynningu um endurreikning og ráðstöfun á reikningi eyrnamerknum sóknaraðila, líði.

Sóknaraðili vísar auk framangreinds til fullyrðingar varnaraðila þess efnis að bankinn geti skuldajafnað inneign viðskiptavinar í einni afkomueiningu við skuld í annarri með vísan til almennra reglna kröfuréttar og niðurlags erindis bankans varðandi það að varnaraðili hafi ekki tilkynnt sóknaraðila um endanlega eftirgjöf krafna að svo komnu máli sökum þess að samningskröfur séu ekki niður fallnar fyrr en við lok skuldaaðlögunartímabils í janúar 2016 megi bersýnilega sjá að almennum skilyrðum skuldajöfnuðar hvað varði tímamark krafna sé ekki mætt enda hafi gildistími samnings sóknaraðila um sértæka skuldaaðlögun ekki runnið sitt skeið.

Sóknaraðili byggir á því að í títtnefndum samningi um sértæka skuldaaðlögun sé ekki fyrir að fara neinum fyrirvörum varðandi ráðstöfun krafna er sóknaraðili kynni að eignast á hendur bankanum, né með hvaða hætti skuli ráðstafa slíkum kröfum. Ekki

liggi fyrir samningsheimild til handa varnaraðila til skuldajöfnuðar við sóknaraðila, né aðrar heimildir, svo sem lagaheimildir.

Sóknaraðila þykir ljóst að hvorki hafi verið heimild til skuldajafnaðar með vísan til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar né til lögbundinna heimilda.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að FF sé sami lögaðili og F. Fjármögnunarleigustarfsemi bankans hafi ekki verið rekin af sjálfstæðu hlutafélagi síðan 2004 (fram til þess rekin af FFF). Eins og hjá FFF og síðar varnaraðila hafi starfsemin verið sérstök afkomueining innan bankans líkt og útibú. Afkomueiningar hafi engu að síður sérstakar kennitölur til utanumhalds í bókhaldi o.þ.h. Varnaraðili geti skuldajafnað inneign viðskiptavinar í einni afkomueiningu við skuld í annarri með vísan til almennra reglna kröfuréttar.

Varnaraðili bendir á að ekki hafi verið stofnaður innlánsreikningur á nafni sóknaraðila, enda hafi ekki í málinu verið lagt fram færsluyfirlit yfir neinn reikning. Málið varði því ekki skuldajöfnuð við innlán. Af sama leiði að vaxtakrafa verði ekki miðuð við úttekt af reikningi. Með því að aðrar kröfur um vexti hafi ekki verið hafðar uppi, beri að hafna þeim hluta kröfugerðarinnar.

Varnaraðili byggir á því að hafi sá sem eignast kröfu á hendur bankanum fengið samþykka skuldaaðlögun gangi sú inneign á móti þeim hluta samningskrafna sem ekki hafi fengist greiddur. Staða skuldara hafi ekki raskast enda hafi tilvist inneignar við gerð samnings einungis þýtt að skipting á greiðslum milli kröfuhafa hefði breyst eða afskrift minnkað, en ekki heildargreiðslubyrði, enda sé hún miðuð við ætlaða greiðslugetu skuldara. Inneign megi jafna til eigna sem sóknaraðila hafi verið gert að selja til þess að grynna á þeim skuldum sem ella hefðu fallið undir samning um skuldaaðlögun, eins og rakið sé í 1. mgr. almennra upplýsinga um sértæka skuldaaðlögun, sem fylgi með samningi sóknaraðila. Þar sé gert ráð fyrir að skuldaaðlögun geti eftir atvikum átt sér stað með sölu eigna, eftirgjöf krafna, hlutfallslegri lækkun þeirra. Að mati varnaraðila þyki ekki skipta meginmáli, hvort eign komi inn við gerð samnings eða síðar, enda sé algengt að sala eigna fari fram eftir að samningur sé gerður. Önnur regla hefði í för með sér mismunun, engin áhöld séu um það að inneign hefði gengið upp í skuldir sem fengið hefðu endurreikning skömmu áður en skuldaaðlögunarsamningur hafi verið gerður.

Varnaraðili vísar til þess að ekkert í samkomulagi um skuldaaðlögun takmarki rétt kröfuhafa til skuldajafnaðar, enda sé ekki utan um það úrræði sá lagarammi sem jafnað verði til greiðsluaðlögunar eða nauðasamnings. Til að mynda eigi ekki við ákvæði laga um að gagnkrafa verði að hafa stofnast á tilteknum tíma fyrir frestdag.

Varnaraðili telur að líta beri til þess að samningskröfur séu ekki niður fallnar fyrr en við lok skuldaaðlögunartímabils sem sé í janúar 2016, hafi sóknaraðili staðið í skilum með greiðslur samkvæmt samningi. Bankinn hafi ekki tilkynnt sóknaraðila um endanlega eftirgjöf krafna að svo komnu máli. Af þeirri ástæðu einni sé tæpast unnt að verða við kröfu hennar.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu vegna afskrifta lána á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Í íslenskum rétti hefur verið talið að heimild fjármálafyrirtækja til að skuldajafna peningakröfum sem þau eignast á viðskiptamenn sína við innstæður eða önnur fjárhagsleg réttindi sem viðskiptamaðurinn á í viðkomandi banka eða sparisjóði sé miklum takmörkunum háð.

Til þess að skuldajöfnuður komi yfirleitt til greina þurfa þó ákveðin grunnskilyrði að vera uppfyllt. M.a. er ekki unnt að skuldajafna ógjaldfallinni kröfu við gjaldfallna.

Þegar krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila varð gjaldkræf, þann 25. nóvember 2013, átti varnaraðili tiltekin kröfuréttindi á hendur sóknaraðila. Staða þeirra var með þeim hætti, að þótt skuldinar hefðu áður verið í vanskilum, höfðu aðilar máls þessa ákveðið að semja um uppgjör þeirra og eftirgjöf að hluta með nýjum skilmálum. Skilmálarnir fólu í sér afborgunarkjör þar sem sóknaraðili skyldi greiða tiltekna upphæð mánaðarlega í tiltekinn tíma, en ekkert þar umfram. Skyldu umræddar skuldir færðar til afskrifta að þremur árum liðnum frá undirritun sammingsins, yrði staðið við afborganir og engin atvik kæmu upp er kynnu að valda ógildingu. Samningurinn er skilyrtur við að sóknaraðili efni hann á þessum tíma og verður skilinn þannig að ella rakni við upphafleg kröfuréttindi varnaraðila, eins og ekkert hefði verið um þau samið.

Í skilmálum sammingsins, sem sóknaraðili virðist ekki hafa samið, eru engir fyrirvarar um fjárhagsleg réttindi sem sóknaraðili kann að eignast á þessum þriggja ára tíma. Ekki er því haldið fram að sóknaraðili hafi vanefnt samning þennan, sem er skuldbindandi fyrir báða aðila.

Að þessu virtu er útilokað að líta svo á að varnaraðili hafi átt gjaldfallna kröfu til að skuldajafna á móti kröfu sóknaraðila. Verður því fallist á aðalkröfu hennar.

Krafa sóknaraðila um útgreiðslu á grundvelli endurreikningsins ber vexti samkvæmt vexti og dómafordæmum. Sóknaraðili beindi athugasemd vegna skuldajafnaðarins til varnaraðila þann 16. desember 2013 og þykir mega jafna henni til kröfu um útgreiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Reiknast dráttarvextir því að liðnum mánuði frá þeim degi samkvæmt ákvæðinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, skal endurgreiða sóknaraðila kr. 240.691 með vöxtum samkvæmt 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. nóvember 2013 til 16. janúar 2014, en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. frá þeim degi til greiðsludags.

Reykjavík, 29. ágúst 2014.

Haukur Guðmundsson

Jón Magnússon
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 5. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 43/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 18. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 15. nóvember 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 14. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. september 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 12. apríl 2006 gaf sóknaraðili út veðskuldabréf, nú nr. X, til FF. Fasteign A að B, var sett að veði á 2. veðrétti til tryggingar skuldabréfinu. Skuldabréfið var framselt varnaraðila þann 31. desember 2013.

Fyrir liggur ódagsett skjal með yfirskriftinni „Niðurstöður greiðslumats“. Sóknaraðili var tilgreind lántaki að væntanlegu láni að fjárhæð kr. 2.185.000. Áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda var kr. -61.248 og eigið fé var kr. -9.174.430.

Sóknaraðili kveður FF hafa hafnað kröfu sinni í maí 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 15. nóvember 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að lán hennar verði dæmt ógilt/fellt niður þar sem hún hafi ekki verið greiðslumetin þegar lánið var tekið, eins og fjármálafyrirtækjum sé skylt að gera samkvæmt lögum frá 2001.

Sóknaraðili vísar til þess að þegar leitað hafi verið til FFF vegna mjög hárra vaxta af umræddu láni hafi þess verið krafist að fyrirtækið myndi afhenda greiðslumat og öll gögn sem fylgt hafi láni því sem um ræði. FFF hafi afhent ódagsett greiðslumat sem unnið hafi verið fyrir tæplega 2,2 milljón króna láni, sem aldrei hafi verið afgreitt. FFF haldi því fram að umrætt greiðslumat hafi verið unnið fyrir 12 milljón króna láninu sem hér um ræði. Upphæð væntanlegs láns á því greiðslumati sé 2,2 milljónir króna og ný væntanleg greiðslubyrði sé því mun lægri en af 12 milljóna króna láninu. Einnig hafi ábyrgðarmenn verið látnir skrifa undir yfirlýsingu um að þeir gerðu sér grein fyrir neikvæðri stöðu lántakandans samkvæmt greiðslumatinu og að þeir óskuðu samt sem áður eftir því að lánið yrði afgreitt.

Sóknaraðili kveðst engar upplýsingar hafa fengið og þá hafi ábyrgðarmenn ekki fengið upplýsingar þegar skjölin hafi verið undirrituð heldur hafi verið merkt X í reitina sem fylla hafi átt út og það hafi verið gert án nokkurra útskýringa með fullu trausti til lánveitandans.

Sóknaraðili vísar til þess að henni finnist skrítið hvernig FFF geti útskýrt fyrir lántaka og ábyrgðarmönnum raunverulega nýja greiðslubyrði láns samkvæmt greiðslumati sem ekki sé til eða samkvæmt greiðslumati sem hafi verið svona töluvert lægra en raunveruleg upphæð lánsins hafi verið.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá en til vara að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að skilyrði 5. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sé ekki uppfyllt. Samkvæmt 5. gr. samþykktanna sé það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Hvergi komi fram í málatilbúnaði sóknaraðila hvort og þá hvenær hún hafi lagt málið fyrir varnaraðila en varnaraðili hafi einungis nýlega fengið lánið framselt til sín. Einnig komi hvergi fram hvort og hvenær sóknaraðili hafi lagt málið fyrir fyrri kröfuhafa og hver niðurstaða þess hafi verið þar. Í upphafi kvörtunar sóknaraðila komi einungis fram að hún hafi fyrst borið fram kvörtun sína og henni verið hafnað í maí 2013. Ekki fylgi með kvörtun sóknaraðila gögn sem sýni fram á að hún hafi borið fram kvörtun vegna þessa fyrir varnaraðila eða fyrri kröfuhafa. Af orðalagi 5. gr. samþykktanna verði að telja að sönnunarbyrðin um að skilyrði 5. gr. séu uppfyllt hvíli á sóknaraðila. Þá ábyrgð hafi sóknaraðili ekki axlað. Hafi varnaraðila því ekki verið gefinn kostur á að taka afstöðu til þessarar kröfu sóknaraðila áður en ágreiningur hafi verið lagður fyrir nefndina. Því telji varnaraðili að vísa beri málinu frá úrskurðarnefndinni.

Varnaraðili telur málatilbúnað sóknaraðila svo vanreifaðan að erfitt sé að taka til efnislegra varna í málinu. Máli sínu til stuðnings bendir varnaraðili á e-lið 6. gr. samþykktanna en þar komi fram að nefndin fjalli ekki um mál sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Varnaraðili byggir kröfu sína um frávísun málsins á því að málsástæður sóknaraðila styðji ekki við kröfugerð hennar. Þannig sé gerð krafa um ógildingu/niðurfellingu veðskuldabréfs. Rökstuðningur fyrir kröfugerðinni sé að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á lántakanda eins og fjármálafyrirtækjum sé skylt að gera skv. lögum frá 2001. Ógilding löggerna verði almennt að byggjast á ógildingarheimild, þ.e.

lagaákvæðum eða ólögfestum meginreglum. Í því samhengi vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 638/2010. Sóknaraðili hafi einungis vísað til þess að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt sem grundvöll ógildingar veðskuldabréfsins. Sóknaraðili hafi ekki tilgreint neina ógildingarheimild máli sínu til stuðnings, einungis vísað til ónefndra laga frá árinu 2001, en óvíst sé til hvaða laga sé vísað. Að mati varnaraðila sé kröfugerð sóknaraðila svo óljós að erfitt sé fyrir varnaraðila að taka til varna í málinu og því þurfi varnaraðili að byggja málatilbúnað sinn á öllum mögulegum vörnum sem komast að, þ.e.a.s. verði málinu ekki vísað frá.

Varnaraðili telur að krefjist sóknaraðili í raun ógildingar veðsetningarinnar þar sem borið hafi að greiðslumeta hana áður en lánveiting hafi farið fram með vísan til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001, að vísa beri málinu frá vegna skorts á lögvörðum hagsmunum. Því til stuðnings vísar varnaraðili til úrskurða úrskurðarnefndarinnar í málum nr. 1/2010 og 59/2013. Telur varnaraðili sóknaraðila því enga lögvarða hagsmuni hafa af niðurstöðu málsins og að vísa beri málinu frá.

Fallist úrskurðarnefndin ekki á aðalkröfu varnaraðila telur varnaraðili rétt að færa fram eftirfarandi röksemdir til stuðnings því að nefndin eigi að hafna kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að ekki séu til nein lög frá árinu 2001 sem kveði á um að ógilda skuli lán hafi greiðandi þess ekki verið greiðslumetinn fyrir lántöku. Líklegast sé að sóknaraðili eigi við samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins beri fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda sé skuldaábyrgð eða veð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu. Markmið samkomulagsins sé þó ekki að vernda lántaka heldur að vernda ábyrgðarmenn í þeim tilvikum er greini í 3. gr., sbr. 1. gr. Sé markmið samkomulagsins ekki að koma í veg fyrir lánveitingu þegar greiðslugeta lántaka sé neikvæð heldur að vernda ábyrgðarmenn í þeim tilvikum og gera þá meðvitaða um fjárhagsstöðu hugsanlegs lántaka sem þeir eru að gangast í ábyrgð fyrir og þá áhættu sem því fylgi. Leggi samkomulagið því enga skyldu á varnaraðila gagnvart sóknaraðila að greiðslumeta hana. Á þeim tíma er lánið hafi verið veitt hafi ekki verið kveðið á um það í lögum að lánveitendur skyldu greiðslumeta lántaka fyrir lánveitingu, ólíkt því sem 10. gr. núgildandi laga nr. 33/2013 um neytendalán mæli fyrir um. Þrátt fyrir það hafi verið framkvæmt mat á greiðslugetu sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að byggi krafa sóknaraðila um ógildingu láns á 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga þurfi alltaf að framkvæma sanngirnismat. Við slíkt mat þurfi að taka tillit til allra málsatvika. Sóknaraðili byggir á því að sér hafi ekki verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins né útskýrt fyrir henni að greiðslugeta hennar hafi verið í mínus. Eins og komi fram í skjalinu „Niðurstöður greiðslumats“ hafi sóknaraðili undirritað niðurstöður neikvæðs greiðslumats og staðfest þar með að hafa kynnt sér það sem í því hafi fallist. Umrætt greiðslumat hafi verið vegna láns að fjárhæð kr. 2.200.000. Þó að nýtt greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt í tengslum við umrædda lánveitingu telur varnaraðili það ekki hafa áhrif á gildi lánveitingarinnar þar sem sóknaraðili hafi vitað við lánveitinguna að hún gæti ekki staðið við greiðslur af lægra láni. Miðað við lán upp á tæpar kr. 2.200.000 hefði afborgun þess verið í kringum 12.000 kr. og áætluð greiðslugeta sóknaraðila að teknu tilliti til skulda orðið neikvæð um rúmar kr. 60.000. Sóknaraðili hafi einnig undirritað skjal sem greint hafi frá sundurliðun afborgana af því láni sem veitt hafi verið og komi þar fram að afborgarnir þess án verðbóta yrðu

samtals kr. 65.050. Sé því greinilegt að ef framkvæmt hefði verið nýtt greiðslumat hefði niðurstaða þess verið þeim mun neikvæðari. Telur varnaraðili sig því hafa kynnt sóknaraðila á fullnægjandi hátt, bæði með neikvæðu greiðslumati og sundurliðun afborgana hvernig fjárhag hennar og greiðslugetu hafi verið háttað. Telur varnaraðili því engan grundvöll vera til ógildingar lánsins, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi skuldabréfs nr. X, útgefnu af sóknaraðila til FF.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggja að ágreiningur sé um sakarefnið.

Skuldabréf nr. X var gefið út til FF þann 12. apríl 2006. Lánið fluttist yfir til FFF. Í lok árs 2013 gerði FFF upp við varnaraðila, sem eignaðist m.a. einstaklingslán FFF.

Ekki verður fallist á þá afstöðu varnaraðila að viðskiptamaður sem hefur borið upp ágreiningsmál sitt við fjármálafyrirtæki án árangurs, þurfi að bera ágreininginn að nýju upp við nýtt fjármálafyrirtæki, sem eignast kröfu hins fyrra fjármálafyrirtækis með framsali. Verður málinu ekki vísað frá nefndinni á þeim grunni. Á hinn bóginn hefur sóknaraðili ekki lagt fram nein gögn um að hún hafi nokkurn tíma borið málið upp við FFF, fyrri kröfuhafa, þrátt fyrir að staðhæfingum hennar um það hafi verið mótmælt af varnaraðila.

Er nefndinni ómögulegt að víkja alfarið frá þeirri reglu að bera skuli ágreining upp við fjármálafyrirtæki áður en mál er sent nefndinni, eða að byggja á einhliða fullyrðingum sóknaraðila í því efni, gegn andmælum varnaraðila.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með vísan til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F., er vísað frá.

Reykjavík, 5. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2014, þriðjudaginn 27. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 44/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru dánarbú M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 20. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 17. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 14. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 2. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 27. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 10. mars 1997 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.350.000, gefið út af A til FF. MM, B og C tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Þann 24. febrúar 2009 var skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ undirritað. Óskuðu MM og B eftir að gangast í ábyrgð fyrir A á láni að fjárhæð kr. 2.600.000. Tiltækið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Jafnframt kom fram að meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Einnig var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða. Staðfestu MM og B að þeir hefðu fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 25. febrúar 2009 var skuldabréf nr. Y, að fjárhæð kr. 2.600.000 gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. MM og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum til tryggingar láninu. Staðfestu þeir að hafa kynnt sér efni bréfsins og að þeir gerðu sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra væri fölginn og teldu hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt hefðu þeir kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 25. febrúar 2009 greiddi varnaraðili lánið út til A, kr. 2.509.803. Þann 26. febrúar 2009 greiddi A kr. 1.745.504, inn á lán nr. X.

Þann 16. ágúst 2010 var samningur um sjálfskuldarábyrgð vegna láns nr. Y undirritaður. Ábyrgðarmenn voru B og MM en skuldari var A. Fjárhæð sjálfskuldarábyrgðar var kr. 2.939.585. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að skuldari gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Af þeim ástæðum vildi sparisjóðurinn ráða eiganda eignarinnar frá því að setja hana að veði [svo] fyrir ofangreindri skuld. MM staðfesti með undirritun sinni að hann hefði kynnt sér skilmála samningsins og niðurstöðu greiðslumats. Með undirritun sinni taldist ábyrgðarmaður samþykkja ábyrgð sína og skilmála hennar og skilmála skuldbindingar skuldara. Staðfesti MM að honum hefði verið afhent og hann hefði kynnt sér fræðslurit sparisjóðanna og sjálfskuldarábyrgð.

Þann 1. apríl 2011 móttók umboðsmaður skuldara umsókn A um greiðsluaðlögun einstaklinga. Umsókn A um að leita samnings um greiðsluaðlögun var samþykkt þann 7. nóvember 2011. Þann 22. maí 2013 tilkynnti umboðsmaður skuldara að samningur um greiðsluaðlögun einstaklinga hjá A hefði komist á.

MM lést þann 10. janúar 2012 og var dánarbú hans tekið til opinberra skipta, með úrskurði héraðsdóms Reykjaness þann 18. september 2012.

Þann 2. nóvember 2011 [svo] lýsti varnaraðili kröfu að fjárhæð samtals kr. 3.959.778 í dánarbú MM, samkvæmt sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. Y.

Þann 11. febrúar 2014 óskaði sóknaraðili eftir því að framangreind ábyrgð yrði látin niður falla. Varnaraðili svaraði þann 17. febrúar 2014 og kvað það afstöðu sína að ábyrgð dánarbúsins væri gild að því er varðaði fjárhæð kr. 3.048.499 (uppreiknað m.v. 24. janúar 2014).

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 17. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að verða leystur undan sjálfskuldarábyrgð gagnvart FF, en F. hefur yfirtekið réttindi og skyldur FF.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að við útgáfu skuldabréfs nr. Y hafi varnaraðili ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, þar sem ekki hafi verið farið eftir ákvæðum samkomulagsins um framkvæmd greiðslumats en undir þetta taki varnaraðili. Fyrir liggir að skömmu eftir að umrætt lán hafi verið veitt, hafi aðalskuldari leitað til umboðsmanns skuldara og hann sé nú í greiðsluaðlögun.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi borið því við að þrátt fyrir að annmarkar hafi verið á greiðslumatinu sé ábyrgð sóknaraðila gild að hluta, þar sem andvirði umrædds láns hafi að hluta verið notað til uppgreiðslu á eldra láni frá 1997, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 169/2012 og 376/2013. Sóknaraðili hafnar þessari skýringu varnaraðila. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 376/2013 hafi niðurstaða dómsins verið sú að talið hafi verið ósanngjarnt af hálfu Íslandsbanka að bera fyrir sig samning sem falist hafi í samþykki konu við að veita veð í fasteign sinni, umfram þá fjárhæð sem varið hafi verið til greiðslu eldri veðskulda sem hvílt hafi á fasteign hennar. Þar hafi verið um að ræða lánsfjárhæð sem notuð hafi verið til að greiða skuldir „ábyrgðarmannsins“ og hafi dómurinn bent á að lánin hefðu verið til langs tíma og með því hefði verið létt af konunni þeirri skyldu að greiða af lánunum eða bera áhættu af greiðslu afborgana, vaxta og verðbóta. Málið sé því ekki sambærilegt því máli sem

hér sé til úrlausnar. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 hafi dómurinn komist að sambærilegri niðurstöðu og í máli nr. 376/2013 en þar hafi að vísu verið um að ræða sama aðalskuldara á gamalli og nýrri veðskuld. Þar sem dómurinn vísi í 36. gr. laga nr. 7/1936 megi ganga út frá því að einnig hafi verið tekið mið af því um hvernig lán hafi verið að ræða líkt og í dómnum frá 2013.

Sóknaraðili vísar máli sínu til stuðnings til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, en sérstaklega sé bent á aðstöðumun aðila, sem hafi annars vegar verið banki og hins vegar háaldraður maður á níræðisaldri. Sóknaraðili telur að aðstöðumunurinn gerist varla meiri og því verði það að teljast yfirmáta ósanngjarnt af bankanum að bera samningana fyrir sig. Það sama megi segja um skjalið þar sem MM riti undir þveröfuga niðurstöðu greiðslumats um að skuldari geti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við fjárhagsstöðu, aðeins nokkrum mánuðum eftir að FF hafi sannfært MM um að skuldari væri fullfær um að standa við skuldbindingar sínar. Því séu uppfyllt skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936, um efni samnings, stöðu samningsaðila og atvik við samningsgerð.

Í athugasemdum sínum við greinargerð varnaraðila, krefst sóknaraðili þess að varnaraðili standi í það minnsta við þá fjárhæð sem hann bauð sóknaraðila að greiða í tölvuskeyti. Sóknaraðili bendir á að bankinn staðhæfi í skeytinu að miðað við forsendur bankans hafi krafan staðið í kr. 3.048.499 þann 24. janúar 2014. Í greinargerð bankans komi hins vegar fram að krafan standi í kr. 3.551.059, m.v. apríl 2014.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y verði einungis úrskurðuð ógild að því marki sem fjárhæðin sé umfram kr. 3.551.059, miðað við 14. apríl 2014 og að sú fjárhæð beri vexti og verðtryggingu í samræmi við ákvæði skuldabréf nr. Z [svo] frá þeim degi til greiðsludags.

Varnaraðili vísar til þess að við mat samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verði að líta til þess að hluti lánsins sem um ræði hafi farið til greiðslu eldra láns nr. X að fjárhæð kr. 1.745.504, sem MM hafi verið í ábyrgð fyrir. Varnaraðili telur þá ábyrgð hafa verið gilda enda hafði samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1998 ekki tekið gildi við útgáfu hennar. Í ljósi framangreinds telur varnaraðili það hvorki ósanngjarnt né andstætt góðri viðskiptavenju í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 að bera fyrir sig umrædda ábyrgð í máli þessu.

Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóma Hæstaréttar í málum nr. 169/2012 og 376/2013.

Varnaraðili telur að öllu ofangreindu virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hans að fullu á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili rétt að minna á að ágreiningsmál um lýstar kröfur beri að reka samkvæmt sérreglum laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y, að því leyti sem hún er umfram kr. 1.745.504, miðað við 26. febrúar 2009.

Varnaraðili hefur fallist á ógildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y að því leyti sem skuldabréfinu var ekki varið til greiðslu láns nr. X.

Við mat á því hvort víkja eigi ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að líta til þess að láninu var ráðstafað til greiðslu á skuldabréfi nr. X, sem tryggt var með sjálfskuldarábyrgð MM.

Þegar skuldabréf nr. X var gefið út, þann 10. mars 1997 hafði samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998, ekki tekið gildi. Var varnaraðila því ekki skylt að meta greiðslugetu útgefanda þess. Er ekki annað fram komið en að sjálfskuldarábyrgð MM á skuldabréfi nr. X hafi verið gild. Í ljósi framangreinds verður ekki fallist á að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila að því leyti sem skuldabréfi nr. Y var varið til greiðslu skuldabréfs nr. X, samtals að fjárhæð kr. 1.745.504, miðað við 26. febrúar 2009, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Ekki verður fallist á með sóknaraðila að aldur ábyrgðarmanns hafi þau áhrif að ábyrgð hans teljist ógild að öllu leyti.

Að því er varðar varakröfu sóknaraðila er rétt að áréttta að afstaða varnaraðila til stöðu ábyrgðarinnar miðað við 24. janúar 2014 er sett fram í því samhengi að því er lýst skýlaust yfir sem afstöðu bankans að sóknaraðili beri ábyrgð á láni Y, sem nemi þeirri fjárhæð uppreiknaðri til dagsins sem það fæst greitt, að teknu tilliti til afborgana sem greiddar hafi verið. Þá er árétttað að sóknaraðili geti vísað málinu til úrskurðarnefndarinnar, en sóknaraðili tók þann kost. Nefndin hefur enga útreikninga sem styðja þessa tölu og er tölulegur ágreiningur sem kann að vera á milli aðila því alls óljós. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að fjárhæð lánsins verði slegið fastri m.v. 24. janúar 2014.

Með vísan til alls framangreinds og 36. gr. laga nr. 7/1936 verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y, að því leyti sem hún er umfram stöðu skuldabréfs nr. X, kr. 1.745.504, miðað við 26. febrúar 2009.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. Y, útgefnu af A, til FF, er vikið til hliðar að því leyti sem ábyrgðin er umfram stöðu skuldabréfs nr. X, kr. 1.745.504, miðað við 26. febrúar 2009.

Reykjavík, 27. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 11. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 45/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 24. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 21. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 25. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 30. apríl 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. júlí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 17. nóvember 2005 gaf sóknaraðili út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 4.500.000 til FF. Skuldabréfið var tryggt með veði í A.

Þann 2. febrúar 2010 var gerð skilmálabreyting á ofangreindu veðskuldabréfi, þar sem gjaldföllnum afborgunum, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og kostnaði að fjárhæð kr. 125.610 var bætt við eftirstöðvar lánsins og var nýr höfuðstóll tiltekinn kr. 5.284.867. Þá var skuldara veitt heimild til að greiða þrjá gjalddaga að lágmarki kr. 30.000 inn á lánið á hverjum gjalddaga og skyldu áfallnir vextir leggjast við höfuðstól lánsins á gjalddaga og endurgreiðast með sama hætti og höfuðstóll þess.

Þann 15. júní 2012 var gerð önnur skilmálabreyting vegna vanskila á ofangreindu veðskuldabréfi, þar sem gjaldföllnum afborgunum, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og kostnaði að fjárhæð kr. 1.171.246 var bætt við eftirstöðvar lánsins og var nýr höfuðstóll þess tiltekinn kr. 6.242.503.

Þann 23. janúar 2014 var sóknaraðila sent bréf þar sem hún var upplýst um að lán sem áður voru hjá FF hefðu verið færð til varnaraðila.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 21. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að allur lögfræðikostnaður u.þ.b. kr. 1.620.000 verði felldur niður.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa skoðað allt málið og að hún efist um vinnubrögð FFF. Telur hún að varnaraðili hafi ekki skoðað sögu hennar við FFF. Þegar hún hafi verið í sambandi við FF hafi FF verið að vinna í málum hennar á annan hátt. Einu svörin sem hún hafi fengið frá FFF hafi verið hvort hún gæti greitt næstu þrjá mánuði. Þegar reynt hafi verið að semja um greiðslur á eftirstöðvum lánsins hafi sama svar fengist og þegar hlé hafi verið gert á greiðslum hafi ekki náðst í neinn.

Sóknaraðili kveðst eitt sinn hafa náð tali af lögmanni FFF. Hafi hann tjáð henni að þar sem að lán þetta væri eina lánið á eigninni myndu þeir lítið vilja semja við hana. Hafi þeir ætlað að eignast húsið. Þá hafi komið upp mikill efi hjá sóknaraðila um að reyna að semja við fyrirtækið. Hafi hún haft samband við umboðsmann skuldara og varnaraðila.

Bendir sóknaraðili á að skrifað hafi verið undir lánið 15. júní 2012 en það hafi ekki verið vottað. Kveðst hún hafa vonast til þess að þegar lánið færi frá FFF gæti hún fengið réttláta upphæð á eftirstöðvar. Hafi hún alltaf staðið við greiðslur hjá FFF nema eitt sinn og næst hafi verið greidd tvöföld upphæð þann 21. janúar 2011.

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir skilmálabreytingu hjá FF og síðan hafi lánið farið til FFF. Þá hafi hún ekki getað sætt sig við eftirstöðvar, kostnað og að lánið væri farið til FFF.

Sóknaraðili nefnir að hún hafi starfað í banka í yfir tuttugu ár og hafi talið sig þekkja bankaviðskipti hér í landi. Við að upplifa vinnureglur FFF hafi hún talið sig vera í öðru landi. Hafi hún alltaf haft trú á því að réttlát lög næðu yfir þetta fyrirtæki.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína í fyrsta lagi á því að krafa sóknaraðila fullnægi ekki áskilnaði um skýrleika, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Varnaraðili bendir á að ómögulegt sé með lestri kvörtunarinnar að átta sig á því frá hvaða láni lögfræðikostnaðurinn stafir og hvernig hann sé fundinn út. Engar tölulegar forsendur séu útskýrðar í kvörtuninni og þau fylgigögn sem fylgi með sýni einungis yfirlit yfir veðskuldabréf nr. X og yfirlit yfir lögfræðikostnað á meðan það veðskuldabréf hafi verið í lögfræðiiinnheimtu hjá FFF. Því sé nær ómögulegt fyrir varnaraðila að taka til varna. Varnaraðili bendir einnig á að hann hafi ekki verið með ofangreint skuldabréf í lögfræðiiinnheimtu frá því að það hafi verið fært til bankans, né aðrar kröfur á hendur sóknaraðila. Varnaraðili hafi því ekki krafist sóknaraðila um lögfræðikostnað af neinu tagi.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína í öðru lagi á því að 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki standi í vegi fyrir því að krafa sóknaraðila verði tekin til efnismeðferðar. Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi

ekki gert neina kröfu á hendur varnaraðila og þar af leiðandi ekki veitt honum færi á að taka afstöðu til kröfu hennar áður en hún hafi beint kvörtun til úrskurðarnefndarinnar.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að málatilbúnaður sóknaraðila sé mjög óskýr og erfitt að átta sig á hvernig fjárhæð kröfu hennar sé fundin út og á hverju krafa hennar byggir. Þegar af þeirri ástæðu beri að hafna kröfu sóknaraðila. Varnaraðila virðist sem krafa sóknaraðila snúi að skilmálabreytingu láns nr. X þann 15. júní 2012. Með þeirri skilmálabreytingu hafi vanskilum verið bætt við höfuðstól. Fjárhæð vanskila hafi þá numið kr. 1.171.246 og hafi samanstðið að gjaldföllnum afborgunum, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og kostnaði en hafi ekki einungis verið lögfræðikostnaður líkt og sóknaraðili virðist halda fram. Varnaraðili kveðst hafa aflað upplýsinga frá FFF um fjárhæð lögfræðikostnaðar. Samkvæmt þeim upplýsingum hafi samtals verið tekið kr. 115.000 í kostnað á meðan lánið hafi verið í innheimtu frá 21. mars 2011 til 13. júlí 2012, en þar af hafi kr. 65.000 verið vegna útlagðs kostnaðar. Krafa sóknaraðila fái því ekki staðist.

Varnaraðili byggir á því að með undirritun sóknaraðila á veðskuldabréfið og skilmálabreytingar við það hafi sóknaraðili undirgengist þær skuldbindingar sem þar komi fram. Á skilmálabreytingunum komi skýrt fram að lánið hafi verið í vanskilum og að gjaldföllnum afborgunum, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og kostnaði hafi verið bætt við eftirstöðvar lánsins og hafi sóknaraðili ekki gert kröfu um að kostnaður vegna málsins yrði felldur niður á því stigi. Þá ítrekar varnaraðili að hann hafi ekki verið með ofangreint skuldabréf í lögfræðinniinnheimtu eða aðrar kröfur á hendur sóknaraðila. Varnaraðili hafi því ekki krafist sóknaraðila um lögfræðikostnað af neinu tagi.

Varnaraðili mótmælir málatilbúnaði sóknaraðila að því leyti sem hann fari í bága við málatilbúnað varnaraðila, þ.á.m. þeirri fullyrðingu sóknaraðila að undirritanir á skilmálabreytingu, dags. 15. júní 2012, hafi ekki verið vottaðar.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Í 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili krefst þess að allur lögfræðikostnaður u.þ.b. kr. 1.620.000 verði felldur niður.

Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi borið framangreinda kröfu upp við varnaraðila eða forvera hans.

Þá verður ekki af málatilbúnaði sóknaraðila eða framlögðum gögnum ráðið á hverju hún byggir framangreinda kröfu og útreikning á lögfræðikostnaði sem hún telur að varnaraðili sé að innheimta. Af þeim innheimtubréfum, sem hún hefur lagt fram, verður ekki séð að þessi krafa hafi verið sett fram.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá með vísan til 5. gr. og e-liðar 6. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 11. júlí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 19. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 46/2014**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 25. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. apríl 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 7. maí 2014. Þann 8. september 2014 var varnaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust þann 12. september 2014. Var sóknaraðilum gefinn kostur á að tjá sig um athugasemdir varnaraðila, með bréfi nefndarinnar þann 12. september 2014. Athugasemdir bárust frá sóknaraðilum þann 15. september 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 29. ágúst og 19. september 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 23. febrúar 2011 undirrituðu sóknaraðilar skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Óskuðu þau eftir að veita veð í fasteign sinni fyrir láni A að fjárhæð kr. 1.300.000. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Einnig var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða. Staðfestu sóknaraðilar að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 27. febrúar 2011 var veðskuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 1.300.000 gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv.

skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila að B var sett að veði á 9. veðrétti til tryggingar skuldabréfinu. Sóknaraðilar staðfestu að hafa kynnt sér efni bréfsins og að þau gerðu sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra sem eiganda hinnar veðsettu eignar væri fölginn. Samþykktu þau efni bréfsins með tilvísun til viðfests samnings um lánsveð.

Fyrir liggur fjárhagsyfirlit sem prentað hefur verið úr tölvukerfi varnaraðila þann 11. mars 2011. Tiltekið var að hreinar tekjur væru kr. 619.960 fyrir lánveitingu og þær sömu eftir lánveitingu. Greiðslubyrði lána var kr. 639.000 fyrir lánveitingu en kr. 38.000 eftir lánveitingu, annar fastur kostnaður var enginn, framfærslukostnaður var kr. 285.000 fyrir og eftir lánveitingu. Afgangur var neikvæður um kr. 304.040 fyrir lánveitingu en jákvæður um kr. 296.960 eftir lánveitingu. Breyting á mánuði var kr. 601.000 og á ári kr. 7.212.000. Með fjárhagsyfirlitinu fylgdu upplýsingar um laun í janúar, febrúar og mars ásamt greiðslubyrði lána og eftirfarandi athugasemd: „*Var að klára mastersnám í Danmörku og það sem er hérna í greiðsluþjónustu hefur verið að dekkast af húsaleigunni, íbúð sem þau eiga í C Fmat. 12.100.000,-*“. Samkvæmt yfirliti yfir greiðslubyrði lána voru eftirstöðvar og greiðslubyrði Flex cube heimildar kr. 170.000, eftirstöðvar, greiðslubyrði og vanskil MC-korts voru kr. 273.000, eftirstöðvar, greiðslubyrði og vanskil Visa korts E voru kr. 191.000, eftirstöðvar heimildar Y voru kr. 520.000 og var greiðslubyrði kr. 5.000. Samkvæmt yfirliti yfir tekjur heimilisins voru útborguð laun í janúar, febrúar og mars kr. 278.000 og aðrar tekjur kr. 341.960.

Þann 15. maí 2012 var framangreindu skuldabréfi skilmálabreytt og skrifuðu sóknaraðilar m.a. undir.

Þann 12. mars 2014 sendi sóknaraðili M varnaraðila tölvupóst og óskaði eftir mati á gildi framangreindrar ábyrgðar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda samdægurs.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast lausnar undan ábyrgðarskyldu þar sem greiðslumat sem lagt var til grundvallar á ábyrgð upphaflegs láns byggði á ófullnægjandi upplýsingum.

Sóknaraðilar vísa til þess að niðurstaða greiðslumats hafi ótvírætt gefið til kynna að viðkomandi lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu. Hafi þau veitt leyfi til veðsetningar á húseign sinni í trausti þess að bankinn hafi unnið matið á réttan hátt. Sóknaraðilar benda á að samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi lánveitanda verið skylt með skriflegum hætti að ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð benti greiðslumat til þess að lántaki gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Greiðslumat bankans hafi ekki verið byggt á fullnægjandi forsendum og því hafi þau sem ábyrgðarmenn fengið rangar upplýsingar til að byggja leyfi um veðsetningu á fasteign sinni á.

Sóknaraðilar vísa til þess að greiðslumat eigi að fela í sér útreikning á greiðslugetu lántaka til þess að meta hvort hann geti staðið við greiðslur samkvæmt lánssamningi. Vísa þau til þess að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2009 skuli lánveitandi meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán þar sem ábyrgðarmaður gangist í ábyrgð til tryggingar á efndum lántaka. Þar séu gerðar kröfur um að greiðslugeta lántakanda sé skoðuð vandlega og að ábyrgðarmenn geti vitað hvort lántakandinn sé talinn borgunarmaður fyrir skuldinni. Greiðslumat skuli byggt á viðurkenndum viðmiðum, þ.e. við útreikning skuli lánveitandi miða við eignir,

skuldir, gjöld og tekjur viðkomandi sem m.a. felist í að hann afli sér fullnægjandi upplýsinga til að meta greiðslugetu lántakanda, s.s. staðfests afrits af síðasta skattframtali, staðfestingu á tekjum, staðfestingu á eftirstöðum og greiðslubyrði allra skulda, upplýsinga um húsaleigugreiðslur, ábyrgðarskuldbindingar og önnur gögn sem varpað geti ljósi á fjárhagsstöðu lántaka. Í þessu tilfelli virðist það ekki hafa verið gert. Greiðslugetan hafi eingöngu verið byggð á tekjum og framfærslukostnaði og aðeins sé tekið tillit til greiðslubyrði þess láns sem verið sé að taka.

Sóknaraðilar vísa til þess að fyrir liggi að eigna- og greiðslustaða lántakanda hafi ekki verið betri en það á þessum tíma að um ári síðar hafi íbúð hans verið seld á nauðungaruppboði að kröfu L og eftir nauðungarsölu hafi staðið eftir um 8 milljón króna skuld við L. Þá kveðast sóknaraðilar hafa komist að því að niðurstaða greiðslumats vegna láns sem aðalskuldara hafi verið veitt nokkru fyrr miðað við lánsnúmer, hafi bent til þess að lántaki hafi ekki verið talinn geta uppfyllt skyldur sínar. Við eftirgrennslan hafi sóknaraðilar komist að því að það lán hafi verið veitt árið 2010 og frá þeim tíma hafi skuldastaðan versnað enn meira, sem endað hafi með nauðungarsölu íbúðar aðalskuldara og síðar með gjaldþroti. Telja sóknaraðilar að hafi það greiðslumat sem gert hafi verið árið 2010 bent til þess að lántakendur gætu ekki uppfyllt skuldbindingar sínar, þá hefði síðara greiðslumatið átt að leiða til sömu niðurstöðu.

Sóknaraðilar vísa til þess að þótt þau hefðu fengið að sjá greiðslumatið hefðu þau engar forsendur haft til að efast um ágæti þess.

Sóknaraðilar benda á að í athugasemdum varnaraðila sé því haldið fram að á þeim tíma er lánið hafi verið veitt hafi ekki verið að finna í lagareglum eða öðrum reglum eða opinberum fyrirmælum viðmið eða verklagsreglur er fylgja bæri um framkvæmd eða gerð greiðslumats. Sóknaraðilar benda á að á þessum tíma hafi lög nr. 32/2009 gilt. Einnig sé bent á samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, sem undirritað sé af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaganna og hafi FF verið eitt þessara aðildarfélaganna. Hafi sparisjóðnum borið að fullnægja þeim skyldum sem á honum hafi hvílt samkvæmt samkomulaginu og verið skylt að greiðslumeta skuldara í þessu tilfelli, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Sóknaraðilar vísa til 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Í greiðslumatinu komi ótvírætt fram að lántakandi geti efnt skuldbindingar sínar og í trausti þess hafi verið skrifað undir, þar sem ætlað væri að bankinn hefði nýtt sér þær sérstöku aðgangsheimildir sem hann hafi haft að fjárhagsstöðu viðkomandi. Einstaklingar hafi ekki þá aðstöðu að geta aflað sér sambærilegra gagna og gera slíka úttekt og því sé greiðslumatið á ábyrgð bankans og því verði að vera hægt að treysta.

Vísa sóknaraðilar til þess að í 4. gr. samkomulagsins sé fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til ábyrgðar sé stofnað. Í ákvæðinu sé kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent séu ábyrgðarmönnum til undirritunar. Sóknaraðilar kveða upplýsingabækling þennan ekki hafa fylgt með og hafi ekki verið kynntur. Hafi þeim ekki verið bent á þann möguleika að kynna sér þau gögn sem lögju til grundvallar. Niðurstaða greiðslumats bankans hafi verið afdráttarlaus um að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar.

Sóknaraðilar benda á útskrift á forsendum greiðslumats varðandi fullyrðingu bankans um að ekki hafi verið lögð fram nein gögn því til stuðnings að þær forsendur og þær upplýsingar er greiðslumatið hafi byggt á hafi verið rangar eða ófullnægjandi. Skjalið sýni að skuldastaða lántakanda sé þar ekki metin eða talin kr. 0. Með öðrum

orðum fullnægi greiðslumatið tæplega þeim kröfum sem gerðar séu í 4. gr. laga nr. 32/2009.

Varðandi fullyrðingu bankans um að lántakendur hafi staðið í skilum á viðkomandi láni fram í febrúar 2014 og fjárhagsstaðan því í góðu lagi, benda sóknaraðilar á að ekki sé rökrétt samhengi þar á milli. Að reyna fram á síðasta dag að standa í skilum með einstök lán þýði ekki að fjárhagsstaðan sé í góðu lagi. Staða viðkomandi lántakenda í dag sé í stuttu máli sú að auk þess að hafa misst íbúð sína á nauðungaruppbóði séu þau í gjaldþrotameðferð hjá skiptaráðanda.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að fyrir útgáfu veðskuldabréfsins og veitingu lánsins hafi farið fram mat á greiðslugetu aðalskuldara, A, hjá FF, forvera varnaraðila og hafi sóknaraðilar skrifað undir skjalið „Niðurstaða greiðslumats“, dags. 23. febrúar 2011. Þar hafi komið fram að niðurstaða greiðslumatsins hafi bent til þess að aðalskuldari gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu hans.

Varnaraðili bendir á að á þeim tíma er lánið hafi verið veitt hafi hvorki verið í lagareglum né öðrum reglum eða opinberum fyrirmælum að finna viðmið eða verklagsreglur er fylgja bæri við framkvæmd og gerð greiðslumata. Ekki hafi hvílt skylda á lánveitanda til að geyma þær tölulegu upplýsingar eða gögn er lágu til grundvallar greiðslumati. Auk þess hafi ekki verið kveðið á um skyldu í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga að kynna ábyrgðarmanni/veðsala í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 141/2012. Í skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ komi fram skýring á því að niðurstaða greiðslumats sé byggð á upplýsingum um framfærslukostnað og önnur föst útgjöld, meðaltekjur heimilisins og greiðslubyrði lána. Þar komi jafnframt fram að framfærslukostnaður og önnur föst útgjöld miðist að lágmarki við fjárhæðir sem gefnar hafi verið út af Ráðgjafarstofu heimilanna. Þá sé þar sérstaklega tekið fram að jákvæð niðurstaða greiðslumats feli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efni skyldur sínar og að varnaraðili bæri ekki ábyrgð á greiðslumatinu hafi aðalskuldari veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um fjárhag sinn.

Varnaraðili vísar til þess að á þeim tíma er greiðslumatið hafi farið fram og sóknaraðilar veitt varnaraðila veð í fasteign sinni hafi sóknaraðilum gefist færi á að kynna sér þau gögn er matið hafi byggt á en við lántökuna og veitingu veðsins hafi þau enga athugasemd gert við framkvæmd eða niðurstöður umþrætts greiðslumats.

Varnaraðili bendir á að ástæða þess að mánaðarleg greiðslubyrði lána sé í greiðslumatinu tilgreind sem kr. 693.000 fyrir lánveitingu en kr. 38.000 eftir lánveitingu sé sú að andvirði hins umþrætta láns hafi að mestu verið nýtt til uppgreiðslu eldri lána aðalskuldara við varnaraðila, sem fallin hafi verið í gjalddaga. Þegar gert hafi verið ráð fyrir afborgunum af eldri lánnum aðalskuldara í greiðslumatinu hafi greiðslubyrði þeirra komið út líkt og greiða þyrfti lánin að fullu enda lánin gjaldfallin. Við útreikning á greiðslubyrði lána eftir veitingu hins nýja láns þá hafi mánaðarleg greiðslubyrði eðli málsins samkvæmt orðið lægri enda gert ráð fyrir reglulegum afborgunum allt í samræmi við afborgunarskilmála og lánstíma hins nýja láns.

Varðandi greiðslu afborgana af fasteignalánum vísar varnaraðili til þess að samkvæmt því sem fram komi í þeim athugasemdum sem skráðar hafi verið með

greiðslumatinu hafi aðalskuldari verið að ljúka námi í Danmörku á þeim tíma er hann hafi tekið umþrætt lán og hafi afborganir af fasteign hans greiðst með leigugreiðslum vegna útleigu fasteignarinnar. Jafnvel þótt varnaraðila hafi láðst að gera ráð fyrir afborgunum af fasteignalánunum í greiðslumatinu telur varnaraðili það ekki gefa ástæðu til að rengja jákvæða niðurstöðu matsins, enda sé tekjuafgangur greiðslumatsins svo mikill að leiða megi líkum að því að greiðslubyrði fasteignalána hafi rúmast innan hans.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar hafi ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings að þær forsendur og þær upplýsingar er greiðslumatið hafi byggt á hafi verið rangar eða ófullnægjandi og líti varnaraðili því svo á að sú fullyrðing er krafa sóknaraðila byggi á í máli þessu sé örökstudd og með öllu ósönnuð.

Varnaraðili byggir á því að aðalskuldari hafi verið í skilum með greiðslur af skuldabréfinu allt þar til í febrúar 2014. Hafi láninu verið skilmálabreytt í maí 2012 þar sem aðalskuldara hafi verið veittur greiðslufrestur í sex mánuði en við undirritun og framkvæmd skilmálabreytingarinnar hafi lánið verið í skilum. Færi það enn frekari stöðir undir niðurstöðu greiðslumatsins og staðfesti að greiðandi hafi haft getu til þess að greiða af skuldbindingunni.

Af framangreindu telur varnaraðili að með engu hafi verið sýnt fram á að ástæða sé til að ætla að jákvæð niðurstaða greiðslumatsins hafi verið á röngum forsendum byggð. Hafi lánið enda verið í skilum um nokkurt skeið eftir lánveitinguna. Fullyrðingum sóknaraðila um að það greiðslumat er framkvæmt hafi verið hafi ekki byggt á fullnægjandi forsendum sé hafnað sem röngum, örökstuddum og ósönnuðum.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað á þeim forsendum að ákvæðum ábyrgðarmannalaga hafi verið fylgt þegar sóknaraðilar hafi veitt varnaraðila veð í fasteign sinni til tryggingar framangreindu láni.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B, með veðskuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn tóku gildi þann 4. apríl 2009. Atvik máls þessa gerðust eftir gildistöku laganna. Lögin gilda um lánveitingar stofnana og fyrirtækja þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efnudum lántaka, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna en samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er með ábyrgðarmanni m.a. átt við einstakling sem veðsetur tilgreinda eign sína til tryggingar efnudum lántaka, enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 32/2009 skal lánveitandi meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efnudum lántaka. Greiðslumat skal byggt á viðurkenndum viðmiðum. Þá segir í 5. gr. laganna að fyrir gerð ábyrgðarsamnings skuli lánveitandi upplýsa ábyrgðarmann skriflega um þá áhættu sem ábyrgð sé samfara. Í því felist m.a. að veita upplýsingar um greiðslugetu lántaka, sbr. b-lið 1. mgr. 5. gr. Með gildistöku laganna urðu að þessu leyti nokkrar breytingar á skyldum viðskiptabankanna, en samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, var aðeins mælt fyrir um að ábyrgðarmaður gæti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats.

Virðist einsýnt að FF hirti, við veitingu ábyrgðarinnar, í engu um þær breytingar sem orðið höfðu á skyldum hans gagnvart ábyrgðarmönnum með lögnum.

Ummæli í greinargerð varnaraðila þess efnis að hvorki í lagareglum né öðrum reglum eða opinberum fyrirmælum hafi verið að finna viðmið eða verklagsreglur er fylgja bæri við framkvæmd og gerð greiðslumata, eru af sama meiði.

Lagaskyldu til að veita upplýsingar um greiðslugetu lántaka verður ekki fullnægt með því einu að tilkynna ábyrgðarmanni að samkvæmt mati lánveitanda sé líklegt að lántaki geti staðið í skilum. Í athugasemdum við 5. gr. frumvarps til laga nr. 32/2009 kemur eftirfarandi fram: „*Markmiðið með greininni er að ábyrgðarmaður geri sér grein fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem hann undirgengst samfara undirritun ábyrgðarsamnings. [...] Aðalatriðið við skýringu á því hvort lánveitandi hafi uppfyllt skyldu sína er komin undir því hvort upplýst hafi verið um öll þau atriði sem áhrif geta haft á áhættumat ábyrgðarmanns. Vanræksla lánveitanda við samningsgerð getur leitt til þess að ábyrgðarmaður sé ekki bundinn við samning sinn, a.m.k. ekki ef vitneskja um atriði hefði getað haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð. Sönnunarbyrðin um að vanræksla hafi engin áhrif haft á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð hvílir á lánveitanda.*“

Túlka verður b-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 32/2009 með vísan til athugasemda í greinargerð, þannig að fyrir verði að liggja mat á greiðslugetu skuldara sem lánveitandi skal upplýsa ábyrgðarmann um, enda verður það talið felast í orðinu greiðslugeta og eru tölulegar forsendur greiðslumats atriði sem áhrif getur haft á áhættumat ábyrgðarmanns, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 39/2012. Í máli því sem nú er um rætt liggur fyrir „Fjárhagsyfirlit“ úr tölvukerfi varnaraðila sem er mat á greiðslugetu skuldarans, A. Ekkert bendir til þess að sóknaraðilar hafi séð framlagt „Fjárhagsyfirlit“ áður en þau tókust á hendur ábyrgðarskuldbindinguna. Ekki er gert ráð fyrir undirritun ábyrgðarmanns og sóknaraðilar hafa ekki ritað undir það. Þá liggur fyrir skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ þar sem fram kemur að niðurstaða greiðslumats bendi til þess að lántaki geti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu.

Verður samkvæmt þessu að líta svo á að varnaraðili hafi vanrækt skyldu sína til að upplýsa sóknaraðila um þá áhættu sem ábyrgð var samfara, að því leyti sem þessi áhætta sneri að greiðslugetu skuldarans, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 39/2012. Á hinn bóginn verður að leggja til grundvallar, þrátt fyrir andmæli sóknaraðila, undirritaða yfirlýsingu þeirra um að þau hafi fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Fæst ekki séð að varnaraðili hefði getað betur tryggt sér sönnun um þetta efni en með umræddri yfirlýsingu.

Í lögum nr. 32/2009 eru engar reglur sem mæla fyrir um ógildi samnings vegna annmarka af þeim toga sem uppi eru í þessu máli. Samningur aðila um veðsetningu fasteignar sóknaraðila verður ekki ógiltur í heild eða að hluta af þeim sökum einum að varnaraðili hafi við gerð hans brugðist skyldum sínum skv. lögum nr. 32/2009, heldur verður að finna slíkri ógildingu stoð í reglum samningaréttar ef leysa á sóknaraðila undan skyldum sínum samkvæmt samningnum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 213/2012.

Varnaraðili mat greiðslugetu lántaka og kynnti sóknaraðilum jákvæða niðurstöðu þess, þrátt fyrir að hafa ekki kynnt þeim forsendur þess mats. Sóknaraðilum hefur ekki tekist að sanna að sú niðurstaða sem þeim var kynnt hafi verið röng eða að forsendur greiðslumatsins hafi verið rangar, enda hafa þau ekki lagt fram gögn eða sýnt fram á með öðrum hætti að upplýsingar greiðslumatsins hafi verið rangar miðað við þá niðurstöðu sem þeim var kynnt. Útreikningar sparisjóðsins á skjalinu Fjárhagsyfirlit báru með sér að mánaðartekjur lántakans hrykkju bæði til

greiðslu afborgana og fastra útgjalda og væri þá nokkuð ríflegur afgangur af tekjunum. Af skýringum með skjalinu má ráða að greiða átti upp Flex cube heimild, MC- kort og Visa kort E en eftir stæði þá heimild nr. Y. Hins vegar virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir fasteignaláni. Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina er hvorki unnt að byggja niðurstöðu málsins á því að útreikningarnir hafi verið rangir, né að vanhöld sparisjóðsins á að kynna sóknaraðilum þá hafi skipt máli fyrir þá ákvörðun þeirra að gangast í ábyrgðina.

Með vísan til framangreinds, dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 og þess að sóknaraðilum var kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats hefur sóknaraðilum ekki tekist að sýna fram á að skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eða öðrum reglum samningaréttar um ógildingu samninga sé fullnægt enda verður ekki talið nægjanlegt að varnaraðili hafi brugðist skyldum sínum skv. 4. og 5. gr. laga nr. 32/2009 til að ógilda megi veðsetningu fasteignar sóknaraðila, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 213/2012. Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M og N, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 19. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 11. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 47/2014**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 2. maí 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. maí 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 19. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. júlí 2014.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðilar leituðu til umboðsmanns skuldara vegna greiðsluferfiðleika í lok árs 2010. Framkvæmdi umboðsmaður skuldara greiðsluferfiðleikamat. Niðurstaða ráðgjafa var að sóknaraðilar ættu í greiðsluferfiðleikum og að greiðslubyrði þeirra væri umfram greiðslugetu. Vantaði sóknaraðila kr. 95.306 á mánuði til að geta staðið í skilum með umsamar greiðslur. Skuldir umfram eignir voru kr. 23.780.589. Umboðsmaður skuldara sendi sóknaraðilum bréf með niðurstöðunni þann 7. febrúar 2011.

Þann 13. apríl 2012 leituðu sóknaraðilar til varnaraðila vegna beiðni um leiðréttingu á fjárskuldbindingum. Óskuðu sóknaraðilar eftir að lán sóknaraðila N sem tekið var árið 2002, að fjárhæð kr. 6.700.000 hjá varnaraðila yrði fært niður í þá stöðu sem það var í september 2008 eða kr. 5.639.571.

Sóknaraðili N leitaði til varnaraðila, með ódagsettu bréfi, og óskaði eftir sértækri skuldaaðlögun.

Í nóvember 2013 leitaði sóknaraðili N til varnaraðila vegna greiðsluferfiðleika sinna. Í kjölfarið áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli varnaraðila og lögmanns sóknaraðila. Ekki fékkst niðurstaða í málið í þeim samskiptum.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. mars 2014.

Þann 20. maí 2014 barst sóknaraðila N boðun vegna fjárnáms, vegna kröfu varnaraðila samtals að fjárhæð kr. 12.653.310.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðili taki á skuldavanda þeirra líkt og gert sé hjá öðrum viðskiptabönkum.

Sóknaraðilar vísa til þess að varnaraðili hafi neitað að viðurkenna skuldavanda þeirra þrátt fyrir að umboðsmaður skuldara hafi talið að þau þyrftu að fara í skuldaleiðréttingu til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Hafi bankinn ekki talið sig vera skuldbundinn að beita þeim úrræðum sem aðrar fjármálastofnanir hafi verið að beita við úrlausn á skuldavanda sinna viðskiptavina. Hafi bankinn ekki viljað beita afskriftum eða öðrum úrræðum líkt og aðrir bankar hafi gert.

Sóknaraðilar telja að bankanum hafi borið að beita sömu úrræðum og önnur fjármálafyrirtæki hafi beitt í samræmi við samkomulag um útfærslu aðgerða í þágu yfirveðsettra heimila sem undirritað hafi verið 15. janúar 2011 og tilmæli ríkisstjórnarinnar og Fjármálaeftirlitsins. Fulltrúar bankans hafi slegið fram að bankinn væri ekki aðili að umræddu samkomulagi og að varnaraðili væri ekki skuldbundinn til að vera með nein úrræði tiltæk fyrir viðskiptavini sem eigi í greiðsluvanda. Verði að teljast óeðlilegt að fjármálastofnun sem stundi fjármálaviðskipti við einstaklinga sé ekki með nein úrræði fyrir þá viðskiptavini sem eigi í skuldavanda og telji sig ekki þurfa þess líkt og aðrar fjármálastofnanir. Með því væri skuldurum alvarlega mismunað og jafnræðis ekki gætt.

Sóknaraðilar mótmæla því að tómlæti eigi við í þessu máli enda sýni gögn málsins fram á samningaviðræður málsaðila allt til ársins 2014. Ítrekað hafi verið reynt að ná samkomulagi við bankann um kröfu hans á hendur sóknaraðilum. Á þeim tíma sem samningaviðræður hafi staðið yfir hafi verið í boði ýmis úrræði fyrir skulduga aðila sem ekki hafi getað staðið við fjárskuldbindingar sínar, t.d. svokölluð 110% leið. Sóknaraðilar hafi farið til umboðsmanns skuldara og fengið staðfestingu frá embættinu um að þau gætu ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar. Þrátt fyrir þetta hafi varnaraðili hafnað kröfum sóknaraðila um að lán þeirra hjá sparisjóðnum yrði leiðrétt þar sem sparisjóðurinn vildi ekki beita þeim aðferðum sem hafi verið tiltækar á þeim tíma. Hafi það orðið til þess að aðrir kröfuhafar hafi ekki viljað notast við þau úrræði þar sem gengið var út frá að allir kröfuhafar myndu beita leiðréttingu. Varnaraðili hafi metið það sem svo að þeir væru ekki skuldbundnir til að beita skuldaúrræðum líkt og önnur fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðilar telja að ljóst megi vera að með sértækri skuldaaðlögun séu fasteignalán lántaka löguð að greiðslugetu lántaka til að hann geti haldið hóflegu íbúðarhúsnæði, einni bifreið og framfleytt fjölskyldu sinni. Það hafi verið varnaraðila ljóst þegar farið hafi verið yfir aðstæður sóknaraðila að þau uppfylltu þessi skilyrði. Í þessu sama skuldaaðlögunarferli hafi svo verið gerður samningur við kröfuhafa til þriggja ára. Kröfuhafar hafi getað fallist á eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra eða gjaldfrest á þeim. Markmiðið með þessu úrræði hafi verið að ráða bót á slæmri fjárhagsstöðu lántakans án þess að komi til opinberra úrræða. Umrætt úrræði hafi aðeins komið til greina ef sýnt þætti að vægari úrræði dygðu ekki til að rétta af fjárhagsstöðu lántaka og fyrirséð væri að viðkomandi gæti ekki staðið í skilum af lánnum sínum til langframa. Í tilviki sóknaraðila hafi þetta átt við.

Sóknaraðilar vísa til þess að samkvæmt regluverki sértæktrar skuldaaðlögunar, sbr. samkomulag um útfærslu aðgerða í þágu yfirveðsettra heimila, undirritað 15.

janúar 2011, hafi bankar haft heimild til að ganga lengra en umrætt regluverk segi til um hefðu hin hefðbundnu og vægari úrræði ekki dugað, líkt og í tilviki sóknaraðila. Krafa sóknaraðila sé og hafi alltaf verið að sparisjóðurinn beiti sömu úrræðum og aðrar fjármálastofnanir hafi gert en ljóst sé að ef til þeirra hefði komið þá hefði það leyst vanda sóknaraðila. Kvörtun sóknaraðila sé sú að fá úr því skorið hvort sparisjóðurinn hafi ekki verið skuldbundinn sem fjármálastofnun sem veiti neytendalán til að beita sömu úrræðum og aðrar fjármálastofnanir hafi gert í þeim tilvikum þegar viðskiptavinir þeirra hafi átt í skuldavanda.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur að tómlæti sóknaraðila kunni að veita úrskurðarnefndinni tilefni til frávísunar málsins ex officio. Sparisjóðurinn gerir ekki sjálfstæða frávísunarkröfu byggða á þeim sjónarmiðum. Líkt og gögn málsins beri með sér hafi sóknaraðilar lengi byggt á því að þau eigi rétt á hendur sparisjóðnum til leiðréttingar á skuldbindingum sínum. Í bréfi sóknaraðila, dags. 13. apríl 2012, komi fram að þá þegar hafi sparisjóðurinn verið búinn að lýsa afstöðu sinni til umleitana hans.

Varnaraðili telur að kröfur sóknaraðila séu óskýrar og vanreifaðar og að málatilbúnaður allur sé settur fram á óljósan hátt. Krafan virðist fjalla um að varnaraðili skuli „taka á skuldavanda“ sóknaraðila. Ekki sé gerð grein fyrir á hvaða hátt það skuli gert eða nánar tilgreint hvað átt sé við með kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili byggir á því að framlögð gögn af hálfu sóknaraðila styðji á engan hátt þær óskýru kröfur sem gerðar séu í málinu, en nýjustu gögnin sem lögð hafi verið fram séu tveggja ára gömul. Önnur gögn séu annað hvort eldri eða ódagsett svo ómögulegt sé að segja til um síðan hvenær þau séu. Auk þess virðist krafa sóknaraðila snúast um skuldavanda, en fyrirbyggjandi gögn varpi ekki ljósi á hvers eðlis hinn meinti skuldavandi sé í dag. Hluti gagnanna stafi frá sóknaraðilum sjálfum og verði að telja að slík gögn hafi ekkert gildi í máli þessu auk þess sem óljóst sé hvað það sé sem sóknaraðilar vilji sýna fram á með málatilbúnaði sínum. Ekki sé gerð tilraun til að skýra málatilbúnaðinn með öðrum gögnum.

Varnaraðili bendir á að við málskot til nefndarinnar sé nauðsynlegt að kröfur sóknaraðila og málsástæður séu skýrar og hafi nefndin sjálf fjallað um slíkt í úrskurðum sínum. Ekki sé talið nægilegt að vísa til gagna um alla þætti málsins, sbr. úrskurð nefndarinnar nr. 91/2013, en þar sé áréttað að skýrlega skuli greina frá kröfum sóknaraðila á forprentuðu eyðublaði sem kvartanir séu ritaðar á. Í máli því sem varnaraðili geri hér athugasemdir við verði ekki séð að nauðsynlegar upplýsingar komi fram undir þeim lið eyðublaðsins eða að skýrt sé hvers sé krafist í málinu. Gögn málsins séu einnig óskýr og ekki sé ein heildstæð krafa sett fram samkvæmt þeim, enda væri það ekki nægjanlegt, sbr. framangreint. Samkvæmt framangreindu sé því með öllu óljóst hvers sóknaraðilar krefjist. Í e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki segi að nefndin fjalli ekki um mál, sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar.

Varnaraðili bendir á að nefndin fjalli ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verði metin til fjár, sbr. b-lið 6. gr. samþykktanna. Kröfur og málsástæður sóknaraðila séu mjög óskýrar. Af þeim sé þó ljóst að sóknaraðilar hafi ekki uppi beina fjárkröfu og verði krafan eins og hún sé sett upp ekki jafnað til beinnar fjárkröfu. Krafan virðist

fjalla um meintan skuldavanda sóknaraðila, en ekki verði ráðið af framsetningu málsins né gögnum sem lögð hafi verið fram hvers krafist sé í málinu, né séu lögð fram nýleg gögn um fjárhagsstöðu og afkomu sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafi í mörgum úrskurðum sínum vísað til b- og e-liða 6. gr. samþykktanna við frávísun krafna. Megi þar nefna mál nr. 52/2013, 56/2013, 58/2013, 91/2013, 105/2013 og 106/2013.

Samkvæmt framangreindu telur varnaraðili að kröfur sóknaraðilar og málatilbúnaður allur sé svo vanreifaður að vart verði komið við vörnum. Málatilbúnaður sóknaraðila sé óljós og ekki samkvæmt meginreglum um ákveðna og ljósa kröfugerð, sbr. meginreglur réttarfars sem birtist í 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Verði ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun krefst sparisjóðurinn þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Krafa sóknaraðila virðist vera sú að varnaraðili skuli taka á meintum skuldavanda þeirra hjóna, en þó með aðferðum sem séu ótilgreindar og ekki sé leitast við að skýra kröfuna á neinn hátt.

Varnaraðili telur að sóknaraðili byggi kröfu sína á því að tillögu sóknaraðila um niðurfærslu skuldabréfs sem sett hafi verið fram 13. apríl 2012, fyrir tveimur árum síðan, hafi verið hafnað og að umboðsmaður skuldara hafi metið það svo í febrúar 2011, fyrir rúmum þremur árum að sóknaraðilar ættu í skuldavanda. Telji sóknaraðili ástæðu til þess að kvarta yfir því sem verði að teljast frjálssar samningaumleitanir, verði ekki séð að gögn þau sem lögð hafi verið fram í málinu séu nægjanleg til þess að sýna fram á meintan skuldavanda sóknaraðila í dag og verði því að telja að hafna beri kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili telur óljóst hvaða aðild sóknaraðili M eigi að máli þessu. Sparisjóðurinn sé ekki kröfuhafi að skuld á nafni M, sem sé í vanskilum. M hafi því ekki, svo varnaraðili best fái séð, lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, sbr. meginsjónarmið 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili minnist á samkomulag lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila í kvörtun sinni og að sparisjóðnum hafi borið að beita „úrræðum“ í samræmi við það samkomulag. Ekki sé nánar tilgreint hvaða úrræði sé átt við, en samkomulagið fjalli um hina svokölluðu 110% leið. Ljóst sé þó að skuldabréf það sem lögmaður sóknaraðila nefni í bréfi sínu frá apríl 2012 sé ekki veðskuldabréf. Samkomulagið eigi því ekki við í málinu, sbr. lið 1.2. í 1. gr. þess. Jafnvel þótt svo væri sé sparisjóðurinn ekki aðili að ofangreindu samkomulagi. Beri því að hafna kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að af ofangreindu sjáist að kröfur sóknaraðila séu vægast sagt óskýrar. Á hinu forprentaða kvörtunareyðublaði virðist vera fjallað um 110% leiðina sem ekki eigi við í málinu, en í gögnum málsins sé bæði fjallað um sértæka skuldaaðlögun og almenna niðurfærslu skuldabréfs sem hafi verið sjálfstæð tillaga sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að undir liðnum „Hvenær viðskiptamaður bar fram kvörtun sína eða henni var hafnað“ á forprentuðu eyðublaði sem sóknaraðili sendi til nefndarinnar, segi að ítrekað hafi verið reynt að semja við kröfuhafa án árangurs. Ekki sé skýrt nánar hvað í þessum orðum felist, hvorki í gögnum málsins sem gefi mjög takmarkaðar upplýsingar né í málsástæðum sóknaraðila. Sóknaraðilinn N hafi sjálfur verið í samskiptum við varnaraðila þann 8. nóvember 2013 og hafi þá lagt fram tillögu um lækkun lánsins svo ljóst sé að bréf lögmanns í máli þessu sé ekki nýjasta tillaga sóknaraðila. Sparisjóðurinn hafi lagt fram tillögu af sinni hálfu þann 10. nóvember

2013 sem ekki hafi verið svarað, hvorki af hálfu sóknaraðila né lögmanns þeirra. Sparisjóðurinn hafi verið í samskiptum við bæði sóknaraðila og lögmann þeirra hvað varði meintan skuldavanda þeirra í langan tíma og hafi skuldabréf það sem getið sé í gögnum sóknaraðila verið í vanskilum frá maí 2012. Sparisjóðurinn hafi nú ekki séð sér annað fært en að innheimta kröfu sína samkvæmt skuldabréfinu, einkum þar sem sóknaraðili sjálfur hafi ekki svarað tillögum varnaraðila þrátt fyrir að hafa lýst yfir greiðsluvilja og hafi tilraunir til samninga því talist fullreyndar.

Varnaraðili bendir á að ljóst sé að ekki sé unnt að þvinga sparisjóðinn til samningsgerðar við viðskiptavin og vísist þar um til meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi. Sparisjóðurinn krefst þess með vísan til framangreinds að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að úrræðum vegna greiðsluvanda sóknaraðila.

Í 6. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um mál sem nefndin fjallar ekki um.

Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðili taki á skuldavanda þeirra líkt og gert sé hjá öðrum viðskiptabönkum.

Sóknaraðilar virðast aðallega byggja á því að varnaraðili beiti ekki sömu úrræðum við lausn á greiðsluvanda og aðrar fjármálastofnanir. Því til stuðnings vísa sóknaraðilar helst til samkomulags lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila, dags. 15. janúar 2011 og að því er virðist samkomulags um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga, dags. 22. desember 2010. Sóknaraðilar hafa þó enga tilraun gert til að sýna fram á að skilyrði umræddra samkomulaga séu uppfyllt enda verður fleira að koma til en greiðsluerfiðleikamat umboðsmanns skuldara, dags. 8. febrúar 2011, sbr. skilyrði framangreindra samkomulaga. Þá er ekki ljóst af kröfugerðinni hvaða fjárhagslegu réttindi sóknaraðilar telja sig geta fengið með umræddum úrræðum. Í ljósi þess er málið svo óljóst og illa upplýst og kröfur sóknaraðila svo óskýrar að það er ekki tækt til úrskurðar, sbr. e-lið 6. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M og N, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 11. júlí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 3. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 48/2014**:

**M og
N ehf.
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefndir sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 27. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 26. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. mars 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 30. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. maí 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 19. maí 2014. Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við greinargerð sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júní 2014. Athugasemdir bárust frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 4. júlí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 3. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 22. ágúst 2006 var fjármögnunarleigusamningur nr. X undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og sóknaraðila N ehf. sem leigutaka. Hið leigða var CAT minigrafa og CAT jarðýta. Seljandi var A. Leigugrunnur var kr. 8.500.000, vsk. kr. 2.082.500, samtals kr. 10.582.500, tengt gengi JPY og CHF. Grunnleigutími var frá 10. september 2006 til 9. september 2011. Greiða skyldi mánaðarlega á grunnleigutíma kr. 77.758 tengt JPY og 79.839 tengt CHF. Tiltekið var greiðslurnar væru virðisaukaskattskyldar. Fram kom að mánaðarleg framhaldsleiga hæfist að grunnleigutíma loknum. Tiltekið var að ábyrgðarmaður væri sóknaraðili M.

Þann 3. mars 2008 var fjármögnunarleigusamningur nr. Y undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og sóknaraðila N ehf. sem leigutaka. Hið leigða var Linde lyftari. Seljandi var B. Leigugrunnur var kr. 3.397.433, vsk. kr. 832.371, samtals kr. 4.229.804, tengt gengi JPY. Grunnleigutími var frá 10. apríl 2008 til 9. apríl 2011.

Leiga greidd við undirritun var kr. 500.000 og síðan mánaðarlega kr. 85.691. Tiltekið var að greiðslurnar væru virðisaukaskattskyldar. Fram kom að loknum grunnleigutíma hæfist mánaðarleg framhaldsleiga, kr. 7.141 tengd JPY.

Þann 18. nóvember 2011 sendi sóknaraðili M fyrir hönd sóknaraðila N tölvupóst til varnaraðila vegna greiðsluraðabreytingar á fjármögnunarleigusamningi N ehf. við varnaraðila nr. X, dags. 3. maí 2010. Töldu sóknaraðilar að með greiðsluraðabreytingunni væri verið að breyta grunnmynt samningsins en það hefði ekki staðið til. Skoraði sóknaraðili á varnaraðila að leggja fram endurreikning samningsins, sem byggja myndi á niðurstöðu Hæstaréttar í dómi frá 16. september 2010. Varnaraðili svaraði samdægurs og sagði að um breytingu á skjölum væri að ræða.

Þann 20. júní 2011 sendi sóknaraðili M fyrir hönd sóknaraðila N tölvupóst til varnaraðila þar sem hann kvað samninga nr. Y og X uppgreidda og um það bil tvær milljónir umfram það. Óskaði hann eftir því að varnaraðili gæfi út afsal vegna tækjanna og endurgreiddi það sem ofgreitt hefði verið.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 26. mars 2014. Á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar var sóknaraðili M tilgreindur sem sá aðili sem bæri fram kvörtun, en málskostsgjald var greitt í samræmi við það að lögaðili bæri fram kvörtunina. Var varnaraðila tilkynnt það með tölvupósti nefndarinnar, dags. 23. júní 2014 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri viðbótarathugasemdum.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðili gangi frá uppgjöri á samningum nr. X og Y á sanngjarnan hátt.

Sóknaraðilar vísa til þess að varnaraðili hafi ekki viljað viðurkenna þá lánasamninga sem fyrirtækið hafi sjálft samið í upphafi viðskiptanna, þar sem öll lánskjör séu tilgreind. Varnaraðili þykist vera vélaleiga þegar það henti honum. Sóknaraðilar telja umrædda samninga vera skýr dæmi um lán tengd gengi.

Sóknaraðilar vísa til þess að sóknaraðili N hafi áður verið með samninga nr. Z og Þ 807595 og 121065 og frá þeim hafi verið gengið á eðlilegan hátt með greiðslu á lokagjaldi og hafi afsal verið gefið út í framhaldi af því. Það hafi ekki hvarflað að sóknaraðilum að varnaraðili myndi neita að ganga frá núverandi samningum á sama hátt. Alltaf hafi verið staðið í skilum og samningarnir hafi verið eins útfærðir og þeir gömlu.

Sóknaraðilar benda á að varnaraðila hafi verið greiddar kr. 20.650.476 sem sé allt of mikið miðað við það sem samið hafi verið um. Samt heimti varnaraðili meira og vilji fá tækin sem séu um kr. 12.000.000 virði að viðbættum virðisaukaskatti og kr. 14.361.493 að auki, sem þeir kalli gjaldfallið á riftunardegi. Komist varnaraðili upp með þetta með hjálp dómstóla þá blasi ekkert annað en gjaldþrot við sóknaraðila N og sóknaraðila M þar sem hann sé ábyrgðarmaður og hafi engar tekjur nema þær sem hann fái frá Tryggingarstofnun.

Sóknaraðilar telja að ekkert samnings samband hefði komist á nema vegna blekkinga varnaraðila. Hafi varnaraðili ítrekað auglýst lán til þriggja og sex ára þannig að varnaraðili væri skráður eigandi tækjanna á meðan á lánstíma stæði. Hafi sóknaraðili N fengið lán til þriggja ára og hafi að þeim tíma liðnum óskað eftir

uppgjöri. Varnaraðili hafi ítrekað neitað að standa við samningana og hafi neytt sóknaraðila til að framlengja þá.

Sóknaraðilar kveða ítarupplýsingar hafa legið fyrir nokkrum dögum áður en skrifað hafi verið undir eftir pressu frá varnaraðila. Þar hafi komið fram öll lánskjöri og lokafrágangur samnings en varnaraðili hafi sleppt því að setja í samningana allt sem staðið hafi í ítarupplýsingum um lokauppgjör, sem hafi verið aðalgrundvöllurinn fyrir viðskiptunum. Sé þetta stór hluti af blekkingunni sem virðist hafa verið skipulögð frá upphafi. Sóknaraðilar telja að um auðgunarbrot sé að ræða sem varði við 247., 248. og 249. gr. almennra hegningarlaga og kannski fleiri ákvæði.

Sóknaraðilar kveðast óska álits nefndarinnar á orðunum kaupleiga, fjármögnunarleiga og endurfjármögnun, þ.e. hvort ekki sé um að ræða þrjú orð yfir sama hlutinn.

Í seinni athugasemdum sóknaraðila kveðst sóknaraðili M biðjast velvirðingar á því að hafa gleymt að skrifa f.h. N ehf. á beiðni til úrskurðarnefndar í byrjun.

Sóknaraðilar benda á að í athugasemdum varnaraðila sé röng kennitala við nafn hans, kennitala sem tilheyri allt öðrum manni. Það verði að telja undarlegt en tilgangurinn sé þó augljós, að blekkja nefndina til að hafna beiðninni.

Sóknaraðili M óskar eftir því að á grundvelli þess að hann sé ekki löglærður þá vilji hann óska þess að fá að bæta N ehf. við kvörtunina. Þá sé rétt að benda á að þetta hafi engan áhrif á málatilbúnaðinn, engum nýjum kröfum sé bætt við þótt nýr og réttari aðili bætist við. Ekki verði heldur séð að það þjóni hagsmunum varnaraðila að standa gegn þeirri ósk, enda myndi hann annars senda inn nýja kvörtun þar sem þetta hefði verið leiðrétt. Það yrði því aðeins til óhagræðis fyrir alla aðila. Þá liggja fyrir að sóknaraðili M komi fram fyrir hönd N ehf., enda sé hann eigandi og framkvæmdastóri.

Sóknaraðilar benda á að varnaraðili beri fyrir sig aðildarskort sóknaraðila. Sóknaraðili M hafi lögvarða hagsmuni af því að fá fjallað um kröfuna enda sé hann ábyrgðarmaður fyrir láninu. Það hafi því bein áhrif á hagsmuni hans að fjallað verði um kröfu hans, enda blasí ekkert annað en persónulegt gjaldþrot við fari svo að varnaraðili nái fram fullnustu krafna sinna.

Sóknaraðilar vísa til þess að fyrir liggja að varnaraðili hafi hafnað því að hlusta á rök þeirra. Hafi þeir fengið staðfestingu á því að varnaraðili sé að hefjast handa um innsetningargerð.

Sóknaraðilar telja að krafa þeirra sé nægilega ljós og rökstudd þannig að ljóst sé að bæði úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og varnaraðila sé ljóst hvert inntak kvörtunarinnar sé.

Sóknaraðilar minna á að kvörtunin sé lögð fram af agnarsmáum og fjárvana aðila sem eigi við ofurefli að etja gegn stóru fjármálafyrirtæki sem sé við það að setja sóknaraðila í gjaldþrot.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til a-liðar 2. mgr. 3. gr., 5. gr. og b. og e-liða 6. gr., sbr. 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili byggir kröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti en ekkert samningssamband sé á milli sóknaraðila M og varnaraðila í máli þessu. Sóknaraðili M sé einstaklingur en gögn málsins bendi til þess að kvörtun hans beinist að samningssambandi milli varnaraðila og fyrirtækisins N ehf. Af kvörtuninni verði ekki ráðið að sóknaraðili komi fram í umboði þessa tiltekna fyrirtækis heldur virðist hún sett fram í nafni sóknaraðila M og kennitölu hans. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreiningu á milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Þar sem ekkert slíkt samband sé á milli varnaraðila og sóknaraðila M hvað mál þetta varði að öðru leyti en því að sóknaraðili M sé ábyrgðarmaður fyrir hluta viðskipta milli varnaraðila og fyrrgreinds fyrirtækis þá beri þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá.

Í öðru lagi byggir varnaraðili á því að hvorki sóknaraðili M né umrætt fyrirtæki hafi beint kröfu að varnaraðila. Sé það skýrt skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi áður hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. samþykktar nefndarinnar. Hér liggja engar slíkar niðurstöður fyrir enda hafi varnaraðili fyrst heyrt af málinu með bréfi nefndarinnar, dags. 27. mars 2014, þar sem varnaraðila hafi verið tilkynnt um kvörtunina. Með gögnum málsins fylgi tölvupóstur sem sendur hafi verið fyrir hönd N ehf., dags. 20. júní 2011, þar sem hann óski eftir að varnaraðili gefi út afsal vegna tækja og endurgreiði meintar ofgreiðslur. Kvörtun sóknaraðila sé í engu samræmi við umræddan tölvupóst og geti hann því ekki talist grundvöllur hennar.

Varnaraðili vísar í þriðja lagi til þess að kvörtun sóknaraðila sé afar óljós og örökstudd og kvörtunin í heild afar illa upplýst. Krafa sóknaraðila sé á þá leið að varnaraðili gangi frá uppgjöri á samningum á sanngjarnan hátt. Vísi sóknaraðilar til fylgiskjala nr. 1 og 2 í þessum efnum sem séu yfirlit tveggja fjármögnunarleigusamninga við félagið N ehf. Samningarnir sjálfir hafi ekki verið lagðir fram. Krafa sóknaraðila sé ekki rökstudd frekar né tilgreint á hvaða forsendum hún sé lögð fram. Kvörtun sóknaraðila sé á þá leið að varnaraðili hafi ekki viljað viðurkenna ónefndan lánssamning sem hann hafi samkvæmt sóknaraðila samið sjálfur í upphafi ónefndra viðskipta. Þá virðist sem sóknaraðilar séu í raun að óska eftir því við úrskurðarnefndina að hún gefi álit sitt á samningsuppköstum sem fylgi þó ekki kvörtuninni og orðunum kaupleiga, fjármögnunarleiga og endurfjármögnun sem sóknaraðilar vilji meina að séu þrjú orð um sama hlutinn. Það sé því alveg ljóst að kvörtun sóknaraðila uppfylli engan veginn lágmarkskröfur um skýrleika máls skv. e-lið 6. gr. fyrrgreindra samþykktar og falli enn síður undir starfssvið nefndarinnar, sbr. 3. gr. og b-lið 6. gr. samþykktanna.

Verði ekki fallist á aðalkröfu varnaraðila krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að þar sem það sé mat hans að sóknaraðila M skorti aðild til að leggja fram kvörtun á grundvelli gagna sem varði viðskipti á milli varnaraðila og þriðja aðila þá telji varnaraðili sér ekki fært að gera grein fyrir málsástæðum varakröfu sinnar að svo stöddu, m.a. í ljósi þagnarskylduákvæðis 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Telji úrskurðarnefndin hins vegar af einverjum ástæðum að ekki beri að fallast á aðalkröfu varnaraðila um frávisun og sjái þannig ástæðu til að taka málið til meðferðar óskar varnaraðili eftir því að fá að skila viðbótargreinargerð þar sem gerð verði grein fyrir málsástæðum til stuðnings varakröfunni.

Varnaraðili telur ómögulegt að taka til varna á grundvelli þeirra takmörkuðu upplýsinga og gagna sem fyrir liggja í málinu. Sé lágmark að forsendur kröfugerðar og þau gögn sem viðskiptasamband aðila grundvallist á liggja fyrir í málinu og sé því gerð krafa um að úr þeim annmörkum verði bætt og varnaraðila gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum í kjölfarið.

Varnaraðili vísar til þess hvað kröfur sóknaraðila um álit úrskurðarnefndarinnar á samningsuppköstum og orðunum kaupleiga, fjármögnunarleiga og endurfjármögnun varði sé sem fyrr segi alveg ljóst að slíkar álitsgjafir falli ekki undir starfssvið nefndarinnar. Telji hins vegar úrskurðarnefndin þessar kröfur falla undir starfssvið nefndarinnar þá sé í fyrsta lagi á það bent að engin samningsuppköst liggja fyrir í gögnum málsins og því ómögulegt fyrir nefndina að gefa álit á þeim og fyrir varnaraðila að koma að athugasemdum vegna þeirra. Yfirlitsblöð yfir tiltekna samninga sem fylgi kvörtun sóknaraðila séu ekki samningsuppköst. Þá geti orðin kaupleiga, fjármögnunarleiga og endurfjármögnun á engan hátt talist til samheita. Í því sambandi megi benda á að fjármögnunarleiga sé skilgreind á þann hátt að um sé að ræða leigusamning þar sem svo til öll áhætta og ávinningur sem fylgi eignarhaldi á eign sé yfirfærð og að eignarréttur ýmist færist eða færist ekki á milli aðila að lokum. Eitt af því sem aðgreini kaupleigusamninga frá fjármögnunarleigusamningum sé að í kaupleigusamningum verði leigutaki að jafnaði sjálfkrafa eigandi hins leigða í lok leigutímans án sérstakrar greiðslu eða frekari samninga. Ennfremur megi benda á að bókhalds- og skattaleg meðferð þessara leigusamningsforma séu með ólíkum hætti. Endurfjármögnun sé svo gjarnan úrræði þeirra sem hafi lent í greiðsluferfiðleikum vegna fjármögnunar og/eða vilji leita hagstæðari kjara með öðrum leiðum, til dæmis í formi nýrrar lántöku eða sölu á eign og endurleigu hennar. Komi fjármögnunarleigu- og kaupleigusamningar þá hugsanlega til skoðunar í þeim tilgangi.

Varnaraðili bendir á að varði krafa sóknaraðila að einhverju leyti fjármögnunarleigusamningsform varnaraðila þá liggja nú fyrir þrjú fordæmi Hæstaréttar Íslands þar sem fram hafi komið að ákvæði fjármögnunarleigusamninga varnaraðila séu skýr og eigi eingöngu við um leigusamninga. Í umræddum málum komi jafnframt fram að ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu eigi ekki við um þá samninga og að varnaraðila hafi verið heimilt að semja svo um við viðskiptamenn sína að leigugreiðslur tækju mið af gengi erlendra gjaldmiðla. Vísist í þessu sambandi til dóma Hæstaréttar í málum nr. 652/2011, 638/2013 og 717/2013.

Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við athugasemdir sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á hvað athugasemdir sóknaraðila um meinta blekkingu varnaraðila í þeim tilgangi að fá nefndina til að hafna beiðni sóknaraðila, að tilgreining á rangri kennitölu forsvarsmanns sóknaraðila hafi einfaldlega verið misritun af hálfu varnaraðila og sé beðist velvirðingar á því. Varnaraðili hafi engan hug á að blekkja nefndina til tiltekinna verka heldur hafi varnaraðili það eingöngu að augnamiði að gæta þess að fara að lögum um persónuvernd og starfshætti fjármálafyrirtækja áður en hann færi að tjá sig eða láta af hendi skjöl um viðskiptavini sína.

Verði ekki fallist á aðalkröfu varnaraðila um frávísun krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Bendir varnaraðili á að sóknaraðilar geri kröfu um að varnaraðili gangi frá uppgjöri á fjármögnunarleigusamningum nr. X og Y

á sanngjarnan hátt. Kvörtun sína byggir sóknaraðilar á því að varnaraðili hafi ekki viljað viðurkenna lánsamning og þykist vera vélaleiga þegar það henti. Sóknaraðilar virðist því byggja mál sitt á því að fjármögnunarleigusamningar aðila séu lánsamningar en ekki leigusamningar.

Varnaraðili bendir á að fyrir liggja fjölmörg fordæmi Hæstaréttar Íslands þar sem fjallað hafi verið um sambærilega samninga og mál þetta snúist um. Í umræddum málum hafi Hæstiréttur ætíð komist að sömu niðurstöðu, að fjármögnunarleigusamningsform varnaraðila sé leigusamningur eins og heiti þeirra, form og efni bendi til. Vísist í þessu sambandi til dóma Hæstaréttar í málum nr. 652/2011, 638/2013 og 717/2013. Einnig megi benda á dóma Hæstaréttar í málum nr. 315/2010, 37/2013, 459/2013, 460/2013, 672/2013, 177/2014, 205/2014, 246/2014 og 373/2014.

Varnaraðili vísar til þess að fjármögnunarleigusamningarnir sem um sé deilt í þessu máli hafi öll einkenni fjármögnunarleigusamninga, m.a. hvað varði form, hugtakanotkun og efnislegt innihald. Hið umþrætta samningsform aðila uppfylli öll skilyrði fyrir því að teljast leigusamningur skv. alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 17, sem lagagildi hafi hér á landi. Vísar varnaraðili til 4. gr. staðalsins.

Varnaraðili byggir á því að fjölmörg atriði staðalsins sýni fram á það ótvírætt að fjármögnunarleigusamningur varnaraðila sé leigusamningur en ekki lánsamningur. Bendir varnaraðili á að hann hafi í tengslum við rekstur Hæstaréttarmáls nr. 652/2011 látið nokkrar af stærstu endurskoðunarstofum landsins vinna álit fyrir sig um það hvort fjármögnunarleigusamningsform varnaraðila, sem legið hafi til grundvallar í því máli, gæti talist vera fjármögnunarleigusamningur í samræmi við IAS 17. Álit allra endurskoðunarfyritækjanna hafi verið á þá leið að fjármögnunarleigusamningsform varnaraðila félli undir staðalinn um leigusamninga og væri þannig leigusamningur.

Varnaraðili vísar til þess að leigusamningur sé gagnkvæmur samningur, þar sem annar aðilinn, leigusali, heimili gagnaðilanum, leigutaka, tiltekin afnot af leigumun gegn greiðslu endurgjalds sem kallist leiga eða leigugjald. Um sé að ræða gagnkvæman samning þar sem báðir samningsaðilar eigi rétt og beri skyldur. Lánsamningur sé það kallað þegar lánveitandi veiti eða lofi að veita lántaka lán í formi greiðslufrests eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og lántaki lofi að greiða lánið til baka skv. ákvæðum lánsamningsins.

Varnaraðili vísar til þess að af mismunandi skilgreiningum á leigusamningum og lánsamningum hér að framan megi ráða að hinir umþrættu fjármögnunarleigusamningar aðila séu leigusamningar en ekki lánsamningar. Eftirfarandi atriði megi einnig nefna í því sambandi.

Varnaraðili vísar til þess að heiti samninganna sé „fjármögnunarleigusamningur“. Í gegnum alla samningana sé miðað við „leigusala“ og „leigutaka“. Í þessu sambandi megi m.a. nefna að sóknaraðilar skrifi undir samningana í reit sem auðkenndur sé með heitinu „leigutaki“. Orðanotkun í samningunum bendi eindregið til að um sé að ræða leigusamninga. Sem dæmi um þetta megi nefna að gerð sé grein fyrir leigumun sem hinu leigða í 1. gr. samninganna og leigugrunni í 2. gr. samninganna. Í 4. gr. sé fjallað um grunnleigutíma og í 5. gr. sé fjallað um greiðslutilhögun leigu. Í 6. gr. samninganna sé gerð grein fyrir grunnleigutíma og framhaldsleigu. Á bakhlið samninganna sé sama orðnotkun og á framhlið og þannig ávallt gengið út frá því að um leigusamninga sé að ræða.

Varnaraðili bendir á að virðisaukaskattur leggist ofan á einstakar leigugreiðslur fjármögnunarleigusamninga en slíkt tíðkist aldrei í lánsamningum.

Skattyfirvöld geri til dæmis skýran greinarmun á meðhöndlun virðisaukaskatts í kaupleigusamningum annars vegar og fjármögnunarleigusamningum hins vegar. Varnaraðili hafi greitt virðisaukaskatt af kaupverðinu í upphafi til seljanda og hafi gengið út frá því að innheimta virðisaukaskattinn til baka í gegnum leigugreiðslur út grunnleigutímamann. Gangi það ekki eftir sé það breyting á þeim forsendum sem gengið hafi verið út frá við samningsgerðina en aðilar hafi verið sammála um að þar sem um leigusamninga væri að ræða skyldi greiða virðisaukaskatt af leigugreiðslum. Til viðbótar við þær virðisaukaskattsgreiðslur sem hér hafi verið lýst megi nefna að sóknaraðili N hafi innskattað virðisaukaskatt af leigugreiðslum í bókhaldi sínu. Allar þær virðisaukaskattsgreiðslur sem hér hafi verið lýst miðist við þann gagnkvæma skilning aðila að um leigusamninga hafi verið að ræða.

Varnaraðili bendir á að þegar leiga sé innheimt séu gjarnan sendir út „reikningar fyrir leigu“ og sé það sá háttur sem varnaraðili hafi haft á. Slíkt eigi ekki við þegar um lán sé að ræða. Á leigureikningum varnaraðila komi m.a. skýrt fram að við leiguna bætist virðisaukaskattur en sama eigi ekki við um lán eins og áður hafi komið fram.

Varnaraðili vísar til þess að eignarréttur haldist hjá leigusala fjármögnunarleigusamnings allan grunnleigutímamann og á framhaldsleigutímabilinu og sé því ekki um lánsamning að ræða. Auk þess hafi leigusali sem eigandi hins leigða þær heimildir sem teljist til grunneignarréttar eins og að geta selt eða veðsett eignarrétt sinn. Þessi atriði bendi til þess að um leigusamninga sé að ræða en ekki lánsamninga.

Varnaraðili byggir á því að löggjafinn líti á eignaleigu sem leigustarfsemi en ekki lánastarfsemi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002. Í 1 mgr. 20. gr. sömu laga komi skýrt fram að löggjafinn líti ekki á fjármögnunarleigu sem útlánastarfsemi. Í 1. mgr. 20. gr. sé fjallað um ýmsar tegundir af starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða. Í 2. tölul. séu taldir upp þættir sem falli undir útlánastarfsemi og sé fjármögnunarleiga ekki talin þar á meðal. Í 3. tölul. sé fjármögnunarleiga hins vegar tilgreind sérstaklega sem ein tegund af starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem sýni að löggjafinn telji fjármögnunarleigustarfsemi ekki vera lánastarfsemi.

Varnaraðili byggir á því að af framangreindri upptalningu leiði að um leigusamninga sé að ræða en ekki lánsamninga. Beri þegar af þeim ástæðum að hafna kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar geri þá kröfu að varnaraðili gangi frá uppgjöri á samningunum á sanngjarnan hátt. Skilgreining á hugtakinu sanngjarnt sé afstæð og því ekki fyllilega ljóst hvað sóknaraðilar eigi við með kröfu sinni. Um framkvæmd samninganna og útreikninga á leigu hafi verið farið í öllu eftir samningsskilmálum aðila. Við gerð fjármögnunarleigusamninganna hafi báðum aðilum verið það ljóst að gengisáhrif fylgdu því að hafa samningana gengistryggða fjármögnunarleigusamninga.

Varnaraðili kveður það hafa verið forsendu af sinni hálfu að þar sem um gengistryggða samninga hafi verið að ræða, að þá skyldu endurgreiðslur bundnar gengi á þeim erlendu myntum sem sóknaraðili N hafi valið og að við ákvörðun leigugreiðslna skyldi taka mið af LIBOR vöxtum með nánar tilgreindu álagi. Byggi greiðslutilhögun samninganna á því að við lok grunnleigutímans hafi varnaraðili fengið í sinn hlut upphaflegt kaupverð leigumuna, auk vaxta og kostnaðar sem varnaraðili hafi þurft að greiða á leigutímanum vegna eigin fjármögnunar á leiguandlaginu hjá erlendum fjármögnunaraðilum sínum. Sóknaraðilum hafi mátt vera þessi forsenda ljós. Gengisviðmiðunin hafi haft úrslitaáhrif á samninga aðila um

vaxtaviðmiðun. Sjáist það vel á þeirri staðreynd að mun hærrí vaxtaviðmiðun hafi ávallt verið hjá varnaraðila á þeim samningum sem ekki séu með gengisviðmið. Sóknaraðilar hafi þekkt forsenduna hvað varði gengistrygginguna og hafi vitað að hún hafi verið ákvörðunarástæða fyrir vaxtaviðmiði samninganna. Verði að telja að góður og gegn lántaki hafi fyllilega gert sér grein fyrir því að gengistrygging fjármögnunarleigusamninganna væri forsenda þeirrar vaxtaviðmiðunar sem í boði hafi verið.

Varnaraðili telur að rétt og sanngjarnt sé við framkvæmd samninganna að tekið sé mið af umsömdum samningsskilmálum þeirra og beri því að hafna kröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að uppgjöri á fjármögnunarleigusamningum sóknaraðila N ehf. nr. X og Y.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðili gangi frá uppgjöri á samningum nr. X og Y á sanngjarnan hátt. Þá óska sóknaraðilar eftir úrskurði nefndarinnar um samningsuppköst nr. X og Y og álits nefndarinnar á orðunum kaupleiga, fjármögnunarleiga og endurfjármögnun.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Krafa sóknaraðila um að varnaraðili gangi frá uppgjöri á samningum nr. X og Y á sanngjarnan hátt er verulega óljós. Verður af rökstuðningi fyrir kröfunni ekki fyllilega ráðið hvort sóknaraðilar telji sig hafa ofgreitt af samningnum miðað við upphaflega greiðsluáætlun, áliti að um gengistryggðan lánsamning sé að ræða eða óski eftir því að afsal verði gefið út vegna þeirra tækja sem samningarnir lúta að. Sóknaraðilar hafa í samskiptum við varnaraðila enda bæði gert kröfu um endurreikning í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010, sbr. tölvupóst, dags. 18. nóvember 2010 og krafist endurgreiðslu ofgreiðslu og afsals vegna tækja þeirra sem samningarnir lúta að, sbr. tölvupóst, dags. 20. júní 2011. Sóknaraðilar gera þó ekki tilraun til að sýna fram á að um gengistryggðan lánsamning sé að ræða, að ofgreitt hafi verið af samningunum eða að skilyrði þess að gefa út afsal fyrir tækjum þeim sem samningarnir lúta að sé fyrir hendi. Af kröfugerð sóknaraðila í máli þessu og rökstuðningi hennar verður ekki ráðið hver grundvöllur málsins sé. Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfum sóknaraðila um að varnaraðili gangi frá uppgjöri á samningum nr. X og Y á sanngjarnan hátt frá, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Krafa sóknaraðila um úrskurð nefndarinnar um samningsuppköst nr. X og Y er óskýr. Af henni verður ekki ráðið hvers sóknaraðilar krefjist í tengslum við samningsuppköst nr. X og Y og hvort um ræðir sömu kröfu og að framan er fjallað. Krafa þessi virðist í öllu falli ekki verða metin til fjár. Krafan virðist að auki órökstudd. Verður því ekki hjá því komist að vísa umræddri kröfu frá með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Krafa sóknaraðila um álit nefndarinnar á orðunum kaupleiga, fjármögnunarleiga og endurfjármögnun er ekki fjárkrafa og verður ekki metin til fjár eins og hún er fram sett. Í ljósi þess verður umræddri kröfu vísað frá á grundvelli b-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M og N ehf., á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 3. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 12. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 50/2014**:

M
N
L
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, N og L, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 28. mars 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 14. maí 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. maí 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 23. september 2014. Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. september 2014. Sóknaraðilar komu á framfæri frekari athugasemdum, með bréfi dagsettu 7. október 2014. Var bréfið sent varnaraðila, með bréfi nefndarinnar dagsettu 17. október 2014. Athugasemdir bárust frá varnaraðila þann 21. október 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 12. desember 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 4. ágúst 2006 var tryggingarbréf nr. X gefið út til FF. Sóknaraðilar L og N gerðu kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum M. við FF Fjármögnun eða þann sem veðhafi vísaði til í hvaða formi sem skuldbindingarnar væru eða yrðu, allt efni vali veðhafans og hvort um væri að ræða höfuðstól, verðbætur, dráttarvexti eða kostnað, hverju nafni sem nefndist, sem þau kynnu að verða við veðhafa á hverjum tíma að höfuðstól allt að fjárhæð kr. 1.000.000, auk dráttarvaxta og kostnaðar við innheimtuaðgerðir, væri FF sett að veði fasteignin, með 3. veðrétti og uppfærslurétti. Sóknaraðilar N og L skrifuðu undir sem þinglýstir eigendur.

Þann 26. febrúar 2008 var tryggingarbréf nr. Y gefið út til FF. Sóknaraðilar L og N gerðu kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum M, eða þann sem veðhafi vísaði til, að höfuðstól allt að fjárhæð kr. 1.600.000, auk dráttarvaxta og kostnaðar við innheimtuaðgerðir, væri FF fjármögnun sett að veði fasteign, með 4. veðrétti og uppfærslurétti.

Þann 26. febrúar 2008 var samningur um fjármögnunarleigu undirritaður á milli FF og M, sem leigutaka. Seljandi var tilgreindur O. Hið leigða var Ö. Kaupverð samtals án virðisaukaskatts var kr. 10.200.000. Fyrsti gjalddagi var 20. apríl 2008 og samningstími var til 19. apríl 2015. Leigugjald á samningstíma var kr. 158.250 á mánuði en lágmarksleigugjald eftir lok lágmarkssamningstíma var kr. 38.621. Samningurinn miðaðist við USD 25%, JPY 15%, EUR 40% og CHF 20%. Greiðsluþryggingar voru tilgreindar tryggingarbréf fasteign, 3. veðréttur IKR 1.000.000 og 4. veðréttur 1.600.000, USD 25%, JPY 15%, EUR 40% og CHF 20%.

Þann 9. október 2008 var skjalið „Yfirlýsing. Breyting á kaupleigusamningi“ undirritað. Tiltekið var að andvirði framtíðarleigugreiðslna samningsins næmi kr. 16.073.855 að viðbættum virðisaukaskatti. Fram kom að aðilar hefðu komist að samkomulagi um að breyta upphaflegri greiðsluáætlun samningsins á þann veg að frá og með 20. október 2008 yrði hver leigugreiðsla lækkuð tímabundið skv. meðfylgjandi greiðsluáætlun til og með 20. janúar 2009. Leigutími samningsins breyttist ekki við ofangreinda breytingu og mátti því gera ráð fyrir að leigugreiðslur hækkuðu að loknu ofangreindu tímabili skv. meðfylgjandi greiðsluáætlun til loka samningstímans miðað við ofangreindar grunnforsendur samningsins sem kynnu að breytast á samningstímanum til hækkunar eða lækkunar.

Þann 9. febrúar 2009 var skjalið „Yfirlýsing. Breyting á eignaleigusamningi“ undirritað. Tiltekið var að eftirstöðvar samningsins væru kr. 15.459.628. Fram kom að aðilar hefðu komist að samkomulagi um að breyta upphaflegri greiðsluáætlun samningsins á þann veg að frá og með 20. febrúar 2009 yrði hver leigugreiðsla lækkuð tímabundið skv. meðfylgjandi greiðsluáætlun til og með 20. júlí 2009. Jafnframt yrði samningurinn lengdur um fjóra mánuði og yrði lokadagsetning hans því 19. ágúst 2015 í stað 19. apríl 2015.

Þann 16. september 2009 var skilyrt veðleyfi undirritað. Samþykkti varnaraðili skilyrt veðleyfi vegna 3. og 4. veðréttanna í fasteigninni, sbr. framangreind tryggingarbréf. Fram kom að veitt væri veðleyfi fyrir ÍLS-veðbréfi, kr. 17.600.000 á 1. veðrétt fasteignarinnar, lántakendur U og Ú, og viki veðréttur varnaraðila sem því næmi með eftirfarandi skilyrðum: „A) *Veðleyfi þetta er bundið því skilyrði að Íbúðalánasjóður greiði andvirði kr. 17.600.000,- að frádregnu lántökugjaldi inn á reikning F; B) Einnig að lögg. fasteignasali ábyrgist að kr. 3.000.000 kaupsamningsgreiðsla að frádreginni sölubókun renni inn á sama reikning; C) Að greiðslur samkvæmt kaupsamningi ofangreindra aðila sem kaupanenda [svo] og N og L sem seljanda þann 01.12.2009 kr. 450.000,- þann 01.04.2010 kr. 450.000 og þann 01.08.2010 kr. 500.000,- verði greiddar inná [svo] bankareikning F fjármögnunar“.*

Fram kom að um leið og framangreindar greiðslur skv. skilyrðum A og B hefðu borist F yrði tryggingarbréfi sem í dag hvíldi á 4. veðrétti aflýst af eigninni, en tryggingarbréf sem hvíldi á þriðja veðrétti myndi hvíla áfram á eigninni uns greiðslur skv. kaupsamningi ofangreindra aðila og seljanda eignarinnar sóknaraðila N og L yrðu að fullu efndar skv. skilyrði C.

Þann 18. september 2009 var skjalið „Kaupsamningsgreiðslur kaupanda“ undirritað. Seljandi fasteignarinnar var tilgreind sóknaraðili L og kaupendur voru U og Ú. Afhendingardagur eignar var tilgreindur 1. nóvember 2009. Eftirfarandi var

greitt til seljanda: Kaupsamningsgreiðsla kr. 3.000.000, lántökugjald, 1% af veðskuldabréfi kr. 176.000, annar kostnaður kr. 17.600.000, kr. 2.600.000 inn á reikning Þ, kr. 576.000 inn á reikning Æ. Þá voru sundurliðaðar greiðslur til sýslumanns samtals að fjárhæð kr. 96.710. Greitt til fasteignasölu var kr. 39.840.

Þann 18. september 2009 greiddi U kr. 2.600.000 inn á reikning varnaraðila. Samdægurs greiddi U kr. 615.890 inn á reikning fasteignasölnunnar. Til sama aðila greiddi U kr. 96.710 sama dag.

Þann 18. september 2009 greiddi sóknaraðili L kr. 8.900 inn á reikning varnaraðila.

Þann 18. september 2009 var skjalið „Yfirlýsing um veð í almennum fjárkröfum samkvæmt 45. og 46. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð“ undirritað. Gerði sóknaraðili L kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum hennar eða síðar tilgreinds aðila, nú eða síðar, við varnaraðila, eða þann sem bankinn vísaði til í hvaða formi eða gjaldmiðli sem skuldbindingarnar væru eða yrðu á hverjum tíma, allt að vali bankans og hvort sem um væri að ræða höfuðstól, vexti, verðbætur, gengismun, dráttarvexti eða kostnað, hverju nafni sem nefndist, væri bankanum sett að veði fjárkrafa samkvæmt kaupsamningi, dagsettu 17. september 2009, milli sóknaraðila L, annars vegar og U og Ú, um fasteignina og bílskýli. Um peningagreiðsluvar að ræða að fjárhæð kr. 22.000.000, sem greiðast skyldi með peningum kr. 3.000.000, ÍLS láni kr. 17.600.000, með peningum 1. desember 2009 kr. 450.000, með peningum 1. apríl 2010 kr. 450.000 og með peningum 2. ágúst 2010 gegn útgáfu afsals kr. 500.000.

Þann 19. nóvember 2009 var framkvæmd ástandsskoðun og verðmat á bifreiðinni Ö. Áætlað markaðsvirði miðað við að bifreið væri í lagi var kr. 9.400.000. Kostnaður við að koma bifreið í nothæft ástand var kr. 159.060 og var því núvirði ökutækis að teknu tilliti til nauðsynlegra viðgerða kr. 9.240.940.

Þann 20. nóvember 2009 barst sóknaraðila tilkynning um mat frá SS lögmannsstofu. Tilkynntist sóknaraðila að matsverð væri kr. 9.400.000 að frádregnum áætluðum viðgerðarkostnaði að fjárhæð kr. 159.060 og að frádregnum sölukostnaði að fjárhæð kr. 235.000 eða nettómatsverð kr. 9.005.940.

Þann 26. nóvember 2009 mat J hjá Krafti bifreiðina Ö. Í skjalinu „Verðmætamat“ kom eftirfarandi fram: „*Til viðmiðunar nota ég núvirði svipaðrar bifreiðar með sambærilegum útbúnaði og eðlilegar afskriftir samkvæmt afskriftartöflu. Áætlað söluverðmæti þessarar bifreiðar miðað við núverandi markaðsaðstæður mun vera um það bil Kr 10.500.000.- til 11.000.000.- án VSK. Miðað er við að bifreiðin sé í góðu viðhaldi, líti vel út miðað við akstur og árafjölda sem að baki er.*“

Þann 16. desember 2009 barst sóknaraðila N leiðrétt innheimtubréf frá lögmannsstofu sem hafði verið falið að innheimta kröfu varnaraðila að fjárhæð kr. 10.072.843. Höfuðstóll kröfunnar var sagður nema kr. 19.068.758, dráttarvextir voru kr. 299.727, banka- og stimpilkostnaður var kr. 7.350, innheimtubóknun var kr. 75.000, útprentun úr Lánstrausti var kr. 430, innborgun nam kr. 450.000, sem lækkaði heildarsamtölu kröfunnar en það sama gerði andvirði leigumuna kr. 8.928.422.

Sóknaraðili N sendi varnaraðila f.h. sóknaraðila M ódagsett bréf þar sem hann óskaði ráðlegginga vegna þess að hann væri búinn að missa mikið af vinnu og flutningabílinn væri ekki auðseljanlegur.

Þann 8. júlí 2010 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem farið var fram á, í ljósi dóma Hæstaréttar um gengismál, að varnaraðili sendi lögmanninum stöðu á innheimtumáli sem hefði verið í gangi á sóknaraðila. Óskað var eftir

útreikningi á stöðu málsins og á hvaða forsendum þeir útreikningar byggðust en þess var krafist að samningurinn yrði reiknaður upp á grundvelli umsaminnna vaxta en tenging við erlenda gjaldmiðla felld út.

Þann 8. júlí 2010 sendi lögmaður sóknaraðila bréf á fasteignasalann Þórunni S. Eiðsdóttur þar sem farið var fram á að skilyrta veðleyfið yrði virt að vettugi og greiðslunni haldið þar til útséð væri með hvert staða viðkomandi samnings sambands væri.

Þann 23. júlí 2010 sendi varnaraðili lögmanni sóknaraðila bréf þar sem vísað var til dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 og bent á að þeir hafi fjallað um form kaupleigusamninga, sem m.a. lúti ákvæðum laga nr. 121/1994 um neytendalán, og tekið fram að dómarnir hafi ekki fjallað um aðrar tegundir „leasingsamninga“. Yrði staðan sú að Hæstiréttur teldi sömu niðurstöðu gilda um fjármögnunarleigusamninga þrátt fyrir t.d. ákvæði 2. gr. laga um vexti og verðtryggingu væri fullyrðing um skuldleysi sóknaraðila samt sem áður órökstudd, hvort heldur sem miðað væri við LIBOR-vexti leigusamningsins eða óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands.

Þann 11. ágúst 2010 var afsal vegna fasteignarinnar undirritað. Afsalsgjafi var sóknaraðili L og afsalshafar voru Ú og U.

Þann 25. september 2010 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf og kvað sóknaraðila hafa tjáð honum að þeir hefðu engu ráðið um það hvernig lánið hafi verið gengistryggt, heldur hafi verðtryggingin verið sett sem skilyrði fyrir láninu. Þá taldi lögmaðurinn nauðsynlegt að varnaraðili upplýsti á hvaða verði hann hafi endurselt flutningabifreiðina.

Þann 27. október 2011 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem óskað var upplýsinga um verð bifreiðarinnar sem skilað hafi verið. Þá var óskað eftir því að allar greiðslur sem sóknaraðilar höfðu greitt til varnaraðila yrðu endurgreiddar, ásamt vöxtum og kostnaði. Að öðrum kosti yrði málið kært til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra eða sérstaks saksóknara. Að lokum var þess krafist að samningurinn frá 28. febrúar 2008 yrði sendur lögmanninum ásamt öllum upplýsingum um greiðslur skv. honum til varnaraðila eða forvera hans ásamt söluandvirði bifreiðarinnar er hún var seld.

Þann 14. mars 2012 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem raktar voru niðurstöður í nokkrum dómum Hæstaréttar varðandi gengistryggingu. Taldi hann af þeim mega ráða að mál sóknaraðila hefði verið afgreitt með ólögmetum hætti af lánveitanda. Ljóst væri að kröfur sem gerðar hefðu verið á hendur sóknaraðilum hefðu verið verulega hærri en þær voru raunverulega skv. dómunum. Þá hafi bifreiðin Ö aldrei verið eign varnaraðila heldur M. Krafan um afhendingu bifreiðarinnar hafi því verið ólögmet með öllu. Farið var fram á að varnaraðili upplýsti hvaða fjárhæðir hefðu verið greiddar inn á umræddan fjármögnunarleigusamning, að lánið yrði reiknað miðað við áður rakta dóma Hæstaréttar með upphaflegum vöxtum miðað við þær innborganir sem inntar hefðu verið af hendi, að upplýst yrði hve mikið af andvirði söluverðs íbúðarinnar hefði farið til greiðslu fjármögnunarleigusamningsins og hve mikið upp í aðrar skuldir við varnaraðila og að lögmanninum yrði sendur upphaflegur fjármögnunarleigusamningur og þau gögn sem gerð hafi verið í tengslum við þá samningsgerð.

Þann 14. mars 2012 sendi lögmaður sóknaraðila, viðurkenndum bókara, bréf þar sem farið var fram á að samningur og upplýsingar um hvað greitt hefði verið inn á samninginn yrðu sendar.

Þann 14. mars 2012 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem bent var á að sóknaraðili L hefði aldrei fengið uppgjör frá bankanum á greiðslum inn á lánasamning sem hvíldi á 3. og 4. veðrétti fasteignar hennar, við sölu fasteignarinnar. Óskað var eftir því að upplýst yrði með skjallægum hætti hvernig söluandvirði eignarinnar hafi verið ráðstafað af bankanum.

Þann 22. mars 2012 sendi varnaraðili lögmanni sóknaraðila bréf þar sem því var lýst að á gildistíma framangreinds samnings hefðu verið gefnir út reikningar samtals að fjárhæð kr. 4.001.923 m/vsk og greiddar hefðu verið kr. 2.772.287. Bifreiðinni hafi að beiðni sóknaraðila N verið skilað þann 26. október 2009 og hafi hún verið verðmetin á kr. 9.400.000 en gerðar hafi verið athugasemdir við ásand hennar hjá Frumherja að andvirði kr. 156.060. Útlagður kostnaður vegna bifreiðarinnar hafi endanlega numið kr. 93.945. Annar útlagður kostnaður sem fallið hafi til vegna ástandsskoðunar, lögmannskostnaðar og sölulauna. Bifreiðin hafi verið seld þriðja aðila þann 27. apríl 2010 á kr. 9.750.000 án vsk. Fjallað var um sölu fasteignarinnar. Fram kom að veðleyfi hafi verið veitt gegn því skilyrði að varnaraðila yrði greitt kr. 450.000 þann 1. desember 2009, kr. 450.000 þann 1. apríl 2010 og kr. 500.000 þann 1. ágúst 2010 eða alls kr. 1.400.000. Kvað varnaraðili ekki liggja fyrir upplýsingar hjá E hvernig söluandvirði eignarinnar hafi verið ráðstafað að öðru leyti. Þá fjallaði varnaraðili um réttarstöðuna varðandi framangreindan samning, m.a. varðandi dóm Hæstaréttar í máli nr. 600/2011. Tiltekið var að ýmis gögn sem beiðin hefði verið um væru meðfylgjandi bréfinu, ásamt ítarefni sem tengdist málinu.

Þann 20. apríl 2013 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem skorað var á varnaraðila að upplýsa hvernig sú krafa sem sóknaraðili var krafinn um hafi orðið til.

Þann 20. október 2013 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem því var lýst yfir að framangreindur samningur væri í raun lánasamningur.

Þann 11. mars 2014 barst sóknaraðila N yfirlit ábyrgða. Fram kom að sóknaraðili væri í ábyrgð fyrir samningi nr. Þ, greiðandi M, til tryggingar á fjármögnunarleigu. Tiltekið var að framtíðarandvirði ábyrgðar 31. desember 2013 væri kr. 0, áfallið ógreitt vegna samnings 31. desember 2013 var kr. 15.100.309. Samtals var skuldbinding 31. desember 2013 kr. 15.100.309.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. mars 2014.

Þann 28. mars 2014 sendi varnaraðili lögmanni sóknaraðila bréf þar sem fram kom að bankinn hefði ákveðið að láta ekki reyna á réttarstöðu sína að eigin frumkvæði varðandi endurútreikninga fjármögnunarleigusamninga og þess í stað hafið undirbúning að endurútreikningum þeirra í samræmi við dóma Hæstaréttar um gildi fullnaðarkvittana. Tiltekið var að um flókið verk væri að ræða og að vonast væri til þess að því yrði lokið á árinu 2014.

Þann 26. júní 2014 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem óskað var nánari skýringa á inntaki bréfs varnaraðila, dags. 28. mars 2014. Óskuðu sóknaraðilar upplýsinga um hvort sá skilningur væri réttur að samningur sóknaraðila yrði endurreiknaður.

Þann 30. september 2014 barst sóknaraðila endurreikningur á kröfu frá varnaraðila vegna framangreinds samnings. Tiltekið var að upphafsdagur samnings væri 20. apríl 2008, lokadagur samningsins væri 19. ágúst 2005, síðasti útgefni gjalddagi var 20. október 2009 og vörslusviptingardagur var 26. október 2009. Fram kom að upphaflegur höfuðstóll hefði verið kr. 10.200.000, greiddar afborganir af gengistryggðum hluta hefðu verið kr. 1.802.834 og eftirstöðvar gengistryggðs hluta

Þann 20. október 2009 hefðu verið kr. 8.397.166. Óverðtryggðir vextir SÍ frá 20. október 2009 til 26. október 2009 voru kr. 0. Lokagreiðsla inn á uppgjör v/stýrt mat var kr. 7.632.346. Ný endurreiknuð staða þann 26. október 2009 var kr. 764.820 og óverðtryggðir vextir SÍ frá 26. október 2009 til 30. september 2014 var kr. 283.865. Ný staða þann 30. september 2014 var kr. 1.048.658. Sérstakur liður var á endurreikningnum með yfirskriftinni „Afstemming á stýrðu mati“. Þar kom fram að matsverð væri kr. 9.400.000, viðgerðarkostnaður væri kr. 159.060, þungaskattur væri kr. 25.638, sölukostnaður væri kr. 235.000 og kostnaður lögmanna væri kr. 51.880. Til lækkunar á vanskilum var því kr. 8.928.422. Fram kom að ráðstafað í dráttarvexti á útg.greiðslus. væri kr. 39.831, ráðstafað í samningsvexti á útg.greiðslus. væri kr. 245.834, ráðstafað í afborganir á útg.greiðslus. væri kr. 741.211, ráðstafað í vsk. á útg.greiðslus. væri kr. 242.439, ráðstafað inn á eftirstöðvar væri kr. 7.632.346, ráðstafað í greiðslugjöld á útg.greiðslus. væri kr. 2.500, skeytakostnaður 21. september 2009 væri kr. 5.500 og rekstrarreikningar væru kr. 18.761 eða samtals kr. 8.928.422.

Þann 7. október 2014 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf vegna endurútreiknings á framangreindu láni. Óskað var upplýsinga um nánar tilgreind atriði í endurútreikningnum. Þá kom fram að sóknaraðili hefði lagt saman gjalddaga frá 20. apríl 2008 til 20. maí 2009 og hafi fengið út kr. 2.559.059, þá hafi hann lagt saman gjalddagana frá 20. júní til 20. október 2009 (stýrt mat) og hafi fengið út kr. 1.231.984. Bent var á að væri fjárhæðin kr. 1.231.984 lögð við kr. 7.690.189 kæmi út kr. 8.922.173. Samkvæmt þessu taldi sóknaraðili að ný endurreiknuð staða, þ.e. kr. 764.820 miðað við 26. október 2009 kynni að vera röng. Óskað var skýringa á stöðunni. Óskað var upplýsinga vegna greiðslna á sölu íbúðarinnar. Þá benti lögmaðurinn á að í uppgjörreikningnum væri miðað við að bifreiðin hefði verið tekin upp í skuldina á kr. 7.690.000.

Þann 14. október 2014 sendi varnaraðili lögmanni sóknaraðila bréf með svörum við fyrirspurnum í bréfi lögmannsins, dags. 7. október 2014. Tiltekið var að stýrt mat merkti að nettó verðmæti leigutækisins að teknu tilliti til frádráttarliða sem fram kæmu í almennum skilmálum leigusamningsins, s.s. ástand tækis, opinber gjöld, kostnaður við sölumeðferð og fleira yrði varið til lækkunar á samningsskuldbindingu viðskiptavinarins. Tekið var fram að fjárhæðin kr. 2.559.059 væri fengin með því að leggja saman allar greiðslur viðskiptavinarins sem varið hefði verið til greiðslu áfallinna leigugreiðslna, með innri vöxtum samningsskuldbindingarinnar, dráttarvöxtum ætti það við, virðisaukaskatti og kostnaði. Fjárhæðin kr. 1.802.834 væri sá hluti heildargreiðslu viðskiptavinarins sem varið hefði verið til að greiða niður leigugrunn. Fram kom að upphafleg samningsskuldbinding hafi numið kr. 10.200.000 að nafnvirði en fjárhæðin kr. 11.481.232 hafi verið andvirði þeirra greiðslna sem greiddst hafi inn á skuldbindinguna vegna leiguhluta samningsins, virðisaukaskatts, ávöxtunarkröfu samningsins, dráttarvaxta og greiðslugjalda. Þær greiðslur væru meðhöndlaðar sem innborganir væru greiðslur frá sóknaraðila og andvirði leigumunar sem hafi komið nettó til stýringar inn á samningsskuldbindinguna. Þá fjallaði varnaraðili um viðskipti vegna sölu fasteignarinnar. Fram kom að varnaraðili hefði að beiðni sóknaraðila fellt niður veð á fjórða veðrétti gegn því að eftirfarandi greiðslur yrðu inntar af hendi vegna tryggingarbréfs á 3. veðrétti. Þann 11. desember 2009 var kr. 432.000 stýrt inn á lánið, kr. 450.000 þann 16. apríl 2010 og kr. 476.000 þann 11. ágúst 2010. Mismunurinn á kr. 1.400.000 og þeirri fjárhæð sem greiddar hafi verið og

Þeirri fjárhæð sem stýrt hafi verið inn á skuldina, kr. 1.358.000, þ.e. kr. 42.000 hafi farið til greiðslu lögmanskostnaðar. Þá var tiltekið að samkvæmt bókum bankans og yfirliti yfir endurreikning hefðu komið til lækkunar á skuldbindingu sóknaraðila kr. 8.928.422, en hluta af þeirri fjárhæð hafi verið varið til að greiða gjaldfallnar leigugreiðslur frá 20. júní 2009 til og með 20. september sama ár.

Þann 21. nóvember 2014 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem hann gerði athugasemdir við dráttarvexti í tengslum við framangreindan endurreikning varnaraðila. Taldi lögmaðurinn að sóknaraðilar hefðu ofgreitt kr. 2.834.705.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar N og M ehf. krefjast þess að viðurkennt verði með úrskurði að sú fjárhæð sem M ehf. fengu hjá FF, þann 26. febrúar 2008, til að greiða BK sendibílum ehf., andvirði bifreiðarinnar Ö hafi verið ólöglegt erlent lán [svo]. Verði fallist á að um ólöglegt erlent lán hafi verið að ræða krefst N þess að bankanum verði gert að endurreikna lánið yfir í íslenskar krónur í samræmi við dómafordæmi, einnig hvað áfallna vexti varði.

Sóknaraðilar N og L krefjast þess upplýst verði hverjar eftirstöðvar skuldar skv. samningnum frá 26. febrúar 2008, sem breytt var með yfirlýsingum/samningum þann 9. október 2008 og aftur þann 9. febrúar 2009, hafi verið eftir að bifreiðinni Ö hafi verið skilað til bankans þann 26. október 2009 og síðan eftir að ofangreind tryggingarbréf hafi verið innleyst af bankanum í september 2009 eða þegar greiðslur til bankans bárust vegna íbúðarsölu.

Sóknaraðili N krefst þess að varnaraðili upplýsi hvernig umkrafin fjárhæð á innheimtubréfi, dags. 11. mars 2014, sé grundvölluð og reiknuð frá upphafi, þ.e. þeim 26. febrúar 2008, miðað við þær innborganir sem greiddar hafi verið inn á skuldina og þann kostnað sem fallið hefur á N við innheimtu skuldarinnar. Þá krefst N þess að úrskurðað verði að bankinn upplýsi hvernig 12. gr. samningsskilmála samningsins frá 26. febrúar 2008 hafi verið beitt af bankanum eftir að N skilaði bifreiðinni til dótturfélags bankans með aðstoð vörslusviptingarfyrirtæki bankans.

Sóknaraðilar krefjast þess að bankinn sýni fram á það með skiljanlegum og skýrum útreikningum hvernig krafan hafi verið reiknuð frá upphafi. Ekki sé nægilegt að benda á kvittanir og greiðsluseðla heldur verði að sýna fram á það með útreikningum hvernig krafan hafi staðið á hverjum tíma, miðað við þær innborganir sem greiddar hafi verið inn á kröfuna í formi peningagreiðslna og með skilum á bifreiðinni á sínum tíma.

Í athugasemdum sóknaraðila, dags. 23. september 2014, komu þau á framfæri eftirfarandi kröfu.

Sóknaraðili L krefst þess að úrskurðað verði að skuldbinding hennar skv. tryggingarbréfum útgefnum 4. ágúst 2006 og 26. ágúst 2008, verði úrskurðuð ólöglegt.

Sóknaraðilar kveða kvörtunina setta fram á grundvelli 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Einnig vísa sóknaraðilar til 19. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og til 19. gr. b sömu laga um það að varnaraðili eigi að hafa við höndina öll gögn til að svara spurningum í b og c liðum.

Sóknaraðili N bendir á að hann hafi fengið lán, að fjárhæð kr. 10.200.000 þann 26. febrúar 2008. Hann hafi greitt til varnaraðila vegna þessa láns alla vega um kr. 16.600.000 en sé nú krafinn um 15.100.309 til viðbótar. Telur sóknaraðili N þetta bersýnilega ósanngjarnt. Hann hafi verið svo óheppinn að hafa fest kaup á bifreiðinni rétt fyrir hrúnið mikla seinni hluta árs 2008 og þá hafi strax orðið ákveðinn ómöguleiki fyrir því að hann gæti staðið við samninginn vegna mikils gengisfalls krónunnar. Lánið hafi verið verðtryggt miðað við erlendan gjaldeyri en sóknaraðili N hafi unnið fyrir íslenskum krónum og greitt með þeim af láninu. Einnig hafi orðið mikill samdráttur á þeim markaði sem N hafi fyrirhugað að fá verkefni fyrir bifreiðina.

Sóknaraðilar benda á að strax og vanskil hafi orðið hafi vörslusviptingarfyrtæki farið að hringja til sóknaraðila N með hótanir um vörslusviptingu að nóttu til og hafið að senda honum rukkanir. Einnig hafi P hringt í hann og ráðlagt honum að skila bifreiðinni. Þá hafi hann ákveðið að skila bifreiðinni sem tekin hafi verið til baka á næstum því sama verði og hann hafi keypt bifreiðina á. Þá hafi komið í ljós, að þrátt fyrir það stæði enn eftir skuld sem tryggingarbréf á íbúð hans og konu hans stæðu fyrir. Hafi sóknaraðila N verið tjáð af bankanum að með því að selja íbúðina og borga þannig tryggingarbréfin, myndi hann losna við frekari skuldir og kostnað. Það hafi hann gert í samvinnu við bankann. Þrátt fyrir allt þetta sé hann í dag krafinn um kr. 15.600.000 og hafi aldrei fengið endanlegt uppgjör frá bankanum, um það hvernig andvirði tryggingarbréfanna hafi verið tekið inn á skuldina. Telja sóknaraðilar þetta tæpast eðlilega viðskiptahætti, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 og reglugerð Fjármálaeftirlitsins um góða viðskiptahætti nr. 670/2013.

Til stuðnings kröfu um að um sé að ræða ólöglegt gengistryggt lán vísa sóknaraðilar til þess að umræddur samningur með heitinu „Fjármögnunarleigusamningur“ sé í raun og veru lánessamningur í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Því hafi gengistrygging samningsins við erlendar myntir verið ólöglegt og beri því bankanum að endurreikna samninginn með hliðsjón af því og láta fara fram uppgjör á grundvelli fordæma Hæstaréttar.

Sóknaraðilar byggja á því að hinir tvíþættu skilmálar samningsins séu fyllilega sambærilegir þeim skilmálum sem um hafi verið deilt í dómi Hæstaréttar í máli nr. 282/2011. Geti varnaraðili ekki skýlt sér á bak við vangaveltur um fordæmisgildi þess dóms enda fordæmi skýrt, hvað varði þá samningsskilmála sem á hafi reynt í málinu.

Sóknaraðilar vísa til þess að samningur M og FF fjármögnunarleigu beri heitið „Samningur um fjármögnunarleigu“. Komi fram að leigutaki sé M ehf. og seljandi sé BK Sendibílar ehf. Segi að kaupverð án virðisaukaskatts sé kr. 10.200.000. Greinilegt sé að fjárhæðin sé skilgreind sem kaupverð.

Sóknaraðilar benda á að í 4. tölul. skilmála samningsins komi fram að lágmarksfjöldi gjalddaga séu 84 og fyrsti gjalddagi hafi verið þann 20. apríl 2008 en samningstími sé til 19. apríl 2015. Í 5. tölul. undir heitunum „leigugjald á samningstíma“ og „Leigugjald/kaupverð í íslenskum krónum við gerð samnings“ komi eftirfarandi fram: „1. greiðsla þann 20.04.2008 kr. 0. 83 greiðslur með 1 mánaða millibili í fyrsta sinn þann 20.05.2008 kr. 158.250.“ Jafnframt komi fram í sama tölulið að leigugjald eftir lok lágmarkssamningstíma sé kr. 38.621. Hér sé bæði talað um kaupverð og leigugjald.

Sóknaraðilar vísa til þess að samkvæmt 6. tölul. með heitinu „Samningsviðmiðun“ sé miðað í upphafi við USD 25%, JPY 15%, EUR 40% og CHF 20%. Þá segi að endanleg fjárhæð í erlendri mynt/myntum ráðist af gengi á útborgunardegi samningsins. Í almennum skilmálum samningsins sé tekið fram að

þeir gildi jafnt um kaupleigu- og fjármögnunarleigu, rétt eins og í Kraftvélardómnum svokallaða. Séu þessir skilmálar á bakhlið samningsins með smáu lettri. Séu skilmálarnir tvíþættir, þ.e. skiptist í sérstaka skilmála í sjö liðum og almenna skilmála í 15 greinum. Séu þessir skilmálar eins og aðrir fullkomlega þeir sömu og í áður nefndum dómi.

Benda sóknaraðilar á að í hinum sérstöku skilmálum samningsins séu mörg atriði sem illa samrýmist því að um leigusamning sé að ræða. Þetta eigi m.a. við um tilgreiningu á seljanda bifreiðarinnar BK Sendibílar ehf. Þá sé í 3. lið skilmálanna tilgreint kaupverð bifreiðarinnar og „samningsfjárhæð“. Geti sóknaraðilar með engu móti séð hvaða hlutverki þessari upplýsingar gengi í leigusamningi enda þurfi t.d. ekki að tilgreina höfuðstól skuldar þegar um leigusamninga sé að ræða. Í 6. lið sé rætt um gengi á útborgunardegi samnings, en ekki verði séð hvaða útborgun geti verið að ræða í leigusamningi. Þá séu í 7. lið réttaráhrif aftur tengd við útborgunardag en nú þau að vextir frá þeim degi skuli greiddast með fyrsta gjalddaga.

Sóknaraðilar telja að þegar þessi þáttur skilmálanna sé metinn heildstætt samrýmist hann því mun betur að samningur sé í raun lán en ekki leiga á tiltekinni bifreið.

Sóknaraðilar benda á að efni hinna almennu skilmála sé fyrst og fremst sniðið að kaupleigusamningum og samrýmist því í mörgum atriðum illa að um fjármögnunarleigusamning geti verið að ræða. Megi í þessum efnum vísa til ákvæðis 1. gr. um að leigutaki komi fram sem kaupandi gagnvart seljanda bifreiðarinnar og eigi réttindi og beri skyldur sem slíkur samkvæmt ákvæðum kaupalaga og að vanefndir seljanda séu leigusala óviðkomandi og hafi engin áhrif á skuldbindingar leigutaka.

Sóknaraðilar byggja á því að óumdeilt sé að það félag sem sóknaraðili N hafi verið í forsvari fyrir hafi haft frumkvæði að kaupum á sendibílnum sem samningurinn hafi varðað. Ekki verði séð að varnaraðili hafi komið að kaupunum að öðru leyti en að hann hafi verið skráður eigandi til tryggingar efnudum samningsins.

Sóknaraðilar vísa til þess að í 2. gr. skilmálanna sé ákvæði um að leigusala væri heimilt að endurreikna leigugjaldið samkvæmt breytingum sem kynnu að verða á millibankavöxtum á þeim erlendu gjaldmiðlum sem við hafi verið miðað í samningnum. Þetta ákvæði sýni að greiðslur samkvæmt samningnum báru vexti en slíkt samrýmist ekki eðli leigusamninga. Þá komi einnig fram í 12. gr. almennu skilmálanna að greiðslur hafi borið vexti.

Sóknaraðilar benda á að ákvæði 7. gr. almennu skilmálanna samrýmist því vart að um leigusamning geti verið að ræða. Samkvæmt því ákvæði hafi leigutaki borið ábyrgð á öllu tjóni og bilunum á hinu leigða og hafi skylda hans til greiðslu leigu ekki átt að falla niður þótt notkun hins leigða stöðvaðist vegna tjóns eða bilunar á því. Samkvæmt þessu hafi því ekki verið samhengi milli greiðslna sóknaraðila og afnota af samningsandlaginu.

Sóknaraðilar vísa til þess að af ákvæði 12. gr. skilmálanna leiði að þótt samningnum yrði rift eða slitið á annan hátt á samningstímanum félli greiðsluskylda leigutaka ekki niður, heldur beri leigutaka að greiða í einu lagi það sem hefði borið að greiða á þeim gjalddögum sem eftir stæðu að „frádrögnum vaxtahluta“ þessara greiðslna. Þá skyldi draga verðmæti hins leigða frá því sem leigutaki skyldi greiða og verði ráðið af efni greinarinnar að stæði þá eitthvað eftir af andvirði hins leigða, skyldi því ráðstafað í þágu leigutaka. Þessar uppgjörsgreglur samrýmist því að við uppgjör leigusamningsins skuli lántaki greiða eftirstöðvar höfuðstóls lánsins en njóta þess hluta andvirðis hlutar sem keyptur hafi verið fyrir lánsféð sem eftir standi, þegar

lánveitandi hafi nýtt sér tryggingarrétt sinn í hlutnum. Samrýmist þetta á engan hátt reglum um uppgjör við slit fjármögnunarleigusamninga.

Þá byggja sóknaraðilar á að samið hafi verið svo í upphafi að leigutaki myndi eignast sendibifreiðina við lok samningsins eða ætti kauprétt að honum. Í 12. gr. b samningsins sé kveðið svo á að við lok lágmarkssamningstíma fjármögnunarleigusamningsins framlengist samningurinn um óákveðinn tíma sé honum ekki sagt upp. Greinilega sé ekki um að ræða fjármögnunarleigu heldur kaupleigu í búningi fjármögnunarleigusamnings í samræmi við Kraftvéladóminn.

Sóknaraðilar vísa til þess að samið hafi verið um það frá upphafi viðskipta sem þessara á milli FF. og M að síðarnefnda félagið myndi eignast tækið, sem fjármagnað hafi verið með samningi aðila, í samningslok gegn fyrirfram ákveðinni greiðslu.

Sóknaraðilar kveða umsamið kaupverð hafa verið 3% af samningsverði og skyldi það greitt með lokareikningi. Þessu til sönnunar vísa sóknaraðilar til þriggja reikninga varnaraðila vegna þessa samnings sem um ræði vegna gjalddaganna 20. desember 2008, 20. mars 2009 og 20. maí 2009. Komi fram svohljóðandi samhljóða texti: „Áætlað verðmæti leigumunar í lok samningstíma er 3% af uppfærðri samningsfjárhæð“. Ekki hafi komið til þess að reyndi á réttarstöðuna í lok samningsins í tilviki þessa samnings en finna megi fjöldamörg dæmi þess í öðrum samningum varnaraðila við aðila á þessum tíma, s.s. þá samninga sem um ræði í Kraftvéladómnum.

Sóknaraðilar benda á tvær skilmálabreytingar sem gerðar hafi verið á samningnum, sú fyrri þann 9. október 2009 og sú síðari þann 9. febrúar 2009. Beri fyrri skilmálabreytingin heitið „Yfirlýsing. Breyting á kaupleigusamningi“. Hér sé því rætt um kaupleigusamning en ekki fjármögnunarleigusamning og því ljóst að skilningur beggja aðila samningsins hafi verið sá að um væri að ræða kaupleigusamning. Þar af leiðandi sé um að ræða lán samkvæmt fordæmum Hæstaréttar. Þar komi jafnframt fram aftan á skilmálabreytingunni „greiðsluáætlun samningsins“ og séu þar tilteknir vextir.

Benda sóknaraðilar á að seinni skilmálabreytingin beri heitið „Yfirlýsing. Breyting á eignaleigusamningi“. Hér sé því rætt um eignaleigusamning, sem sé samheiti yfir kaupleigusamninga og fjármögnunarleigusamninga. Verði í ljósi áðurnefndra sérstakra og almennra skilmála samningsins og orðalags í reikningum varnaraðila vegna samningsins um áætlað verðmæti leigumuna í lok samningstíma, að túlka orðalagið með þeim hætti að um sé að ræða kaupleigusamning.

Vísa sóknaraðilar til þess að í báðum greiðsluáætlunum samningsins sem fylgt hafi ofangreindum skilmálabreytingum komi fram eftirfarandi texti: „Greiðslusamningur – Lokagreiðsla 503.809,92“. Megi álykta sem svo að um sé að ræða umsamið kaupverð, þ.e. 4% af verðmæti leigumuna í lok samningstíma miðað við þáverandi forsendur, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010. Ekki sé því um að ræða fjármögnunarleigusamning.

Þegar framangreind atriði séu virt í heild telja sóknaraðilar að þótt umræddur samningur hafi upphaflega verið nefndur fjármögnunarleigusamningur sé það heiti nafnið tóm. Verði að líta til efnis samningsins og þá sé deginum ljósara að í raun hafi varnaraðili veitt M ehf. lán til kaupa á sendibifreið sem bankinn hafi kosið að klæða í búning leigusamnings. Því sé um að ræða lánsamning í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001.

Sóknaraðilar byggja á því að eignaleigufyrirtæki teljist til lánastofnana í skilningi laga nr. 161/2002 skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. Sóknaraðilar byggja einnig á að eignaleigusamningar falli undir

lög um neytendalán, sbr. d-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 121/1994. Kaupleigusamningar séu ein tegund eignaleigusamninga.

Sóknaraðilar byggja á að bankinn hafi þunga sönnunarbyrði í þessu máli um að um sé að ræða svokallaðan fjármögnunarleigusamning. Benda þau í því efni á að Hæstiréttur hafi talið stöðluð samningsákvæði í máli nr. 652/2011 skýr, en að hinir almennu skilmálar í samningsformi í máli nr. 282/2011 væru fyrst og fremst sniðnir að kaupleigusamningum og samrýmdust því í mörgum atriðum illa að um fjármögnunarleigusamning væri að ræða. Byggja sóknaraðilar á að eins sé það varðandi þann samning sem undir sé í þessu máli.

Sóknaraðilar vísa til þess að samningsfjárhæðin hafi verið kr. 10.200.000 sem sýni ótvírætt að um hafi verið að ræða skuldbindingu í íslenskum krónum og að skýrlega komi fram í samningnum að myntbreytingarákvæði samningsins séu einungis til viðmiðunar um höfuðstól skuldarinnar, sbr. orðið „samningsviðmiðun“ í 16. tölul. á framhlið samningsins (Hrd. 155/2011).

Sóknaraðilar byggja á því að sönnunarbyrði um eðli samningsins hvíli á bankanum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 693/2012 sem sé og í samræmi við túlkunarreglur samninga- og kröfuréttar um að umdeilanleg og óljós samningsákvæði beri að jafnaði að túlka eða skýra þeim í óhag sem samið hafi þau einhliða, sbr. og augljósan aðstöðumun aðila þessa máls.

Sóknaraðili L kvartar yfir því að hún sem greiðandi af samningnum sem eigandi íbúðar og útgefandi tryggingarbréfa hafi ekki fengið yfirlit um það til hvers greiðslur frá henni hafi gengið og hvað skuldin sem tryggingarbréfin áttu að tryggja hafi lækkað mikið við þá greiðslu eða þær greiðslur sem greiddar hafi verið til varnaraðila eftir að hún hafi selt íbúð sína til lúkningar á þeim tryggingarbréfum. Byggir sóknaraðili L á því að hún eigi rétt á að fá upplýsingar um til hvers greiðslur úr íbúð hennar hafi runnið og sóknaraðili N að hann eigi rétt á að fá upplýsingar um hver hafi orðið lækkun skuldarinnar vegna greiðslunnar.

Byggja sóknaraðilar á því að þau eigi rétt á að fá að vita hvernig skuldin sé til orðin og grundvölluð og reiknuð frá upphafi. Um sé að ræða ákveðna grundvallarreglu sem bæði byggist á þeim skyldum sem kröfuhafa beri að fara eftir þegar hann krefji skuldara um skuld. Í þessu efni skírskota sóknaraðilar einnig til skyldu fjármálastofnana, skv. þeim lögum sem um slíkar stofnanir gildi.

Til stuðnings framangreindri kröfu sóknaraðila L sem sett var fram í athugasemdum sóknaraðila, dags. 23. september 2014, vísar hún til þess að hún sé örugglega neytandi í þessum viðskiptum. Ljóst sé því að ekki hafi mátt skuldbinda tryggingarbréfið með gengi erlendra gjaldmiðla, en ekkert hafi verið upplýst hvað orðið hafi um þær fjárhæðir sem runnið hafi til varnaraðila við sölu íbúðar hennar.

Sóknaraðilar vísa til þess að eftir að kvörtun hafi verið send til nefndarinnar hafi komið bréf frá varnaraðila þar sem fallist hafi verið á endurreikning lánsins. Ljóst sé skv. bréfum varnaraðila og þeim endurreikningum sem fylgt hafi hvernig endurreikningurinn sé grundvallaður. Hins vegar kveðast sóknaraðilar ekki sáttir við hvernig þær innagreiðslur sem þau hafi sannanlega innt af hendi með sölu íbúðar L, hafi verið teknar inn á niðurstöðu endurútreikningsins. Sé endurreikningurinn ekki skýr hvað þetta varði.

Benda sóknaraðilar á að fyrir það fyrsta hafi L aldrei fengið nokkra kvittun um hvernig greiðslur þessar hafi verið greiddar til varnaraðila frá þeirri fasteignasölu sem

söluna hafi haft til meðferðar og hvernig greiðslur þessar hafi verið móttæknar af varnaraðila, eins og hún hafi átt rétt á. Komi þetta vel fram í gögnum málsins og fyrirspurnum til bankans um þessi atriði.

Sóknaraðilar vísa til þess að nú hafi loks verið upplýst að þessar innaborganir sem gengið hafi til varnaraðila vegna sölu íbúðarinnar hafi verið teknar inn á dráttarvexti, nema kr. 192.262, sem sagt sé að gengið hafi inn á höfuðstól lánsins. Sóknaraðilar telja að þessir dráttarvextir séu ekki lengur virkir. Þeir hafi verið það miðað við að um lögmætt erlent lán hafi verið að ræða, en séu það ekki lengur miðað við grundvöll endurútreikningsins. Þar með eigi þau að fá þessar greiðslur til sín.

Sóknaraðilar kveða um þetta atriði enn standa ágreining varðandi fyrstu úrskurðarkröfu sóknaraðila. Ekki verði því annað séð en að skv. a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar verði nefndin að taka á þessum ágreiningi. Krefjast sóknaraðilar þess að það verði gert. Ljóst sé að í kvörtuninni sé einnig kvartað yfir óréttmætum viðskiptaháttum. Það geta ekki verið eðlilegir viðskiptahættir að þessi atriði séu ekki betur skýrð af varnaraðila en gert hafi verið.

Sóknaraðilar kveða aðrar kröfur skv. kvörtuninni standa óbreyttar. Sé og ljóst að varnaraðili hafi ekki stundað eðlilega viðskiptahætti varðandi viðskiptin við sóknaraðila. Eigi það sérstaklega við varðandi þvingunina um að L seldi íbúð sína til lúkningar á skuldinni.

Sóknaraðilar telja það ljóst að þrátt fyrir endurreikninginn þá sé hann ekki skýr hvað ofangreind atriði varði. Sé ekkert því til fyrirstöðu að nefndin taki á þessum ágreiningi.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila um endurútreikning verði hafnað en kröfu sóknaraðila verði að öðru leyti vísað frá nefndinni.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum verði hafnað á þeim grundvelli að varnaraðili lýsti því yfir með bréfi, dags. 28. mars 2014, að umþrætt bílalan yrði endurútreiknað í samræmi við dóma Hæstaréttar um gildi fullnaðarkvittana. Sömuleiðis upplýsti varnaraðili um ráðstöfun við innlausn tryggingarbréfsins með tölvupósti til umboðsmanns sóknaraðila þann 2. maí 2014.

Varnaraðili telur að þegar hafi verið fallist á kröfu sóknaraðila um endurútreikning. Telur varnaraðili því óhjákvæmilegt að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum sóknaraðila enda hafi varnaraðili þegar orðið við þeim eins og unnt sé.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að með vísan til þess sem að framan greini sé óhjákvæmilegt að hafna kröfu sóknaraðila um endurreikning lánsins, enda liggi fyrir að varnaraðili hafi þegar lýst yfir að endurreikningur muni fara fram. Í kvörtun sóknaraðila felist að öðru leyti krafa um að varnaraðili afhendi eða veiti upplýsingar um tiltekin atriði til sóknaraðila eða úrskurðarnefndarinnar.

Varnaraðili telur ljóst að krafa sóknaraðila um afhendingu upplýsinga uppfylli ekki skilyrði b-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki þar sem þær kröfur verði ekki metnar til fjár. Ekki sé um að ræða kröfur um peningagreiðslu eða kröfu sem verði jafnað til beinnar fjárkröfu.

Af framansögðu krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila um endurreikning verði hafnað en kröfum sóknaraðila verði að öðru leyti vísað frá úrskurðarnefndinni án efnislegrar meðferðar.

Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við athugasemdir sóknaraðila, dags 23. september 2014. Varnaraðili ítrekaði gerðar kröfur í málinu.

Varnaraðili vísar til þess að hann hafi þegar endurreiknað bílalan sóknaraðila. Niðurstaða endurreikningsins sýndi að greiddar leigugreiðslur á leigutímanum úr hendi leigutaka og greiðslan sem hafi borist vegna sölu fasteignarinnar á grundvelli tryggingarbréfs væru ekki nægilegar til að greiða upp samningsskuldbindingu M ehf. við varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að hann hafi ávallt svarað sóknaraðilum eftir bestu getu, eins og gögn málsins sýni, og því sé fráleitt að telja að varnaraðili hafi ekki sýnt af sér góða viðskiptahætti fjármálastofnana. Hafi varnaraðili nú síðast boðið fulltrúa sóknaraðila upp á fund með þeim aðilum sem vinni að endurreikningi sambærilegra samninga og sóknaraðila, til nánari skýringa. Hafi varnaraðili því að öllu leyti reynt að verða við óskum sóknaraðila um skýringar og upplýsingar sem kröfur hans varði.

Bendir varnaraðili á að mergur málsins sé að kröfur sóknaraðila felist enn í því að varnaraðili afhendi eða veiti sóknaraðila eða nefndinni upplýsingar um tiltekin atriði. Varnaraðili telur ljóst að krafa þessi um afhendingu upplýsinga uppfylli ekki skilyrði b-liðar 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki þar sem þær kröfur verði ekki metnar til fjár. Ekki sé um að ræða kröfur um peningagreiðslu eða kröfu sem verði jafnað til beinnar fjárkröfu.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðilar hafi bætt við kröfur sínar með bréfi til úrskurðarnefndarinnar, dags. 23. september 2014, þar sem þess sé krafist að skuldbinding sóknaraðila L, skv. tryggingarbréfum „verði úrskurðuð ólögæt“. Krafa sóknaraðila hvað þetta varði sé óljós og órökstudd að mestu. Telur varnaraðili að krafan sé svo óljós og illa upplýst að henni beri að vísa frá nefndinni á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktu nefndarinnar.

Varnaraðili krefst þess að þessari nýju kröfu verði hafnað, verði henni ekki vísað frá nefndinni. Það eina sem komi fram í bréfi sóknaraðila um rökstuðning fyrir þessari nýju kröfu sé að sóknaraðili L sé neytandi og að af því leiði að ekki hafi mátt „skuldbinda tryggingarbréfið með gengi erlendra gjaldmiðla“. Fáí þessi röksemd með engu móti staðist að mati varnaraðila enda ljóst að umrædd tryggingarbréf séu veðbréf sem sérstaklega sé heimilt að binda við gengi erlendra gjaldmiðla samkvæmt lögum nr. 75/1997 um samningsveð, sbr. 3. mgr. 4. gr. Sé ekki að finna neinar lögbundnar takmarkanir á þeirri heimild þó veðsali kunnir að vera neytandi og hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á neinar slíkar takmarkanir. Beri af þeirri ástæðu að hafna þessari nýju kröfu sóknaraðila verði henni ekki vísað frá nefndinni.

V.

Niðurstaða.

Það athugast að eftir að máli þessu var beint til nefndarinnar birti varnaraðili sóknaraðilum endurútreikning, á umræddum lánessamningi, sem byggir á þeirri forsendu að um sé að ræða lánessamning sem tengdur hafi verið við gengi erlendra gjaldmiðla með ólögætum hætti. Í kjölfar þessa hafa aðila verið í nokkrum

samskiptum, en jafnframt rekið málið áfram fyrir nefndinni og þá breytt kröfum sínum og bætt í, til samræmis við þessi samskipti. Hefur þetta leitt til þess að sakarefnið er ekki svo afmarkað sem heppilegast væri. Dregur niðurstaða málsins óhjákvæmilega dóm af þessu.

Ágreiningur aðila lýtur að viðskiptum sóknaraðila við varnaraðila í tengslum við „Samning um fjármögnunarleigu“, dags. 26. febrúar 2008, tryggingarbréf nr. X, dags. 4. ágúst 2006 og tryggingarbréf nr. Y, dags. 26. febrúar 2008.

Í upphafi verður vikið að kröfu sóknaraðila N og M ehf. um að viðurkennt verði að framangreindur samningur um fjármögnunarleigu hafi verið ólöglegt erlent lán [svo] og verði fallist á það krefjast sóknaraðilar endurreiknings lánsins.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggja að ágreiningur sé um sakarefnið.

Aðilar máls þessa hafa allt frá árinu 2009 verið í samskiptum vegna framangreinds samnings um fjármögnunarleigu og nefndra tryggingarbréfa. Virðist varnaraðili hafa svarað fyrirspurnum sóknaraðila, en sóknaraðili hefur ekki lagt fram öll bréf varnaraðila, sem vísað er til í samskiptum aðila. Í ljósi þess að sóknaraðili hafði áður krafist varnaraðila um endurreikning lánsins verður kröfu sóknaraðila þar að lútandi ekki vísað frá á grundvelli 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Sama dag og kvörtun sóknaraðila barst nefndinni, þ.e. 28. mars 2014, sendi varnaraðili sóknaraðila bréf þar sem fram kom að bankinn hefði ákveðið að láta ekki reyna á réttarstöðu sína að eigin frumkvæði varðandi endurútreikninga fjármögnunarleigusamninga og þess í stað hafið undirbúning að endurútreikningum þeirra í samræmi við dóma Hæstaréttar um gildi fullnaðarkvittana. Þann 30. september 2014 barst sóknaraðila endurreikningur á kröfu frá varnaraðila vegna framangreinds samnings.

Í kröfu sóknaraðila fyrir nefndinni getur ekki falist endurskoðun á endurreikningi, enda hafði varnaraðili ekki birt sóknaraðilum endurreikning þegar sóknaraðilar vísuðu málinu til nefndarinnar, sbr. 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá verður sá skilningur ekki lagður í kröfu sóknaraðila sem beint var til nefndarinnar.

Með vísan til alls framangreinds og þess að varnaraðili hefur birt sóknaraðila endurreikning samnings um fjármögnunarleigu verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðilar um að viðurkennt verði að um gengistryggt lán hafi verið að ræða og að lánið verði endurreiknað.

Verður þessu næst vikið að kröfu sóknaraðila N og L um að upplýst verði hverjar eftirstöðvar skuldar skv. framangreindum samningi um fjármögnunarleigu, hafi verið eftir að bifreiðinni Ö hafi verið skilað til bankans og síðan eftir að ofangreind tryggingarbréf hafi verið innleyst af bankanum eða þegar greiðslur bárust til bankans vegna íbúðarsölnunar.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár.

Framangreint sakarefni málsins lýtur að afhendingu gagna í tengslum við eftirstöðvar skuldar sóknaraðila eftir innborganir vegna sölu bifreiðarinnar Ö og vegna íbúðarsölu sóknaraðila L. Enda þótt sóknaraðilar hafi að þessu leyti enga beina fjárkröfu uppi í málinu á hendur varnaraðila verður að líta svo á að þessi krafa um afhendingu gagna standi í svo nánu sambandi við fjárkröfuna að fjalla megi um hana þrátt fyrir ákvæði b-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili útskýrði með bréfi, dags. 14. október 2014, til lögmanns sóknaraðila hvernig greiðslum vegna sölu bifreiðarinnar Ö og íbúðar sóknaraðila L var ráðstafað inn á skuldina.

Í kröfu sóknaraðila fyrir nefndinni getur ekki falist endurskoðun á endurreikningi, enda hafði varnaraðili ekki birt sóknaraðilum endurreikning þegar sóknaraðilar vísuðu málinu til nefndarinnar, sbr. 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá verður sá skilningur ekki lagður í kröfu sóknaraðila sem beint var til nefndarinnar.

Með vísan til alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna framangreindri kröfu sóknaraðila, enda hefur varnaraðili skýrt hvernig greiðslum vegna sölu bifreiðarinnar Ö og vegna sölu íbúðar sóknaraðila L var ráðstafað inn á skuldina.

Þá verður fjallað um kröfu sóknaraðila N um að varnaraðili upplýsi hvernig umkrafin fjárhæð á innheimtubrési, dags. 11. mars 2014, hafi verið grundvölluð og reiknuð frá upphafi, miðað við þær innborganir sem greiddar hafi verið inn á skuldina og þann kostnað sem fallið hafi á N við innheimtu skuldarinnar.

Sóknaraðilar hafa ekki lagt fram umrætt innheimtubrési, dags. 11. mars 2014. Hins vegar barst með kvörtuninni skjalið „Yfirlit ábyrgða“, dags. 11. mars 2014, þar sem fjárhæð skuldbindingarinnar var tilgreind. Verður að telja að vísan sóknaraðila til innheimtubrési í kröfu til nefndarinnar eigi við þetta skjal og verður við það miðað.

Eins og áður hefur verið rakið endurreiknaði varnaraðili samning sóknaraðila eftir að sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar. Hefur varnaraðili með bréfi, dags. 14. október 2014, veitt sóknaraðila skýringar á endurreikningnum og boðið sóknaraðilum fund til til nánari útskýringa.

Í kröfu sóknaraðila fyrir nefndinni getur ekki falist endurskoðun á endurreikningi, enda hafði varnaraðili ekki birt sóknaraðilum endurreikning þegar sóknaraðilar vísuðu málinu til nefndarinnar, sbr. 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá verður sá skilningur ekki lagður í kröfu sóknaraðila sem beint var til nefndarinnar.

Með vísan til alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Verður því næst vikið að kröfu sóknaraðila um að bankinn sýni með skiljanlegum og skýrum útreikningum hvernig krafan hafi verið reiknuð frá upphafi.

Eins og áður hefur verið rakið endurreiknaði varnaraðili samning sóknaraðila eftir að sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar. Hefur varnaraðili með bréfi, dags. 14. október 2014, veitt sóknaraðila skýringar á endurreikningnum og boðið sóknaraðilum fund til til nánari útskýringa.

Í kröfu sóknaraðila fyrir nefndinni getur ekki falist endurskoðun á endurreikningi, enda hafði varnaraðili ekki birt sóknaraðilum endurreikning þegar

sóknaraðilar vísuðu málinu til nefndarinnar, sbr. 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá verður sá skilningur ekki lagður í kröfu sóknaraðila sem beint var til nefndarinnar.

Með vísan til alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Þá verður vikið að kröfu sóknaraðila L um að úrskurðað verði að skuldbinding hennar skv. tryggingarbréfum útgefnum 4. ágúst 2006 og 26. ágúst 2008 verði úrskurðuð ólögmet.

Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar nefndin ekki um mál sem eru það óljós og illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili L gerir enga tilraun til að færa rök fyrir framangreindri kröfu eða skýra hvers vegna skuldbinding hennar skv. umræddum tryggingarbréfum var ólögmet. Er þessi krafa sóknaraðila L því svo óljós og illa upplýst að ekki verður hjá því komist að vísa henni frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu nefndarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, L, um að úrskurðað verði að skuldbinding hennar skv. tryggingarbréfum útgefnum 4. ágúst 2006 og 26. ágúst 2008 verði úrskurðuð ólögmet, er vísað frá.

Öllum öðrum kröfum sóknaraðila, M ehf., N og L, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 12. desember 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 12. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 51/2014**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 31. mars 2014, með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 12. maí 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. maí 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðilum.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. og 12. september 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 14. maí 2001 var stjórnarfundur hjá varnaraðila sem sóknaraðili N sat. Vék hún sæti undir lið 3 þar sem eftirfarandi var bókað: „*Munnlegt erindi hefur borist frá A og B, þar sem óskað er eftir láni að upph. u.þ.b. 4 m.kr. til kaupa á húseigninni [svo] C. Einnig er óskað eftir að skilmálum á skuldum A verði breytt þannig að kjör og tímalengt [svo] verði í samræmi við lán til húsnæðiskaupa. Lánin yrðu tryggð með 1. veðrétti á C á undan láni frá Íbúðalánasjóði upp á rúmar 6 m.kr. **Samþykkt að verða við ofangreindri beiðni miðað við ofangreindar forsendur.***“

Þann 20. september 2001 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ undirritað af sóknaraðila M og A og B. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 8.550.000 var tiltekinn A og sóknaraðili M var tilgreindur ábyrgðarmaður. Tekið var fram að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum. Staðfesti sóknaraðili M að hann hefði fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Óskaði hann eftir að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og setti upphafsstafi sína við það val. Tiltekið var að greiðslumat færi

ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000. Ekki kom fram hver niðurstaða greiðslumats væri.

Þann 20. september 2001 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 8.550.000, gefið út af A til varnaraðila. Fasteign aðalskuldara að C, var sett að veði á 2. veðrétti til tryggingar skuldabréfinu. Sóknaraðili M tókst einnig á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar því.

Þann 15. október 2001 sat sóknaraðili N stjórnarfund hjá varnaraðila þar sem samþykkt var að veita A lán að upphæð kr. 8.000.000.

Gerðar voru breytingar á greiðsluskilmálum framangreinds skuldabréfs þann 22. september 2003 og 29. desember 2004, sem sóknaraðili M skrifaði m.a. undir. Þá var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins þann 19. júní 2009 sem sóknaraðili M virðist ekki hafa skrifað undir. Þá var gerð frysting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins þann 14. febrúar 2011 sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir en af því tilefni var gert greiðslumat á aðalskuldara sem benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Sóknaraðili M hefur ekki skrifað undir umrætt greiðslumat.

Fyrir liggur fjárhagsyfirlit úr tölvukerfum varnaraðila, breytt þann 18. febrúar 2014. Fram kemur að afgangur á mánuði fyrir og eftir lánveitingu sé kr. 20.118, heildartekjur árið 2012 hafi verið kr. 25.426.406, heildareignir sama ár kr. 23.080.000 og heildarskuld kr. 72.264.039. Hrein eign var neikvæð um kr. 49.184.039.

Þann 14. desember 2005 var skuldabréf nr. Y, að fjárhæð kr. 7.000.000, gefið út af A til varnaraðila. Sóknaraðilar tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Staðfestu þau með undirritun sinni að gera sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra væri fölginn og að þau teldu hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt að þau hefðu kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001.

Þann 23. desember 2005 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga Y“ undirritað. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 7.000.000 var A og sóknaraðilar voru tilgreindir ábyrgðarmenn. Ekki kom fram hvort meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum. Þá staðfestu sóknaraðilar að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Óskuðu sóknaraðilar eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og settu upphafsstafi sína við það val. Tiltekið var að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000. Ekki kom fram hver niðurstaða greiðslumats væri.

Þann 19. júní 2009 var gerð breyting á greiðsluskilmálum umrædds skuldabréfs sem sóknaraðilar skrifuðu m.a. undir. Þann 14. febrúar 2011 var gerð frysting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins sem sóknaraðilar skrifuðu ekki undir. Af því tilefni var gert greiðslumat á aðalskuldara sem benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Sóknaraðilar hafa ekki skrifað undir umrætt skjal.

Fyrir liggur fjárhagsyfirlit úr tölvukerfum varnaraðila, breytt þann 18. febrúar 2014. Fram kemur að afgangur á mánuði fyrir og eftir lánveitingu sé kr. 20.118, heildartekjur árið 2012 hafi verið kr. 25.426.406, heildareignir sama ár kr. 23.080.000 og heildarskuld kr. 72.264.039. Hrein eign var neikvæð um kr. 49.184.039.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun mótttekinni 31. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili M krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hans á veðskuldabréfum nr. X og Y verði úrskurðuð ógild. Sóknaraðili N krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hennar á veðskuldabréfi nr. Y verði úrskurðuð ógild.

Vegna skuldabréfs nr. X er vísað til þess að varnaraðili hafi keypt skuldabréfið án þess að láta fara fram mat á greiðslugetu sóknaraðila M.

Sóknaraðilar vísa til þess að hinn 27. janúar 1998 hafi verið gengið frá samkomulagi um notkun sjálfskuldarábyrgða. Hafi það öðlast gildi 1. maí sama ár og að fullu 1. desember á því ári. Fyrir hönd sparisjóða, þ.m.t. varnaraðila, hafi Samband íslenskra sparisjóða undirritað samkomulagið. Samkvæmt 2. gr. samkomulagsins taki það m.a. til sjálfskuldarábyrgða á skuldabréfum. Í 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins komi fram að sé sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu beri fjármálafyrirtæki að „*meta greiðslugetu greiðanda með þeim aðferðum sem þar tíðkast óski ábyrgðarmaður eftir því áður en hann gengst í ábyrgð*“. Jafnframt komi þar fram að á lánsúmsókn eða öðrum gögnum sem fyllt séu út við afgreiðsluna skuli ábyrgðarmaður staðfesta skriflega hvort hann óski eftir því að greiðslugeta greiðanda verði metin eða ekki. Síðan segi að fjármálafyrirtæki sé skylt að greiðslumeta greiðanda þegar óskað sé sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nemi meira en einni milljón króna.

Sóknaraðilar vísa til þess að aðalskuldari kveðist ekki hafa farið í greiðslumat vegna veðskuldabréfsins og sé það í samræmi við skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Skipti í því sambandi ekki máli hvernig sparisjóðurinn lýsi framkvæmd greiðslumats á umræddu eyðublaði. Eins og ljóst megi vera felist í þeirri aðferð framkvæmd sem fullnægi á engan hátt þeim skilyrðum sem gera verði þegar fjármálafyrirtæki hafi skuldbundið sig til að meta greiðslugetu lántakenda. Sé ljóst að slíkt mat hljóti eðli máls samkvæmt að fela í sér bæði mat á tekjum og gjöldum hlutaðeigandi lántaka og þannig liggi fyrir það ráðstöfunarfé sem hann hafi til greiðslu skuldbindinga sinna. Einföld útskrift á skuldbindingum hans hjá Reiknistofu bankanna (F.E. yfirlit) geti ekki eðli málsins samkvæmt falið í sér mat á greiðslugetu.

Sóknaraðilar vísa til þess að framkvæmd varnaraðila hafi þannig verið í andstöðu við skýr fyrirmæli 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Þá virðist verklag sparisjóðsins við útgáfu skuldabréfsins einnig hafa verið í andstöðu við 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Háttsemi varnaraðila, eins og henni sé hér lýst falli því undir ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. m.a. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 50/2013. Af þessum sökum sé ábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila M ógild.

Sóknaraðilar benda á að umræddu veðskuldabréfi hafi fyrst verið skilmálabreytt 22. september 2003 og hafi þá nýtt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekið gildi eða 1. nóvember 2001. Við þá skilmálabreytingu hafi ekki farið fram greiðslumat á útgefanda skuldabréfsins en ábyrgðarmaður hafi samþykkt skilmálabreytinguna með undirritun sinni. Verði að telja þessa framkvæmd af hálfu varnaraðila í andstöðu við ákvæði hins nýja samkomulags. Sama máli gegni um aðra skilmálabreytingu frá 29. desember 2004, þá þriðju frá 26. júní 2009 og loks þá fjórðu sem gerð hafi verið 14. febrúar 2011.

Sóknaraðilar byggja á því að í öllum þessum tilvikum hafi varnaraðili látið undir höfuð leggjast að framkvæma greiðslumat þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli 3. gr. samkomulagsins. Einnig vegna þessa falli háttsemi sparisjóðsins undir ákvæði 36. gr.

laga nr. 7/1936, sbr. m.a. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 50/2013.

Sóknaraðilar vísa til þess að það sé ekki fyrr en nú þegar A hafi óskað eftir skilmálabreytingu á umræddu veðskuldabréfi (frystingu á greiðsluskilmálum) að sparisjóðurinn framkvæmi greiðslumat og leggi fyrir hann eyðublað sem beri heitið „Niðurstaða greiðslumats“ og óski eftir að ábyrgðarmaður riti nafn sitt á blaðið og staðfesti þannig að hann hafi séð niðurstöðu greiðslumats og fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Þannig sé sjóðurinn nú að leitast við að bæta úr vanrækslu til margra ára við aðstæður þar sem staða lántaka sé vitaskuld veik. Verði að telja þessa háttsemi sparisjóðsins afar ósanngjarna í garð hins skráða ábyrgðarmanns, sem nú sé á 82. aldursári, og falli undir ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936.

Vegna veðskuldabréfs nr. Y vísa sóknaraðilar til þess að varnaraðili hafi keypt skuldabréfið án þess að fram hafi farið mat á greiðslugetu aðalskuldara.

Sóknaraðilar benda á að í lánsúmsókn, dags. 14. desember 2005, komi einungis fram að sparisjóðnum sé heimilt að afla yfirlits (F.E. yfirlit) frá Reiknistofu bankanna til þess að kanna skuldbindingar umsækjanda. Þá undirriti ábyrgðarmenn eyðublaðið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ og þar sé einungis um að ræða eina færslu frá hvorum ábyrgðarmanna, þar sem þeir svari þeirri spurningu neitandi hvort greiðslugeta lántakanda skuli metin. Ekki sé merkt við reit þar sem ábyrgðarmenn lýsa því yfir að þeir hafi séð greiðslumatið og ekki sé merkt við hvort lántakandi hafi staðist greiðslumatið eða ekki.

Sóknaraðilar byggja á því að aðalskuldari kveðist ekki hafa farið í greiðslumat vegna veðskuldabréfsins og sé það í samræmi við framangreint. Sú vanræksla sé í andstöðu við 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þá sé þessi háttsemi sparisjóðsins ósanngjörn og ólögmat í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936. Af þeim sökum séu ábyrgðaryfirlýsingar sóknaraðila ógildar.

Sóknaraðilar benda á að umræddu skuldabréfi hafi verið skilmálabreytt tvisvar en í hvorugt skiptið hafi varnaraðili framkvæmt greiðslumat á aðalskuldara þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli 3. gr. samkomulagsins. Einnig vegna þessa falli háttsemi sparisjóðsins undir ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. m.a. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 50/2013. Af þessum sökum séu ábyrgðarskuldbindingar sóknaraðila ógildar. Sé í þessu sambandi enn fremur vísað til þess að ábyrgðarmenn séu báðir á eftirlaunum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili N hafi verið stjórnarmaður í stjórn varnaraðila árin 1997 til 2007. Árið 1997 hafi hún komið inn sem varamaður en hafi verið aðalmaður í stjórn frá aðalfundi 1998 til aðalfundar 2007. Sóknaraðili N hafi því verið í stjórn sparisjóðsins á þeim tíma sem veðskuldabréfin hafi verið undirrituð. Hlutverk stjórnar sé meðal annars að meðhöndla og eftir atvikum samþykkja eða synja um lánveitingar til viðskiptavina sparisjóðsins. Í gegnum stjórn fari því þau skjöl sem tilheyri hverri úmsókn fyrir sig og stjórn þurfi að hafa vitneskju um verklagsreglur og þar sem við eigi um þau málefni sem afgreidd séu hverju sinni.

Varnaraðili vísar til þess að þann 14. maí 2001 hafi sóknaraðili N setið stjórnarfund hjá varnaraðila þangað sem borist hafi erindi frá syni hennar, A og konu

hans B um lánveitingu þeim til handa. Miðað við þær forsendur sem upp hafi verið gefnar í erindinu hafi beiðnin verið samþykkt. Þann 14. október 2001 hafi verið bókuð á stjórnarfundum hjá varnaraðila lánveiting til aðalskuldara. Hafi sóknaraðili N einnig setið þann fund og undirritað fundargerð.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili N hafi setið stjórnarfund hjá varnaraðila þann 15. desember 2005 þar sem tekið hafi verið fyrir mál um að breyta yfirdráttarheimild aðalskuldara í máli þessu í lán. Sóknaraðili N hafi vikið af fundi við afgreiðslu málsins og hafi það verið samþykkt. Sóknaraðili N hafi undirritað fundargerð og því ljóst að málið hafi verið tekið fyrir og samþykkt.

Varðandi veðskuldabréf nr. X vísar varnaraðili til þess að fyrir liggja eyðublaðið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Með undirritun á þetta eyðublað staðfesti sóknaraðili M að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Einnig komi fram á eyðublaðinu að jákvæð niðurstaða greiðslumats feli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efni skyldur sínar, svo sóknaraðila hafi átt að vera það fyllilega ljóst þegar hann hafi gengist undir ábyrgðina. Á eyðublaðinu komi fram að sóknaraðili M óski ekki eftir að gert verði greiðslumat, þrátt fyrir vitneskju hans um upphæð lánsins. Greiðslumat hafi ekki verið gert í þessu tilviki, enda talið óþarft þar sem allir aðilar hafi verið upplýstir um lánveitinguna að öllu leyti, s.s. upphæð hennar, þýðingu sjálfskuldarábyrgðar, þýðingu mögulegs greiðslumats o.fl.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili N, eiginkona sóknaraðila M, hafi undirritað eyðublaðið sem vottur. Hún hafi því getað séð hvaða reitir þess hafi verið útfylltir og gert athugasemdir skv. vitneskju sinni, sem hún hafi óumdeilanlega haft, hafi henni þótt þörf á og henni borið skylda til samkvæmt stöðu sinni. Það hafi hún ekki gert og ábyrgð sóknaraðila M tekið gildi með undirritun hans.

Varnaraðili telur að ætla megi að greiðslumat aðalskuldara hefði orðið jákvætt í þessu tilviki þar sem gögn sýna að bréfið hafi verið í skilum í tvö ár, þar til gerð hafi verið skilmálabreyting í september 2003. Minnt sé á að greiðslumat sé útreikningur á greiðslugetu lántaka, ólíkt lánshæfismati sem byggir á viðtækari upplýsingum. Það sé því ekki hægt að draga þær ályktanir að greiðslumat hefði orðið neikvætt af því að það hafi farið í vanskil á árinu 2003, heldur þvert á móti.

Varnaraðili byggir á því miðað við ofangreint að þrátt fyrir að greiðslumat liggja ekki fyrir, hafi sóknaraðili M verið að fullu upplýstur um málið þegar hann hafi gengist undir sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu. Því beri að hafna kröfu sóknaraðila.

Varðandi veðskuldabréf nr. Y vísar varnaraðili til þess að fyrir liggja eyðublaðið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga Y“. Með undirritun sinni hafi sóknaraðilar staðfest að þau hafi fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Einnig sé tekið fram að jákvæð niðurstaða greiðslumats tryggi ekki að skuldari efni skyldur sínar. Á eyðublaðinu komi fram að hvorugt sóknaraðila óski eftir því að fram fari greiðslumat, þrátt fyrir vitneskju þeirra um fjárhæð skuldbindingarinnar. Greiðslumat hafi ekki verið gert í þessu tilviki, enda talið óþarft þar sem aðilar hafi allir verið upplýstir um lánveitinguna að öllu leyti, s.s. upphæð hennar, þýðingu sjálfskuldarábyrgðar, þýðingu mögulegs greiðslumats o.fl., sérstaklega þar sem sóknaraðili N hafi setið í stjórn á þessum tíma og haft alla burði til að kynna sér gögn eða hreyfa við andmælum hafi hún talið að málsmeðferð ætti að vera með öðrum hætti.

Varnaraðili telur að ætla megi að greiðslumat aðalskuldara hefði orðið jákvætt í þessu tilviki þar sem gögn sýni að bréfið hafi verið í skilum í þrjú og hálf ár þar til gerð hafi verið skilmálabreyting í desember 2009. Ekki sé því unnt að draga þær ályktanir að greiðslumat hefði orðið neikvætt, heldur þvert á móti.

Varnaraðili vísar til þess að megintilgangur og markmið samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001 og eldra samkomulags þar áður, sé sá að ábyrgðarmenn geri sér skýra grein fyrir því hvað felist í ábyrgð þeirri sem þeir takist á hendur og áhættunni sem felist í því að gangast í slíka ábyrgð. Varnaraðili telur að samkomulögin gildi ekki fyrir sóknaraðila þessa máls viðvíkjandi umþrættum ábyrgðum, eða þá aðeins að litlu leyti.

Varnaraðili telur að miðað við stöðu sóknaraðila N á þeim tíma sem lánveitingarnar hafi farið fram til aðalskuldara, annars vegar eftir fjögurra ára stjórnarsetu og hins vegar eftir átta ára stjórnarsetu, að hún hafi gert sér grein fyrir hvað felist í því að gangast í sjálfskuldarábyrgð og að hún hafi þekkt þá upplýsingabæklinga og gögn sem afhent séu ábyrgðarmönnum. Vegna náninna tengsla, persónulegra og fjárhagslegra, verði að telja að sömu sjónarmið eigi að öllu leyti við um sóknaraðilann M. Telur varnaraðili að sóknaraðilar verði að þessu leyti samsamaðir, þar sem sóknaraðilinn N votti undirskrift M, ásamt þáverandi sparisjóðsstjóra, L.

Varnaraðili byggir á því að tilgangur samkomulagsins sé sá að vernda hinn almenna viðskiptamann fjármálastofnana og tryggja að veittar séu nauðsynlegar upplýsingar við lántökur til að ábyrgðarmaður megi óumdeilanlega skilja hvaða skuldbindingar hann sé að takast á hendur. Ekki verði talið að sparisjóðsstjóra hafi borið skylda til þess að gæta hagsmuna sóknaraðila við veitingu ábyrgðanna samkvæmt samkomulaginu, enda starfi sparisjóðsstjóri í umboði stjórnar, þar sem sóknaraðili N hafi setið á tíma lánveitinganna og hafi haft vitneskju um báðar lánveitingarnar. Því fáist ekki séð að sóknaraðili N sé vernduð af samkomulaginu. Ekki verði framhjá því litið að N og M séu hjón og sem slík teljist þau fjárhagslega tengdir aðilar, sbr. t.d. reglur 46. gr. eldri laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði og 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, eins og þau lög hafi verið við útgáfu skuldabréfsins 14. desember 2005. Verði því að telja að sparisjóðsstjóra og öðru starfslíði varnaraðila hafi ekki verið skylt að gæta hagsmuna sóknaraðila við lánveitinguna sem ábyrgðarmanna og að ábyrgðir sóknaraðila verði ekki af þeim sökum felldar úr gildi.

Varnaraðili byggir þessar málsástæður sínar ennfremur á ákvæðum 39. gr. eldri laga nr. 113/1996, eins og hún hafi verið um verkefni og hlutverk stjórnarmanna í sparisjóðum, einkum um að sparisjóðsstjórn ráði sparisjóðsstjóra og ákvarði laun hans og ráðningarkjör (1. tölul.) og setji almennar reglur um lánveitingar (5. tölul.). Stjórnarmaður og maki hans geti ekki skorast undan ábyrgð sinni á umþrættum skuldbindingum í því skjóli að sparisjóðsstjóri og annað starfslíð hafi ekki sinnt starfsskyldum sínum gagnvart þeim sem ábyrgðarmönnum, enda beri stjórn og þar með einstaka stjórnarmönnum að hafa yfirumsjón með starfsemi sparisjóðsins samkvæmt ákvæðum laga. Í því ljósi fái tómlætisáhrif í máli þessu sérstaka þýðingu, þar sem stjórnarmanninum N hafi mátt vera ljóst að ekki hafi í öllu verið farið að ströngustu reglum við stofnun ábyrgðar. Þá sé til þess að líta að sparisjóðsstjóri eigi kjör sín á hverjum tíma undir sparisjóðsstjórn. Um nýrri lög vísist t.d. til 54. gr. laga nr. 161/2002, eins og þau hafi verið í árslok 2005, sem og hlutafélagalaga nr. 2/1995 um hlutverk og hæfiskröfur til stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili N hefði samkvæmt stöðu sinni sjálf átt að hafa þekkingu á og hafa aðgang að nauðsynlegum gögnum til þess að kynna sér áhættuna sem fylgi því að gangast í ábyrgð. Hún hafi haft greiðan aðgang að upplýsingum um fjárhagsstöðu aðalskuldara eða hafi getað leitað eftir þeim vegna tengsla sinna við hann en hafi þó ekki sýnt þá fyrirhyggju að kynna sér þær. Samkvæmt 52. gr. laga nr. 161/2002, eins og þau hafi verið í árslok 2005, hafi í 2. mgr. verið gerðar þær hæfiskröfur til stjórnarmanna að þeir byggju yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Sambærilegt ákvæði um stjórnarmenn hafi verið í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 113/1996. Telur varnaraðili að ákvæði um að stjórnarmenn skuli ekki taka þátt í afgreiðslu eigin mála hafi ekki þau áhrif í þessu að ábyrgðum sóknaraðila verði vikið til hliðar.

Varnaraðili bendir á að það samrýmist því ekki sanngirnismati 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerna að falla frá ábyrgð á hendur sóknaraðila N í þessu tilfalli, né ábyrgð sóknaraðila M. Sóknaraðila N hljóti, sé tekið mark á stöðu hennar, að hafa verið ljóst á þeim tíma sem ábyrgðir sóknaraðila hafi tekið gildi, hvernig lánveiting færi fram og að greiðslumat væri einn þeirra þátta sem gætu fylgt ferlinu.

Varnaraðili vísar til þess að í þessu ljósi verði að telja það verulegt tómlæti af hálfu sóknaraðila N að hafa ekki sinnt því að gera athugasemdir um lánveitinguna í upphafi, hvort sem rætt sé um bréfið frá 2001 eða 2005, hafi hún talið fjárhag aðalskuldara þannig að hann stæði ekki undir skuldbindingum sínum og gangast þannig athugasemdalaust í ábyrgð ásamt eiginmanni sínum, sóknaraðila M. Engar athugasemdir hafi verið gerðar hingað til um gildi ábyrgðar sóknaraðila, hvort sem um sé að ræða fyrri eða seinna veðskuldabréfið. Skilmálabreytingar hafi verið gerðar á báðum veðskuldabréfunum með samþykki sóknaraðila líkt og skylt sé skv. 4. gr. samkomulagsins og án athugasemda af þeirra hálfu. Það sé því ítrekað af hálfu varnaraðila að sóknaraðilar hafi sýnt af sér verulegt tómlæti í málinu og því sé ekki ástæða til að ógilda ábyrgðir þeirra nú, enda geti það vart talist sanngjarnt sé miðað við ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936. Um tómlæti vísist til niðurstöðukafla í úrskurði nefndarinnar nr. 95/2012, og ítrekuð sérstök sjónarmið vegna stöðu sóknaraðila N sem stjórnarmanns hjá varnaraðila.

Varnaraðili telur að í erindi sóknaraðila sé því ekki fundinn greinargóður staður hvaða atvik verði felld undir lagaskilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 og telur varnaraðili málið vanreifað að þessu leyti. Telur varnaraðili að tilvísanir sóknaraðila til 36. gr. laga nr. 7/1936 séu of víðtækar og með þeim hætti að úrskurðarnefndinni sé í raun falið að undirbyggja málsástæður sóknaraðila byggðar á þessari lagatilvísun. Sé þessum málalíbúnaði mótmælt og telur varnaraðili að hafna beri kröfum sóknaraðila í málinu af þessum sökum.

Varnaraðili vísar til þess að greiðslumat byggt á upplýsingum sem fyrir liggja hjá varnaraðila ásamt FE yfirliti, sem sýni stöðu í öðrum fjármálafyrirtækjum sé fullnægjandi og viðtekin venja, eins og sóknaraðilum ætti að vera kunnugt.

Varnaraðili bendir á að ekki sé skylt að greiðslumeta við skilmálabreytingar og sé málsástæðum um þetta mótmælt sem haldlausum. Tilvísunum til aldurs sóknaraðila og stöðu sem eftirlaunabega sé mótmælt sem haldlausum og málinu óviðkomandi, enda engin grein gerð fyrir því hvaða réttaráhrif þessi atriði eigi að hafa á málið.

Varnaraðili vísar til þess að samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða sé ekki lög. Ábyrgðum verði ekki vikið til hliðar í krafti fyrirmæla samkomulagsins sjálfs, án þess að finna því lagastoð í gildandi réttarheimild. Varnaraðili telur að engar heimildir standi til þess í málinu að víkja ábyrgðum sóknaraðila til hliðar. Ákvæði 36.

gr. laga nr. 7/1936 standi ekki til þeirrar niðurstöðu, enda hafi ekki verið sýnt fram á að ósanngjarnt sé að bera ábyrgðirnar fyrir sig með þeim hætti sem lagaákvæði og sjónarmið að baki því tiltaki, hvort að því er varði atvik við samningsgerðina eða atvik sem síðar hafi komið til. Ekki sé komið fram að sóknaraðilar geti ekki risið undir ábyrgð sinni og ekki sé komið fram að atvik sem samningsgerðina hafi verið með þeim hætti að réttlætt verði að víkja ábyrgðum til hliðar.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila M á veðskuldabréfi nr. X og beggja sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y, báðum útgefnum af A til varnaraðila.

Í upphafi verður vikið að ábyrgð sóknaraðila M á skuldabréfi nr. X.

Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. F var einn þessara sparisjóða og er bundinn við efni þess.

Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða tók m.a. til sjálfskuldarábyrgða á skuldabréfum, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Í 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins var mælt fyrir um að fjármálafyrirtæki bæri að meta greiðslugetu greiðanda væri sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu og ábyrgðarmaður óskaði eftir slíku mati. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. var fjármálafyrirtæki þó skylt að greiðslumeta greiðanda þegar óskað var sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nam meira en kr. 1.000.000. Tryggt skyldi að ábyrgðarmaður gæti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengist í ábyrgð enda lægi fyrir að greiðandi hefði samþykkt það, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A við útgáfu umrædds skuldabréfs. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins var varnaraðila þó skylt að greiðslumeta greiðanda þegar óskað var sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nam meira en einni milljón króna. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 95/2012 og 38/2013.

Fjölskyldutengsl sóknaraðila M og A, útgefanda skuldabréfsins, gera það ekki að verkum að sóknaraðili þekki fjárhagsstöðu A eða hafa áhrif á skyldur varnaraðila skv. samkomulaginu til að framkvæma greiðslumat eða á sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að ráði úrslitum, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 9/2013. Þá hefur ekki afgerandi áhrif á sanngirnismatið að maki sóknaraðila M hafi setið í stjórn varnaraðila, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 35/2014.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila M varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna honum greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti áður en hann tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hans. Fæst ekki séð að þetta hafi komið upp við skilmálabreytingar skuldabréfsins. Þá er ekki í ljós leitt hvenær varnaraðili krafði sóknaraðila fyrst um greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili M hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að ábyrgðaryfirlýsing hans

verði látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013 og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 35/2014.

Varnaraðili virti að vettugi þær skuldbindingar sem hann hafði gengist undir í því skyni að tryggja að ábyrgða væri ekki aflað til trygginga á skuldum einstaklinga, nema tryggt væri að viðkomandi væri fyllilega upplýstur um þýðingu þess og stöðu lántaka. Þegar litið er til þessa, verður að telja að það sé ósanngjarnt af varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila M, sem aflað var án tillits til umræddra skuldbindinga varnaraðila. Í ljósi alls framangreinds verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila M á skuldabréfi nr. X, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Verður því næst vikið að sjálfskuldarábyrgðum sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. Varnaraðili var einn þessara sparisjóða og er bundinn við efni þess, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði engu að síður veitt, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, við útgáfu umrædds skuldabréfs. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðilar hefðu eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A, eftir að hafa kynnt sér matið.

Fjölskyldutengsl sóknaraðila og A, útgefanda skuldabréfsins, gera það ekki að verkum að sóknaraðilar þekki til fjárhagsstöðu A eða hafa slík áhrif á skyldur varnaraðila skv. samkomulaginu til að framkvæma greiðslumat eða á sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að ráði úrslitum, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 9/2013. Ekki hefur áhrif á sanngirnismatið gagnvart sóknaraðila M að maki hans hafi setið í stjórn varnaraðila, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 35/2014.

Gagnvart sóknaraðila M eiga öll sömu meginsjónarmið við og fyrr eru rakin vegna skuldabréfs nr. X. Breytir gagnvart honum engu þótt sóknaraðili N hafi setið í stjórn varnaraðila. Varnaraðili hafði skuldbundið sig til að lána ekki út peninga til einstaklinga gegn veðsetningum og ábyrgðum 3. manns nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessum meginreglum var ætlað að tryggja að ekki væri farið offari gegn neytendum í því að velta ábyrgðum af lánveitingum af

fjármálafyrirtækjum á ábyrgðarmenn. Varnaraðili kaus að virða þessar skuldbindingar sínar að vettugi, við útgáfu umrædds skuldabréfs. Við matið á því hvort telja megi sanngjarnt að byggja á sjálfskuldarábyrgðinni við þessar aðstæður gagnvart sóknaraðila M virðist einsýnt að vanhöld lánveitandans á því að standa við þessar skuldbindingar vegi þyngra en það að maki hans hafi verið stjórnarmaður varnaraðila. Liggur ekkert afdráttarlaust fyrir um hvort lántaki hefði yfir höfuð staðist greiðslumat hefði varnaraðili hirt um að framkvæma það.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðilum varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna þeim greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti áður en þau tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. Y og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu þeirra. Fæst ekki séð að þetta hafi komið upp við skilmálabreytingar skuldabréfsins. Þá er ekki í ljós leitt hvenær varnaraðili krafði sóknaraðila fyrst um greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðilar hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að ábyrgðaryfirlýsingar þeirra verði látnar standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013 og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 33/2014.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila M á skuldabréfi nr. Y, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Varðandi ábyrgðaryfirlýsingu N á bréfinu, verður ekki fram hjá því litið að hún sat í stjórn varnaraðila þegar stofnað var til umræddra viðskipta. Bera gögn málsins því glöggt vitni að stjórn sjóðsins tók mjög virkan þátt í ákvarðanatöku um einstakar lánveitingar. Hlaut henni því að vera kunnugt um meginatriði varðandi þá fjármálaþjónustu sem boðið var upp á af hálfu varnaraðila. Sóknaraðili bar, ásamt öðrum stjórnendum sjóðsins, ábyrgð á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru af starfsmönnum hans og hafði rík tækifæri til að fylgjast með þeim. Verður ekki á það fallist með henni, að það sé ósanngjarnt að byggja á ábyrgðaryfirlýsingu hennar á þeirri forsendu að fjármálastofnunin sem hún bar sjálf slíka ábyrgð á, hafi ekki gætt að skyldum sínum gagnvart henni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til varnaraðila, F, er ógilt.

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M á skuldabréfi nr. Y, útgefnu af A til varnaraðila er ógilt.

Öllum kröfum sóknaraðila, N, er hafnað.

Reykjavík, 12. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 5. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 52/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. apríl 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 19. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 9. maí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. maí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. september 2014.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var tilgreindur leigutaki skv. bílasamningi nr. X og varnaraðili leigusali. Hið leigða var bifreiðin A.

Þann 6. ágúst 2009 var gerð tímabundin greiðsluraðabreyting á bílasamningi nr. X.

Þann 11. nóvember 2009 var gerð greiðslujöfnun á bílasamningi nr. X, skv. samkomulagi Efnahags- og viðskiptaráðuneytis og SFF.

Sóknaraðili kveðst á kvörtunareyðublaði til nefndarinnar, hafa borið kvörtun sína upp við varnaraðila eða henni verið hafnað í nóvember 2013.

Þann 23. desember 2013 barst sóknaraðila leiðrétting vegna fullnaðarkvittana á bílasamningi nr. X. Tiltekið var í bréfi til sóknaraðila að í kjölfar Hæstaréttardóms í máli nr. 50/2013 hefði varnaraðili ákveðið að skoða bílasamning sóknaraðila með hliðsjón af niðurstöðu málsins. Bílasamningurinn var áður endurreiknaður með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Bílasamningurinn reiknaðist með inneign á veltureikningi við fyrri endurreikning miðað við síðasta greidda gjalddaga fyrir 16. júní 2010, þ.e. á svokölluðu fullnaðarkvittanatímabili. Sóknaraðila var tilkynnt með bréfinu að ekki væri þörf á frekari endurreikningi á samningnum.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 19. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst vaxtauppgjörðs í samræmi við meðfylgjandi bílasamning nr. X, en ekki með breytilegum vöxtum samanber meðfylgjandi endurreikninga.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir uppgjöri vaxta á umræddu láni.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni með vísan til 5. gr., e-liðar 6. gr. og 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 3. gr. samþykktanna skuli nefndin taka til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining á milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns. Þá sé það skilyrði málsmeðferðar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns, sbr. 5. gr. samþykktanna.

Varnaraðili bendir á að af hálfu sóknaraðila sé því haldið fram að varnaraðili hafi hafnað erindi hans um vaxtauppgjör í samræmi við bílasamning nr. X í nóvember 2013. Sóknaraðili leggi þó ekki fram nein gögn um meinta höfnun varnaraðila. Ljóst sé að sóknaraðili verði að sýna fram á það með gögnum að varnaraðili hafi hafnað erindi hans svo úrskurðarnefndin geti tekið málið til efnislegrar meðferðar. Með vísan til þessa séu ekki uppfyllt ákvæði 3. og 5. gr. samþykktanna.

Varnaraðili bendir á að þann 23. desember 2013 hafi fyrirtækið sent sóknaraðila bréf og gert honum grein fyrir því að félagið hafi tekið til skoðunar bílasamning aðila í kjölfar Hæstaréttardóms í máli nr. 50/2013. Niðurstaða þeirrar skoðunar hafi orðið sú að ekki væri þörf á frekari endurreikningi á samningnum þar sem samningurinn hefði reiknast með inneign á veltureikningi við fyrri endurreikning, m.v. síðasta greidda gjalddaga á svokölluðu fullnaðarkvittanatímabili, þ.e. fyrir 16. júní 2010. Sóknaraðili hafi ekki með neinum gögnum sýnt fram á að hann hafi gert athugasemdir við endurreikning lánsins, dags. 26. október 2010, eða við niðurstöðu varnaraðila, sem borist hafi sóknaraðila með fyrrgreindu bréfi, dags. 23. desember 2013.

Varnaraðili byggir á því að samkvæmt 6. gr. samþykktanna þá fjalli úrskurðarnefndin ekki um mál sem séu óljós, illa upplýst eða kröfur aðila óskýrar. Sóknaraðili geri kröfu um vaxtauppgjör í samræmi við „meðfylgjandi“ bílasamning nr. X en ekki breytilega vexti. Ljóst sé að umræddur samningur aðila fylgi ekki með kvörtun sóknaraðila og því sé kröfugerðin vægast sagt óljós og óskýr.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili vísi til „breytilegra vaxta“ án þess að útskýra það frekar. Áréttað skuli að gerð sé sú krafa að sá aðili sem beri fram kvörtun greini skýrlega hvers sé krafist, s.s. fjárhæðar kröfu, vaxta, kostnaðar, viðurkenningar á réttindum, lausnar undan skyldu o.s.frv.

Varnaraðili telur að til viðbótar við óskýra og óljósa kröfugerð þá sé lýsing á málsatvikum, málsástæðum og lagarökum þannig að ómögulegt sé að átta sig á efnisgrunni málsins.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt framansögðu uppfylli kvörtunin ekki ákvæði 3., 5. og 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og beri því að vísa kvörtuninni frá.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst vaxtauppgjörs „í samræmi við meðfylgjandi bílasamning nr. X, en ekki með breytilegum vöxtum samanber meðfylgjandi endurreikninga“. Þá kveðst sóknaraðili kvarta yfir uppgjöri vaxta á umræddu láni.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggi að ágreiningur sé um sakarefnið.

Í 6. gr. samþykktanna er fjallað um mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kveðst hann hafa borið kvörtun sína upp við varnaraðila eða henni verið hafnað í nóvember 2013. Þann 23. desember 2013 barst sóknaraðila leiðrétting á bílasamningi nr. X vegna fullnaðarkvittana.

Sóknaraðili hefur ekki lagt fram gögn um að hafa beint kvörtun sinni til varnaraðila, þrátt fyrir kröfu varnaraðila um frávísun á þeim grundvelli að ekki liggi fyrir að varnaraðili hafi hafnað erindi hans. Ekki liggur því fyrir að sóknaraðili hafi borið kvörtun sína upp við varnaraðila.

Af kvörtun sóknaraðila verður ekki fyllilega ráðið hvort hann geri athugasemd við endurreikning varnaraðila á bílasamningi hans nr. X, sem ekki hefur verið lagður fram. Sóknaraðili hefur enga tilraun gert til að sýna fram á að endurreikningur varnaraðila sé rangur eða útskýra á hvaða forsendum leiðréttu beri lán hans frekar en gert hefur verið. Til þess að unnt sé að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila um leiðréttingu telur nefndin nauðsynlegt að fá annaðhvort í hendur skýra og glögglega fram setta útreikninga á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum, eða skýra, rökstudda kröfu um að einhver tiltekin atriði í fyrirliggjandi útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en gert er.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá með vísan til 5. gr. og e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 5. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 5. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 53/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. apríl 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 19. mars 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 9. maí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. maí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. september 2014.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var tilgreind leigutaki á bílasamningi nr. X og varnaraðili leigusali. Hið leigða var bifreiðin A.

Þann 6. ágúst 2009 undirritaði sóknaraðili tímabundna greiðsluraðabreytingu á bílasamningi nr. X.

Þann 11. nóvember 2009 var gerð greiðslujöfnun á bílasamningi nr. X, skv. samkomulagi Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og SFF.

Þann 26. október 2010 barst sóknaraðila endurútreikningur á samningi nr. X, í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 153/2010 og 471/2010. Eftirstöðvar samnings fyrir endurútreikning voru kr. 975.306 og eftirstöðvar eftir endurútreikning voru kr. 475.995. Skuld á veltureikningi var kr. 10.418 þannig að eftirstöðvar að viðbætti skuld á veltureikningi voru kr. 486.413.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 19. mars 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst vaxtauppgjörðs í samræmi við meðfylgjandi bílasamning nr. X, en ekki meðalvexti Seðlabanka.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir uppgjöri vaxta og að ekki hafi fengist endurreikningur frá varnaraðila þrátt fyrir beiðni þar um.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði vísað frá með vísan til 5. gr., e-liðar 6. gr. og 7. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 3. gr. samþykktanna skuli nefndin taka til meðferðar kvartanir sem varði réttarágreining á milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns. Þá sé það skilyrði málsmeðferðar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns, sbr. 5. gr. samþykktanna.

Varnaraðili bendir á að af hálfu sóknaraðila sé því haldið fram að varnaraðili hafi hafnað erindi hans um endurreikning á samningi aðila. Sóknaraðili leggi þó ekki fram nein gögn um meinta höfnun varnaraðila. Ljóst sé að sóknaraðili verði að sýna fram á það með gögnum að varnaraðili hafi hafnað erindi hennar svo úrskurðarnefndin geti tekið málið til efnislegrar meðferðar. Með vísan til þessa séu ekki uppfyllt ákvæði 3. og 5. gr. samþykktanna.

Varnaraðili telur rétt að benda á að fyrirtækið hafi endurreiknað samning aðila þann 26. október 2010 í samræmi við dóma Hæstaréttar Íslands nr. 153/2010 og 471/2010 þess efnis. Varnaraðili mótmælir þar af leiðandi því sem sóknaraðili haldi fram í kvörtun sinni að varnaraðili hafi ekki endurreiknað samning aðila.

Varnaraðili byggir á því að samkvæmt 6. gr. samþykktanna úrskurðarnefndarinnar fjalli hún ekki um mál sem séu óljós, illa upplýst eða kröfur aðila óskýrar. Sóknaraðili geri kröfu um vaxtauppgjör í samræmi við „meðfylgjandi“ bílasamning X en ekki meðalvexti Seðlabanka. Ljóst sé að umræddur samningur aðila fylgi ekki kvörtun sóknaraðila og sé því kröfugerðin vægast sagt óljós og óskýr. Þessu til viðbótar væri það sóknaraðila í óhag að halda fast í upphaflega vexti samkvæmt samningi aðila, sbr. endurreikning á samningi aðila. Þar komi fram að eftirstöðvar sammings fyrir endurreikning hafi verið kr. 975.306 en eftir endurreikning hafi eftirstöðvarnar verið kr. 475.995. Við endurreikning hafi vextir verið miðaðir við 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu líkt og framangreindir Hæstaréttardómar og lög nr. 151/2010 hafi kveðið á um.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili vísi til „meðalvaxta“ Seðlabanka án þess að skýra það frekar. Áréttu skuli að gerð sé sú krafa að sá aðili sem beri fram kvörtun greini skýrlega hvers sé krafist, s.s. fjárhæðar kröfu, vaxta, kostnaðar, viðurkenningar á réttindum, lausnar undan skyldu o.s.frv.

Varnaraðili telur að til viðbótar við óskýra og óljósa kröfugerð, þá sé lýsing á málsatvikum, málsástæðum og lagarökum þannig að ómögulegt sé að átta sig á efnisgrunni málsins.

Varnaraðili vísar til þess að af öllu framangreindu uppfylli kvörtunin ekki ákvæði 3., 5. og 6. gr. samþykktanna úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og beri því að vísa kvörtuninni frá.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst vaxtauppgjörs í samræmi við meðfylgjandi bílasamning nr. X, en ekki meðalvexti Seðlabanka. Sóknaraðili kveðst kvarta yfir uppgjöri vaxta og að ekki hafi fengist endurreikningur frá varnaraðila þrátt fyrir beiðni þar um.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggi að ágreiningur sé um sakarefnið.

Í 6. gr. samþykktanna er fjallað um mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar er ekki tiltekið hvenær hún bar málið upp við varnaraðila eða að varnaraðili hafi hafnað kröfu hennar. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram gögn um að hafa beint kvörtun sinni til varnaraðila, þrátt fyrir kröfu varnaraðila um frávísun á þeim grundvelli að ekki liggi fyrir að varnaraðili hafi hafnað erindi hennar. Ekki liggur því fyrir að sóknaraðili hafi borið kvörtun sína upp við varnaraðila.

Af kvörtun sóknaraðila verður ekki fyllilega ráðið hvort hún geri athugasemd við endurreikning varnaraðila á bílasamningi nr. X. Sóknaraðili hefur enga tilraun gert til að sýna fram á að endurreikningur varnaraðila sé rangur eða útskýra á hvaða forsendum leiðrétta beri lán hennar frekar en gert hefur verið. Til þess að unnt sé að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila um leiðréttingu telur nefndin nauðsynlegt að fá annaðhvort í hendur skýra og glögglega fram setta útreikninga á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum, eða skýra, rökstudda kröfu um að einhver tiltekin atriði í fyrirbyggjandi útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en gert er.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá með vísan til 5. gr. og e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 5. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 12. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 54/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. apríl 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 2. apríl 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 13. maí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. maí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 12. september 2014.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili sótti um og fékk sértæka skuldaaðlögun hjá varnaraðila skv. samningi þar að lútandi sem undirritaður var þann 12. mars 2013. Samkvæmt samningnum voru veðskuldir, samtals kr. 49.579.849, færðar niður í kr. 33.000.000 með því að kr. 8.835.431 voru færðar í samningskröfur en sóknaraðili skyldi greiða kr. 7.500.000 með sölu eigna. Af veðskuldum skyldi greiða kr. 134.996 í 36 mánuði en af samningskröfum, samtals að fjárhæð kr. 11.079.849, skyldi greiða kr. 31.740 í 36 mánuði. Koma því kr. 9.937.209 til afskrifta að liðnum þremur árum ef samningur verður þá í skilum. Að frátöldum varnaraðila var eini kröfuhafi sóknaraðila Gildi lífeyrissjóður, sem átti lán utan samningsins sem kemur til greiðslu að samningstíma loknum.

Þann 9. desember 2013 barst sóknaraðila tilkynning um að bílasamningur hennar hjá FF hefði verið endurreiknaður. Með tilkynningunni var sóknaraðila tjáð að

inneign að fjárhæð kr. 721.794 tilkomin vegna endurreikningsins hefði verið skuldajafnað við afskriftir vegna samnings um sértæka skuldaaðlögun.

Þann 16. desember 2013 leitaði sóknaraðili til varnaraðila og óskaði eftir því að inneign vegna endurreikningsins að fjárhæð kr. 721.794 yrði færð inn á reikning hennar. Varnaraðili hafnaði því þann 17. desember 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 2. apríl 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að niðurstaða úr endurreikningi FF vegna samnings/láns nr. X vegna A bifreiðar, sem sýndi inneign vegna endurreiknings að fjárhæð kr. 721.794, verði greidd henni í stað þess að vera ráðstafað inn á afskrift hjá varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að í byrjun árs 2013 hafi hún gert samning um sértæka skuldaaðlögun hjá varnaraðila eftir langt umsóknar- og samningaferli allt frá árinu 2010. Fyrst hafi verið samið um 110% leiðina en þar sem það hafi ekki dugað til og þar sem skuldir hafi hlaðist upp aftur vegna hárrar verðbólgu þá hafi hún leitað til bankans sumarið 2010 í von um að ná samningi um sértæka skuldaaðlögun. Á þessum tíma hafi hún búið í einbýlishúsi sem hún hafi keypt á sínum tíma með barnsföður sínum en í framhaldi af skilnaði og vegna slæmrar fjárhagslegrar stöðu hans þá hafi hún yfirtekið allar sameiginlegar skuldir þeirra.

Sóknaraðili kveður ástæðu slæmrar fjárhagslegrar stöðu hennar vera vegna samfleytts fæðingarorlofs vegna tveggja barna frá 2005 til 2008 og hjá barnsföður hennar vegna atvinnuleysis og veikinda. Þau hafi orðið að taka viðbótarlán á húsið með verðmati sem varnaraðili hafi samþykkt og veitt.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa metið það svo að hún þyrfti að selja eignina og minnka við sig. Hafi hún sæst á það og í framhaldi hafi hún farið í ítarlegt greiðslumat hjá bankanum sem komist hafi að þeirri niðurstöðu að hún mætti kaupa sér eign á 26,5 milljónir. Engar aðrar kröfur myndu falla á hana og hún mætti fá að kaupa eign á þessu verði með 100% láni. Þar sem hún hafi átt þrjú börn og með þokkaleg laun hafi hún ekki verið sáttt við að minnka það mikið við sig þar sem hún myndi aðeins fá tveggja til þriggja herbergja íbúð á þessu verði í sama hverfi. Hún sé háð því að búa þar vegna skóla og sameiginlegs forræðis.

Sóknaraðili kveðst hafa fengið tilboð um svokölluð makaskipti á eign upp á 33 milljónir sem hafi hentað vel fyrir fjölskyldustærð. Bankinn hafi í framhaldinu samþykkt kaupin á íbúðinni og söluna á húsinu en hafi bætt við 1,1 milljón kr. í samningskröfur eða biðlán í þrjú ár ofan á húsnæðislán upp á 33 milljónir með þeim rökum að sóknaraðili hefði greiðslugetu fyrir því. Hafi hún orðið að sættast á þetta og skrifað undir samninginn.

Sóknaraðili byggir á því að á meðan á þessu ferli hafi staðið hafi hún ítrekað spurt varnaraðila að því hvort bankinn myndi ganga á fé upp í afskriftir sem henni myndi áskotnast eftir að samningurinn yrði gerður. Hafi hún fengið þau svör að sama með hvaða hætti hún myndi eignast pening þá kæmi það bankanum ekkert við, samningurinn væri gerður út frá þeim forsendum sem til staðar hafi verið á þeim tíma sem hann hafi verið undirritaður og við það sæti. Sóknaraðili gæti gengið út úr samningnum hvenær sem væri með því að greiða húsnæðislánið niður í 85% og greiða upp biðlánið en ef hún gerði það ekki þá myndi bankinn afskrifa umframskuldir eftir söluna á húsinu að þremur árum liðnum.

Sóknaraðili vísar til þess að þar sem bankinn hafi gert ítarlegt mat á henni og hafi haft viðskiptasögu hennar til fimmtán ára hjá bankanum þá hafi þeir getað séð á þessum tíma að nokkrum árum áður þá hafi hún verið greiðandi að erlendu bílaláni hjá FFF. Þar sem dómur um ólögsmæti þessara lána hafi fallið þá hefði varnaraðili átt að glöggva sig á því að þarna ætti hún rétt á endurreikningi og endurgreiðslu og einnig hafi bankinn átt að vita í hvaða ferli það hafi verið. Enginn fyrirvari hafi verið gerður í samningnum um að ef sóknaraðili ætti rétt á endurgreiðslu vegna þessa láns þá myndi bankinn taka þá inneign upp í afskriftir. Sóknaraðili kveðst sem einstaklingur ekki hafa haft hugmynd um í hvaða ferli þessi mál væru varðandi þetta bílalán enda hafi hún selt bílinn árið 2010.

Sóknaraðili telur ráðstöfun varnaraðila á endurreikningi hennar ekki standast þann samning sem hún og varnaraðili hafi gert eða landslög. Í samningnum um hina sértæku skuldaaðlögun séu stöðluð ákvæði um skilyrði sértækrar skuldaaðlögunar, málsmeðferð, greiðslumat, sölu eigna, endurfjármögnun lána, greiðslu samkvæmt greiðsluáætlun, meðferð krafna í lok tímabils, afleiðingar vanefnda lántaka og rangrar upplýsingagjafar. Hvergi í þessum ákvæðum sé að finna heimild til handa varnaraðila til þeirrar ráðstöfunar fjármuna sem ágreiningur sé gerður um. Í 7. gr. sé mælt fyrir um greiðslur samkvæmt greiðsluáætlun en þar komi fram að tilgreina skuli þær skuldir sem falli innan greiðslugetu lántaka og hvaða hlutfall verði greitt af þeim skuldum á samningstíma. Í 8. gr. sé mælt fyrir um meðferð krafna í lok tímabils. Þar segi að standi lántaki við greiðslur samkvæmt greiðsluáætlun í þrjú ár frá gildistöku samnings um sértæka skuldaaðlögun falli niður eftirstöðvar þeirra samningskrafna sem samningurinn nái til.

Sóknaraðili vísar til þess að í greiðsluáætlun komi skýrlega fram þær skuldir og kröfur sem falli undir samninginn. Samkvæmt áætluninni sé henni gert að greiða kr. 166.736 á mánuði upp í þær kröfur. Hvergi sé mælt fyrir um skyldu til að greiða meira inn á þær kröfur. Þá sé hvergi að finna heimild til handa varnaraðila um að ráðstafa inn á þær kröfur öðrum fjármunum sem henni tilheyri, sama hvaðan þeir komi. Í samningnum sé einnig mælt fyrir um hvaða kröfur standi utan samningsins og sem henni sé ætlað að greiða en ljóst sé að ráðstöfun varnaraðila á endurreikningi umrædds bílaláns sé ekki inn á þær kröfur heldur þær kröfur sem þegar hafi verið búið að semja um uppgjör á og sem afskrifa skuli að liðnum samningstíma, standi hún við sinn hlut samningsins, svo sem hún hafi gert. Á lokablaðsíðu samningsins segi beinlínis að ef lántaki standi við greiðslur samkvæmt greiðsluáætlun í þrjú ár frá undirritun samningsins falli eftirstöðvar þeirra krafna sem séu umfram 100% veðskulda niður. Samningurinn feli þannig í sér samkomulag um fullnaðaruppgjör þeirra skulda sem undir hann séu felldar, með þeim skilmálum og skilyrðum einum sem fram komi í samningnum.

Sóknaraðili telur með vísan til framangreinds að varnaraðila sé beinlínis óheimilt með hliðsjón af ákvæðum þess samnings sem gerður hafi verið um sértæka skuldaaðlögun, að taka sér einhliða frekari greiðslu upp í kröfur sínar, með skuldajöfnuði við inneign hennar á grundvelli endurreiknings eldra bílaláns hennar.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt almennum reglum íslensks samninga- og kröfuréttar skuli samningar standa. Við mat eða túlkun á ákvæðum samninga beri að hafa aðstöðu samningsaðila í huga. Leiki vafi á túlkun staðlaðra samningsskilmála, en út af fyrir sig telur sóknaraðili engan vafa leika á þeirri túlkun, beri að meta þann vafa þeim í óhag sem samið hafi skilmálana. Það hafi varnaraðili gert. Þá beri einnig að túlka ákvæði íþyngjandi samningsskilmála þröngt fremur en rúmt, þ.e. að þeir skilmálar feli ekki í sér ríkari heimildir eða kvaðir en þeir skýrlega beri með sér. Loks

beri einnig fremur að meta vafa þeim í óhag sem hafi sterkari stöðu við samningsgerðina, en augljóst sé að það sé varnaraðili.

Sóknaraðili byggir á því að við mat á framangreindu beri einnig að hafa ríkulega í huga að hún hafi spurt bankann ítrekað að því í aðdraganda samningsgerðarinnar, hvort bankinn gæti með einhverjum hætti krafist hana um frekari greiðslur en samningurinn hafi gert ráð fyrir eða tekið sér sem greiðslu einhverja fjármuni sem henni myndu áskotnast. Svarið við því hafi skilyrðislaust verið nei. Þetta hafi verið staðfest í svarpósti frá starfsmanni varnaraðila, dags. 17. desember 2013. Í niðurlagi þess pósts segi að það sem átt hafi verið við af hálfu bankans væru launahækkningar, vinningar í happdrætti/lottó eða arfur. Fyrirvari eða takmörkun af þessu tagi hafi ekki verið orðaður við sóknaraðila í aðdraganda samningsgerðarinnar og verði varnaraðili að bera hallann af því. Til umhugsunar sé einnig í þessu sambandi að hefði umrætt bílalán verið hjá annarri lánastofnun en þeirri sem eigi undir varnaraðila hefði endurreikningur vegna lánsins ratað til hennar eins og vera beri en ekki verið ráðstafað umfram heimildir til skuldajöfnunar við afskriftir. Það fái ekki staðist að inneign vegna uppgreidds láns í fortíð skapi heimilt til handa varnaraðila til að taka sér þá inneign upp í afskriftir lána, sem fyrirvaralaust sé búið að semja um meðferð á, að því er virðist bara fyrir þá tilviljun að lánið sé hjá stofnun sem eigi undir bankann. Tekið skuli fram, þó það skipti í sjálfu sér ekki höfuðmáli, að engar afskriftir vegna umrædds bílaláns falli undir samning við varnaraðila um hina sértæku skuldaaðlögun.

Sóknaraðili tekur fram að ekki komi til neinna álita að líta svo á að eitthvað hafi skort á upplýsingagjöf af hennar hálfu í aðdraganda samningsgerðarinnar og byggi bankinn heldur ekki á neinu slíku í afgreiðslu sinni.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að hafi sá sem eignast kröfu á hendur bankanum fengið samþykka skuldaaðlögun gangi sú inneign á móti þeim hluta samningskrafna sem ekki hafi fengist greiddur samkvæmt skuldaaðlögunarsamningnum. Staða skuldara raskist ekki, enda hefði tilvist inneignar við gerð samnings einungis þýtt að skipting á greiðslum milli kröfuhafa hefði breyst eða afskrift minnkað, en ekki heildargreiðslubyrði, enda sé hún miðuð við ætlaða greiðslugetu skuldara. Inneign megi jafna til eigna sem sóknaraðila hefði verið gert að selja til þess að grynka á þeim skuldum sem ella hefðu fallið undir samning um skuldaaðlögun, eins og rakið sé í 1. mgr. almennra upplýsinga um sértæka skuldaaðlögun, sem fylgi með samningi sóknaraðila. Þar sé gert ráð fyrir að skuldaaðlögun geti eftir atvikum átt sér stað með sölu eigna, eftirgjöf krafna eða hlutfallslegri lækkun þeirra. Að mati varnaraðila skipti ekki meginmáli hvort eign komi inn við gerð samnings eða síðar, enda sé algengt að sala eigna fari fram eftir að samningur sé gerður. Önnur regla hefði í för með sér mismunun, engin áhöld séu um það að inneign hefði gengið upp í skuldir hjá þeim sem fengið hefðu endurreikning skömmu áður en skuldaaðlögunarsamningur hafi verið gerður.

Varnaraðili vísar til þess að ekkert í samkomulagi um skuldaaðlögun takmarki rétt kröfuhafa til skuldajafnaðar, enda sé ekki utan um það úrræði sá lagarammi að jafnað verði til greiðsluaðlögunar eða nauðasamninga. Til að mynda eigi ekki við ákvæði laga um að gagnkrafa verði að hafa stofnast á tilteknum tíma fyrir frestdag.

Varnaraðili bendir á að samningskröfur séu ekki niður fallnar fyrr en við lok skuldaaðlögunartímabils sem í tilviki sóknaraðila sé í mars 2016, hafi sóknaraðili staðið í skilum með greiðslur samkvæmt samningnum. Varnaraðili hafi því ekki tilkynnt um endanlega eftirgjöf krafna að svo komnu máli. Af þeirri ástæðu einni sé tæpast unnt að verða við kröfu sóknaraðila. Vísar varnaraðili máli sínu til stuðnings til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 83/2013 um skuldajöfnuð við endurreikning.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu vegna afskrifta lána á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Í íslenskum rétti hefur verið talið að heimild fjármálafyrirtækja til að skuldajafna peningakröfum sem þau eignast á viðskiptamenn sína við innstæður eða önnur fjárhagsleg réttindi sem viðskiptamaðurinn á í viðkomandi banka eða sparisjóði sé miklum takmörkunum háð.

Til þess að skuldajöfnuður komi yfirleitt til greina þurfa þó ákveðin grunnskilyrði að vera uppfyllt. M.a. er ekki unnt að skuldajafna ógjaldfallinni kröfu við gjaldfallna.

Pegar krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila varð gjaldkræf, þann 9. desember 2013, átti varnaraðili tiltekin kröfuréttindi á hendur sóknaraðila. Staða þeirra var með þeim hætti, að þótt skuldinar hefðu áður verið í vanskilum, höfðu aðilar máls þessa ákveðið að semja um uppgjör þeirra og eftirgjöf að hluta með nýjum skilmálum. Skilmálarnir fólu í sér afborgunarkjör þar sem sóknaraðili skyldi greiða tiltekna upphæð mánaðarlega í tiltekinn tíma, en ekkert þar umfram. Skyldu umræddar skuldir færðar til afskrifta að þremur árum liðnum frá undirritun samningsins, yrði staðið við afborganir og engin atvik kæmu upp er kynnu að valda ógildingu. Samningurinn er skilyrtur við að sóknaraðili efni hann á þessum tíma og verður hann skilinn þannig að ella rakni við upphafleg kröfuréttindi varnaraðila, eins og ekkert hefði verið um þau samið.

Í skilmálum samningsins, sem sóknaraðili virðist ekki hafa samið, eru engir fyrirvarar um fjárhagsleg réttindi sem sóknaraðili kann að eignast á þessum þriggja ára tíma. Ekki er því haldið fram að sóknaraðili hafi vanefnt samning þennan, sem er skuldbindandi fyrir báða aðila.

Að þessu virtu er útilokað að líta svo á að varnaraðili hafi átt gjaldfallna kröfu til að skuldajafna á móti kröfu sóknaraðila. Verður því fallist á kröfu hennar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, skal endurgreiða sóknaraðila, M, kr. 721.794.

Reykjavík, 12. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 11. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 56/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 9. apríl 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 2. apríl 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. apríl 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 28. apríl 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. apríl 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 15. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. júlí 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 9. júlí 2007 var veðskuldabréf nr. X, að fjárhæð JPY 2.113.527 og CHF 20.928,84, gefið út af sóknaraðila til FF. Fasteignin að A, var sett að veði á 3. veðrétti til tryggingar láninu.

Þann 2. ágúst 2007 barst sóknaraðila kvittun fyrir greiðslu vegna láns nr. X. Greiddi sóknaraðili JPY 10.775 og CHF 133,12, sem sóknaraðili keypti af varnaraðila. Þann 3. september 2007 barst sóknaraðila kvittun fyrir greiðslu. Greiddi sóknaraðili JPY 12.681 og CHF 161,31, sem sóknaraðili keypti af varnaraðila.

Þann 5. nóvember 2008 var gerð breyting á greiðsluskilmálum framangreinds skuldabréfs. Í skilmálabreytingunni var lánið tilgreint upphaflega að fjárhæð kr. 2.100.000 í CHF 20.928,84 og JPY 2.113.527. Eftirstöðvar lánsins voru tilgreindar CHF 20.056,81 og JPY 2.025.463, auk áfallinna vaxta CHF 103,40 og JPY 7.069.

Á árinu 2010 greiddi sóknaraðili framangreint lán upp.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 2. apríl 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að staðfest verði að lán nr. X skv. veðskuldabréfi í erlendri mynt frá FF, útg. 9. júlí 2007 og skilmálabreytt þann 5. nóvember 2008, hafi verið ólögmaett gengislán sem beri að endurreikna með tilliti til dóma Hæstaréttar sem gengið hafa um ólögmaett veðskuldabréf í erlendri mynt.

Sóknaraðili vísar til þess að samskipti hans við FFF hafi ekki leitt til neinnar niðurstöðu um stöðu lánsins. FFF hafi neitað því að um ólögmaett lán væri að ræða. Hafi hann talið að sóknaraðili ætti engan rétt á endurgreiðslu hluta lánsins en hafi ekki rökstutt það ekki skriflega, einungis í samtölum við sóknaraðila. Sóknaraðili telur að lán þetta heyri undir dóma Hæstaréttar nr. 50/2013, 464/2012 og 600/2011 og því beri að endurreikna það og endurgreiða honum ofgreiðslur vegna lánsins. Lánið hafi verið greitt upp á árinu 2010.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili sem nú hafi tekið við eignasafni FFF hafi ekki tekið afstöðu til stöðu lánsins. Lánið hafi sóknaraðili greitt upp á árinu 2010 og sé enginn ágreiningur uppi um að fullnaðargreiðsla hafi farið fram miðað við þær forsendur sem þá hafi verið taldar liggja fyrir um gildi lána í erlendri mynt, sem síðar felldir dómur hafi breytt.

Í kjölfar athugasemda varnaraðila, dags. 16. apríl 2014 kom sóknaraðili eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Sóknaraðili vísar til þess að innláns-skuldbindingar FF hafi verið færðar til varnaraðila vegna ákvörðunar FME frá 21. mars 2009. Eignir FF, þ.m.t. útlán, hafi verið settar í sérstakt félag, FFF, og veðsettar varnaraðila til tryggingar innláns-skuldinni. Skuld FF við varnaraðila hafi greiðst að fullu með þeim eignum, m.a. einstaklingslánnum sem vistuð hafi verið hjá FFF. Samningarnir hafi falið það í sér að skuldir einstaklinga við FFF hafi færst til starfandi viðskiptabanka.

Sóknaraðili bendir á að lán hans hafi verið veðsett varnaraðila á árinu 2009 og þar með orðið hluti af tryggingu kröfu hans á FFF. Sóknaraðili hafi greitt lánið upp á árinu 2010 til FFF hf. Þar sem lánið hafi verið hluti af tryggingu varnaraðila beri varnaraðila að endurreikna lánið þótt það hafi verið uppgreitt til FFF hf. á sínum tíma. Samningur varnaraðila og FFF hf. um uppgjör við yfirtöku útlána FF sem FFF hafi yfirtekið sé ekki opinber og þ.a.l. ekki hversu víðtæk ábyrgð varnaraðila sé. Sóknaraðili líti svo á að umrætt lán hafi með veðsetningu útlánasafns FFF til varnaraðila á árinu 2009, fallið undir skyldu varnaraðila til að endurreika og birta sóknaraðila endurreikning á láninu og endurgreiða sóknaraðila ef svo bæri undir. Vegna þessa beri ekki að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Varðandi vísan varnaraðila til 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefndina bendir sóknaraðili á að hann hafi árangurslaust reynt að fá FFF til þess að leggja fram rökstuðning fyrir því að tölulegur grundvöllur uppgreiðslu láns sóknaraðila væri réttur. Við yfirfærslu útlána FFF til varnaraðila hafi sóknaraðili ákveðið að beina kvörtun til úrskurðarnefndarinnar til að freista þess að fá niðurstöðu um réttarstöðu sína. Varnaraðili hafi í athugasemdum sínum annars vegar krafist frávísunar málsins og borið fram efnislegar ástæður fyrir því að ekki beri að endurreikna lánið. Með því hafi varnaraðili tekið bæði form- og efnislega á málinu, þannig að málið sé tækt til úrskurðar þar sem báðir aðilar hafi komið sjónarmiðum sínum á framfæri við úrskurðarnefnd.

Sóknaraðili bendir á að í skuldbreytingarskjali, dags. 5. nóvember 2008, sé tilgreint að upphaflega hafi lánið verið að fjárhæð kr. 2.100.000, en veitt í myntunum

CHF og JPY. Sóknaraðili telur að lán nr. X hafi verið ólögmætt, greitt út í íslenskum krónum og allar afborganir hafi verið í íslenskum krónum sem og uppgreiðsla lánsins árið 2010. Þá sé tekið fram í 2. tölul. skilmála skuldabréfsins að: „*Gjaldfallnar fjárhæðir umreiknast ávallt í íslenskar krónur. Ber þá að greiða dráttarvexti af skuldinni þannig reiknaðri í samræmi við 10. gr. sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Heimilt er að reikna dráttarvexti af skuldinni allri frá því hún fellur fyrst í gjalddaga af þessum sökum.*“ Sóknaraðili telur að með þessum ákvæðum bréfsins og skuldbreytingarinnar sé ljóst að allar viðmiðanir lánsins miðist við íslenskar krónur og útreikning dráttarvaxta m.v. lög nr. 38/2001. Því hafi lánveitandi í raun verið að gengisbinda íslenskt lán.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Kröfu sína um frávísun byggir varnaraðili í fyrsta lagi á því að hann sé ekki og hafi aldrei verið eigandi umþrætt veðskuldabréfs. Sóknaraðili hafi gefið bréfið út til FF. Líkt og fram komi í kvörtun sóknaraðila hafi sóknaraðili greitt veðskuldabréfið upp árið 2010. Þá greiðslu hafi sóknaraðili innt af hendi til FFF. Veðskuldabréfið hafi því ekki verið framselt varnaraðila.

Í öðru lagi byggir varnaraðili á því að 5. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki standi í vegi fyrir því að krafa sóknaraðila verði tekin til efnismeðferðar. Samkvæmt hinu tilvitnaða ákvæði 5. gr. samþykktanna sé það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Varnaraðili byggir á að þetta skilyrði sé ekki fyrir hendi enda hafi sóknaraðili ekki gert beina fjárkröfu á hendur varnaraðila og þar af leiðandi ekki veitt honum færi á að taka afstöðu til kröfu hans áður en hann hafi beint kvörtun til úrskurðarnefndarinnar.

Til stuðnings varakröfu sinni bendir varnaraðili á að sóknaraðili vísi kvörtun sinni til stuðnings til dóma Hæstaréttar í málum nr. 50/2013, 464/2012 og 600/2011. Varnaraðili telur þá dóma ekki eiga við í fyrirbyggjandi máli þar sem þeir dómur fjalli allir um hvernig fara eigi með með vexti í tengslum við endurreikning láns með ólögmæta gengistryggingu. Mál þetta snúist hins vegar um hvort að umþrætt veðskuldabréf sé lögmætt erlent lán eða lán með ólögmætri gengistryggingu en ekki hvernig fara eigi með endurreikning þess enda hafi það ekki verið endurreiknað.

Varnaraðili bendir á að engar röksemdir séu í kvörtun sóknaraðila fyrir því af hverju fallast eigi á að veðskuldabréf hans hafi falið í sér ólögmæta gengistryggingu. Afstaða varnaraðila sé að umþrætt veðskuldabréf sé lögmætt erlent lán og verði nú farið yfir á hverju varnaraðili byggi þá afstöðu sína.

Varnaraðili vísar til þess að í veðskuldabréfinu sé tiltekið nákvæmlega hversu há lánsfjárhæð eigi að vera í hvorri hinna erlendu mynta. Þar segi jafnframt að vextir skuli vera LIBOR-vextir en ljóst megi vera að slíkir vextir séu ekki reiknaðir á íslenskar krónur, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Þessi tilvísun veðskuldabréfsins til vaxtaföts sé því til LIBOR-vaxta af hinum erlendu myntum veðskuldabréfsins, þ.e. JPY og CHF. Skilmálabreyting sú sem gerð hafi verið á veðskuldabréfinu beri það einnig ótvírætt með sér að um lán í erlendum myntum sé að ræða.

Varnaraðili vísar til dómaframkvæmdar Hæstaréttar þar sem metið sé hvort lánasamningar feli í sér skuldbindingu í erlendum myntum eða gengistryggða skuldbindingu í íslenskum krónum. Af dómum Hæstaréttar í málum nr. 524/2011, 551/2011 og 552/2011 sé ljóst að sé erlend lánsfjárhæð tiltekin í lánasamningi aðila, þá teljist það skuldbinding í erlendum myntum og því lögmæt. Engu breyti um þetta mat þó lánsfjárhæð sé greidd lántaka í íslenskum krónum eða hún endurgreidd í íslenskum krónum. Varðandi það vísar varnaraðili einnig til ofangreindra dóma. Í þeim málum hafi það engu breytt við mat á lánskskuldbindingu að þessu leyti að lánsfjárhæðin hafi verið greidd lántaka í íslenskum krónum, tiltekið hafi verið í lánasamningi aðila að lánsfjárhæðina hafi átt að greiða til lántaka í íslenskum krónum eða að hún hafi í raun verið endurgreidd í íslenskum krónum, enda hafi lánsfjárhæð í þeim málum verið tilgreind í erlendum myntum í lánasamningi aðila.

Varnaraðili byggir á því að við mat á því hvort um lögmætt erlent lán sé að ræða eða gengistryggða skuldbindingu í íslenskum krónum beri jafnframt að hafa í huga meginreglu íslensks réttar um frelsi manna til að bindast skuldbindingum með samningum við aðra þannig að samningar teljist gildir nema sýnt sé fram á að þeir fari í bága við ófrávíkjanlegar reglur í settum lögum. Samkvæmt efni umþrættis veðskuldabréfs hafi verið veitt lán í hinum erlendu gjaldmiðlum, þ.e. í tilteknum erlendum myntum. Leiki vart á því vafi að vilji aðila hafi við samningsgerðina staðið til þess að haga skuldbindingunni með þessum hætti.

Varnaraðili ítrekar að hann sé ekki og hafi aldrei verið kröfuhafi umþrættis veðskuldabréfs.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi skuldabréfs nr. X, útgefnu af sóknaraðila til FF.

Samkvæmt 4. tölul. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda FF, dags. 21. mars 2009, var stofnað sérstakt hlutafélag í eigu FF sem tók við öllum eignum félagsins og jafnframt við öllum tryggingarréttindum, þ.m.t. veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengdust kröfum FF. Dótturfélagið yfirtók einnig skuldbindingu gagnvart F vegna yfirtöku á innstæðuskuldbindingum FF. Hið nýja dótturfélag gaf út skuldabréf til F sem endurgjald fyrir hinar yfirteknu innlánskskuldbindingar skv. 1. tölul., sbr. 2. tölul. og ábyrgðist hinar yfirteknu ábyrgðir skv. 3. tölul. Allar eignir hins nýja dótturfélags FF skyldu veðsettar til tryggingar fyrir skuldabréfinu sem og hlutabréf í dótturfélaginu. Tryggja skyldi að vextir skuldabréfsins stæðu undir kostnaði og áhættu vegna þessa gjörnings og að hagsmunir veðhafans væru tryggðir með viðeigandi skilmálum í trygginga- og lánskjöllum.

Í lok árs 2013 gerði FFF upp við varnaraðila, sem eignaðist m.a. einstaklingslán FFF.

Skuldabréf sóknaraðila nr. X var greitt upp árið 2010. Skuldabréfið var skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda FF, dags. 21. mars 2009, í eigu FFF þegar það var greitt upp. Varnaraðili eignaðist því ekki umrætt skuldabréf og hefur því aldrei átt kröfu á hendur sóknaraðila samkvæmt því, þrátt fyrir að skuld FFF við varnaraðila hafi m.a. verið tryggð með veði í umræddu skuldabréfi. Með vísan til þess er varnaraðili ekki réttur aðili máls þessa. Verður kröfum sóknaraðila á hendur honum því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 11. júlí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 12. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 57/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 10. apríl 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. apríl 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. apríl 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 13. maí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. maí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 28. maí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 12. september 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 30. ágúst 2004 óskaði sóknaraðili eftir láni hjá FF að fjárhæð kr. 4.000.000 í 30% USD, 10% GBP, 10% CHF, 10% JPY og 40% EUR. Setja átti fasteign sóknaraðila að A að veði á 8. veðrétti til tryggingar skuldinni.

Þann 30. ágúst 2004 var „Veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum. Húsnæðislán“, nr. X 509139, að fjárhæð 16.575 USD, 3.086 GBP, 7.082 CHF, 608.735 JPY og 18.384 EUR, að jafnvirði kr. 4.000.000, gefið út af sóknaraðila til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila að Avar sett að veði á 8. veðrétti til tryggingar skuldinni.

Þann 12. janúar 2012 barst sóknaraðila endurútreikningur á láni nr. X. Upphafleg fjárhæð láns var kr. 4.008.389, reiknaðir óverðtryggðir vextir Seðlabanka Íslands frá útborgunardegi voru kr. 5.228.625. Staða láns ef það hefði verið óverðtryggt frá upphafi var kr. 9.237.014. Greitt inn á lánstíma var kr. 1.461.894. Reiknaðir vextir á greiðslur voru kr. 979.581. Ný staða láns eftir endurútreikning var kr. 6.795.539.

Þann 29. maí 2013 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila varðandi lögmæti erlendra lána bankans. Í bréfinu kom fram að endurútreikningur í samræmi við kvittanadóma Hæstaréttar frá febrúar og október 2012 á lánum í erlendri mynt, sem teldust ólögleg, hefði hafist fyrir nokkru hjá varnaraðila. Tiltekið var að lán sóknaraðila nr. X félli undir dóm Hæstaréttar í máli nr. 524/2011. Það væri því löglegt og yrði ekki endurreiknað á grundvelli dóma Hæstaréttar frá 16. febrúar 2012 og 18. október 2012.

Þann 18. nóvember 2013 barst sóknaraðila greiðsluáskorun frá varnaraðila vegna skuldabréfs, dags. 30. ágúst 2004. Samtals nam krafan kr. 8.553.373, en gjaldfelldur höfuðstóll var kr. 6.795.539.

Þann 28. febrúar 2014 barst sóknaraðila tilkynning um nauðungarsölu frá Sýslumanninum í Reykjavík. Sóknaraðila var tilkynnt að embættinu hefði borist beiðni um nauðungarsölu á eigninni A. Taka átti beiðnina fyrir fimmtudaginn 8. maí 2014. Með tilkynningunni fylgdi beiðni um nauðungarsölu, dags. 16. desember 2013. Andlag nauðungarsölnnar var A, gerðarbeiðandi var varnaraðili og sóknaraðili var tilgreindur gerðarþoli. Heildarsamtala skuldarinnar var kr. 8.695.564.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 7. apríl 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili lækki gengislán hans, sbr. dóma Hæstaréttar um gengislán. Sóknaraðili vísar til bréfs varnaraðila, dags. 29. maí 2013 þar sem áréttað var að lán sóknaraðila teldist lögmætt lán í erlendri mynt samkvæmt mati varnaraðila og bent var á að leita mætti til úrskurðanefndarinnar ef ágreiningur væri um lögmæti lána.

Sóknaraðili vísar til þess að L hafi lækkað þrjú gengislán hjá bankanum, sbr. dóma Hæstaréttar. Þá hafi N sent honum tilkynningu um lækkun. Báðir þessir bankar noti sömu röksemdirnar, sbr. dóma Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 og 18. október 2012 í máli nr. 464/2012.

Sóknaraðili vísar til þess að gengislán hans nr. 5 á veðbókarvottorði merkt FFF, móttökudagur 30. ágúst 2004, upphæð kr. 4.000.000, hafi verið komið niður í u.þ.b. kr. 3.500.000 við hrunið í október 2008. Varnaraðili hafi komið láninu upp í tæpar kr. 9.000.000 á árinu 2013. Bendir sóknaraðili á að varnaraðili hafi orðið að afturkalla fyrstu uppboðsbeiðnina vegna ofreiknings kröfunnar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að um gilt lán erlendum gjaldmiðlum sé að ræða. Svo sem greini í forsendum dóma Hæstaréttar 16. júní 2010, í málum nr. 92/2010 og 153/2010, fari skuldbinding í erlendum gjaldmiðli ekki gegn ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Beri því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að lán sóknaraðila hafi verið endurreiknað þó svo að um lögmætt lán væri að ræða en húsnæðislán hjá varnaraðila hafi verið endurreiknuð samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laga nr. 151/2010 um breytingu á vaxtalögum óháð því hvort lánin teldust lögmæt eða ekki. Um hafi verið að ræða almenna aðgerð til

stuðnings heimilunum og hafi lögin mælt fyrir um tiltekna útreikningsaðferð sem fjármálastofnunum hafi verið gert að beita til lækkunar lánanna. Hafi verið um lögmæt lán að ræða hafi önnur ákvæði vaxtalaganna ekki átt við, þar með talin þau ákvæði sem kvittanadómar hafi talið ganga gegn stjórnarskrárvörðum rétti lántaka.

Varnaraðili bendir á að dómur í svokölluðum kvittanamálum, t.d. nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2012 [svo] hafi fjallað um lánsamninga sem hafi verið ólöglega gengistryggðir og hafi það verið forsenda fyrir því að undanþágu frá meginreglu kröfuréttar um viðbótarkröfurétt hafi verið beitt. Varnaraðili byggir á því að svokallaðir kvittanadómar hafi því aðeins áhrif að viðkomandi lán hafi verði talið innihalda ákvæði um ólögmæta gengistryggingu eða sé algerlega sambærilegt þannig láni að mati bankans. Varnaraðili telur dómanna ekki skylda lánveitanda til að framkvæma eða endurskoða fyrri endurreikning lána sem lögmæt teljist.

Varnaraðili byggir á því að hafi lántaki ekki rétt til endurreiknings sökum þess að um ólögmætt lán sé að ræða hafi lánveitandi og/eða löggjafinn frjálsar hendur með þá aðferð sem viðhöfð sé til að ná fram lækkun lántaka til handa. Lántaki eigi ekki lögvarða kröfu til annars konar útreiknings, sbr. kvittanadóma, sökum þess að grundvallarforsenda dómanna hafi verið að lán hafi verið ólögmætt í upphafi og gefnar hafi verið lokakvittanir fyrir „röngum“ greiðslum. Ekki sé unnt að ganga á réttindi sem ekki hafi myndast og lögin hafi gert ráð fyrir að lántakar gætu hafnað endurreikningi væri niðurstaða þeim óhagstæð.

Varnaraðili vísar til þess að skuldabréf sóknaraðila sé að öllu leyti sambærilegt þeim skuldabréfum sem Hæstiréttur hafi staðfest sem lögmæt erlend lán í málum nr. 446/2013 og 499/2013. Í fyrrnefnda málinu hafi kröfu lántaka um útreikning skv. kvittanadómum verið hafnað þar sem um lögmætt lán væri að ræða. Hæstiréttur hafi vísað í málinu sérstaklega til þess að þar sem lánsfjárhæð kæmi skýrlega fram í erlendri mynt gæti ákvæði samningsins um endurgreiðslu í íslenskum krónum engu breytt að um lögmætt lán væri að ræða.

Varnaraðili vísar framangreindu til viðbótar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2011, 715/2012, 757/2012 og 3/2013, þar sem komist hafi verið að sömu niðurstöðu.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað á þeim forsendum að um sé að ræða gilt lán í erlendri mynt og í því samhengi skipti engu máli þótt sóknaraðili hafi fengið lánsfjárhæðina greidda í íslenskum krónum eða greitt af henni í mynt. Ekki séu því forsendur fyrir frekari endurreikningi lánsins.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort endurreikna beri skuldabréf nr. X, útgefið af sóknaraðila til FF þann 30. ágúst 2004.

Varnaraðili endurreiknaði umþrætt lán sóknaraðila á grundvelli bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010, þann 12. janúar 2012. Var lánið því ekki endurreiknað á grundvelli þess að um ólögmætt gengistryggt lán væri að ræða. Við endurreikninginn var miðað við vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Telja verður að í kröfu sóknaraðila felist að hann hafi lokið greiðslu vaxta fyrir liðna tíð og því hafi varnaraðila ekki verið heimilt að reikna vexti skv. 4. gr. laga nr. 38/2001, enda vísar sóknaraðili kröfu sinni til stuðnings til dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012, sbr. bréf varnaraðila, dags. 29. maí 2013.

Forsenda endurreiknings er að um ólöglegt gengistryggt lán hafi verið að ræða enda fer skuldbinding í erlendum gjaldmiðli ekki gegn ákvæðum 13. og 14. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hefur Hæstiréttur kveðið upp dóma þar sem því er hafnað að gildar skuldbindingar sæti niðurfærslu með endurreikningi á grundvelli umræddra laga.

Við úrlausn þess hvort um gilt lán í erlendum gjaldmiðlum hafi verið að ræða eða ólöglegt gengistryggt lán í íslenskum krónum er úrskurðarnefndin bundin af lögum og dómafordæmum í sambærilegum málum. Í samræmi við þau viðmið sem fram koma í nýlegum dómum Hæstaréttar á þessu sviði er fyrst að líta til heitis skuldabréfsins, en fyrirsögn þess er „Veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum. Húsnæðislán“. Í öðru lagi að lánsfjárhæðin er samkvæmt orðalagi skuldabréfsins skýrlega tilgreind í erlendum gjaldmiðlum, sem sagt var að væri jafnvirði tiltekinnar fjárhæðar í íslenskum krónum. Í þriðja lagi eru vextir samkvæmt skuldabréfinu til samræmis við það að um erlent lán sé að ræða tilgreindir LIBOR vextir. Form og efni skuldaskjalsins bar því ótvírætt með sér að um væri að ræða lán í hinum erlendu myntum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 446/2013. Verður því lagt til grundvallar í samræmi við framangreint að um gilt lán í hinum erlendu gjaldmiðlum hafi verið að ræða, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2011, 3/2013 og 127/2013.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að um sé að ræða gilt lán í erlendri mynt. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila um endurreikning lánsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, FF, er hafnað.

Reykjavík, 12. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elisabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 12. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 58/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. apríl 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. apríl 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. apríl 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 27. maí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. maí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 6. júní 2014. Athugasemdir sóknaraðila voru sendar varnaraðila með bréfi, dagsettu 6. júní 2014. Athugasemdir bárust frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 11. júní 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 12. september 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 15. október 2004 sótti sóknaraðili um lán að fjárhæð kr. 11.000.000 í 30% USD, 10% GBP, 10% CHF, 10% JPY og 40% EUR. Setja átti fasteign sóknaraðila að A að veði á 5. veðrétti til tryggingar láninu.

Þann 15. október 2004 var „Veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum. Húsnæðislán“, nr. X (nú XX), að fjárhæð USD 46.479, GBP 8.715, CHF 19.606, JPY 1.724.679 og EUR 50.491, að jafnvirði í íslenskum krónum þann 7. október 2004, 11.000.000, gefið út af sóknaraðila til varnaraðila. Fasteign sóknaraðila að A, var sett að veði á 5. veðrétti til tryggingar láninu.

Þann 26. mars 2009 sótti sóknaraðili um greiðslujöfnun fasteignaveðláns í erlendum og/eða innlendum gjaldmiðlum, vegna skuldabréfs nr. X.

Þann 28. mars 2009 var gerð skilmálabreyting á skuldabréfi nr. X. Eftirstöðvar lánsins voru tilgreindar USD 41.540,65, GBP 7.788,99, CHF 17.522,96, JPY 1.541.431,02 og EUR 45.126,29.

Sóknaraðila barst endurreikningur á láni nr. X, með viðmiðunardagsetningu 2. desember 2011. Staða láns fyrir endurútreikning var tilgreind kr. 16.755.118. Upphafleg fjárhæð láns var kr. 10.950.484, reiknaðir óverðtryggðir vextir Seðlabanka Íslands frá útborgunardegi voru kr. 13.856.073. Staða láns ef það hefði verið óverðtryggt frá upphafi var tilgreind kr. 24.806.456. Greitt inn á lán á lánstíma var kr. 6.657.124, reiknaðir vextir á greiðslur voru kr. 2.884.711. Ný staða láns eftir endurreikning var kr. 15.264.621. Breyting láns við endurreikning var kr. -1.490.497.

Þann 2. desember 2011 barst sóknaraðila skjal með yfirskriftinni: „*Tilkynning um skilmálabreytingu. Endurútreikningur erlends íbúðaláns samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, með síðari breytingum. Verðtryggt - Jafnar afborganir*“. Sóknaraðila var tilkynnt að lán hans nr. X hefði verið endurreiknað í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2010 um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Nýtt lánsnúmer var tilgreint XX.

Á árinu 2012 sendi sóknaraðili varnaraðila fyrirspurn varðandi lögmæti endurreiknings á láni nr. X, nú XX. Varnaraðili svaraði fyrirspurnum sóknaraðila með bréfi, dagsettu 4. apríl 2012. Taldi bankinn að ekki væru efni til að breyta endurreikningi eins og hann lægi fyrir. Í kjölfarið sendi sóknaraðili fyrirspurnir á stjórnarmann og stjórnarformann stjórnar varnaraðila, á Bankasýslu ríkisins, Neytendastofu og Fjármálaeftirlitið auk Sýslumannsins í Reykjavík.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. apríl 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að lán hans nr. XX, sem varnaraðili gaf út einhliða, verði gert ógilt og að bankanum verði gert að semja við hann um skilmálabreytingar sem eru ásættanlegar fyrir báða aðila. Einnig krefst sóknaraðili þess að bankanum verði gert að aflýsa skjölum hjá sýslumanni og veðböndum skv. láni nr. X af A.

Sóknaraðili vísar til þess að þann 5. desember 2011 hafi varnaraðili gert einhliða skilmálabreytingu á láni nr. X. Lán nr. X sé veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum sem síðar hafi verið talið ólögmætt. Í kjölfarið hafi varnaraðili sett sóknaraðila fjóra kosti sem sóknaraðili hafi ekki talið þjóna hagsmunum sínum og hafi ekki getað sæst við. Án þess að reyna að semja hafi bankinn breytt skilmálum lánsins einhliða, stofnað hið nýja lán nr. XX og byrjað að senda greiðsluseðla fyrir „nýju“ láni. Sóknaraðili kveðst aldrei hafa samþykkt eða skrifað undir hið „nýja“ skuldabréf, en hafi ávallt greitt alla greiðsluseðla vegna þess að hann vilji ekki lenda í vanskilum.

Sóknaraðili kveðst ósáttur við að varnaraðili hafi notast við hærri vexti við endurreikning en samið hafi verið um. Kveðst sóknaraðili ósáttur við það, þar sem hann telji að varnaraðili geti ekki breytt umsömdum vöxtum einhliða.

Sóknaraðili vísar til þess að í vissum tilvikum sé hægt að ógilda samninga eða víkja þeim til hliðar að hluta eða öllu leyti, t.d. ef samningsskilmálar séu óréttmætir, s.s. þegar samningurinn sé bersýnilega óhagkvæmur, ósanngjarn gagnvart neytanda eða raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila neytanda í óhag, neytandi sé bundinn við samninginn óeðlilega lengi eða uppsögn ótímabundins samnings sé gerð óeðlilega erfið, samningi sé komið á með því að annar aðilinn sé

neyddur til þess, svik hafi verið viðhöfð eða bágindi, einfeldni eða fákunnátta annars manns hafi verið notuð til að koma á samningi eða það yrði talið ósamngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera samning fyrir sig. Ekki sé hægt að víkja samningi til hliðar einhliða heldur verði að semja um það eða leita aðstoðar úrskurðarnefndar eða dómstóla til að fá samningnum hnekk.

Sóknaraðili telur að þrátt fyrir að varnaraðila hafi verið skylt að hafa frumkvæði að því að breyta umræddu gengisláni hafi það ekki gefið bankanum heimild til að ráðstafa lánasamningnum einhliða, eins og bankanum henti án þess að ná sáttum við sóknaraðila. Hafi lánið verið lögmætt lán hver hafi þá verið tilgangurinn að breyta því einhliða.

Sóknaraðili vísar til þess að eins og hann skilji lög nr. 151/2010 hafi verið um að ræða almenna aðgerð til stuðnings heimilunum til lækkunar lána. Kveðst hann ekki geta tekið undir það að lánið sem hann hafi tekið að fjárhæð kr. 11.000.000 árið 2004 með um 3,5% föstum vöxtum sé óhagkvæmara en rúmlega kr. 18.000.000 nýtt verðtryggt lán, með allt öðrum vöxtum en hann hafi samið um. Kveðst sóknaraðili eiga eftir að sjá hvar og hvernig þessi vaxtalög geti tekið af honum samningsréttinn til að skuldbinda hann og fjölskyldu hans um ókomna tíð með þessu verðtryggða láni sem hann hafi aldrei skrifað undir og fái aldrei að vita hvað hann þurfi endanlega að greiða. Það sé einfaldlega ekki til að styðja heimilið til lækkunar lánsins.

Sóknaraðili vísar til þess varðandi veðréttinn á A samkvæmt greiðslufirliti varnaraðila, dags. 2. desember 2011 og kaupnótu sem gerð hafi verið í hans nafni 5. desember 2011 þá sé búið að greiða upp viðkomandi lán.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að endurreikningur og breyting á skilmálum húsnæðisláns sóknaraðila í erlendum gjaldmiðlum hafi farið fram samkvæmt fyrirmælum laga nr. 151/2010. Samkvæmt ákvæðum laganna hafi varnaraðila borið skylda til þess að hafa frumkvæði að því að framkvæma slíkan endurreikning og hafi í lögunum skýrlega verið mælt fyrir um hvaða lánskjör slík lán skyldu bera til framtíðar. Varnaraðili byggir á því að ekki sé um nýtt lán að ræða líkt og sóknaraðili haldi fram þó svo að auðkennum eða lánsnúmerum í kerfum varnaraðila hafi verið breytt samhliða breytingu á skilmálum lánsins. Beri þegar af þeim ástæðum að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að lán sóknaraðila hafi verið lögmætt lán í erlendum myntum, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2011, 446/2013 og 499/2013, ólíkt því sem sóknaraðili haldi fram í kvörtun sinni. Af því leiði að um endurreikning á húsnæðisláni sóknaraðila fari eftir ákvæðum laga nr. 151/2010. Sóknaraðili eigi hins vegar ekki lögvarða kröfu til annars konar útreiknings, sbr. t.d. hina svokölluðu „kvittanadóma“ í málum nr. 600/2011 og 464/2012, sökum þess að grundvallarforsenda dómanna hafi verið að lán hafi verið ólögmætt í upphafi og að gefnar hafi verið lokakvittanir fyrir „röngum“ greiðslum. Ekki sé unnt að ganga á réttindi sem ekki hafi myndast og lög nr. 151/2010 hafi gert ráð fyrir að lántakar gætu hafnað endurreikningi væri niðurstaða þeim óhagstæð.

Varnaraðili vísar til þess að lán sóknaraðila hafi verið endurreiknað þó svo að um lögmætt lán væri að ræða en samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/2010 um breytingu á vaxtalögum hafi fjármálafyrirtækum verið gert skylt að endurreikna húsnæðislán

neytenda í erlendum myntum eftir þeirri aðferð sem lögin hafi mælt fyrir um óháð því hvort lánin teldust lögmæt eða ekki. Um hafi verið að ræða almenna aðgerð til stuðnings heimilunum og hafi lögin mælt fyrir um tiltekna útreikningsaðferð sem fjármálastofnunum hafi verið gert að beita til lækkunar lánanna. Lögin gangi raunar ekki út frá því að samþykki skuldara þurfi til slíkrar breytingar heldur segi að ef skilyrði bráðabirgðaákvæðisins séu uppfyllt, fari um „fram tíðarskilmála skuldbindingarinnar eftir því sem greini í 18. gr. laganna [um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001]“.

Varnaraðili bendir á að hins vegar hafi hann við endurreikninginn boðið upp á nokkra valmöguleika um vexti til framtíðar sem hafi verið hagstæðari en þeir sem leiddu af lögum nr. 151/2010. Við val á slíkum leiðum hafi þurft að koma til útgáfu nýrra skuldaskjala. Væri ekkert valið hafi varnaraðila verið skylt að hafa frumkvæði að uppgjöri slíkra lána samkvæmt lögunum og það óháð því hvort skuldari hafi áður veitt skriflegt samþykki fyrir breytingunni. Varnaraðili hafi því ekkert val haft um það hvort farið yrði að ákvæðinu eða ekki. Þar sem sóknaraðili hafi kosið að þiggja ekki þá aðra valkosti sem varnaraðili hafi boðið upp á skyldi skv. lögum nr. 151/2010 fara eftir 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, eins og henni hafi verið breytt með fyrrnefndu lögunum, þ.e. vexti skv. 4. gr. vaxtalaga, og svo hafi farið í raun, sbr. tilkynningu til sóknaraðila um skilmálabreytingu.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hefði getað óskað eftir því að halda láninu óbreyttu í erlendum myntum hefði hann talið hin erlendu lánskjör hagkvæmari, en í þeirri niðurstöðu hefði falist að sú lækkun sem leiddi af endurreikningi skv. fyrirmælum laga nr. 151/2010 hefði ekki farið fram.

Varnaraðili byggir á því að um lögbundna skilmálabreytingu hafi verið að ræða og hafi ekki verið þörf á samþykki sóknaraðila fyrir þeirri breytingu. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 207/2014 í þessu samhengi, en í forsendum héraðsdóms sé vísað til þess að fjármálafyrirtækjum hafi ekki verið heimilt annað en að láta framtíðarskilmála fara eftir 18. gr. vaxtalaga, enda lögbundið skv. bráðabirgðaákvæði X í vaxtalögum hvernig skuli fara með slíkar skuldbindingar. Beri því að hafna kröfum sóknaraðila sem byggir á því að hann hafi ekki undirritað eða samþykkt breytinguna. Varnaraðili vísar einnig til úrskurða héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. E-2766/2013 og E-3287/2013.

Varnaraðili ítrekar að ekki hafi verið um útgáfu á nýju láni að ræða heldur hafi skilmálum lánsins verið breytt eftir fyrirmælum laga nr. 151/2010 með skilmálabreytingu en við hana hafi skuldabréfið fengið nýtt númer í kerfum bankans. Skýrlega megi sjá af tilkynningu þeirri sem sóknaraðili hafi fengið senda að eingöngu sé um breytingu skilmála að ræða en ekki nýtt lán. Til stuðnings þess að breyting á lánsnúmerum í kerfum varnaraðila hafi ekki þá þýðingu að um nýtt lán sé að ræða vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 207/2012, þar sem slíkum sjónarmiðum hafi alfarið verið hafnað.

Varnaraðili byggir á því að um sama lán sé að ræða og sömu veðheimild og sé skuldabréfið réttilega þinglýst á eign sóknaraðila. Óumdeilt sé að sóknaraðili skuldi varnaraðila enn þá samkvæmt skuldabréfinu og beri því að hafna kröfu sóknaraðila um að skuldabréfinu verði aflýst af fasteigninni að A. Sé sú krafa sóknaraðila auk þess örökstudd með öllu.

Varnaraðili bendir á að valdi skortur á undirritun sóknaraðila ógildingunni skilmálabreytingarinnar geti það ekki leitt til þess að ógilda ætti veðrétt varnaraðila eða að varnaraðili verði skyldur til einhvers annars konar skilmálabreytinga en skýrlega hafi verið mælt fyrir um í lögum nr. 151/2010. Kæmi til ógildingar

skilmálabreytingarinnar þá stæði enn þá gild skuldbinding sóknaraðila samkvæmt upphaflegum skilmálum skuldabréfs sem réttilega sé þinglýst á eign sóknaraðila.

Varnaraðili hafnar því að sóknaraðili hafi tekið „11 mkr. lán með um 3,5% föstum vöxtum“. Eins og skýrlega megi sjá á skuldabréfi sóknaraðila hafi verið um að ræða lán í fimm erlendum gjaldmiðlum, n.t.t. að fjárhæðum USD 46.479, GBP 8.715, CHF 19.606, JPY 1.724.679 og EUR 50.491, sem borið hafi breytilega LIBOR og EURIBOR vexti með 1,81% vaxtaálagi.

Varnaraðili áréttar að eftir endurreikning og færslu yfir í íslenskar krónur hafi höfuðstóll lánsins lækkað um jafnvirði kr. 1.490.497 og hafi eftirstöðvar lánsins eftir endurreikning verið kr. 15.264.621, en ekki kr. 18.000.000 eins og sóknaraðili hafi haldið fram.

Varnaraðili hafnar því alfarið að í kaupnótu og greiðsluyfirliti felist með einhverjum hætti kvittun fyrir uppgreiðslu á láninu. Þessi skjöl lýsi einvörðungu þeirri kerfisbreytingu sem átt hafi sér stað samhliða skilmálabreytingunni þegar lánið hafi verið fært yfir í íslenskar krónur í kerfum varnaraðila. Eins og skilmálabreytingin og upphafleg skjöl beri með sér sé um eitt og sama lánið að ræða og byggji veðréttur bankans á hinu umrædda skuldabréfi með síðari breytingum, þ.m.t. breytingu skv. tilkynningunni, dags. 2. desember 2011.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað á þeim forsendum að endurreikningur og skilmálabreyting lánsins hafi verið að lagaboði. Ekki hafi verið um nýtt lán að ræða og engin lagaskilyrði séu fyrir því að víkja beri veðrétti varnaraðila til hliðar.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi varnaraðila á skuldabréfi nr. C, skilmálabreytingu, dags. 2. desember 2011 og veðsetningu fasteignar sóknaraðila að A, skv. skuldabréfi nr. X.

Varnaraðili endurreiknaði umþrætt lán sóknaraðila á grundvelli ákvæðis X til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010, þann 2. desember 2011. Af orðalagi bráðabirgðaákvæðis X liggur ljóst fyrir að um uppgjör vegna ofgreiðslu og framtíðarskilmála skuldbindingar samkvæmt veðskuldabréfinu, skyldi fara eftir 18. gr. laga nr. 38/2001, eins og henni var breytt með lögum nr. 151/2010. Af skýru orðalagi ákvæðis X liggur einnig ljóst fyrir að aðilar höfðu ekki um þetta val og er í ákvæðinu jafnframt kveðið á um að lánveitanda, varnaraðila, bar að hafa frumkvæði að uppgjöri vegna lánsins, sem skyldi fara fram innan 90 daga frá gildistöku laganna.

Í athugasemdum við 3. gr. frumvarps að lögum nr. 151/2010, sem varð að bráðabirgðaákvæði X í lögum nr. 38/2001, kemur fram að „þúsundir samninga“ hafi þá verið í uppnámi og þörf hafi verið á „skýrum línunum varðandi uppgjör og úrvinnslu“. Enn hafi þá verið til meðferðar hjá dómstólum fjöldi mála varðandi álitamál um það hvaða form lánsskilmála teldust fela í sér ólögmetta gengistryggingu. Þá segir að með bráðabirgðaákvæði X sé lagt til, hvað varði húsnæðislán til neytenda, að ekki skuli skipta máli með hvaða hætti gengið hafi verið frá gerð skjala eða peningamillifærslum í tengslum við viðskiptin. Til að mynda eigi ekki að skipta máli hvort lán hafi verið veitt í formi veðskuldabréfs eða með lánsamningi. Ákvæðinu sé ætlað að ná til beggja samningsforma. Aðalatriðið sé hvort lán hafi farið til húsnæðiskaupa. Þá segir að ljóst sé að gengistryggð eða erlend lán til húsnæðiskaupa hafi verið kynnt sem ein og sama þjónustan og að almenningur hafi ekki haft tök á að hlutast til um gerð lánsskilmála. Fjölmörg dæmi séu um að þeir sem hafi farið í

bankana í nákvæmlega sömu erindagjörðum og í raun fengið sömu skilmála, eigi á hættu að vera flokkaðir annars vegar með gild erlend lán og hins vegar með lán með ógildri gengistryggingu. Enn fremur segir að málefnaleg rök séu fyrir því að jafna hlut þeirra einstaklinga sem hafi tekið lán í nákvæmlega sama tilgangi og hafi enga möguleika átt á því að verja sig né bregðast við þeirri gríðarlegu veikingu krónunnar sem þá hafi orðið síðustu tvö til þrjú árin. Þetta sé stórfellt almannaheillamál og „veigamikil jafnræðisrök“. Allt öðru máli gegni um þá sem tekið hafi lán í öðrum og fjölbreyttari tilgangi.

Framangreindar athugasemdir frumvarpsins taka af öll tvímæli um það að með bráðabirgðaákvæði X var lögfest að eins skyldi fara um húsnæðislán til neytenda hvort heldur þau teldust til lögmætra lána í erlendum gjaldmiðlum eða til lána í íslenskum krónum bundnum við gengi erlendra gjaldmiðla með ólögmætum hætti. Varnaraðila var því ekki heimilt að gera greinarmun þar á milli. Að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins skyldi fara um uppgjör þessara lána, vegna ofgreiðslu og framtíðarskilmála skuldbindinga, eftir 18. gr. laga nr. 38/2001.

Ljóst er með vísan til framangreinds að umþrætt lán sóknaraðila var ekki endurreiknað sérstaklega á grundvelli þess að um ólögmætt gengistryggt lán væri að ræða heldur á grundvelli ákvæða laga nr. 38/2001. Verður því ekki fallist á með sóknaraðila að með breytingu á lánsnúmeri, skv. skjalinu „Tilkynning um skilmálabreytingu“, dags. 2. desember 2011, hafi verið um útgáfu nýs skuldabréfs að ræða, heldur einungis um endurreikning á grundvelli lagaskyldu. Í ljósi þess verður ekki fallist kröfu sóknaraðila um að lán nr. XX verði ógilt, enda er þar aðeins um að ræða nýtt númer sem varnaraðili gaf gildri skuldbindingu sóknaraðila um leið og hann framkvæmdi hinn lögboðna endurútreikning og hina lögboðnu breytingu á skilmálum hennar.

Við framangreindan endurreikning var miðað við vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Með vísan til rökstuðnings sóknaraðila fyrir kröfu sinni virðist m.a. í kröfunni felast að hann hafi lokið greiðslu vaxta fyrir liðna tíð og því hafi varnaraðila ekki verið heimilt að reikna vexti skv. 4. gr. laga nr. 38/2001, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013.

Forsenda endurreiknings er að um ólögmætt gengistryggt lán hafi verið að ræða enda fer skuldbinding í erlendum gjaldmiðli ekki gegn ákvæðum 13. og 14. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hefur Hæstiréttur kveðið upp dóma þar sem því er hafnað að gildar skuldbindingar sæti niðurfærslu með endurútreikningi á grundvelli umræddra laga.

Við úrlausn þess hvort um gilt lán í erlendum gjaldmiðlum hafi verið að ræða eða ólögmætt gengistryggt lán í íslenskum krónum er úrskurðarnefndin bundin af lögum og dómafordæmum í sambærilegum málum. Í samræmi við þau viðmið sem fram koma í nýlegum dómum Hæstaréttar á þessu sviði er fyrst að líta til heitis skuldabréfsins, en fyrirsögn þess er „Veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum. Húsnæðislán“. Í öðru lagi að lánsfjárhæðin er samkvæmt orðalagi skuldabréfsins skýrlega tilgreind í erlendum gjaldmiðlum, sem sagt var að væri jafnvirði tiltekinnar fjárhæðar í íslenskum krónum. Í þriðja lagi eru vextir samkvæmt skuldabréfinu til samræmis við það að um erlent lán sé að ræða tilgreindir LIBOR og EURIBOR vextir. Form og efni skuldaskjalsins bar því ótvírætt með sér að um væri að ræða lán í hinum erlendu myntum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 446/2013. Verður því lagt til grundvallar í samræmi við framangreint að um gilt lán í hinum erlendu gjaldmiðlum

hafi verið að ræða, sbr. einnig dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2011, 3/2013 og 127/2013.

Í ljósi framangreinds fékk sóknaraðili með ákvæðum laga nr. 151/2010 niðurfelldan hluta lögmæts erlends láns síns, sem honum hefði að öðrum kosti borið skylda til að greiða í samræmi við meginreglur samningaréttar um skuldbindingargildi samninga, enda lækkaði staða lánsins eftir endurreikning um kr. 1.490.497.

Með vísan til meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi verður varnaraðili ekki þvingaður til að semja við sóknaraðila um skilmálabreytingar sem eru ásættanlegar fyrir báða aðila. Kröfu sóknaraðila þar að lútandi verður því að hafna. Áréttað skal að í málinu er ekki gerð krafa um að fallið verði frá umræddum endurreikningi þannig að upphaflegir skilmálar hins erlenda láns standi.

Sóknaraðili krefst þessi einnig að varnaraðili aflýsi skjölum hjá sýslumanni og veðböndum skv. láni nr. X af A.

Í 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Svo virðist sem sóknaraðili byggji þessa kröfu sína á hinni fyrri, þ.e. að ef fallist verður á málatilbúnað hans að öðru leyti, leiði það til brottfalls veðréttarins fyrir láni með hinu nýja lánsnúmeri.

Sóknaraðili færir annars engin rök fyrir framangreindri kröfu sinni. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hver grundvöllur kröfunnar er eða á hvaða forsendum aflýsa ætti veðsetningu fasteignarinnar að A, skv. umþrættu skuldabréfi. Verður því ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila þar að lútandi frá nefndinni, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um ógildingu skuldabréfs nr. XX er hafnað.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðila, F verði gert að semja við hann um skilmálabreytingar sem eru ásættanlegar fyrir báða aðila er hafnað.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að aflýsa skjölum hjá sýslumanni og veðböndum skv. láni nr. X af A, er vísað frá.

Reykjavík, 12. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 19. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 59/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. apríl 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. apríl 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. apríl 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 4. júní 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. júní 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 14. ágúst 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 19. september 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 9. október 2001 gaf félagið A ehf. út tryggingarbréf nr. X, til FF að höfuðstólsfjárhæð kr. 1.200.000. Tryggingarbréfið var tryggt með 3. veðrétti í fasteign sóknaraðila að B.

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, dags. 23. ágúst 2010 var bú A ehf. tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptum á þrotabúinu var lokið þann 19. apríl 2011. Varnaraðili lýsti kröfum í bú A að fjárhæð kr. 4.718.087.

Áður en skiptum á þrotabúinu var lokið leituðu sóknaraðili og C til varnaraðila og óskuðu eftir því að gerður yrði viðauki við tryggingarbréfið, þannig að tryggingarbréfið myndi eftirleiðis tryggja skuldir C við varnaraðila.

Þann 7. apríl 2011 var viðauki gerður við tryggingarbréfið þar sem það skyldi framvegis einungis standa til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra skulda og fjárskuldbindinga C við varnaraðila.

Í byrjun árs 2014 var lögmaður sóknaraðila í sambandi við varnaraðila vegna veðsetningar fasteignar hennar. Þann 26. febrúar 2014 kvað varnaraðili veðsetninguna gilda.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. apríl 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að verða leyst undan ábyrgðum vegna tryggingarbréfs nr. X.

Sóknaraðili vísar til þess að ekki hafi verið staðið rétt að greiðslumati vegna ábyrgðar hennar, sbr. lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, sbr. einnig eldra samkomulag um ábyrgðarmenn. Telur hún að slíkir vankantar leysi hana undan ábyrgð vegna tryggingarbréfsins.

Sóknaraðili vísar til markmiðs laga nr. 32/2009, sbr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 2. gr. laganna sé með ábyrgðarmanni sé átt við einstaklinga sem gangist persónulega í ábyrgð eða veðsetji tilgreinda eign sína til tryggingar efnudum lántaka enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans. Þetta eigi við um sóknaraðila enda sé hún einn eigandi eignar sinnar og hafi aðalskuldari engin tengsl við hennar persónulega fjárhag eða fasteign hennar.

Sóknaraðili byggir á því að samkvæmt lögum nr. 32/2009 eigi lánveitandi að meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán þar sem ábyrgðarmaður gangist í ábyrgð til tryggingar efnudum lántaka. Greiðslumat skuli byggt á viðurkenndum viðmiðum. Staðreynd málsins sé sú að greiðslumat hafi aldrei verið framkvæmt og hafi aðalskuldari t.d. orðið gjaldþrota árið 2013 eða nærri tveimur árum eftir að ábyrgðarmaður hafi tekið á sig umrædda skuldbindingu en fjárhagsstaða aðalskuldara hafi þá þegar árið 2011 verið orðin slæm. Á sama tíma og lánveitandi eigi að framkvæma greiðslumat á skuldara þá eigi hann jafnframt að upplýsa ábyrgðarmann skriflega um þá áhættu sem ábyrgð sé samfara. Það hafi aldrei verið gert. Verði að telja það mjög ámælisvert að fjármálastofnun eins og varnaraðili hafi ekki gætt betur að þessu þar sem ný lög um ábyrgðarmenn höfðu tekið gildi.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi vísað til þess að umrædd skuldbinding væri vegna eldri skuldbindinga en þá megi ljóst vera að það eigi ekki við í þessu máli þar sem ný skjöl hafi verið útbúin. Þá skuli haft í huga að þegar upphaflegu lánaskjölin hafi verið útbúin þá hafi verið í gildi samkomulag um sjálfskuldarábyrgðir.

Sóknaraðili bendir á að hún hafi upphaflega tekið á sig sjálfskuldarábyrgð vegna skuldbindinga sem hafi verið vegna reksturs skuldara. Í ljósi upphæðar lánsins sem numið hafi hærri fjárhæð en kr. 1.000.000 hafi varnaraðila borið samkvæmt meginreglu 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins að greiðslumeta greiðanda nema undantekningarregla 3. mgr. 3. gr. ætti við. Fyrir liggir að túlka verði undantekningarregluna samkvæmt efni sínu á þá leið að viljayfirlýsing ábyrgðarmanns, sem giftur sé eða í óvígðri sambúð með lántaka, sé forsenda fyrir því að reglunni verði beitt, sbr. mál úrskurðarnefndarinnar nr. 19/2012. Varnaraðila hafi borið samkvæmt skýru ákvæði 3. gr. samkomulagsins að meta greiðslugetu skuldara.

Sóknaraðili bendir á að ekki liggir fyrir í málinu hvort sóknaraðili hefði samþykkt greiðslumat hefði það verið framkvæmt og gengist í ábyrgð fyrir greiðanda skuldabréfsins eftir að hafa kynnt sér matið. Einnig sé ljóst að ekki liggir fyrir skrifleg

staðfesting sóknaraðila á veitingu lánsins hefði niðurstaða greiðslumats bent til þess að greiðandi hafi ekki getað efnt skuldbindingar sínar.

Sóknaraðili vísar máli sínu til stuðnings til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 8/2012.

Sóknaraðili krefst þess með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að varnaraðili víki til hliðar ábyrgð hennar, enda liggi fyrir að ósanngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju að bera samningsskilmálana fyrir sig.

Sóknaraðili mótmælir því að kröfur hennar séu óskýrar. Í kvörtun komi fram að kvartað sé yfir ábyrgð sem hún hafi tekið á sig vegna C. Í kvörtuninni sé farið bæði yfir eldra samkomulag um ábyrgðarmenn og lög sem gildi tóku árið 2009. Kvartað sé yfir því að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat þegar skipt hafi verið um útgefanda tryggingarbréfsins og að það sé ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 32/2009. Kvörtunin sé skýr og skýlaus hvað þetta varði.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo vanreifaður og óljós að erfitt sé að taka til varna. Varnaraðili bendir á að í málatilbúnaði sóknaraðila sé ýmist rætt um sjálfskuldarábyrgð eða veðsetningu fasteignar sóknaraðila en samt sem áður lúti kröfugerð sóknaraðila að því að „verða leyst undan ábyrgðum vegna tryggingarbréfa nr. X“. Að mati varnaraðila fari málsástæður og kröfugerð sóknaraðila ekki saman enda sé fasteign sóknaraðila veðsett til tryggingar skuldum C en sóknaraðili virðist byggja á að hún sé í sjálfskuldarábyrgð fyrir hann. Því telur varnaraðili að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo handahófskenndur og óljós að vísa verði málinu frá, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varnaraðili bendir jafnframt á að málatilbúnaður sóknaraðila byggi m.a. að stærstum hluta til á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, en það hafi tekið gildi 1. nóvember 2001 á meðan hið umþrætta tryggingarbréf hafi verið gefið út 9. október 2001, þ.e. í gildistíð samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, sem gildi hafi tekið 27. janúar 1998. Því hafi gilt aðrar reglur á því tímabili sem tryggingarbréfið hafi verið út á en sóknaraðili byggi á. Varnaraðili byggir á því að þetta komi óhjákvæmilega niður á öllum vörnum í málinu og sé andstætt meginreglum réttarfars um skýran og ljósan málatilbúnað. Telur varnaraðili að gera verið ríkar kröfur til málatilbúnaðar sóknaraðila enda njóti hún aðstoðar lögmanns.

Til stuðnings varakröfu varnaraðila vísar hann til þess að gildissvið samkomulagsins frá 1998 nái ekki til lánveitinga til lögaðila heldur hafi gildissvið samkomulagsins verið takmarkað við þau tilvik þegar einstaklingar hafi ábyrgst eða veðsett fasteign sína til tryggingar skuldum annarra einstaklinga, sbr. orðalag 2. og 4. mgr. 2. gr. samkomulagsins frá 1998, en þar komi skýrt fram að gildissviðið eigi einungis við um þau tilvik þegar skuldarinn sé einstaklingur. Varnaraðila hafi því verið óskýlt að meta greiðslugetu A ehf. áður en sóknaraðili hafi sett fasteign sína að veði til tryggingar skuldum félagsins. Afmörkun þessi á gildissviði samkomulagsins

frá 2001, hafi m.a. verið staðfest í málum nr. 27/2010 og 29/2011 fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og dómi Hæstaréttar í máli nr. 322/2013. Ákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. samkomulagsins frá 2001, sé efnislega sambærilegt 2. og 4. mgr. 2. gr. samkomulagsins frá 1998 og því telur varnaraðili óumdeilt að gildissvið þess nái ekki til þeirra tilvika þegar einstaklingar hafi veðsett fasteignir sínar til tryggingar skuldbindingum lögaðila.

Varnaraðili hafnar því að hafa brotið gegn ákvæðum samkomulagsins frá 1998 þegar sóknaraðili hafi sett fasteignina að B að veði til tryggingar skuldbindingum félagsins A ehf. enda hafi honum ekki verið skylt samkvæmt samkomulaginu frá 1998 að framkvæma mat á greiðslugetu A ehf. við útgáfu tryggingarbréfsins, sbr. 4. mgr. 2. gr. samkomulagsins frá 1998.

Varnaraðili telur að þar sem rétt hafi verið staðið að útgáfu tryggingarbréfsins og veðsetningu á fasteign sóknaraðila á árinu 2001, geti seinni útgefendabreytingar á tryggingarbréfinu ekki valdið því að veðréttur bankans verði ógiltur og það þrátt fyrir að lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi tekið gildi þegar útgefendabreytingin hafi átt sér stað með viðaukanum við tryggingarbréfið, dags. 7. apríl 2011. Telur varnaraðili að sú krafa sóknaraðila fái ekki stoð í 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, enda hafi sóknaraðili veðsett fasteign sína til tryggingar skuldbindingum félags sem nú sé gjaldþrota og hefði bankinn ekki samþykkt skuldaraskiptin væri sóknaraðili nú í ábyrgð fyrir skuldum þess félags. Það hefði leitt til þess að varnaraðili hefði leitað fullnustu krafna sinna á hendur A ehf. í fasteign sóknaraðila þegar ljóst hefði verið hvort eitthvað fengist upp í kröfur hans við gjaldþrotaskiptin. Hefðu útgefendaskiptin ekki verið búin að eiga sér stað áður en skiptum á búi félagsins hafi lokið hefði bankinn því getað krafist sóknaraðila, sem veðsala, um greiðslu skuldanna á þeim tímapunkti og leitað fullnustu í hinni veðsettu fasteign. Útgefendabreytingin hafi m.a. verið framkvæmd í þeim tilgangi að þurfa ekki að ganga á fyrirbyggjandi tryggingar og í ljósi þess sé óumdeilt að útgefendabreytingin hafi verið sóknaraðila til hagsbóta. Því fái bankinn ekki séð að það teljist ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að hafa ekki framkvæmt greiðslumat á C þegar viðaukinn við tryggingarbréfið hafi verið útbúinn.

Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 322/2013 máli sínu til stuðnings. Varnaraðili telur málsatvik þessa máls vera efnislega þau sömu og í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar og því sé ekkert komið fram í málinu sem gefi tilefni til þess að veðrétti bankans verði vikið til hliðar, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Við heildarmat á aðstæðum málsins sé nauðsynlegt að hafa í huga að viðaukinn og útgefendabreytingin hafi verið framkvæmd gagnert til þess að ekki þyrfti að ganga á fyrirbyggjandi tryggingar sóknaraðila við gjaldþrot A ehf. Því telji varnaraðili fráleitt að halda því fram að það sé andstætt góðri viðskiptavenju að halda veðsetningunni upp á sóknaraðila.

Þegar allt ofangreint er virt telur varnaraðili að hann hafi starfað í samræmi við heilbirgða og eðlilega viðskiptahætti á fjármálamarkaði. Þá mótmælir bankinn fullyrðingum sóknaraðila um að hann hafi farið gegn markmiðsákvæði 1. gr. samkomulagsins frá 2001 og 1. gr. laga nr. 32/2009, við veðsetningu fasteignar og sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila. Að öllu framangreindu virtu telur bankinn veðrétt sinn í fasteign sóknaraðila vera gildan og þ.a.l. krefst hann þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B, með tryggingarbréfi nr. X.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Krafa sóknaraðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B með tryggingarbréfi nr. X. Enda þótt rökstuðningur sóknaraðila fyrir kröfunni hefði getað verið skýrari, þar sem t.a.m. er vísað til sjálfskuldarábyrgðar hennar en ekki veðsetningar fasteignar hennar, verður ekki fallist á að krafa sóknaraðila sé svo óljós að málinu verði vísað frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, enda hefur varnaraðili miðað málatilbúnað sinn við framangreinda kröfugerð.

Við útgáfu tryggingarbréfs nr. X var í gildi samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998. Samkvæmt 2. gr. samkomulagsins tók það m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings.

Útgefandi tryggingarbréfs nr. X var A ehf. Af orðalagi 2. gr. samkomulagsins er ljóst að því var einungis ætlað að ná til ábyrgða á skuldum einstaklinga. Tók það því ekki til ábyrgða á skuldum einkahlutafélaga, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 27/2010 varðandi túlkun á sambærilegu ákvæði í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001. Því á umrætt samkomulag ekki við um atvik máls þessa. Er það niðurstaða nefndarinnar að ekki sé annað fram komið en að upphafleg veðsetning sóknaraðila á fasteign sinni fyrir skuldum A ehf. hafi verið í fullu gildi þegar það félag var tekið til gjaldþrotaskipta, en ekki er deilt um í málinu að á því tímamarki hafi gild kröfuréttindi staðið á bak við umræddan veðrétt.

Sóknaraðili reisir kröfu sína einnig á því að varnaraðila hafi borið að meta greiðslugetu C í apríl 2011, þegar viðauki við tryggingarbréf var gerður og C varð útgefandi þess. Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 322/2013 verður að fallast á að varnaraðila bar að meta greiðslugetu C við útgáfu viðaukans, enda eru lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, ekki bundin við þau tilvik að til veðsetningar sé stofnað í upphafi skuldarsambands. Í því fólst að varnaraðila var skylt að fylgja ákvæðum 4. og 5. gr. laga nr. 32/2009, þ.e. láta fara fram mat á greiðslugetu útgefanda tryggingarbréfsins og sinna þeim skyldum um upplýsingagjöf sem þar er mælt fyrir um. Óumdeilt er að þetta var ekki gert.

Þótt fallist sé á að það hafi verið á ábyrgð varnaraðila, að ekki var sinnt þeim skyldum sem lög nr. 32/2009 kveða á um við útgáfu viðaukans í apríl 2011 leiðir það ekki sjálfkrafa til ógildingar á loforði sóknaraðila um að veðsetningu fasteignar hennar. Í lögum nr. 32/2009 eru engar reglur sem mæla fyrir um ógildi samnings vegna annmarka af þeim toga sem uppi eru í máli þessu. Samningur aðila um veðsetningu fasteignar sóknaraðila verður ekki ógiltur í heild eða að hluta af þeim sökum einum að varnaraðili hafi við gerð hans brugðist skyldum sínum, skv. lögum nr. 32/2009, heldur verður að finna slíkri ógildingu stoð í reglum samningaréttar ef leysa á sóknaraðila undan skyldum sínum samkvæmt samningnum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 213/2012.

Við beitingu 36. gr. laga nr. 7/1936 þarf að fullnægja þeim skilyrðum að ósanngjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera loforðið fyrir sig og skal við mat á því líta til efnis samnings, atvika við samningsgerð, stöðu aðila við hana og

atvika sem síðar komu til. Við mat á því hvort skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 sé fullnægt er einkum til þess að líta að við útgáfu viðaukans í apríl 2011 virðist ljóst að eign varnaraðila stóð til tryggingar gjaldföllnum skuldum upphaflega skuldarans samkvæmt hámarksfjárhæð sinni. Virðist raunar óumdeilt að staða sóknaraðila varð við breytinguna á veðtryggingabréfinu ekki lakari en verið hafði fyrir hana, enda blöstu gjaldþrotaskipti við fyrirtækinu A ehf., upphaflegum útgefanda tryggingarbréfsins.

Samkvæmt framansögðu hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrði ógildingar á loforði sóknaraðila séu fyrir hendi. Verður því kröfu hennar um niðurfellingu veðsetningar fasteignar hennar að B hafnað, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 322/2013

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 19. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 19. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 60/2014**:

**M,
N og
O
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, N og O, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. apríl 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. apríl 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. apríl 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 27. maí 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. maí 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 16. júní 2014. Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum með bréfi, dagsettu 5. ágúst 2014. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 26. ágúst 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. ágúst 2014, var sóknaraðilum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dagsettu 29. ágúst 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. og 19. september 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 31. desember 2007 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga. Lán í erlendri mynt“ undirritað af sóknaraðilum og A. Samkvæmt skjalinu var greiðandi að láni að fjárhæð kr. 2.500.000 tilgreind A og sóknaraðilar voru tilgreindir ábyrgðarmenn. Ekki kom fram hvort meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum. Staðfestu sóknaraðilar að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Sóknaraðilar M og O óskuðu eftir að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og settu upphafsstafi sína við það val og þá staðfesti sóknaraðili O að hann hefði séð greiðslumat. Tiltekið var að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000. Á skjalinu

hefur ekki verið hakað við hvort niðurstaða greiðslumats bendi til þess að greiðandi geti eða geti ekki efnt skuldbindingar sínar.

Fyrir liggur skjalið „Fjárhagsyfirlit“ úr tölvukerfum FF, sem ber með sér að hafa verið breytt þann 31. desember 2007. Samkvæmt því voru hreinar tekjur fyrir og eftir lánveitingu kr. 397.000, greiðslubyrði lána var kr. 64.000 fyrir og eftir lánveitingu, annar fastur kostnaður var fyrir og eftir lánveitingu kr. 50.000, framfærslukostnaður var kr. 166.000 fyrir og eftir lánveitingu. Afgangur var kr. 117.000 fyrir og eftir lánveitingu.

Þann 4. janúar 2008 var „skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð í erlendum myntum með endurskoðunarheimild á vöxtum á 1 árs fresti“, nú nr. X, að fjárhæð kr. 2.500.000 í 50% CHF og 50% JPY, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðilar tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum fyrir öllum skuldbindingum skuldara. Sóknaraðilar staðfestu að hafa kynnt sér efni bréfsins og að þau gerðu sér grein fyrir því í hverju ábyrgð þeirra væri fólgin og töldu hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt að þau hefðu kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 9. janúar 2008 undirrituðu sóknaraðilar skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Óskuðu þau eftir að gangast í ábyrgð fyrir A fyrir skuldabréfi að fjárhæð kr. 2.500.000. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að ekki yrði meira en helmingi lánsfjár varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Staðfestu sóknaraðilar að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 3. nóvember 2008 og 7. september 2009 voru gerðar skilmálabreytingar á framangreindu skuldabréfi sem sóknaraðilar skrifuðu m.a. undir.

Þann 14. febrúar 2014 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila M og óskaði eftir að ábyrgðaryfirlýsing hennar yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 5. mars 2014.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. apríl 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast niðurfellinga ábyrgða sinna á skuldabréfi nr. X.

Sóknaraðilar telja að starfsmenn L [svo] hafi ekki farið að lögum við undirritun skuldabréfs sem útgefið hafi verið í Hafnarfirði árið 2008. Ábyrgðarmenn hafi verið látnir undirrita sjálfskuldarábyrgð fimm dögum áður en niðurstaða greiðslumats hafi legið fyrir og hafi því ekki getað kynnt sér niðurstöður greiðslumatsins fyrr en eftir að þau hafi gengist í ábyrgðina. Þá hafi ábyrgðarmönnum ekki verið gefin nein skýring á því að niðurstöður greiðslumats hafi borist svo seint eða verið boðið að sjá forsendur greiðslumatsins jafnvel þó það hafi verið jákvætt.

Sóknaraðilar telja að ekki hafi verið farið eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þá telja þau að ekki hafi verið rétt staðið að útfyllingu annarra liða í skuldabréfinu.

Sóknaraðilar vísa til þess að þau hafi skrifað undir skuldabréfið 4. janúar 2008 en þá hafi ekki legið fyrir niðurstaða greiðslumatsins. Á láns skjali merkt „Til

ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“, dags. 31. desember 2007, hafi ekki verið hakað í reitinn „Ráðstöfun lánsfjár“, sem ábyrgðarmönnum eigi að vera kunnugt um áður en til undirritunar komi. Í reitinn „Greiðslumat o.fl.“ hafi einungis einn ábyrgðarmaður hakað við að hann hafi séð greiðslumat. Hann segist nú hafa hakað í þennan reit í fljótferni, án þess að hafa lesið orðalagið, enda hafi ekkert greiðslumat legið fyrir þegar undirritunin hafi átt sér stað skv. skjölum bankans. Ekki hafi verið merkt við „Niðurstaða greiðslumats“. Sóknaraðilar vísa til 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðilar telja að engu skipti að niðurstaða greiðslumatsins hafi verið jákvæð þar sem það hafi ekki verið vitað fyrirfram þegar lánið hafi verið undirritað af aðalskuldara og ábyrgðarmönnum. Það sé því ljóst að brotið hafi verið á ábyrgðarmönnum þar sem þeim hafi ekki verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins fyrir en fimm dögum eftir undirritun skuldabréfsins, eða þann 9. janúar 2014. Þá sé skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ ekki rétt út fyllt skv. samkomulagi um notkun ábyrgða. Það hafi því ekki allar upplýsingar legið fyrir þegar ábyrgðarmenn hafi skrifað undir skuldabréfið.

Sóknaraðilar kveðast hafa talið að þau hafi skuldbundið sig til ábyrgðar á skuldabréfinu við undirritun þess. Bankinn hafi ekki boðið og/eða kynnt fyrir þeim að þau gætu tekið ábyrgðaryfirlýsinguna til baka, þ.e. hún hafi verið óafturkræf í þeirra huga. Dagsetning ábyrgðaryfirlýsingarinnar hafi því skipt miklu máli þar sem ekki hafi verið vitað fyrirfram hver niðurstaða greiðslumatsins yrði þegar lánið hafi verið undirritað.

Sóknaraðilar benda á að tölur í greiðslumatinu bendi til þess að greiðslumat hafi alls ekki verið framkvæmt, enda séu tölur fyrir og eftir lánveitingu þær sömu. Á skattframtali aðalskuldara og sambýlismanns hennar frá árinu 2008 megi sjá að heildartekjur þeirra nemi kr. 4.616.903 fyrir árið 2007 eða um kr. 384.742 á mánuði. Þessar tölur styðji enn frekar við þá staðreynd að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt þar sem hreinar tekjur séu sagðar vera kr. 397.000 á mánuði í greiðslumatinu.

Varðandi undirritun sóknaraðila á skilmálabreytingar vísa sóknaraðilar til þess að þau hafi ekki haft neitt um málið að segja þar sem þau hafi verið gildir ábyrgðarmenn og hefði ekki komið til skilmálabreytinga hefði lánið að öllum líkindum fallið á þau vegna vanskila. Það sé því ljóst að ábyrgðarmönnum sé „stíllt upp við vegg“ þegar komi að skilmálabreytingum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur að sóknaraðilar hafi enga tilraun gert til að útskýra hvernig dagsetning skjalsins „Niðurstaða greiðslumats“ hafi skipt máli fyrir ábyrgðarskuldbindingu þeirra eða haldið því fram að vilji þeirra hafi staðið til þess að gangast ekki í ábyrgð vegna jákvæðrar niðurstöðu greiðslumatsins, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 32/2012. Jákvæð niðurstaða greiðslumatsins hafi bent til þess að lántaki gæti staðið við greiðslur af láninu miðað við þáverandi fjárhagsstöðu sína og hafi sóknaraðilar ekki á nokkurn hátt sýnt fram á að þau hefðu ekki samþykkt að gangast í sjálfskuldarábyrgðirnar, hefði þeim verið kynnt hið jákvæða greiðslumat áður en þau hafi undirritað ábyrgðaryfirlýsinguna sjálfa.

Varnaraðili vísar til þess að ekki verði séð að orsakatengsl séu á milli dagsetningar umræddra skjala og ábyrgðarinnar sem sóknaraðilar hafi gengist í. Varnaraðili vísar ennfremur til þess að niðurstöður greiðslumatsins séu undirritaðar og setji ábyrgðarmenn allir upphafsstafi sína við IV. kafla samningsins sem kveði á um greiðslumat. Samkvæmt því verði ekki séð að brotið hafi verið gegn samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001. Varnaraðili hafi látið fara fram greiðslumat á skuldara. Það hafi verið undir sóknaraðilum sjálfum komið að óska eftir því að sjá það áður en þau hafi veitt samþykki við því að gangast í sjálfskuldarábyrgð á umræddu skuldabréfi. Verði því ekki annað séð en að varnaraðili hafi uppfyllt þær skyldur sem lagðar hafi verið á bankann samkvæmt 3. og 4. gr. samkomulagsins.

Varnaraðili vísar til þess að í skjalinu „Niðurstæða greiðslumats“ sem sóknaraðilar hafi undirritað hafi með skýrum hætti verið lýst þeim gögnum sem greiðslumat varnaraðila hafi byggst á. Segi þar m.a. að greiðslumatið byggi á gögnum sem varnaraðili hafi aflað sér eða lántaki hafi látið í té og að varnaraðili geti ekki borið ábyrgð á greiðslumatinu hafi lántaki veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um fjárhag sinn. Jafnframt sé ítrekað að jákvæð niðurstæða greiðslumats feli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efni skyldur sínar.

Varnaraðili vísar til þess að jafnvel þótt umrætt greiðslumat sýni sömu fjárhæðir fyrir og eftir lánveitingu þá hafi matið gefið til kynna fjárhagsstöðu lántaka líkt og hún hafi verið við lántökuna. Tekjuafgangur samkvæmt matinu hafi verið umtalsverður og hafi niðurstæða matsins bent til þess að lántaki hafi sannanlega haft fjárhagslega burði til þess að takast á hendur frekari fjárhagslegar skuldbindingar. Alítur varnaraðili því að það hafi ekki þýðingu í þessu sambandi hvort gert hafi verið ráð fyrir greiðslubyrði af hinu nýja láni í matinu eða ekki.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar haldi því fram að varnaraðili hafi ofáætlað tekjur á lántaka og maka hennar í forsendum greiðslumatsins. Í matinu sé gert ráð fyrir því að mánaðarlegar ráðstöfunartekjur þeirra séu samtals kr. 397.000 en samkvæmt þeim gögnum sem sóknaraðili leggi fram þá telji þau að samanlagðar ráðstöfunartekjur hafi verið kr. 384.742 á mánuði. Muni því um kr. 12.258 á þeim forsendum sem mat varnaraðila byggði á og þeim upplýsingum sem sóknaraðilar leggi nú fram. Varnaraðili telur að þarna sé um óverulegan mun að ræða og sé litið til þess hversu mikill tekjuafgangurinn hafi verið miðað við fjárhagslega stöðu lántaka við lántökuna, hvort sem miðað sé við þær ráðstöfunartekjur sem mat varnaraðila hafi byggt á eða þær ráðstöfunartekjur sem sóknaraðilar geri ráð fyrir þá sé ljóst að greiðslubyrði lánsins hafi rúmast innan tekjuafgangsins.

Varnaraðili bendir á að skuldabréfið hafi verið útgefið í janúar 2008 og hafi sóknaraðilar ekki gert athugasemdir við það fyrr en nú. Hafi þau því sýnt af sér tómlæti. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðilum verið í lófa lagið að koma fram athugasemdum sínum fyrr. Í því sambandi vísar varnaraðili til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4871/2011.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar haldi því fram að þau hafi ekki haft um aðra kosti að velja en að undirrita skilmálabreytingar lánsins. Með vísan til skilmálabreytinga lánsins og athugasemdalausra undirritana sóknaraðila á þær veki varnaraðili athygli á því að sóknaraðilum hafi verið ljós skuldbinding sín samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni. Sóknaraðilar hafi þannig ekki á neinum tímamarki fyrr en nú véfengt gildi ábyrgðarskuldbindinga sinna eða gert athugasemdir við fyrirliggjandi greiðslumat eða nokkur önnur atriði í tengslum við framkvæmd lánveitingarinnar, enda beri athugasemdir sóknaraðila með sér að þau líti svo á að um gildar ábyrgðir sé að ræða sem skuldbindi þau.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá þeim sparisjóði. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ var undirritað 5 dögum eftir að skuldabréf nr. X var gefið út. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Varnaraðili uppfyllti því ekki skyldur sínar samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins við útgáfu skuldabréfsins.

Í máli þessu liggur fyrir fjárhagsyfirlit á A og maka hennar sem ber með sér að hafa verið breytt þann 31. desember 2007. Enginn skrifar undir umrætt skjal. Samkvæmt fjárhagsyfirlitinu var afgangur á mánuði tilgreindur kr. 117.000 fyrir og eftir lánveitingu en greiðslubyrði lána var kr. 64.000 fyrir og eftir lánveitingu. Virðist því ekki hafa gert ráð fyrir greiðslubyrði af væntanlegu láni í umræddu greiðslumati.

Sóknaraðili gerir athugasemdir við tekjur þær sem tilgreindar eru í greiðslumatinu og leggur fram því til stuðnings skattframtal aðalskuldara og maka hennar árið 2008. Með vísan til þess hversu litlu munar á tekjum aðalskuldara og maka hennar í skattframtali 2008 og umræddu greiðslumati verður ekki fallist á upplýsingar um tekjur í greiðslumatinu séu rangar, enda verður að líta til þess að umrætt skattframtal lá ekki fyrir við gerð greiðslumatsins í lok árs 2007.

Með vísan til framangreinds framkvæmda varnaraðili greiðslumat við útgáfu skuldabréfs nr. X. Þar virðist þó ekki hafa verið reiknað með afborgunum af væntanlegu láni.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á því sjónarmiði að í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats eða geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn.

Með skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ var sóknaraðila kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats, en sama orðalag og sama aðferð virðist hafa verið viðhöfð við að benda ábyrgðarmönnum á þann möguleika að kynna sér gögn til grundvallar

niðurstöðunni og í umræddu Hæstaréttarmáli. Þá var tilgreint sérstaklega að jákvæð niðurstaða fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efndi skyldur sínar.

Við mat á því hvort víkja eigi ábyrgðum sóknaraðila til hliðar í ljósi ofangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa ber að líta til þess að sóknaraðila var kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats þann 9. janúar 2008. Þrátt fyrir að augljóslega hafi verið kastað til höndum við gerð þess greiðslumats og ekki verið tekið tillit til afborgana væntanlegs láns, virðist niðurstaðan þrátt fyrir það með réttu hafa orðið jákvæð, enda var afgangur í greiðslumatinu tilgreindur kr. 117.000. Skoðun á fram lögðu skattframtali lántakans leiðir ekki til þeirrar ályktunar að með réttu hafi mátt líta svo á að hún stæðist ekki lágmarkskröfur um greiðslugetu.

Eru samkvæmt þessu engin orsakatengsl á milli þess að jákvæð niðurstaða greiðslumats var kynnt sóknaraðilum eftir undirritun skuldabréfsins og ákvörðunar þeirra um að gangast í ábyrgðina, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 185/2012.

Í ljósi alls framangreinds fæst ekki séð að ósanngjarnt sé af varnaraðila að halda ábyrgðarskuldbindingunni upp á sóknaraðila. Verður kröfum þeirra um niðurfellingu ábyrgða þeirra á skuldabréfi nr. X því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, N og O, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 19. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elisabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 19. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 61/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 30. apríl 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. apríl 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. maí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 2. júní 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. júní 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 18. júní 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 19. september 2014.

II.

Málsatvik.

Fyrir liggur skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“, sem sóknaraðili hefur m.a. undirritað. Tiltekið var að greiðandi að láni að fjárhæð kr. 820.000 væri A en sóknaraðili og B voru tilgreind ábyrgðarmenn. Sóknaraðili staðfesti að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Óskaði sóknaraðili eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og setti upphafsstafi sína við það val. Tiltekið var að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000. Ekki kom fram hver niðurstaða greiðslumats væri.

Þann 4. desember 2000 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 820.000, gefið út af A til FF. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu.

Í máli þessu liggur fyrir lánsúmsókn A um lán að fjárhæð kr. 1.440.000 til að greiða upp lán nr. X og gera upp lán vegna eiginkonu. Tiltekið var að ábyrgðarmenn yrðu sóknaraðili og A.

Fyrir liggur skjal með yfirskriftinni „Staða innheimtumáls nr. Y þann 20. janúar 2003“. Lýsing kröfu var skuldabréf nr. X. Samtals skuld var kr. 1.199.088,90.

Handskrifað hefur verið að samtals nemi skuld kr. 1.182.946,30, miðað við 20. janúar 2003, en sú fjárhæð er ekki í fullu samræmi við tölvuútprentaðan texta um stöðu lánsins. Skjalið er undirritað af C hrl. og ber með sér að það hafi verið útbúið af innheimtumanninum fyrir bankann til upplýsingar um stöðu lánsins þennan dag.

Þann 21. janúar 2003 var skuldabréf nr. Z (nú ZZ), að fjárhæð kr. 1.440.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Þann 13. febrúar 2003 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ undirritað m.a. af sóknaraðila. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 1.440.000 var tilgreindur A og sóknaraðili og B voru tilgreind ábyrgðarmenn. Fram kom að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum. Staðfesti sóknaraðili að hann hefði fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Ekki var hakað við hver niðurstaða greiðslumats væri.

Þann 19. september 2013 barst sóknaraðila greiðsluáskorun vegna skuldabréfs nr. Z. Samtals nam krafan kr. 1.605.685.

Þann 27. janúar 2014 krafðist sóknaraðili þess að varnaraðili félli frá sjálfskuldarábyrgð hans vegna skuldabréfs nr. Z. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 14. apríl 2014.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. apríl 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. ZZ verði aflétt.

Sóknaraðili vísar til þess að FF hafi verið aðili að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001. Hafi það átt að miða að því að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar yrðu miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans. Vísar sóknaraðili til 3. og 4. gr. samkomulagsins máli sínu til stuðnings. Samkomulagið sé bindandi fyrir fyrir þau fjármálafyrirtæki sem staðið hafi að því og hafi dómstólar staðfest að það varði ógildingu ábyrgða, láti fjármálafyrirtæki ekki greiðslumeta skuldara eða sinni því ekki að kynna ábyrgðarmanni skyldur sínar með fullnægjandi hætti.

Sóknaraðili byggir á því að ekki sé að sjá af gögnum málsins að greiðslumat hafi farið fram. Samræmist það ekki ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Sóknaraðili vísar til þess að með því að búa til nýtt lán fyrir skuldarann A hafi þurft að gera greiðslumat hjá honum og kynna það ábyrgðarmönnum til að ábyrgð þeirra væri gild samkvæmt lögum og reglum sem um ábyrgðarmenn gildi. Varnaraðili virðist líta svo á að þar sem andvirði hins nýja skuldabréfs hafi verið nýtt til þess m.a. að greiða upp hið eldra skuldabréf þá hafi verið í lagi að yfirfæra ábyrgðarskuldbindingu ábyrgðarmannanna yfir á hið nýja skuldabréf með sömu skilmálum og gögnum og legið hafi fyrir við gerð hins eldra skuldabréfs sem skyldi greiða upp. Sóknaraðili mótmælir þessu harðlega. Sóknaraðili mótmælir því að í raun sé um sömu lántöku að ræða eingöngu á þeirri forsendu að hið nýja lán hafi verið notað til uppgreiðslu hins gamla, ásamt því að greiða upp aðrar skuldir, m.a. ekki hans eigin. Í augum sóknaraðila sé um nýtt lán að ræða og ekki hafi verið leyfilegt að byggja á gömlum gögnum. Þá sé það einnig fullkomlega ljóst í augum sóknaraðila að

varnaraðila hafi borið skylda til þess að framkvæma greiðslumat vegna hinnar nýju lántöku, kynna ábyrgðarmönnum niðurstöðu þess sérstaklega og leyfa þannig ábyrgðarmönnum að taka afstöðu til þess hvort þeir vildu vera í ábyrgð fyrir hinni nýju lánveitingu á grundvelli fyrirliggjandi nýrra gagna. Hið eldra skuldabréf, sem sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir hafi verið útgefið 4. desember 2000 en hið nýja hafi verið útgefið 21. janúar 2003, rúmum tveimur árum síðar. Sóknaraðili telur einnig í ljósi þess að eðlilegt hafi verið að kanna greiðslugetu skuldara og fjárhagslega stöðu hans við hina nýju lántöku.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili vísi til þess í svarbréfi sínu að sóknaraðili hafi ekki óskað eftir því að greiðslumat færi fram hjá skuldara. Það hafi verið vegna hinnar upphaflegu skuldabréfaútgáfu, sem hafi verið að fjárhæð kr. 820.000. Þar hafi verið um að ræða töluvert lægri upphæð en hið nýrra skuldabréf hafi hljóðað upp á, auk þess sem það hafi verið fyrir fjárhæð undir kr. 1.000.000, en um það gildi aðrar reglur en fyrir ábyrgðum yfir kr. 1.000.000.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili beri fyrir sig dóm Hæstaréttar í máli nr. 322/2013 þar sem ógildingarákvæði laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, hafi ekki þótt uppfyllt til að ábyrgðarskuldbinding yrði felld niður. Sóknaraðili telur þvert á móti að ógildingarákvæði samningalaganna séu einmitt uppfyllt þegar lítið sé til þess að verulega halli á sóknaraðila í málinu gegn yfirburðarstöðu varnaraðila sem sérfræðings á sviði lánveitinga. Varnaraðili skuli vera sá aðili sem þekki lög og reglur sem að viðskiptunum lúti og skuli sjá til þess að þeim sé fylgt í einu og öllu og að ekki sé gengið lengra en leyfilegt sé gagnvart öðrum aðilum, þ.m.t. sóknaraðila. Sóknaraðili telur t.d. ekki tæka skýringu varnaraðila á vöntun á greiðslumati við hina síðari lánveitingu, þ.e. að sóknaraðili hafi ekki óskað eftir því að greiðslumat yrði framkvæmt. Það hafi ekki verið í hans höndum að óska eftir því, heldur hafi varnaraðili átt að sjá til þess að greiðslumatið yrði gert í samræmi við gildandi reglur. Þá telur sóknaraðili ábyrgðarskuldbindinguna á hinu nýja láni vera andstæða góðri viðskiptavenju í ljósi alls framangreinds og að vinnubrögð varnaraðila geti ekki talist góðir viðskiptahættir.

Sóknaraðili vísar ásökunum varnaraðila um tómlæti á bug. Sóknaraðili hafi fyrst fengið innheimtubréf í mars 2009 og greiðsluáskorun í október sama ár. Síðan hafi sóknaraðili fengið áminningu tæpu ári síðar, eða í ágúst 2010. Gögn beri ekki með sér að neitt hafi verið aðhafst í málinu síðan.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara krefst varnaraðili þess að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila verði einungis ógilt að því marki sem fjárhæð hennar hafi verið umfram kr. 1.256.111 við útgáfu skuldabréfs ZZ.

Varnaraðili vísar til þess að skuldabréf nr. ZZ hafi verið gefið út í því skyni að greiða upp eldra lán nr. X, ásamt áföllnum kostnaði, en sóknaraðili hafi jafnframt verið í sjálfskuldarábyrgð á láni samkvæmt því skuldabréfi. Varnaraðili líti því svo á að í raun hafi ekki verið um að ræða nýja ábyrgðarskuldbindingu er sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð á hinu síðara skuldabréfi heldur hafi verið að koma skuld í skil sem sóknaraðili hafi þegar verið í ábyrgð fyrir og komin hafi verið í vanskil, ásamt því að greidd hafi verið upp skuld maka aðalskuldara, að fjárhæð kr. 183.889. Þessi skilningur komi m.a. fram í lánsúmsókn.

Varnaraðili bendir á að eldra skuldabréfið nr. X hafi verið gefið út þann 4. desember 2000 og hafi upphafleg lánsfjárhæð verið kr. 820.000. Í skjalinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ megi sjá að sóknaraðili hafi merkt sérstaklega við að ekki væri óskað eftir greiðslumati og þar sem lánsfjárhæðin hafi ekki verið umfram kr. 1.000.000 hafi verið heimilt að undanskilja varnaraðila frá framkvæmd greiðslumats í því tilviki, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Hafi því sérstaklega verið gætt að ákvæðum samkomulagsins þegar sóknaraðili hafi gengist upphaflega í ábyrgðina. Þá hefði sóknaraðili getað óskað eftir greiðslumati á skuldara en hafi ekki gert það.

Varnaraðili byggir á því að af framangreindu leiði að skuldabréf, nr. ZZ, hafi verið gefið út í því skyni að endurfjármagna eldri skuld aðalskuldara, sem tryggð hafi verið með gildri sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila. Þar sem sóknaraðili hafi ekki í reynd verið að gangast í nýja sjálfskuldarábyrgð telji varnaraðili að 3. og 4. gr. samkomulagsins hafi ekki átt við, við útgáfu hins seinna skuldabréfs. Enda sé í ákvæðunum vísað til atriða sem gæta skuli að áður en gengist sé í ábyrgð, en eins og hér hafi verið lýst hafi í reynd ekki verið um nýja ábyrgð að ræða.

Varnaraðili vísar til þess að jafnvel þótt nefndin telji að við útgáfu skuldabréfs nr. ZZ, hafi ekki verið fyllilega gætt að ákvæðum samkomulagsins, geti sú ástæða ekki ein og sér valdið ógildingu ábyrgðar sóknaraðila, enda sé ekki að finna sérstakar ógildingarreglur í samkomulaginu sjálfu. Svo sem til að mynda greini í dómi Hæstaréttar í máli nr. 322/2013 leiði það ekki sjálfkrafa til ógildingar á sjálfskuldarábyrgð þó þeim skyldum sem leiði af samkomulaginu hafi ekki verið sinnt. Fullnægja þurfi ógildingarreglum laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Sóknaraðili beri þær reglur þó ekki fyrir sig og gæti það eitt og sér nægt til þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Telji nefndin rétt að líta skuli til þeirra engu að síður verði að meta hvort skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 um hvort að ósanngjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera sjálfskuldarábyrgðina fyrir sig. Við slíkt mat skuli líta til efnis sammings, atvika við sammingsgerð, stöðu aðila við hana og atvika sem síðar komu til.

Varnaraðili telur að við slíkt mat skipti höfuðmáli að sóknaraðili hafi þegar verið í gildri ábyrgð fyrir þeirri skuld sem skuldabréf nr. ZZ hafi verið nýtt til að greiða upp að fullu. Telur varnaraðili að staða sóknaraðila hafi því ekki verið lakari en fyrir útgáfu skuldabréfsins, enda hafi legið fyrir að lögfræðinnheimta hafi verið hafin á þeirri skuld sem hann hafi verið í gildri ábyrgð fyrir. Þar sem staða ábyrgðarmanns hafi ekki verið lakari en fyrir útgáfu ábyrgðarskuldbindingarinnar samkvæmt hinu fyrra skuldabréfi telur varnaraðili ljóst að skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 geti ekki verið uppfyllt til þess að víkja megi ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfinu til hliðar á grundvelli ákvæðisins, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 16/2007 og 322/2013, hvorki í heild né að hluta.

Hvað varakröfuna varðar vísar varnaraðili til þess að höfð sé hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 376/2013. Verði allt að einu að telja að sóknaraðili hafi haft hag af ábyrgðarskuldbindingunni sem nemi a.m.k. stöðu hinnar fyrri ábyrgðarskuldbindingar framreiknaðri til greiðsludags, þ.e. fjárhæð skuldabréfs kr. 1.440.000 að frádregnum kr. 183.889, enda telur varnaraðili ekki ástæðu til að vefengja gildi upphaflegs skuldabréfs. Telur varnaraðili það því ekki geta talist ósanngjarnt að bera fyrir sig ábyrgðina a.m.k. að því marki sem greiddar hafi verið upp skuldir sem sóknaraðili hafi þegar verið í ábyrgð fyrir.

Varnaraðili bendir einnig á að skuldabréfið hafi verið útgefið í janúar 2003 og hafi sóknaraðili ekki gert athugasemdir við það fyrr en nú og því hafi sóknaraðili sýnt

af sér nokkurt tómlæti en rúmlega ellefu ár séu liðin frá útgáfu skuldabréfsins. Því sé það mat varnaraðila að sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að koma fram athugasemdum fyrr. Í því sambandi vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar nr. 575/2012.

Af öllu framangreindu telur varnaraðili ljóst að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið gætt þegar sóknaraðili gekkst í hina umþrættu sjálfskuldarábyrgð. Beri af þeirri ástæðu að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. ZZ, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi Íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var enn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá þeim sparisjóði. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A við útgáfu skuldabréfs nr. ZZ. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki verður fallist á þann skilning varnaraðila að hann hafi, við útgáfu þessa skuldabréfs, ekki þurft að gæta að þeim skuldbindingum varðandi greiðslumót sem hann hafði undirgengist, þar sem að um sömu skuldbindingu hafi verið að ræða og samkvæmt bréfi nr. X. Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna honum greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðslugetu hans. Í ljósi þessa telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð hans verði látin standa.

Við mat á því hvort víkja eigi sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa verður að líta til þess að umræddu láni var ráðstafað að hluta til greiðslu á skuldabréfi nr. X, sem tryggt var með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila.

Þegar sóknaraðili gekkst í ábyrgð á skuldabréfi nr. X óskaði hann eftir að ekki yrði framkvæmt mat á greiðslugetu skuldara. Skuldabréfið var að fjárhæð kr. 820.000.

Varnaraðila var því ekki skylt samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998, að framkvæma greiðslumat. Var sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X því gild.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki fallist á að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. ZZ, að því leyti sem skuldabréfinu var varið til uppgreiðslu skuldabréfs nr. X, upphaflega að höfuðstólsfjárhæð kr. 820.000, miðað við 21. janúar 2003, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. ZZ, að því leyti sem hún er umfram stöðu skuldabréfs nr. X, miðað við 21. janúar 2003. Enda þótt töluleg varakrafa varnaraðila virðist reist á þeim sjónarmiðum sem hér ráða niðurstöðu, er ekki fært að fallast á hana samkvæmt orðanna hljóðan, þar sem ekki þykja liggja fyrir nægilega greinargóðar upplýsingar um stöðu eldra lánsins við útgáfu þess nýja. Verður því látið við þá niðurstöðu sitja, sem í úrskurðarorði greinir.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. ZZ, útgefnu af A til FF, er vikið til hliðar að því leyti sem fjárhæð skuldabréfsins var umfram stöðu skuldabréfs nr. X, miðað við 21. janúar 2003.

Reykjavík, 19. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 12. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 62/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. maí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 5. maí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. maí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 23. júlí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. ágúst 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 12. september 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. október 2014, var óskað frekari gagna frá sóknaraðila. Gögnin bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 27. október 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 3. október og 12. desember 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 18. apríl 2005 var skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. X” undirritað af sóknaraðila og maka hennar, A. Umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 4.670.000 var B. Ráðstafa átti láninu til lækkunar á heimild og til uppgreiðslu á skuldabréfi Y. Tiltekið var að fasteign A yrði sett að veði á 5. veðrétti. Greiðslumat var á skjalinu. Ekki var fyllt inn í þann hluta greiðslumatsins er sneri að eignum og skuldum. Ráðstöfunartekjur voru mánaðarlega og árlega kr. 0 sem og greiðslubyrði af öðrum lánnum. Greiðslubyrði af nýju láni var mánaðarlega kr. 30.204 og árlega kr. 362.453 og sú var einnig greiðslubyrði samtals. Áætlaður framfærslukostnaður og föst útgjöld voru kr. 83.600 mánaðarlega og kr. 1.003.200 árlega. Ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána voru mánaðarlega neikvæðar um kr. 113.804 og neikvæðar um kr. 1.365.653 árlega.

Á lánsúmsókninni var eftirfarandi texti: „Undirrituðum hefur verið kynntur réttur ábyrgðarmanna/veðsala til að óska eftir mati á greiðslugetu umsækjanda. Ávallt er skylt að meta greiðslugetu umsækjanda þegar um einstakling er að ræða og ábyrgð ábyrgðarmanns/veðsala á fjárhagslegum skuldbindingum viðkomandi einstaklings nemur meira en kr. 1.000.000,- Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats vegna ábyrgðar á

skuldum hvors annars - Við hyggjumst gangast í sjálfskuldarábyrgð/lána veð til tryggingar láni sem kann að verða veitt á grundvelli umsóknar þessarar og greiðslumats. Við höfum kynnt okkur fræðslubækling um sjálfskuldarábyrgðir.“ Gert var ráð fyrir að hakað væri við hvort óskað væri eftir greiðslumati eða ekki, hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda (skuldara) hjá bankanum og að undirrituðum hefðu verið kynntar þær ráðagerðir og hvort niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður/veðsali ábyrgðist að gangast í ábyrgðina/lána veð engu að síður. Ekki hefur verið hakað við neinn þessara valmöguleika.

Þann 18. apríl 2005 var veðskuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 4.670.000, gefið út af B til FF. Fasteign A var sett að veði á 5. veðrétti til tryggingar skuldinni. A skrifaði undir sem þinglýstur eigandi og sóknaraðili sem maki þinglýsts eiganda.

Fyrir liggur þinglýsingarvottorð frá apríl 2005 þar sem þinglýstur eigandi fasteignarinnar er tilgreindur A, maki sóknaraðila.

Fyrir liggur skattframtal B og C.

Þann 23. júní 2006 var umrætt skuldabréf framselt til F.

Þann 15. janúar 2010 lést A, upphaflegur veðsali, og sóknaraðili fékk búsetuleyfi í hinni veðsettu fasteign.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 5. maí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Eftirfarandi kemur fram undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar: „Þess er farið á leit að skuldabréf nr. X að fjárhæð 4.670.000 kr. útgefið af FF nú sparisjóður á F. Ég er ábyrgðarmaður á þessu láni það hvílir á eign minni. Sonur minn B og kona hans C tóku lánið á sínum tíma. Þau eru búin að vera í greiðsluáðlögun og í stóran tíma á meðan báðum við stöðugt um að fá að sjá skuldabréfið. Og það er ekki fyrr enn nú sem ég það.“

Sóknaraðili kveðst líta svo á að það vanti fullklárað greiðslumat með fylgiskjöllum lánsins. Hafi hún og maður hennar, sem fallinn sé frá, aldrei skrifað undir fullklárað greiðslumat.

Sóknaraðili vísar til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, máli sínu til stuðnings, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Þá vísar hún til markmiðs þess, sbr. 1. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé niðurstaða greiðslumats neikvæð og um verulega fjárhæð sé að ræða. Hafi ábyrgðarmenn ekki staðfest að þau hafi óskað eftir að lánið yrði veitt þó að niðurstaða greiðslumats bendi á að aðalskuldari geti ekki staðið við skuldbindingar vegna þess að greiðslumatið hafi aldrei verið almennilega kynnt. Hafi þau bæði verið komin vel yfir sjötugt þegar þau hafi skrifað undir skuldabréfið og maður hennar verið orðinn mjög hrumur.

Sóknaraðili byggir á því að greiðslumatið sé ekki fullklárað þar sem engar upplýsingar séu um ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar og greiðslubyrði eldri skuldbindinga liggja ekki fyrir. Vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 569/2013.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að hann hafi með engu móti vanefnt þær skyldur sem á honum hafi hvílt svo réttlætt geti að veðábyrgð sóknaraðila verði felld úr gildi. Líkt og áður komi fram hafi varnaraðili ekki verið upphaflegur lánveitandi en hafi yfirtekið skyldur sem lánveitandi árið 2006.

Varnaraðili kveður greiðslumat í samræmi við samkomulag frá 2001. Varnaraðili mótmælir því sem röngu að fella eigi úr gildi ábyrgðarskuldbindingu þar sem mat á greiðslugetu skuldara hafi ekki farið fram. Hið rétta sé, líkt og ljóst sé af gögnum málsins, að greiðslumat hafi farið fram á skuldara og hafi niðurstaða þess verið kynnt sóknaraðila. Staðfesti sóknaraðili þetta m.a. í kvörtun sinni þar sem sérstaklega sé tekið fram að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi niðurstaða greiðslumats verið neikvæð. Ljóst sé að þessi skjöl hafi verið undirrituð af sóknaraðila, í aðdraganda lánveitingar til skuldara 18. apríl 2005, enda hafi það verið forsenda þess að lánið skyldi veitt, að sóknaraðili veitti ábyrgð með veði í eign sinni.

Varnaraðili vísar til þess að á lánsúmsókn komi fram að greiðslumat hafi farið fram. Komi þar fram hvert matsverð eignarinnar hafi verið og greiðslubyrði vegna hennar. Niðurstaða greiðslumats hafi verið neikvæð um kr. 113.804 á mánuði. Komi þetta skýrt fram á því skjali sem sóknaraðili hafi undirritað ásamt eiginmanni sínum, sem einnig sé eigandi þeirrar fasteignar sem sett hafi verið til tryggingar láni skuldara.

Varnaraðili bendir á að neðarlega á lánsúmsókninni sé gert ráð fyrir undirskrift ábyrgðarmanna/veðsala. Líkt og komi fram á skjalinu hafi sóknaraðili og A undirritað það sem veðsalar. Komi þar fram að þau hyggist gangast í sjálfskuldarábyrgð/lána veð til tryggingar láni sem kunnir að verða veitt á grundvelli úmsóknarinnar og greiðslumats. Loks taki sóknaraðili fram að hann staðfesti að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Að lokum undirriti skuldari skjalið þar sem hann sérstaklega veiti ábyrgðarmönnum/veðsala heimild til að kynna sér niðurstöðu greiðslumats.

Varnaraðili vísar til þess að svo virðist sem ládst hafi að haka við viðeigandi reit við undirskrift veðsala á lánsúmsókninni. Aðilar hafi undirritað skjalið þar sem skýrt komi fram að niðurstaða greiðslumats hafi verið neikvæð. Að hak vanti í viðeigandi reit sé aðeins formlegur annmarki sem geti ekki leitt til ógildingar á skjalinu eða veðábyrgðar sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili undirriti umrætt skjal án fyrirvara eða athugasemda. Skuldbindingargildi skjalsins gagnvart sóknaraðila breytist vitaskuld ekki þótt ládst hafi að haka við valmöguleika vegna undirskriftar veðsala. Augljóst sé af tilgangi skjalsins, efni þess og samhengi að það hafi verið gert áður en endanlega hafi verið gengið frá lánveitingunni til skuldara og sé ætlað til tryggingar lánveitingu til skuldara enda undirriti veðsalar einnig umrætt skuldabréf sem veðsalar.

Varnaraðili vísar til þess að stofnað hafi verið til skuldarinnar hinn 18. apríl 2005 og á þeim tíma hafi gilt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001. Af lánsúmsókninni megi ráða að sóknaraðila hafi verið kynnt þýðing þess að gangast í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. Með vísan til þessa sé ljóst að uppfylltar hafi verið kröfur ákvæðis 4. gr. samkomulagsins er lúti að upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar eða veðsetningar sé stofnað.

Varnaraðili vísar til þess að í 4. gr. samkomulagsins komi enn fremur fram að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gangist í ábyrgð, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Niðurlag lánsúmsóknarinnar lúti að greiðslumati. Þar hafi ábyrgðarmenn verið inntir eftir því hvort þeir óskuðu eftir því að greiðslugeta aðalskuldara yrði metin. Samkvæmt skjalinu hafi því hvorki verið hafnað né hafi verið óskað eftir því að greiðslugeta

aðalskuldara yrði metin. Þar sem ábyrgð ábyrgðarmanna á skuldum Harðar Harðarsonar hafi numið hærri fjárhæð en kr. 1.000.000 þá hafi engu að síður farið fram greiðslumat hjá aðalskuldara, sbr. 3. gr. samkomulagsins.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi af fúsum og frjálsum vilja lánað veð til tryggingar umrædds skuldabréfs og að engin skilyrði séu til þess að ógilda það veð. Varnaraðili byggir á meginreglu samningaréttarins um að samninga skuli halda, pacta sunt servanda, og að sóknaraðili sé þar með bundinn af þeim samningi sem hann hafi gert við varnaraðila að þessu leyti, enda hafi varnaraðili uppfyllt allar skyldur sem á honum hafi hvílt.

Varnaraðili byggir á eftirfarandi málsástæðu hafni úrskurðarnefndin ofangreindum málsástæðum og telji einhverja hluta vegna að varnaraðili hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt samkomulaginu. Jafnvel þótt talið verði að varnaraðili hafi ekki uppfyllt þær skyldur sem á honum hafi hvílt samkvæmt samkomulaginu byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi af fúsum og frjálsum vilja lánað veð, fullkomlega meðvitaður um þýðingu þess, m.a. með undirritun sinni á bæði lánsúmsókn og veðskuldabréfið sjálft, og sé því bundinn af þeirri ákvörðun sinni í samræmi við meginreglur samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga.

Varnaraðili bendir á að samkomulagið hafi hvorki stöðu reglugerðar né settra laga. Um samkomulag sé að ræða sem tilgreindir aðilar hafi staðið að. Varnaraðili byggir á því að ekki sé unnt að víkja frá fyrrgreindri meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga með vísan til umrædds ólögfests samkomulags.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila, með skuldabréfi nr. X.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Lánsúmsókn. fylgiskjal með skuldabréfi X“. Var þar gert ráð fyrir greiðslumati og var niðurstaða þess neikvæð um kr. 113.804 mánaðarlega. Í greiðslumatinu var ekki gert ráð fyrir ráðstöfunartekjum fjölskyldu eða greiðslubyrði af öðrum lánum, þrátt fyrir að lánið yrði nýtt til lækkunar á heimild. Þannig virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir eftirstöðvum þeirrar skuldar í

greiðslumatinu. Einungis virðist því hafa verið tekið tillit til greiðslubyrði af nýju láni og framfærslukostnaði í greiðslumatinu.

Þegar umrætt skjal er metið heildstætt er útilokað að líta svo á að í því felist nokkur raunhæf tilraun til að meta hvort lántakinn sé í stakk búinn til að standa við skuldbindingar sínar. Með því að hvorki var upplýst um tekjur, eignir né aðrar skuldir, var útilokað að leggja skjalið til grundvallar nokkurri ályktun um þetta efni. Var enda óútfylltur sá hluti skjalsins sem veðsalar undirrituðu, þar sem einmitt er gert ráð fyrir að merkt sé við hvort niðurstaða greiðslumatsins bendi til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, hvort ráðgert sé að verja meira en helmingi lánsins til endurgreiðslu annarra lána og hvort óskað sé eftir greiðslumati. Verður því lagt til grundvallar að forveri sóknaraðila hafi hvorki staðið við þá skuldbindingu sína að greiðslumeta lántakann, né að kynna veðsölum niðurstöðu slíks mats, en til þess bar honum skylda skv. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 569/2013.

FF hafði skuldbundið sig til að lána ekki út peninga til einstaklinga gegn veðsetningum og ábyrgðum 3. manns nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessum meginreglum var ætlað að tryggja að ekki væri farið offari gegn neytendum í því að velja ábyrgðum af lánveitingum af fjármálafyrirtækjum á ábyrgðarmenn og veðsala. Við lánveitinguna virti bankinn þessar skuldbindingar sínar að vettugi. Við matið á því hvort telja megi sanngjarnt að byggja á veðréttinum við þessar aðstæður virðist einsýnt að vanhöld lánveitandans á því að standa við þessar skuldbindingar vegi þyngra en fyrirvaralaus áritun veðsalanna. Liggur ekkert afdráttarlaust fyrir um hvort lántaki hefði yfir höfuð staðist greiðslumat hefði lánveitandinn hirt um að framkvæma það. Enda þótt veðsalar hafi skrifað undir skuldabréfið eftir að hafa fengið í hendur skjal sem augljóslega geymdi ekki raunhæft mat á greiðslugetu lántakans, en lýsti tekjum hans ranglega sem 0 kr., verður það ekki lagt að jöfnu við vilja þeirra til að veðsetja eign sína í þágu skuldara sem réttilega hefði fengið neikvætt greiðslumat.

Í ljósi framangreinds verður umrædd veðsetning felld úr gildi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning á fasteign sóknaraðila, M, fyrir skuldabréfi varnaraðila, F, nr. X, að fjárhæð kr. 4.670.000, gefið út af B til FF er felld úr gildi.

Reykjavík, 12. desember 2014

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 9. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 63/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 29. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 25. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 30. apríl og 9. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Fyrir liggur skjal sem prentað hefur verið út af „Mínum síðum“ sóknaraðila hjá varnaraðila þann 28. október 2013. Um er að ræða skjal með stöðu láns eftir endurreikning. Staða láns nr. X var kr. -175.535.

Þann 14. mars 2013 voru kr. 175.535 greiddar inn á reikning í nafni sóknaraðila. Þann 18. mars 2013 millifærði sóknaraðili af reikningnum og var hann eyðilagður í kjölfarið.

Þann 28. október 2014 óskaði sóknaraðili eftir endurreikningi láns hans hjá varnaraðila FF, en það fyrirtæki hefur nú verið sameinað varnaraðila. Þann 29. október 2014 hafnaði varnaraðili frekari endurreikningi.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 29. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar stendur eftirfarandi undir liðnum kröfur: „Vísu í meðfylgjandi gögn“. Ekki er fyllt út í kafla um það yfir hverju sé kvartað eða hver rökstuðningur fyrir kvörtun sé.

Meðfylgjandi texti fylgdi með kvörtun sóknaraðila: „Ég undirritaður, M, óska hér með eftir að Fjármálaeftirlitið taki til rannsóknar hvort höfnun F á endurgreiðslu ofgreidds láns míns til bankans standist lög. Fyrir liggur að ég ofgreiddi bankanum kr. 175.535,- vegna gengistryggðs bílaláns sem ég tók. Með tölvupósti, dags. 29. október sl., neitaði bankinn að greiða mér þá fjárhæð, annars vegar með vísan til dóms Hæstaréttar 18. október 2012 í máli nr. 464/2012 og hins vegar með vísan til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3787/2012. Ég tel rökstuðning bankans fyrir höfnun kröfunnar ekki standast lög og óska eftir því að Fjármálaeftirlitið taki málið til athugunar.“

IV.

Athugasemdir varnaraðila F.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila um að fá greiddar kr. 175.535 verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðila hafi verið synjað um greiðslu á fjárhæð kr. 175.535, enda hafi honum verið greidd upphæðin þann 14. mars 2013.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi sent honum erindi, dags. 28. október 2013, þar sem hann krefjist greiðslu á kr. 175.535. Í tölvupósti, dags. 29. október 2013, hafi starfsmaður bankans gert sóknaraðila grein fyrir afstöðu bankans varðandi leiðréttingu á endurreikningi með tilvísun til dóma Hæstaréttar. Eftir að hafa skoðað svar bankans að nýju þá telur varnaraðili að þessir dómur komi ekki í veg fyrir leiðréttingu á útreikningi lánsins og verði það gert við fyrsta tækifæri og niðurstaða send sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Í kvörtun sóknaraðila kom fram að hann hefði ofgreitt varnaraðila kr. 175.535 vegna láns síns hjá FF. Virðist af kvörtun sóknaraðila verða ráðið að hann krefjist þess að varnaraðili endurgreiði sér umrædda ofgreiðslu.

Varnaraðili endurgreiddi sóknaraðila kr. 175.535 þann 14. mars 2013. Verður í því ljósi ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu kr. 175.535, enda hefur varnaraðili þegar greitt sóknaraðila umrædda ofgreiðslu. Af gögnum málsins má ráða að bæði varnaraðili og sóknaraðili telji hugsanlegt að sóknaraðili eigi rétt til frekari endurgreiðslna, en ekkert liggur fyrir um í hverju ágreiningur þeirra liggur eða hvort hann er yfirleitt fyrir hendi. Er við svo búið útilokað að fjalla um þessar frekari endurgreiðslukröfur.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 9. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 19. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 64/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. maí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 8. maí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. maí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 16. júní 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. júní 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 19. september 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 7. apríl 2000 var veðskuldabréf að fjárhæð kr. 3.000.000, gefið út af A til B. Fasteignin að C var sett að veði til tryggingar skuldinni. D skrifaði undir sem þinglýstur eigandi og MM sem maki þinglýsts eiganda.

Þann 25. október 2004 var skuldabréfið framselt FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu.

Þann 26. október var móttakið til þinglýsingar skjalið „Veðflutningur“, dags. 20. október 2004. Samþykkti handhafi framangreinds skuldabréfs, FF, að skuldin yrði framvegis tryggð með 3. veðrétti í fasteigninni að E. Samhliða veðflutningnum var veðskuldinni aflétt af C.

Þann 31. júlí 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd MM þar sem óskað var eftir því að umrædd ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili svaraði þann 13. ágúst 2012 og kvaðst ekki fá í kerfunum að MM væri ábyrgðarmaður að skuldabréfinu.

Þann 11. mars 2014 staðfesti sýslumaðurinn í Hafnarfirði að erfingjum MM hefði verið veitt leyfi til einkaskipta á dánarbúinu.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 8. maí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að veð bankans á fasteigninni að E sé ógilt.

Sóknaraðili vísar til þess að ekkert greiðslumat hafi farið fram þegar fasteignin að C hafi verið sett að veði til tryggingar skuldabréfinu. Ekkert greiðslumat hafi heldur farið fram við veðflutning yfir á fasteignina að E.

Sóknaraðili byggir á því að þegar veðflutningurinn hafi átt sér stað á árinu 2004 hafi varnaraðili verið orðinn eigandi skuldabréfsins og að bankanum hafi borið að fara eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins hafi bankanum borið að meta greiðslugetu skuldarans við veðflutninginn. Í 2. gr. samkomulagsins sé tekið fram að það eigi við þegar einstaklingur setji fasteign sína til tryggingar skuld annars einstaklings. Að mati sóknaraðila eigi ákvæðið jafnt við veðflutninginn eins og um veðsetninguna í upphafi, árið 2000.

Sóknaraðili kveður ekki unnt að fallast á þá afstöðu bankans að þar sem MM og D hafi veitt B veð vegna skuldabréfsins á árinu 2000 sé um gilda ábyrgð að ræða. Þegar veðflutningurinn hafi átt sér stað á árinu 2004 hafi bankinn verið eigandi skuldabréfsins og hafi borið að fara eftir umræddu samkomulagi um að greiðslumat yrði að eiga sér stað. Það segi skýrum orðum í 3. gr. samkomulagsins að sé veð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu beri að meta greiðslugetu greiðanda. Það sé hvergi hægt að túlka nokkurt ákvæði í samkomulaginu þannig að einungis þegar um nýja lántöku sé að ræða skuli greiðslumeta skuldara. Þvert á móti verði ekki hjá því komist að túlka ákvæði samkomulagsins þannig að fjármálafyrirtæki beri alltaf að tryggja að greiðslumat fari fram áður en veð sé veitt.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að ljóst sé að staðið hafi verið rétt að upphaflegri lánveitingu. Þar sem lífeyrissjóður hafi verið upphaflegur lánveitandi og lífeyrissjóðir hafi ekki verið aðilar að samkomulagi um notkun sjálfskuldarábyrgða frá 27. janúar 1998, hafi ekki þurft að framkvæma greiðslumat á skuldara við lánveitinguna. Það sé því mat bankans að veðsetning fasteignar MM hafi verið gild.

Varnaraðili bendir á að lánveiting og veðsetningin vegna hennar hafi farið fram hinn 7. apríl 2000. Lögskipti þau sem um sé deilt í máli þessu miðist við framangreint tímamark. Á þeim tíma sem MM hafi veitt heimild til veðsetningar eignar sinnar til tryggingar umræddri skuld hafi ekki hvílt skylda á lífeyrissjóðnum, hvorki að lögum né samkvæmt samkomulagi, til að greiðslumeta útgefanda veðskuldabréfsins.

Varnaraðili vísar til þess að bankinn hafi eignast veðskuldabréfið hinn 25. október 2004 fyrir framsal. Um sé að ræða viðskiptabréf og um það gildi viðskiptabréfareglur. Varnaraðili bendir í því sambandi á að enda þótt talið yrði að það hefði verið í samræmi við vönduð vinnubrögð framseljanda að framkvæma greiðslumat á skuldara væri um veika mótbáru að ræða sem glatast hefði við

framsalið. Þá bendir varnaraðili á að framsalið hafi hvorki falið í sér nýja lánveitingu eða breytingu á fjárhagslegri skuldbindingu né nýja eða breytta ábyrgðarskuldbindingu og hafi staða sóknaraðila á engan hátt orðið lakari en fyrir framsalið. Því sé ljóst að varnaraðili hafi ekkert tilefni haft til að meta greiðslugetu skuldara á þeim tímapunkti. Það sé því mat varnaraðila að ekki hafi stofnast skylda af hálfu bankans til að láta fara fram mat á greiðslugetu skuldara samkvæmt 3. gr. samkomulagsins, við kröfuhafaskiptin og sinna þeim skyldum um upplýsingagjöf til sóknaraðila sem mælt sé fyrir um í 4. gr. samkomulagsins.

Varnaraðili hafnar því enn fremur að stofnast hafi skylda bankans til að framkvæma greiðslumat við veðflutninginn sem gerður hafi verið hinn 26. október 2014. Um hafi verið að ræða veðflutning sem farið hafi fram að ósk skuldara og MM á milli fasteigna í eigu MM. Veðflutningurinn hafi ekki falið í sér nýja ábyrgðarskuldbindingu enda hafi engin breyting orðið á þeirri fjárhagslegu skuldbindingu sem MM hafi veitt tryggingu fyrir með veðsetningu á eign sinni. Veðflutningurinn hafi því hvorki breytt eðli fjárskuldbindingarinnar né aukið þá skuldbindingu sem veðið hafi staðið til tryggingar á, heldur hafi einungis falið í sér að fasteignin að E hafi verið sett til tryggingar efndum veðskuldabréfsins í stað fasteignarinnar að C. Varnaraðili telur því einsýnt að hann hafi hvorki haft ástæðu né hafi hann borið skyldu til að framkvæma greiðslumat við veðflutninginn. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 80/2013.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að veðsetningu fasteignar sóknaraðila að E, með skuldabréfi útgefnu af A til B, dags. 7. apríl 2000.

Umrætt skuldabréf var gefið út þann 7. apríl 2000. Þá var í gildi samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998. Skuldabréfið var gefið út til B en lífeyrissjóðir stóðu ekki að umræddu samkomulagi. Var B því ekki skylt að fylgja ákvæðum þess og þar með meta greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfsins, og kynna veðsölum.

Við framsal skuldabréfsins til varnaraðila þann 25. október 2004 stóð fasteign MM og D að C þá þegar til tryggingar skuldabréfinu. Var varnaraðila sem nýjum kröfuhafa því ekki skylt að framkvæma mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins, A, enda varð ekki breyting á kröfu þeirri sem sóknaraðili ábyrgðist með fasteign sinni.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðila hafi borið að meta greiðslugetu A við veðflutninginn, dags. þinglýsingar 26. október 2004, þegar veð til tryggingar umræddu skuldabréfi var flutt af C yfir á E. Ekki verður fallist á þetta, enda ekkert tilefni til að meta greiðslugetu skuldara þótt veð sé flutt af einni eign á aðra, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 80/2013.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 19. september 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 10. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 65/2014**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 15. maí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. maí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. maí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. júlí 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. júlí 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 25. júlí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 10. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 14. desember 2007 sótti A um lán að fjárhæð kr. 2.000.000 í 50% CHF og 50% JPY. Sóknaraðilar voru tilgreindir ábyrgðarmenn. Ráðstafa átti láninu til að greiða upp skuldabréf nr. X og greiða upp heimild á Y. Afgangurinn átti að vera nýttur til eigin ráðstöfunar á reikningi nr. Y. Sóknaraðilar hafa skrifað undir umrætt skjal, ásamt lántaka.

Þann 14. desember 2007 var skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum tryggt með sjálfskuldarábyrgð, nú nr. Z (áður nr. ZZ) að fjárhæð CHF 18.556 og JPY 1.823.487, að jafnvirði kr. 2.000.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðilar tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum til tryggingar skuldabréfsins. Staðfestu þau að hafa kynnt sér upplýsingabækling FF um sjálfskuldarábyrgðir.

Fyrir liggur skjal með yfirskriftinni „Forsendur greiðslumats“ sem gildir til 27. febrúar 2008, en enginn virðist hafa skrifað undir skjalið. Aðili í greiðslumati var tilgreindur A. Um var að ræða lán að fjárhæð kr. 2.000.000. Samkvæmt

greiðslumatinu átti lántaki engar eignir en skuldir voru kr. 1.990.000. Skuldir sem ekki greiddust upp voru VISA/Mastercard og Europay að fjárhæð kr. 131.300. Skuldir eftir lántöku urðu samtals kr. 2.131.300. Tekjur lántaka á mánuði voru tilgreindar kr. 144.123 og framfærslukostnaður var kr. 57.800. Áætluð greiðslubyrði á mánuði var kr. 97.908 og tekjuafgangur á mánuði var kr. 46.215.

Þann 8. desember 2008 var gerð skilmálabreyting á framangreindu skuldabréfi sem sóknaraðilar skrifuðu m.a. undir. Þann 4. ágúst 2010 var gert samkomulag um tímabundna breytingu á greiðslutilhögun láns sem sóknaraðilar skrifuðu m.a. undir.

Þann 20. ágúst sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir því að framangreindar sjálfskuldarábyrgðir þeirra yrðu skoðaðar og rökstudd afstaða tekin til gildis þeirra. Varnaraðili kvað ábyrgðirnar gildar þann 21. ágúst 2013.

Þann 17. desember 2013 tilkynnti umboðsmaður skuldara sóknaraðila N að afstaða varnaraðila væri sú að ábyrgð hennar teldist gild.

Þann 11. febrúar 2014 undirritaði starfsmaður varnaraðila skjalið „Yfirlýsing vegna uppgjors sjálfskuldarábyrgðar“. Í því kom eftirfarandi fram: „*F lýsir því hér með yfir að gegn greiðslu kr. 2.000.000 til F mun bankinn fella niður sjálfskuldarábyrgðir N og M á skuldabréfi Z útgefnu af A. F lýsir því yfir, að þegar framangreind greiðsla að fjárhæð kr. 2.000.000 hefur verið innt af hendi, inn á reikning F þá á F ekki frekari kröfur á hendur N og M v. skuldabréfs þessa.*“

Þann 26. febrúar 2014 var skuldabréfið áritað um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 13. maí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess með vísan til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, að sjálfskuldarábyrgðum þeirra á skuldabréfi nr. ZZ verði aflétt og að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila þá fjármuni sem þau hafa greitt varnaraðila á grundvelli ábyrgðarinnar ásamt vöxtum.

Sóknaraðilar vísa til þess að krafa um að sjálfskuldarábyrgðir þeirra verði felldar niður sé miðuð við að viðurkennt verði að ábyrgðarskuldbindingar þeirra hafi aldrei verið með lögmætum hætti. Sóknaraðilum sé ljóst að ábyrgð þeirra hafi fallið niður við yfirlýsingu þess efnis frá varnaraðila og greiðslu þeirra á kr. 2.000.000 í þeim tilgangi. Sóknaraðilar kveðast krefjast þess í raun að samkomulag þeirra við varnaraðila sem orðið hafi með þessari greiðslu og yfirlýsing varnaraðila verði hrundið. Samhliða því krefjist þau þess að varnaraðili greiði þeim til baka þá fjárhæð sem þau hafi talið sig tilneydd að greiða til að losa sig undan innheimtuaðgerðum varnaraðila sem beinst hafi að þeim persónulega ásamt eignum þeirra. Sóknaraðilar hafi í raun og veru ekki talið sig eiga annarra kosta vöð á þessum tímamarki en að reiða fram fjárhæð þessa til að vernda eignir sínar og lánstraust, þó þau á sama tíma efuðust um lögmæti sjálfskuldarábyrgðarinnar í heild. Sóknaraðilar kveðast líta á framangreint sem eina samhangandi kröfu og krefjast þess að úrskurðarnefndin taki hana til umfjöllunar sem slíka.

Sóknaraðilar kveða framkvæmd varnaraðila við stofnun sjálfskuldarábyrgða ekki hafa verið í samræmi við samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Sóknaraðilar vísa til þess að FF, forveri varnaraðila, hafi verið aðili að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001. Hafi það átt að miða að því að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar yrðu miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans. Samkomulagið hafi verið bindandi fyrir þau fjármálafyrirtæki sem staðið hafi að því og hafi dómstólar staðfest að það varði ógildingu ábyrgða láti fjármálafyrirtæki ekki greiðslumeta skuldara eða sinni því ekki að kynna ábyrgðarmanni skyldur sínar.

Vísa sóknaraðilar til 3. og 4. gr. samkomulagsins máli sínu til stuðnings. Hafi ítrekað verið reynt að fá gögn varðandi greiðslumat en því hafi ekki verið sinnt af hálfu varnaraðila. Þá sé skjal sem beri yfirskriftina „Niðurstöður greiðslumats“ ódagsett og óundirritað en samkvæmt upplýsingum sem þar komi fram geti aðalskuldari efnt fjárskuldbindingar sínar. Í forsendum greiðslumats sé ekki gert ráð fyrir rekstrarkostnaði fasteigna eða bifreiða. Þá komi fram í skjali sem beri yfirskriftina „Forsendur greiðslumats“ sem einnig sé ódagsett og óundirritað, sömu fjárhagslegu upplýsingar og í niðurstöðum greiðslumats. Þar komi einnig fram upplýsingar um skuldir sem greiddar hafi verið upp með umræddri lánveitingu.

Sóknaraðilar byggja á því að greiðslumat það sem varnaraðili hafi gert í aðdraganda lántöku aðalskuldara á framangreindu láni haldi hvorki vatni né vindi. Í greiðslumatinu sé hvorki gert ráð fyrir rekstrarkostnaði bifreiða né fasteigna. Mjög óeðlilegt verði að teljast að fullorðinn einstaklingur hafi engan rekstrarkostnað af fasteign, hvort sem um sé að ræða eigið húsnæði eða leiguhúsnæði. Aðalskuldari umrædds skuldabréfs hafi á þessum tíma leigt húsnæði í félagi við aðra og hafi haft af því kostnað upp á kr. 60.000 á mánuði. Hefði þetta verið tekið með í greiðslumatið sé ljóst að þá þegar hefði greiðslumatið komið neikvætt út fyrir skuldarann. Þess utan sé greiðslumatið ódagsett og óundirritað. Það sé ekki staðfest af aðalskuldara og beri heldur ekki með sér að hafa verið kynnt ábyrgðarmönnum.

Sóknaraðilar benda á að varnaraðili tiltaki sér til varna varðandi greiðslumatið að það byggi á upplýsingum sem að meginstefnu stafi frá lántaka sjálfum og beri varnaraðili ekki ábyrgð á því hafi lántaki veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um fjárhag sinn, s.s. að upplýsa ekki um það hafi hann rekið bifreið eða fasteign. Sóknaraðilar mótmæla því alfarið að greiðslumat þetta hafi verið unnið samkvæmt upplýsingum frá skuldara, enda kannist hann ekki við að greiðslumat þetta hafi á nokkrum tímamarki verið borið undir hann eða verið byggt á upplýsingum frá honum. Þá telji skuldari að tekjuupplýsingar á greiðslumatinu séu e.t.v. eitthvað rangar og greiðslumatið því í heild sinni rangt. Vilji varnaraðili bera fyrir sig réttmæti og gildi greiðslumatsins beri hann sönnunarbyrði á því að svo sé.

Sóknaraðilar telja að af framangreindu megi ráða að varnaraðili hafi ekki farið eftir reglum samkomulagsins. Megi í því sambandi t.d. benda á að hvergi komi fram að skuldari staðfesti að niðurstaða greiðslumats endurspegli raunverulega fjárhagsstöðu hans á þessum tíma. Þá sé ljóst að niðurstaða greiðslumats hafi ekki verið kynnt ábyrgðarmönnum. Þá beri einnig að geta þess að samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir hafi greiðslumat ekki verið fullklárað, þ.e. ekki hafi verið gert ráð fyrir rekstri bifreiða og fasteigna.

Sóknaraðilar benda á að í svarbréfi varnaraðila sé umfjöllun um ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936. Þar sé rekið að ráða megi af dómaframkvæmd fyrir beitingu reglunnar að fjármálastofnun þurfi að hafa verið grandvís um slæma

fjárhagsstöðu skuldarans og látið hjá líða að tilkynna ábyrgðarmanni þar um. Sóknaraðilar telja að staðan í þessu máli sé einmitt slík, þ.e. að varnaraðila hafi mátt vera kunnugt um að greiðslumat það sem gert hafi verið hafi ekki getað gefið rétta mynd af fjárhagsstöðu lántakanda, þar sem hvorki hafi verið gert ráð fyrir rekstrarkostnaði bifreiðar né fasteignar. Allir verði að hafa þak yfir höfuðið og beri einhvern kostnað vegna þess. Þá séu einnig yfirgnæfandi líkur á því að einstaklingur búsettur á höfuðborgarsvæðinu hafi haft einhvern rekstarkostnað sem rekja megi til fararkostnaðar, hvort sem er vegna eigin bifreiðar, strætóferða eða annað. Að öllu þessu virtu mótmæla sóknaraðilar því að greiðslumatið hafi gefið raunhæfar niðurstöður og vilji þvert á móti meina að það hafi gefið einkar villandi upplýsingar.

Sóknaraðilar benda á að varnaraðili byggi á tómlæti sóknaraðila, þar sem umrætt skuldabréf hafi verið gefið út í desember 2007 og séu nú um 6 og hálf t. ár síðan. Afskipti sóknaraðila af málinu hafi hafist miklum mun fyrr, eða þegar þeim hafi verið tilkynnt um vanskil á skuldabréfinu. Til séu tölvupóstsamskipti ábyrgðarmanna við starfsmenn varnaraðila um hugsanlegar lausnir á málinu og komi þar skýrlega fram að ábyrgðarmenn hafi alla tíð verið skeptískir á gildi ábyrgða sinna, en hafi viljað ljúka málinu bæði fyrir sína hönd og lántaka, sem sé sonur þeirra. Niðurstaða hafi fengist í febrúar á þessu ári þegar sóknaraðilar hafi greitt kr. 2.000.000 til lúkningar ábyrgða sinna. Þau hafi litið á það sem afarkost og að þau ættu ekki annarra úrræða vöð. Fljótlega hafi þau þó leitað til C til þess að freista þess að fá þeirri ráðstöfun hnekkt þar sem þau hafi talið hana ranga.

Sóknaraðilar byggja endurgreiðslukröfu á því að varnaraðili hafi ekki haft lögvarinn rétt til greiðslu á grundvelli ábyrgðar sem hafi verið ógild frá upphafi. Ógilding hafi þau réttaráhrif að greiðslum sem fram hafi farið beri að skila.

Í athugasemdum sínum við greinargerð varnaraðila setja sóknaraðilar fram þá athugasemd að þau hafi aldrei fengið tilkynningu frá bankanum um það tilboð sem staðið hafi til boða varðandi endurreikning á umræddu skuldabréfi, sem þau telja að miklu máli skipti í þessu máli, verði ábyrgðarskuldbinding þeirra ekki felld úr gildi. Staða skuldabréfsins væri ekki sú sama í dag hefði endurreikningurinn verið látinn standa í stað upphæðarinnar samkvæmt gengistryggingu. Sóknaraðilar telja sig því hafa ofgreitt til lúkningar ábyrgðarskuldbindingar sinnar, hefði þeim verið gefinn kostur á að þiggja endurreikning skuldabréfsins.

Sóknaraðilar áréttu að þau hafi ekki fengið tilkynningar sendar frá varnaraðila um ábyrgð þá sem þau hafi verið í um hver áramót líkt og tilskilið sé í samkomulaginu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefjast þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili tekur í fyrstu fram að ekki sé unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um að aflétta sjálfskuldarábyrgðum skv. skuldabréfi nr. ZZ, þar sem ábyrgðir þeirra hafi þegar verið felldar niður. Sé því óhjákvæmilegt að hafna kröfum sóknaraðila þar að lútandi.

Varnaraðili telur þrátt fyrir framangreint að kröfum sóknaraðila beri að hafna þar sem samkomulaginu hafi verið fylgt í hvívetna.

Varnaraðili vísar til þess að umrætt skuldabréf hafi verið gefið út í því skyni að greiða upp lán A, merkt í kerfum varnaraðila með nr. X sem og að greiða upp

yfirdráttarlán á tékkareikningi sama aðila nr. Y, ásamt áföllnum kostnaði, en sóknaraðilar hafi bæði verið í sjálfskuldarábyrgð á láni skv. skuldabréfi nr. X.

Varnaraðili vísar til þess að greiðslumat hafi verið framkvæmt í samræmi við 3. gr. samkomulagsins sem hafi sýnt fram á jákvæða greiðslugetu lántaka, A. Varnaraðili hafnar því að greiðslumatið hafi ekki verið fullklárað, enda sé greiðslumatskerfi varnaraðila þannig úr garði gert að matið sé merkt „Í vinnslu“ á skjalinu sjálfu þar til matið sé fullklárað en svo sé ljóslega ekki hér. Engin athugasemd sé við niðurstöðurnar sem gefi til kynna að matinu sé ólokið.

Varnaraðili bendir á að mat á greiðslugetu byggji á upplýsingum sem að meginstefnu stafi frá lántaka sjálfum og beri varnaraðili ekki ábyrgð á því hafi lántaki veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um fjárhag sinn, s.s. að upplýsa ekki um það hafi hann verið að reka bifreið eða fasteign. Af greiðslumatinu telji varnaraðili ljóst að lántaki hafi ekki upplýst um slíkt, hafi því verið til að dreifa. Hafi forsendur sem frá lántaka hafi stafað verið rangar verði varnaraðila ekki kennt um það, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Hafi sóknaraðilar auk þess ekki í neinu sýnt fram á að lántaki hafi átt og rekið bifreið eða fasteign á þeim tíma sem lánið hafi verið tekið. Telji varnaraðili að greiðslumatið sé ljóslega fullklárað og að fullu leytí í samræmi við ákvæði samkomulagsins. Hafi sóknaraðilar enda engin gögn lagt fram til stuðnings þess að til staðar hafi verið útgjöld sem ekki hafi verið tekið tillit til. Verði í þessu samhengi einnig að taka tillit til þess að í jákvæðri niðurstöðu greiðslumats felist ekki trygging fyrir því að lántaki efni skyldur sínar.

Varnaraðili hafnar því alfarið að nokkra þýðingu hafi að ekki sé að fyrirfinna skriflega staðfestingu lántaka á greiðslumatinu og sé því hafnað að afleiðing þess geti orðið sú að matið uppfylli ekki ákvæði samkomulagsins. Engan slíkan áskilnað sé að finna í samkomulaginu um að lántaki staðfesti niðurstöður greiðslumats sérstaklega.

Varnaraðili telur það staðfesta jákvæða niðurstöðu greiðslumatsins að greitt hafi verið af láninu um árabíl, eða allt til 1. október 2012. Markmiði samkomulagsins um að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu greiðanda, sbr. 1. gr. samkomulagsins, hafi því ljóslega verið náð með framkvæmd greiðslumatsins og með því að lántaki hafi uppfyllt greiðsluskyldu sína árum saman. Með því að markmiði samkomulagsins hafi verið náð telji varnaraðili að skilyrði til að beita 36. gr. laga nr. 7/1936 séu ekki fyrir hendi, sbr. t.d. niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 343/2012.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar beri fyrir sig 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Meta þurfi sérstaklega hvort skilyrðum laganna um að ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju sé fyrir varnaraðila að bera sjálfskuldarábyrgðirnar fyrir sig. Af dómaframkvæmd megi sjá að það ráðist af heildstæðu mati á atvikum hvers máls fyrir sig hvort beita eigi ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936. Einnig megi ráða af dómum að fjármálastofnun þurfi að hafa verið grandvís um slæma fjárhagsstöðu skuldarans og látið hjá líða að tilkynna ábyrgðarmanni þar um, en svo hafi ekki verið í umræddu máli. Sönnunarbyrði um að skuldbindingar sóknaraðila séu úr gildi fallnar eða ógildar hvíli á sóknaraðilum og hafi þau ekki sýnt fram á það.

Varnaraðili bendir einnig á að skuldabréfið hafi verið gefið út í desember 2007 og hafi sóknaraðilar ekki gert athugasemdir við það fyrr en nú og því hafi sóknaraðilar sýnt af sér nokkurt tómlæti en rúmlega sex og hálf ár séu liðin frá útgáfu skuldabréfsins. Skilmálum umrædds skuldabréfs hafi einnig verið breytt þann 8. desember 2008 og hafi sóknaraðilar þá undirritað sem sjálfskuldaradilar. Þar að auki hafi verið undirritað samkomulag um tímabundna breytingu á greiðslutilhögun lánsins

þann 4. ágúst 2008. Telur varnaraðili að sóknaraðilum hafi því verið í lófa lagið að koma að athugasemdum fyrr.

Varnaraðili vísar til þess að með undirritun á skuldabréfið hafi sóknaraðilar staðfest að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um sjálfskuldarábyrgðir. Í bæklingnum sé vísað til samkomulagsins og greint frá helstu atriðum þess, sérstaklega sé tekið fram að sé lánsfjárhæð umfram kr. 1.000.000 skuli fjármálafyrirtæki alltaf framkvæma greiðslumat. Sömu leiðis séu ábyrgðarmenn þar hvattir sérstaklega til þess að kynna sér greiðslumat lántaka. Eins og að framan greini hafi greiðslumat verið framkvæmt og hafi niðurstaða þess bent til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindinguna. Þar sem sóknaraðilar hafi staðfest að hafa kynnt sér efni bæklingsins verði að leggja til grundvallar að þeim hafi verið kunnugt um að greiðslumat hafi verið framkvæmt og það verið á þeirra ábyrgð að óska eftir að fá að sjá það áður en þau hafi gengist í ábyrgðina. Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 verði því að telja að ákvæði samkomulagsins um að tryggt sé að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins hafi verið uppfyllt og því séu ekki uppfyllt skilyrði samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 fyrir því að víkja ábyrgðunum til hliðar.

Varnaraðili hafnar því að fella skuli ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila niður. Byggir bankinn kröfu sína á því að reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið fylgt í hvívetna

Verði það niðurstaða nefndarinnar að ákvæðum samkomulagsins hafi ekki verið fylgt telur varnaraðili að ekki séu forsendur til þess að víkja ábyrgðum sóknaraðila til hliðar í heild sinni. Andvirði lánsins hafi m.a. verið nýtt til þess að greiða upp lán nr. X, en sóknaraðilar hafi verið í sjálfskuldarábyrgð á því láni. Þannig hafi rúmlega helmingur lánsfjárhæðar hinnar nýju ábyrgðarskuldbindingar farið til þess að greiða skuld sem sóknaraðilar hafi þá þegar verið í sjálfskuldarábyrgð fyrir, þ.e. kr. 1.276.929 af kr. 2.000.000. Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 376/2013 telur varnaraðili að jafnvel þótt fallist yrði á að 36. gr. laga nr. 7/1936 gæti átt við, þá sé ljóst að slíkt geti einungis átt við það hlutfall skuldbindingarinnar sem hafi verið umfram þá ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila sem greidd hafi verið upp með láninu, þ.e. tæplega helmingi lánsins. Sú greiðsla sem farið hafi fram í tengslum við niðurfellingu ábyrgða sóknaraðila á láni nr. Z hafi ekki náð upp í helming eftirstöðva lánsins, en fyrir greiðsluna hafi eftirstöðvar lánsins numið u.þ.b. jafnvirði kr. 4.500.000. Telur varnaraðili að þegar af þeirri ástæðu beri að hafna kröfum sóknaraðila um endurgreiðslu, enda teljist ábyrgðin gild sem nemi að lágmarki hlutfalli hinnar eldri ábyrgðarskuldbindingar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 376/2013.

Telji nefndin allt að einu að víkja skuli ábyrgð sóknaraðila til hliðar, í heild eða að hluta, mótmælir varnaraðili því sérstaklega að af þeirri ástæðu beri að fallast á endurgreiðslukröfu sóknaraðila. Telur varnaraðili að reglur um endurheimt ofgreidds fjár standi endurkröfu sóknaraðila í vegi þar sem allar greiðslur sóknaraðila hafi verið greiddar án fyrirvara. Af almennri umræðu um ógildi sjálfskuldarábyrgða vegna ákvæða samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga telur varnaraðili að sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að gera sérstakan fyrirvara um greiðslur af sinni hálfu. Hefur sóknaraðili þannig ekki fært sérstök rök fyrir endurgreiðslukröfu sinni og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna þeirri kröfu. Þá bresti auk þess lagastoð fyrir kröfu sóknaraðila um vexti af endurgreiðslukröfunni og sé henni jafnframt mótmælt sérstaklega. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 38/2001 skuli því aðeins greiða vexti af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Krafa sóknaraðila um vexti styðjist hvorki við samning aðila, né verði henni fundin stoð í ákvæðum laga sem

mæli fyrir um sérstakar heimildir til töku vaxta. Sé krafa sóknaraðila um vexti því haldlaus og beri af þeirri ástæðu að hafna kröfunni.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfi nr. Z útgefnu af A hafi verið ógildar og hvort sóknaraðilum beri endurgreiðsla vegna greiðslu þeirra til uppgjörs sjálfskuldarábyrgðanna.

Eins og stofnað er til máls þessa verður að líta svo á að sakarefni þess sé gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á umræddu skuldabréfi og hugsanleg endurkrafa þeirra vegna þess sem þau telja sig hafa ranglega greitt. Athugasemdir um endurreikning lánsins geta hins vegar ekki komið til skoðunar.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í málinu liggur fyrir skjalið „Forsendur greiðslumats“. Þar kom fram að tekjuafgangur á mánuði væri kr. 46.215. Enginn skrifar undir umrætt skjal. Ljóst er að varnaraðili framkvæmdi greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllti þannig skilyrði 3. gr. samkomulagsins að þessu leyti. Af hálfu sóknaraðila hafa verið gerðar athugasemdir við að enginn farar- eða húsnæðiskostnaður sé tilgreindur í greiðslumatinu. Kveðast sóknaraðilar hafa upplýsingar um að aðalskuldari hafi greitt kr. 60.000 í húsaleigu þegar umrætt skuldabréf hafi verið gefið út. Sóknaraðilar hafa engin gögn fært fram til stuðnings framangreindum fullyrðingum og verða þau að bera hallann af því að ekkert liggur fyrir um réttmæti þeirra. Verður því ekki á þeim byggt, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 55/2013.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar.

Í 2. mgr. 4. gr. ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklingsins og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána hjá fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 er á því byggt að í 4. gr. samkomulagsins felist í senn að greiðslumat skuli gert á greiðanda og að

ábyrgðarmanni gefist færi á að kynna sér matið. Í umræddu máli lá fyrir að greiðslumat hafði verið framkvæmt. Það hafði hins vegar ekki verið kynnt ábyrgðarmanni sem hafði þó kynnt sér efni upplýsingabæklings um persónuábyrgðir og veðsetningar þriðja aðila. Byggt var á því sjónarmiði í umræddum dómi að með undirritun ábyrgðarmanns á veðskuldabréfið staðfesti hann að hafa kynnt sér upplýsingabæklings lánveitandans en þar með átti honum að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið gert. Matið hefði verið kynnt áfrýjanda með þessum hætti en jafnframt hafi það verið undir honum sjálfum komið hvort hann óskaði eftir að sjá það áður en hann veitti samþykki við veðsetningu fasteignar sinnar.

Í máli þessu liggur fyrir að niðurstaða greiðslumats var jákvæð. Sóknaraðilar staðfestu með undirritun skuldabréfsins að hafa kynnt sér upplýsingabækling F um sjálfskuldarábyrgðir en þar með átti þeim að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið gert. Með þessum hætti var sóknaraðilum kynnt að greiðslumatið hefði verið gert en það var undir þeim sjálfum komið hvort þau óskuðu eftir að sjá það áður en þau gengust í sjálfskuldarábyrgðir fyrir skuldabréfinu. Enda þótt þannig væri reglum samkomulagsins ekki fylgt að fullu, verður ekki litið svo á að það hafi haft afgerandi þýðingu fyrir því að sóknaraðili gekkst í ábyrgðina, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 55/2013.

Í ljósi alls framangreinds er ekki unnt að fallast á með sóknaraðilum að sjálfskuldarábyrgðir þeirra á skuldabréfi, nr. Z hafi verið ógildar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Verður því ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M og N, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 10. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elisabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 3. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 66/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 16. maí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 16. maí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. maí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 18. júní 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. júní 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 2. júlí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 3. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 15. maí 2008 var bílasamningur nr. X gerður á milli varnaraðila og A, vegna B. Í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 471/2010 var samningurinn endurreiknaður þann 19. nóvember 2010.

Í desember 2012 var bílasamningurinn gerður upp að fullu.

Þann 13. desember 2012 skrifaði A undir eftirfarandi yfirlýsingu: „Ég undirritaður lýsi því hér með yfir að komi til endurreiknings á bílasamningi nr. X skuli F greiða allar inneignir sem myndast á samningnum til M inn á reikning Y.“

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 16. maí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveðst kvarta undan eftirfarandi úrskurði varnaraðila vegna bílaláns nr. X. Óskar hún eftir að athugað verði hvort þessi úrskurður standist.

„F hefur í kjölfar beiðni þinnar tekið bílasamning þinn til skoðunar m.t.t. mögulegs frekari endurreiknings. Af dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 544/2013 er

ljóst að vanskil skipta máli við mat á því hvort til staðar sé svokölluð fullnaðarkvittun, sem getur leitt til undantekningu [svo] frá meginreglu kröfuréttar um fullar efnidir kröfuhafa. Þá þurfa frekari skilyrði að vera til staðar. Framkvæmd bílasamnings þíns var með þeim hætti að á töluverðum hluta gjalddaga urðu vanskil er röskuðu greiðsluferlinu og leiddu jafnvel til frekari kostnaðar fyrir félagið. Með hliðsjón af þessu og fyrirliggjandi leiðbeiningum af dómum Hæstaréttar verður að telja að framkvæmd samnings þíns sé með þeim hætti að vanskilin komi í veg fyrir að fullnaðarkvittun sé til staðar. Af þeim sökum telur félagið að rök standi ekki til frekari endurreiknings.“

Sóknaraðili kveðst hafa undir höndum kvittun vegna bílaláns nr. X sem staðfesti að lánið sé að fullu greitt, þrátt fyrir að vanskil hafi orðið á hluta lánatímabilsins. Þessi kvittun hljóti því að teljast fullnaðarkvittun. Handskrifað hefur verið á kvörtunareyðublaðið: „*Krefst endurútreiknings*“.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi verið í samskiptum við varnaraðila varðandi mögulega endurgreiðslu síðan dómur féll í Hæstarétti í máli nr. 544/2013. Hafi henni ávallt verið svarað eins og hún hafi verið þeirra viðskiptamaður, enda eigi hún hagsmuna að gæta varðandi mögulegan endurreikning lánsins. Hafi það verið lögmaður varnaraðila sem samið hafi yfirlýsingu, dags. 13. desember 2012. Það standist því ekki að hún hafi engin viðskiptatengsl við varnaraðila þó svo hún hafi ekki verið skuldari lánsins. Benda megi á að hún hafi beðið varnaraðila um að nafn hennar kæmi í stað A á samningnum en varnaraðili hafi hafnað því. Bendir sóknaraðili einnig á að hún hafi gert upp lánið.

Sóknaraðili kveðst eiga nokkra tölvupósta sem sanni samskipti hennar við varnaraðila varðandi mögulegan endurreikning. Hafi þetta fyrst og fremst verið fyrirspurnir um hvenær endurreikningur færi fram því hana hafi verið farið að lengja eftir niðurstöðu. Hafi hún ávallt fengið það svar að málið væri í vinnslu en hafi að lokum fengið framangreinda yfirlýsingu. Staðfesti umræddur tölvupóstur að varnaraðili telji sig vera í viðskiptum við sóknaraðila.

Sóknaraðili kveður kröfu sína alveg skýra. Mótmæli hún þeirri fullyrðingu að fullnaðarkvittun sé ekki til staðar og því þurfi ekki að endurreikna lánið. Fullnaðarkvittun liggja fyrir og því þurfi að endurreikna lánið samkvæmt dómi Hæstaréttar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði vísað frá.

Varnaraðili byggir á því að samkvæmt 3. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki skuli nefndin taka til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, enda sé samningssamband milli aðila.

Varnaraðili bendir á að í máli þessu hafi aldrei verið gerð breyting á skuldara umrædds bílasamnings. A hafi verið skuldari þess gagnvart varnaraðila frá upphafi og þar til lánið hafi verið að fullu greitt. Þannig hafi aldrei verið samningssamband milli sóknaraðila og varnaraðila og af því leiði að ekki sé um að ræða réttarágreining við viðskiptamann skv. 3. gr. samþykktta nefndarinnar.

Varnaraðili telur í þessu efni engu breyta þó að bifreiðin hafi verið framseld eða fyrri eigandi hafi gefið yfirlýsingu um skilyrt og óljós réttindi sóknaraðila til handa. Jafnvel þó að því yrði haldið fram að sóknaraðili gæti eignast skilyrt og óljós

kröfuréttindi á grundvelli yfirlýsingarinnar þá verði sóknaraðili ekki að skuldara bílálansins (viðskiptamanni) á þeim grundvelli. Megi í þessu sambandi vísa til sjónarmiða að baki ákvæði 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu en forsenda ákvæðisins sé að krefjandi hafi verið „skuldari“ láns á einhverjum tímapunkti.

Varnaraðili byggir á því að samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjalli nefndin ekki um mál sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Þá verði máli vísað frá nefndinni sé það óhæft til afgreiðslu, skv. 7. gr. samþykktanna.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi aldrei verið skuldari að bílasamningnum og krafa hennar byggir eingöngu á þeirri yfirlýsingu fyrri eiganda „að komi til endurreiknings“ þá skuli varnaraðili „greiða allar inneignir sem myndast á samninginn til M“. Kröfuréttindin sem leiði af yfirlýsingunni séu bæði skilyrt og óljós. Vísað sé til óvissra réttinda sem ekki hafi verið staðreynd og því hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á lögvarða hagsmuni.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili færi ekki fram nein sérstök rök fyrir kvörtun sinni heldur setji fram óljósa kröfu um athugun á því hvort „úrskurður“ varnaraðila standist. Engin tilraun sé gerð til þess að sýna fram á að afstaða varnaraðila vegna bílasamningsins standist ekki né að endurreikningur hans hafi verið rangur. Þá sé ekki að finna nein rök, málsástæður eða lagasjónarmið til stuðnings því að endurreikningur hafi verið rangur.

Varnaraðili byggir á því að vegna þess hve málatilbúnaður sóknaraðila sé óljós, grundvöllur kröfu illa upplýstur og kröfur óskýrar geti varnaraðili ekki með góðu móti tekið til varna. Með vísan til þessa og e-liðar 1. mgr. 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar, sbr. einnig 7. gr. samþykktanna, sé farið fram á að kröfunni verði vísað frá. Sé í þessu sambandi vísað til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 13/2014, 12/2014 og 79/2013.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi bílasamnings nr. X, útgefnum af A til varnaraðila.

Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um starfssvið nefndarinnar. Samkvæmt a-lið 3. gr. samþykktanna tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtæks annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.

Sóknaraðili hefur aldrei verið skuldari að bílasamningi nr. X, en A var allan tíma skuldari skv. samningnum. Var sóknaraðili því ekki viðskiptamaður varnaraðila skv. a-lið 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Fær þessu hvorki haggð skilyrt yfirlýsing, dags. 13. desember 2012, né að sóknaraðili hafi gert samninginn upp.

Í ljósi framangreinds liggur ekki fyrir að samningssamband hafi verið á milli aðila skv. bílasamningi nr. X. Verður því ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki þegar af þeirri ástæðu.

Áréttað skal að nefndin hefur í fyrri úrskurðum gert ákveðnar kröfur til kröfugerðar og rökstuðnings, þegar leitað er eftir úrskurði nefndarinnar í

ágreiningsmálum varðandi endurútreikning lána. Hefur nefndin talið nauðsynlegt að fá annaðhvort í hendur skýra og glögglega fram setta útreikninga á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum, eða skýra, rökstudda kröfu um að einhver tiltekin atriði í fyrirliggjandi útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en gert er.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 3. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 12. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 67/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. maí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. maí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. maí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 30. júní 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. september 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 19. september 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. nóvember og 12. desember 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 18. október 2006 gerði Landsbankinn greiðslumat á A. Sóknaraðili skrifaði m.a. undir skjalið. Fram kom í greiðslumatinu að áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda væri neikvæð um kr. 35.235 og að eignastaða væri neikvæð um kr. 4.154.854.

Þann 19. desember 2007 var skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ undirritað af sóknaraðila og sóknaraðila fyrir hönd B. Óskuðu þau eftir að veita veð í fasteign sinni fyrir A fyrir skuld að fjárhæð kr. 3.000.000. Tiltekið var að greiðslumat benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að meira en helmingi lánsupphæðar yrði ekki varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Útdráttur var úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skjalinu. Þá staðfestu sóknaraðili og B með undirritun sinni að þau hefðu fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 19. desember 2007 var veðskuldabréf í erlendum myntum nr. X, gefið út af A til FF. Skuldabréfið var að jafnvirði kr. 3.000.000 í 50% CHF og 50% JPY. Fasteign B og sóknaraðila, var sett að veði á 6. veðrétti til tryggingar skuldinni. Staðfestu þau að hafa kynnt sér efni bréfsins og að þau gerðu sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra sem veðleyfisgjafa væri fölginn og teldu hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt hefðu þau kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir og efni

samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Sóknaraðili skrifaði undir f.hönd B, sem tilgreindur var þinglýstur eigandi. Skrifaði hún undir sem maki þinglýsts eiganda.

Þann 19. desember 2007 undirritaði A skjalið „Yfirlýsing. Fylgiskjal með láni í erlendri mynt“. Lýsti hún því þar yfir að hún gerði sér grein fyrir að lántaka að jafnvirði kr. 3.000.000 í CHF 50% og JPY 50% væri áhættusamari en lántaka í íslenskum krónum.

Í máli þessu liggja fyrir afrit af skattframtölum A 2007 og 2008.

Þann 21. nóvember 2008 var gerð skilmálabreyting á skuldabréfinu sem sóknaraðili skrifaði undir sem þinglýstur eigandi og einnig fyrir hönd B, þinglýsts eiganda.

Þann 6. október 2009 var gerð skilmálabreyting á skuldabréfinu sem sóknaraðili skrifaði undir sem þinglýstur eigandi.

Þann 27. febrúar 2014 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem gerðar voru athugasemdir við umboð sóknaraðila til undirskriftar fyrir hönd B og skorað var á bankann að framvísa tölulegri niðurstöðu greiðslumats. Þann 2. apríl 2014 svaraði varnaraðili og kvað umbeðin gögn ekki vera til staðar. Tekið var fram að bankinn mæti veðsetninguna gilda.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 13. maí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að veðsetning fasteignarinnar til tryggingar veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 3.000.000, útgefið 19. desember 2007, verði ógilt og að umræddu veðskuldabréfi verði aflétt af eigninni.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart ábyrgðarmönnum við undirritun skjala vegna veðsetningarinnar í árslok 2007. Þegar umrætt lán hafi verið afgreitt og lánsveð veitt, hafi verið í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001. Varnaraðili sé skuldbundinn af samkomulaginu. Samkomulagið, sem sett hafi fram meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum, skv. 1. gr., hafi m.a. tekið til þess er einstaklingur hafi gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars aðila. Byggir sóknaraðili sérstaklega á 3. og 4. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili vísar til þess að skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ sé undirritað af sóknaraðila fyrir hönd B vegna ábyrgðar hans. Óljóst sé hvort sóknaraðili sé sjálf að rita undir sem ábyrgðarmaður eða hvort undirritunin hafi verið gerð fyrir hönd B vegna ábyrgðar hans. Þegar óskað hafi verið eftir því við bankann að hann legði fram umboð B til sóknaraðila til að rita undir skjalið fyrir hans hönd hafi komið í ljós að bankinn hafi ekki slíkt umboð í förum sínum. Í öllu falli sé ljóst að B hafi ekki ritað undir skjalið sjálfur og þar með hafi hann ekki staðfest að honum hafi verið kynntar niðurstöður greiðslumatsins né heldur að hann hafi fengið í hendur upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar sem bankanum hafi borið að dreifa með skjölum sem afhent hafi verið ábyrgðarmönnum til undirritunar, sbr. 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Ekki sé því að sjá að bankinn hafi uppfyllt skyldu skv. samkomulaginu um upplýsingagjöf til B og þá sé óljóst hvort sóknaraðili hafi, þrátt fyrir undirritun hennar undir umrætt skjal, verið að undirrita sjálf sem veðsali eða f.h. B og þar með sé einnig óljóst hvernig upplýsingagjöf til hennar hafi verið háttáð af hálfu bankans. A segi að hún hafi bæði farið með ofangreint skjal og veðskuldabréfið sjálft heim til B og sóknaraðila og að undirritanir undir skjölin hafi farið fram þar. Þá

fullyrði A að henni hafi ekki verið afhentur upplýsingabæklingur í bankanum til að afhenda sóknaraðila og B. Þegar allt þetta sé tekið saman sé ljóst að bankinn hafi ekki upplýst sóknaraðila og B um áhrif þess að gangast í ábyrgð á þann máta sem bankanum hafi borið að gera skv. ákvæðum samkomulagsins.

Sóknaraðili vísar til þess að í bréfi til bankans, dags. 27. febrúar 2014, hafi hún gert athugasemdir við það að í skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ væri ekki að finna neinar tölulegar niðurstöður um greiðslugetu A. Í skjalinu komi fram að niðurstaða þess hafi verið sú að A hafi átt að geta efnt skuldbindingar sínar miðað við fjárhagsstöðu hennar í lok árs 2007. Þar sem sóknaraðili hafi haft undir höndum greiðslumat sem útbúið hafi verið vegna umsóknar A um lán hjá Landsbanka Íslands síðla árs 2006 hafi það vakið athygli að niðurstaða greiðslumats FF hafi verið með framangreindum hætti þar sem niðurstaða greiðslumats Landsbankans hafi verið neikvæð. Ekkert hafi breyst í fjármálum A til batnaðar á þeim 14 mánuðum sem liðið hafi á milli greiðslumatanna tveggja sem útskýrt gæti það hvers vegna FF hafi metið stöðu hennar betri en Landsbankinn hafi gert rúmu ári áður. Þvert á móti sýni skattframtöl A fyrir árin 2006 og 2007 að fjárhagsleg staða A hafi heldur farið versnandi á umræddu tímabili fremur en hitt. Þess beri að geta að þrátt fyrir neikvæða útkomu úr greiðslumatinu hjá Landsbankanum hafi A engu að síður tekið það lán í lok árs 2006. Síversnandi fjárhagsstaða A hafi leitt til þess að hún hafi gert samning um greiðsluáðlögun í október 2012. Eins og sjá megi á umræddum skattframtölum hafi tekjur hennar á árinu 2006 verið kr. 1.733.000 en kr. 1.204.000 árið 2007 en bæði árin hafi Tryggingarstofnun greitt henni að auki u.þ.b. kr. 200.000. Þá sjáist að skuldir hennar milli árána 2006 og 2007 hafi aukist um rúmar kr. 800.000 og það þrátt fyrir að umrætt lán frá FF hafi ekki ratað inn á skattframtalið undir liðnum „Skuldir og vaxtagjöld“. Fjárhagsstaða hennar hafi því versnað umtalsvert milli árána tveggja. Það veki því furðu að umrætt greiðslumat FF skuli hafa verið jákvætt og sé sú niðurstaða mjög ótrúverðug í ljósi þess greiðslumats sem Landsbankinn hafi gert í árslok 2006 og versnandi fjárhagsstöðu lántakandans og þá sérstaklega með tilliti til þeirra tekna sem lántakandinn hafi aflað sér árin 2006 og 2007 skv. framangreindum skattframtölum, tekna sem tæplega hafi dugað fyrir grunnframfærslu en A hafi verið einstæð móðir á þessum árum.

Sóknaraðili bendir á að í bréfi til bankans 27. febrúar 2014 hafi verið óskað eftir því að fá að sjá tölulegar niðurstöður greiðslumatsins í ljósi þess að A hafi ekki staðist greiðslumat framkvæmt í Landsbankanum ári áður. Í svarbréfi bankans, dags. 2. apríl 2014, komi fram að bankanum beri ekki skylda til þess að geyma þau undirgögn sem liggi til grundvallar greiðslumatinu og vísi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 því til stuðnings. Því sé til að svara að sóknaraðili hafi ekki verið að óska eftir „undirgögnum“ heldur tölulegum niðurstöðum greiðslumatsins sem ættu að vera til hjá bankanum enda hafi greiðslumöt verið framkvæmd með rafrænum hætti hjá íslenskum bönkum í mörg ár og ætti að vera jafn auðvelt fyrir bankann að geyma slíkt og að geyma afrit af niðurstöðublaðinu. Því ætti að vera vandalítið fyrir bankann að leggja slíkt fram. Þar sem kveðið sé á um það í samkomulaginu hvernig greiðslumat eigi að fara fram, n.t.t. í 2. mgr. 3. gr. þess, sé ljóst að bankinn sem tekið hafi við ábyrgð einstaklings hafi borið skylda til að framkvæma greiðslumatið með ákveðnum hætti. Þar sem hægt sé að sýna fram á það með gögnum að A hafi ekki staðist greiðslumat í Landsbankanum ári áður en lán það sem hér sé til umfjöllunar hafi verið tekið, sé uppi verulegur vafi í þessu máli um hvort að greiðslumat hafi yfir höfuð farið fram hjá FF. Geti bankinn ekki sýnt fram á það að greiðslumatið hafi verið gert verði

hann að bera hallann af því en ekki einstaklingur sem ekki hafi fengið nægar upplýsingar um ábyrgðartöku sína.

Sóknaraðili telur það vekja athygli að í hinum tilvitnaða dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012, komi fram að bankinn hafi máli sínu til stuðnings getað lagt fram útskriftir með skjámyndum úr tölvu bankans. Í dómsmálinu hafi bankinn talið viðkomandi útskriftir sýna að útgefandi skuldaskjalsins í málinu hafi staðist greiðslumat árið 2006 eða ári áður en greiðslumat það sem hér sé rætt um hafi verið framkvæmt. Í umræddu máli hafi skuldaskjalið upphaflega verið gefið út til sparisjóðs en síðar endað í eigu bankans eins og í máli því sem hér sé til umfjöllunar. Kveðst sóknaraðili undrast misræmið sem felist í því að bankinn geti lagt fram útprentaðar skjámyndir í sumum ágreiningsmálum en öðrum ekki. Veki það upp spurningar hvort bankinn kjósi að leggja ekki fram umrætt gagn þar sem það komi málstað bankans illa.

Sóknaraðili bendir á að í umræddum dómi segi að í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé „*ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats*“. Þessa tilvitnun telur sóknaraðili ekki hægt að túlka á annan máta en þann að í sumum tilvikum sé lánveitanda einmitt skylt að kynna ábyrgðarmanni umrædd gögn. Í ljósi þess að markmið samkomulagsins sé að vernda ábyrgðarmenn, sbr. 1. gr. þess, haldi sóknaraðili því fram að í þessu tilviki hafi bankanum einmitt borið að gæta þess að vernda hagnun sóknaraðila og B. Það hefði bankinn gert með því að gæta þess að þeim væru kynnt þau gögn sem legið hafi greiðslumatinu til grundvallar, m.ö.o. með því að vanda til upplýsingagjafar sinnar til hinna fullorðnu ábyrgðarmanna í stað þess að fela skuldara veðskuldabréfsins það hlutverk að upplýsa þau um það hvað fælist í ábyrgð þeirra.

Sóknaraðili bendir á að í skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ komi fram að „tegund láns“ sem meint greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna væri bæði skuldabréf og yfirdráttur. Hins vegar hafi lánið aðeins verið í formi skuldabréfs er það hafi verið veitt. Samkvæmt samkomulaginu hafi borið að haga greiðslumati vegna yfirdráttar með öðrum hætti en greiðslumati vegna afborganaláns, sbr. fyrirmæli þar um í 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Því sé möguleiki á því að A hafi staðist greiðslumat hefði aðferðin sem beitt hafi verið við greiðslumatið ekki endurspeglad þá lánveitingu sem til stóð að veita henni. Fyrirgreind fyrirmæli um greiðslumat yfirdráttarlána hafi aðeins kveðið á um að gera skyldi ráð fyrir mánaðarlegum vaxtagreiðslum en engum afborgunum af höfuðstól. Í svarbréfi bankans sé því haldið fram að ekki skipti máli með hvaða hætti umrætt lán hafi verið veitt þar sem ekki hafi verið gerð grein fyrir hlutfallslegri skiptingu á milli lánsforma í skjalinu og þá beri skuldabréfalán yfirleitt hagstæðari vexti en yfirdráttarlán. Þessi rök bankans breyti því ekki að endanleg lánveiting bankans til A hafi ekki verið með þeim hætti sem umrætt skjal hafi gefið fyrirhuguðum ábyrgðarmönnum í skyn og sem ritað hafi verið undir. Þá gefi framangreint misræmi á milli þess sem skrifað hafi verið undir og lánsins sem veitt hafi verið frekar til kynna að vinnubrögð við undirbúning lánveitingarinnar og frágangur skjala í tengslum við hana hafi verið óvandaður og því verði bankinn frekar að axla ábyrgð heldur en sóknaraðili og B sem aldrei hafi komið þar inn fyrir dyr í tengslum við þetta mál.

Sóknaraðili bendir á að í svarbréfi bankans sé vísað til þess að í skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ hafi veðsölum verið bent á þann möguleika að kynna sér niðurstöðu greiðslumats. Ekki verði sagt að bankinn hafi með framsetningu á skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ gætt sérstaklega að því að vera skýr í upplýsingagjöf sinni

til sóknaraðila og B. Ekkert komi fram í skjalinu þess efnis að ábyrgðarmenn geti nálgast „tölulegar“ eða „frekari“ niðurstöður greiðslumatsins heldur aðeins talað um niðurstöður greiðslumatsins í reit fyrir miðju skjalsins. Ekki sé óeðlilegt að sóknaraðili og B, sem fengið hafi skjalið heim til sín til undirritunar í stað þess að rita undir það í bankanum með starfsmenn bankans viðstadda, hafi ekki áttað sig á því að þau ættu kost á að fá að skoða ítarlegri niðurstöður en þær sem lagðar hafi verið fram fyrir þau í umræddu skjali, enda umrætt skjal sannanlega titlað „Niðurstaða greiðslumats“. Þá hafi sóknaraðila og B ekki verið gefinn mikill tími til að ígrunda afstöðu sína þar sem niðurstöðuskjalið hafi verið lagt fyrir þau til undirritunar sama dag og veðskuldabréfið sjálft. Starfsmönnum bankans hafi mátt vera ljóst að það væri sérstaklega mikilvægt að sóknaraðila og B væri leiðbeint vandlega í tengslum við ákvörðun þess efnis að gangast í framangreinda ábyrgð, sérstaklega með tilliti til þess að þau hafi verið orðin fullorðin og hafi enga sérþekkingu haft á sviði bankaviðskipta. Þessa hafi hins vegar ekki verið gætt og hafi lántakinn verið sendur heim til hjónanna með gögn til undirritunar, lántakinn sem haft hafi hagsmuni af því að umrædd ábyrgð yrði veitt frekar en af því að ganga úr skugga um að sóknaraðili og B fengju allar þær upplýsingar sem þau þyrftu til að taka upplýsta ákvörðun.

Sóknaraðili vísar til þess að útborgunarfjárhæð láns skv. umræddu veðskuldabréfi hafi verið lögð inn á reikning A hjá FF þann 4. janúar 2008. Innlöggin hafi numið kr. 2.913.815, skv. viðskiptakvittun. Þegar sú fjárhæð sé lögð inn á reikninginn þann dag sé staða á reikningnum neikvæð um kr. 1.505.364. Samkvæmt því hafi A skuldað bankanum um kr. 1.500.000 í yfirdrátt þegar skrifað hafi verið undir veðskuldabréfið en samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila hafi yfirdrátturinn verið tryggður með sjálfskuldarábyrgð föður A en ekki með veði. Með því að veita A nýtt lán með veði í eign sóknaraðila og B hafi bankinn bætt tryggingarstöðu sína með því að breyta illa tryggðu yfirdráttarláni í veðlán. Bankinn hafi hins vegar ekkert gert til þess að upplýsa sóknaraðila og B um slæma stöðu fjármála A heldur hafi bankinn sent hana sjálfa með skjölin til gömlu hjónanna til undirritunar, þar sem fram hafi komið að allt væri í stakasta lagi með hennar fjármál og veðskuldabréfið sjálft.

Sóknaraðili byggir á því að þegar veðskuldabréfið sé skoðað sjáist að það sé ekki undirritað af B sjálfum heldur undirriti sóknaraðili bréfið „f.h. B“ í reitinn merktan „Samþykki þingl. eiganda“, en riti eigin nafn í reitinn „Samþykki maka þingl. eiganda“ en samþykki ekki veðsetningu á sínum eignarhluta skv. undirritun undir veðskuldabréfið. Þá hafi bankinn ekki getað lagt fram umboð frá B til handa sóknaraðila til að rita undir umrætt skjal fyrir hans hönd. Bankinn geti því hvorki sýnt fram á að undirritun B né undirritun sóknaraðila hafi verið fullnægjandi fyrir veðsetningar á eignarhluta hvors um sig þar sem bankinn hafi hvorki gætt að formreglum né að upplýsingaskyldu sinni skv. samkomulaginu við undirritun hjónanna.

Sóknaraðili vísar til þess að hún sé ekki að fullyrða neitt um það hvað sé óljóst heldur einfaldlega að vísa til þeirra undirritana undir framangreind skjöl sem séu fyrir hendi sem og ekki síður til þeirra undirritana sem þar sé ekki að finna. Það sé augljós staðreynd að undirritanir eiginmanns sóknaraðila sé hvergi að finna á þeim skjölum sem bankinn vísi til. Þá sé það ennfremur augljós staðreynd að undirritun sóknaraðila undir veðskuldabréfið sé til samþykkis á veðsetningu á eignarhlut B, sem riti ekki sjálfur undir skjalið sem veðsali. Það hafi verið bankanum í lófa lagið að gera það að skilyrði fyrir útborgun lánsins að undirritanir undir skjalið yrðu lagfærðar. Það hafi hann ekki gert.

Sóknaraðili bendir á að í bréfi bankans sé því haldið fram að sóknaraðili hafi staðfest að hafa kynnt sér efni skjalsins „Niðurstaða greiðslumats“ sem „umboðsmaður eiginmanns síns“. Bankinn geri enga tilraun til að rökstyðja það hvernig slíkt umboð hafi komið til þar sem ekkert liggja frammi í málinu um umboð af hálfu B til sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir á því að í málinu liggja ekkert fyrir um það hvað B heitinn hafi yfirleitt ætlað sér í tengslum við hið umþrætta lánsveð eða hvort honum hafi yfirhöfuð verið fyrirætluð veðsetning ljós eða hvort bankinn hafi í raun upplýst hann um það hvað fælist í veðsetningu á fasteign sinni, eins og bankanum hafi borið að gera með því að afhenda honum upplýsingabækling, skv. 4. gr. samkomulagsins. Undirritun sóknaraðila undir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“, þar sem staðfest sé móttaka upplýsingabæklings f.h. B hafi ekkert gildi án þess að umboð til slíks sé til staðar. Þar sem slíkt umboð sé ekki til staðar geti bankinn ekki fullyrt að B hafi fengið bæklinginn í hendur né heldur að sóknaraðili hafi haft til þess umboð að kynna sér bæklinginn fyrir hans hönd.

Sóknaraðili telur að sú fullyrðing bankans þess efnis að það að eitthvað standi í meginmáli skuldabréfsins jafngildi heimild til veðsetningar eða samþykki annars hjóna á veðsetningu eignarhluta hins geti ekki staðist þegar litið sé til þess að allar undirritanir þar um skorti. Megi um það vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 345/2013. Sóknaraðili bendir á að máli sínu til stuðnings vísi bankinn til dóms Hæstaréttar í máli nr. 162/2009. Því sé mótmælt að hægt sé að líta til umrædds dóms við úrlausn máls þessa í ljósi þess að þar hafi ekki verið um umboðsskort að ræða en báðir makar hafi sannanlega undirritað skuldaskjal það sem deilt hafi verið um í því máli. Þá sé lítil vigt í þeirri ábendingu bankans að veðskuldabréfinu í umræddu máli hafi verið þinglýst athugasemdalaust á alla þá fasteign en þinglýsing skjals skapi augljóslega ekki rétt sem skjalið sjálft veiti ekki samkvæmt efni sínu. Þá skuli jafnframt á það bent að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi ekki gilt um málsatvik í því máli þar sem umrædd veðsetning hafi verið veitt til tryggingar skuldum einkahlutafélags sem hafi gert það að verkum að aðgæsluskylda viðkomandi lánastofnunar hafi verið minni en ella. Ítrekar sóknaraðili í þessu samhengi tilvísun sína til dóms Hæstaréttar í máli nr. 345/2013.

Sóknaraðili bendir á að í bréfi bankans sé fjallað í löngu máli um túlkun bankans á því hvaða umboð hann telji að sóknaraðili hafi haft eða hafi talið sig hafa haft til að skuldbinda eiginmann sinn og að það hafi verið á hennar ábyrgð að fara eftir efni þess meinta umboðs. Í þessum orðum bankans felist sú skoðun að hann telji sig enga ábyrgð bera á því að hafa sent skjöl til undirritunar út úr bankanum, tekið við skjölum sem augljóslega hafi ekki verið undirrituð á réttan mála, að hafa sent þau sömu skjöl í þinglýsingu og að hafa greitt út lánsfjárhæðina þrátt fyrir annmarka á undirritunum. Bankinn hefði, sem sérfræðingur í lánaviðskiptum, átt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fullvissa sig um að aðili sem ritað hafi undir lánaskjöl f.h. annars aðila, hefði til þess heimild viðkomandi. Það hafi verið bankanum í lófa lagið og í raun skylda hans að sjá til þess að hann fengi lögformlegt umboð í hendur frá B til að öruggt væri að hagsmunir hans væru ekki fyrir borð bornir við veðsetningu fasteignar hans.

Sóknaraðili vekur athygli á 1. mgr. 60. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, 64. gr. og 68. gr. sömu laga. Með hliðsjón af umræddum lagaákvæðum sé skýrt að í hjúskaparlögum felist bann við veðsetningu á eign hjóna í fasteign sem sé heimili fjölskyldunnar. Eina undantekningin frá því banni felist í því að hitt hjónanna samþykki veðsetninguna með skriflegum hætti. Um þetta atriði sé lagabókstafurinn

mjög skýr. Slíkt skriflegt samþykki liggi ekki fyrir í því máli sem hér sé til umfjöllunar. Með það fyrir augum sé ekki hægt að halda því fram að undirritanir sóknaraðila, f.h. B undir þau skjöl sem hér séu til umfjöllunar séu gildar. Af því hljóti að leiða að umrædd veðsetning sé ógild.

Sóknaraðili bendir á að „Yfirlýsing. Fylgiskjal með láni í erlendri mynt“ hafi aðeins verið undirrituð af A en ekki af sóknaraðila og B þó svo að brýnt hafi verið að þeim yrði gerð sérstök grein fyrir þeirri auknu áhættu sem felist í því að gangast í ábyrgð fyrir láni í erlendri mynt, ekki síst með tilliti til þess hve fullorðin þau hafi verið orðin er lánið hafi verið veitt. Verði því að líta svo á að með því að vara veðsalana ekki sérstaklega við umræddri áhættu með sama hætti og bankinn hafi aðvarað lántakann hafi bankinn ekki sinnt rikri upplýsingaskyldu sinni gagnvart veðsöllum.

Sóknaraðili vísar til þess í tengslum við umrædda yfirlýsingu að þegar lánið hafi verið tekið hafi bankinn staðið í þeirri meiningu að hann væri að lána erlent lán. Honum hafi því borið að haga sér í samræmi við það og upplýsa bæði skuldara og ábyrgðarmenn hans um þær áhættur sem slíkri lántöku hafi óhjákvæmilega fylgt. Það að vísa til þess í dag að í raun hafi aldrei verið um erlent lán að ræða og þar með hafi bankinn ekki þurft að upplýsa um gengisáhættuna sé fráleit röksemd. Bankanum hafi borið sem sérfræðingi að upplýsa veðsalana. Að halda því svo fram að enginn skaði sé skeður eftir að sóknaraðili hafi mátt búa við þann veruleika mánuðum og árum saman að hið umþrætta lán hafi vaxið úr öllu hófi vegna gengistengingar þess, með tilheyrandi angist og áhyggjum, sé bankanum ekki sæmandi.

Sóknaraðili telur eðlilegt að bankinn beri hallann af því í hve miklu skötulíki öll vinnubrögð við undirbúning og frágang á ofangreindu lánsveði virðist vera. Um kröfu um niðurfellingu ábyrgðarinnar vísist til ákvæða samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að fyrir útgáfu veðskuldabréfsins og veitingu lánsins hafi farið fram mat á greiðslugetu skuldara hjá FF forvera varnaraðila og hafi sóknaraðili skrifað undir skjalið „Niðurstaða greiðslumats“, dags. 19. desember 2007. Þar hafi komið fram að greiðslumatið hafi bent til þess að skuldari gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu hans.

Varnaraðili bendir á að í skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ komi fram á hverju niðurstaðan sé byggð en þar segi að hún sé byggð á upplýsingum um framfærslukostnað og önnur föst útgjöld, meðaltekjur heimilisins og greiðslubyrði lána. Þar komi einnig fram að varnaraðili (þá FF) beri ekki ábyrgð á greiðslumatinu hafi lántaki veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um fjárhag sinn. Sóknaraðila hafi sérstaklega verið bent á að hann gæti kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins áður en hann hafi gengist í ábyrgðina en þá eingöngu með samþykki skuldara, sbr. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins og hafi það verið undir honum sjálfum komið að kynna sér þær tölulegu upplýsingar sem greiðslumatið hafi byggt á ella hafi hann getað neitað því að gangast í ábyrgðina. Sóknaraðila hafi einnig verið sérstaklega bent á að jákvæð niðurstaða greiðslumats fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efndi skyldur sínar. Á þeim tíma er greiðslumatið hafi farið fram og sóknaraðili hafi veitt varnaraðila veð í fasteign sinni hafi sóknaraðila gefist færi á að kynna sér þau gögn er

matið hafi byggt á en við lántökuna og veitingu veðsins hafi hún enga athugasemd gert við framkvæmd eða niðurstöður umþrættis greiðslumats.

Varnaraðili vísar til þess að engin ákvæði í lögum eða samkomulaginu geri ráð fyrir að tölulegar upplýsingar eða gögn sem liggja til grundvallar greiðslumati séu geymd. Raunar megi ráða það af dómi Hæstaréttar að varnaraðila beri engin skylda til að geyma undirgögn í þessu tilviki, nú tæpum sjö árum síðar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 141/2012. Auk þess sem að í framangreindu samkomulagi sé ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni/veðsala í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats. Ekki einu sinni með nýjum lögum um neytendalán nr. 33/2013 sé lánveitanda skylt að geyma undirgögn til grundvallar greiðslumati lengur en í 5 ár, sbr. 7. mgr. 6. gr. reglugerðar um lánshæfis- og greiðslumat sem sett hafi verið á grundvelli framangreindra laga.

Varnaraðili mótmælir því ekki að haga beri greiðslumati vegna yfirdráttar á annan hátt en vegna skuldabréfs. Á hinn bóginn verði að líta til þess að í tilvitnuðu ákvæði samkomulagsins sé eingöngu tiltekið að aldrei skuli miða við lægri fjárhæð en sem nemi mánaðarlegum vöxtum og heimildargjöldum. Það þýði að heimilt sé að miða við hærri fjárhæð. Ekki hafi verið sýnt fram á að greiðslumat m.v. það að lán hefði verið veitt í formi yfirdráttar hefði leitt til annarrar niðurstöðu. Á það skuli bent að skuldabréfalán beri mun hagstæðari vexti og greiðslubyrði af þeim yfirleitt léttari en af yfirdráttarlánum. Jafnframt sé í skjalinu í engu getið um hlutfallslega skiptingu milli lánsforma. Enn fremur hafi sóknaraðila verið fullljóst að lánið hafi verið veitt í formi skuldabréfs enda hafi hún sjálf ritað undir slíkt bréf sem veðsali. Auk þess sé á það minnt, sem áður hafi verið minnst á að í skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ sé vakin sérstök athygli veðsala á því að hann geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins en þó eingöngu með samþykki greiðandans eins og komi fram í 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Því hefði sóknaraðila verið í lófa lagið að kynna sér þær tölulegu forsendur sem matið hafi byggt á.

Með hliðsjón af framangreindu telur varnaraðili að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið fylgt þegar sóknaraðili hafi veitt varnaraðila veð í fasteign sinni til tryggingar framangreindu láni.

Varðandi þær fullyrðingar sóknaraðila að óljóst sé hvort hún sjálf hafi ritað undir sem ábyrgðarmaður og að hún hafi ekki samþykkt veðsetningu eignarhluta síns með undirritun sinni á skuldabréfið telur varnaraðili ljóst að sóknaraðili og eiginmaður hennar hafi frá öndverðu ætlað að ábyrgjast skuld sonardóttur sinnar saman, með veðsetningu eignarhluta beggja í fasteigninni. Því til stuðnings sé bent á að í meginmáli skuldabréfsins sé skýrlega kveðið á um að fasteignin sé öll veðsett en ekki eingöngu hluti hennar. Sóknaraðili undirriti auk þess skjalið „Niðurstaða greiðslumats“, dags. 19. desember 2007, sjálf og þótt mögulega sé óljóst hvort að hún riti eingöngu í nafn eiginmanns síns eða þeirra beggja þá sé ljóst að hún staðfesti að hafa kynnt sér efni þess sem umboðsmaður eiginmanns síns og þar með hafi hún gert það í eigin nafni einnig. Þegar litið sé til undirritana sóknaraðila á skjalið þá sé augljóst að veðsetningin hafi náð til allrar fasteignarinnar. Þar með hafi sóknaraðili auk eiginmanns síns gengist í ábyrgð fyrir skuld skv. skuldabréfinu og undirritað niðurstöður greiðslumats í nafni þeirra beggja. Þau hafi þar að auki enga fyrirvara gert við það að eingöngu væri verið að veðsetja eignarhluta annars þeirra ásamt því sem skuldabréfinu hafi verið þinglýst á alla eignina athugasemdalaust. Í þessu sambandi megi einnig benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 162/2009.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi lagt það á herðar varnaraðila að upplýsa um skv. hvaða umboði hún hafi talið sig hafa haft heimild til að skrifa undir

fyrir hönd eiginmanns síns þrátt fyrir að sóknaraðili ætti að geta með auðveldum hætti upplýst um málið. Á meðan málið sé ekki upplýst megi allt eins setja fram þá kenningu að um hafi verið að ræða munnlegt umboð eiginmanns sóknaraðila til sóknaraðila en vottar að undirritun sóknaraðila ættu að geta upplýst með hvaða hætti undirritunin hafi farið fram. Í öllu falli sé ljóst að sóknaraðili telji sig hafa haft umboð f.h. eiginmanns síns og sé það á hennar ábyrgð að fara eftir efni þess. Því sé fráleitt að halda því fram að eiginmanni sóknaraðila hafi ekki verið kynntur upplýsingabæklingur um sjálfskuldarábyrgðir og veðsetningar enda staðfesti sóknaraðili einmitt það með undirritun sinni á skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Auk þess verði að taka fram að sóknaraðili hafi veitt samþykki sitt fyrir breytingum á láninu sem þinglýstur eigandi/veðsali eftir að eiginmaður sóknaraðila hafi látist og sóknaraðili hafi frá þeim tíma ein haft heimild til að skuldbinda hið óskipta bú. Það bendi til þess að veðsetningin hafi átt að ná til heildareignarinnar frá öndverðu.

Varnaraðili byggir á því að af framangreindu leiði að ljóst sé að sóknaraðili þ.e. bæði í eigin nafni og f.h. eiginmanns síns, hafi staðfest að hafa kynnt sér efni bæklingans og því sé hafnað að varnaraðili hafi ekki upplýst um áhrif þess að gangast í ábyrgð líkt og honum hafi borið að gera skv. ákvæðum samkomulagsins. Af framangreindu leiði einnig að ætlunin hafi verið að veðsetningin næði til heildareignarinnar og að bæði sóknaraðili og eiginmaður hennar hafi ábyrgst greiðslu lánsins, hvort með sínum hluta í fasteigninni.

Varnaraðili telur að það að ekki hafi verið sýnt fram á að sóknaraðili og eiginmaður hennar hafi undirritað yfirlýsingu um áhættu samfara töku láns í erlendum myntum geti ekki varðað ógildi ábyrgðarinnar, þar sem lánið hafi verið endurreiknað í samræmi við lög og fært yfir í íslenskar krónur. Lánið hafi því í reynd borið íslenska vexti frá upphafi og því hafi engin áhætta verið af gengisbreytingum.

Varnaraðili telur ljóst af öllu framangreindu að ákvæða samkomulagsins hafi verið gætt þegar sóknaraðili og eiginmaður hennar hafi veitt heimild til veðsetningar fasteignar sinnar. Veðsetningin sé gild og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila með veðskuldabréfi nr. X.

Verður í upphafi fjallað um röksemdir sóknaraðila að því er varða umboð B henni til handa.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga ábyrgist sá, sem kemur fram sem umboðsmaður annars manns, að hann hafi nægilegt umboð. Sanni hann eigi, að hann hafi slíkt umboð eða að gerningur sá, sem hann gerði, hafi verið samþykktur af þeim manni, sem hann taldi sig hafa umboð frá, eða að gerningurinn af öðrum ástæðum sé skuldbindandi fyrir þann mann, skal hann bæta það tjón, sem þriðji maður verður fyrir við það, að gerningnum verður eigi beitt gegn þeim manni, sem sagður var vera umbjóðandi. Ljóst er af umræddri 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1936 að umboðsmaður ber sjálfur alla ábyrgð á því að hafa haft nægilegt umboð til ráðstafana sinna.

Sóknaraðili skrifaði undir umþrætt skuldabréf „f. hönd B“. Sóknaraðili ábyrgðist gagnvart bankanum að hún hefði nægilegt umboð til að skrifa undir fyrir hönd B. Getur hún ekki borið fyrir sig gagnvart varnaraðila nú, að hún hafi ekki haft umboð til að skrifa undir umþrætt skuldabréf fyrir hönd B.

Verður þessu næst vikið að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá þeim sparisjóði. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á því sjónarmiði að í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats eða geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Niðurstaða greiðslumats“, sem sóknaraðili skrifaði undir sjálf og skv. umboði B, sama dag og hún veðsetti fasteign þeirra til tryggingar skuldabréfi nr. X. Sóknaraðili byggir á því að lántaki hafi komið með skjölin til hennar til undirritunar og þau því ekki undirrituð í bankanum. Það leysti varnaraðili ekki undan skyldum sínum gagnvart ábyrgðarmönnum að útgefandi skuldabréfsins hafi farið að heimili þeirra til að afla undirskriftar þeirra. Þrátt fyrir að ekki hafi verið skrifað undir skjölin í bankanum mátti varnaraðili á hinn bóginn treysta því að sóknaraðili og B hefðu kynnt sér þær upplýsingar sem þar komu fram og sóknaraðili staðfesti með undirritun sinni að hafa kynnt sér, þ.m.t. upplýsingabækling um ábyrgðir, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 169/2012 og 127/2013.

Það verður ekki talið til skilyrða fyrir gildi ábyrgðarinnar að sóknaraðili gæfi sérstaka yfirlýsingu vegna þeirrar áhættu sem leiddi af því að lánsfjárhæðin í íslenskum krónum sveiflaðist með gengi krónunnar gagnvart bresku pundi. Getur þessi málsástæða raunar ekki átt við þar sem varnaraðili hefur fallist á að umrædd tenging við pund hafi verið ólögmat og endurreiknað lánið til samræmis við það.

Með skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ var sóknaraðila og B kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats, en sama orðalag og sama aðferð virðist hafa verið viðhöfð við að benda ábyrgðarmönnum á þann möguleika að kynna sér gögn til grundvallar niðurstöðunni og í framangreindu Hæstaréttarmáli. Þá var tilgreint sérstaklega að jákvæð niðurstaða fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efndi skyldur sínar.

Sóknaraðili byggir á því að hún hafi ekki heimilað veðsetningu eignarhluta síns í fasteigninni, enda hafi hún einungis skrifað undir sem maki þinglýsts eiganda. Umþrætt skuldabréf ber með sér að öll eignin sé sett að veði á 6. veðrétti til tryggingar skuldinni. Sóknaraðili skrifar undir öll skjöl í tengslum við umrædda veðsetningu í sínu nafni og skv. umboði B, þ.á.m. skuldabréfið og niðurstöðu greiðslumats, en

einnig eftirfarandi skilmálabreytingar. Í ljósi atvika máls þessa verður að líta svo á að sóknaraðili hafi með undirskriftum sínum ekki einungis verið að heimila veðsetningu eignarhluta B heldur hafi hún einnig skrifað undir sem eigandi veðsins og þar með samþykkt veðsetninguna fyrir sitt leyti.

Sóknaraðili byggir á því að draga megi jákvæða niðurstöðu greiðslumats varnaraðila í efa í ljósi neikvæðs greiðslumats Landsbankans, dags. 18. október 2006 og skattframtala 2007 og 2008. Með vísan til framangreinds dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 var varnaraðila ekki skylt að geyma undirgögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Greiðslumat það sem sóknaraðili vísar til því til stuðnings að henni hafi verið kynnt röng niðurstaða greiðslumats er gert um 14 mánuðum fyrir gerð þess greiðslumats sem um ræðir í máli þessu. Þá hefur sóknaraðili ekki rakið hvernig umrædd skattframtöl sýna fram á að varnaraðili hafi komist að rangri niðurstöðu um gjaldfærni lántakans eða borið ábyrgð á slíkri rangri niðurstöðu. Hefur sóknaraðila ekki tekist að sýna fram á að niðurstaða greiðslumats FF, sem hún undirritaði 19. desember 2007, án þess að kynna sér gögn til grundvallar matinu, hafi verið röng. Verður ekki fram hjá því litið að þetta fyrra neikvæða greiðslumat hafði verið kynnt sóknaraðila með sannanlegum hætti. Stóð það henni sjálfri því næst að óska eftir upplýsingum á bak við hina jákvæðu niðurstöðu síðara greiðslumatsins ef hún taldi það ótrúverðugt í þessu ljósi.

Sóknaraðili byggir á því að ráðstafa hafi átt láninu til greiðslu yfirdráttar aðalskuldara en þrátt fyrir það hafi sóknaraðila verið kynnt að meira en helmingi lánsupphæðar yrði ekki verið til greiðslu á öðrum skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Sóknaraðili hefur engin gögn fært fram til stuðnings framangreindri fullyrðingu og verður hún að bera hallann af því að ekkert liggur fyrir um réttmæti hennar. Verður því ekki á henni byggt.

Með vísan til alls framangreinds er kröfu sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F., er hafnað.

Reykjavík, 12. desember 2012.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 5. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 68/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 27. maí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. maí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. maí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 1. júlí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. júlí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 15. ágúst 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 17. október og 5. desember 2014.

II.

Málsatvik.

Málsatvik vegna skuldabréfs nr. P

Þann 16. september 1998 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 570.000 hjá F. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn lánsins. Óskuðu þær ekki eftir mati á greiðslugetu greiðanda en staðfestu að þær hefðu kynnt sér mat bankans á greiðslugetu greiðanda. Þá staðfestu þær að hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Tiltekið var á lánsúmsókninni að greiða ætti heimild að fullu.

Þann 17. september 1998 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 570.000 gefið út af A til F. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 31. júlí 2001 sótti A um lán að fjárhæð kr. 1.500.000 til greiðslu yfirdráttarheimildar að fjárhæð kr. 552.900, víxils að fjárhæð kr. 400.000, vísa reiknings að fjárhæð kr. 398.621,50 og kröfu að fjárhæð kr. 79.000. Sóknaraðili og B staðfestu að hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Þá óskuðu þær ekki eftir mati á greiðslugetu greiðanda.

Þann 1. ágúst 2001 var skuldabréf nr. Y, að fjárhæð kr. 1.500.000, gefið út af A til F. Tókust sóknaraðili og B á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 30. janúar 2002 sótti A um lán að fjárhæð kr. 880.000. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn á lánsúmsókninni. Staðfestu þær að hafa kynnt sér efni bæklinga um sjálfskuldarábyrgðir og að þær óskuðu ekki eftir mati á greiðslugetu greiðanda. Ráðstafa átti láninu til að greiða reikninga.

Þann 30. janúar 2002 var skuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 880.000, gefið út af A til F. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 15. nóvember 2002 A eftir láni að fjárhæð kr. 730.000 til að greiða upp vixil P. Sóknaraðili og B voru ábekingar á vixlinum. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn á umræddri lánsúmsókn. Sóknaraðili staðfesti að hún hefði kynnt sér bækling um persónuábyrgðir og að hún óskaði ekki eftir mati bankans á greiðslugetu greiðanda. Þá hefur verið krotað í reit með yfirlýsingu um að ábyrgðarmaður hafi kynnt sér mat bankans á greiðslugetu greiðanda.

Þann 15. nóvember 2002 var skuldabréf nr. Æ, að fjárhæð kr. 730.000, gefið út af A til F. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar lánsins.

Þann 15. nóvember 2002 var skuldabréfum nr. X, Y, Z skilmálabreytt og skrifaði sóknaraðili m.a. undir skilmálabreytingarnar. Þá undirritaði sóknaraðili eftirfarandi yfirlýsingu: „*Samhliða því að undirritaðar B og M taka á sig skuldir og sjálfskuldarábyrgðir á lánnum og skuldbreytingum á eftirtöldum lánnum: Skuldabréf Z [...], X [...], Y [...], Vixill P [...], Tékkareikn. Æ [...]* (eru þegar í sjálfskuldarábyrgð á þeim skuldum en B bætir við ábyrgð á skuldabréfi að fjárhæð kr. 1.777.000,00) að fjárhæð samtals kr. 5.051.002,00, vegna A, er því lýst yfir að undirrituðum er kunnugt um fjárhagsstöðu A og að þeim er ljóst að miðað við fjárhagsstöðu A eins og hún er nú, geti brugðið til beggja átta með efndir á skuldbindingum hennar. Þá er undirrituðum kunnugt um að ekki hefur farið fram nákvæmt mat á greiðslugetu A að eigin ósk en ekki samkvæmt kröfu eða að ósk F. Undirritaðar lýsa því yfir að þær geti ekki borið það fyrir sig gagnvart F að ekki hafi farið fram nákvæmt mat á greiðslugetu A, komi til þess að ábyrgðin verði virk og skuldin innheimt hjá undirrituðum.“

Þann 15. nóvember 2002 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 1.777.000 til að greiða upp yfirdrátt. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn skv. lánsúmsókn. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Óskaði sóknaraðili ekki eftir mati bankans á greiðslugetu greiðanda.

Þann 24. nóvember 2002 var skuldabréf nr. Ö, að fjárhæð kr. 1.777.000, gefið út af A til F. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 7. mars 2004 var skuldabréf nr. R, að fjárhæð kr. 1.716.000, gefið út af A til F. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 7. mars 2004 undirritaðu sóknaraðili, B og A jafnframt eftirfarandi yfirlýsingu: „*Samhliða því að undirritaðar B og M taka á sig sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi að fjárhæð kr. 1.716.000 (greiðir skuldir skv. samkomulagi), vegna A, lýsa undirritaðar því yfir að þeim er kunnugt um fjárhagsstöðu A og að þeim er ljóst að miðað við fjárhagsstöðu A eins og hún er nú, geti brugðið til beggja átta með efndir á skuldbindingum hennar. Undirritaðar hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir þriðja aðila og samkomulag um sama efni sem fjármálastofnanir eiga aðild að frá júlí 1999 og er kunnugt um að A stenst ekki greiðslumat. Undirritaðar lýsa því yfir að þær geti ekki borið það fyrir sig gagnvart F að A hafi*

ekki staðist greiðslumat komi til þess að ábyrgðin verði virk og skuldin innheimt hjá undirrituðum.“

Þann 8. mars 2005 undirritaði m.a. sóknaraðili skilmálabreytingar á skuldabréfum nr. Y, Z, Æ, Ö og R. Einnig rituðu sóknaraðili, B og A eftirfarandi ódagsetta yfirlýsingu: „*Samhliða því að undirritaðar B og M samþykkja og undirrita skuldbreytingar á eftirtöldum lánum: Z [...], Æ [...], R [...], Ö [...], Y [...], S [...], X [...], T [...], V [...]* vegna B, lýsa undirritaðar því yfir að þeim er kunnugt um fjárhagsstöðu A og að þeim er ljóst að miðað við fjárhagsstöðu B eins og hún er nú, geti brugðið til beggja átta með efndir á skuldbindingum hennar. Undirritaðar hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir þriðja aðila og samkomulag um sama efni sem fjármálastofnanir eiga aðild að og þeim er kunnugt um að A stenst ekki greiðslumat. Undirritaðar lýsa því yfir að þær geti ekki borið það fyrir sig gagnvart F að A hafi ekki staðist greiðslumat komi til þess að ábyrgðin verði virk og skuldin innheimt hjá undirrituðum.“

Þann 25. júní 2007 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 7.500.000 hjá F. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér bækling um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, auk samkomulags um sama efni sem fjármálastofnanir áttu aðild að. Óskaði sóknaraðili eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda. Samkvæmt lánsútsókninni átti að ráðstafa láninu til uppgreiðslu á öllum lánum sem A væri með í 0115. Tiltekið var að öll lánin sem greidd yrðu upp væru með sjálfskuldarábyrgð sömu aðila.

Þann 25. júní 2007 var skuldabréf nr. P, að fjárhæð kr. 7.500.000, gefið út af A til F. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu. Óskuðu þær eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda og settu upphafsstafi sína við það val. Tiltekið var að ábyrgðaraðili gæti óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda enda væri heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda gagnvart F lægri en kr. 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklinga F um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en varnaraðili var aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Á skuldabréfið hefur verið stimplað að hluti lánsins fari til uppgreiðslu skuldabréfa nr. X, Z, Y, Æ, Ö og S.

Málsatvik vegna skuldabréfs nr. T

Þann 26. ágúst 1996 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 845.000. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn lánsins. Ráðstafa átti láninu til uppgreiðslu víxils nr. Q og uppgreiðslu skuldabréfs nr. =

Þann 30. ágúst 1996 var skuldabréf nr. T, að fjárhæð kr. 845.000, gefið út af A til F. Sóknaraðili og B gengust í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 4. nóvember 1997, 24. júlí 1998, 2. febrúar 1999, 16. júlí 1999, 7. mars 2004 og 7. janúar 2007 var skuldabréfinu skilmálabreytt að beiðni skuldara. Skrifaði sóknaraðili m.a. undir skilmálabreytingarnar.

Sóknaraðili, B og A rituðu undir ódagsetta yfirlýsingu við skilmálabreytingar, dags. 8. mars 2005. Efni yfirlýsingarinnar var rakið að framan en skuldabréf nr. T var nefnt í yfirlýsingunni.

Þann 20. júlí 2012 var frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun A undirritað. Tiltekið var í samningnum að A hefði gengist í ábyrgð vegna námslána systra sinna. Framangreind skuldabréf nr. P og T voru meðal samningskrafna samningsins. Í frumvarpinu kom fram að til þess að markmiðum um að framfærsla skuldara og fjölskyldu hennar yrði tryggð og að raunhæft mætti telja að öðru leyti að hún gæti staðið við skuldbindingar sínar, endurskipulagt fjármál sín og komið á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu, þyrfti að koma til algjörrar eftirgjafar á samningskröfum við undirritun samningsins.

Þann 27. júlí 2012 var samningur A um greiðsluaðlögun, sbr. 17. gr. laga nr. 101/2010, samþykktur.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. maí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila vegna skuldabréfa nr. P og T verði ógiltar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Vegna láns nr. P telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki gætt reglna samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001 við lánveitingu til A, þann 25. júní 2007, þar sem ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á skuldara í samræmi við kröfur 3. gr. samkomulagsins. Þannig hafi jafnframt verið farið á svig við 4. gr. samkomulagsins er varði upplýsingagjöf til ábyrgðarmanna áður en til sjálfskuldarábyrgðar eða veðsetningar hafi verið stofnað.

Vísar sóknaraðili til þess að með undirritun fjármálastofnana á samkomulaginu hafi fjármálafyrirtæki tekist á hendur ákveðnar skyldur í formi reglna sem líta verði til þegar fjármálafyrirtæki krefjast m.a. sjálfskuldarábyrgða einstaklinga. Vísar sóknaraðili til 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins, markmiðs 1. gr. þess sem og 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili haldi því fram að sjálfskuldarábyrgð hennar á skuldabréfi nr. P sé gild með vísan til þess að lánsupphæðin hafi verið notuð til uppgreiðslu á skuldbindingum sóknaraðila við útibú varnaraðila, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 16/2007. Sóknaraðili hafnar því að dómur þessi geti með nokkru móti verið fordæmisgefandi í máli þessu. Allar forsendur og aðstæður hafi verið aðrar en í máli sóknaraðila. Í því máli liggi fyrir að sjálfskuldarábyrgðaraðili hafi einnig verið víxilskuldari annars láns og hafi dómurinn litið þannig á að form skuldbindingar sjálfskuldarábyrgðaraðilans hafi aðeins breyst þar sem fjármunirnir hafi verið nýttir til þess að greiða upp skuld sjálfskuldarábyrgðaraðilans í formi víxilskuldar. Í máli því sem hér um ræði sé sóknaraðili ekki að neinu leyti skuldari að þeim skuldbindingum sem fyrir liggi í máli þessu. Skuldari sé systir sóknaraðila.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili svari í engu athugasemdum sóknaraðila vegna vísunar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 16/2007. Tilvísanir varnaraðila til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 63/2013 og 44/2014 missi þannig einnig marks.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðila hafi borið að meta greiðslugetu skuldara skuldabréfs nr. P, enda hafi lánfjárhæðin verið kr. 7.500.000, sbr. 3. gr. samkomulagsins. Þar sem ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á sóknaraðila [svo] liggi ljóst fyrir að varnaraðili hafi farið á svig við 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Beri varnaraðili því hallann af því að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt.

Sóknaraðili bendir á fyrir liggi að hún hafi ritað upphafsstafi sína á skuldabréfið þar sem fram hafi komið að óskað hafi verið eftir undanþágu frá mati á

greiðslugetu skuldara. Þrátt fyrir það hafi varnaraðila borið að láta framkvæma greiðslumat á skuldara lánsins. Þau fjölskyldutengsl sem um ræði í máli þessu firri fjármálafyrirtæki ekki þeirri ábyrgð að fara eftir umræddu samkomulagi, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins, sbr. dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4706/2009.

Sóknaraðili byggir á því að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafi í úrskurðum sínum fellt úr gildi ábyrgðarskuldbindingar ábyrgðarmanna þegar fyrir liggi misbrestur vegna framkvæmdar á greiðslumati, sbr. m.a. úrskurði nefndarinnar í málum nr. 1/2008, 1/2005 og 3/2008. Þá liggi einnig fyrir dómur Hæstaréttar í málum nr. 163/2005 og 127/2013 og úrslausir héraðsdóma, sbr. mál við héraðsdóm Reykjavíkur nr. E-4706/2009 og E-11285/2009.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi farið á svig við 4. gr. samkomulagsins. Ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat af hálfu varnaraðila á skuldara lánsins. Því hafi sóknaraðili með engu móti getað kynnt sér niðurstöður greiðslumats líkt og áskilið sé í 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Vísar sóknaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 127/2013 og 169/2012.

Sóknaraðili byggir á því að fyrir liggi að aðstæður skuldara hafi verið og séu mjög erfiðar, bæði fjárhagslega og andlega vegna veikinda skuldara og hafi bankanum borið með vísan til þeirrar staðreyndar að gæta að því að greiðslumat yrði framkvæmt á skuldara og það kynnt sóknaraðila með rækilegum hætti. Skuldari hafi á árinu 1992 lent í bílslysi og orðið í kjölfar þess mikill sjúklingur og hafi verið metin með 20% varanlega örorku. Skuldari hafi misst vinnuna í lok árs 1999 og hafi verið atvinnulaus til ársins 2003. Á því ári hafi skuldari verið metin 75% öryrki vegna stoðkerfissjúkdóms sem skuldari sé haldin, en sá sjúkdómur sé talinn vera afleiðing bílslyssins. Á sama tíma hafi skuldari greinst með lífshættulegan en meðhöndlunlegan blóðsjúkdóm sem hún sé enn haldin. Skuldari sé í dag óvinnufær vegna örorku.

Sóknaraðili bendir á að skuldari hafi fengið samþykktan samning um greiðsluaðlögun þann 20. júlí 2012. Bendir sóknaraðili á að í lið 6.4 samningsins sem beri heitið „Eftirgjöf krafna“ komi fram að til þess að markmiðum væri náð í máli skuldara telji umsjónarmaður að koma þyrfti til algjörar eftirgjafar á samningskröfum við undirritun samnings um greiðsluaðlögun. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu varnaraðila við samninginn. G-banki hafi litið svo á að með „algjörri eftirgjöf“ væri einnig um að ræða eftirgjöf gagnvart sóknaraðila og systur hennar. Engar aðgerðir hafi átt sér stað af hálfu varnaraðila vegna þeirra krafna sem tryggðar hafi verið með sjálfskuldarábyrgð, enda litið svo á að krafan væri alfarið fallin niður. Þar sem fyrir liggi að engar athugasemdir hafi verið settar inn í frumvarp um greiðsluaðlögun af neinum kröfuhafa þess efnis að hægt væri að halda kröfunum lifandi gagnvart ábyrgðarmönnum, verði að telja að varnaraðila sé ekki stætt á að halda uppi kröfu gagnvart sóknaraðila og systur hennar vegna sjálfskuldarábyrgða þeirra rúmum tveimur árum síðar. Skýrt ákvæði hefði þurft um slíkt í greiðsluaðlögunarsamningnum. Varnaraðila sé ekki með nokkru móti stætt á því að krefja sjálfskuldarábyrgðaraðila um greiðslu þeirra krafna sem um ræði, enda virðist sem varnaraðili hafi aldrei litið svo á í bókum sínum eftir 20. júlí 2012 að sóknaraðili og systir hennar væru skuldarar þeirra krafna sem um ræði. Sönnunarbyrði um annað hvíli alfarið á varnaraðila.

Sóknaraðili telur að líta beri til þess að varnaraðili sé stórt og öflugt fjármálafyrirtæki sem starfi á grundvelli opinbers leyfis. Gera verði ríkar kröfur til hans um sérfræðisekkingu sem og að varnaraðili vandi vinnubrögð sín. Þessar kröfur leiði bæði af óskráðum reglum og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. nú meginregluna í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um

fjármálafyrirtæki. Óumdeilt sé að sóknaraðili hafi ekki búið yfir menntun og þekkingu á því sviði sem hér skipti máli, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Sóknaraðili vísar til frekari stuðnings til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 95/2012, 38/2013 og 4/2014.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðila sé tíðrætt um yfirlýsingar sem sóknaraðili og systir hennar hafi gefið varnaraðila. Svo virðist hins vegar sem þær yfirlýsingar sem varnaraðili vitni í hafi verið gefnar áður en skuldabréf nr. P hafi verið gefið út til varnaraðila. Engin yfirlýsing virðist hafa verið gefin út af hálfu sóknaraðila og systur hennar þegar lán nr. P hafi verið gefið út. Ótækt sé fyrir varnaraðila að byggja á áður gefnum yfirlýsingum í málinu og yfirlýsingu sem gefin hafi verið út á árinu 2002, enda liggi fyrir að fjárhagsstaða skuldara hafi versnað til muna síðustu árin áður en hún hafi þurft að leita til umboðsmanns skuldara.

Sóknaraðili telur að þrátt fyrir að slík yfirlýsing hefði verið gefin út þegar skuldabréf nr. P hafi verið gefið út haggi það ekki þeirri ótvíræðu skyldu varnaraðila að greiðslumeta skuldara og kynna sóknaraðila og systur hennar það greiðslumat, sbr. 3 og 4. gr. samkomulagsins frá 2001. Engu skipti í því máli hvort sóknaraðili og systir hennar hafi óskað eftir undanþágu frá greiðslugetu skuldara með upphafsstöfum sínum, enda liggi fyrir að um sé að ræða fortakslausa skyldu lánastofnana í þeim efnum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 127/2013.

Sóknaraðili vísar til þess hvað varði tilvitnun varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 að í því máli hafi legið fyrir yfirlýsing ábyrgðaraðila vegna ákveðins láns sem um hafi verið að ræða. Í máli þessu liggi hins vegar fyrir að engin yfirlýsing hafi verið gefin út þann 25. júní 2007 þegar lán að fjárhæð kr. 7.500.000 hafi verið gefið út. Einnig hafi staðan í því máli verið sú að í yfirlýsingunni hafi komið fram að greiðslumat hefði verið framkvæmt sem hafi verið neikvætt. Ábyrgðarmenn hafi lýst því yfir að þeir hefðu kynnt sér niðurstöður þess og að þeir myndu engu að síður gangast í ábyrgð á skuldabréfinu. Í þeirri yfirlýsingu sem varnaraðili vilji byggja á í þessu máli liggi hins vegar fyrir að ekkert hafi komið fram um að greiðslumat hafi verið framkvæmt á skuldara, en aðeins að skuldari stæðist ekki greiðslumat. Það liggi því fyrir að dómur þessi eigi ekki við í málinu. Með sömu röksemdum virðist sem þeir úrskurðir sem varnaraðili vísi til eigi ekki við í máli þessu.

Vegna láns nr. T telur sóknaraðili að varnaraðila hafi borið að láta fara fram greiðslumat við lánveitingu til A þann 30. ágúst 1996. Þær kröfur leiði af óskráðum reglum og heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum sem og þeim kröfum sem sóknaraðilar hafi mátt gera til varnaraðila á þeim tíma með vísan til sérfræðipekkingar hans sem og ríkra krafna um vönduð vinnubrögð.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili sé stórt og öflugt fjármálafyrirtæki sem starfi á grundvelli opinbers leyfis. Gera verði ríkar kröfur til varnaraðila um vönduð vinnubrögð og sérfræðipekkingu. Að mati sóknaraðila hafi þannig ávallt hvílt sú siðferðislega skylda á fjármálafyrirtækjum, sem stundi útlánastarfsemi, að kanna greiðslugetu lántakanda og endurgreiðslumöguleika hans áður en ákvörðun sé tekin um lánveitingu.

Sóknaraðili telur eins og atvikum sé háttað að þrátt fyrir að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi ekki tekið gildi er lán nr. T hafi verið veitt hafi varnaraðila engu að síður borið að kanna sjálfstætt aðstæður skuldara. Þær kröfur leiði af óskráðum reglum, heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum sem og þeim kröfum sem sóknaraðili hafi mátt gera til varnaraðila með vísan til sérfræðipekkingar hans og ríkra krafna um vönduð vinnubrögð. Þegar litið sé með

heildstæðum hætti á aðstæður skuldara í máli þessu og þeirrar staðreyndar að varnaraðili hafi verið eitt stærsta og öflugasta fjármálafyrirtæki landsins, liggi fyrir að varnaraðila hafi borið að framkvæma mat á greiðslugetu skuldara þegar lán nr. T hafi verið veitt. Að öðru leyti vísar sóknaraðili til fyrri umfjöllunar og röksemda varðandi lán nr. P eins og við á.

Sóknaraðili hafnar því alfarið að hún hafi sýnt af sér tómlæti. Fyrir liggi að skuldari hafi sótt um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara og hafi umsókn hennar verið samþykkt þann 13. desember 2011. Skuldara hafi því verið óheimilt að greiða af umræddum skuldbindingum í samræmi við lög nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga, sbr. 11. gr. laganna. Innheimtubríf hafi fyrst verið sent út í mars 2014 til sóknaraðila og systur hennar. Það liggi því fyrir að fyrst þá hafi varnaraðili haldið uppi kröfu gegn sóknaraðila og systur hennar. Sé því með engu móti hægt að halda því fram að um tómlæti hafi verið að ræða af hálfu sóknaraðila og systur hennar. Hvað við komi tilvísun varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 liggi fyrir að Hæstiréttur hafi ekki byggt á tómlæti í forsendum sínum heldur því að áfrýjanda hefði átt að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið framkvæmt, andstætt því sem raunin hafi verið í því máli sem hér um ræði. Í þessu sambandi sé jafnframt vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 127/2013.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varðandi skuldabréf nr. P kveðst varnaraðili telja umrædda sjálfskuldarábyrgð gilda enda hafi andvirði lánsins verið notað til að greiða upp allar skuldbindingar A við útibú bankans sem sóknaraðili og B hafi verið í ábyrgð fyrir. Sú niðurstaða sé í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 16/2007. Þá vísar varnaraðili til yfirlýsingar þar sem fram komi að ábyrgðarmenn muni ekki bera fyrir sig gagnvart varnaraðila að A hafi ekki staðist greiðslumat komi til þess að ábyrgðin verði innheimt hjá þeim. Í þeirri yfirlýsingu séu tilgreind þau lán sem sóknaraðili og systir hennar hafi verið í ábyrgð fyrir.

Varnaraðili telur rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað sé til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 57/2013. Þá vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áður nefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili vísar til þess að við mat á því hvort víkja eigi ábyrgð til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 verði að líta til þess hvernig umræddu láni sem ábyrgðin tryggji hafi verið ráðstafað, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 63/2013 og 44/2014. Líkt og áritun á skuldabréfið sjálft beri með sér hafi andvirði þess láns verið ráðstafað til greiðslu eldri lána samkvæmt skuldabréfum nr. X, Y, Z, Æ, Ö og R, sem sóknaraðili og B hafi verið í ábyrgð fyrir. Varnaraðili telur að framangreindar ábyrgðir sóknaraðila hafi verið gildar enda hafi

bankinn fylgt í öllum meginatriðum reglum samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998 og samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, við útgáfu þeirra.

Varnaraðili bendir á að þegar sóknaraðili hafi gengist í sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X hafi hún staðfest með undirritun sinni á skjal merkt: „Lánsúmsókn einstaklings“ að hún óskaði ekki eftir mati bankans á greiðslugetu greiðanda og að hún hefði kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða hafi varnaraðila því ekki verið skylt að meta greiðslugetu greiðanda þegar sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð, enda hafi ábyrgð sóknaraðila takmarkast við kr. 570.000. Varnaraðili bendir jafnframt á að fyrir liggi undirritun sóknaraðila á skjal merkt: „Yfirlýsing“, dags. 8. mars 2005, þar sem m.a. sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, sé tilgreind. Í yfirlýsingunni komi fram að sóknaraðila væri kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara og að hún hefði ekki staðist greiðslumat. Jafnframt hafi komið fram að hún hefði kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir þriðja aðila. Þá hafi hún lýst því yfir að hún gæti ekki borið það fyrir sig gagnvart bankanum að skuldari hefði ekki staðist greiðslumat kæmi til þess að ábyrgðin yrði virk og skuldin innheimt hjá henni. Varnaraðili telur því einsýnt að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X hafi verið gild.

Hvað varði sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfum nr. Y og Z vísar varnaraðili til þess að í málinu liggi fyrir að sóknaraðili hafi staðfest með undirritun sinni á skjöl merkt „Lánsúmsókn einstaklings“ að hún óskaði ekki eftir mati bankans á greiðslugetu greiðanda og að hún hefði kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Þá liggi fyrir undirritun sóknaraðila á skjöl merkt „Yfirlýsing“, dags. 15. nóvember 2002, samhliða undirritun skilmálabreytinga á umræddum skuldabréfum, þar sem fram hafi komið að sóknaraðila væri kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara og að ekki hefði farið fram nákvæmt mat á greiðslugetu skuldara að eigin ósk en ekki samkvæmt kröfu eða ósk varnaraðila. Sóknaraðili hafi samt sem áður lýst yfir vilja sínum til að vera í ábyrgðunum og hafi afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Á sama tímamarki hafi sóknaraðili gengist í frekari ábyrgðir, þ.e. á skuldabréfum nr. Æ og Ö. Þá bendir varnaraðili á að samhliða skilmálabreytingunum á m.a. umræddum skuldabréfum hafi sóknaraðili ritað undir annað skjöl merkt „Yfirlýsing“, dags. 8. mars 2005, þar sem sóknaraðili hafi lýst enn á ný yfir vilja sínum til að vera í ábyrgðunum og hafi afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Varnaraðili telur einsýnt af orðalagi yfirlýsinganna og þeirri staðreynd að sóknaraðili hafi gengist í tvær ábyrgðir til viðbótar við undirritun fyrri yfirlýsingarinnar, dags. 15. nóvember 2002, að þótt greiðslugeta greiðanda hefði ekki verið metin við útgáfu skuldabréfa nr. Y og Z, og niðurstaðan orðið neikvæð, hefði sóknaraðili ekki fallið frá þeirri ákvörðun sinni að gangast í ábyrgðirnar. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til fyrrgreinds dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Hefðu ábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfum nr. Y og Z ekki fallið niður við útgáfu skuldabréfs nr. P hefðu samkvæmt framangreindu ekki verið fyrir hendi forsendur til að víkja þeim til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Að mati varnaraðila hafi ábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfunum verið gildar.

Hvað varðar ábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfum nr. Æ og Ö vísar varnaraðili til þess að í málinu liggi fyrir að sóknaraðili hafi staðfest með undirritun sinni á skjöl merkt „Lánsúmsókn einstaklings“ að hún óskaði ekki eftir mati bankans á greiðslugetu greiðanda og að hún hefði kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Þá liggi fyrir að samhliða útgáfu skuldabréfanna hafi sóknaraðili ritað undir skjöl merkt „Yfirlýsing“, dags. 15. nóvember 2002, þar sem fram komi að sóknaraðila væri

kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara og að ekki hefði farið fram nákvæmt mat á greiðslugetu skuldara að eigin ósk en ekki samkvæmt kröfu eða ósk varnaraðila. Sóknaraðili hafi samt sem áður lýst yfir vilja sínum til að gangast í ábyrgðirnar og hafi afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Hefði greiðslumat verið framkvæmt og niðurstaða þess orðið neikvæð sé ljóst að sóknaraðili hefði ekki fallið frá þeirri ákvörðun sinni að gangast í ábyrgðina enda hefði niðurstaðan orðið í samræmi við þær upplýsingar sem hún hafi þá þegar haft undir höndum. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ritað undir annað skjal merkt „Yfirlýsing“, dags. 8. mars 2005, samhliða skilmálabreytingum á m.a. umræddum skuldabréfum, þar sem sóknaraðili hafi staðfest vilja sinn til að vera í ábyrgðunum og hafi afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til framangreinds dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 og úrskurða úrskurðarnefndar í málum nr. 115/2011 og 132/2012. Varnaraðili telur auk framangreinds rétt að minna á að skuldabréf nr. Æ hafi farið til uppgreiðslu á víxli sem sóknaraðili hafi verið ábekingur á, sbr. orðalag áðurnefndrar yfirlýsingar, dags. 15. nóvember 2002. Þá hafi skuldabréf nr. Ö farið til uppgreiðslu á yfirdrætti á tékkareikningi, en samkvæmt orðalagi áðurnefndrar yfirlýsingar hafi sóknaraðili ekki verið í sjálfskuldarábyrgð á honum. Með undirritun sinni á yfirlýsinguna hafi sóknaraðili staðfest að henni hafi verið kunnugt um að nota ætti andvirði skuldabréfsins til endurgreiðslu á yfirdráttarheimild skuldara, sbr. 2. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Hefðu ábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfum nr. Æ og Ö ekki fallið niður við útgáfu skuldabréfs nr. P hefðu samkvæmt framangreindu ekki verið fyrir hendi forsendur til að víkja þeim til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Að mati varnaraðila hafi ábyrgðir sóknaraðila á umræddum skuldabréfum því verið gildar.

Hvað varði ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. R vísar varnaraðili til þess að í málinu liggja fyrir að samhliða útgáfu skuldabréfsins hafi sóknaraðili ritað undir skjal merkt „Yfirlýsing“, dags. 7. mars 2004, þar sem fram hafi komið að sóknaraðila væri kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara, hún hefði kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir þriðja aðila og samkomulag fjármálastofnana um sama efni og að henni væri kunnugt um að skuldari stæðist ekki greiðslumat. Sóknaraðili hafi samt sem áður lýst yfir vilja sínum til að gangast í ábyrgðina og afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Hefði greiðslumat verið framkvæmt og niðurstaða þess orðið neikvæð sé ljóst að sóknaraðili hefði ekki fallið frá þeirri ákvörðun sinni að gangast í ábyrgðina enda hefði niðurstaðan orðið í samræmi við þær upplýsingar sem hún hafi þá þegar haft undir höndum. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ritað undir annað skjal merkt „Yfirlýsing“, dags. 8. mars 2005, samhliða skilmálabreytingunum á m.a. umræddu skuldabréfi, þar sem sóknaraðili hafi lýst yfir vilja sínum til að vera í ábyrgðinni og hafi afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 og úrskurða úrskurðarnefndar í málum nr. 115/2011 og 132/2012. Hefði ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. R ekki fallið niður við útgáfu skuldabréfs nr. P hefðu samkvæmt framangreindu ekki verið fyrir hendi forsendur til að víkja henni til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Að mati varnaraðila hafi ábyrgð sóknaraðila á umræddu skuldabréfi því verið gild.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili ekki ósanngjarnt að bera fyrir sig sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi nr. P, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli

nr. 169/2012. Bankinn vísar jafnframt til dóms Hæstaréttar í máli nr. 376/2013 um sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Framangreindu til viðbótar bendir varnaraðili á að tilgangur greiðslumats á skuldara sé að ábyrgðarmaður geti tekið upplýsta ákvörðun um greiðslugetu skuldara áður en hann gengst í ábyrgð. Í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggja fyrir að við útgáfu skuldabréfs nr. P hafi sóknaraðili hlotið að vita að A myndi ekki standast greiðslumat, sbr. m.a. fyrrgreindar yfirlýsingar sóknaraðila, dags. 15. nóvember 2002 og 8. mars 2005. Þar komi m.a. fram að sóknaraðili geri sér grein fyrir því að brugðið geti til beggja átta með efndir á skuldbindingum A og að henni sé kunnugt um að hún standist ekki greiðslumat. Sóknaraðili hafi hvorki haldið því fram að staða A hafi batnað frá 8. mars 2005 til 25. júní 2007 svo hún hefði staðist greiðslumat, né að hún hafi staðið í þeirri trú. Jafnframt bendir varnaraðili á að ólíklegt sé að sóknaraðili hefði fallið frá þeirri ákvörðun sinni að gangast í umrædda ábyrgð hefði greiðslumat verið framkvæmt og niðurstaða þess orðið neikvæð, enda hefði bankinn þá gengið að sóknaraðila á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga hennar. Með hliðsjón af framangreindu megi ganga út frá því sem vísu að sóknaraðili hafi haft upplýsingar um fjárhagsstöðu A við umrædda lántöku. Verði því ekki séð að ósanngjarnt geti talist í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 að halda ábyrgð samkvæmt skuldabréfinu upp á sóknaraðila, þrátt fyrir að ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu A, enda leiði brot gegn samkomulaginu ekki sjálfkrafa til ógildingar ábyrgðar.

Varnaraðili bendir á að í kvörtun sóknaraðila sé því m.a. haldið fram að aðstöðumunur sé á milli aðila og að sóknaraðili búi ekki yfir menntun og þekkingu á því sviði sem hér skipti máli. Af þessu tilefni tekur varnaraðili fram að sóknaraðili sé lögfræðingur og búi yfir menntun og þekkingu á því sviði sem hér um ræði. Að mati varnaraðila geti því ekki talist teljanlegur aðstöðumunur á milli aðila þannig að slíkt varði ógildingu ábyrgðarinnar.

Varnaraðili telur auk framangreinds kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar sjálfskuldarábyrgðar falla niður vegna tómlætis af hennar hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áður nefnt skuldabréf 25. júní 2007 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina með bréfi sóknaraðila í júní 2013 eða sex árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 2. júní 2008, 30. júní 2008, 31. júní 2008, 29. ágúst 2008, 30. september 2008, 31. október 2008, 3. desember 2008, 6. janúar 2009, 9. febrúar 2009, 2. mars 2009, 29. maí 2009, 1. júní 2009, 30. júní 2009 og 3. júlí 2009 þar sem henni hafi verið tilkynnt um vanskil vegna umrædds skuldabréfs, án þess að gera athugasemdir við ábyrgð sína, meintan skort á greiðslumati eða öðru sem hún hafi talið að leitt gæti til þess að ábyrgð hennar væri niður fallin. Enn fremur hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 18. febrúar 2010, 1. janúar 2011, 1. janúar 2012 og 5. janúar 2013 með yfirliti yfir ábyrgðir á skuldum annarra þar sem framangreind sjálfskuldarábyrgð hafi verið tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Varnaraðili byggir á því að sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila sé ógild hvíli á sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að ósanngjarnt sé af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgð hennar samkvæmt skuldabréfinu, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt. Þegar sóknaraðili hafi undirritað umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili hafi falist í því loforð sem skuldbindi sóknaraðila að lögum til að tryggja efndir samkvæmt skuldabréfinu. Að því virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt

fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hennar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varðandi skuldabréf nr. T vísar varnaraðili til þess að samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða hafi ekki verið í gildi á útgáfudegi skuldabréfsins enda hafi það fyrst verið samþykkt árið 1998. Hafi varnaraðila því ekki verið skylt að greiðslumeta A, þegar sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Það sé því mat bankans að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á umræddu skuldabréfi sé gild.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili reisi ógildingarkröfu á 36. gr. laga nr. 7/1936. Varnaraðili hafnar því að skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 sé fullnægt í málinu og telur að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja ábyrgðinni til hliðar, enda hafi ekki hvílt skylda á bankanum á framangreindu tímamarki til að greiðslumeta útgefanda skuldabréfsins. Varnaraðili bendir jafnframt á að fyrir liggja undirritun sóknaraðila á skjal merkt „Yfirlýsing“, dags. 8. mars 2005, þar sem sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. T sé m.a. tilgreind. Í yfirlýsingunni komi fram að sóknaraðila sé kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara og að hún standist ekki greiðslumat. Jafnframt komi fram að hún hafi kynnt sér efni bæklingis um persónuábyrgðir þriðja aðila. Þá lýsi hún því yfir að hún geti ekki borið það fyrir sig gagnvart bankanum að skuldari hafi ekki staðist greiðslumat komi til þess að ábyrgðin verði virk og skuldin innheimt hjá henni. Varnaraðili bendir enn fremur á að sóknaraðili sé lögfræðingur og búi því yfir menntun og þekkingu á því sviði sem hér um ræði. Sóknaraðili geti því ekki með trúverðugum hætti haldið því fram að henni hafi ekki verið ljós sú áhætta sem hún hafi tekið með því að gangast í ábyrgðina, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar falla niður vegna tómlætis af hennar hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áður nefnt skuldabréf 30. ágúst 1996 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina með bréfi sóknaraðila í júní 2013 eða tæpum sautján árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili ritað undir skilmálabreytingar á skuldabréfinu 24. júlí 1998, 2. febrúar 1999, 16. júlí 1999, 7. mars 2004, 7. janúar 2007 og 4. nóvember 2007, án þess að gera athugasemdir við ábyrgð sína, meintan skort á greiðslumati eða öðru sem hún taldi að leitt gæti til þess að ábyrgð hennar væri niður fallin. Enn fremur hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 6. júní 2008, 30. júní 2008, 31. júlí 2008, 29. ágúst 2008, 30. september 2008, 31. október 2008, 3. desember 2008, 6. janúar 2009, 9. febrúar 2009, 2. mars 2009, 29. maí 2009, 1. júní 2009, 30. júní 2009, 1. september 2009, 7. september 2009, 1. október 2009, 7. október 2009, 30. október 2009 og 6. nóvember 2009, þar sem henni var tilkynnt um vanskil vegna umrædds skuldabréfs. Þá hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 18. febrúar 2010, 1. janúar 2011, 1. janúar 2012 og 5. janúar 2013, með yfirliti yfir ábyrgðir á skuldum annarra þar sem sjálfskuldarábyrgð á framangreindu skuldabréfi hafi verið tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið. Varnaraðili vísi framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldarábyrgð þá sem sóknaraðili hafi gengist í til tryggingar á framangreindu skuldabréfi gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á skuldabréfum nr. P og T, útgefnum af A til F.

Verður í upphafi fjallað um sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. P.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. Landsbankinn var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. Landsbankanum bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. P við útgáfu þess. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðili skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Við mat á því hvort víkja eigi sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. P til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa verður að líta til þess að skuldabréfi nr. P var varið til uppgreiðslu á skuldabréfum sem sóknaraðili var þegar í ábyrgð fyrir, þ.e. skuldabréfum nr. X, Y, Z, Æ, Ö og R. Verður því að kanna gildi þeirra ábyrgða.

Verður fyrst vikið að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X.

Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998, hafði verið undirritað af Sambandi íslenskra viðskiptabanka og tekið gildi við undirritun skuldabréfs nr. X. Gildistöku ákvæðis lokamálsliðar 3. gr. samkomulagsins um skyldu til að kynna niðurstöðu greiðslumats hafði að vísu verið frestað, en það ákvæði hefur ekki þýðingu fyrir þessa úrlausn. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins bar fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda væri sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, óskaði ábyrgðarmaður eftir því áður en hann gekkst í ábyrgð. Fjármálafyrirtæki var þó skylt að greiðslumeta greiðanda þegar óskað var sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nam meira en einni milljón króna. Ekki liggur fyrir að varnaraðili hafi framkvæmt mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfs nr. X. Sóknaraðili staðfesti þó að hafa kynnt sér mat bankans á greiðslugetu greiðanda. Sóknaraðili óskaði jafnframt eftir að ekki yrði framkvæmt mat á greiðslugetu greiðanda.

Þrátt fyrir að ekki liggja fyrir gögn um greiðslumat, en rúm 16 ár eru síðan sóknaraðili gekkst í ábyrgðina, verður í ljósi þess að sóknaraðili staðfestir að hafa

kynnt sér það að miða við að greiðslumat hafi farið fram og það verið kynnt sóknaraðila. Þá var ábyrgð sú sem sóknaraðili gekkst í til tryggingar fjárskuldbindingu sem nam ekki meira en milljón króna, sbr. 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins, og sóknaraðili óskaði eftir að greiðslumat færi ekki fram. Var varnaraðila því ekki skylt að framkvæma greiðslumat. Var ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X með vísan til framangreinds því gild.

Verður því næst vikið að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y.

Við útgáfu skuldabréfsins var í gildi samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998. Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins var varnaraðila skylt að framkvæma mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið. Yfirlýsingar, dags. 15. nóvember 2002 og 8. mars 2005, fá ekki breytt þessari niðurstöðu enda var sóknaraðili þá þegar í ábyrgð fyrir skuldabréfinu og var ekki gefinn kostur á að falla frá ábyrgðinni við undirritun yfirlýsinganna.

Með vísan til framangreinds hefðu verið fyrir hendi forsendur til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Verður þessu þessu næst vikið að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Z.

Við útgáfu umrædds skuldabréfs 30. janúar 2002 hafði samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 tekið gildi. Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu útgefanda, A, við útgáfu skuldabréfsins. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið. Yfirlýsingar, dags. 15. nóvember 2002 og 8. mars 2005, fá ekki breytt þessari niðurstöðu enda var sóknaraðili þá þegar í ábyrgð fyrir skuldabréfinu og var ekki gefinn kostur á að falla frá ábyrgðinni við undirritun yfirlýsinganna.

Með vísan til framangreinds hefðu verið fyrir hendi forsendur til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Z, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Næst verður vikið að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Æ.

Við útgáfu umrædds skuldabréfs 15. nóvember 2002 var samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga í gildi. Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu útgefanda, A, við útgáfu umrædds skuldabréfs. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið. Við mat á því hvort víkja eigi sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. P til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa verður fyrst að líta til þess að skuldabréfi nr. Æ var varið til uppgreiðslu á víxli nr. Þ, sem sóknaraðili var ábekingur á. Liggur ekki annað fyrir en að ábyrgð sóknaraðila skv. víxlinum hafi

verið gild. Jafnframt vísast til þess sem að neðan greinir (í umfjöllun um skuldabréf nr. Ö) um þýðingu þeirrar yfirlýsingar sem sóknaraðili gaf á útgáfudegi skuldabréfsins þann 15. nóvember 2002.

Í ljósi framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 var ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Æ gild frá upphafi og hefðu því ekki verið fyrir hendi forsendur til að víkja ábyrgðinni til hliðar.

Verður þessu næst vikið að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. Ö.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga gildi þegar sóknaraðila tókst á hendur umrædda ábyrgð. Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins, A, og að það verklag var ekki í samræmi við ákvæði samkomulagsins. Af fyrri úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki t.d. nr. 91/2011 og 115/2011 og dómafordæmum má hins vegar draga þá afdráttarlausu ályktun að vanhöld á því að framkvæma greiðslumat leiði ekki fyrirvaralaust til þess að ábyrgðarskuldbinding falli niður. Verður hér mjög að líta til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa og sanngirnissjónarmiða.

Í samræmi við þann tilgang samkomulagsins að draga úr vægi ábyrgðarskuldbindinga verður að gera greinarmun á því annars vegar þegar fjármálafyrirtæki leitast við að fara á svig við efni þess með því t.d. að útbúa yfirlýsingar í stöðluðum láns skjölum um að í ábyrgð sé gengist þrátt fyrir vitneskju um getuleysi skuldara til greiðslu og hins vegar tilvikum þar sem ábyrgðarmenn gefa sérstakar yfirlýsingar um að þeim sé kunnugt um bága stöðu skuldara og að hann standist ekki greiðslumat, lýsa vilja sínum til að gangast í ábyrgðina samt sem áður og afsala sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hafi ekki farið fram. Sóknaraðili undirritaði slíka yfirlýsingu samhliða því sem hann gekkst í ábyrgð fyrir skuldabréfinu og verður að hafna því að ábyrgðinni verði vikið til hliðar á grundvelli samkomulagsins, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 132/2012.

Í ljósi alls framangreinds hefðu ekki verið fyrir hendi forsendur til að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Ö. Var umrædd ábyrgð því gild.

Þá verður fjallað um ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. R.

Við útgáfu skuldabréfsins 7. mars 2004 var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins, A, og að það verklag var ekki í samræmi við ákvæði samkomulagsins. Af fyrri úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki t.d. nr. 91/2011 og 115/2011 og dómafordæmum má hins vegar draga þá afdráttarlausu ályktun að vanhöld á því að framkvæma greiðslumat leiði ekki fyrirvaralaust til þess að ábyrgðarskuldbinding falli niður. Verður hér mjög að líta til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa og sanngirnissjónarmiða.

Í samræmi við þann tilgang samkomulagsins að draga úr vægi ábyrgðarskuldbindinga verður að gera greinarmun á því annars vegar þegar fjármálafyrirtæki leitast við að fara á svig við efni þess með því t.d. að útbúa yfirlýsingar í stöðluðum láns skjölum um að í ábyrgð sé gengist þrátt fyrir vitneskju um getuleysi skuldara til greiðslu og hins vegar tilvikum þar sem ábyrgðarmenn gefa

sérstakar yfirlýsingar um að þeim sé kunnugt um bága stöðu skuldara og að hann standist ekki greiðslumat, lýsa vilja sínum til að gangast í ábyrgðina samt sem áður og afsala sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hafi ekki farið fram. Sóknaraðili undirritaði slíka yfirlýsingu samhliða því sem hann gekkst í ábyrgð fyrir skuldabréfinu og verður að hafna því að ábyrgðinni verði vikið til hliðar á grundvelli samkomulagsins, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 132/2012.

Í ljósi alls framangreinds hefðu ekki verið fyrir hendi forsendur til að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. R. Var umrædd ábyrgð því gild.

Með vísan til framangreindra niðurstaðna varðandi gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á þeim skuldabréfum sem skuldabréfi nr. P var varið til uppgreiðslu á og 36. gr. laga nr. 7/1936 verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. P, að því leyti sem fjárhæð skuldabréfsins var umfram stöðu skuldabréfa nr. X, Æ, Ö og R, miðað við 25. júní 2007.

Þessari niðurstöðu færi ekki hagg að varnaraðili hafi í samningi A um greiðsluáðlögun samþykkt algjöra eftirgjöf á samningskröfum. Það leiðir af eðli samninga um ábyrgðir að þeir hafa almennt aðeins þýðingu að aðalskuldari standi ekki við skuldbindingu sína. Það leiðir því ekki til niðurfalls ábyrgðar að skuldari reynist ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Samningur um greiðsluáðlögun byggir á þeirri forsendu að sýnt sé fram á að skuldari sé ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Hann hefur því ekki þau áhrif að ábyrgð sóknaraðila falli niður í máli þessu, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 74/2013.

Verður því næst vikið að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. T.

Þegar skuldabréf nr. T var gefið út, þann 30. ágúst 1996 hafði samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998, ekki tekið gildi og ekki heldur samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001. Var varnaraðili því ekki skylt að meta greiðslugetu útgefanda þess, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 44/2014. Hefur sóknaraðila ekki tekist að sanna að gilt hafi óskráð venja um að greiðslumat skyldi framkvæmt við útgáfu skuldabréfs, þannig að ósanngjarnt væri fyrir varnaraðila að halda ábyrgðinni upp á sóknaraðila, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Í ljósi framangreinds er kröfu sóknaraðila um ógildi sjálfskuldarábyrgðar hennar á skuldabréfi nr. T hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. P er ógild, að því leyti sem fjárhæð skuldabréfsins var umfram stöðu skuldabréfa nr. X, Æ, Ö og R, miðað við 25. júní 2007.

Kröfu sóknaraðila um ógildi sjálfskuldarábyrgðar hennar á skuldabréfi nr. 111-T er hafnað.

Reykjavík, 5. desember 2014.

Haukur Guðmundsson⁹

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 5. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 69/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 27. maí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. maí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. maí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 1. júlí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. júlí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 15. ágúst 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. desember 2014.

II.

Málsatvik.

Málsatvik vegna skuldabréfs nr. K

Þann 16. september 1998 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 570.000 hjá varnaraðila. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn lánsins. Óskuðu þær ekki eftir mati á greiðslugetu greiðanda en staðfestu að þær hefðu kynnt sér mat bankans á greiðslugetu greiðanda. Þá staðfestu þær að hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Tiltekið var á lánsúmsókninni að greiða ætti heimild að fullu.

Þann 17. september 1998 var skuldabréf nr. L, að fjárhæð kr. 570.000 gefið út af A til varnaraðila. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 31. júlí 2001 sótti A um lán að fjárhæð kr. 1.500.000 til greiðslu yfirdráttarheimildar að fjárhæð kr. 552.900, víxils að fjárhæð kr. 400.000, vísa reiknings að fjárhæð kr. 398.621,50 og kröfu Háskólans í Reykjavík að fjárhæð kr. 79.000. Sóknaraðili og B staðfestu að hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Þá óskuðu þær ekki eftir mati á greiðslugetu greiðanda.

Þann 1. ágúst 2001 var skuldabréf nr. M, að fjárhæð kr. 1.500.000, gefið út af A til varnaraðila. Tókust sóknaraðili og B á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 30. janúar 2002 sótti A um lán að fjárhæð kr. 880.000. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn á lánsúmsókninni. Staðfestu þær að hafa kynnt sér efni bæklinga um sjálfskuldarábyrgðir og að þær óskuðu ekki eftir mati á greiðslugetu greiðanda. Ráðstafa átti láninu til að greiða Vísa og Inna safn.

Þann 30. janúar 2002 var skuldabréf nr. N, að fjárhæð kr. 880.000, gefið út af A til varnaraðila. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 15. nóvember 2002 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 730.000 til að greiða upp víxil nr. O. Sóknaraðili og B voru ábekingar á víxlinum. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn á umræddri lánsúmsókn. Sóknaraðili staðfesti að hún hefði kynnt sér bækling um persónuábyrgðir og að hún óskaði ekki eftir mati bankans á greiðslugetu greiðanda. Þá hefur verið krotað í reit með yfirlýsingu um að ábyrgðarmaður hafi kynnt sér mat bankans á greiðslugetu greiðanda.

Þann 15. nóvember 2002 var skuldabréf nr. P, að fjárhæð kr. 730.000, gefið út af A til varnaraðila. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar lánsins.

Þann 15. nóvember 2002 var skuldabréfum nr. L, M, N skilmálabreytt og skrifaði sóknaraðili m.a. undir skilmálabreytingarnar. Þá undirritaði sóknaraðili eftirfarandi yfirlýsingu: „*Samhliða því að undirritaðar [varnaraðili] og [B] taka á sig skuldir og sjálfskuldarábyrgðir á lánum og skuldbreytingum á eftirtöldum lánum: Skuldabréf [N] [...], [L] [...], [M] [...], Vixill [O] [...], Tékkareikn. [Q] [...]* (eru þegar í sjálfskuldarábyrgð á þeim skuldum en [B] bætir við ábyrgð á skuldabréfi að fjárhæð kr. 1.777.000,00) að fjárhæð samtals kr. 5.051.002,00, vegna [A, er því lýst yfir að undirrituðum er kunnugt um fjárhagsstöðu [A] og að þeim er ljóst að miðað við fjárhagsstöðu [A] eins og hún er nú, geti brugðið til beggja átta með efnidir á skuldbindingum hennar. Þá er undirrituðum kunnugt um að ekki hefur farið fram nákvæmt mat á greiðslugetu [A] að eigin ósk en ekki samkvæmt kröfu eða að ósk [varnaraðila]. Undirritaðar lýsa því yfir að þær geti ekki borið það fyrir sig gagnvart [varnaraðila] að ekki hafi farið fram nákvæmt mat á greiðslugetu [A], komi til þess að ábyrgðin verði virk og skuldin innheimt hjá undirrituðum.“

Þann 15. nóvember 2002 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 1.777.000 til að greiða upp yfirdrátt á reikningi nr. R. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn skv. lánsúmsókn. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Óskaði sóknaraðili ekki eftir mati bankans á greiðslugetu greiðanda.

Þann 24. nóvember 2002 var skuldabréf nr. S, að fjárhæð kr. 1.777.000, gefið út af A til varnaraðila. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 7. mars 2004 var skuldabréf nr. T, að fjárhæð kr. 1.716.000, gefið út af A til [varnaraðila]. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Þann 7. mars 2004 undirrituðu sóknaraðili, B og A eftirfarandi yfirlýsingu: „*Samhliða því að undirritaðar [sóknaraðili] og [B] taka á sig sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi að fjárhæð kr. 1.716.000 (greiðir skuldir skv. samkomulagi), vegna [A], lýsa undirritaðar því yfir að þeim er kunnugt um fjárhagsstöðu [A] og að þeim er ljóst að miðað við fjárhagsstöðu [A] eins og hún er nú, geti brugðið til beggja átta með efnidir á skuldbindingum hennar. Undirritaðar hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir þriðja aðila og samkomulag um sama efni sem fjármálastofnanir eiga aðild að frá júlí 1999 og er kunnugt um að [A] stenst ekki greiðslumat.*

Undirritaðar lýsa því yfir að þær geti ekki borið það fyrir sig gagnvart [varnaraðila] að [A] hafi ekki staðist greiðslumat komi til þess að ábyrgðin verði virk og skuldin innheimt hjá undirrituðum.“

Þann 8. mars 2005 undirritaði m.a. sóknaraðili skilmálabreytingar á skuldabréfum nr. M, N, P, S og T. Einnig rituðu sóknaraðili, B og A eftirfarandi ódagsetta yfirlýsingu: „Samhliða því að undirritaðar [sóknaraðili] og [B] samþykkja og undirrita skuldbreytingar á eftirtöldum lánum: [N] [...], [P] [...], [T] [...], [S] [...], [M] [...], [U] [...], [L] [...], [V] [...], [X] [...] vegna [A], lýsa undirritaðar því yfir að þeim er kunnugt um fjárhagsstöðu [A] og að þeim er ljóst að miðað við fjárhagsstöðu [A] eins og hún er nú, geti brugðið til beggja átta með efndir á skuldbindingum hennar. Undirritaðar hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir þriðja aðila og samkomulag um sama efni sem fjármálastofnanir eiga aðild að og þeim er kunnugt um að [A] stenst ekki greiðslumat. Undirritaðar lýsa því yfir að þær geti ekki borið það fyrir sig gagnvart [varnaraðila]. að [A] hafi ekki staðist greiðslumat komi til þess að ábyrgðin verði virk og skuldin innheimt hjá undirrituðum.“

Þann 25. júní 2007 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 7.500.000 hjá varnaraðila. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér bækling um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, auk samkomulags um sama efni sem fjármálastofnanir áttu aðild að. Óskaði sóknaraðili eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda. Samkvæmt lánsútsókninni átti að ráðstafa láninu til uppgreiðslu á öllum lánum sem A væri með. Tiltekið var að öll lánin sem greidd yrðu upp væru með sjálfskuldarábyrgð sömu aðila.

Þann 25. júní 2007 var skuldabréf nr. K, að fjárhæð kr. 7.500.000, gefið út af A til varnaraðila. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu. Óskuðu þær eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda og settu upphafsstafi sína við það val. Tiltekið var að ábyrgðaraðili gæti óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda enda væri heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda gagnvart varnaraðila lægri en kr. 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklinga varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en varnaraðili var aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Á skuldabréfið hefur verið stimplað að hluti lánsins fari til uppgreiðslu skuldabréfa nr. L, N, M, P, S og T.

Málsatvik vegna skuldabréfs nr. Y.

Þann 26. ágúst 1996 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 845.000. Sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn lánsins. Ráðstafa átti láninu til uppgreiðslu víxils nr. Z og uppgreiðslu skuldabréfs nr. Þ.

Þann 30. ágúst 1996 var skuldabréfs nr. Y, að fjárhæð kr. 845.000, gefið út af A til varnaraðila. Sóknaraðili og B gengust í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar lánsins.

Þann 4. nóvember 1997, 24. júlí 1998, 2. febrúar 1999, 16. júlí 1999, 7. mars 2004 og 7. janúar 2007 var skuldabréfinu skilmálabreytt að beiðni skuldara. Skrifaði sóknaraðili m.a. undir skilmálabreytingarnar.

Sóknaraðili, B og A rituðu undir ódagsetta yfirlýsingu við skilmálabreytingar, dags. 8. mars 2005. Efni yfirlýsingarinnar var rakið að framan en skuldabréf nr. Y var nefnt í yfirlýsingunni.

Þann 20. júlí 2012 var frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun C (áður A) undirritað. Tiltekið var í samningnum að C hefði gengist í ábyrgð hjá D vegna námslána systra sinna. Framangreind skuldabréf nr. K og Y voru meðal samningskrafna samningsins. Í frumvarpinu kom fram að til þess að markmiðum um að framfærsla skuldara og fjölskyldu hennar yrði tryggð og að raunhæft mætti telja að öðru leyti að hún gæti staðið við skuldbindingar sínar, endurskipulagt fjármál sín og komið á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu, þyrfti að koma til algjörrar eftirgjafar á samningskröfum við undirritun samningsins.

Þann 27. júlí 2012 var samningur C um greiðsluaðlögun, sbr. 17. gr. laga nr. 101/2010, samþykktur.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. maí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila vegna skuldabréfa nr. K og V verði ógiltar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Vegna láns nr. K telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki gætt reglna samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001 við lánveitingu til A, þann 25. júní 2007, þar sem ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á skuldara í samræmi við kröfur 3. gr. samkomulagsins. Þannig hafi jafnframt verið farið á svig við 4. gr. samkomulagsins er varði upplýsingagjöf til ábyrgðarmanna áður en til sjálfskuldarábyrgðar eða veðsetningar hafi verið stofnað.

Vísar sóknaraðili til þess að með undirritun fjármálastofnana á samkomulaginu hafi fjármálafyrirtæki tekist á hendur ákveðnar skyldur í formi reglna sem líta verði til þegar fjármálafyrirtæki krefjist m.a. sjálfskuldarábyrgða einstaklinga. Vísar sóknaraðili til 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins, markmiðs 1. gr. þess sem og 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili haldi því fram að sjálfskuldarábyrgð hennar á skuldabréfi nr. K sé gild með vísan til þess að lánsupphæðin hafi verið notuð til uppgreiðslu á skuldbindingum sóknaraðila við útibú varnaraðila, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 16/2007. Sóknaraðili hafnar því að dómur þessi geti með nokkru móti verið fordæmisgefandi í máli þessu. Allar forsendur og aðstæður hafi verið aðrar en í máli sóknaraðila. Í því máli liggi fyrir að sjálfskuldarábyrgðaraðili hafi einnig verið víxilskuldari annars láns og hafi dómurinn litið þannig á að form skuldbindingar sjálfskuldarábyrgðaraðilans hafi aðeins breyst þar sem fjármunirnir hafi verið nýttir til þess að greiða upp skuld sjálfskuldarábyrgðaraðilans í formi víxilskuldar. Í máli því sem hér um ræði sé sóknaraðili ekki að neinu leyti skuldari að þeim skuldbindingum sem fyrir liggi í máli þessu. Skuldari sé systir sóknaraðila.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili svari í engu athugasemdum sóknaraðila vegna vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 16/2007. Tilvísanir varnaraðila til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 63/2013 og 44/2014 missi þannig einnig marks.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðila hafi borið að meta greiðslugetu skuldara skuldabréfs nr. K, enda hafi lánfjárhæðin verið kr. 7.500.000, sbr. 3. gr. samkomulagsins. Þar sem ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á sóknaraðila [svo] liggi ljóst fyrir að varnaraðili hafi farið á svig við 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Beri varnaraðili því hallann af því að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt.

Sóknaraðili bendir á fyrir liggi að hún hafi ritað upphafsstafi sína á skuldabréfið þar sem fram hafi komið að óskað hafi verið eftir undanþágu frá mati á

greiðslugetu skuldara. Þrátt fyrir það hafi varnaraðila borið að láta framkvæma greiðslumat á skuldara lánsins. Þau fjölskyldutengsl sem um ræði í máli þessu firri fjármálafyrirtæki ekki þeirri ábyrgð að fara eftir umræddu samkomulagi, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins, sbr. dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4706/2009.

Sóknaraðili byggir á því að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafi í úrskurðum sínum fellt úr gildi ábyrgðarskuldbindingar ábyrgðarmanna þegar fyrir liggi misbrestur vegna framkvæmdar á greiðslumati, sbr. m.a. úrskurði nefndarinnar í málum nr. 1/2008, 1/2005 og 3/2008. Þá liggi einnig fyrir dómur Hæstaréttar í málum nr. 163/2005 og 127/2013 og úrslausir héraðsdóma, sbr. mál við héraðsdóm Reykjavíkur nr. E-4706/2009 og E-11285/2009.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi farið á svig við 4. gr. samkomulagsins. Ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat af hálfu varnaraðila á skuldara lánsins. Því hafi sóknaraðili með engu móti getað kynnt sér niðurstöður greiðslumats líkt og áskilið sé í 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Vísar sóknaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 127/2013 og 169/2012.

Sóknaraðili byggir á því að fyrir liggi að aðstæður skuldara hafi verið og séu mjög erfiðar, bæði fjárhagslega og andlega vegna veikinda skuldara og hafi bankanum borið með vísan til þeirrar staðreyndar að gæta að því að greiðslumat yrði framkvæmt á skuldara og það kynnt sóknaraðila með rækilegum hætti. Skuldari hafi á árinu 1992 lent í bílslysi og orðið í kjölfar þess mikill sjúklingur og hafi verið metin með 20% varanlega örorku. Skuldari hafi misst vinnuna í lok árs 1999 og hafi verið atvinnulaus til ársins 2003. Á því ári hafi skuldari verið metin 75% öryrki vegna stoðkerfissjúkdóms sem skuldari sé haldin, en sá sjúkdómur sé talinn vera afleiðing bílslyssins. Á sama tíma hafi skuldari greinst með lífshættulegan en meðhöndlanlegan blóðsjúkdóm sem hún sé enn haldin. Skuldari sé í dag óvinnufær vegna örorku.

Sóknaraðili bendir á að skuldari hafi fengið samþykktan samning um greiðsluaðlögun þann 20. júlí 2012. Bendir sóknaraðili á að í lið 6.4 samningsins sem beri heitið „Eftirgjöf krafna“ komi fram að til þess að markmiðum væri náð í máli skuldara telji umsjónarmaður að koma þyrfti til algjörar eftirgjafar á samningskröfum við undirritun samnings um greiðsluaðlögun. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu varnaraðila við samninginn. E hafi litið svo á að með „algjörri eftirgjöf“ væri einnig um að ræða eftirgjöf gagnvart sóknaraðila og systur hennar. Engar aðgerðir hafi átt sér stað af hálfu varnaraðila vegna þeirra krafna sem tryggðar hafi verið með sjálfskuldarábyrgð, enda litið svo á að krafan væri alfarið fallin niður. Þar sem fyrir liggi að engar athugasemdir hafi verið settar inn í frumvarp um greiðsluaðlögun af neinum kröfuhafa þess efnis að hægt væri að halda kröfunum lifandi gagnvart ábyrgðarmönnum, verði að telja að varnaraðila sé ekki stætt á að halda uppi kröfu gagnvart sóknaraðila og systur hennar vegna sjálfskuldarábyrgða þeirra rúmum tveimur árum síðar. Skýrt ákvæði hefði þurft um slíkt í greiðsluaðlögunarsamningnum. Varnaraðila sé ekki með nokkru móti stætt á því að krefja sjálfskuldarábyrgðaraðila um greiðslu þeirra krafna sem um ræði, enda virðist sem varnaraðili hafi aldrei litið svo á í bókum sínum eftir 20. júlí 2012 að sóknaraðili og systur hennar væru skuldarar þeirra krafna sem um ræði. Sönnunarbyrði um annað hvíli alfarið á varnaraðila.

Sóknaraðili telur að líta beri til þess að varnaraðili sé stórt og öflugt fjármálafyrirtæki sem starfi á grundvelli opinbers leyfis. Gera verði ríkar kröfur til hans um sérfræðisekkingu sem og að varnaraðili vandi vinnubrögð sín. Þessar kröfur leiði bæði af óskráðum reglum og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. nú meginregluna í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um

fjármálafyrirtæki. Óumdeilt sé að sóknaraðili hafi ekki búið yfir menntun og þekkingu á því sviði sem hér skipti máli, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Sóknaraðili vísar til frekari stuðnings til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 95/2012, 38/2013 og 4/2014.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðila sé tíðrætt um yfirlýsingar sem sóknaraðili og systir hennar hafi gefið varnaraðila. Svo virðist hins vegar sem þær yfirlýsingar sem varnaraðili vitni í hafi verið gefnar áður en skuldabréf nr. K hafi verið gefið út til varnaraðila. Engin yfirlýsing virðist hafa verið gefin út af hálfu sóknaraðila og systur hennar þegar lán nr. K hafi verið gefið út. Ótækt sé fyrir varnaraðila að byggja á áður gefnum yfirlýsingum í málinu og yfirlýsingu sem gefin hafi verið út á árinu 2002, enda liggi fyrir að fjárhagsstaða skuldara hafi versnað til muna síðustu árin áður en hún hafi þurft að leita til umboðsmanns skuldara.

Sóknaraðili telur að þrátt fyrir að slík yfirlýsing hefði verið gefin út þegar skuldabréf nr. K hafi verið gefið út haggi það ekki þeirri ótvíræðu skyldu varnaraðila að greiðslumeta skuldara og kynna sóknaraðila og systur hennar það greiðslumat, sbr. 3 og 4. gr. samkomulagsins frá 2001. Engu skipti í því máli hvort sóknaraðili og systir hennar hafi óskað eftir undanþágu frá greiðslugetu skuldara með upphafsstöfum sínum, enda liggi fyrir að um sé að ræða fortakslausa skyldu lánastofnana í þeim efnum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 127/2013.

Sóknaraðili vísar til þess hvað varði tilvitnun varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 að í því máli hafi legið fyrir yfirlýsing ábyrgðaraðila vegna ákveðins láns sem um hafi verið að ræða. Í máli þessu liggi hins vegar fyrir að engin yfirlýsing hafi verið gefin út þann 25. júní 2007 þegar lán að fjárhæð kr. 7.500.000 hafi verið gefið út. Einnig hafi staðan í því máli verið sú að í yfirlýsingunni hafi komið fram að greiðslumat hefði verið framkvæmt sem hafi verið neikvætt. Ábyrgðarmenn hafi lýst því yfir að þeir hefðu kynnt sér niðurstöður þess og að þeir myndu engu að síður gangast í ábyrgð á skuldabréfinu. Í þeirri yfirlýsingu sem varnaraðili vilji byggja á í þessu máli liggi hins vegar fyrir að ekkert hafi komið fram um að greiðslumat hafi verið framkvæmt á skuldara, en aðeins að skuldari stæðist ekki greiðslumat. Það liggi því fyrir að dómur þessi eigi ekki við í málinu. Með sömu röksemdum virðist sem þeir úrskurðir sem varnaraðili vísi til eigi ekki við í máli þessu.

Vegna láns nr. V telur sóknaraðili að varnaraðila hafi borið að láta fara fram greiðslumat við lánveitingu til A þann 30. ágúst 1996. Þær kröfur leiði af óskráðum reglum og heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum sem og þeim kröfum sem sóknaraðilar hafi mátt gera til varnaraðila á þeim tíma með vísan til sérfræðipekkingar hans sem og ríkra krafna um vönduð vinnubrögð.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili sé stórt og öflugt fjármálafyrirtæki sem starfi á grundvelli opinbers leyfis. Gera verði ríkar kröfur til varnaraðila um vönduð vinnubrögð og sérfræðipekkingu. Að mati sóknaraðila hafi þannig ávallt hvílt sú siðferðislega skylda á fjármálafyrirtækjum, sem stundi útlánastarfsemi, að kanna greiðslugetu lántakanda og endurgreiðslumöguleika hans áður en ákvörðun sé tekin um lánveitingu.

Sóknaraðili telur eins og atvikum sé háttað að þrátt fyrir að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi ekki tekið gildi er lán nr. V hafi verið veitt hafi varnaraðila engu að síður borið að kanna sjálfstætt aðstæður skuldara. Þær kröfur leiði af óskráðum reglum, heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum sem og þeim kröfum sem sóknaraðili hafi mátt gera til varnaraðila með vísan til sérfræðipekkingar hans og ríkra krafna um vönduð vinnubrögð. Þegar litið sé með

heildstæðum hætti á aðstæður skuldara í máli þessu og þeirrar staðreyndar að varnaraðili hafi verið eitt stærsta og öflugasta fjármálafyrirtæki landsins, liggi fyrir að varnaraðila hafi borið að framkvæma mat á greiðslugetu skuldara þegar lán nr. V hafi verið veitt. Að öðru leyti vísar sóknaraðili til fyrri umfjöllunar og röksemda varðandi lán nr. K eins og við á.

Sóknaraðili hafnar því alfarið að hún hafi sýnt af sér tómlæti. Fyrir liggi að skuldari hafi sótt um greiðsluáðlögun hjá umboðsmanni skuldara og hafi umsókn hennar verið samþykkt þann 13. desember 2011. Skuldara hafi því verið óheimilt að greiða af umræddum skuldbindingum í samræmi við lög nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga, sbr. 11. gr. laganna. Innheimtubríf hafi fyrst verið sent út í mars 2014 til sóknaraðila og systur hennar. Það liggi því fyrir að fyrst þá hafi varnaraðili haldið uppi kröfu gegn sóknaraðila og systur hennar. Sé því með engu móti hægt að halda því fram að um tómlæti hafi verið að ræða af hálfu sóknaraðila og systur hennar. Hvað við komi tilvísun varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 liggi fyrir að Hæstiréttur hafi ekki byggt á tómlæti í forsendum sínum heldur því að áfrýjanda hefði átt að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið framkvæmt, andstætt því sem raunin hafi verið í því máli sem hér um ræði. Í þessu sambandi sé jafnframt vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 127/2013.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varðandi skuldabréf nr. K kveðst varnaraðili telja umrædda sjálfskuldarábyrgð gilda enda hafi andvirði lánsins verið notað til að greiða upp allar skuldbindingar A við útibú bankans í F sem sóknaraðili og B hafi verið í ábyrgð fyrir. Sú niðurstaða sé í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 16/2007. Þá vísar varnaraðili til yfirlýsingar þar sem fram komi að ábyrgðarmenn muni ekki bera fyrir sig gagnvart varnaraðila að A hafi ekki staðist greiðslumat komi til þess að ábyrgðin verði innheimt hjá þeim. Í þeirri yfirlýsingu séu tilgreind þau lán sem sóknaraðili og systir hennar hafi verið í ábyrgð fyrir.

Varnaraðili telur rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað sé til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 57/2013. Þá vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áður nefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili vísar til þess að við mat á því hvort víkja eigi ábyrgð til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 verði að líta til þess hvernig umræddu láni sem ábyrgðin tryggir hafi verið ráðstafað, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 63/2013 og 44/2014. Líkt og áritun á skuldabréfið sjálft beri með sér hafi andvirði þess láns verið ráðstafað til greiðslu eldri lána samkvæmt skuldabréfum nr. L, M, N, P, S og T, sem sóknaraðili og B hafi verið í ábyrgð fyrir. Varnaraðili telur að framangreindar ábyrgðir sóknaraðila hafi verið gildar enda hafi

bankinn fylgt í öllum meginatriðum reglum samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998 og samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, við útgáfu þeirra.

Varnaraðili bendir á að þegar sóknaraðili hafi gengist í sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. L hafi hún staðfest með undirritun sinni á skjal merkt: „Lánsúmsókn einstaklings“ að hún óskaði ekki eftir mati bankans á greiðslugetu greiðanda og að hún hefði kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða hafi varnaraðila því ekki verið skylt að meta greiðslugetu greiðanda þegar sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð, enda hafi ábyrgð sóknaraðila takmarkast við kr. 570.000. Varnaraðili bendir jafnframt á að fyrir liggi undirritun sóknaraðila á skjal merkt: „Yfirlýsing“, dags. 8. mars 2005, þar sem m.a. sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. L, sé tilgreind. Í yfirlýsingunni komi fram að sóknaraðila væri kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara og að hún hefði ekki staðist greiðslumat. Jafnframt hafi komið fram að hún hefði kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir þriðja aðila. Þá hafi hún lýst því yfir að hún gæti ekki borið það fyrir sig gagnvart bankanum að skuldari hefði ekki staðist greiðslumat kæmi til þess að ábyrgðin yrði virk og skuldin innheimt hjá henni. Varnaraðili telur því einsýnt að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. L hafi verið gild.

Hvað varði sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfum nr. M og N vísar varnaraðili til þess að í málinu liggi fyrir að sóknaraðili hafi staðfest með undirritun sinni á skjöl merkt „Lánsúmsókn einstaklings“ að hún óskaði ekki eftir mati bankans á greiðslugetu greiðanda og að hún hefði kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Þá liggi fyrir undirritun sóknaraðila á skjöl merkt „Yfirlýsing“, dags. 15. nóvember 2002, samhliða undirritun skilmálabreytinga á umræddum skuldabréfum, þar sem fram hafi komið að sóknaraðila væri kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara og að ekki hefði farið fram nákvæmt mat á greiðslugetu skuldara að eigin ósk en ekki samkvæmt kröfu eða ósk varnaraðila. Sóknaraðili hafi samt sem áður lýst yfir vilja sínum til að vera í ábyrgðunum og hafi afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Á sama tímabili hafi sóknaraðili gengist í frekari ábyrgðir, þ.e. á skuldabréfum nr. P og S. Þá bendir varnaraðili á að samhliða skilmálabreytingunum á m.a. umræddum skuldabréfum hafi sóknaraðili ritað undir annað skjöl merkt „Yfirlýsing“, dags. 8. mars 2005, þar sem sóknaraðili hafi lýst enn á ný yfir vilja sínum til að vera í ábyrgðunum og hafi afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Varnaraðili telur einsýnt af orðalagi yfirlýsinganna og þeirri staðreynd að sóknaraðili hafi gengist í tvær ábyrgðir til viðbótar við undirritun fyrri yfirlýsingarinnar, dags. 15. nóvember 2002, að þótt greiðslugeta greiðanda hefði ekki verið metin við útgáfu skuldabréfa nr. M og N, og niðurstaðan orðið neikvæð, hefði sóknaraðili ekki fallið frá þeirri ákvörðun sinni að gangast í ábyrgðirnar. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til fyrrgreinds dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Hefðu ábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfum nr. M og N ekki fallið niður við útgáfu skuldabréfs nr. K hefðu samkvæmt framangreindu ekki verið fyrir hendi forsendur til að víkja þeim til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Að mati varnaraðila hafi ábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfunum verið gildar.

Hvað varðar ábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfum nr. P og S vísar varnaraðili til þess að í málinu liggi fyrir að sóknaraðili hafi staðfest með undirritun sinni á skjöl merkt „Lánsúmsókn einstaklings“ að hún óskaði ekki eftir mati bankans á greiðslugetu greiðanda og að hún hefði kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir. Þá liggi fyrir að samhliða útgáfu skuldabréfanna hafi sóknaraðili ritað undir skjöl merkt „Yfirlýsing“, dags. 15. nóvember 2002, þar sem fram komi að sóknaraðila væri

kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara og að ekki hefði farið fram nákvæmt mat á greiðslugetu skuldara að eigin ósk en ekki samkvæmt kröfu eða ósk varnaraðila. Sóknaraðili hafi samt sem áður lýst yfir vilja sínum til að gangast í ábyrgðirnar og hafi afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Hefði greiðslumat verið framkvæmt og niðurstaða þess orðið neikvæð sé ljóst að sóknaraðili hefði ekki fallið frá þeirri ákvörðun sinni að gangast í ábyrgðina enda hefði niðurstaðan orðið í samræmi við þær upplýsingar sem hún hafi þá þegar haft undir höndum. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ritað undir annað skjal merkt „Yfirlýsing“, dags. 8. mars 2005, samhliða skilmálabreytingum á m.a. umræddum skuldabréfum, þar sem sóknaraðili hafi staðfest vilja sinn til að vera í ábyrgðunum og hafi afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til framangreinds dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 og úrskurða úrskurðarnefndar í málum nr. 115/2011 og 132/2012. Varnaraðili telur auk framangreinds rétt að minna á að skuldabréf nr. P hafi farið til uppgreiðslu á víxli sem sóknaraðili hafi verið ábekingur á, sbr. orðalag áðurnefndrar yfirlýsingar, dags. 15. nóvember 2002. Þá hafi skuldabréf nr. S farið til uppgreiðslu á yfirdrætti á tékkareikningi nr. Q, en samkvæmt orðalagi áðurnefndrar yfirlýsingar hafi sóknaraðili jafnframt verið í sjálfskuldarábyrgð á honum. Hefðu ábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfum nr. P og S ekki fallið niður við útgáfu skuldabréfs nr. K hefðu samkvæmt framangreindu ekki verið fyrir hendi forsendur til að víkja þeim til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Að mati varnaraðila hafi ábyrgðir sóknaraðila á umræddum skuldabréfum því verið gildar.

Hvað varði ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. T vísar varnaraðili til þess að í málinu liggja fyrir að samhliða útgáfu skuldabréfsins hafi sóknaraðili ritað undir skjal merkt „Yfirlýsing“, dags. 7. mars 2004, þar sem fram hafi komið að sóknaraðila væri kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara, hún hefði kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir þriðja aðila og samkomulag fjármálastofnana um sama efni og að henni væri kunnugt um að skuldari stæðist ekki greiðslumat. Sóknaraðili hafi samt sem áður lýst yfir vilja sínum til að gangast í ábyrgðina og afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Hefði greiðslumat verið framkvæmt og niðurstaða þess orðið neikvæð sé ljóst að sóknaraðili hefði ekki fallið frá þeirri ákvörðun sinni að gangast í ábyrgðina enda hefði niðurstaðan orðið í samræmi við þær upplýsingar sem hún hafi þá þegar haft undir höndum. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ritað undir annað skjal merkt „Yfirlýsing“, dags. 8. mars 2005, samhliða skilmálabreytingunum á m.a. umræddu skuldabréfi, þar sem sóknaraðili hafi lýst yfir vilja sínum til að vera í ábyrgðinni og hafi afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hefði ekki farið fram. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 og úrskurða úrskurðarnefndar í málum nr. 115/2011 og 132/2012. Hefði ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. T ekki fallið niður við útgáfu skuldabréfs nr. K hefðu samkvæmt framangreindu ekki verið fyrir hendi forsendur til að víkja henni til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Að mati varnaraðila hafi ábyrgð sóknaraðila á umræddu skuldabréfi því verið gild.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili ekki ósanngjarnt að bera fyrir sig sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi nr. K, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Bankinn vísar jafnframt til dóms Hæstaréttar í máli nr. 376/2013 um sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Framangreindu til viðbótar bendir varnaraðili á að tilgangur greiðslumats á skuldara sé að ábyrgðarmaður geti tekið upplýsta ákvörðun um greiðslugetu skuldara áður en hann gengst í ábyrgð. Í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggja fyrir að við útgáfu skuldabréfs nr. K hafi sóknaraðili hlotið að vita að A myndi ekki standast greiðslumat, sbr. m.a. fyrrgreindar yfirlýsingar sóknaraðila, dags. 15. nóvember 2002 og 8. mars 2005. Þar komi m.a. fram að sóknaraðili geri sér grein fyrir því að brugðið geti til beggja átta með efndir á skuldbindingum A og að henni sé kunnugt um að hún standist ekki greiðslumat. Sóknaraðili hafi hvorki haldið því fram að staða Ahafi batnað frá 8. mars 2005 til 25. júní 2007 svo hún hefði staðist greiðslumat, né að hún hafi staðið í þeirri trú. Jafnframt bendir varnaraðili á að ólíklegt sé að sóknaraðili hefði fallið frá þeirri ákvörðun sinni að gangast í umrædda ábyrgð hefði greiðslumat verið framkvæmt og niðurstaða þess orðið neikvæð, enda hefði bankinn þá gengið að sóknaraðila á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga hennar. Með hliðsjón af framangreindu megi ganga út frá því sem vísu að sóknaraðili hafi haft upplýsingar um fjárhagsstöðu A við umrædda lántöku. Verði því ekki séð að ósanngjarnt geti talist í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 að halda ábyrgð samkvæmt skuldabréfinu upp á sóknaraðila, þrátt fyrir að ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu A, enda leiði brot gegn samkomulaginu ekki sjálfkrafa til ógildingar ábyrgðar.

Varnaraðili telur auk framangreinds kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar sjálfskuldarábyrgðar falla niður vegna tómlætis af hennar hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áðurnefnt skuldabréf 25. júní 2007 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina með bréfi sóknaraðila í júní 2013 eða sex árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 2. júní 2008, 30. júní 2008, 31. júní 2008, 29. ágúst 2008, 30. september 2008, 31. október 2008, 3. desember 2008, 6. janúar 2009, 9. febrúar 2009, 2. mars 2009, 29. maí 2009, 1. júní 2009, 30. júní 2009 og 3. júlí 2009 þar sem henni hafi verið tilkynnt um vanskil vegna umrædds skuldabréfs, án þess að gera athugasemdir við ábyrgð sína, meintan skort á greiðslumati eða öðru sem hún hafi talið að leitt gæti til þess að ábyrgð hennar væri niður fallin. Enn fremur hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 18. febrúar 2010, 1. janúar 2011, 1. janúar 2012 og 5. janúar 2013 með yfirliti yfir ábyrgðir á skuldum annarra þar sem framangreind sjálfskuldarábyrgð hafi verið tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Varnaraðili byggir á því að sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila sé eða ógild hvíli á sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að ósanngjarnt sé af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgð hennar samkvæmt skuldabréfinu, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt. Þegar sóknaraðili hafi undirritað umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili hafi falist í því loforð sem skuldbindi sóknaraðila að lögum til að tryggja efndir samkvæmt skuldabréfinu. Að því virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hennar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varðandi skuldabréf nr. Y vísar varnaraðili til þess að samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða hafi ekki verið í gildi á útgáfudegi skuldabréfsins enda hafi það fyrst verið samþykkt árið 1998. Hafi varnaraðila því ekki verið skylt að greiðslumeta A, þegar sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Það sé því mat bankans að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á umræddu skuldabréfi sé gild.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili reisi ógildingarkröfu á 36. gr. laga nr. 7/1936. Varnaraðili hafnar því að skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 sé fullnægt í málinu og telur að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja ábyrgðinni til hliðar, enda hafi ekki hvílt skylda á bankanum á framangreindu tímamarki til að greiðslumeta útgefanda skuldabréfsins. Varnaraðili bendir jafnframt á að fyrir liggja undirritun sóknaraðila á skjal merkt „Yfirlýsing“, dags. 8. mars 2005, þar sem sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y sé m.a. tilgreind. Í yfirlýsingunni komi fram að sóknaraðila sé kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara og að hún standist ekki greiðslumat. Jafnframt komi fram að hún hafi kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir þriðja aðila. Þá lýsi hún því yfir að hún geti ekki borið það fyrir sig gagnvart bankanum að skuldari hafi ekki staðist greiðslumat komi til þess að ábyrgðin verði virk og skuldin innheimt hjá henni. Varnaraðili bendir enn fremur á að sóknaraðili sé lögfræðingur og búi því yfir menntun og þekkingu á því sviði sem hér um ræði. Sóknaraðili geti því ekki með trúverðugum hætti haldið því fram að henni hafi ekki verið ljós sú áhætta sem hún hafi tekið með því að gangast í ábyrgðina, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar falla niður vegna tómlætis af hennar hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áður nefnt skuldabréf 30. ágúst 1996 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina með bréfi sóknaraðila í júní 2013 eða tæpum sautján árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili ritað undir skilmálabreytingar á skuldabréfinu 24. júlí 1998, 2. febrúar 1999, 16. júlí 1999, 7. mars 2004, 7. janúar 2007 og 4. nóvember 2007, án þess að gera athugasemdir við ábyrgð sína, meintan skort á greiðslumati eða öðru sem hún taldi að leitt gæti til þess að ábyrgð hennar væri niður fallin. Enn fremur hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 6. júní 2008, 30. júní 2008, 31. júlí 2008, 29. ágúst 2008, 30. september 2008, 31. október 2008, 3. desember 2008, 6. janúar 2009, 9. febrúar 2009, 2. mars 2009, 29. maí 2009, 1. júní 2009, 30. júní 2009, 1. september 2009, 7. september 2009, 1. október 2009, 7. október 2009, 30. október 2009 og 6. nóvember 2009, þar sem henni var tilkynnt um vanskil vegna umrædds skuldabréfs. Þá hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 18. febrúar 2010, 1. janúar 2011, 1. janúar 2012 og 5. janúar 2013, með yfirliti yfir ábyrgðir á skuldum annarra þar sem sjálfskuldarábyrgð á framangreindu skuldabréfi hafi verið tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið. Varnaraðili vísi framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldarábyrgð þá sem sóknaraðili hafi gengist í til tryggingar á framangreindu skuldabréfi gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á skuldabréfum nr. K og Y, útgefnum af A til varnaraðila.

Verður í upphafi fjallað um sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. K.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. Varnaraðili var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. Varnaraðili bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. K við útgáfu þess. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Við mat á því hvort víkja eigi sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. K til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa verður að líta til þess að skuldabréfi nr. K var varið til uppgreiðslu á skuldabréfum sem sóknaraðili var þegar í ábyrgð fyrir, þ.e. skuldabréfum nr. L, M, N, P, S og T. Verður því að kanna gildi þeirra ábyrgða.

Verður fyrst vikið að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. L.

Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998, hafði verið undirritað af Sambandi íslenskra viðskiptabanka og tekið gildi við undirritun skuldabréfs nr. L. Gildistöku ákvæðis lokamálsliðar 3. gr. samkomulagsins um skyldu til að kynna niðurstöðu greiðslumats hafði að vísu verið frestað, en það ákvæði hefur ekki þýðingu fyrir þessa úrlausn. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins bar fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda væri sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, óskaði ábyrgðarmaður eftir því áður en hann gekkst í ábyrgð. Fjármálafyrirtæki var þó skylt að greiðslumeta greiðanda þegar óskað var sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nam meira en einni milljón króna. Ekki liggur fyrir að varnaraðili hafi framkvæmt mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfs nr. L. Sóknaraðili staðfesti þó að hafa kynnt sér mat bankans á greiðslugetu greiðanda. Sóknaraðili óskaði jafnframt eftir að ekki yrði framkvæmt mat á greiðslugetu greiðanda.

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir gögn um greiðslumat, en rúm 16 ár eru síðan sóknaraðili gekkst í ábyrgðina, verður í ljósi þess að sóknaraðili staðfestir að hafa kynnt sér það að miða við að greiðslumat hafi farið fram og það verið kynnt sóknaraðila. Þá var ábyrgð sú sem sóknaraðili gekkst í til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nam ekki meira en milljón króna, sbr. 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins, og sóknaraðili óskaði eftir að greiðslumat færi ekki fram. Var varnaraðila því ekki skylt að framkvæma greiðslumat. Var ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. L með vísan til framangreinds því gild.

Verður því næst vikið að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. M.

Við útgáfu skuldabréfsins var í gildi samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998. Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi

ekki mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins var varnaraðila skylt að framkvæma mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið. Yfirlýsingar, dags. 15. nóvember 2002 og 8. mars 2005, fá ekki breytt þessari niðurstöðu enda var sóknaraðili þá þegar í ábyrgð fyrir skuldabréfinu og var ekki gefinn kostur á að falla frá ábyrgðinni við undirritun yfirlýsinganna.

Með vísan til framangreinds hefðu verið fyrir hendi forsendur til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. M, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Verður þessu þessu næst vikið að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. N.

Við útgáfu umrædds skuldabréfs 30. janúar 2002 hafði samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 tekið gildi. Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu útgefanda, A, við útgáfu skuldabréfsins. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið. Yfirlýsingar, dags. 15. nóvember 2002 og 8. mars 2005, fá ekki breytt þessari niðurstöðu enda var sóknaraðili þá þegar í ábyrgð fyrir skuldabréfinu og var ekki gefinn kostur á að falla frá ábyrgðinni við undirritun yfirlýsinganna.

Með vísan til framangreinds hefðu verið fyrir hendi forsendur til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. N, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Næst verður vikið að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. P.

Við útgáfu umrædds skuldabréfs 15. nóvember 2002 var samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga í gildi. Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu útgefanda, A, við útgáfu umrædds skuldabréfs. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið. Við mat á því hvort víkja eigi sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. K til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa verður að líta fyrst til þess að skuldabréfi nr. P var varið til uppgreiðslu á víxli nr. O, sem sóknaraðili var ábekingur á. Liggur ekki annað fyrir en að ábyrgð sóknaraðila skv. víxlinum hafi verið gild. Jafnframt vísast til þess sem að neðan greinir (í umfjöllun um skuldabréf nr. 150035) um þýðingu þeirrar yfirlýsingar sem sóknaraðili gaf á útgáfudegi skuldabréfsins þann 15. nóvember 2002.

Í ljósi framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 var ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. P gild frá upphafi og hefðu því ekki verið fyrir hendi forsendur til að víkja ábyrgðinni til hliðar.

Verður þessu næst vikið að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. S.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga gildi þegar sóknaraðila tókst á hendur umrædda ábyrgð. Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins, A, og að það verklag var ekki í samræmi við ákvæði samkomulagsins. Af fyrri úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki t.d. nr. 91/2011 og 115/2011 og dómafordæmum má hins vegar draga þá afdráttarlausu ályktun að vanhöld á því að framkvæma greiðslumat leiði ekki fyrirvaralaust til þess að ábyrgðarskuldbinding falli niður. Verður hér mjög að líta til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa og sanngirnissjónarmiða.

Í samræmi við þann tilgang samkomulagsins að draga úr vægi ábyrgðarskuldbindinga verður að gera greinarmun á því annars vegar þegar fjármálafyrirtæki leitast við að fara á svig við efni þess með því t.d. að útbúa yfirlýsingar í stöðluðum láns skjölum um að í ábyrgð sé gengist þrátt fyrir vitneskju um getuleysi skuldara til greiðslu og hins vegar tilvikum þar sem ábyrgðarmenn gefa sérstakar yfirlýsingar um að þeim sé kunnugt um bága stöðu skuldara og að hann standist ekki greiðslumat, lýsa vilja sínum til að gangast í ábyrgðina samt sem áður og afsala sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hafi ekki farið fram. Sóknaraðili undirritaði slíka yfirlýsingu samhliða því sem hann gekkst í ábyrgð fyrir skuldabréfinu og verður að hafna því að ábyrgðinni verði vikið til hliðar á grundvelli samkomulagsins, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 132/2012.

Í ljósi alls framangreinds hefðu ekki verið fyrir hendi forsendur til að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. S. Var umrædd ábyrgð því gild.

Þá verður fjallað um ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. T.

Við útgáfu skuldabréfsins 7. mars 2004 var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins, A, og að það verklag var ekki í samræmi við ákvæði samkomulagsins. Af fyrri úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki t.d. nr. 91/2011 og 115/2011 og dómafordæmum má hins vegar draga þá afdráttarlausu ályktun að vanhöld á því að framkvæma greiðslumat leiði ekki fyrirvaralaust til þess að ábyrgðarskuldbinding falli niður. Verður hér mjög að líta til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa og sanngirnissjónarmiða.

Í samræmi við þann tilgang samkomulagsins að draga úr vægi ábyrgðarskuldbindinga verður að gera greinarmun á því annars vegar þegar fjármálafyrirtæki leitast við að fara á svig við efni þess með því t.d. að útbúa yfirlýsingar í stöðluðum láns skjölum um að í ábyrgð sé gengist þrátt fyrir vitneskju um getuleysi skuldara til greiðslu og hins vegar tilvikum þar sem ábyrgðarmenn gefa sérstakar yfirlýsingar um að þeim sé kunnugt um bága stöðu skuldara og að hann standist ekki greiðslumat, lýsa vilja sínum til að gangast í ábyrgðina samt sem áður og afsala sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hafi ekki farið fram. Sóknaraðili undirritaði slíka yfirlýsingu samhliða því sem hann gekkst í ábyrgð fyrir skuldabréfinu og verður að hafna því að ábyrgðinni verði vikið til hliðar á grundvelli samkomulagsins, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 132/2012.

Í ljósi alls framangreinds hefðu ekki verið fyrir hendi forsendur til að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. T. Var umrædd ábyrgð því gild.

Með vísan til framangreindra niðurstaðna varðandi gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á þeim skuldabréfum sem skuldabréfi nr. K var varið til uppgreiðslu á og 36. gr. laga nr. 7/1936 verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. K, að því leyti sem fjárhæð skuldabréfsins var umfram stöðu skuldabréfa nr. L, P, S og T, miðað við 25. júní 2007.

Þessari niðurstöðu færi ekki hagg að varnaraðili hafi í samningi A um greiðsluáðlögun samþykkt algjöra eftirgjöf á sammingskröfum. Það leiðir af eðli samninga um ábyrgðir að þeir hafa almennt aðeins þýðingu að aðalskuldari standi ekki við skuldbindingu sína. Það leiðir því ekki til niðurfalls ábyrgðar að skuldari reynist ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Samningur um greiðsluáðlögun byggir á þeirri forsendu að sýnt sé fram á að skuldari sé ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Hann hefur því ekki þau áhrif að ábyrgð sóknaraðila falli niður í máli þessu, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 74/2013.

Verður því næst vikið að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y.

Þegar skuldabréf nr. Y var gefið út, þann 30. ágúst 1996 hafði samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998, ekki tekið gildi og ekki heldur samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001. Var varnaraðila því ekki skylt að meta greiðslugetu útgefanda þess, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 44/2014. Hefur sóknaraðila ekki tekist að sanna að gilt hafi óskráð venja um að greiðslumat skyldi framkvæmt við útgáfu skuldabréfs, þannig að ósanngjarnt væri fyrir varnaraðila að halda ábyrgðinni upp á sóknaraðila, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Í ljósi framangreinds er kröfu sóknaraðila um ógildi sjálfskuldarábyrgðar hennar á skuldabréfi nr. Y hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, á skuldabréfi nr. K er ógild, að því leyti sem fjárhæð skuldabréfsins var umfram stöðu skuldabréfa nr. L, P, S og T, miðað við 25. júní 2007.

Kröfu sóknaraðila um ógildi sjálfskuldarábyrgðar hennar á skuldabréfi nr. Y er hafnað.

Reykjavík, 5. desember 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 10. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 72/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni upphaflega með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. júní 2014. Með tölvupósti sóknaraðila, dags. 15. júní 2014, var kvörtunin dregin til baka. Málið barst úrskurðarnefndinni annað sinn hinn 24. júní 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. júní 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Ný gögn bárust 24. júní 2014 og voru þau send varnaraðila samdægurs Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 14. júlí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. júlí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 5. ágúst 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 10. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 8. janúar 2003 var skjalið „Staða innheimtumáls nr. X. Viðmiðunardagur 8. janúar 2003“ sent A en kröfueigandi var tilgreindur FF. Aðalskuldari var A og ábyrgðarmenn voru tilgreindir sóknaraðili og B. Um var að ræða skuld vegna Visa greiðslukorts í FF, samtals að fjárhæð kr. 1.588.065.

Þann 14. janúar 2003 var skuldabréf nr. Y, að fjárhæð kr. 1.650.000, gefið út af A til FF. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Þann 11. apríl 2003 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs nr. Y, sem A skrifaði undir fyrir hönd sóknaraðila. Þann 9. september 2003 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs nr. Y, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Fyrir liggur skjal með yfirskriftinni „Staða innheimtumáls nr. Z. Viðmiðunardagur 26. október 2004“. Kröfueigandi var tilgreindur FF en aðalskuldari var A. Ábyrgðarmenn voru sóknaraðili og B. Um var að ræða kröfu skv. skuldabréfi

nr. Y, samtals að fjárhæð kr. 2.128.213. Eftirfarandi hefur verið handskrifað á skjalið: „2/12 '04 2.015.000“.

Þann 2. desember 2004 var skuldabréf nr. Þ, að fjárhæð kr. 2.700.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu. Aftan á skuldabréfið hefur verið ritað að það komi í stað eldri skuldabréfa á milli sömu aðila. Annað eldra skuldabréfið var útgefið 9. september 2003, upphaflega að fjárhæð kr. 1.808.705 og voru eftirstöðvar þess kr. 2.015.000 en hitt eldra skuldabréfið var gefið út þann 9. september 2003, upphaflega að fjárhæð kr. 488.796 og eftirstöðvar voru samtals kr. 590.000.

Þann 14. desember 2004 undirritaði sóknaraðili skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Óskaði sóknaraðili eftir að gangast í ábyrgð fyrir A fyrir láni að fjárhæð kr. 2.700.000. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá sparisjóðnum. Þá var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skjalinu. Staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 15. desember 2004 var framangreint skuldabréf greitt út.

Þann 3. desember 2007 og 1. ágúst 2008 voru gerðar breytingar á greiðsluskilmálum skuldabréfs nr. Þ, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 1. ágúst 2008 undirritaði sóknaraðili skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Óskaði hún eftir að gangast í ábyrgð fyrir A fyrir láni að fjárhæð kr. 2.806.504. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 1. september 2009 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 1. september 2009 var viðauki við skuldabréf nr. ÞÞ 0398-74-530484 undirritaður, m.a. af sóknaraðila. Samkvæmt beiðni samþykkti varnaraðili sóknaraðila og B sem viðbótarskuldara á umrætt skuldabréf og féll sjálfskuldarábyrgð þeirra þá niður.

Þann 13. desember 2010 var nauðasamningur A til greiðsluaðlögunar staðfestur í héraðsdómi Reykjavíkur þar sem kveðið var á um að allar samningskröfur skuldara yrðu gefnar eftir, þ.m.t. skuld skv. umþrættu skuldabréfi.

Sóknaraðili fékk einnig samþykkt heimild til greiðsluaðlögunar. Þann 29. desember 2011 barst umsjónarmanni sóknaraðila vegna nauðasamningsumleitana hennar kröfulýsing vegna greiðsluaðlögunar fyrir sóknaraðila. Kröfuhafi var FF en heildarsamtala kröfunnar var kr. 5.179.028.

Þann 3. desember 2013 var samningur um greiðsluaðlögun sóknaraðila samþykktur. Þar var samþykkt tveggja ára greiðsluaðlögunartímabil, greiðslur inn á samningskröfur og 90% niðurfelling samningskrafna við lok greiðsluaðlögunartímabils. Í samningnum var umræddu skuldabréfi stillt upp sem samningskröfu. Er í samningnum tekið fram að umsjónarmaður hafi kannað gildi ábyrgðarskuldbindinga sem leitt hafi í ljós að ábyrgð væri gild.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 24. júní 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst ógildingar ábyrgðarskuldbindingar nr. Þ. Á upphaflegu kvörtunareyðublaði sóknaraðila krafðist sóknaraðili niðurfellingar sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila og B á skjali merktu „Niðurstaða greiðslumats“, sem varnaraðili gerði við lánveitingu að fjárhæð kr. 2.700.000.

Sóknaraðili vísar til þess að ekki hafi verið farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við stofnun umræddrar ábyrgðarskuldbindingar. Með framkomu sinni hafi varnaraðili brotið gegn neytendarétti ábyrgðarmanns sem varinn sé í 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi gengist í ábyrgðina þann 2. desember 2004. Henni hafi ekki verið kynnt niðurstaða greiðslumats fyrr en 12 dögum seinna, þann 14. desember 2004. Upplýsingabæklingur bankans hafi heldur ekki verið kynntur og afhentur ábyrgðarmanni fyrr en 14. desember 2004. Ljóst sé að stofnað hafi verið til sjálfskuldarábyrgðar áður en greiðslumatið hafi verið framkvæmt á lántakanda og áður en það greiðslumat hafi verið birt fyrir sóknaraðila. Allar hugleiðingar varnaraðila um að ábyrgð sóknaraðila hafi ekki stofnast fyrr en síðar eigi einfaldlega ekki við rök að styðjast. Ábyrgð sóknaraðila hafi stofnast við undirritun yfirlýsingar um sjálfskuldarábyrgð sem sé skuldabréfið. Allar síðari aðgerðir og undirritanir byggja á því að um löglega kröfu sé að ræða. Sóknaraðili sé hvorki löglærð né sérfræðingur í skuldabréfaviðskiptum eins og FF, F, FFF og varnaraðili.

Sóknaraðili vísar til þess að henni hafi ekki verið tilkynnt hvort eða hvenær varnaraðili greiddi út viðkomandi lán, dags. 2. desember 2004. Þær upplýsingar hafi ekki legið fyrir né hafi þær verið kynntar sóknaraðila og því telur sóknaraðili það óviðkomandi málinu hvort að greiðsla hafi farið fram síðar eða ekki og því standist varakrafa varnaraðila ekki.

Sóknaraðili bendir á að ekkert í fyrirbyggjandi gögnum bendi til að aðalskuldari hafi staðfest niðurstöðu greiðslumats og að hann hafi heimilað bankanum að kynna ábyrgðarmanni niðurstöðuna. Niðurstaða greiðslumats sé neikvæð og hvergi í fyrirbyggjandi gögnum komi fram að ábyrgðarmaður vilji samt sem áður halda skuldbindingunni til streitu eða að henni hafi verið boðið að hætta við. Í fyrirbyggjandi gögnum komi fram að meira en helmingi lánsupphæðar hafi verið varið til greiðslu á öðrum skuldum lántakanda hjá bankanum en þessar fyrirætlanir hafi ekki verið kynntar ábyrgðarmanni fyrr en 12 dögum eftir að hún hafi gerst ábyrgðarmaður.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili vísi í málsgrein í greiðsluaðlögunarsamningi sem sóknaraðili hafi gert m.a. við varnaraðila þar sem segi m.a. að umsjónarmaður hafi kynnt sér gildi ábyrgðarskuldbindingar að baki kröfu varnaraðila og leitt í ljós að hún væri gild. Þessi yfirlýsing skipaðs umsjónarmanns geti þó ekki takmarkað réttindi sóknaraðila og beri þess augljós merki að umsjónarmaðurinn hafi einfaldlega ekki sinnt skyldum sínum að þessu leyti, enda ljóst eftir sem áður að greiðslumatið hafi ekki verið framkvæmt fyrr en 14. desember 2004 en stofnað hafi verið til ábyrgðarinnar 2. desember 2004. Sóknaraðili kveðst ekki hafa getað annað en treyst því að skipaður umsjónarmaður ynni vinnuna sína. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sem fylgt hafi með kröfunni til umsjónarmanns sóknaraðila, liggi ekki fyrir neitt skjal sem nefnt sé „Niðurstaða greiðslumats“, og því hafi verið erfitt fyrir hann að meta sjálfskuldarábyrgð á umræddu skuldabréfi. Sé varnaraðili að vísa í umræddan greiðsluaðlögunarsamning vill sóknaraðili minna á að varnaraðili samþykkti samninginn þar sem fram kom krafa FFF v. FF, skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð að

upphæð kr. 5.172.028. Hér hafi varnaraðili samþykkt kröfu með sjálfskuldarábyrgð en í sömu málavöxtum vitni varnaraðili í viðauka sem segi að sóknaraðili sé viðbótarskuldari og felldur niður sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Hér hafi varnaraðili því farið með misvísandi tilvísanir í þeim tilgangi að rugla málavexti.

Sóknaraðili bendir á að hún hafi verið gerð að meðskuldara 11. ágúst 2009 og jafnframt verið felld niður sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Þar sem krafa í greiðsluaðlögunarsamningi sé byggð á því að hún sé sjálfskuldarábyrgðaraðili og varnaraðili hafi samþykkt það líti sóknaraðili svo á að varnaraðili sé að gera kröfu í skuldabréfið, dags. 2. desember 2004, en ekki 11. ágúst 2009, þar sem sóknaraðili hafi ekki verið sjálfskuldarábyrgðaraðili lengur.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili taki fram að samningur A til greiðsluaðlögunar hafi verið staðfestur í héraðsdómi Reykjavíkur þar sem lagt hafi verið til að allar skuldir yrðu gefnar eftir, þ.m.t. skuld skv. umræddu skuldabréfi, 11. ágúst 2009. Varnaraðili hafi ekki mætt í héraðsdóm til að mótmæla þessari skuldaniðurfellingu og hafi hún verið samþykkt. Á þessu skuldabréfi hafi sóknaraðili ekki lengur verið sjálfskuldarábyrgðaraðili heldur meðskuldari og þar sem skuldin hafi verið felld niður og sóknaraðili ekki lengur sjálfskuldarábyrgðaraðili þá falli sú skuld niður. Eina sem eftir standi sé því skuldabréfið sem sóknaraðili hafi undirritað 2. desember 2004. Strax eftir að héraðsdómur hafi felld þessa skuld niður hafi farið að berast tilkynningar í heimabanka um sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila og þá hafi sóknaraðili allt í einu verið aftur orðin sjálfskuldarábyrgðaraðili, þrátt fyrir viðaukann sem segi að hún sé ekki lengur sjálfskuldarábyrgðaraðili.

Sóknaraðili vísar til þess að í aðalkröfu varnaraðila sé farið fram á að kvörtun verði vísað frá vegna þess að óskað sé eftir því að sjálfskuldarábyrgð B verði felld niður. Sóknaraðili bendir á að hún hafi sent inn kvörtun til úrskurðarnefndarinnar og dregið hana til baka. Seinna hafi hún sent inn nýja kvörtun þar sem ekki sé minnst á B. Sé því aðalkrafa varnaraðila byggð á röngum forsendum og viti varnaraðili betur því honum hafi verið tilkynnt að fyrri krafa hafi verið dregin til baka. Hér geri varnaraðili aftur tilraun til að rugla málavexti. Sóknaraðili fari því fram á að aðalkrafa varnaraðila verði gerð ómarktæk og felld niður enda standist hún ekki málavexti sóknaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinnar vísar varnaraðili til 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum leggur sóknaraðili fram kvörtunina og geri kröfur fyrir hönd B. Með undirritun sinni á umrædda kvörtun gefi hún nefndinni þar með samþykki fyrir því að hún fái öll gögn í hendur frá varnaraðila sem málið varði. Þrátt fyrir undirritun sóknaraðila liggja ekki fyrir undirritað eða vottað umboð til handa henni. Virðist hún gera kröfur fyrir hönd B og gefi samþykki til nefndarinnar til að leita upplýsinga um hann án heimilda í sérstöku umboði eða lögum. Í ljósi ofangreinds umboðsskorts sóknaraðila og skorti hennar á lögvörðum hagsmunum telur varnaraðili að vísa beri málinu að því leyti frá úrskurðarnefndinni.

Til stuðnings varakröfu sinni bendir varnaraðili á að þann 1. september 2009 hafi sóknaraðili gerst viðbótarskuldari á umþrættu skuldabréfi. Þá hafi

sjálfskuldarábyrgðin fallið niður og sóknaraðili orðið skuldari. Í ljósi þess telur varnaraðili sóknaraðila ekki hafa lögvarða hagsmuni af kröfugerð sinni og krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Vilji svo til að nefndin fallist ekki á ofangreinda málsástæðu bendir varnaraðili á að hann og fyrri kröfuhafi hafi uppfyllt allar skyldur sem á þeim hafi hvílt samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við upphaflega lánveitingu til lántaka, þegar gengið hafi verið frá töku sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila. Varnaraðili telur sig hafa uppfyllt skyldur samkvæmt 3. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Niðurstaða greiðslumatsins sem framkvæmt hafi verið á skuldara hafi gefið skýrlega til kynna að það benti til þess að lántaki gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Þá hafi einnig komið skýrlega fram á niðurstöðunum að ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjárins til endurgreiðslu annarra lána skuldara. Loks hafi varnaraðili tryggt með samþykki greiðanda að sóknaraðili gæti kynnt sér niðurstöður greiðslumatsins áður en hún hafi gengist í ábyrgð. Sóknaraðili hafi undirritað niðurstöður greiðslumats þann 14. desember 2004 en lánið hafi ekki verið greitt út fyrir en daginn eftir eða þann 15. desember 2004. Þannig hafi greiðslumat verið framkvæmt á skuldara og það kynnt ábyrgðarmönnum áður en þeir hafi tekist á hendur ábyrgðina.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili byggi m.a. á því að hún hafi ekki verið upplýst um neikvæða greiðslugetu skuldara fyrir en 12 dögum eftir undirritun skuldabréfsins og hvergi í fyrirliggjandi gögnum komi fram að ábyrgðarmenn hafi viljað halda skuldbindingunni til streitu þrátt fyrir neikvætt greiðslumat eða að þeim hafi verið boðið að hætta við. Varnaraðili bendir á að síðari fullyrðing sóknaraðila sé beinlínis röng enda komi eftirfarandi fram efst á niðurstöðu greiðslumatsins: „Undirritaður/ritaðir ábyrgðarmaður/menn óska eftir að gangast í ábyrgð (sjálfskuldarábyrgð) eða veita veð í fasteign minni/okkar fyrir neðangreindan lántaka á þeim skuldum sem tilgreindar eru í skjali þessu“. Með því að undirrita neikvæða niðurstöðu greiðslumats hafi sóknaraðili staðfest að þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu greiðslumatsins og að það yrði notað til greiðslu á eldri skuldum lántaka þá hafi hún samt sem áður viljað gangast í ábyrgð. Hafi hún ekki haft hug á að gangast í ábyrgð þá hefði hún getað sleppt því að undirrita niðurstöðublaðið og neitað að samþykkja útgreiðslu lánsins, sbr. tilvitnun til 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins á niðurstöðublaðinu.

Varnaraðili kveður sóknaraðila benda réttilega á að niðurstaða greiðslumatsins sé dagsett 12 dögum á eftir skuldabréfinu. Telji sóknaraðili að varnaraðili hafi með því vanrækt að kynna henni niðurstöðu þess áður en hún hafi gengist í ábyrgðina, sbr. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Varnaraðili mótmælir því harðlega og bendir á að þrátt fyrir að niðurstaða greiðslumatsins sé dagsett á eftir skuldabréfinu liggi skýrt fyrir að skuldabréfið hafi ekki verið greitt út fyrir en einum degi eftir undirritun greiðslumatsins. Ábyrgðarkrafa lánveitanda og sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila hafi því fyrst orðið virk þegar skuldabréfið hafi verið keypt og greitt út. Niðurstaða greiðslumatsins og yfirlýsing sóknaraðila þess efnis að hún hafi þrátt fyrir neikvætt greiðslumat viljað takast á hendur sjálfskuldarábyrgð hafi því verið kynnt og undirrituð áður en hún hafi gengist í ábyrgð. Máli sínu til stuðnings vísar varnaraðili í meginreglu samninga- og kröfuréttar um að ábyrgðarmenn verði ekki bundnir við ábyrgðaryfirlýsingu sína nema það stofnist jafnframt gild krafa á hendur aðalskuldara. Þessi meginregla komi m.a. fram í grein Benedikts Bogasonar „Lok kröfuábyrgðar“. Krafa varnaraðila hafi ekki stofnast fyrir en 15. desember 2004 og þar með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila. Telur varnaraðili það því gefa auga leið að sóknaraðila hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins áður en ábyrgð hennar hafi

orðið virk og þ.a.l. geti ekki komið til álita að fella ábyrgðina niður með vísan til 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins og 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Sóknaraðila hafi jafnframt verið í lófa lagið við undirritun niðurstöðublaðsins að synja því að lánið yrði veitt, sbr. tilvitnun í 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins á niðurstöðublaðinu.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili haldi því fram að fyrirætlanir um að nota meira en helming lánsfjárhæðarinnar til að greiða upp eldri lán skuldara hafi ekki verið kynntar henni fyrir en eftir undirritun skuldabréfsins. Varnaraðili hafnar þessum fullyrðingum sóknaraðila sem bersýnilega röngum. Komi skýrlega fram á bakhlið skuldabréfsins að það eigi að notast til að greiða upp tvö eldri lán skuldara. Jafnframt sé annað þeirra lána lán sem sóknaraðili hafi þegar verið ábyrgðarmaður fyrir.

Varnaraðili telur að þótt ekkert greiðslumat hefði verið gert þá hefði það ekki komið að sök vegna ítarlegrar vitneskju sóknaraðila á fjárhagserfiðleikum skuldara. Markmið greiðslumats sé að upplýsa um greiðslugetu skuldara sem sóknaraðili hafi haft fulla vitneskju um mörgum árum fyrir lánveitinguna. Þann 14. janúar 2003 hafi sóknaraðili tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. Y. Hafi andvirði skuldabréfsins verið varið til greiðslu á skuld vegna Visakorts og yfirdráttarheimildar. Hafi sóknaraðili verið í ábyrgð fyrir greiðslu skuldar á vísakortinu en í desember 2001 hafi gjaldfallin skuld á kortinu numið rúmri milljón. Þá hafi skuldabréfi nr. Y verið skilmálabreytt í tvígang, fyrst þann 11. apríl 2003 og síðar þann 9. september 2003. Hafi sóknaraðili því vitað um greiðsluferfiðleika skuldara í að minnsta kosti þrjú ár áður en hún hafi gengist í ábyrgð fyrir greiðslu umrædds skuldabréfs. Umþrættu skuldabréfi hafi jafnframt verið skilmálabreytt í þrjúgang, fyrst þann 3. desember 2007, í annað sinn þann 1. ágúst 2008 og í þriðja sinn þann 1. september 2009. Fyrir aðra skilmálabreytinguna hafi skuldari verið greiðslumetinn aftur og þrátt fyrir að niðurstaða þess benti til þess að skuldari gæti ekki staðið við skuldbindinguna hafi sóknaraðili samt sem áður skrifað undir skilmálabreytinguna og greiðslumatið.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi sýnt af sér verulegt tómlæti við að halda fram rétti sínum með því að samþykkja athugasemdalaust nýjar lánveitingar, fjölmargar skilmálabreytingar, gerast meðskuldari á umþrættu skuldabréfi og að setja ekki fram beiðni um afléttingu sjálfskuldarábyrgðarinnar fyrir en tæpum tíu árum eftir lánveitinguna. Jafnframt bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi staðfest gildi ábyrgðar sinnar með undirritun á samning um greiðsluaðlögun. Í samningnum komi fram að umsjónarmaður sóknaraðila hafi kannað gildi ábyrgðarskuldbindinga að baki þessari kröfu og að niðurstaða þeirrar könnunar hafi leitt í ljós að hún væri gild. Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga skuli frumvarp til sammings um greiðsluaðlögun samið í samráði við skuldara. Því næst eigi að senda frumvarpið sem samið hafi verið í samráði við skuldara til lánardrottna til að taka afstöðu til þess. Hafi sóknaraðili því verið meðvituð um könnun umsjónarmanns á gildi ábyrgðarskuldbindingarinnar og lýsi sig sammála niðurstöðu hans með sendingu frumvarpsins til lánardrottna og undirritun á samninginn.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. Þ, útgefnu af A til FF.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá á þeim grundvelli að B hafi ekki lögvarða hagsmuni af kröfugerðinni. Í kvörtun sóknaraðila

sem barst úrskurðarnefndinni hinn 24. júní 2014 gerir hún ekki kröfur er lúta að B, það var hins vegar gert í upphaflegri kvörtun sóknaraðila, dags. 6. júní 2014, sem dregin var til baka með tölvupósti, dags. 15. júní 2014 og varnaraðili var upplýstur um. Verður að hafna aðalkröfu varnaraðila.

Verður því næst vikið að kröfu sóknaraðila varðandi gildi sjálfskuldarábyrgðar hennar á skuldabréfi nr. Þ

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Á skjalinu kemur fram að niðurstaða greiðslumats bendi til þess að lántakandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Skjalið var undirritað 14. desember 2004, en útgáfudagur umrædds skuldabréfs var 2. desember 2004. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur fram að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Sóknaraðili skrifaði undir skuldabréf nr. Þ þann 2. desember 2004 og gekkst þar með í ábyrgðina þann dag og skiptir í því samhengi ekki máli þótt krafa varnaraðila á hendur aðalskuldara hafi ekki stofnast fyrr en við útgreiðslu lánsins 15. desember 2004, sbr. t.d. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 102/2012 og 150/2012.

Það verklag varnaraðila að afla fyrst ábyrgðarinnar, en senda sóknaraðila síðar til undirritunar skjal með forprentaðri yfirlýsingu um að sóknaraðili óskaði eftir að gangast í sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu og tilvísun til 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, var til þess fallið að hún gengist í ábyrgðina. Þetta verklag var í brýnni andstöðu við þær skuldbindingar sem fjármálafyrirtæki, þ.á.m. varnaraðili höfðu gengist undir með fyrrnefndu samkomulagi, sbr. t.d. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 102/2012 og 20/2013.

Ekki liggja fyrir gögn sem staðfesta að sóknaraðila hafi verið gefinn kostur á að hætta við að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds skuldabréfs áður en hún skrifaði undir skjalið „Niðurstaða greiðslumats“, sbr. t.d. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 41/2012 og 48/2012.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti, áður en hún samþykkti að gangast í sjálfskuldarábyrgð, og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hennar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili

hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að ábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila verði látin standa.

Við mat á því hvort víkja eigi sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga er til þess að líta að hluta lánsins var ráðstafað til greiðslu á skuldabréfi nr. Y, sem tryggt var með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila.

Ekki liggur annað fyrir en að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y hafi verið gild og hefur sóknaraðili ekki gert athugasemd við gildi hennar. Verður á því byggt að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y hafi verið gild. Í ljósi þess hefðu ekki verið forsendur til að víkja sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Þ til hliðar að því leyti sem hún var umfram stöðu skuldabréfs nr. Þ miðað við 2. desember 2014, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Með vísan til ofangreinds hefðu verið fyrir hendi forsendur til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Þ, að því leyti sem hún var umfram stöðu skuldabréfs nr. Y, miðað við 2. desember 2014, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936, en þar sem sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Þ féll niður með viðauka, dags. 1. september 2009, verður ábyrgðinni eðli máls samkvæmt ekki vikið til hliðar.

Þann 1. september 2009 var gerður viðauki við skuldabréf nr. Þ þar sem sóknaraðili og B, tókust á hendur greiðsluskyldu á skuldabréfinu ásamt fyrri skuldara en jafnframt féll sjálfskuldarábyrgð þeirra niður. Með útgáfu þessa viðauka stofnaðist gildur samningur milli sóknaraðila og varnaraðila.

Kemur því næst til skoðunar hvort víkja megi þessum samningi til hliðar. Í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 segir að samningi og öðrum löggerningum megi víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera þá fyrir sig. Í 2. mgr. greinarinnar segir að við mat samkvæmt 1. mgr. skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.

Sóknaraðili kveðst hafa talið að sjálfskuldarábyrgð hennar hafi verið gild frá 2. desember 2004. Þegar skuldabréfið var gefið út var ekki jafnræði með aðilum og verður að skoða vilja sóknaraðila til samningsgerðarinnar með hliðsjón af því.

Þótt telja megi að sóknaraðili hafi sýnt af sér nokkurt tómlæti um rétt sinn þegar hún undirritaði viðauka skuldabréfsins þann 1. september 2009 og frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun þann 3. desember 2013, verður í því samhengi að líta til þess hvernig á ógildingunni stendur. Skuldbindingar fjármálafyrirtækja til að greiðslumeta skuldara í þágu ábyrgðarmanna eru einkum til komnar vegna þess aðstöðumunar sem er á milli fyrirtækjanna og ábyrgðarmanna. Almennt er hætt við því að ábyrgðarmenn leggi allt traust á fjármálafyrirtækið og gangi út frá því að það fylgi í hvívetna lögum, góðum venjum og öllum reglum sem það hefur undirgengist. Í þessu samhengi virðist það ótæk niðurstaða að fjármálafyrirtæki sem hefur bæði brotið gegn skuldbindingum sínum gagnvart ábyrgðarmanni um að greiðslumeta skuldara og síðar fengið hann til að undirrita láns skjöl vegna ógildrar ábyrgðar, geti borið fyrir sig tómlæti ábyrgðarmannsins.

Þar sem forsendur voru til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Þ að því leyti sem hún var umfram stöðu skuldabréfs nr. Y, miðað við 2. desember 2004, á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, hefði varnaraðili átt að upplýsa sóknaraðila um þá aðstöðu. Ekki liggja fyrir nein gögn um að sóknaraðila hafi verið gefinn kostur á að hætta við að gerast skuldari á skuldabréfi nr. Þ, eða bent á að fá aðstoð við að fara yfir réttarstöðu sína.

Þegar á allt þetta er litið verður að telja að atvik við samningsgerðina og staða samningsaðila geri það að verkum að varnaraðili geti ekki haldið skuldabréfi nr. Þ upp á sóknaraðila, að því leyti sem það er umfram stöðu skuldabréfs nr. Y miðað við 2. desember 2004, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávísunarkröfu varnaraðila, F, er hafnað.

Sóknaraðili, M, ber ekki greiðsluskyldu á skuldabréfi nr. Þ, að því leyti sem fjárhæð skuldabréfsins er umfram stöðu skuldabréfs nr. Y, miðað við 2. desember 2004.

Reykjavík, 10. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 3. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 74/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 12. júní 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 2. júní 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. júní 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. júlí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. júlí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 8. júlí 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 3. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 3. mars 2008 tók sóknaraðili við bílaláni nr. X. Samhliða sölu sóknaraðila á bílnum hinn 5. september 2011 áttu sér stað skuldaraskipti á láninu.

Þann 14. júní 2011 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna A og B við varnaraðila á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þar sem fyrrnefndum félögum var slitið án skuldaskila og þau sameinuð varnaraðila. Miðaðist samruninn við 31. desember 2010.

Þann 19. febrúar 2013 afskrifaði varnaraðili kr. 614.211 vegna skuldabréfs nr. Y í kjölfar vanskila og árangurslausra innheimtuaðgerða. Skuldabréfið var útgefið var hinn 22. júní 1999 af C til FF, upphaflega að fjárhæð kr. 740.000. Skuldabréfið var tryggt með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila og D.

Þann 6. maí 2014 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila um leiðréttan endurreikning á láni nr. X fyrir það tímabil sem hún var skuldari lánsins. Áður hafði varnaraðili endurreiknað lán sóknaraðila miðað við fyrrgreint tímabil, í kjölfar dóma Hæstaréttar sem gengu á árinu 2010 og í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2010, sem m.a. breyttu ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013 leiðrétti varnaraðili

endurreikninginn. Útreikningur leiðréttis endurreiknings var miðaður við 19. febrúar 2013 þegar varnaraðili afskrifaði skuldabréf nr. Y og nam inneign eftir leiðréttingu kr. 91.326. Í bréfinu lýsti varnaraðili yfir skuldajöfnuði inneignarinnar á móti afskrift skuldabréfs nr. Y að fjárhæð kr. 614.211.

Þann 14. maí 2014 kvartaði sóknaraðili við varnaraðila vegna skuldajafnaðarins. Varnaraðili svaraði samdægurs og kvað það mat lögfræðinga að almennar reglur kröfuréttar næðu yfir að skuldajafna inneign sóknaraðila hjá bankanum vegna endurreiknings á bílaláni á móti skuldabréfinu.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 2. júní 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fá greiddar kr. 91.326, þ.e. endurreikning af bílaláni frá A nr. X.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir því að varnaraðili noti endurgreiðsluupphæðina, kr. 91.326, í eigin þágu. Sóknaraðili telur að skuldajöfnuður eigi ekki við en sé svo eigi fyrsti valkostur bankans að vera að greiða upphæðina inn á yfirdráttarskuld á reikningi sóknaraðila nr. Z og lækka yfirdráttinn um þær kr. 91.326 sem málið snúist um.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi selt bifreið skv. bílasamningi nr. X þann 5. september 2011, þ.e.a.s. mánuði áður en B og A hafi sameinast undir merkjum varnaraðila. Bílalán nr. X hafi því ekki verið eign varnaraðila meðan sóknaraðili hafi greitt af því og hafi ekki verið á vegum sóknaraðila þegar varnaraðili og A hafi sameinast. Varnaraðili hafi því ekki heimild til þess að skuldajafna. Þótt varnaraðili hafi tekið yfir skuldbindingar A geti hann ekki fært fyrrverandi viðskiptavin fyrirtækis, þ.e. sóknaraðila á milli fyrirtækjanna eða farið með greiðslur til hans sem séu tilkomnar hjá A fyrir sameininguna við varnaraðila, eins og sóknaraðili hafi verið í viðskiptum við varnaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar um skuldajafnaðarrétt til almennra reglna kröfuréttar um skuldajöfnuð. Svo annar aðili skuldarsambands geti krafist skuldajafnaðar þurfi tilteknum skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi þurfi aðalkrafan og gagnkrafan að vera gagnkvæmar, þ.e. að vera á milli sömu aðila. Í öðru lagi þurfi þær að vera sambærilegar, þ.e. sama tegundarákveðna greiðslan. Í þriðja lagi þurfi þær að vera hæfar til að mætast hvað greiðslutíma varði. Loks þurfi gagnkrafan að vera lögvarin krafa. Varnaraðili telur einsýnt að framangreind skilyrði séu uppfyllt í málinu að því er varði kröfu varnaraðila um greiðslu skv. skuldabréfi nr. Y og endurgreiðslukröfu sóknaraðila. Ekki skipti máli þótt skuldajafnaðarréttur fjármálafyrirtækja gagnvart viðskiptamönnum sé almennt háður verulegum takmörkunum í samræmi við það hlutverk fjármálafyrirtækja að taka að sér vörslur fjármuna fyrir viðskiptamenn sína, enda eigi slík sjónarmið ekki við um kröfu viðskiptamanns um útgreiðslu fjár vegna endurreiknings á láni á sama tíma og hann skuldi sama fjármálafyrirtæki gjaldfallnar peningakröfur, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í málum nr. 83/2013 og 2/2014. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að í kvörtuninni vísi sóknaraðili til þess að verði skilyrði skuldajafnaðar talin uppfyllt í málinu sé „*fyrsti valkostur [...] að bankanum beri þá að greiða upphæðina inn á yfirdráttarskuld á reikningi hennar nr. Z og lækka yfirdráttinn um þær kr. 91.326, sem málið [snúist] um*“. Af þessu tilefni bendir varnaraðili á að samkvæmt almennum reglum kröfuréttar um skuldajöfnuð hafi sá sem lýsi yfir skuldajöfnuði val um til greiðslu hveðrar skuldar gagnkrafa hans skuli renna. Hvað sem því líði telur varnaraðili þó rétt að benda á að hvað yfirdráttarskuld sóknaraðila varði sé fyrrgreint skilyrði skuldajafnaðar um að kröfur þurfi hvað greiðslutíma varði að vera hæfar til að mætast ekki uppfyllt. Í skilyrðinu felist nánar tiltekið að gjalddagi gagnkröfu þurfi að vera kominn svo unnt sé að lýsa yfir skuldajöfnuði. Varnaraðili eigi ekki rétt á efndum á yfirdrættinum meðan yfirdráttarheimild sóknaraðila sé fyrir hendi og geti því hvorki krafist né knúið fram greiðslu kröfunnar, hvorki með skuldajöfnuði né á annan hátt. Sóknaraðili verði því að sæta því að krafa varnaraðila skv. skuldabréfi nr. Y hafi verið nýtt til efnda á endurgreiðslukröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu vegna láns nr. Y á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Þann 14. júní 2011 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna A og B við varnaraðila, á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Varnaraðili tók við öllum réttindum og skyldum B og A. Varnaraðili varð þannig skuldari að kröfu sóknaraðila á hendur A.

Í íslenskum rétti hefur verið talið að heimild fjármálafyrirtækja til að skuldajafna peningakröfum sem þau eignast á viðskiptamenn sína við innstæður eða önnur fjárhagsleg réttindi sem viðskiptamaðurinn á í viðkomandi banka eða sparisjóði sé miklum takmörkunum háð. Styðjast þessar takmarkanir öðru fremur við það hlutverk fjármálafyrirtækja að taka að sér vörslur fjármuna fyrir viðskiptamenn sína. Er það almennt ekki samræmanlegt þessu hlutverki að banki gangi að innstæðum eða öðrum fjárhagslegum réttindum til að fullnusta eigin kröfur. Þessi sjónarmið eiga á hinn bóginn ekki við um kröfu viðskiptamanns um útgreiðslu fjár vegna endurreiknings skuldabréfaláns, á sama tíma og hann skuldar sama banka gjaldfallnar peningakröfur, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 83/2013 og 2/2014.

Ekki fæst séð að í ákvörðun um að afskrifa umrædda kröfu úr bókhaldi sínu eða í síðari samskiptum við sóknaraðila, hafi falist að krafan væri felld niður gagnvart henni.

Ekki verður fallist á með sóknaraðila að varnaraðila verði gert að skuldajafna yfirdrætti á reikningi á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár, enda hefur varnaraðili samkvæmt almennum reglum kröfuréttar val um til greiðslu hveðrar skuldar gagnkrafa hans skuli renna.

Verður í ljósi alls framangreinds ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 3. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 10. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 75/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 12. júní 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 12. júní 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. júní 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 26. júní 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. júní 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 11. ágúst 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 10. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 12. nóvember 2007 gerðu A, eiginmaður sóknaraðila, og FF lánsamning að upphaflegri fjárhæð kr. 108.000.000. Til tryggingar greiðslu allra skulda sinna við FF gaf A út 7 tryggingarbréf, sem öll eru tryggð með veði í fasteign sóknaraðila. Tílefni lánveitingarinnar, sbr. 2. gr. lánsamningsins, var endurfjármögnun skuldbindinga A og B, við FF og kaup á hlutabréfum.

Þann 14. september 2005 gaf A út tryggingarbréf nr. X, að fjárhæð kr. 10.000.000 til tryggingar öllum skuldum A við FF. Tryggingarbréfið var tryggt með 2. veðrétti í fasteigninni C. Með yfirlýsingu útgefinni 11. desember 2006 var gerður viðauki við tryggingarbréfið og skyldi það eftirleiðis einnig tryggja allar skuldir B ehf. við FF.

Þann 2. maí 2005 gaf A út tryggingarbréf nr. Y, að fjárhæð kr. 20.000.000 til tryggingar öllum skuldum A við FF. Upphaflega hvíldi tryggingarbréfið á fasteigninni D. Með viðauka við tryggingarbréfið, dags. 3. október 2005 var fasteignin C einnig sett að veði.

Þann 12. júní 2006 gaf A út tryggingarbréf nr. Z, að fjárhæð EUR 193.000 til tryggingar öllum skuldum A við FF. Tryggingarbréfið var tryggt með 4. veðrétti í fasteigninni C.

Þann 12. október 2005 gaf A út tryggingarbréf nr. Þ, að fjárhæð kr. 10.000.000, til tryggingar öllum skuldum A við FF. Tryggingarbréfið hvíldi upphaflega á 4. veðrétti á fasteigninni C en hvílir nú á 5. veðrétti. Með yfirlýsingu útgefinni 11. desember 2006 var gerður viðauki við tryggingarbréfið og skyldi það eftirleiðis tryggja allar skuldir B ehf. við FF.

Þann 2. apríl 2003 gaf A út tryggingarbréf nr. Æ, að upphaflegri fjárhæð kr. 3.000.000. Tryggingarbréfið var tryggt með 6. veðrétti í fasteigninni D. Með veðflutningi og veðbandslausn, dags. 30. maí 2006, var tryggingarbréfið veðflutt yfir á C en D veðbandsleyst. Með yfirlýsingu útgefinni 18. mars 2006 var gerður viðauki við tryggingarbréfið og skyldi það eftirleiðis einnig tryggja allar skuldir B ehf. við FF.

Þann 5. febrúar 2007 gaf A út tryggingarbréf nr. Ö, að upphaflegri fjárhæð kr. 10.000.000. Tryggingarbréfið er tryggt með 7. veðrétti í fasteign sóknaraðila, C.

Þann 23. október 2007 gaf A út tryggingarbréf nr. R. Tryggingarbréfið er að upphaflegri fjárhæð kr. 57.700.000 og er tryggt með 9. veðrétti í fasteign sóknaraðila að C og fasteigninni E.

Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 2011, í máli nr. E-S, FFF gegn A og sóknaraðila, var A dæmdur til að greiða FFF kr. 132.873.860 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. desember 2008 til greiðsludags, vegna lánsammans nr. T 150031. Sóknaraðili var dæmd til að þola staðfestingu veðréttar skv. öllum ofangreindum tryggingarbréfum í fasteign hennar að C, en fyrir kr. 8.218.600 samkvæmt síðastgreinda tryggingarbréfinu sem þá hvíldi á 8. veðrétti.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 12. júní 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðarskuldbindingar nr. X, Þ, Z, Y, U, Æ, Ö, R, verði úrskurðaðar ógildar.

Sóknaraðili vísar til þess að henni hafi aldrei verið kynnt mat á greiðslugetu skuldara þrátt fyrir samkomulag fjármálastofnana, þ.á.m. FF, um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, sbr. 3. gr. þess. Sóknaraðili kveðst ekki hafa upplýsingar um hvort slíkt mat hafi farið fram en í öllu falli liggja fyrir að ekki sé um það að ræða að hún hafi óskað eftir því að slíkt mat færi ekki fram. Sé því ljóst að FF hafi brotið gegn umræddu samkomulagi.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi sótt um greiðsluaðlögun 24. febrúar 2011 og hafi þar af leiðandi verið í greiðsluskjóli til 31. október 2013 er kærufnd greiðsluaðlögunarmála hafi staðfest höfnun umboðsmanns skuldara á umsókn hennar. Á árinu 2013 hafi sóknaraðili komist að því að héraðsdómur Reykjavíkur hafi kveðið upp dóm á hendur henni þann 12. desember 2011, þar sem staðfestur hafi verið veðréttur FF skv. áðurnefndum tryggingarbréfum. Sóknaraðili kveðst aldrei hafa fengið stefnu í hendur en fyrir liggja að A hafi tekið við stefnu á heimili sóknaraðila. Á þeim tíma hafi þau ekki búið saman og hafi ekki átt lögheimili saman. Sóknaraðila hafi þannig ekki gefist kostur á að halda uppi vörnum í dómsmálinu.

Sóknaraðili bendir á að einstaklingur í greiðsluskjóli eigi eðli máls samkvæmt ekki kost á lögfræðilegri ráðgjöf eins og hún hefði þurft í kjölfar útivistardóms

héraðsdóms. Þess utan hafi lögbundið greiðsluskjól og þær skyldur sem því fylgi, gefið sóknaraðili villandi mynd af lagalegri stöðu gagnvart veðhöfum.

Sóknaraðili bendir á að þann 2. október 2013 hafi FF verið send krafa um niðurfellingu umræddra ábyrgðarskuldbindinga. Erindinu hafi verið hafnað með bréfi 18. október 2013, einkum með vísan til þess að skuldari hafi verið maki sóknaraðila og að slíkar ábyrgðaryfirlýsingar falli ekki innan gildissviðs nefnds samkomulags. Sóknaraðili bendir á að þessari málsástæðu hafi verið hafnað af Hæstarétti, m.a. í Hæstaréttarmálinu nr. 611/2013. Þá hafi úrskurðarnefndin sjálf einnig hafnað þessum skilningi FF á ábyrgðarskuldbindingum maka, sbr. úrskurður nefndarinnar í máli nr. 81/2011.

Sóknaraðili vísar til þess að FF hafi mátt vera ljóst að lántökur A hafi verið vegna áhættufjárfestingar, s.s. fram komi í lánasamningi hans og FF, dags. 12. nóvember 2011. Sóknaraðila hafi ekki verið kynntur sá lánasamningur þrátt fyrir að um verulega fjárhæð, kr. 108.000.000, væri að ræða en til tryggingar lánasamningnum hafi verið veðleyfi sóknaraðila. Það hafi verið ámælisvert að kynna ekki tilvist þessa lánasamnings fyrir sóknaraðila. Þá hafi það verið sérlega ámælisvert af FF að kynna ekki fyrir sóknaraðila mat á greiðsluhæfni A þegar á árinu 2005 er fyrsta tryggingarbréfið hafi verið undirritað.

Sóknaraðili mótmælir kröfu varnaraðila um frávísun. Dómsmál það sem varnaraðili vísi til kröfu sinni til stuðnings, mál nr. E-S hafi verið höfðað, flutt og tekið til dóms án vitneskju sóknaraðila sem hafi þannig ekki haft tök á að taka til varna í málinu. Í máli því hafi eðli máls samkvæmt ekki verið fjallað um starfshætti FF að því er varði þátt sóknaraðila í máli skuldarans. Með dómnum hafi vissulega verið staðfestur veðréttur í fasteignum sóknaraðila. Ágreiningur sóknaraðila við varnaraðila um forsendur veðrættarins standi hins vegar enn óhaggaður.

Sóknaraðili bendir á að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfi samkvæmt samkomulagi fjármálafyrirtækja og annarra aðila. Nefndinni sé ekki ætlað að kveða upp dóma og úrskurðir hennar séu ekki bindandi nema að nokkru leyti. Sóknaraðili hafi haft uppi kröfu gagnvart varnaraðila sem lúti að því að fá niðurfelldan nefndan veðrétt með vísan til starfshátta FF. Varnaraðila sé í lófa lagið að taka málið til efnislegrar meðferðar óháð fyrirliggjandi dómi héraðsdóms. Það hafi varnaraðili ekki gert heldur einungis vísað til dómsins og hafnað öllum kröfum sóknaraðila. Fyrir liggja þannig efnislegur ágreiningur sóknaraðila við varnaraðila sem í sjálfu sér hafi ekki verið borinn undir dómstóla. Hvorki fyrirliggjandi dómsniðurstaða né samþykktir fyrir úrskurðarnefndina komi þannig í veg fyrir að úrskurðarnefndin fjalli um ágreining sóknaraðila við varnaraðila.

Sóknaraðili bendir á að í athugasemdum varnaraðila sé staðhæft að sóknaraðili hafi staðfest með undirritun sinni að hafa kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir. Á einu tryggingarbréfi nr. Z, hafi yfirlýsing þessi verið stimpluð á skjalið undir undirritun sóknaraðila. Yfirlýsingin sjálf sé hins vegar ekki undirrituð af sóknaraðila. Á tveimur öðrum tryggingarbréfum nr. R og Ö hafi sóknaraðili vissulega ritað undir yfirlýsingu þessa. Sóknaraðili fullyrði hins vegar að bæklingur þessi hafi ekki verið kynntur henni. Allt að einu liggja fyrir að sóknaraðila hafi aldrei verið kynnt mat á greiðsluhæfni skuldara sem fram hafi átt að fara skv. 3. gr. samkomulagsins. Sóknaraðili hafi ítrekað óskað eftir upplýsingum um hvort að greiðslumat hefði farið fram en hafi aldrei fengið nein svör. Í gögnum máls þessa liggja enda ekkert fyrir um að greiðslumat hafi í raun farið fram. Þegar af þeirri ástæðu hljóti nefndin að komast að þeirri niðurstöðu að umrædd veðsetning sé ógild. Þess utan sé fráleit sú málsástæða varnaraðila hvað varði upplýsingagjöf til sóknaraðila að þessu leyti. Því sé harðlega

mótmælt að mat á greiðsluhæfni lántaka, sem fullyrða megi nú að hljóti að hafa verið neikvætt hefði það farið fram, hafi verið nægilega kynnt sóknaraðila með tilvísun til texta í bæklingi um að greiðslumat skuli framkvæma. FF hafi borið að kynna sóknaraðila niðurstöðu matsins áður en sóknaraðili hafi gengist í stórfelldar ábyrgðir fyrir lántöku skuldara.

Sóknaraðili byggir á því að henni hafi ætíð verið tjáð að með því að skrifa undir ný tryggingarbréf myndu önnur tryggingarbréf falla niður. Reyndin hafi hins vegar verið sú að FF veitti skuldara lán þann 12. nóvember 2007, að fjárhæð kr. 108.000.000 þannig að eldri tryggingarbréf skyldu standa til tryggingar láninu. Þetta lán hafi verið veitt án allrar aðkomu og vitneskju sóknaraðila og hafi FF aldrei haft samband við sóknaraðila af þessu tilefni. Það sé vítavert.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til 6. og 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Varnaraðili bendir á að ágreiningur sá sem sóknaraðili leggi nú fyrir úrskurðarnefndina hafi þegar verið útkljáður með dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-S og sé þar af leiðandi ekki tækur til efnismeðferðar fyrir úrskurðarnefndinni. Varnaraðili telur að túlka verði ákvæði d-liðar 6. gr. og 7. gr. samþykktanna á þann veg að nefndin fjalli ekki um sakarefni sem dómstólar hafi áður fjallað og dæmt um, enda væri nefndin með því að ganga inn á valdsvið dómstóla, sbr. m.a. 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Varnaraðili byggir jafnframt á að skv. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sé dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem komi að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem dæmdar séu þar að efni til. Að mati varnaraðila verði að túlka 116. gr. á þann veg að það girði einnig fyrir að aðili geti borið mál um sömu kröfu undir úrskurðar- eða áfrýjunarnefnd.

Varnaraðili bendir einnig á að skv. áður tilvitnuðum dómi héraðsdóms Reykjavíkur hafi sóknaraðili ekki sótt þing og því hafi málið verið dæmt eftir kröfum og málalíbúnaði stefnanda, sbr. 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991. Hefði sóknaraðili við uppkvaðningu dómsins talið niðurstöðuna efnislega ranga hefði henni borið að beiðast endurupptöku málsins, sbr. 4. mgr. 96. gr. og XXIII. kafla laganna. Sóknaraðili hafi látið undir höfuð leggjast að óska eftir endurupptöku málsins og því telji varnaraðili að ekki verði bætt úr því með því að leggja málið fyrir nefndina löngu eftir að allir frestir skv. lögum nr. 91/1991 til að óska endurupptöku málsins séu liðnir.

Til stuðnings aðalkröfu sinni bendir varnaraðili einnig á úrskurð úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 38/2010.

Til stuðnings varakröfu sinni mótmælir varnaraðili fullyrðingum sóknaraðila um að forveri varnaraðila hafi vanrækt skyldur sínar skv. samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem röngum og ósönnuðum, enda bendi gögn málsins til hins gagnstæða.

Að því er varðar tryggingarbréf nr. R, Z og Ö, bendir varnaraðili á að við undirritun tryggingarbréfanna hafi sóknaraðili staðfest að hafa kynnt sér efni bréfsins og að hún gerði sér grein fyrir í hverju ábyrgð hennar sem veðleyfisgjafa væri fólgin og teldi hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt hafi sóknaraðili staðfest að hafa

kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Varnaraðili bendir á að upplýsingabæklingur forvera varnaraðila um ábyrgðarmenn og veðleyfisgjafa hafi verið afhentur og kynntur sóknaraðila og hafi hún staðfest að hafa kynnt sér efni bæklingins. Í bæklingnum komi m.a. fram að forveri varnaraðila meti greiðslugetu skuldara og að ábyrgðarmenn og veðsalar geti fengið upplýsingar um greiðslumat og niðurstöður þess. Með undirritun sóknaraðila á tryggingarbréfin hafi sóknaraðili staðfest að hafa kynnt sér upplýsingabæklinginn en þar með hafi sóknaraðila átt að vera kunnugt um að greiðslumat hafi verið gert. Matið hafi verið kynnt sóknaraðila með þessum hætti en jafnframt hafi það verið undir sóknaraðila sjálfri komið hvort hún óskaði eftir að sjá það áður en hún veitti samþykki við veðsetningu fasteignar sinnar. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðili því verið fyllilega upplýst um stöðu mála og hafi átt þess kost að kynna sér frekari gögn um stöðu lántakans. Sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að óska eftir niðurstöðum greiðslumatsins en hafi látið það liggja á milli hluta og því fái bankinn ekki séð að það geti komið til greina að ógilda veðsetningu fasteignarinnar með tryggingarbréfum nr. R, Z og Ö, samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Ofangreindri málsástæðu sinni til stuðnings vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Að því er varðar tryggingarbréf nr. Æ, Þ og X bendir varnaraðili á að tryggingarbréfin hafi upphaflega verið gefin út af A en með viðaukum sem gerðir hafi verið á seinni stigum við tryggingarbréfin hafi verið gerðar þær breytingar að tryggingarbréfin skyldu einnig vera til tryggingar öllum skuldum B ehf. við FF. Varnaraðili byggir á því að það hafi komið fram í fjölmörgum úrskurðum nefndarinnar og dómsúrlausnum að gildissvið samkomulagsins frá 2001, nái ekki til þeirra tilvika þegar einstaklingur ábyrgist eða veðsetji fasteign sína til tryggingar skuldum lögaðila. Að mati varnaraðila verði að líta heildstætt til atvika máls þegar metið sé hvort komi til greina að ógilda veðsetningu eða sjálfskuldarábyrgð á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Líkt og atvikum þessa máls sé háttað telur varnaraðili óumdeilt að vilji sóknaraðila til að veðsetja fasteignina til tryggingar skuldum og skuldbindingum A og B ehf. hafi alltaf verið ótvíræður, enda virðist sóknaraðili m.a. hafa látið það liggja milli hluta á öllum stigum málsins, að óska eftir upplýsingum um greiðslumat A, þrátt fyrir að hafa kynnt sér upplýsingabækling forvera varnaraðila um ábyrgðarmenn og veðleyfisgjafa. Þá tryggi tryggingarbréfin jafnframt skuldir A ehf. við varnaraðila en sú veðsetning verði ekki ógilt á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, þar sem óumdeilt sé að samkomulagið hafi ekki gilt um þau tilvik.

Varnaraðili vísar til þess að þegar öll framangreind málsatvik séu virt heildstætt, ásamt þeirri staðreynd að sóknaraðili mætti ekki og tók til varna þegar FFF hf. stefndi sóknaraðila til að þola staðfestingu veðréttar skv. ofangreindum tryggingarbréfum telur varnaraðili óumdeilt að vilji sóknaraðila hafi ávallt staðið til þess að fasteign hennar að C hafi átt að standa til tryggingar skuldum A við varnaraðila. Þá telur varnaraðili að sóknaraðili hafi verið upplýst með fullnægjandi hætti um fjárhagsstöðu lántakans, enda hafi henni verið kynntir bæklingar varnaraðila um ábyrgðarmenn og veðleyfisgjafa. Því hafi varnaraðili ekki farið gegn ákvæðum samkomulagsins og því sé ekkert fram komið í málinu sem gefi tilefni til þess að ógilda veðsetningu fasteignar sóknaraðila skv. tryggingarbréfunum, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Því krefjist varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að C samkvæmt tryggingarbréfum nr. X, Þ, Z, Y, U, Æ, Ö, R, útgefnum af A til FF.

Í 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um starfssvið nefndarinnar. Samkvæmt a-lið 3. gr. tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtæki slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.

Dómstólar hafa þegar fjallað um réttmæti veðréttar samkvæmt framangreindum tryggingarbréfum en með dómi héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 2011, í máli nr. E-S var sóknaraðili dæmd til að þola staðfestingu veðréttar skv. öllum ofangreindum tryggingarbréfum í fasteign hennar að C, en fyrir kr. 8.218.600 samkvæmt síðastgreinda tryggingarbréfinu sem þá hvíldi á 8. veðrétti. Athugasemdir sóknaraðila vegna stefnubirtingar verður að bera upp við dómstóla á grundvelli réttarfarslaga, en úrskurðarnefndin getur ekki virt dómsniðurstöður að vettugi á grundvelli slíkra athugasemda. Af sömu ástæðum skiptir ekki máli að um útvistardóm var að ræða eða að sóknaraðili hafi verið í greiðsluskjóli.

Með vísan til a-liðar 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er kröfum sóknaraðila um ógildingu veðsetningar skv. framangreindum tryggingarbréfum vísað frá nefndinni, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 38/2010.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 10. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 14. nóvember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 76/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 16. júní 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. júní 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. júní 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. júlí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. júlí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 31. október og 14. nóvember 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 11. júlí 2007 var veðskuldabréf í erlendri mynt nr. X að fjárhæð JPY 91.874.234, gefið út af sóknaraðila til FF, hér eftir nefndur FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins skyldi endurgreiða skuldina með einni afborgun þann 15. janúar 2008 og vextir skyldu reiknast frá 12. júlí 2007. Vextir voru tilgreindir LIBOR 0,87% með 1,9% álagi en samtals voru vextir því 2,77%.

Þann 25. janúar 2008 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins þar sem gjalddaga þess var frestað til 15. janúar 2009. Eftirstöðvar voru tilgreindar JPY 91.874.234, auk áfallanna vaxta JPY 1.321.943.

Þann 9. febrúar 2009 var gerð breyting á skilmálum skuldabréfsins á þann hátt að nýr höfuðstóll lánsins yrði JPY 91.131.090 og skyldi greiðast í einu lagi þann 1. júlí 2009.

Þann 2. júlí 2009 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins þar sem nýr gjalddagi varð 15. júlí 2010. Eftirstöðvar voru tilgreindar að jafnvirði kr. 126.697.286. Samkvæmt upplýsingum frá fyrri lánveitanda hafa samtals verið inntar af hendi níu greiðslur inn á höfuðstól lánsins af hálfu sóknaraðila. Í íslenskum krónum

samtals að fjárhæð kr. 72.231.966. Staða skuldarinnar þann 7. júlí 2014 var JPY 86.104.915, án innheimtukostnaðar. Lánið er gjaldfallið frá 15. júlí 2010 og ber dráttarvexti frá þeim degi.

Umrætt skuldabréf hefur ítrekað skipt um hendur. Gögn málsins bera með sér að eftir að upphaflegur lánveitandi, FF, hafði verið settur undir skilanevnd með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, samdi F um skilmálabreytingu á bréfinu við sóknaraðila samkvæmt heimild í samningi á milli skilanevndar FF og bankans. Bréfinu var síðar ráðstafað inn í sérstakt hlutafélag, FFF, ásamt öðrum eignum FF. Í árslok 2013 var öllum einstaklingslánnum í eigu FFF ráðstafað til F, varnaraðila í máli þessu.

Þann 13. nóvember 2012 sendi lögmaður sóknaraðila FFF bréf með viðvörðun um innheimtuáðgerðir. Var FFF krafinn um greiðslu á kr. 45.132.398, vegna ofgreiðslu sóknaraðila þar sem lánið hefði verið gengistryggt.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 7. júní 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Eftirfarandi kemur fram í liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila: „*Endurgreiðslu á þeim fjármunum sem ég ofgreiddi inn á lánið. Greiddi yfir 90 mill. inn á 45 millj. lán*“

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir því að FFF [svo] viðurkenni ekki endurgreiðsluskyldu sína. Lánið hafi verið greitt út í íslenskum krónum og ávallt hafi verið greitt af því í krónum.

Sóknaraðili bendir á að hann hafi tekið 45 milljón króna lán með 2,77% vöxtum. Hafi hann greitt inn á lánið kr. 54.000.000 þann 5. júlí 2007, kr. 20.000.000 þann 10. nóvember 2008, kr. 6.000.000 þann 25. janúar 2008 og kr. 10.430.235. Samtals hafi hann því greitt kr. 90.430.235 inn á 45 milljón króna lán, fyrir utan vexti.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveðst ekki fá betur séð en að kvörtun sóknaraðila lúti í raun að því að lánið sé ólöglegt gengistryggt lán og brjóti því í bága við 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Það sé hins vegar mat bankans að um sé að ræða löglegt erlent lán.

Varnaraðili vísar til stuðnings afstöðu sinni til þeirra fjölmörgu dóma Hæstaréttar sem fallið hafi á undanförunum misserum, þar sem fjárhæð láns sé tilgreind í erlendum myntum í viðkomandi skuldaskjali, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 552/2011, 551/2011, 524/2011, 715/2012, 3/2013, 757/2012, 446/2013 og 187/2014. Í öllum tilvikum hafi verið talið að í skuldaskjalinu hefði lánsfjárhæð verið tilgreind í viðkomandi erlendum myntum skuldarinnar og því væri um að ræða löglegt erlent lán, eins og við eigi um lán sóknaraðila. Hafi engu breytt þótt andvirði lánanna kunni að hafa verið greitt út í íslenskum krónum og greitt af láninu með sama hætti.

Varnaraðili bendir jafnframt á að Hæstiréttur hafi í nokkrum málum áréttað það sérstaklega að þegar verið sé að meta lögmati skuldabréfa þurfi að hafa í huga að um sé að ræða viðskiptabréf sem hafi að geyma tæmandi lýsingu á þeim réttindum sem það veiti og þeim takmörkunum sem á þeim réttindum kunni að vera. Síðar tilkomnar skilmálabreytingar eða viðaukar geti því engu breytt um mat á lögmati viðkomandi láns. Vísist um þetta til dóma Hæstaréttar í málum nr. 715/2012, 3/2013 og 757/2012.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Það athugast að með fram lögðu bréfi frá lögmanni föður sóknaraðila, dags. 13. nóvember 2012, var FFF krafinn um kr. 45.132.398 í endurgreiðslu af því sem ofgreitt hefði verið af umræddu skuldabréfaláni. Í bréfi þessu er fullyrt að sóknaraðili hafi framselt kröfu sína vegna ofgreiðslu af skuldabréfinu til föður síns. Á hinn bóginn hefur ekkert slíkt framsal verið lagt fram í máli þessu og hefur hvorugur aðila þess byggt á því að sóknaraðili sé ekki réttur eigandi hinnar umdeildu endurkröfu. Verður því lagt til grundvallar að svo sé, þrátt fyrir ofangreint bréf lögmannsins.

Virðist krafa sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár byggjast á því að um ólöglegt gengistryggt lán hafi verið að ræða, enda miðar málatilbúnaður sóknaraðila í aðdraganda kvörtunar til nefndarinnar við það. Málatilbúnaður varnaraðila miðast við þennan skilning á kröfugerðinni.

Við úrlausn þess hvort um gilt lán í erlendum gjaldmiðlum hafi verið að ræða eða ólöglegt gengistryggt lán í íslenskum krónum er úrskurðarnefndin bundin af lögum og dómafordæmum í sambærilegum málum. Í samræmi við þau viðmið sem fram koma í dómum Hæstaréttar á þessu sviði er fyrst að líta til heitis skuldabréfsins, en fyrirsögn þess er „Veðskuldabréf í erlendri mynt“. Í öðru lagi að lánsfjárhæðin er samkvæmt orðalagi lánessamningsins tilgreind í erlendum gjaldmiðli, þ.e. japönskum jenum. Í þriðja lagi eru vextir samkvæmt skuldabréfinu til samræmis við það að um erlent lán sé að ræða tilgreindir LIBOR vextir. Í fjórða lagi var um að ræða skuldabréf, viðskiptabréf, sem hafði að geyma tæmandi lýsingu á þeim réttindum sem það veitti og þeim takmörkunum sem á þeim réttindum kynnu að vera. Þegar framangreind atriði eru virt verður lagt til grundvallar að hér hafi verið um gilt lán í hinum erlenda gjaldmiðli að ræða, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2011, 715/2012, 3/2013 og 127/2013.

Sóknaraðili byggir á því að greiðsla FF til hans í íslenskum krónum og afborganir hans í íslenskum krónum leiði til þess að telja verði að um hafi verið að ræða skuldbindingu í íslenskum krónum bundna gengi erlendra gjaldmiðla. Af dómum Hæstaréttar, sérstaklega dómum í málum nr. 524/2011, 715/2012 og 3/2013, verður hins vegar ályktað að ekki skipti máli þótt greiðslur fari fram í íslenskum krónum þegar skýrt kemur fram í skuldabréfi að skuldin sé í erlendri mynt.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að um sé að ræða gilt lán í erlendri mynt. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 14. nóvember 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 31. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 77/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 19. júní 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 11. júní 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. júní 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. ágúst 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. ágúst 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 31. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 17. maí 2005 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 3.500.000, gefið út af A ehf. til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum til tryggingar lánsins. Staðfestu ábyrgðaraðilar að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Fyrir liggur að sóknaraðili var stofnandi fyrirtækisins A ehf., ásamt B og C.

Þann 18. júlí 2006 var skjalið „Skuldskeyting og ný sjálfskuldarábyrgð. Viðauki við skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð“ undirritað. FF samþykkti að B yfirtæki skyldur útgefanda samkvæmt skuldabréfi nr. X. Allar skyldur fyrri skuldara gagnvart FF samkvæmt umræddu skuldabréfi féllu niður um leið og nýr skuldari yfirtók þær, með undirritun viðaukans.

Þann 18. júlí 2006 var gerð breyting á greiðsluskilmálum umrædds skuldabréfs sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 18. september 2007 var A ehf. úrskurðað gjaldþrota.

Þann 6. nóvember 2008, 8. desember 2008, 9. febrúar 2009, 6. mars 2009, 29. maí 2009, 1. júní 2009, 8. júní 2009, 6. júlí 2009 og 6. ágúst 2009 bárust sóknaraðila tilkynningar um vanskil skuldabréfsins. Þann 8. janúar 2011 barst sóknaraðila tilkynning um lögfræðinnheimtu.

Þann 18. febrúar 2010, 1. janúar 2011 og 1. janúar 2012 bárust sóknaraðila yfirlit ábyrgða.

Þann 14. febrúar 2014 fór lögfræðingur sóknaraðila þess á leit við varnaraðila að ábyrgð sóknaraðila á framangreindu skuldabréfi yrði felld niður. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 9. maí 2014.

Fyrir liggur eftirfarandi tölvupóstur, dags. 6. ágúst 2014, frá D, útibússtjóra varnaraðila á Hornafirði: „Ég hafði samband við E sem var útibússtjóri í FF á Höfn á þessum tíma. Hún sagði að þau hefðu komið bæði til sín og óskað eftir að skuld A ehf. yrði skipt upp á þau þar sem reksturinn bæri sig ekki og þau hefðu ákveðið að hætta honum. Þetta er skuld sem E sagðist hafa lánað þeim til að kaupa birgðir í startið á rekstrinum.“

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 11. júní 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að felld verði niður ábyrgð á láni nr. X.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa farið að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Sóknaraðili byggir á því að hann hefði ekki samþykkt skuldskeytinguna á láninu hefði hann vitað að skuldastaða B væri jafn slæm og raun bar vitni. Því sé jafnframt mótmælt að í skuldskeytingunni hafi falist ívilnun enda sé ljóst að varnaraðili hafi vitað eða mátt vita af bágrri fjárhagsstöðu B þegar skuldskeytingin hafi átt sér stað. Við það að skuldskeyta hafi sóknaraðili verið einn orðinn ábyrgðarmaður að skuld sem fyrirsjáanlega yrði erfitt fyrir aðalskuldara að standa undir. Hafi því fjárhagsleg byrði sóknaraðila í raun verið aukin með löggerningnum, enda sæki varnaraðili nú alla fjárhæðina á hendur honum í stað beggja þar sem aðalskuldari sé ekki greiðslufær.

Sóknaraðili telur að líta beri til þess að skuldskeyting skerði verulega réttaröryggi sóknaraðila enda undanskilji varnaraðili sig þeirri skyldu að láta fara fram greiðslumat á nýjum skuldara lánsins. Hefði B gefið út nýtt skuldabréf til að greiða upp lánið hefði verið gert greiðslumat á henni sem kynna hefði þurft fyrir sóknaraðila sem ábyrgðarmanni samkvæmt lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Þar sem upphafleg skuld sé afleiða úr rekstri sé bankinn einmitt að stuðla að réttindamissi en ekki ívilnun.

Sóknaraðili telur sjálfskuldarábyrgðina ógilda með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Varnaraðili hafi haft alla burði til að kanna greiðsluhæfi B og láta sóknaraðila vita þegar í ljós hafi komið að staða hennar væri bág í fjárhagslegu tilliti. Að mati sóknaraðila hafi hvílt ríkar kröfur á varnaraðila til að upplýsa hann um hina bágu stöðu hins nýja skuldara, enda mjög líklegt að vitneskja um hana hefði haft áhrif á ákvörðun hans. Verði að telja það óheiðarlegt og í andstöðu við góða viðskiptahætti að byggja á ábyrgðarskuld-bindingunni í ljósi þeirra upplýsinga sem bankinn hafi haft eða kunnað að hafa undir hendi, og látið hjá líða að upplýsa sóknaraðila um.

Sóknaraðili bendir á að þegar skuldskeyting eigi sér stað með samningi eða breytingu á samningi, t.d. með breytingu á skilyrðum láns eða greiðsluskilmálum þess, feli slík skuldskeyting í sér að skyldu hins fyrri skuldara sé lokið og upphaflega skuldarasambandinu þar með. Við skuldskeytingu stofnist nýtt skuldarasamband sem sé eftir því sem við verði komið, eins og fyrri skuldarasambandið. Þó svo bæði

breytingin á greiðsluskilmálum skuldabréfsins og skuldskeytingin ásamt yfirlýsingu nýrrar sjálfskuldarábyrgðar sé nefnt viðauki fáist ekki betur séð en grundvallarskilyrðum samkomulagsins hafi verið breytt. Þ.e.a.s. nýr skuldari hafi tekið við greiðslu skv. bréfinu og nýr ábyrgðarmaður sé fenginn. Sú fjárhæð sem gengist sé í ábyrgð fyrir hækki um helming þar sem sóknaraðili hafi einn tekist á hendur alla fjárhæðina. Sé því í megindráttum búið að semja um nýjan höfuðstól skuldarinnar sem falli á sóknaraðila, nýr aðili sé orðinn skuldari skv. skuldabréfinu og upphaflegur skuldari, A ehf., hafi enga aðild að málinu. M.ö.o. feli viðaukarnir í sér svo viðamiklar breytingar á skuldabréfinu að viðaukarnir verði ekki túlkaðir öðruvísi en sem nýr samningur milli aðalskuldara, B og varnaraðila, enda sérstaklega tekið fram að um nýja sjálfskuldarábyrgð sé að ræða.

Sóknaraðili vísar til þess að sá háttur að gefa ekki út nýtt skuldabréf virðist því vera haldreipi bankans til að undanskilja sig fyrrgreindu samkomulagi. Slík túlkun sé óheiðarleg og í andstöðu við góða viðskiptahætti, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Sóknaraðili byggir á því að líta verði til þess að um sé að ræða skuldskeytingu án þess að trygging sé til staðar, þ.e. eina tryggingin sé þriðjamannsloforð ábyrgðarmanns, þ.e. sóknaraðila. Beri í þessu sambandi að hafa í huga að greiðsluskylda skuldara hafi veruleg áhrif á möguleika sóknaraðila til að fá fullnustu endurkröfu sinnar. Það skipti þannig öllu máli fyrir sóknaraðila hver skuldarinn sé. Hafi því í framkvæmd verið litið svo á að þegar þriðji maður hafi gengist í ábyrgð, að trygging falli brott við skuldaraskipti þar sem nýr aðalskuldari komi í stað hins upphaflega, nema annað leiði beinlínis af samningi. Í viðaukanum sé sérstaklega aflað undirskriftar sóknaraðila sem vottun fyrir því að hann taki sér á hendur ábyrgð fyrir greiðslum hins nýja skuldara, sem sé einstaklingurinn B. Ekkert ákvæði í skuldabréfinu kveði á um að við skuldskeytingu muni ábyrgðarmaður áfram takast á hendur ábyrgð fyrir greiðslum bréfsins. Hafi einmitt sérstaklega verið leitað samþykkis fyrir skuldskeytingu og nýrri ábyrgð. Sé því litið svo á að óþarfi hafi verið að láta fara fram greiðslumat í samræmi við 3. gr. téðs samkomulags, þar sem eldri ábyrgð sóknaraðila haldi velli þrátt fyrir skuldskeytingu líkt og varnaraðili haldi fram. Ljóst sé að sú lagatúlkun sé röng og er henni mótmælt af hálfu sóknaraðila. Sé því ábyrgð skv. skuldabréfi nr. X fallin úr gildi gagnvart sóknaraðila.

Sóknaraðili bendir á að séu viðaukarnir túlkaðir sem nýr samningur um ábyrgð sóknaraðila, gildi vissulega ábyrgðin en þó með þeim skilyrðum sem áskilin séu skv. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Hefði því átt að framkvæma greiðslumat á hinum nýja skuldara og tilkynna sóknaraðila um niðurstöðu þess áður en aflað hafi verið undirskriftar hans á téðan viðauka. Slíkt hafi hins vegar ekki verið gert.

Sóknaraðili telur að á hvort veginn sem á málið sé litið, þ.e. hvort sem fallist sé á túlkun varnaraðila eða sóknaraðila þá sé niðurstaðan sú sama. Fella beri ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila niður.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að þar sem lántakandinn hafi verið fyrirtæki hafi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga ekki gilt um ábyrgð sóknaraðila. Sú niðurstaða sé m.a. í samræmi við úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 27/2010 og 107/2012. Það sé mat bankans að

honum hafi ekki borið að framkvæma mat á greiðslugetu B við skuldskeytinguna hinn 18. júlí 2006, enda beri fjármálafyrirtæki einungis að meta greiðslugetu greiðanda þegar sjálfskuldarábyrgð eða veð sé sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, sbr. 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Þar sem sóknaraðili hafi áður verið í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu umrædds skuldabréfs hafi bankanum ekki verið skylt að framkvæma mat á greiðslugetu greiðanda við skuldskeytinguna, sbr. m.a. úrskurði nefndarinnar í málum nr. 155/2012 og 160/2012. Þegar skuldskeytingin hafi átt sér stað hafi A ekki verið greiðslufært og félagið hætt starfsemi. Þá sé ljóst að á sóknaraðila og B hafi hvílt afdráttarlaus skylda til þess að greiða skuldabréfið við greiðsluþrot félagsins. Sú ívilnun sem falist hafi í því að varnaraðili hafi ekki innheimt skuldina hjá þeim, heldur fallist á að skuldskeyta láninu þannig að B yrði nýr skuldari, hafi ekki getað leitt til þess að ábyrgð sóknaraðila hafi fallið niður, jafnvel þótt greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt, sbr. t.d. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 49/2012.

Varnaraðili bendir á að fyrir gildistöku laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi verið í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, þar sem kveðið hafi verið á um að gera skyldi greiðslumat á greiðslugetu skuldara við nánar tilgreindar aðstæður. Af orðalagi 2. gr. samkomulagsins og heiti þess sé ljóst að því hafi einungis verið ætlað að ná til ábyrgða á skuldum einstaklinga. Taki það því ekki til ábyrgða á skuldum einkahlutafélags, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 669/2010 og úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 21/2004, 27/2010, 29/2011 og 107/2012. Þar sem framangreint samkomulag hafi ekki gilt um ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila telji varnaraðili einsýnt að ekki verði byggt á því að reglur þess hafi verið brotnar við undirritun framangreindrar sjálfskuldarábyrgðar. Þá bendir varnaraðili á að við útgáfu framangreindrar ábyrgðarskuldbindingar hinn 17. maí 2005, hafi engar reglur gilt um gerð greiðslumats við útlán til lögaðila. Þá hafi ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki komið í veg fyrir að upplýsingar um fjárhagsstöðu viðskiptavina yrðu veittar ábyrgðarmönnum án sérstaks skriflegs samþykkis viðkomandi aðila. Varnaraðila hafi því hvorki verið heimilt né skylt að upplýsa sóknaraðila um fjárhagsstöðu A ehf. þegar sóknaraðili hafi gengist í umrædda sjálfskuldarábyrgð.

Varnaraðili byggir á því að fyrir liggir að A ehf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 18. september 2007 og hafi verið afskráð 4. janúar 2008. Þegar skuldaraskipti hafi orðið á umræddu skuldabréfi 18. júlí 2006 hafi A ehf. þó í reynd verið hætt starfsemi. A ehf. hafi verið stofnað um rekstur á söluskála og umboð fyrir R. Þegar S hf. hafi selt allt hlutafé félagsins í R til T í febrúar 2006 hafi verið falið að halla undan fæti hjá A ehf. og hafi svo farið að nýir eigendur hafi ekki gengið til samninga við félagið um áframhaldandi rekstur. Samkvæmt E, þáverandi útibússtjóra varnaraðila á Höfn í Hornafirði, hafi sóknaraðili og B mætt í útibúið og óskað eftir því að skuldum A ehf. yrði skipt á þau þar sem reksturinn bæri sig ekki og þau hefðu því ákveðið að hætta. Hafi það verið samþykkt með því skilyrði að sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila og B, eftir atvikum, héldust óbreyttar.

Varnaraðili hafnar því að ógilda beri skuldbindingu sóknaraðila á grundvelli þess að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat við skuldskeytinguna enda hafi staða sóknaraðila ekki breyst á nokkurn hátt þegar B hafi gerst skuldari að láninu. Félagið hafi ekki verið greiðslufært og hafi enga leið haft til að greiða lánið. Í stað þess að ganga að ábyrgðarmönnum félagsins, þ.e. sóknaraðila og B hafi varnaraðili heimilað B að gerast skuldari lánsins og hafi breytt greiðsluskilmálum þess m.a. á þann hátt að

lánstíminn lengdist úr þremur árum í tíu ár. Mánaðarleg greiðslubyrði hafi því lækkað til muna og fyrirsjáanlegt að greiðandi gæti frekar staðið við skuldbindinguna. Sóknaraðili hafi því orðið betur settur við skuldskeytinguna. Hefði greiðslumat verið framkvæmt og niðurstaða þess orðið sú að B hefði ekki staðist greiðslumat verði að telja fremur ólíklegt að sóknaraðili hefði gert athugasemdir við skuldskeytinguna, enda hefði bankinn þá gengið að sóknaraðila sem sjálfskuldarábyrgðarmanni umrædds láns. Sóknaraðili hafi því ekki átt þess kost að hafna því að gangast í ábyrgð þegar B hafi boðist til þess að gerast skuldari lánsins. Greiðslumat hafi því hvorki verið forsenda né ákvörðunarástæða fyrir því að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Í þessu sambandi verði jafnframt að hafa í huga að sóknaraðili hafi verið í óskiptri sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu umrædds skuldabréfs og hefði staðan getað orðið það alvarleg að varnaraðili hefði getað gengið að sóknaraðila til greiðslu lánsins í heild sinni. Fjárhagsleg byrði sóknaraðila hafi því ekki verið aukin með gerð skuldskeytingarinnar líkt og sóknaraðili haldi fram. Sóknaraðili eigi í dag sama endurkröfurétt á hendur B og áður, þegar þau hafi bæði verið í sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins. Þá sé ljóst að sú fullyrðing sóknaraðila að fjárhæð sú sem hann hafi gengist í ábyrgð fyrir hafi hækkað um helming þegar skuldskeytingin hafi verið gerð eigi ekki við rök að styðjast. Við gerð skuldskeytingarinnar hafi eftirstöðvar lánsins verið kr. 1.723.272 og hafi lánið og þar með sú fjárhæð sem sóknaraðili hafi verið í ábyrgð fyrir, því lækkað um helming frá útgáfu skuldabréfsins. Jafnframt verði að hafa í huga eðli óskiptrar sjálfskuldarábyrgðar en þá ábyrgist hver ábyrgðarmanna um sig fulla greiðslu og sé ábyrgðarmönnum skylt að greiða þá skuld sem ábyrgðin tryggi um leið og í ljós komi að aðalskuldari hafi ekki staðið við skyldu sína. Ekki sé nauðsynlegt að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá aðalskuldara eftir að greiðslufall verði. Í reynd ábyrgist ábyrgðarmaður því greiðslu skuldar sem hún væri hans eigin.

Varnaraðili bendir á að tilgangur greiðslumats sé sá að væntanlegir ábyrgðarmenn geti tekið upplýsta ákvörðun áður en þeir gangist í ábyrgð.

Varnaraðili telur að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á það hvort ógilda beri ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 10/2011. Sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila sé fallin úr gildi eða ógild hvíli á sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að ósanngjarnt sé af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgð hans samkvæmt skuldabréfinu, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt. Þegar sóknaraðili hafi undirritað umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili hafi falist í því loforð sem skuldbindi hann að lögum til að tryggja efnidir samkvæmt skuldabréfinu. Í þessu sambandi verði jafnframt að hafa í huga að sóknaraðili hafi undirritað viðauka við skuldabréfið þar sem hann hafi samþykkt að skuldskeytingin færi fram og að hann yrði áfram sjálfskuldarábyrgðaraðili. Að því virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hans á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili telur kröfu sóknaraðila um ógildinguna sjálfskuldarábyrgðarinnar fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir ádurnefnda ábyrgðaryfirlýsingu 17. maí 2005 og fyrst hafi verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina með bréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 14. febrúar 2014, eða tæpum níu árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili mótttekið

bréf frá varnaraðila, dags. 6. nóvember 2008, 8. desember 2008, 9. febrúar 2009, 6. mars 2009, 29. maí 2009, 1. júní 2009, 8. júní 2009, 6. júlí 2009, 6. ágúst 2009, 24. ágúst 2009 og 8. janúar 2011, þar sem honum hafi verið tilkynnt um vanskil vegna umrædds skuldabréfs. Jafnframt hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 18. febrúar 2010, 1. janúar 2011 og 1. janúar 2012, með yfirliti yfir ábyrgðir á skuldum annarra þar sem sjálfskuldarábyrgð á framangreindu skuldabréfi hafi verið tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið um ábyrgð hans, meintan skort á greiðslumati eða annað sem hann hafi talið að gæti leitt til þess að ábyrgð hans væri niður fallin. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur hafi verið í Hæstarétti, hafi sérstaklega verið tekið fram að ábyrgðaraðili hefði sýnt af sér tómlæti með því að hafa ekki haft uppi athugasemdir fyrr en sex árum eftir að hann hafi gengist í ábyrgðina.

Varnaraðili telur að lokum rétt að benda á að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé samantekt verklagsreglna sem settar hafi verið til að draga úr vægi ábyrgðarskuldbindinga við lánveitingar. Samkomulagið hafi ekki lagagildi og feli ekki í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X.

Við útgáfu skuldabréfs nr. X var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001. Samkvæmt 2. gr. samkomulagsins tók það m.a. til þess þegar einstaklingur gekkst í ábyrgð fyrir annan einstakling til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu.

Útgefandi skuldabréfs nr. X var A ehf. Af heiti samkomulagsins og orðalagi 2. gr. þess er ljóst að því var einungis ætlað að ná til ábyrgða á skuldum einstaklinga. Tók það því ekki til ábyrgða á skuldum einkahlutafélaga, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 27/2010. Því átti umrætt samkomulag ekki við þegar sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því að varnaraðila hafi borið að meta greiðslugetu B í júlí 2006, þegar viðauki við skuldabréfið var gerður og B varð útgefandi þess í stað A ehf. Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 322/2013 verður að fallast á að varnaraðila bar að meta greiðslugetu B við útgáfu viðaukans, enda er samkomulagið ekki bundið við þau tilvik að til sjálfskuldarábyrgðar sé stofnað í upphafi skuldarsambands. Í því fólst að varnaraðila var skylt að láta fara fram mat á greiðslugetu greiðanda, sbr. 3. gr. samkomulagsins, og sinna þeim skyldum um upplýsingagjöf til sóknaraðila, sem mælt er fyrir um í 4. þess. Óumdeilt er að þetta var ekki gert.

Þótt fallist sé á að það hafi verið á ábyrgð varnaraðila að ekki var sinnt þeim skyldum sem samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kveður á um við útgáfu viðaukans í júlí 2006 leiðir það ekki sjálfkrafa til ógildingar á loforði sóknaraðila um að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar lánsins. Í samkomulaginu eru engar reglur sem mæla fyrir um ógildi samnings vegna annmarka af þeim toga sem uppi eru í máli þessu. Samningur aðila um sjálfskuldarábyrgð

sóknaraðila verður ekki ógiltur í heild eða að hluta af þeim sökum einum að varnaraðili hafi við gerð hans brugðist skyldum sínum, skv. samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, heldur verður að finna slíkri ógildingu stoð í reglum samningaréttar ef leysa á sóknaraðila undan skyldum sínum samkvæmt samningnum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 213/2012 og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 59/2014.

Við beitingu 36. gr. laga nr. 7/1936 þarf að fullnægja þeim skilyrðum að ósanngjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera loforðið fyrir sig og skal við mat á því líta til efnis samnings, atvika við samningsgerð, stöðu aðila við hana og atvika sem síðar komu til. Við mat á því hvort skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 sé fullnægt er einkum til þess að líta að við útgáfu viðaukans í júlí 2006 að staða upphaflegs útgefanda skuldabréfsins, A ehf., var slæm, en félagið var úrskurðað gjaldþrota þann 18. september 2007. Sóknaraðili og B höfðu komið í útibú bankans í Höfn og óskað eftir því að skuldum félagsins yrði skipt upp á þau, þar sem þau hefðu ákveðið að hætta rekstrinum því hann bæri sig ekki. Samkvæmt þessu virðist liggja fyrir að staða sóknaraðila varð við breytinguna á skuldabréfinu ekki lakari en verið hafði fyrir hana, enda blöstu gjaldþrotaskipti við félaginu A ehf., upphaflegum útgefanda skuldabréfsins. Slæm staða meðábyrgðarmanns, sem gerð var að aðalskuldara bréfsins hróflaði í sjálfu sér ekki við þessari staðreynd.

Samkvæmt framansögðu hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrði ógildingar samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 á loforði sóknaraðila séu fyrir hendi. Verður því kröfu hans um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar hans á skuldabréfi nr. X hafnað, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 322/2013 og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 59/2014.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 31. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 31. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 78/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 20. júní 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 18. júní 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. júní 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 22. ágúst 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. ágúst 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 31. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 19. október 2007 sótti sóknaraðili um kreditkort hjá FF. Á kortaumsókninni hakaði sóknaraðili við valmöguleikann: „Ég undirritaður veiti hér með banka/sparisjóði mínum heimild til að gjaldfæra viðskiptareikning minn í banka nr. X höfuðbók nr. X reikning nr. X fyrir mánaðarúttekt minni á síðasta degi greiðslufrests, jafnframt ábyrgist ég að þá verði ávallt næg innstæða fyrir hendi.“ Setti sóknaraðili upphafsstafi sína við það val. Þá staðfesti hann að með undirritun sinni á kortaumsóknina að hafa kynnt sér viðskiptaskilmála A og samþykkti þá að öllu leyti og skuldbatt sig til að nota kortið í samræmi við þá og hlíta þeim í hvívetna.

Tímabilið 18. október til 17. nóvember 2010 voru úttektir sóknaraðila af umræddu kreditkortu samtals að fjárhæð kr. 351.969. Bar sóknaraðila að greiða þá fjárhæð þann 2. desember 2010. Innstæða á tékkareikningi sóknaraðila var þá kr. 410 og var því ekki unnt að gjaldfæra reikninginn fyrir mánaðarúttekt sóknaraðila.

Tímabilið 18. nóvember til 17. desember 2010 voru úttektir sóknaraðila af umræddu kreditkortu samtals að fjárhæð kr. 23.806. Bar sóknaraðila að greiða þá

fjárhæð þann 3. janúar 2011. Innstæða á tékkareikningi sóknaraðila var þá kr. 457 og var því ekki unnt að gjaldfæra reikninginn fyrir mánaðarúttekt sóknaraðila

Þann 2. febrúar 2011 nam gjaldfallin skuld samkvæmt kreditkortu sóknaraðila fyrir tímabilið 18. desember 2010 til 17. janúar 2011 samtals kr. 389.524. Innstæða á tékkareikningi sóknaraðila var þá kr. 176 og var því ekki unnt að gjaldfæra reikninginn fyrir skuldinni.

Þann 10. febrúar 2011 móttók umboðsmaður skuldara umsókn sóknaraðila um greiðsluáðlögun samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga og hófst þá tímabundin frestun greiðslna sóknaraðila. Í kjölfarið, eða þann 15. febrúar 2011, var notkun kortsins stöðvuð af varnaraðila. Þann 26. október 2012 synjaði umboðsmaður skuldara sóknaraðila um heimild til greiðsluáðlögunar. Tveimur vikum síðar, eða þann 9. nóvember 2012, féll frestun greiðslna niður.

Þann 2. janúar 2014 nam gjaldfallin skuld sóknaraðila vegna kreditkortaviðskipta hans samtals kr. 405.664. Innstæða á tékkareikningi sóknaraðila var þá kr. 284 og var því ekki unnt að gjaldfæra reikninginn fyrir skuldinni.

Þann 29. janúar 2014 var sóknaraðili tilkynnt að heimild hans til notkunar kortsins hefði verið afturkölluð og kortinu lokað vegna vanskila. Var jafnframt farið fram á að sóknaraðili skilaði kotinu til bankans og var sóknaraðili tilkynnt að skuldin yrði nú falin lögmönnum bankans til innheimtu án frekari viðvörunar eða fyrirvara.

Þann 20. mars 2014 var með innheimtubrési skorað á sóknaraðila að greiða umrædda skuld, sem nam þá samtals kr. 639.276. Í lok dags þann 1. apríl 2014 nam innstæða á tékkareikningi sóknaraðila kr. 520.524. Daginn eftir, þann 2. apríl 2014, var gerð sjálfvirk gjaldfærsla á tékkareikningi sóknaraðila að fjárhæð kr. 419.935 en sú fjárhæð miðaðist við skuld samkvæmt kortinu eins og hún var í kerfum bankans án kostnaðar við lögfræðiiinnheimtu.

Þann 9. apríl 2014 kvartaði sóknaraðili við varnaraðila yfir úttekt bankans af tékkareikningi hans. Varnaraðili hafnaði bakfærslu þann 10. apríl 2014, þar sem skuld væri á kortinu. Í framhaldinu átti varnaraðili í tölvupóstsamskiptum við starfsmann bankans og umboðsmann viðskiptavina bankans. Þá hafði sóknaraðili einnig samband við starfsmann Fjármálaeftirlitsins.

Þann 10. apríl 2014 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila varðandi stöðu innheimtumáls nr. Y 0186-002596. Lýsing kröfu var úttekt af tilgreindu vísagreiðslukorti. Samtals nam fjárhæð kröfunnar kr. 190.679. Tiltekið var að þann 2. apríl 2014 hefði sóknaraðili greitt kr. 419.935.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 18. júní 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fjárhæð, kr. 419.935, sem úttekin var af bankareikningi hans nr. X þann 2. apríl 2014, í heimildarleysi verði endurgreidd inn á reikning hans ásamt vöxtum og kostnaði.

Sóknaraðili telur að það umboð sem hann hafi veitt gamla FF sé nýja bankanum óheimilt að nota, auk þess umboðið sé haldið ýmsum annmörkum þar sem ekki komi fram hverjum það sé veitt, þ.e. hver sé banki sóknaraðila. Sóknaraðili kveðst engan banka eiga og sé í viðskiptum við alla bankana þannig að það hugtak sé merkingarlaust í þessu tilviki. Bankinn hafi því enga heimild haft til að taka út af reikningi sóknaraðila án heimildar hans. Auk þess veiti umboðið heimild til að taka út

á síðasta degi greiðslufrests mánaðarúttektar næstliðins mánaðar. Samkvæmt upplýsingum bankans (sem þó séu misviandi og óskiljanlegar) sé um að ræða þriggja til fjögurra ára gamlar úttektir sem þó hafi ekki verið sýnt hvenær séu dagsettar auk þess að sýnast innheimtur sem bankinn sé að taka að sér fyrir annan aðila.

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir að fá upplýsingar um hvaða ráðstöfun sé á þessu og fái ekki annað en afrit úr lögfræðinnheimtu, þar sem fjárhæð sé skráð með útgáfudag 22. október 2012 og 21. nóvember 2011. Miðað við tölvupóst frá starfsmanni varnaraðila þá sé hún ýmist að tala um úttektir 2007 eða síðar. Annar starfsmaður nefni kröfur A og sýnist svo draga það til baka til greiðslu á innheimtukuröfu sem bankinn sé að taka að sér fyrir lögfræðinnheimtu A. Kortinu hafi verið lokað sem kreditkorti, sennilega árið 2009.

Sóknaraðili kveðst aldrei hafa veitt þessum banka heimild til úttektar af reikningi sínum. Geti bankinn ekki framvísað slíku umboði og umrædd úttekt sé gegn vilja sóknaraðila.

Sóknaraðili telur, þó litið sé fram hjá öllum annmörkum á þessu, algjörlega andstætt góðri bankastarfsemi að hirða út af bankabókum manna og krefja þá svo um greiðslur fyrir upplýsingar um athafnir bankans. Bankabókin sé allt í einu tóm og sé spurt hvað hafi gerst þá sé svarið: „Borgaðu fyrst fyrir upplýsingarnar og svo skulum við tala saman.“

Sóknaraðili telur miðað við innheimtuyfirlit og upplýsingar starfsmanna bankans að um sé að ræða innheimtu fyrir A. Bankinn sé því skv. innheimtuyfirliti sem sent hafi verið að taka að sér og rukka fyrir innheimtur fyrir þriðja aðila, sem svo sé hirt út af bankabókum viðkomandi án þess að haldbærar skýringar séu veittar eða andmælaréttur. Þetta sé í öllu tilliti mjög undarlegt. Hins vegar gæti í einhverjum tilvikum verið gott að geta gengið með ógreidda reikninga til bankans og beðið hann að innheimta og þá gæti bankinn tekið út af bók skuldarans og sagt honum að borga vilji hann upplýsingar um hvað hafi verið greitt.

Sóknaraðili kveðst ekki þekkja hlutverk umboðsmanns viðskiptamanna bankans og sé ekki viss hvort það sem starfsmaður bankans hafi kallað umboðsmann bankans sé það sama eða annað. Umboðsmaðurinn sjálfur hafi þó, að því er séð verði, greinargóðar upplýsingar um hlutverk sitt þó hann hafi síðan sagt að hann gæti ekkert gert, ætlaði starfsfólk bankans að fara sínu fram. Starfsmaður sá sem hringt hafi ítrekað í sóknaraðila hafi krafist þess að hann færi ekki að blanda umboðsmanninum í þetta. Sem varla geti talist eðlilegt.

Sóknaraðili kveður það mjög erfitt að færa rök fyrir kvörtun um að fá ekki upplýsingar, helst þau að ráðstafi bankinn peningum með heimild (sem ekki hafi verið hér) þá sé honum skylt að upplýsa hvert þeim hafi verið ráðstafað. Sama eigi við um að færa rök fyrir kvörtun um að bankinn krefjist greiðslu fyrir upplýsingar um hvað hann hafi gert við fjármuni sem hann hafi tekið í heimildarleysi út af reikningi sóknaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að lög nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu gildi um greiðsluþjónustu sem veitt sé hér á landi, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. laganna teljist greiðsla því aðeins heimiluð að greiðandi hafi veitt samþykki fyrir framkvæmd hennar. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skuli samþykki fyrir

framkvæmd röð greiðslna veitt með þeim hætti sem greiðandi og greiðslubjónustuveitandi hans komi sér saman um. Sé samþykki ekki fyrir hendi teljist greiðsla ekki hafa verið heimiluð. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar geti greiðandi afturkallað samþykki fyrir röð greiðslna hvenær sem sé, en þó ekki eftir að greiðslufyrirmæli teljist óafturkallanleg í skilningi 61. gr. laganna, sem kveði nánar á um það tímamark og aðstæður sem samþykki fyrir framkvæmd greiðslu verði óafturkallanlegt. Hafi afturköllun samþykkis þau áhrif að greiðslur sem framkvæmdar séu eftir það tímamark teljist óheimilaðar.

Varnaraðili bendir á að með undirritun sinni á kortaumsókn, dags. 19. október 2007, hafi sóknaraðili veitt „banka/sparisjóði [sinum] heimild til að gjaldfæra viðskiptareikning [sinn] í banka nr. X höfuðbók nr. X reikning nr. X fyrir mánaðarúttekt [sinni] á síðasta degi greiðslufrests“. Jafnframt hafi sóknaraðili ábyrgst að þá yrði ávallt næg innstæða fyrir hendi. Hvað varði þá athugasemd sóknaraðila að í kortaumsókninni komi ekki fram hverjum heimildin sé veitt bendir varnaraðili á að augljóst sé að með „bankanum/sparisjóði mínum“ sé átt við FF enda segi undir liðnum banki/sparisjóður sem sótt sé um hjá: „FF“. Þá sé umræddur tékkareikningur sem sóknaraðili veitir bankanum heimild til að gjaldfæra í útibúi FF og einnig sé í haus umsóknarinnar að finna kennimerki FF. Jafnframt telur varnaraðili ljóst af kvörtun sóknaraðila að hann hafi lagt sama skilning til grundvallar, en í rökstuðningi sóknaraðila fyrir kvörtuninni segi m.a. „Ég tel að það umboð sem ég veitti gamla bankanum sé nýja bankanum óheimilt að nota“. Þá vísar varnaraðili til þess að samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008, um ráðstöfun eigna og skulda FF til F sem nú beri heitið F hafi umrædd gjaldfærsluheimild færst yfir til bankans. Þar sem sóknaraðili hafi aldrei gert athugasemdir við þá framkvæmd FF að gjaldfæra umræddan reikning hans telur varnaraðili enn fremur að sóknaraðili hafi með athafnaleyssi sínu staðfest að umrædd heimild væri til staðar.

Varnaraðili hafnar röksemd sóknaraðila þess efnis að gjaldfærsluheimildin, sem heimili gjaldfærslu „fyrir mánaðarúttekt [...] á síðasta degi greiðslufrests“, geti ekki átt við þar sem um 3-4 ára gamlar úttektir sé að ræða. Með síðasta degi greiðslufrests sé átt við gjalddaga/eindaga sem sé 2. hvers mánaðar en sé sá dagur almennur lokunardagur banka og sparisjóða færist eindaginn til næsta afgreiðsludags. Sé ekki næg innstæða á þeim viðskiptareikningi sem gjaldfæra eigi færist skuldin yfir á næsta tímabil og þá sé reynt að gjaldfæra skuldina að nýju á gjalddaga/eindaga. Svo hafi verið í tilviki sóknaraðila, allt þar til næg innstæða hafi verið á tékkareikningi hans þann 2. apríl 2014. Í þessu tilviki verði jafnframt að hafa hliðsjón af þeirri staðreynd að sóknaraðili hafi fengið frestun greiðslna, þ.e. hafi verið í greiðsluskjóli, frá 10. febrúar 2011 til 26. október 2012, en það hafi haft áhrif á og tafið innheimtuáætlanir bankans. Jafnframt bendir varnaraðili á að umrædd gjaldfærsluheimild sé ekki takmörkuð að öðru leyti og þá sé ekkert sem gefi tilefni til að líta svo á að heimildin hafi fallið niður þegar kortinu hafi verið lokað þann 15. febrúar 2011 vegna greiðsluskjóls sóknaraðila eða þegar sóknaraðila hafi verið tilkynnt um kortasviptingu þann 29. janúar 2014. Varnaraðili telur slíka túlkun óeðlilega enda í reynd um tryggingu fyrir greiðslum að ræða. Ennfremur vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi ekki afturkallað greiðslufyrirmæli sín, sbr. 3. mgr. 49. gr. og 61. gr. laga nr. 120/2011. Að öllu framangreindu virtu telur bankinn einsýnt að hann hafi haft samþykki sóknaraðila fyrir framkvæmd greiðslunnar og greiðslan teljist heimiluð í skilningi 1. og 2. mgr. 49. gr. laga nr. 120/2011.

Varnaraðili bendir á að um innheimtu á skuld sóknaraðila við bankann, útgefanda kortsins sé að ræða en ekki innheimtu á skuld fyrir A, enda þótt varnaraðili

tengist greiðslukerfi A og A annist útgáfu korta og færslumiðlun. Því hafnar varnaraðili fullyrðingum sóknaraðila þess efnis að um sé að ræða innheimtu bankans „fyrir fyrirtæki út í bæ“ eða „fyrir þriðja aðila“.

Varnaraðili telur samkvæmt öllu því sem að framan sé rakið að ekki séu forsendur til að verða við kröfu sóknaraðila. Beri því að hafna kröfunni.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að úttekt varnaraðila af tékkareikningi sóknaraðila nr. X, þann 2. apríl 2014.

Vafalaust virðist að það var FF sem fékk umboð frá varnaraðila til að skuldfæra reikning í þeim banka fyrir greiðslukortaskuld.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda FF til F, dags. 9. október 2008. Samkvæmt 1. tl. ákvörðunarinnar var öllum eignum FF hverju nafni sem nefndust, s.s. fasteignum, lausafé, reiðufé, eignarhlutum í öðrum félögum og kröfuréttindum, ráðstafað til F þegar í stað. Tiltekið var í 2. tl. ákvörðunarinnar að F tæki við öllum tryggingaréttindum FF, þ.m.t. öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengdust kröfum bankans. Í 5. tl. ákvörðunarinnar kom jafnframt fram að F tæki frá og með 9. október 2008 kl. 9.00 við starfsemi sem FF hefði haft með höndum og tengdist hinum framseldu eignum, þ.m.t. aðild FF að hvers konar greiðslukerfum. Jafnframt tæki F frá og með því tímamarki við réttindum og skyldum samkvæmt samningum um vörslu og eignastýringu við viðskiptavinum FF á Íslandi. Í 6. tl. kom fram að greiðslustaða skuldaskjala miðaðist við sama tímamark og greindi í 5. tl. Greiðslustaður skuldaskjala hjá FF teldist vera í samsvarandi útibúi hjá F og teldust víxlar jafnframt rétt sýndir til greiðslu hjá F. Samkvæmt 7. tl. ákvörðunarinnar yfirtók F skuldbindingar í útibúum FF á Íslandi vegna innlána hjá fjármálafyrirtækjum, Seðlabanka Íslands og öðrum viðskiptavinum.

Samningur sóknaraðila um kreditkort, sbr. kortaumsókn dags. 19. október 2007, og tékkareikningur sóknaraðila nr. X fluttust yfir til F, nú varnaraðila, samkvæmt framangreindri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda FF til F. Líta verður svo á að umboð til að skuldfæra bankareikning varnaraðila fyrir skuldum, hafi fallið undir ofangreint ákvæði 2. tl. ákvörðunarinnar um tryggingaréttindi og sambærileg réttindi.

Samkvæmt kortaumsókninni var FF veitt heimild til að skuldfæra framangreindan reikning sóknaraðila á síðasta degi greiðslufrests. Síðasti dagur greiðslufrests er 2. hvers mánaðar. Ekki verður umrætt ákvæði skilið þannig að heimildin sé bundin við þann dag, heldur verður að leggja þann skilning í það, að það marki upphafsmark þess hvenær bankinn getur gengið að innistæðu á reikningnum fyrir skuld á kortinu.

Heimild sóknaraðila til notkunar umþrætts kreditkorts var afturkölluð hinn 29. janúar 2014, vegna vanskila en þá hafði skuld þess ekki verið greidd frá 18. október 2010. Skuldin nam samtals kr. 639.276 þann 20. mars 2014. Gerð var sjálfvirk gjaldfærsla að fjárhæð kr. 419.935, á tékkareikning sóknaraðila þann 2. apríl 2014, enda var þá til staðar næg innstæða til að framkvæma gjaldfærsluna.

Af öllu framansögðu hafði varnaraðili heimild til að framkvæma gjaldfærsluna þann 2. apríl 2014. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 31. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 6. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 79/2014**:

Dánarbú M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru dánarbú M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 20. júní 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 24. júní 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 16. júlí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar dags. 17. júlí 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum fyrir dags. 15. ágúst 2014. Engar frekari athugasemdir bárust.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 6. febrúar 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 29. janúar 2003, var skuldabréf nr. X gefið út af A, til FF, upphaflega að fjárhæð kr. 1.250.000. Aðrir sjálfskuldarábyrgðaraðilar á umræddu skuldabréfi voru B og C.

Þann 22. apríl 2010, var eignum og skuldum bankans ráðstafað til FFF með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. F tók yfir réttindi og skyldur FFF, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dagsett 5. mars 2011.

III.

Umkvörtunarefni.

Undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar er ekkert ritað. Undir liðnum kvörtun kemur eftirfarandi fram: „*Móðir mín dó þann 11. jan. 2014. Það er lán sem hún var ábyrg fyrir. Ég held það vanti upp á að lánið sé rétt útfyllt samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins.*“ Undir liðnum rökstuðningur fyrir kvörtun er eftirfarandi tekið fram: „*Meðfylgjandi gögn sýna að hvorki staður né stund*

er á greiðslumati. Læt fylgja öll skjöl sem bankinn átti. Í greiðslumati segir að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér hvað felst í að gerast ábyrgðarmaður það hefur bankinn ekki gert, um var að ræða eldri konu sem nú er fallin frá.“ Loks kemur eftirfarandi fram í liðnum athugasemdir: „Við hefðum viljað fella niður ábyrgð.“

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá.

Varnaraðili telur að ekki hafi verið lagt fram umboð frá öðrum erfingjum móður sinnar til málarekstursins en telja verður að krafa af þessu tagi verði að stafa frá dánarbúinu sjálfu til að komast að. Á hinn bóginn liggur fyrir að D, hefur fengið umboð erfingja til að koma fram af þeirra hálfu og í nafni dánarbúsins í samskiptum við aðra, sbr. 24. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Í ljósi þessa telur varnaraðili að vísa verði frá kröfu sóknaraðila. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 146/2012 og frá 16. ágúst 2013 í máli nr. 3/2013.

Varnaraðili vísar enn fremur til 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtækja frá 8. júní 2000. Samkvæmt umræddri 5. gr. er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns. Framlögð gögn sóknaraðila sanna ekki að hún hafi beint kröfum sínum að F og þeim verið hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á skuldabréfi nr. X gefið út af A, til FF.

Samkvæmt 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggi að ágreiningur sé um sakarefnið.

Sóknaraðili kveðst hafa borið málið upp munnlega við varnaraðila en af gögnum málsins verður hvorki ráðið að sóknaraðili hafi borið kröfuna uppi né að varnaraðili hafi hafnað kröfu sóknaraðila.

Gegn andmælum varnaraðila verður talið ósannað að hann hafi nokkru sinni hafnað kröfu sóknaraðila. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá, með vísan til 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, á hendur varnaraðila, er vísað frá.

Reykjavík, 6. febrúar 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 17. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 80/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. júní 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. júní 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. júní 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 28. júlí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. ágúst 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 4. september 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 17. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 24. janúar 2005 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.050.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum til tryggingar skuldabréfinu.

Þann 24. janúar 2005 skrifaði sóknaraðili undir skjalið „*Yfirlýsing vegna láns með sjálfskuldarábyrgð og/eða lánsveði*“. Óskaði sóknaraðili eftir að gangast í ábyrgð fyrir A, ásamt B. Sjálfskuldarábyrgðaraðilar óskuðu eftir að falla frá greiðslumati og staðfestu það með undirskrift sinni. Tiltekið var að ef heildarábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum lántakanda við sparisjóðinn væri kr. 1.000.000 eða meira væri ekki hægt að falla frá greiðslumati. Fram kom að meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka eða annarra hjá sparisjóðnum. Þá var útdráttur úr samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Staðfesti sóknaraðili að hann hefði fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 24. janúar 2005 var skjalið „*Niðurstaða greiðslumats*“ undirritað. Óskaði sóknaraðili eftir að gangast í ábyrgð fyrir A fyrir láni að fjárhæð kr. 2.050.000.

Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Fram kom að meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá sparisjóðnum. Þá var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Eftirfarandi yfirlýsing var á skjalinu: „*Þrátt fyrir að greiðslumat bendi til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, óska undirritaðir sjálfskuldarábyrgðarmenn og/eða veðsalar eftir að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð eða lána veð engu að síður.*“ Staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur þann 1. júlí 2009 var A veitt heimild til að leita nauðasamninga til greiðsluáðlögunar. Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. N var nauðasamningur A til greiðsluáðlögunar staðfestur. Greiðsluáðlögunarsamningurinn var til fjögurra ára og kvað á um að skuldari skyldi greiða mánaðarlega kr. 70.000 af lýstum samningskröfum og skyldi sú fjárhæð deilast hlutfallslega jafnt milli allra kröfuhafa.

Þann 12. apríl 2010 barst sóknaraðila greiðsluáskorun vegna skuldabréfs, útgefnu af A, dags. 24. janúar 2005. Tiltekið var að bréfið hefði verið í vanskilum frá 1. september 2009. Samtals nam krafan kr. 2.635.759.

Þann 21. september 2010 barst sóknaraðila innheimtuviðvörðun frá varnaraðila. Samtals nam skuldin kr. 43.951. Tiltekið var að tólf eldri gjalddagar væru gjaldfallnir, að upphæð kr. 600.832 og að bréfið væri í vanskilum.

Þann 11. júlí 2011 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila sem sent var honum þar sem hann var ábyrgðarmaður á skuldabréfi nr. Y. Staða láns miðað við 31. desember 2010 var kr. 2.373.648. Gildistími var ótiltekinn.

Þann 24. apríl 2012 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila sem sent var honum þar sem hann var ábyrgðarmaður að láni nr. Z. Staða láns miðað við 31. desember 2011 var kr. 2.335.598. Gilti ábyrgðin til 1. október 2013.

Þann 18. janúar 2013 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila sem sent var honum þar sem hann var ábyrgðarmaður að láni nr. Z. Ábyrgðarfjárhæð miðað við 31. desember 2012 var kr. 2.190.659.

Þann 26. september 2013 barst sóknaraðila bréf frá FFF vegna ábyrgðarskuldbindinga hans á skuldum A. Í bréfinu kom fram að með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 1. júlí 2009 hafi skuldara verið heimilað að leita nauðasamnings til greiðsluáðlögunar samkvæmt lögum nr. 21/1991, sbr. lög nr. 24/2009. Samningurinn mælti fyrir um að skuldari skyldi standa skil á hluta krafna sinna, þ.m.t. umræddri kröfu. Sóknaraðila tilkynntist að hann bæri eftir sem áður ábyrgð á kröfunni í heild með vísan til dóma Hæstaréttar í málum nr. 274/2010 og 462/2010. Var sóknaraðila gefinn kostur á að greiða gjaldfelldar afborganir lánsins með 25% afslætti af vöxtum og innheimtukostnaði, yrði skuldin greidd eða samið um greiðslu hennar innan 14 daga frá dagsetningu bréfsins. Að öðrum kosti myndi krafan fara í áframhaldandi innheimtu með tilheyrandi auknum kostnaði.

Þann 26. september 2013 barst sóknaraðila innheimtubríf frá lögfræðisinnheimtu FFF, vegna skuldabréfs útgefnu af A, dags. 24. janúar 2005. Samtals nam krafan kr. 3.525.830.

Þann 19. febrúar 2014 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila sem sent var honum þar sem hann var ábyrgðarmaður að láni nr. Z. Ábyrgðarfjárhæð miðað við 31. desember 2013 var kr. 2.144.493, sem einnig voru vanskil skuldabréfsins.

Þann 17. mars 2014 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila vegna ábyrgðarskuldbindinga hans á skuldum A við varnaraðila. tilkynntist sóknaraðila að

Þann 5. október 2009 hafi nauðasamningur til greiðsluaðlögunar vegna umrædds aðila verið staðfestur. Tiltekið var að nauðasamningurinn mælti fyrir um að skuldari skyldi standa skil á 38,97% af sammingskröfum, þ.m.t. skuldabréfi nr. Z, á tilteknu tímabili. Sóknaraðila tilkynntist að hann bæri ábyrgð á eftirstöðvum þess sem ekki fengist greitt hjá aðalskuldara.

Þann 22. maí 2014 sendi lögfræðingur sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem þess var krafist að ábyrgð á láni nr. X félli niður gagnvart sóknaraðila. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 10. júní 2014.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. júní 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgð á láni nr. X falli niður gagnvart honum.

Sóknaraðili byggir á því að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn skuli lánveitandi meta hæfi lántaka til að standa í skilum þar sem ábyrgðarmaður gangist í ábyrgð til tryggingar efnudum lántaka. Þá segi í 1. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001 að meta skuli greiðslugetu greiðanda nema sérstaklega sé óskað eftir því að svo verði ekki gert.

Sóknaraðili vísar til þess að samhliða undirritun á skuldabréfið hafi hann skrifað undir yfirlýsingu vegna láns með sjálfskuldarábyrgð þar sem hann falli frá greiðslumati. Engin lánsupphæð sé rituð á umrædda yfirlýsingu, sem brjóti í bága við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2009. Auk þess sé óheimilt að falla frá greiðslumati á hendur ábyrgðarmönnum fari ábyrgðarfjárhæð yfir kr. 1.000.000, líkt og eigi við í þessu tilviki, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Þá hafi sóknaraðili undirritað skjal sem heiti „Niðurstaða greiðslumats“, en þar hafi komið fram sú fjárhæð sem gengist hafi verið í ábyrgð fyrir auk þess sem niðurstaða greiðslumats hafi verið tilgreind.

Sóknaraðili bendir á að í svari varnaraðila frá 10. júní 2014, sé vísað til framangreindrar niðurstöðu greiðslumats og yfirlýsingar vegna láns með sjálfskuldarábyrgð. Telji bankinn á grundvelli framangreindra skjala að sjálfskuldarábyrgðin sé gild. Sú afstaða sé röng enda liggi sjálft greiðslumatið hvergi fyrir og í samkomulaginu komi m.a. fram að ábyrgðarmaður eigi rétt á að kynna sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gangist í ábyrgðina enda liggi samþykki greiðanda fyrir.

Sóknaraðili vísar til þess að aðalskuldari lánsins, A, kannist ekki við að fram hafi farið formlegt greiðslumat enda hafi sóknaraðila aldrei verið sýnt slíkt greiðslumat. Í ljósi þessa hafi sóknaraðili beint áskorunum til bankans um að fá afrit af greiðslumati sem hafi átt að vera framkvæmt hjá aðalskuldara þegar lánið hafi verið tekið en bankinn hafi ekki brugðist við þeirri beiðni. Hafi enda komið í ljós að slíkt greiðslumat hafi ekki verið til. Það sæti furðu að starfsmaður varnaraðila haldi því fram að niðurstaða greiðslumats og yfirlýsing vegna láns með sjálfskuldarábyrgð hafi fullt gildi þegar ljóst sé að bankinn hafi ekki undir höndum hið meinta greiðslumat sem framangreind skjöl eigi að byggja á. Sóknaraðili hafi andmælt tilvist greiðslumatsins í bréfi, dags. 22. maí 2014, en í svari bankans frá 10. júní hafi ekki verið tekið á þessu tiltekna atriði. Orsakast flæmingur bankans ef til vill af því að skortur á upplýsingagjöf og sönnun fjármálafyrirtækja á því að greiðslumat hafi farið fram hafi verið metin þeim í óhag. Sé litið svo á að liggi ekki fyrir gögn um að fjármálafyrirtæki hafi framkvæmt greiðslumat á aðalskuldara skuli miða við að

greiðslumat hafi ekki farið fram, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í málum nr. 1/2005, 95/2012, 38/2013 og 4/2014.

Sóknaraðili byggir á því að þar sem varnaraðili sé aðili samkomulagsins og ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat skv. 1. mgr. 3. gr., sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins, sé ljóst að bankinn hafi brotið gegn téðu samkomulagi. Þá feli framangreint samkomulag í sér staðfestingu þeirrar viðskiptavenju að bankar og sparisjóðir framkvæmi mat á greiðslugetu einstaklinga þegar ábyrgðarskuldbinding einstaklings sé hærri en kr. 1.000.000. Bankinn hafi því ekki einungis brotið gegn ákvæðum samkomulagsins og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, heldur sé hann jafnframt uppvís að háttsemi sem brjóti í bága við gildandi viðskiptavenju. Með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sé ljóst að ábyrgðarskuldbinding sóknaraðila sé ógildanleg. Vísist til dóms Hæstaréttar í máli nr. 163/2005.

Sóknaraðili mótmælir því að varnaraðili hafi sinnt skyldum sínum samkvæmt samkomulaginu þar sem honum hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumats. Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt 1. gr. laga nr. 32/2009 sé markmið laganna að setja reglur um ábyrgðir einstaklinga og draga úr vægi ábyrgða. Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 32/2009 segi að frumvarpið byggir á sjónarmiðum um neytendavernd auk kröfunnar um vönduð vinnubrögð fjármálafyrirtækja. Tilgangur samkomulagsins sé sá sami, sbr. 1. gr. þess.

Sóknaraðili byggir á því að sú lögskýring varnaraðila að vísa til orðalags ákvæðis samkomulagsins varðandi það að nægilegt sé að framvísa „niðurstöðu greiðslumats“, sé ekki í samræmi við tilgang laganna né samkomulagsins. Þá hafi vinnubrögð varnaraðila síst verið í samræmi við áskilnað laganna um vönduð vinnubrögð fjármálafyrirtækja. Eins og fyrirliggjandi gögn málsins sýni fram á hafi tilkynningarskyldu bankans verið ábótavant, bæði fyrir töku ábyrgðarskuldbindingarinnar og eftir að sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð. Þá hafi í tilviki sóknaraðila verið lagt á hendur aðalskuldara að afla undirskrifta ábyrgðarmanns á nauðsynleg skjöl, en slík aðferð hafi verið talin aðfinnsluverð, sbr. dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-153/2014.

Sóknaraðili vísar til 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 og í ljósi þeirrar greinar sé rétt að líta til tilgangs laga nr. 32/2009 sem og heildrænt á atvik máls þegar metið sé hvort háttsemi fjármálastofnunar á borð við varnaraðila hafi uppfyllt þann áskilnað um vönduð vinnubrögð sem gerður sé til fjármálafyrirtækja.

Sóknaraðili bendir á að skilmálar skuldabréfsins sem um ræði í máli þessu séu staðlaðir og því um staðlað sammingsform að ræða með skilmálum sem einhliða séu samdir af varnaraðila. Um slíka samninga gildi m.a. ákvæði a-d liða 36. gr. laga nr. 7/1936. Þegar um staðlaða skilmála sé að ræða sem gerðir séu við neytendur hafi verið talið að það standi lánveitanda nær að haga sammingsgerð sinni þannig að hún standist gildandi lög og þær kröfur sem eðlilegt sé að gera til vandaðra viðskiptahátta, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 464/2012. Þá telur sóknaraðili skilyrðum 2. mgr. 36. gr., c-liðar, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 vera uppfyllt hvað varði aðstöðumun aðila við sammingsgerðina. Hvað varði sjónarmið um aðstöðumun vísi varnaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 50/2013 og 661/2013. Með vísan til fyrirliggjandi gagna, aðstöðumunar aðila og vinnubragða varnaraðila sé ljóst að áskilnaði laga um vönduð vinnubrögð hafi verið ábótavant af hálfu varnaraðila.

Sóknaraðili mótmælir túlkun varnaraðila á 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, sem og vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012, enda hafi varnaraðila borið að upplýsa sóknaraðila um áhrif greiðslumatsins, kynna honum tölulegar staðreyndir

Þess og þýðingu þess að aðalskuldari stæðist ekki greiðslumat. Segi enda í frumvarpi því er varð að lögum nr. 32/2009 að rauði þráðurinn í frumvarpinu sé að ábyrgðarmaður skuli vera upplýstur um þá áhættu sem í ábyrgð felist áður en hann gangist undir hana.

Sóknaraðili vekur athygli á dómi Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 sem varpi skýru ljósi á túlkun Hæstaréttar á 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, þegar aðalskuldari standist ekki greiðslumat. Sóknaraðili telur að sú staðhæfing varnaraðila að fullnægt hafi verið skilyrðum samkomulagsins þegar tilkynnt hafi verið um niðurstöðu greiðslumats sé einfaldlega röng, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Sóknaraðili vísar einnig til þess að tilkynningarskyldu varnaraðila hafi verið verulega ábótavant, sbr. ferli tilkynninga og innheimtu. Sú háttsemi sem viðhöfð hafi verið brjótí í bága við lög nr. 32/2009, sbr. a- og d-liði 1. mgr. 7. gr. laganna. Tilkynningar hafi verið stopular og hafi ekki uppfyllt með nokkru móti form tilkynninga eins og það sé áskilið skv. 7. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Segi í athugasemdum við 7. gr. frumvarps þess er orðið hafi að lögum nr. 32/2009 að meginsjónarmið tilkynningarskyldu sé að tilkynna ábyrgðarmanni um öll þau atvik sem áhrif geti haft á forsendur ábyrgðar, ábyrgðarmanni í óhag.

Sóknaraðili bendir á að í afstöðu bankans frá 10. júní 2014, segi að þegar skuldari/lántakandi leiti til umboðsmanns skuldara falli lán á ábyrgðarmenn. Þar sem B, hinn ábyrgðaraðili lánsins, hafi verið með samning um sértæka skuldaaðlögun hafi ábyrgð hennar verið felld niður og því sé sóknaraðili einn eftir sem greiðandi lánsins. Framangreindri afstöðu varnaraðila sé harðlega mótmælt enda fáist ekki séð hvernig ábyrgð bankans að því er tilkynningarskyldu varði sé felld niður þó svo aðili leiti til umboðsmanns skuldara. Sé látið í veðri vaka að það sé á allra vitorði að lán gjaldfalli á hendur ábyrgðarmönnum þegar leitað sé til umboðsmanns skuldara. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga tilkynni umsýjnarmaður hlutaðeigandi aðilum um að greiðslu-aðlögunarumleitani séu hafnar. Umrætt ákvæði laga nr. 101/2010 hafi verið sett í þeim tilgangi að stuðla að skilvirkari málsmeðferð. Ákvæðið hafi hins vegar ekki þau réttaráhrif að firra fjármálafyrirtæki ábyrgð á tilkynningarskyldu. Sé í raun einungis verið að tryggja að fleiri aðilar takist þá ábyrgð á hendur að tilkynna ábyrgðarmönnum um vanskil eða breyttan hag skuldara. Slíkt rýri ekki gildi laga nr. 32/2009 með nokkru móti heldur festi frekar í sessi þann vilja löggjafans sem fram komi í athugasemdum með 7. gr. laga nr. 32/2009 um mikilvægi þess að ábyrgðarmanni sé tilkynnt um öll þau atvik sem áhrif geti haft á forsendur ábyrgðarmanni í óhag. Í athugasemdum með 7. gr. laga nr. 32/2009 sé jafnframt sérstaklega tekið fram að ábyrgðarmanni skuli tilkynnt um breyttan hag skuldara af hálfu lánveitanda.

Sóknaraðili bendir á að í athugasemdum með 7. gr. laga nr. 32/2009 segi enn fremur að tilkynna beri ábyrgðarmanni um hver áramót um stöðu láns sem hann sé í ábyrgðum fyrir, þ.m.t. vanskil og hversu mikil þau séu. Ljóst sé að skilyrði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 hafi ekki verið fullnægt, enda hafi fyrst verið tilkynnt um vanskil lánsins þann 9. febrúar 2014, en lánið hafi þá verið í vanskilum frá 1. september 2009.

Sóknaraðili telur ljóst að veruleg vanræksla hafi verið á tilkynningarskyldu lánveitanda. Þá sjaldan að tilkynnt hafi verið um stöðu láns hafi tilkynningarnar ekki uppfyllt formskilyrðin að undanskilinni tilkynningu í febrúar 2014. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 segi að ábyrgðarmenn skuli vera skaðlausir af vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 7. gr. laganna og að sé vanræksla veruleg skuli ábyrgðin falla niður. Í þessu tilviki sé ljóst að vanrækslan hafi verið veruleg og því sé rétt að fella ábyrgð sóknaraðila niður.

Sóknaraðili bendir á að í bréfi varnaraðila, dags. 28. júlí 2014, segi að greiðsluaðlögunarsamningur aðalskuldara hafi verið staðfestur 5. október 2009 og ekki hafi legið annað fyrir en að aðalskuldari hafi staðið við þær afborganir sem honum hafi borið að greiða af sammingskröfum. Segi í bréfi varnaraðila að þegar svo standi á, að skuldarar standi við afborganir sé af hálfu varnaraðila litið svo á að kröfur séu í skilum og því ekki gengið að ábyrgðarmönnum. Sóknaraðili telur að framangreind afstaða bankans sæti furðu, sér í lagi þar sem fyrirbyggjandi gögn sýni fram á að greiðsluáskorun hafi borist sóknaraðila meðan á greiðsluaðlögun aðalskuldara hafi staðið. Sé litið til fyrirbyggjandi gagna virðist sem varnaraðili fari með rangt mál í bréfi sínu.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili vísi í bréfi sínu til þess að jafnvel þó svo bankinn hafi brugðist tilkynningarskyldu eigi það eitt og sér ekki að leiða til niðurfalls ábyrgðar. Vísar bankinn máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Sóknaraðili mótmælir þessari staðhæfingu varnaraðila. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 falli ábyrgð niður við verulega vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu. Tilvísun varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2020 hafi hér ekkert gildi enda málin ósambærileg. Í málinu hafi legið fyrir sönnun þess efnis að sóknaraðili vissi að skuld væri í vanskilum frá árinu 2006, en slík sönnun liggja ekki fyrir í tilviki sóknaraðila í þessu máli sem sé til umfjöllunar hjá nefndinni. Þá hafi sérstaklega verið tekið fram í dómi Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 að sóknaraðili væri viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali og því hefði hann mátt gera sér betur grein fyrir þýðingu ábyrgðarinnar og þeirri áhættu sem henni fylgdi heldur en ófaglærður einstaklingur. Í tilviki sóknaraðila séu aðstæður ósambærilegar að þessu leyti enda sóknaraðili ekki með sérþekkingu á þessu sviði og því ekki unnt að gera sambærilegar kröfur til hans og áfrýjanda í téðu dómsmáli.

Sóknaraðili telur að áskilnaður um að aðili sýni fram á tjón vegna misbrests á því að lánveitandi sendi vanskilatilkynningar eigi ekki við í þessu tilviki þar sem varnaraðili hafi ekki uppi skaðabótakröfu til skuldajafnaðar við útistandandi ábyrgðarskuld, líkt og gert hafi verið í dómi Hæstaréttar í máli nr. 116/2010.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur að þótt málskot sóknaraðila sem njóti aðstoðar lögmanns við rekstur málsins, sé ekki eins skýrt og best verði á kosið, megi skipta málsástæðum sóknaraðila fyrir ógildingu ábyrgðarinnar í tvennt, þ.e. annars vegar haldi sóknaraðili því fram að ekki hafi verið framkvæmt mat á greiðslugetu aðalskuldara og hins vegar telji sóknaraðili að vanræksla á tilkynningarskyldu eigi að leiða til niðurfellingar ábyrgðarinnar. Varnir varnaraðila beinist því að þessum atriðum.

Varnaraðili mótmælir harðlega fullyrðum sóknaraðila þess efnis að bankinn eða forveri hans hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem röngum og ósönnuðum.

Varnaraðili vísar til þess að honum hafi borið að meta greiðslugetu skuldara, enda hafi fjárhæð hins umþrætta skuldabréfs verið meiri en kr. 1.000.000. Orðalag 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins sé að mati varnaraðila afar skýrt að því leyti að það hafi eingöngu verið skylt að kynna sóknaraðila niðurstöðu greiðslumatsins, líkt og bankinn gerði með því að kynna sóknaraðila skjalið sem ber heitið „Niðurstaða greiðslumats“. Efni þess skjals sé mjög skýrt og sett fram á aðgengilegan hátt fyrir ábyrgðarmenn. Á

skjalinu komi fram hver sé fjárhæð skuldarinnar sem sóknaraðili hafi verið að ábyrgjast, að niðurstaða matsins bendi til þess að skuldari geti ekki efnt skuldbindingar sínar og að meira en helmingi lánsfjárhæðar verði ráðstafað til greiðslu eldri skuldbindinga lántaka. Með undirritun sinni á skjalið staðfesti sóknaraðili að þrátt fyrir að niðurstaða greiðslumatsins benti til þess að lántaki gæti ekki efnt skuldbindingar sínar óskaði hann samt sem áður eftir því að takast á hendur ábyrgðina og að hafa mótttekið bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Í bæklingnum hafi ítarlega verið farið yfir þau réttindi og skyldur sem hvíli á ábyrgðarmönnum. Þegar framangreint sé virt telur varnaraðili hafið yfir allan vafa að hann hafi uppfyllt allar skyldur sem á honum hafi hvílt skv. samkomulaginu.

Varnaraðili vísar til þess að á skjalinu sé tilvísun til 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins og bent sé á að ábyrgðarmaður geti óskað eftir að kynna sér niðurstöður greiðslumats. Ekki fáist séð af gögnum málsins að sóknaraðili hafi nokkurn tímann, áður en hann hafi tekist á hendur ábyrgðina, óskað eftir að sjá og kynna sér tölulegar forsendur greiðslumatsins. Verði sóknaraðili að bera allan halla af þeirri vanrækslu, telji hann að þær forsendur hefðu haft áhrif á ákvörðun hans að takast á hendur ábyrgðina. Verði sú vanræksla sóknaraðila að teljast sérstaklega vítaverð í ljósi þess að niðurstöðuskjalið hafi eindregið bent til þess að lántaki gæti ekki efnt skuldbindingar sínar.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili fullyrði að ekki hafi verið framkvæmt mat á greiðslugetu skuldara og styðji þá fullyrðingu þannig að varnaraðili hafi undirgögn greiðslumatsins ekki undir höndum. Þeim fullyrðingum sóknaraðila sé harðlega mótmælt enda sé því fyrst haldið fram rúmum níu árum eftir að stofnað hafi verið til ábyrgðarinnar að matið hafi ekki verið framkvæmt. Varnaraðili mótmælir því að á honum hafi hvílt skylda til að geyma undirgögn neikvæðs greiðslumats í svo langan tíma eftir að til ábyrgðarinnar hafi verið stofnað. Máli sínu til stuðnings vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili vísi til skjalsins „Yfirlýsing vegna láns með sjálfskuldarábyrgð og/eða lánsveði“ til stuðnings þeirri fullyrðingu að ekki hafi verið framkvæmt mat á greiðslugetu lántaka og vísi til þess að sóknaraðili hafi með undirritun sinni á skjalið fallið frá greiðslumati. Varnaraðili bendir á að þetta skjal hafi engin áhrif á úrslit máls þessa, enda komi skýrt fram á skjalinu að sé ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi hærri en kr. 1.000.000 sé skylt að greiðslumeta lántaka. Greiðslumatið hafi verið framkvæmt og niðurstaða þess kynnt sóknaraðila.

Varnaraðili mótmælir því að bankinn hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 32/2009 þegar ábyrgðin hafi verið veitt, enda hafi ábyrgðin verið veitt á árinu 2005 en umrædd lög um ábyrgðarmenn hafi ekki tekið gildi fyrr en 4. apríl 2009. Því sé óumdeilt að lögin gildi ekki um stofnun ábyrgðarkröfunnar, sbr. 12. gr. laga nr. 32/2009. Tilvísun sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 163/2005 sé jafnframt harðlega mótmælt enda atvik málsins gerólík. Þá sé því mótmælt að aðstæður séu eða hafi verið fyrir hendi við stofnun ábyrgðarinnar sem geri það að verkum að það teljist ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að varnaraðili beri ábyrgðina fyrir sig. Varnaraðili telur þvert á móti að öll skjalagerð og undirbúningur við veitingu lánsins og töku sjálfskuldarábyrgðarinnar hafi uppfyllt allar þær skyldur sem á honum hafi hvílt samkvæmt samkomulaginu og sóknaraðili hafi því á öllum stigum verið meðvitaður um líkur á greiðslufalli lántaka.

Varnaraðili mótmælir fullyrðingum sóknaraðila þess efnis að bankinn hafi ekki sinnt tilkynningarskyldu sinni, sem röngum og ósönnuðum, enda hafi sóknaraðili

sjálfur lagt fram afrit af fjölmörgum tilkynningum sem honum hafi borist frá varnaraðila og fyrrum kröfuhafa skuldarinnar.

Varnaraðili vísar til þess að greiðsluaðlögunarsamningur A hafi verið staðfestur 5. október 2009 og ekki liggi annað fyrir en að skuldari hafi staðið við þær afborganir sem honum hafi borið að greiða af sammingskröfum. Þegar svo standi á, að skuldarar standi við afborganir af greiðsluaðlögunarsamningum, hafi afstaða varnaraðila verið sú að kröfurnar væru í skilum og að ekki verði gengið að ábyrgðarmönnum eða veðsölum á meðan svo sé, enda eðlilegt að skuldurum greiðsluaðlögunarsamninga sé veitt svigrúm til að ljúka við greiðsluaðlögunarsamninga áður en kröfur á hendur ábyrgðarmönnum sem þeir kunni að ábyrgjast eftir lok greiðsluaðlögunarsamninga, gjaldfalli. Að því virtu telur varnaraðili að hann hafi ekki vanefnt skyldu sína skv. a-lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009, enda sé það afstaða varnaraðila að krafan hafi ekki verið í vanskilum á þeim tíma er sóknaraðili telji að varnaraðila hafi borið að senda tilkynningar. Þrátt fyrir ofangreinda umfjöllun sé því jafnframt mótmælt að ekki hafi verið sendar vanskilatilkynningar til sóknaraðila vegna ábyrgðarkröfunnar fyrr en 19. febrúar 2014. Í gögnum málsins, megi sjá að sóknaraðili hafi í upphafi greiðsluaðlögunartímabilsins fengið senda greiðsluáskorun og innheimtuviðvörðun vegna málsins.

Varnaraðili mótmælir einnig harðlega að bankinn hafi ekki sinnt skyldu sinni til að senda út áramótayfirlit um ábyrgðina, sbr. d-lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009. Sóknaraðili hafi enda lagt fram þær tilkynningar með málskoti sínu. Öllum fullyrðingum sóknaraðila um verulega vanrækslu varnaraðila á tilkynningarskyldu sé því mótmælt sem röngum.

Varnaraðili bendir á að þótt talið verði að bankinn hafi ekki sinnt tilkynningarskyldu sinni með fullnægjandi hætti, geti það eitt og sér ekki leitt til niðurfalls ábyrgðar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010, en þar hafi stefndi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna misbrests á því að lánveitandi sendi vanskilatilkynningar. Í máli þessu liggi fyrir að varnaraðili hafi ekki gripið til löginneheimtuaðgerða og hafi ekki gengið að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila og hafi sóknaraðili því ekki sýnt fram á tjón vega þeirrar meintu fullyrðingar að varnaraðili hafi ekki sinnt tilkynningarskyldu sinni, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 12/2007 og 24/2011. Í ljósi þessa sé því harðlega mótmælt að meintur skortur á upplýsingum frá varnaraðila um vanefndir eigi að leiða til ógildingar ábyrgðarinnar, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Sóknaraðili byggir kröfu um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar sinnar á skuldabréfinu á tveimur málsástæðum, annars vegar því að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat við veitingu ábyrgðarinnar og hins vegar að tilkynningarskyldu varnaraðila hafi ekki verið sinnt, eftir veitingu ábyrgðarinnar. Sóknaraðili byggir kröfur sínar á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001 og lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn.

Lög nr. 32/2009 tóku gildi 4. apríl 2009 og verður þeim því ekki beitt um upplýsingagjöf og framkvæmd greiðslumats við veitingu umþrættrar ábyrgðar í janúar 2005, sbr. 12. gr. laganna.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá þeim sparisjóði. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á því sjónarmiði að í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats eða geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn.

Með skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ var sóknaraðila kynnt neikvæð niðurstaða greiðslumats, en sama orðalag og sama aðferð virðist hafa verið viðhöfð við að benda ábyrgðarmanni á þann möguleika að kynna sér gögn til grundvallar niðurstöðunnar og í umræddu Hæstaréttarmáli. Hafði sóknaraðili enn brýnna tilefni til að kynna sér gögn að baki greiðslumati en stefndi í Hæstaréttarmáli nr. 141/2012, sem hafði verið kynnt sú niðurstaða að greiðslumat benti til að skuldari gæti staðið við skuldbindingar sínar, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 196/2012.

Ekki verður fallist á vísan sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 163/2005 og úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 1/2005, 95/2012, 38/2013 og 4/2014 enda lá í þeim málum ekki fyrir að greiðslumat hefði farið fram. Í máli þessu liggur fyrir neikvæð niðurstaða greiðslumats þrátt fyrir að undirgögn til stuðnings matinu liggja ekki fyrir, enda var varnaraðila ekki skylt að geyma þau gögn svo þau mættu vera aðgengileg síðar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 141/2012.

Hafna verður vísan sóknaraðila til dóma Hæstaréttar í málum nr. 464/2012, 50/2013 og 661/2013 enda var sóknaraðila kynnt neikvæð niðurstaða greiðslumats en óskaði sérstaklega eftir því að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð engu að síður. Verður því ekki séð að vísan sóknaraðila til aðstöðumunar aðila eigi við í þessu máli.

Ekki verður fallist á vísan sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 enda voru á efni þess skjal sem bar með sér niðurstöðu greiðslumats verulegir ágallar. Ekki verður séð að skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ í máli þessu beri með sér sambærilega ágalla, enda var sóknaraðila þar skýrlega greint frá því að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu og staðfesti sóknaraðili að hann vildi engu að síður takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki talið að forsendur séu til að víkja sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X til hliðar, með vísan til stofnunar

ábyrgðarinnar, á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. t.d. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 152/2012 og 153/2012.

Verður því næst vikið að málsástæðu sóknaraðila varðandi tilkynningarskyldu varnaraðila.

Lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn tóku gildi 4. apríl 2009. Í III. kafla laganna er fjallað um réttarsamband lánveitanda og ábyrgðarmanns. Í a-lið 1. mgr. 7. gr. laganna er mælt fyrir um það að lánveitandi skuli senda ábyrgðarmanni tilkynningu skriflega svo fljótt sem kostur er um vanefndir lántaka. Tók það ákvæði til ábyrgðasamnings aðila þessa máls frá gildistöku laganna, sbr. 12. gr. þeirra. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 7. gr. laganna skal lánveitandi senda ábyrgðarmanni tilkynningu um hver áramót með upplýsingum um stöðu láns sem ábyrgð stendur fyrir og yfirliti yfir ábyrgðir. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skal ábyrgðarmaður vera skaðlaus af vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. og ef vanræksla er veruleg skal ábyrgð falla niður. Í 3. mgr. 7. gr. kemur fram að ábyrgðarmaður verði ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum innheimtukostnaði lántaka sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var sannanlega gefinn kostur á að greiða gjaldfallna afborgun. Lánveitandi getur ekki þannig að gildi hafi gagnvart ábyrgðarmanni gjaldfellt lán í heild sinni nema ábyrgðarmanni hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins, sbr. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009.

Í athugasemdum við 7. gr. frumvarps til laga nr. 32/2009 kemur fram að meginsjónarmiðið sé að lánveitandi tilkynni ábyrgðarmanni um öll þau tilvik sem áhrif geta haft á forsendur ábyrgðarmanni í óhag. Þá er tekið fram að forsenda þess að lánveitandi geti innheimt dráttarvexti og annan vanskilakostnað sé að hann hafi tilkynnt ábyrgðarmanni með hæfilegum fyrirvara um vanefndir lántaka. Hugsunin sé sú að ábyrgðarmaður eigi þess ávallt kost að grípa inn í og greiða gjaldfallna afborgun eins og hún standi á gjalddaga. Sams konar hugsun komi fram í lokamálsgrein greinarinnar en þar sé mælt fyrir um réttarstöðu ábyrgðarmanns við gjaldfellingu láns.

Það að varnaraðili sinni ekki tilkynningarskyldu sinni leiðir ekki til niðurfalls ábyrgðar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010, sbr. einnig úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 24/2011 og 74/2013. Þó getur það leitt til niðurfalls ábyrgðar ef vanræksla er veruleg, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009.

Í máli þessu liggur fyrir greiðsluáskorun, dags. 12. apríl 2010, sem FFFF sendi varnaraðila og innheimtuviðvörðun, dags. 21. september 2010 frá varnaraðila. Tiltekið var að skuldabréfið hefði verið í vanskilum frá 1. september 2009.

Þá fékk sóknaraðili send áramótayfirlit frá varnaraðila 11. júlí 2011, 24. apríl 2012, 18. janúar 2013 og 19. febrúar 2014. Af áramótayfirlitunum virðast ekki vera vanskil á umræddu skuldabréfi fyrr en samkvæmt yfirliti, dags. 19. febrúar 2014. Er þetta í samræmi við málalíbúnað varnaraðila sem kveður bankann líta svo á að standi skuldari í greiðsluáðlögun við afborganir af greiðsluáðlögunarsamningnum þá séu kröfurnar í skilum á meðan.

Með vísan til framangreinds verður ekki fallist á að vanræksla varnaraðila á sendingu tilkynninga um vanskil sé svo veruleg að leiði til niðurfalls ábyrgðarinnar. Af áramótayfirlitum varnaraðila virðist mega ráða að krafan hafi ekki verið í vanskilum fyrr en þann 19. febrúar 2014, þegar krafan virðist hafa verið gjaldfelld, án þess að sóknaraðila hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins, sbr. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009.

Í máli þessu er ekki gerð krafa um að gjaldfelling umrædds láns sé felld niður og raunar liggur ekki skýrlega fyrir hvort gjaldfelling hafi átt sér stað. Þá lýtur málatilbúnaður aðila ekki að álitamálum sem varða þá vexti og þann kostnað sem leggja má við kröfu varnaraðila að teknu tilliti til þess hvernig staðið hefur verið að tilkynningum til sóknaraðila. Verður því ekkert fjallað um þessa hlið málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar hans á skuldabréfi nr. X, er hafnað.

Reykjavík, 17. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, fimmtudaginn 30. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 81/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. júní 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. 20. júní 2014. Sóknaraðili kom að viðbótargögnum til nefndarinnar með bréfi dags. 18. júlí 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 26. júní 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 15. ágúst 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 19. ágúst 2015, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 25. ágúst 2014. Viðbótargögn sóknaraðila bárust varnaraðila með bréfi dags. 29. september 2014. Með bréfi dags. 24. október 2014 bárust athugasemdir frá varnaraðila. Óskaði var eftir frekari útskýringum frá sóknaraðila, dags. 9. febrúar 2015. Viðbótarathugasemdir frá sóknaraðila bárust dags. 19. mars og enn frekari athugasemdir og útreikningar þann 30. mars 2015.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 30. apríl 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 14. febrúar 2005, var bílasamningur nr. X, undirritaður milli FF, sem leigusala, og sóknaraðila, sem leigutaka. Hið leigða var bifreiðin A. Leigutími var frá dags. 14. mars 2005 til 14. febrúar 2012. Samningsfjárhæð var 1.830.769 kr. Samningurinn var gengistryggður miðað við 40% EUR, 25% USD, 15% JPY og 20% CHF.

Þann 1. nóvember 2007, var bílasamningnum nr. X, skuldbreytt og gerður nýr bílasamningur um kaupleigu nr. Y, sem greiddi upp lán nr. X. Hið leigða var bifreiðin A. Leigutími var frá dags. 1. desember 2007 til 1. nóvember 2013. Samningsfjárhæð var 1.187.908 kr. Samningurinn var gengistryggður miðað við CHF 50% og 50% JPY.

Þann 23. febrúar 2009 og 18. ágúst 2009, var gert samkomulag um skilmálabreytingu og skuldbreytingu á bílasamningi nr. Y.

Þann 10. nóvember 2009, óskaði sóknaraðili um greiðslujöfnun á bílasamningi nr. Y.

Þann 31. desember 2010, var bílasamningur nr. X endurreiknaður í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 92/2010, 153/2010 og 471/2010 og ákvæði laga nr. 151/2010 sem meðal annars breyttu ákvæðum laga nr. 38/2001. Við endurútreikninginn myndaðist inneign á veltureikningi að fjárhæð kr. 550.483. Með bréfi dags. 12. maí 2014, tilkynnti varnaraðili sóknaraðila um leiðréttan endurútreikning lánsins, með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013 og nam inneign eftir leiðréttingu kr. 5.182.

Þann 31. desember 2010, var bílasamningur nr. Y endurreiknaður í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 92/2010, 153/2010 og 471/2010 og ákvæði laga nr. 151/2010 sem meðal annars breyttu ákvæðum laga nr. 38/2001. Eftirstöðvar samnings fyrir endurreikning voru kr. 2.240.962, en eftir endurreikning voru þær kr. 940.240. Með bréfi dags. 3. júní 2014, tilkynnti varnaraðili sóknaraðila um leiðréttan endurútreikning lánsins með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013. Eftirstöðvar samnings fyrir endurreikning voru kr. 605.588. Staða lánsins eftir endurreikning var kr. 292.403, þar af höfuðstóll að fjárhæð kr. 282.294 og áfallnir ógreiddir vextir að fjárhæð kr. 10.110.

Þann 6. október 2011, var FF sameinað varnaraðila og tók varnaraðili þá yfir réttindi og skyldur FF.

Með tölvupósti dags. 23. maí 2013, sendi sóknaraðili yfirlýsingu þar sem því var lýst yfir að vegna dómsmála hefði sóknaraðili ákveðið að bíða eftir niðurstöðum þeirra dóma og endurútreikninga lánsins að þeim dómum gegnum.

Með tölvupósti, dags. 2. júlí 2014, óskaði sóknaraðili eftir upplýsingum um hvenær von væri á að endurútreikningur á láni nr. Y, yrði leiðréttur. Með tölvupósti, dags. 4. júlí 2014, fékk sóknaraðili þær upplýsingar frá varnaraðila að búið væri að leiðrétta endurútreikning láns, sbr. bréf þess efnis til sóknaraðila, dags. 3. júní 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili byggir kröfu sína í fyrsta lagi á því að varnaraðili viðurkenni að sóknaraðili sé skuldlaus við varnaraðila og jafnframt að umrætt lán sé uppgreitt. Í öðru lagi að varnaraðili afhendi sóknaraðila fullnaðarkvittun fyrir uppgreiðslu lánsins. Í þriðja lagi að varnaraðili afhendi sóknaraðila afsal fyrir bifreiðinni A. Sóknaraðili hefur lagt fram endurmat á útreikningi á stöðu umrædds láns og krefst sóknaraðili þess að staða lánsins verði leiðrétt í samræmi við þá útreikninga.

Sóknaraðili telur að þær tafir og einkum sú óvissa sem staðið hafi yfir varðandi útreikning lánsins og innheimtu á eftirstöðvum þess, hafi valdið sóknaraðila verulegum óþægindum og óhagræði. Einnig hafi það haft í för með sér kostnað fyrir sóknaraðila að hafa gætt réttar síns gagnvart varnaraðila, þar á meðal við að hafa aflað upplýsinga um allan greiddan kostnað og hafa staðið straum af endurútreikningum á eigin vegum.

Sóknaraðili telur að með óhóflegum drætti á endurútreikningi, hafi varnaraðili verið að búa til skuld sem varnaraðili komi nú til með að innheimta hjá sóknaraðila. Sóknaraðili telur að yfirlýsingar varnaraðila þess efnis að lán sem hafi verið í vanskilum, hafi verið reiknuð út seinna en hin, hafi verið eitthvað sem hafi valdið

sóknaraðila miklum áhyggjum og telur að í þeirri yfirlýsingu varnaraðila hafi falist mismunun á viðskiptavinum.

Sóknaraðili telur sig hafa borið fram kvörtun sína við varnaraðila um leið og dómur hafi fallið um ólögsmæti gengislána og þegar að varnaraðili hafi gefið út yfirlýsingu um að endurútreikningur myndi fara fram. Sóknaraðili telur sig hafa sent ótal pósta, heimsótt útibú varnaraðila og verið í sambandi við talsmann viðskiptavina varnaraðila og hafi borið fram fyrirspurnir um hvenær hafi mátt vænta endurútreiknings. Sóknaraðili telur að svör varnaraðila hafi alltaf verið þau sömu við fyrirspurnum sóknaraðila.

Hvað varðar frávísunarkröfu varnaraðila, þá telur sóknaraðili að það sé engin sjáanleg ástæða til staðar svo að málinu verði vísað frá, heldur krefst efnislegar úrlausnar. Sóknaraðili telur að kröfurnar séu alls ekki óskýrar, heldur þvert á móti, þar sem sóknaraðili hafi lagt fram útreikninga, kröfum sínum til stuðnings.

Samkvæmt þeim útreikningum sem sóknaraðili hafi látið gera á bílasamningnum nr. X og nr. Y, hafi niðurstöður endurútreiknings ekki samsvarað varnaraðila, því að heildarlántökukostnaður hafi numið kr. 604.354 og 7,47% árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Sóknaraðili telur að þessu hafi hinsvegar ekki borið saman við upphaflegar forsendur samnings nr. X, sem hafi haft í för með sér heildarlántökukostnað kr. 377.314 og sem svarað hafi til 5,76% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Þessu hafi ekki heldur borið saman við forsendur hins síðari samnings nr. Y, á þá leið að heildarlántökukostnaður hafi verið 169.380 kr. og hafi svarað til 4,60% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

Framlagðir útreikningar hafi sýnt nokkrar mismunandi aðferðir við endurútreikninga, en sóknaraðili hafi einkum viljað vísa til þeirra niðurstaðna sem tilgreindar hafi verið samkvæmt aðferð sem auðkennd hafi verið sem „2) *Endurmat samkvæmt lánskostnaði - Árleg hlutfallstala kostnaðar (reiknuð)*.“ Með þeirri aðferð hafi greiðslur og afborganir verið reiknaðar miðað við vaxtaígildi sem hafi svarað til sömu árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Samkvæmt þeim útreikningi hafi eftirstöðvar lánsins m.v. 1. ágúst 2014, átt að vera 97.544 kr., til þess að hafa gefið sömu árlega hlutfallstölu kostnaðar og þá sem reikna hafi mátt út frá forsendum hins upphaflega samnings nr. X og greiðslum sem hafi verið inntar af hendi síðan þá, en 142.829 kr. út frá forsendum síðari samningsins nr. Y.

Sóknaraðili telur að umræddir bílasamningar falli undir þágildandi lög um neytendalán nr. 121/1994, auk þess að teljast til neytendasamninga í skilningi sérákvæða 36. gr. a-d. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936. Sóknaraðili telur einnig að samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994, sé lánveitanda eigi heimilt að krefja neytanda um greiðslu vaxta eða annars lántökukostnaðar sem ekki séu tilgreindir í lánssamningi. Einnig að samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, sé lánveitanda eigi heimilt að krefjast greiðslu frekari lántökukostnaðar en tilgreindur hafi verið í samningi skv. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. og sé árleg hlutfallstala kostnaðar, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr., of lágt reiknuð sé lánveitanda eigi heimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem hafi gefið hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar. Sóknaraðili telur að af þessu hljóti að leiða sú ályktun að varnaraðila hafi eigi verið heimilt að innheimta meiri kostnað sóknaraðila en hafi verið kynntur í þeim upplýsingum sem fylgdu með lánssamningi, eða sem sóknaraðila hafi mátt vera ljóst hver hafi átt að vera samkvæmt þeim, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Sóknaraðili telur að þær fjárhæðir sem varnaraðili hafi gert kröfu um að sóknaraðili greiði sér samkvæmt endurútreikningi varnaraðila á grundvelli ákvæða laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og með hliðsjón af dómum Hæstaréttar

um fullnaðarkvittanir, séu umtalsvert hærri en kostnaður sá sem hafi mátt ráða af viðkomandi samningum, án tillits til hinna ólögsmætu verðbreytingarákvæða. Þennan aukna kostnað telur sóknaraðili aftur á móti að varnaraðila sé ekki heimilt að innheimta eða krefja sig um greiðslu á eftirstöðvum umfram forsendur lánessamninga, meðal annars með hliðsjón af 2. máls. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994.

Sóknaraðili býður fram sáttatilboð þess efnis að mál þetta verði leitt til lykta með því að varnaraðili lækki eftirstöðvar þær sem sóknaraðili hafi verið krafinn um greiðslu á vegna samningsins nr. Y um helming, það er frá 292.403 kr. í 146.202 kr. frá og með dagsetningu erindis þessa þann 25. ágúst 2014, sem skiptist á fjóra mánaðarlega gjaldþega hédan í frá, ásamt skaðabótavöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Með viðbótarathugasemdum sóknaraðila dags. 30. mars 2015, ítrekar sóknaraðili fyrri kröfugerð. Varnaraðili byggir á því að samkvæmt útreikningum frá varnaraðila á báðum bílasamningunum hafi verið til staðar inneign á samningi nr. X, að fjárhæð kr. 5.281 miðað við 12. maí 2014, en á samningi nr. Y hafi eftirstöðvar verið kr. 292.403 miðað við 3. júní 2014. Samkvæmt þeim óháða útreikningi sem sóknaraðili hafi látið gera fyrir sig samsvari þessar niðurstöður því að heildarlántökukostnaður hafi numið kr. 604.354 og 7,47% árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Því hafi engan veginn borið saman við upphaflegar forsendur, hvorugs framangreindra samninga. Frá því að varnaraðili hafi endurreiknað samning nr. Y, þann 3. júní 2014, hafi sóknaraðili greitt alls átta sinnum af samningnum til varnaraðila. Þess vegna hafi sóknaraðili látið gera fyrir sig nýjan útreikning þar sem tekið hafi verið tillit til þessara viðbótargreiðslna. Sá útreikningur hafi verið byggður á því að burtséð frá því að gengistrygging samningsins hafi reynst ólögsmæt hafi slíkur samningur um neytendalán, þrátt fyrir það, haldið gildi sínu að öðru leyti. Þar sem þær tölulegu forsendur hafi verið miðaðar við fast gengi vísitöluviðmiðs og vaxta, séu þær í raun óháðar gengistryggingu samningsins. Þannig sé ekkert sem standi í vegi fyrir því að þær forsendur verði lagðar til grundvallar, þó svo að gengistryggingin hafi verið felld brott.

Samkvæmt endurútreikningi sóknaraðila hafi lánið því verið greitt upp að fullu ásamt áföllnum kostnaði þann 12. desember 2014 og með greiðslu að fjárhæð kr. 27.277. Þar að auki hafi sóknaraðili greitt tvær greiðslur frá ársbyrjun 2015 og hafi því alls ofgreitt kr. 58.522 þann 3. febrúar 2015. Varnaraðili hafi engu að síður krafðið sóknaraðila um viðbótargreiðslur umfram þessar forsendur, sem sóknaraðili telur að hafi verið óheimilt. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 121/1994 sé kveðið á um að lánveitanda sé eigi heimilt að krefjast greiðslu frekari lántökukostnaðar en tilgreindur sé í samningi. Þar sem það sé ekki heimilt, telur sóknaraðili að skyldum sínum samkvæmt samningnum sé í raun lokið, þ.e. að lánið sé uppgreitt. Sóknaraðili geri því þá kröfu að þetta verði viðurkennt og samkvæmt því verði varnaraðila gert að gefa út fullnaðarkvittun og afsal fyrir bifreiðinni A, sem getið sé um í bílasamningnum. Þá byggir sóknaraðili jafnframt á því að hvergi í samningi aðila sé kveðið á um veðsetningu bifreiðarinnar, og að þar sem kaupverðið sé í raun að fullu greitt ásamt umsömdum lánskostnaði, þá sé bifreiðin jafnframt réttmæt eign sín.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili telur að kröfur sóknaraðila séu með öllu óljósar í ljósi málsatvika og krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá, sbr. 5. og 6. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili byggir aðallega á því að samkvæmt 5. gr. sé það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða hafi ekki tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður hafi lagt málið fyrir fjármálafyrirtæki. Að mati varnaraðila sé þetta skilyrði ekki uppfyllt, þar sem sóknaraðili hafi ekki beint kröfum sínum að varnaraðila og þeim hafi verið hafnað. Varnaraðili telur að í þeim tölvupóstum sem hafi verið lagðir fram í málinu, séu einungis settar fram fyrirspurnir um hvenær leiðréttur endurútreikningur á lánessamningum sóknaraðila yrði væntanlegur, en ekki kröfur á hendur varnaraðila. Þá telur varnaraðili að leiðréttur endurútreikningur á umræddum lánessamningum sóknaraðila, dags. 12. maí og 3. júní 2014, hafi ekki falið í sér höfnun kröfu sóknaraðila, þar sem sóknaraðili hafi gert umræddar kröfur fyrst á hendur varnaraðila í kvörtun sinni til nefndarinnar, dags. 25. júní 2014.

Einnig byggir sóknaraðili á því að samkvæmt e-lið 6. gr. fyrrgreindra samþykktta, fjalli nefndin ekki um mál sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Varnaraðili byggir á því að kröfugerð sóknaraðila sé í heild svo óskýr að varnaraðili telur að hún sé ekki tæk til úrskurðar. Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi hvorki útskýrt þá útreikninga sem lagðir séu fram til stuðnings kröfum, né hafi gert skýra og rökstudda kröfu um að einhver tiltekin atriði í fyrirbyggjandi útreikningum varnaraðila, dags. frá 12. maí og 3. júní 2014, hafi verið reiknuð með öðrum hætti en varnaraðili hafi gert, eða að um lánessamninga sóknaraðila fari með öðrum hætti en samkvæmt fyrirbyggjandi dómafordæmum. Þannig hafi sóknaraðili lagt það í hendur nefndarinnar að meta hvaða endurútreikningsaðferð beri að leggja til grundvallar en „*sóknaraðili [vill] einkum vísa til þeirra niðurstaðna sem tilgreindar eru samkvæmt aðferð sem auðkennd er „2) Endurmat samkvæmt lánskostnaði - Árleg hlutfallstala kostnaðar (reiknuð)“*. Varnaraðili telur að þessi framsetning sóknaraðila sé afar villandi og komi óhjákvæmilega niður á vörnum varnaraðila. Einnig telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki rökstutt á hvaða grundvelli hún telji heimilt að endurreikna lánessamningana saman sem einn samning, en að mati varnaraðila sé ljóst að um tvo sjálfstæða lánessamninga sé að ræða.

Jafnframt telur varnaraðili að óljóst sé hvort sóknaraðili telji sig eiga inneign hjá varnaraðila eða hvort hún standi í skuld við hann. Því samkvæmt kröfugerð sóknaraðila hafi hún miðað við inneign hjá varnaraðila. Hins vegar hafi sóknaraðili sagt í bréfi, dags. 25. ágúst 2013, að „*sóknaraðili geri ekki kröfu um annað en að varnaraðila verði gert að hafa útreikningi á eftirstöðvum lánsins sem um ræðir, og þar með skuld sóknaraðila, með lögmatum hætti*“. Í bréfinu hafi sóknaraðili jafnframt sagt: „*Samkvæmt þeim útreikningi ættu eftirstöðvar lánsins m.v. 1. 8. 2014 að hafa verið 97.544*“. Sóknaraðili telur þetta vekja upp spurningar um framangreinda útreikninga sóknaraðila.

Enn fremur virðist sem að í kröfum sóknaraðila hafi meðal annars falist að varnaraðili hafi átt að bæta meintan „*fjárhagsskaða sem bankinn hefur valdið [sóknaraðila] með óhóflegum drætti útreikninga*“, en sóknaraðili hafi í því sambandi einungis vísað til þess að þær tafir og sú óvissa sem staðið hafi um langa hríð varðandi útreikning lánsins og innheimtu á eftirstöðvum þess hafi valdið sér verulegum óþægindum og óhagræði. Jafnframt hafi það haft í för með sér kostnað fyrir sóknaraðila að gæta réttar síns gagnvart varnaraðila, þ. á. m. við að hafa aflað

upplýsinga um allan greiddan kostnað og að hafa satðið straum af endurútreikningum á eigin vegum. Varnaraðili telur að hvergi sé að finna nánari skýringar eða eftir atvikum útreikninga fyrir umræddri fjárhæð sem meint tjón sóknaraðila nemi og því sé ekki ljóst á hverju sóknaraðili hafi byggt þá kröfu sína að viðurkennt hafi verið að umrætt lán hafi verið uppgreitt. Varnaraðili telur því að ómögulegt sé að taka til varna í málinu. Í ljósi alls framangreinds telur varnaraðili skilyrði ákvæðis 1. máls. e-liðar 6. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefndina uppfyllt í málinu.

Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi varnaraðila á bílasamningum sóknaraðila nr. X og Y.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá, sbr. 5. og 6. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 5. gr. samþykkt, er það skilyrði fyrir meðferð nefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða hafi ekki tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Ljóst er að ágreiningur liggur fyrir meðal aðila. Af gögnum málsins verður að telja að sóknaraðili hafi borið ágreininginn undir varnaraðila þrátt fyrir að ágreiningnum hafi í raun ekki verið formlega hafnað. Tölvupóstsamskipti liggja fyrir á milli aðila, þar sem sóknaraðili óskar ítrekað eftir leiðréttum endurútreikningi á umræddum bílasamningi.

Í 6. gr. samþykkt, er kveðið á um hvers konar mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið greinarinnar fjallar nefndin ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili telur að fjárhæðin, sem hún skuldar varnaraðila, sé mun lægri fjárhæð en varnaraðili telur og vísar því til stuðnings í endurmat á útreikningnum, sem sóknaraðili lagði fram. Kröfugerð sóknaraðila verður að teljast óskýr að því leyti að ekki var í erindi hennar gerð frekari grein fyrir því hver grundvöllur kröfugerðarinnar sé. Í ljósi þess leitaðist nefndin eftir frekari útskýringum á kröfugerð sóknaraðila með bréfi til sóknaraðila dags. 9. febrúar 2015. Óskað var eftir upplýsingum hvaðan endurmatið á útreikningnum stafaði og frekari útskýringu á því hver munurinn væri á endurmati á útreikningi sóknaraðila og endurútreikningi varnaraðila dags. 12. maí og 3. júní 2014. Svör sóknaraðila bárust nefndinni dags. 19. mars 2015, þar sem sóknaraðili vísaði til fyrri kvartana. Viðbótarathugasemdir bárust síðan frá sóknaraðila dags. 30. mars 2015, þar sem sóknaraðili kom á framfæri útskýringum og athugasemdum. Samkvæmt þeim útreikningum sem þar fylgdu virðist sóknaraðili telja að upphafleg vaxtaþrósenta eigi að gilda í uppgjöri aðila en ekki vextir 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ekki er rökstutt í erindinu við hvað sú forsenda útreikningsins styðst. Að öðru leyti er ekki ljóst í hverju munurinn á útreikningum sóknaraðila og varnaraðila liggur og ekkert hefur komið fram um hvaðan útreikningar sóknaraðila stafa. Málsástæður sóknaraðila snúa m.a. að uppgefinni hlutfallstölu kostnaðar, en ekki sést hvernig þær styðja við útreikninga eða kröfugerð sóknaraðila. Sóknaraðili virðist í erindi sínu ýmist líta svo á að varnaraðili standi í skuld við hana eða ekki og er útilokað að henda reiður á neinni fjárhæð sem þar um ræðir.

Svo sem að ofan greinir hefur nefndin freistað þess að fá skýrari mynd af kröfum og málsástæðum sóknaraðila með því að kalla eftir svörum við ákveðnum spurningum. Að öllu samanlögðu verður að telja framsetningu sóknaraðila á máli sínu svo brotakennda og óljósa að óhjákvæmilegt er að vísa kröfum hennar frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 30. apríl 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 14. nóvember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 82/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 16. júlí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 16. júlí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. júlí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 5. september 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. september 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 14. nóvember 2014.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili gerði bílasamning við forvera varnaraðila sem síðar var talinn ólöglega gengistryggður í skilningi laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Var samningurinn því endurreiknaður á grundvelli laga nr. 151/2010, um breytingu á vaxtalögum og í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Var niðurstaðan sú að sóknaraðili hefði ofgreitt kr. 153.246.

Þann 7. nóvember 2011 fékk sóknaraðili samþykka greiðsluaðlögun skv. lögum nr. 101/2010. Samningurinn mælti fyrir um 80% niðurfellingu skulda og greiðslufrestur var veittur í 2 ár af 20% skulda samkvæmt samningnum. Síðar var samþykkt að samningurinn um greiðsluaðlögun myndi mæla fyrir um 100% niðurfellingu skulda.

Þann 11. desember 2013 sendi varnaraðili sóknaraðila tilkynningu um endurútreikning, þar sem fram kom að sóknaraðili hefði ofgreitt kr. 153.246 og yrði sú upphæð lögð inn á reikning í nafni sóknaraðila, sem stofnaður hefði verið í nafni sóknaraðila í útibúi varnaraðila við Suðurlandsbraut.

Þann 16. desember 2013 greiddi varnaraðili kr. 153.246 inn á afskrifaða kröfu sóknaraðila við bankann og útbjó kvittun v/innborgunar á afskrifaða kröfu í tölvukerfum bankans. Afskriftardagur var tilgreindur 1. desember 2011 og afskriftarupphæð var kr. 982.564.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 16. júlí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fá endurgreiðslu á ofrukkun á bílaláni í sínar hendur, þar sem skuldajöfnun hafi verið ólögmat, kr. 150.000.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir því að varnaraðili skuli skuldajafna þegar hún hafi verið í greiðsluskjóli og fái 100% niðurfellingu vegna veikinda.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur sóknaraðila ekki hafa fært gild rök fyrir þeirri staðhæfingu að bankinn njóti ekki réttar til skuldajafnaðar á grundvelli þess að sóknaraðili hafi fengið samþykktan samning um greiðsluaðlögun skv. lögum nr. 101/2010.

Varnaraðili byggir á meginreglum kröfuréttar og að honum hafi verið heimil skuldajöfnun í umrætt sinn. Hafi öll skilyrði skuldajöfnunar verið til staðar. Sóknaraðili eigi gjaldfallna kröfu á hendur varnaraðila og varnaraðili á hendur sóknaraðila. Hvorug krafan sé umdeild og hafi þær verið hæfar til að mæstast.

Varnaraðili byggir sérstaklega á því að samningur sóknaraðila um greiðsluaðlögun girði ekki fyrir rétt varnaraðila til þess að lýsa yfir skuldajöfnuði. Byggir varnaraðili á því að samkvæmt d-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 101/2010, taki greiðsluaðlögun skýrlega ekki til krafna sem fullnægt yrði með skuldajöfnuði ef bú skuldara hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Hefði bú sóknaraðila verið tekið til gjaldþrotaskipta í stað þess að leita nauðasamninga til greiðsluaðlögunar, telur varnaraðili ljóst að skilyrðum 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. fyrir því að varnaraðili geti lýst yfir skuldajöfnuði við kröfu sóknaraðila, skv. framangreindum endurútreikningi. Samkvæmt ákvæðinu geti hver sá sem skuldi þrotabúi dregið það frá sem hann eigi hjá því hvernig sem skuld og gagnkröfu sé varið ef lánardrottinn hafi eignast kröfuna áður en þrjú mánuðir hafi verið til frestdags, hvorki vitað né mátt vita að þrotamaðurinn hafi ekki átt fyrir skuldum og ekki fengið kröfuna til að skuldajafna enda hafi krafa þrotabúsins á hendur honum orðið til fyrir frestdag.

Varnaraðili vísar til þess að sú skuld sem varnaraðili hafi lýst til skuldajöfnunar hafi byggt á yfirdráttarskuld á reikningi sóknaraðila nr. X. Reikningurinn hafi verið stofnaður 8. ágúst 2008 og hafi verið í vanskilum frá því í ársbyrjun 2010. Sé því ljóst að varnaraðili hafi eignast kröfuna á hendur sóknaraðila áður en þrjú mánuðir hafi verið til frestdags.

Varnaraðili bendir á að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila hafi byggt á ofgreiðslum af gengistryggðum samningi. Hafi sóknaraðili þannig eignast kröfu sína á hendur varnaraðila á þeim tíma er ofgreiðslur hafi átt sér stað. Þannig megi einnig sjá af yfirliti endurútreiknings, að síðustu greiðslur sóknaraðila að samningnum hafi verið

í júní 2010 og hafi krafa sóknaraðila því myndast áður en sóknaraðili hafi sótt um greiðsluáðlögun. Hafi sóknaraðili þannig eignast kröfu sína sömuleiðis fyrir frest dag.

Varnaraðili kveður hinn umþrætta skuldajöfnuð samkvæmt framansögðu hafa verið heimilan, með vísan til laga nr. 101/2010 og 21/1991 og beri því að hafna kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili telur til viðbótar að almenn skilyrði meginreglna kröfurettar fyrir því að skuldajöfnuður nái fram að ganga séu uppfyllt. Um gagnkvæmar kröfur hafi verið að ræða milli sömu aðila. Kröfurnar hafi verið hæfar til að mætast hvað varði efndir og eðli krafna. Sóknaraðili hafi verið í skuld við varnaraðila sem numið hafi hærri fjárhæð en sú krafa er sóknaraðili hafi eignast á hendur varnaraðila vegna endurútreikninga bílasamningsins. Hafi krafa sóknaraðila því verið efnd með fullnægjandi hætti af hálfu varnaraðila með því að varnaraðili lýsti yfir hinum umþrætta skuldajöfnuði. Beri einnig að hafna kröfum sóknaraðila af þeim sökum.

Varnaraðili vísar til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 83/2013, um skuldajöfnuð við endurútreikning, máli sínu til stuðnings.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu vegna afskrifta lána á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Í íslenskum rétti er meginreglan sú að gagnkröfuhafi þurfi að gefa aðalkröfuhafa yfirlýsingu um skuldajöfnuð. Þá hefur verið talið að heimild fjármálafyrirtækja til að skuldajafna peningakröfum sem þau eignast á viðskiptamenn sína við innstæður eða önnur fjárhagsleg réttindi sem viðskiptamaðurinn á í viðkomandi banka eða sparisjóði sé miklum takmörkunum háð. Styðjast þessar takmarkanir öðru fremur við það hlutverk fjármálafyrirtækja að taka að sér vörslur fjármuna fyrir viðskiptamenn sína. Er það almennt ekki samræmanlegt þessu hlutverki að banki gangi að innstæðum eða öðrum fjárhagslegum réttindum til að fullnusta eigin kröfur. Þessi sjónarmið eiga á hinn bóginn ekki við um kröfu viðskiptamanns um útgreiðslu fjár vegna endurreiknings skuldabréfaláns, á sama tíma og hann skuldar sama banka gjaldfallnar peningakröfur, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr. 83/2013.

Í máli þessu háttar svo til að varnaraðili endurreiknaði tilgreindan bílasamning sóknaraðila og sendi henni tilkynningu þar að lútandi þann 11. desember 2013. Hafði sóknaraðili ofgreitt af bílasamningnum. Stofnaði varnaraðili reikning í hennar nafni við tilgreint útibú bankans og lagði ofgreiðsluna og vexti inn á þann reikning, samtals kr. 153.246. Sóknaraðili átti því innstæðu að fjárhæð kr. 153.246 í útibúi varnaraðila við Suðurlandsbraut frá 11. desember 2013.

Varnaraðili útbjó fimm dögum síðar, þann 16. desember 2013, kvittun v/innborgunar á afskrifaða kröfu. Byggir varnaraðili á því að umrædd kvittun sé tilkynning um skuldajöfnuð. Ekki liggur fyrir að sóknaraðila hafi verið send umrædd tilkynning, en um er að ræða skjal sem prentað hefur verið út úr tölvukerfi varnaraðila, þar sem ekki kemur fram heimilisfang sóknaraðila. Er ósannað að sóknaraðila hafi verið send yfirlýsing um skuldajöfnuð.

Með vísan til þess að varnaraðili stofnaði reikning í nafni sóknaraðila, lagði endurgreiðslu vegna ofgreiðslu inn á hann og tilkynnti sóknaraðila um stofnun reiknings með tilgreindri innstæðu, verður að telja að þar með hafi sóknaraðili orðið innstæðueigandi í bankanum og að allar fyrrgreindar almennar takmarkanir hafi gilt um skuldajafnaðarrétt varnaraðila við téða innstæðu. Eins og staðið var að stofnun reikningsins var heldur ekki um það að ræða að sóknaraðili hefði fallist á skilmála þar sem skuldajafnaðarréttur væri veittur varnaraðila. Getur úrskurðarnefndin ekki fallist á að varnaraðila hafi verið heimilt að ganga að innstæðu á bankareikningi sóknaraðila til að fullnusta skuldir hennar, sem ítarlega hafði verið fjallað um og samið um að ekki yrðu innheimtar.

Verður því fallist á aðalkröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, skal endurgreiða sóknaraðila, M, kr. 153.246.

Reykjavík, 14. nóvember 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 17. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 83/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 15. júlí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 10. júlí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. júlí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 1. september 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. september 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 22. september 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 17. október 2014.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili gerði bílasamning við forvera varnaraðila sem síðar var talinn ólöglega gengistryggður í skilningi laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Var samningurinn endurreiknaður á grundvelli laga nr. 151/2010 og greiddi varnaraðili sóknaraðila kr. 3.705.305 vegna ofgreiðslu á samningnum.

Þann 29. desember 2011 undirritaði sóknaraðili samning um sértæka skuldaaðlögun hjá varnaraðila. Greiðslugeta sóknaraðila var talin geta staðið undir 70% af fasteignaveðkröfum. Skuldir sóknaraðila voru færðar að áætlaðri greiðslugetu hans. Varnaraðili var eini kröfuhafinn sem átti aðild að samningi sóknaraðila um sértæka skuldaaðlögun. Samkvæmt samningnum skyldu kröfur varnaraðila að fjárhæð kr. 17.164.055 færðar til afskrifta að liðnum þremur árum ef sóknaraðili hefði þá staðið við þær greiðslur er honum bar að greiða til varnaraðila samkvæmt skuldaaðlögunarsamningnum. Þá voru kr. 6.735.000 sett á biðlán og greiðslur af því skyldu hefjast að skuldaaðlögunartímabili loknu.

Þann 6. desember 2013 barst sóknaraðila tilkynning um endurútreikning á samningi/láni nr. X, í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Tilkynntist sóknaraðila að hann hefði ofgreitt af umræddum samningi sem næmi kr. 988.994 og yrði því ráðstafað inn á afskrift hjá varnaraðila.

Þann 16. febrúar 2014 sendi lögfræðingur sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem þess var krafist að inneign skv. endurútreikningi, dags. 6. desember 2013, yrði lögð inn á reikning hans. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 21. febrúar 2014.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 10. júlí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krafðist þess upphaflega 1) að skorið verði úr um hvort eignarrétturinn á umræddu ofteknu fé hafi með einhverjum hætti getað yfirfærst að lögum frá sóknaraðila til bankans með því einu að bankinn hafi ofrukkað sóknaraðila á grundvelli ólöglegs samnings, 2) sé svar við 1) að eignarrétturinn hafi ekki skipt um hendur er úrskurðarnefnd beðin um að úrskurða um hvort slík „krafa“ sé þá tæk til skuldajafnaðar skv. almennum reglum kröfuréttar, 3) að skuldajöfnuði sem mál þetta snýst um verði hnekkt, 4) að fjármunum þeim, kr. 988.994, sem urðu til við endurreikning verði skilað auk dráttarvaxta frá dagsetningu endurreiknings til greiðsludags.

Í lokaathugasemdum sóknaraðila féllst hann á að kröfur hans varðandi liði 1 og 2 væru ekki fyllilega skýrar en áréttaði að innihald erindis hans til úrskurðarnefndar væri í hnotskurn það hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna ofteknu fé á móti sértækum skuldaaðlögunarsamningi hans við bankann sem væri í fullum skilum.

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir afgreiðslu bankans þar sem ekki verði séð með hverjum hætti hann hafi getað eignast féð sem sóknaraðili hafi ofgreitt á grundvelli ólöglegs samnings. Að mati sóknaraðila vanti upp á að skilyrðum kröfuréttarins til skuldajafnaðar sé fullnægt. Annars vegar hafi eignarrétturinn á hinu oftekna fé aldrei yfirfærst til bankans og af því leiði að bankinn eigi enga kröfu til að skuldajafna og hins vegar skorti upp á það skilyrði að krafan sé gjaldfallin til að hún sé tæk til skuldajafnaðar en sóknaraðili sé ekki í vanskilum við bankann.

Sóknaraðili vísar til þess að með skírskotun til eignarréttarins sem varinn sé m.a. í stjórnarskrá verði ekki séð með hvaða hætti eignarrétturinn á umræddum ofgreiðslum hafi getað skipt um hendur fyrir ólögmetisgjörning og að bankanum hafi þannig verið í sjálfsvald sett hvernig hann ráðstafaði þeim fjármunum sem hann hafi fengið með ólögum hætti. Sú staðreynd að féð hafi verið komið inn á reikninga bankans hafi byggt á lögleysisgjörningi sem Hæstiréttur hafi dæmt ólöglegan og að hann skyldi endurreiknaður til leiðréttingar þar sem ofgreitt hafi verið skv. hinum ólöglega samningi. Það sé því á hendi sóknaraðila eins að ráðstafa umræddum ofgreiðslum en ekki bankans sem beri einungis þá skyldu að skila fénu til réttis eiganda óháð öðrum skuldbindingum hans við bankann rétt eins og aðrir lögaðilar sem með ólögum hætti komist yfir fjármuni annarra.

Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi gert samning um sértæka skuldaaðlögun í gegnum varnaraðila og hafi þar verið innifaldar flestar hans skuldbindingar og settar á greiðslusamning. Sóknaraðili sé því ekki í vanskilum við bankann að lögum.

Sóknaraðili bendir á að bankinn vísi til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 83/2013 máli sínu til stuðnings. Telur sóknaraðili

Því fara fjarri að um sambærileg mál sé að ræða þar sem sjá megi að í því máli hafi „inneign“ verið skuldajafnað á móti vanskilum sem ekki eigi við í tilfelli sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir á því að almennar reglur kröfuréttarins geri ráð fyrir að hægt sé að skuldajafna gjaldföllnum kröfum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sóknaraðili telur að þrátt fyrir að í tilvitnuðum úrskurði þar sem fjármálafyrirtæki hafi verið heimilað að skuldajafna ofgreiðslunni á móti gjaldföllnum kröfum sem viðskiptamaður hafi átt þá sé ekki um að ræða sambærileg mál. Í máli þessu sé ekki um vanskil að ræða heldur samning um greiðsluplan sem ekki sé í vanskilum og því skorti á það skilyrði kröfuréttarins að krafan sé fallin í gjalddaga.

Sóknaraðili telur of langt seilst að heimila fjármálafyrirtæki að skuldajafna fjármunum fengnum með ólögmetisgjörningi jafnvel þótt öll almenn skilyrði kröfuréttarins væru uppfyllt að öðru leyti þar sem að lögum hafi yfirfærsla á eignarrétti á fénu alls ekki orðið. Beri því fjármálafyrirtæki þá einu skyldu að skila hinu oftekna fé vegna ólögmetisgjörningsins til löglegs eiganda þess hvað sem öðrum samningum við bankann líði.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt skilningi hans sé fé það sem ofgreitt hafi verið til bankans vegna hins ólöglega samnings ekki tækt til skuldajafnaðar þar sem ekki sé um venjubundna kröfu að ræða sem verði til í eðlilegum viðskiptum, hvað þá að um sé að ræða samrætta kröfu í skilningi kröfuréttar eins og bankinn haldi fram sem séu hæfar til að mætast hvað varði efndir og eðli krafna. Telur sóknaraðili að endurheimturéttur hans á hinu oftekna fé sé ótvíræður og hið ofgreidda fé sé alls ekki tækt til skuldajafnaðar skv. almennum reglum eins og bankinn telji.

Sóknaraðili telur að ekki verði fram hjá því litið að ákvæðið um bann við tengingu við erlendan gjaldeyri hafi legið fyrir með skýrum hætti í lögum á þeim tíma sem samningurinn hafi verið gerður og hafi bankinn verið grandvís um ólögmeti gjörningsins að mati sóknaraðila. Sóknaraðili telur að aðstöðumunur aðila hvað þekkingu á fjármálagjörningum varði sé hróplega mikill. Samkvæmt skilningi sóknaraðila og almennum málskilningi kallist það ekki eðlilegir viðskiptahættir og verði aldrei sett jafnfætis við löglega tilkomnar reglur eða inneignir eftir atvikum sem tækar væru til skuldajafnaðar eftir almennum reglum kröfuréttarins.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á þeirri meginreglu kröfuréttar að honum hafi verið heimil skuldajöfnun í umrætt sinn. Hafi öll skilyrði skuldajafnaðar verið til staðar. Um gagnkvæmar kröfur hafi verið að ræða milli sömu aðila. Kröfurnar hafi verið hæfar til að mætast hvað varðar efndir og eðli krafna. Sóknaraðili hafi verið í skuld við varnaraðila sem numið hafi hærrí fjárhæð en sú krafa er sóknaraðili hafi eignast á hendur varnaraðila vegna endurreikninga bílasamningsins.

Varnaraðili telur að kröfur sóknaraðila séu að mestu leyti á grundvallarmisskilningi byggðar, sbr. sérstaklega fyrsta og annan kröfulið í kvörtun sóknaraðila. Þar sé að finna vangaveltur sóknaraðila um það hvort eignarréttur á hinu oftekna fé hafi færst á milli aðila. Verði ekki séð hvaða þýðingu sú spurning hafi enda sé á því byggt af hálfu varnaraðila að sóknaraðili hafi eignast kröfu á hendur varnaraðila vegna hinna ofgreiddu fjármuna, m.ö.o. að sóknaraðili eigi kröfuna. Varnaraðili eigi hins vegar á sama tíma kröfur á hendur sóknaraðila sem varnaraðili hafi lýst sem gagnkröfum til skuldajafnaðar við fyrnefnda kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að rökstuðningur sóknaraðila virðist skv. kvörtun hans, byggja á því að eignarrétturinn á hinu ofgreidda fé hafi ekki færst til varnaraðila og „af því leiði að bankinn á enga kröfu til að skuldajafna“. Verði þessi rökstuðningur sóknaraðila ekki skilinn á annan veg en þann að hann telji varnaraðila með einhverjum hætti halda því fram að bankinn sé eigandi endurkröfu hins ofgreidda fjár og skuldajöfnuður byggji á þeirri röksemd. Slíkt sé hins vegar alrangt og sé það óumdeilt að það sé sóknaraðili sem átt hafi þá kröfu á hendur varnaraðila. Vangaveltur sóknaraðila um eignarrétt að hinu ofgreidda fé hafi því enga þýðingu enda ætti sóknaraðili vart kröfu á hendur varnaraðila hafi eignarrétturinn færst til varnaraðila. Varnaraðili byggir aftur á móti á því að eiga gilda gagnkröfu vegna krafna sem ekki fáist greiddar eftir samning um sértæka skuldaaðlögun sóknaraðila.

Varnaraðili telur málatilbúnað sóknaraðila hvað þetta varði svo óljósan og órökstuddan að bankinn telji að varðað gæti frávísun frá nefndinni, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, þó ekki sé gerð sérstök krafa um það af hálfu varnaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila varðandi endurreikning bílasamningsins verði ekki jafnað við innstæðu. Um sé að ræða peningkröfu sem sóknaraðili hafi eignast á hendur varnaraðila um endurheimtu ofgreidds fjár. Krafa sóknaraðila byggist því á endurheimturétti en sé ekki innstæða eða krafa sem jafnað verði við innstæðu, enda ekki um þá aðstöðu að ræða að sóknaraðili hafi afhent varnaraðila fjármunina til varðveislu og ávöxtunar. Almenna reglan sem sóknaraðili virðist vísa til um að bönkum og sparisjóðum sé almennt ekki heimilt að skuldajafna kröfu á hendur viðskiptamanni á móti innstæðu hans hjá viðkomandi banka eða sparisjóði eigi ekki við í þessu tilviki. Um sé að ræða gagnkvæmar peningkröfur.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili byggji á því að skuldajöfnuður geti ekki náð fram að ganga þar sem varnaraðili eigi ekki gjaldfallnar kröfur á hendur sóknaraðila. Varnaraðili hafnar alfarið málatilbúnaði sóknaraðila hvað þetta varði. Fyrir liggir að varnaraðili eigi umtalsverðar kröfur á hendur sóknaraðila sem fallnar séu í gjalddaga skv. skilmálum sínum en fyrir liggir að afskrifa skuli samkvæmt skuldaaðlögunarsamningi. Þó svo mælt sé fyrir um tímabundna frystingu krafanna telur varnaraðili að líta verði til þess að gert sé ráð fyrir að kröfurnar séu færðar til afskrifta í lok samningstímans og líta verði til þess að kröfurnar væru skv. efni sínu í gjalddaga fallnar. Hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að skilyrði skuldajafnaðar séu ekki uppfyllt. Telur varnaraðili að sóknaraðili geti auk þess ekki haft réttmætar væntingar til þess að fá greiddar kr. 988.994 frá varnaraðila en á sama tíma muni sóknaraðili ekki greiða kröfur varnaraðila að ríflega tífaldri þeirri fjárhæð eða kr. 11.501.975. Telur varnaraðili sömuleiðis að sjónarmið um óréttmæta auðgun komi jafnframt í veg fyrir að skuldajöfnuðinum verði hnekk og sóknaraðili fái fjárhæðina greidda þegar svo sé ástatt.

Varnaraðili byggir á því að hafi sá sem eignist kröfur á hendur kröfuhafa fengið samþykktu skuldaaðlögun gangi sú krafa á móti þeim hluta samningskrafna kröfuhafans sem ekki fáist greiddur samkvæmt skuldaaðlögunarsamningi.

Varnaraðili vísar til þess að staða skuldara raskist ekki, enda hefði tilvist inneignar við gerð samnings einungis þýtt að skipting á greiðslum milli kröfuhafa hefði breyst eða afskrift minnkað, en ekki heildargreiðslubyrði, enda sé hún miðuð við ætlaða greiðslugetu skuldara. Inneign megi jafna til eigna sem sóknaraðila hefði verið gert að selja til þess að grynnka á þeim skuldum sem ella hefðu fallið undir samning um skuldaaðlögun, eins og rakið sé í 1. mgr. „almennra upplýsinga um

skuldaaðlögun“, sem fylgi með samningi sóknaraðila. Þar sé gert ráð fyrir því að skuldaaðlögun geti eftir atvikum átt sér stað með sölu eigna, eftirgjöf krafna eða hlutfallslegri lækkun þeirra. Að mati varnaraðila þyki ekki skipta meginmáli hvort eign komi inn við gerð samnings eða síðar enda sé algengt að sala eigna fari fram eftir að samningur sé gerður. Önnur regla hefði í för með sér mismun, engin áhöld séu um að inneign hefði gengið upp í skuldir hjá þeim sem fengið hefðu endurreikning skömmu áður en skuldaaðlögunarsamningur hafi verið gerður.

Varnaraðili telur að ekkert í samkomulagi um skuldaaðlögun takmarki rétt kröfuhafa til skuldajafnaðar, enda sé ekki utan um það úrræði sá lagarammi að jafnað verði til greiðsluaðlögunar eða nauðasamninga. Til að mynda eigi ekki við ákvæði laga um að gagnkrafta verði að hafa stofnast á tilteknum tíma fyrir fresttag.

Varnaraðili vísar til þess að líta beri til þess að samningskröfur séu ekki fallnar niður fyrr en við lok skuldaaðlögunartímabils sem sé í tilviki sóknaraðila í ársbyrjun 2015, hafi sóknaraðili staðið í skilum með greiðslur samkvæmt samningnum. Varnaraðili hafi því ekki tilkynnt sóknaraðila um endanlega eftirgjöf krafna að svo komnu máli. Af þeirri ástæðu einni sé tæpast unnt að verða við kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili vísar máli sínu til stuðnings til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 83/2013.

V.

Niðurstaða.

Með vísan til skýringa sóknaraðila í lokaathugasemdum hans lýtur ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu vegna afskrifta lána á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Enda þótt kröfum og málsástæðum sé blandað saman í upphaflegri kröfugerð sóknaraðila virðist þessi skilningur á kröfugerðinni hafinn yfir vafa og málatilbúnaður varnaraðila hafa miðast við hann. Er því ástæðulaust að vísa málinu frá vegna þessa ágalla.

Í íslenskum rétti hefur verið talið að heimild fjármálafyrirtækja til að skuldajafna peningakröfum sem þau eignast á viðskiptamenn sína við innstæður eða önnur fjárhagsleg réttindi sem viðskiptamaðurinn á í viðkomandi banka eða sparisjóði sé miklum takmörkunum háð.

Til þess að skuldajöfnuður komi yfirleitt til greina þurfa þó ákveðin grunnskilyrði að vera uppfyllt. M.a. er ekki unnt að skuldajafna ógjaldfallinni kröfu við gjaldfallna.

Þegar krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila varð gjaldkræf, þann 6. desember 2013, átti varnaraðili tiltekin kröfuréttindi á hendur sóknaraðila. Staða þeirra var með þeim hætti, að þótt skuldinar hefðu áður verið í vanskilum, höfðu aðilar máls þessa ákveðið að semja um uppgjör þeirra og eftirgjöf að hluta með nýjum skilmálum. Skilmálarnir fólu í sér afborgunarkjör þar sem sóknaraðili skyldi greiða tiltekna upphæð mánaðarlega í tiltekinn tíma, en kr. 6.735.000 var sett á biðlán og skyldu greiðslur hefjast af því eftir þrjú ár, að skuldaaðlögunartímabilinu loknu. Skyldu aðrar skuldir færðar til afskrifta að þremur árum liðnum frá undirritun samningsins, yrði staðið við afborganir og engin atvik kæmu upp er kynnu að valda ógilding. Samningurinn er skilyrtur við að sóknaraðili efni hann á þessum tíma og verður skilinn þannig að ella rakni við upphafleg kröfuréttindi varnaraðila, eins og ekkert hefði verið um þau samið.

Í skilmálum samningsins, sem sóknaraðili virðist ekki hafa samið, eru engir fyrirvarar um fjárhagsleg réttindi sem sóknaraðili kann að eignast á þessum þriggja

ára tíma. Ekki er því haldið fram að sóknaraðili hafi vanefnt samning þennan, sem er skuldbindandi fyrir báða aðila.

Að þessu virtu er útilokað að líta svo á að varnaraðili hafi átt gjaldfallna kröfu til að skuldajafna á móti kröfu sóknaraðila. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu að fjárhæð kr. 988.994, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 42/2014 og 54/2014.

Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu reiknast dráttarvextir af kröfu sóknaraðila að liðnum mánuði frá því hann setti kröfu sína um útgreiðslu fram þann 16. febrúar 2014.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, skal endurgreiða sóknaraðila, M, kr. 988.994, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 16. mars 2014.

Reykjavík, 17. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 10. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marellsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 84/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 4. júlí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 4. júlí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. júlí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 31. júlí 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. ágúst 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 2. september 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 10. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 8. desember 2006 var skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. X“ undirritað. Umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 1.565.000 var A. Nýta átti lánið til að greiða upp Visaskuld ca. 250.000, heimild á Y, skuldabréf nr. Z, Þ og greiðsluþjónustureikning nr. Æ. Gert var ráð fyrir greiðslumati en reitir þess efnis hafa verið fylltir út með kr. 0. Eftirfarandi yfirlýsing var á skjalinu: „Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt „Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga“ (dags. 1. nóv. 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir.“ Gert var ráð fyrir að hakað væri við hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán

umsækjanda hjá bankanum og að undirrituðum hefðu verið kynntar þær ráðagerðir, að ekki væri óskað eftir greiðslumati og að greiðslumat hefði verið framkvæmt og undirrituðum kynnt niðurstaða þess. Ekki hefur verið hakað við neinn þessara valmöguleika. Hakað var við að niðurstaða greiðslumats benti til þess að umsækjandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar en að ábyrgðarmaður samþykkti að gangast í ábyrgð engu að síður.

Fyrir liggja forsendur greiðslumats, sem gilda til 4. mars 2007, þar sem tekjuafgangur á mánuði er neikvæður um kr. 58.091. Enginn hefur skrifað undir umrætt skjal. Þá liggur fyrir skjal með yfirskriftinni „Niðurstöður greiðslumats“, sem gildir til 4. mars 2007, en enginn hefur skrifað undir. Til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána á mánuði var -58.091.

Þann 8. desember 2006 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 1.565.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu.

Þann 2. október 2009, 11. desember 2010, 31. október 2011 og 14. janúar 2013 voru gerðar skilmálabreytingar á framangreindu skuldabréfi sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 22. ágúst 2011 sendi sóknaraðili varnaraðila bréf þar sem hún óskaði eftir því að ábyrgð hennar á skuldabréfi nr. X yrði felld niður. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 24. október 2011.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 4. júlí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst lausnar undan sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X og kr. 250.000 í bætur vegna kröfulýsingar og skráningar sóknaraðila á vanskilaskrá. Sóknaraðili krefst þess einnig að varnaraðila verði gert að afturkalla þessa kröfu á hendur henni og að hann láti færa nafn hennar af vanskilaskrá.

Sóknaraðili vísar til þess að henni hafi ekki verið kynnt niðurstaða greiðslumats skuldara áður en umrætt lán hafi verið undirritað, sbr. 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Skuldari hafi sjálfur komið með skuldabréfið í C og hafi fengið undirskriftir ábyrgðaraðila og votta og geti vottar staðfest það. Kveðst sóknaraðili ekki hafa haft hugmynd um hversu langt skuldari hafi verið frá því að standast greiðslumat.

Sóknaraðili kveðst ekki muna sérstaklega eftir haki þar sem segi að niðurstöður bendi til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar. Hafi henni ekki sérstaklega verið bent á það, enda komi ekkert á lánsúmsókn fram um niðurstöðu greiðslumats og sé sérstakur kafli fyrir greiðslumat á lánsúmsókn óútfylltur.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi ekki sett hak við reit á lánsúmsókn varðandi niðurstöðu greiðslumats. Hver það hafi gert geti sóknaraðili ekki getið sér til um en fái ekki séð að lítill kross, sem hver sem er geti auðveldlega hafa krotað á skjalið, leysi bankann undan skyldum samkomulagsins. Ef svo væri þá hafi samkomulagið verið lítið annað en stafir á blaði. Ætla mætti að til þess að leysa aðila máls undan skyldum sem fram komi í samkomulagi eða samningi þurfi til þess sérstakan lið sem undirritaður sé sérstaklega eða í það minnsta upphafsstafir settir við þann lið sérstaklega en ekki hak sem hver sem er geti sett á hvaða tíma máls sem er.

Sóknaraðili vísar til þess að greiðslumat sé ekki undirritað af greiðanda eða nokkrum öðrum aðila málsins og bendi það til þess að um málamyndagreiðslumat sé

að ræða, sem unnið hafi verið eftir á. Þar sem greiðslumatið sé ekki undirritað af greiðanda fái sóknaraðili ekki séð að til hafi staðið að kynna henni niðurstöðu þess enda hafi það ekki verið gert. Þar sem greiðandi undirriti ekki matið hafi bankinn ekki haft heimild til þess að kynna ábyrgðarmönnum greiðslumatið og niðurstöður þess. Hafi sóknaraðila fyrst verið kynnt niðurstaða óundirritaðs greiðslumats þegar lánið hafi verið komið í vanskil og hún hafi kallað eftir því árið 2011. Hafi hún aldrei staðfest að lán yrði veitt þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu greiðslumats líkt og gera beri samkvæmt 4. gr. samkomulagsins, enda hafi henni aldrei verið kynnt hversu neikvæð niðurstaða greiðslumats væri.

Sóknaraðili vísar til þess að fram komi á skuldabréfinu að FF, forveri varnaraðila, sé aðili að nefndu samkomulagi. Því hafi sóknaraðili ekki efast um að henni yrði kynnt niðurstaða greiðslumats af starfsmanni banka þegar það lægi fyrir og henni gefinn kostur á að draga ábyrgðina til baka ef hún svo vildi hafa, líkt og kveðið sé á um í samkomulaginu. Sóknaraðili kveðst án vafa hafa dregið ábyrgð sína til baka hefði hún haft vitneskju um að tæplega 60.000 kr. hafi vantað upp á á mánuði að lántaki gæti efnt skuldbindingar sínar. Sóknaraðili kveðst líta á þessa vankanta framkvæmdarinnar sem sammingsrof. Hafi hún ómögulega getað vitað hvenær bankinn lyki greiðslumati, þannig að hún gæti sjálf farið fram á skoðun áður en bankinn keypti skuldabréfið, enda greiðslumatið aldrei lögformlega klárað.

Sóknaraðili bendir á að umrætt lán hafi verið nýtt til að greiða upp önnur lán skuldara. Það hafi ekki verið settur kross í þar til gerðan reit á lánsúmsókn, sem sé merkilegt þar sem bankinn virðist í öðru orðinu leggja allt traust sinn á lítinn kross í öðrum reit. Sé þetta ekki í samræmi við 4. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili kveðst telja að samkvæmt svári bankans virðist varnaraðili telja samkomulagið fremur léttvægt, jafnvel meiningarlaust. Telji varnaraðili sér ekki hafa verið skylt að fara eftir ákvæðum þess við umrædda lánveitingu, þvert á móti séu skyldur sem samkomulagið kveði á um lagðar á herðar ábyrgðarmannsins en ekki fagaðilans/bankans. Hafi sóknaraðili ekki verið aðili að samkomulaginu heldur riti bankinn undir það og hefði því í öllum eðlilegum skilningi átt að standa að lánveitingunni með þeim hætti sem samkomulagið greini á um, sbr. 1. gr. þess.

Sóknaraðili byggir á 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili mótmælir því að hafa sýnt af sér tómlæti. Það hafi ekki verið fyrir en eftir áramót 2007-2008 að henni hafi fyrst orðið ljóst að skuldabréfið hefði verið keypt án þess að greiðslumatsferli hafi verið klárað. Viðbrögð hennar hafi verið að reyna að sjá til þess að skuldari greiddi af lánnum sínum. Hafi hún sjálf staðið fyrir því að reka skuldara til að semja við bankann þegar skuldabréfið hafi farið í vanskil.

Sóknaraðili bendir á að þegar málið hafi aftur verið komið í strand árið 2011 hafi hún talað við varnaraðila og lýst vanköntum málsins, frá hennar bæjardyrum séð. Hafi hún skrifað og fengið svar um að ábyrgðin væri gild þann 24. október 2011. Hafi varnaraðili margsýnt sóknaraðila þau viðbrögð að hann vilji ekkert við hana tala varðandi þetta mál eða taka tillit til athugasemda hennar. Fulltrúi varnaraðila, sem mótrökin riti, hafi láðst að leita upplýsinga um þetta mál innan bankans og taka tillit til erindis hennar frá 22. ágúst 2011 þegar hann brigsli sóknaraðila um tómlæti. Með því hafi varnaraðili sýnt tómlæti gagnvart umleitunum sóknaraðila og virðingarleysi gagnvart henni sem viðskiptavini og skuldbindingu sinni gagnvart samkomulaginu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að greiðslumat hafi verið framkvæmt í samræmi við 3. gr. samkomulagsins og hafi það sýnt fram á neikvæða greiðslugetu lántaka A. Á lánsúmsókn megi sjá að sóknaraðili hafi sett hak við svofelldan texta: „Niðurstaða greiðslumats bendir til þess að umsækjandi (greiðandi) geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður samþykkir að gangast í ábyrgð engu að síður“. Þessa fullyrðingu hafi sóknaraðili undirritað og hafi sóknaraðili ekki lagt fram sönnur á annað en hún hafi verið meðvituð um neikvætt greiðslumat og hafi samþykkt þrátt fyrir það að gangast í ábyrgð. Niðurstaða greiðslumats hafi með öðrum orðum ekki verið ákvörðunarástæða sóknaraðila fyrir því að takast skuldbindinguna á hendur. Framkvæmd þess og töluleg hlið skipti því ekki máli. Af framangreindu verði því ekki annað séð en að varnaraðili hafi uppfyllt þær skyldur sem lagðar hafi verið á hann skv. 3. og 4. gr. samkomulagsins.

Varnaraðili vísar til þess að með undirritun á skuldabréfið hafi sóknaraðili staðfest að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklinga FF um sjálfskuldarábyrgðir. Í bæklingnum sé vísað til samkomulagsins og greint frá helstu atriðum þess, sérstaklega séu ábyrgðarmenn hvattir til að kynna sér greiðslugetu lántaka. Þar sem sóknaraðili hafi staðfest að hafa kynnt sér efni bæklingans verði að leggja til grundvallar að henni hafi verið kunnugt um að greiðslumat hafi verið framkvæmt og á hennar ábyrgð að óska eftir að sjá það áður en hún hafi gengist í ábyrgð. Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 verði því að telja að ákvæði samkomulagsins um að tryggt sé að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats hafi verið uppfyllt og því séu ekki uppfyllt skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa til að víkja ábyrgðinni til hliðar.

Varnaraðili bendir á að jafnvel þótt nefndin telji að við útgáfu skuldabréfsins hafi ekki verið fyllilega gætt að ákvæðum samkomulagsins, geti sú ástæða ein og sér geti ekki valdið ógildingum ábyrgðar sóknaraðila enda ekki að finna sérstakar ógildingarreglur í samkomulaginu sjálfu. Svo sem til að mynda greini í dómi Hæstaréttar í máli nr. 322/2013, leiði það ekki sjálfkrafa til ógildingar á sjálfskuldarábyrgð þó þeim skyldum sem leiði af samkomulaginu hafi ekki verið sinnt. Fullnægja þurfi ógildingarreglum samningalaga. Sóknaraðili beri þær reglur þó ekki fyrir sig og gæti það eitt og sér nægt til þess að kröfum sóknaraðila yrði hafnað. Telji nefndin rétt að líta til þeirra engu að síður verði að meta hvort skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 um hvort ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju sé að bera sjálfskuldarábyrgðina fyrir sig.

Varnaraðili hafnar því samkvæmt framansögðu að fella eigi ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila niður. Byggi bankinn kröfu sína á því að reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001 hafi verið fylgt í hvívetna við þá lánveitingu sem um ræðir.

Varnaraðili hafnar líka alfarið kröfum sóknaraðila um bætur að fjárhæð kr. 250.000 og afturköllun sóknaraðila af vanskilaskrá. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að nein skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Þá standi samþykktir úrskurðarnefndarinnar ekki til þess að úrskurða megi um bætur.

Með vísan til framangreindra raka um gildi ábyrgðarinnar telur varnaraðili ekki efni til að afturkalla nafn sóknaraðila af vanskilaskrá. Þegar krafa á hendur sóknaraðila sé greidd eða um hana samið fari umrædd krafa af vanskilaskrá.

Varnaraðili bendir á að skuldabréfið hafi verið útgefið í desember 2006 og hafi sóknaraðili ekki gert athugasemdir við það fyrr en nú og hafi hann því sýnt af sér tómlæti en tæplega átta ár séu liðin frá útgáfu skuldabréfsins. Skilmálum umrædds skuldabréfs hafi verið breytt alls fjórum sinnum. Breytingarnar hafi ávallt verið undirritaðar af sóknaraðila og telur varnaraðili að sóknaraðila hafi því verið í lófa lagið að koma að athugasemdum fyrr. Í því sambandi vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á því sjónarmiði að í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats eða geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. X“, sem sóknaraðili skrifaði undir sama dag og hún gekkst í ábyrgð á skuldabréfi nr. X. Sóknaraðili byggir á því að lántaki hafi komið með skjölin til undirritunar í C. Það leysti varnaraðila ekki undan skyldum sínum gagnvart ábyrgðarmönnum að útgefandi skuldabréfsins hafi farið að heimili sóknaraðila til að afla undirskriftar hennar. Þrátt fyrir að ekki hafi verið skrifað undir skjölin í bankanum mátti varnaraðili á hinn bóginn treysta því að sóknaraðili hefði kynnt sér upplýsingar þær sem þar komu fram og sóknaraðili staðfesti með undirritun sinni að hafa kynnt sér, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 169/2012 og 127/2013.

Með framangreindri lánsúmsókn var sóknaraðila kynnt neikvæð niðurstaða greiðslumats. Þá staðfesti sóknaraðili að hafa fengið upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir. Ekki verður fallist á með sóknaraðila, gegn málatilbúnaði varnaraðila, að ekki hafi verið hakað við þann valmöguleika á skjalinu að niðurstaða greiðslumats benti til að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar en að

ábyrgðarmaður samþykkti að gangast í ábyrgðina engu að síður, þegar hún skrifaði undir skjalið enda er sú niðurstaða í samræmi við fyrirbyggjandi greiðslumat. Í ljósi þess hefur hún ekki gert umrædda fullyrðingu sennilega.

Á umræddri lánsúmsókn var tiltekið að heimilt væri að kynna sjálfskuldarábyrgðarmönnum niðurstöður greiðslumats. Hafði sóknaraðili enn brýnna tilefni til að kynna sér gögn að baki greiðslumati en stefndi í Hæstaréttarmáli nr. 141/2012, sem hafði verið kynnt sú niðurstaða að greiðslumat benti til að skuldari gæti staðið við skuldbindingar sínar, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 196/2012.

Í ljósi framangreinds verður ekki fallist á að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X verði vikið til hliðar á grundvelli þess að sóknaraðila hafi ekki verið kynnt niðurstaða greiðslumats.

Sóknaraðili byggir á því að ráðstafa hafi átt láninu til að greiða upp aðrar skuldbindingar hjá varnaraðila en ekki hafi verið hakað við viðeigandi valmöguleika á lánsúmsókninni.

Þegar sóknaraðili gekkst í ábyrgð samkvæmt skuldabréfinu hafði ekki verið hakað við á skjalinu „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ að verja hafi átt meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán umsækjanda (greiðanda) hjá bankanum og að sóknaraðila hafi verið kynntar þær ráðagerðir. Þrátt fyrir það hafði sóknaraðili vitneskju um það hvernig ráðstafa átti láninu, þ.e. til greiðslu á ýmsum tilgreindum skuldum sóknaraðila hjá varnaraðila.

Með vísan til þess að sóknaraðili skrifaði undir skjal þar sem hún er upplýst um framangreinda ráðstöfun lánsins verður ekki fallist á með sóknaraðila að forsendur séu til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð hennar á skuldabréfi nr. X, af þessum sökum, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 156/2012 og 65/2013.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu eru ekki forsendur til að fjalla um kröfu sóknaraðila um bætur að fjárhæð kr. 250.000 og skráningu á vanskilaskrá.

Í ljósi framangreinds er öllum kröfum sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 10. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 5. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 85/2014**:

M og K
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og K, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 21. júlí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 20. júlí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. júlí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 13. ágúst 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. ágúst 2014, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðilum.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. desember 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 3. desember 2004 gáfu sóknaraðilar út skuldabréf nr. X að fjárhæð að jafnvirði kr. 9.450.000 í USD 30%, CHF 20%, JPY 10% og EUR 40% til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins skyldi endurgreiða skuldina með 300 afborgunum á eins mánaðar fresti, þeirri fyrstu þann 1. janúar 2005.

Þann 8. desember 2004 gáfu sóknaraðilar út veðskuldabréf nr. Y að fjárhæð að jafnvirði kr. 3.400.000 í USD 30%, CHF 20%, JPY 10% og EUR 40%, til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins skyldi endurgreiða skuldina með 300 afborgunum á eins mánaðar fresti, þeirri fyrstu þann 1. janúar 2005.

Þann 10. október 2008 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfanna þar sem tilteknum fjölda afborgana var breytt í vaxtagjalddaga. Þann 19. nóvember 2008 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfanna er varðaði frestun afborgana og vaxta, þannig að næsti gjalddagi yrði 1. apríl 2009. Fram kom að áfallnir

vextir frá síðasta gjalddaga viðkomandi láns, þann 3. nóvember 2008 til og með 1. mars 2009 skyldu leggjast við höfuðstól lánsins og mynda nýjan höfuðstól. Þann 18. mars 2009 var frestun á greiðslum afborgana og vaxta framlengd til 1. júlí 2009 og skyldu áfallnir vextir frá 1. mars 2009 til og með 1. júní 2009 leggjast við höfuðstól viðkomandi láns og mynda nýjan höfuðstól.

Þann 23. júní 2009 var enn á ný gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfanna og fóru þau bæði í greiðslujöfnun. Þá var þrívægis gert samkomulag um tímabundna breytingu á greiðslutilhögun beggja skuldabréfa þar sem ákveðið var að sóknaraðilar myndu greiða mánaðarlega kr. 5.000 af hverri milljón króna upphaflegs höfuðstóls viðkomandi skuldabréfs, nánar tiltekið þann 27. júlí 2010, 2. apríl 2012 og 2. október 2012.

Þann 3. febrúar 2011 birti varnaraðili endurútreikning fyrir lánin, sem gerður var á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, í samræmi við 18. gr. sömu laga. Þar sem sóknaraðilar hvorki staðfestu endurgreiðslufyrirkomulag skuldabréfanna né skrifuðu undir ný skuldaskjöl því til staðfestingar, tilkynnti varnaraðili sóknaraðilum að hann hefði sjálfkrafa breytt lánunum í óverðtryggð lán með jöfnum afborgunum í íslenskum krónum, í samræmi við fyrirmæli ákvæðis til bráðabirgða X laga nr. 38/2001.

Á árinu 2012 féllu tveir dómur í Hæstarétti sem varða endurútreikning gengistryggðra lána. Hluti gengistryggðra lána varnaraðila féll að mati varnaraðila, undir niðurstöðu dóma Hæstaréttar og hófst varnaraðili í kjölfarið handa við að endurreikna viðkomandi lán. Um var að ræða endurskoðun á fyrri endurútreikningi viðkomandi lána, sem gerður var í samræmi við fyrirmæli 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Þann 11. mars 2013 sendi sóknaraðili varnaraðila bréf þar sem hann krafðist þess að varnaraðili leiðrétti lán nr. X og Y með vísan til dóma Hæstaréttar í málum nr. 464/2012 og 600/2011. Sóknaraðili kvaðst hafa reiknað stöðu samninganna miðað við forsendur Hæstaréttar og teldust eftirstöðvar framangreindra lána vera kr. 4.381.327.

Þann 19. mars 2013 birti varnaraðili endurskoðaðan endurútreikning fyrir lánin. Niðurstaðan var sú að nýr höfuðstóll láns nr. Y væri kr. 2.575.413 en uppgreiðsluvirði fyrir endurútreikning var kr. 4.639.904 og nam ofgreiðsla til útgreiðslu kr. 67.081. Nýr höfuðstóll láns nr. X var kr. 4.728.713 en uppgreiðsluvirði fyrir endurútreikning var kr. 9.615.741, og nam ofgreiðsla til útgreiðslu kr. 156.394. Voru lánin leiðrétt um þá fjárhæð þann sama dag og skyldu eftir sem áður upphaflegir eða síðar ákvarðaðir endurgreiðsluskilmálar gilda að því er varðaði lánstíma, gjalddaga og aðra tilhögun á greiðslu skuldarinnar, sbr. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 20. júlí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Teljum að á okkur hafi verið brotið að þurfa að greiða seðlabankavexti afturvirk.*“

Sóknaraðilar vísa til þess að af láni nr. X hafi þau greitt þann 2. júní 2009 kr. 590.528 í vaxtakostnað sem bæst hafi við höfuðstól. Af láni nr. Y hafi þau greitt þann 2. júní 2009 kr. 313.737 sem bæst hafi við höfuðstól. Varnaraðili hafi tjáð þeim að ef þau væru ósátt með þessa niðurstöðu gætu þau farið í mál.

Sóknaraðilar kveðast alltaf hafa staðið í skilum við varnaraðila. Ef eitthvað hlé hafi verið þá hafi það ekki verið á greiðslu og það hafi eingöngu verið af varnaraðila hálfu. Allar greiðslur hafi verið skuldfærðar af reikningi sóknaraðila og hafi varnaraðili tekið kr. 450 á hvert bréf mánaðarlega sem sóknaraðilar telji of mikið.

Sóknaraðilar benda á að af láni nr. X hafi þau borgað þann 2. maí 2007 kr. 2.694.568.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili virðist gera þá kröfu að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveðst ekki fá betur séð en að kvörtun sóknaraðila lúti einvörðungu að því með hvaða hætti varnaraðili hafi endurreiknað lán sóknaraðila á þeim tímabilum sem ekkert hafi verið greitt af lánunum, þ.e. þegar engar vaxtagreiðslur hafi verið inntar af hendi af hálfu sóknaraðila. Á umræddum tímabilum hafi varnaraðili reiknað óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands fyrir lánin og lagt við höfuðstól þeirra í lok umræddra tímabila.

Varnaraðili byggir á því að óumdeilt sé að á umræddum tímabilum hafi engir vextir verið greiddir af lánunum. Ástæðuna fyrir því megi rekja til þess að þann 19. nóvember 2008 og 18. mars 2009 hafi verið gerðar breytingar á greiðsluskilmálum skuldabréfanna á þann hátt að greiðslum afborgana og vaxta hafi verið frestað um tiltekinn tíma. Hafi frestunin náð yfir sjö mánaða tímabil eða frá 3. nóvember 2008 til 2. júní 2009. Það sé afstaða varnaraðila að á því tímabili hafi sóknaraðilar enga fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta, enda hafi sóknaraðilar sannanlega enga vexti greitt til varnaraðila fyrir nefnt tímabil.

Varnaraðili bendir á að tveir dómur hafi fallið í Hæstarétti á árinu 2012 sem báðir varði endurútreikning á ólögum gengistryggðum lánunum. Um sé að ræða dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Með dómunum hafi verið talið að ákvæði 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu væru andstæð stjórnarskrá að því leyti sem þau lutu að afturvirkum vaxtaútreikningi, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Dómarnir mæli nánar tiltekið fyrir um að lánveitanda sé óheimilt, við endurútreikning gengistryggðra lána að krefja lántaka um hærri vexti en hann sannanlega hafi greitt, enda hafi hann fullnaðarkvittun fyrir greiðslu umræddra vaxta. Mikilvægt sé að hafa í huga að ákvæði laga nr. 38/2001 standi að öðru leyti óhöggud en ákvæði 18. gr. laganna hafi að geyma fyrirmæli um hvernig uppgjöri vegna endurútreiknings gengistryggðra lána skuli háttað.

Varnaraðili vísar til þess að í ákvæði 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 komi fram að vexti skv. 1. mgr. 18. gr. laganna, þ.e. óverðtryggðir vextir Seðlabanka Íslands skv. 1. másl. 4. gr. laganna, skuli reikna frá stofnþegi peningakröfu. Þetta megi einnig leiða af dómum Hæstaréttar í málum nr. 471/2010 og 600/2011.

Varnaraðili byggir á því að meginreglan sé sú að ólögum gengistryggð lán skuli bera óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands frá stofnþegi lánsins. Þetta megi ráða bæði af dómum Hæstaréttar og lögum nr. 151/2010 sem breyttu ákvæðum laga nr. 38/2001. Undantekning frá meginreglunni gildi ef lántaki teljist hafa fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta, enda hafi hann greitt í samræmi við greiðslufyrirmæli fjármálafyrirtækis.

Samkvæmt þessu sé það mat varnaraðila að við endurskoðun á endurútreikningi lána sóknaraðila sé varnaraðila skylt að endurreikna lánin með óverðtryggðum vöxtum Seðlabanka Íslands frá stofndeggi þeirra. Fyrir þau vaxtatímabil sem sóknaraðilar hafi sannanlega greitt aðra fjárhæð í vexti, í samræmi við greiðslutilkynningar varnaraðila, sé varnaraðila þó óheimilt að reikna óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands á lánin enda hafi sóknaraðilar í slíkum tilvikum fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta. Í tilviki vaxtatímabils 3. nóvember 2008 til 2. júní 2009 hafi sóknaraðilar, sem fyrr segir, enga fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta, enda hafi engir vextir verið greiddir til varnaraðila fyrir umrætt tímabil.

Varnaraðili kveður það mat sitt að þótt samið hafi verið við sóknaraðila um frestun á greiðslum á þessu tímabili, geti þeir ekki talist hafa fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta í skilningi dóma Hæstaréttar í málum nr. 471/2010 og 600/2011. Telja verði að þegar sú skilmálabreyting hafi verið gerð hafi báðir aðilar lagt til grundvallar rangar forsendur um fjárhæð vaxta og höfuðstóls skuldarinnar. Með síðar tilkomnum dómum Hæstaréttar og lögum nr. 151/2010 hafi komið í ljós að ákvæði skuldabréfanna og skilmálabreytinganna um vexti skyldu taka breytingum sem af þeim leiddi.

Varnaraðili tekur fram að hann sé nú aðili að ágreiningsmáli sem rekið sé fyrir dómstólum þar sem tekist sé á um hvaða vextir skuli reiknast á sambærilegu tímabili og rakið sé hér að framan, við endurútreikning, í eins konar prófmáli um þann ágreining. Þann 28. febrúar 2014 hafi dómur fallið í héraðsdómi Reykjaness í málinu og hafi verið fallist á málatilbúnað lántaka í því máli. Varnaraðili hafi þegar áfryjað niðurstöðunni til Hæstaréttar og sé fyrirhugaður málflutningur í málinu þann 22. september 2014. Því geri varnaraðili þann fyrirvara að staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms í nefndu máli, og sú niðurstaða hafi fordæmisgildi fyrir endurútreikning umþrættra lána, áskilji varnaraðili sér rétt til að endurskoða framangreinda afstöðu sína.

V.

Niðurstaða.

Undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Teljum að á okkur hafi verið brotið að þurfa að greiða seðlabankavexti afturvirk.*“ Sóknaraðilum voru birtir endurskoðaðir endurútreikningar fyrir lán nr. X og Y þann 19. mars 2013, þar sem einungis var miðað við vexti Seðlabanka Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001, á því tímabili sem ekkert var greitt af lánunum. Virðist krafa sóknaraðila því lúta að því með hvaða hætti varnaraðili hafi endurreiknað lán sóknaraðila á því tímabili, þ.e. þegar engar vaxtagreiðslur voru inntar af hendi af hálfu sóknaraðila. Frestunin náði yfir sjö mánaða tímabil frá 3. nóvember 2008 til 2. júní 2009. Hefur varnaraðili lagt þennan skilning í málið.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu skal peningakrafa bera vexti skv. 1. másl. 4. gr. sömu laga ef sammingsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljast ógild. Hið sama á við ef samningur kveður á um verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum, og annað tveggja er ógilt, og skulu þá bæði ákvæði sammingsins um vexti og verðtryggingu fara eftir því sem kveðið er á um í 4. gr. Í 4. gr. laga nr. 38/2001 kemur fram að þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir

vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 var til úrlausnar hvernig færi um vexti af skuldbindingum með gengistryggingu. Niðurstaðan var að í stað umsaminna LIBOR vaxta skyldu vextir miðast við 4. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Niðurstaða dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012 var sú að vextir af gengistryggðum skuldbindingum töldust fullgreiddir samkvæmt fullnaðarkvittun kröfuhafa. Sá síðastnefndi gæti ekki krafið skuldara um greiðslu vaxta umfram þá erlendu vaxtaviðmiðun, sem hann hefði greitt. Rangur lagaskilningur aðila, sem lá til grundvallar lögskiptum þeirra um vaxtakjör, yrði ekki leiðréttur aftur í tímann heldur einungis vegna vaxta til framtíðar. Þessir dómur veita hins vegar ekki afdráttarlausu vísbendingu um hvernig fara ber með þegar kröfuhafi og skuldari hafa orðið ásáttir um að semja upp á nýtt um áfallna vexti.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar ber skuldara að inna af hendi til kröfuhafa þá greiðslu, sem kveðið er á um í samningi milli þeirra, eftir nánari fyrirætlunum samningsins og að þeim slepptum þeim réttarreglum, sem gilda um lögskipti þeirra. Óhjákvæmileg afleiðing þeirra efnda skuldarans, sem greiðsla felur í sér, er jafnframt sú að hann losnar undan skyldu sinni og kröfuréttindin líða þar með undir lok. Þegar kveðið er á um skyldu í samningi til að greiða skuld í tilteknum áföngum, svo sem á við um lánssamninga aðilanna sem skuldabréf sóknaraðila til varnaraðila 3. og 8. desember 2004, fólu í sér gildir það sama og að framan segir sjálfstætt um hvern áfangann, sem birtist þá í mynd afborgunar eða annars konar hlutagreiðslu af umfangsmeiri skuldbindingu. Þó svo að það hafi ekki berum orðum verið sagt í fyrrnefndu skuldabréfi að sóknaraðilum bæri að inna af hendi greiðslu afborgana af höfuðstól skulda sinna og vaxta með peningum er ótvírætt eftir almennum reglum kröfuréttar að það hafi þeim verið skylt að gera. Óumdeilt er að engar slíkar peningagreiðslur fóru fram á tímabilinu sem ágreiningur í máli þessu varðar. Þess í stað sömdu aðilarnir um tiltekna frestun greiðslna sóknaraðila, sem samið hafði verið um í skuldabréfinu, þannig að áfallnir vextir bættust við höfuðstól skuldarinnar. Með þessum samningum liðu engin kröfuréttindi varnaraðila undir lok, heldur fólu þeir aðeins í sér umlíðan skulda sóknaraðila, sem greidd yrði á síðari stigum í annars konar áföngum en upphaflega hafði verið ráðgert. Sú skipan, sem leiddi af þessum samningum, geymir þannig engin þau megineinkenni greiðslu, sem að framan var getið, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 170/2014.

Að framangreindu virtu verður að hafna kröfum sóknaraðila í máli þessu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M og K, á hendur varnaraðila, F., er hafnað.

Reykjavík, 5. desember 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 17. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 88/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 28. júlí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. júlí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. júlí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 1. september 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. september 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 16. september 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 17. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 25. janúar 2006 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 12.790.000 til að greiða upp áhvílandi lán og eftirstöðvar á tékkareikningi, sbr. „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“. Fasteign A að B var sett að veði til tryggingar skuldinni. Á skjalinu er greiðslumat þar sem eignir og skuldir hafa verið fylltar út með kr. 0. Ráðstöfunartekjur heimilisins voru tilgreindar kr. 0 árlega og mánaðarlega og sú var einnig greiðslubyrði af öðrum lánum. Greiðslubyrði af nýju láni og greiðslubyrði samtals var kr. 57.534 mánaðarlega og kr. 690.413 árlega. Áætlaður framfærslukostnaður og föst útgjöld voru kr. 82.200 mánaðarlega og kr. 986.400 árlega. Ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána voru neikvæðar um kr. 139.734 mánaðarlega og kr. 1.676.813 árlega.

Þann 26. janúar 2006 var veðskuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 12.790.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign A að B, var sett að veði á 4. veðrétti til tryggingar skuldinni.

Þann 12. febrúar 2010 samþykkti varnaraðili að veðréttur samkvæmt skuldabréfi nr. X yrði fluttur af fasteigninni að B, yfir á fasteignina C.

Þann 14. janúar 2008 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 1.750.000, sbr. „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. Z“. Fasteign A að B var sett að veði til tryggingar láninu. Gert var ráð fyrir greiðslumati en reitir þess efnis hafa verið fylltir út með kr. 0.

Þann 14. janúar 2008 var veðskuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 1.750.000, gefið út af A til FFF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FFF skv. skuldabréfinu. Fasteign A að B var sett að veði á 3. veðrétti til tryggingar skuldinni.

Þann 2. febrúar 2010 var skjalið „Veðflutningur. Veðsetning/veðbandslausn. Veðskuldabréf“ undirritað. Varnaraðili samþykkti samkvæmt beiðni að veðréttur skv. skuldabréfi nr. Z yrði fluttur af fasteigninni B yfir á fasteignina C.

Þann 12. febrúar 2010 var kaupsamningur um fasteignina að C undirritaður. Kaupendur voru sóknaraðili að 23% og A að 77%. Kaupverð fasteignarinnar var kr. 23.600.000 en kr. 5.200.000 greiddust með peningum við kaupsamning, kr. 17.900.000 greiddust með peningum samhliða veðflutningi við kaupsamning og kr. 500.000 greiddust við afsal mánuði eftir afhendingu með peningum.

Þann 12. desember 2010 greiddi sóknaraðili kr. 5.331.760 inn á reikning fasteignasöluinnar D.

Þann 19. desember 2013 var umsókn A um greiðsluaðlögun samþykkt.

Fyrir liggur að lögheimili sóknaraðila er að E.

Þann 4. júlí 2014 óskaði sóknaraðili eftir því að veðsetning eignarhluta hennar að C yrði felld niður. Varnaraðili svaraði og kvað ekkert óeðlilegt við framkvæmd veðflutnings vegna kaupa á C.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. júlí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógilt verði veðsetning á 23% eignarhluta hennar í fasteigninni að C til tryggingar veðskuldabréfum nr. X og Y.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki farið að lögum við veðsetningu á 23% eignarhluta hennar í fasteigninni að C. Hún hafi ekki samþykkt veðsetningu á eignarhlut sínum í C.

Sóknaraðili bendir á að lítið sem ekkert í umræddum veðskuldabréfum eða í öðrum gögnum sem bankinn hafi útbúið í tengslum við veðflutning bréfanna yfir á C gefi til kynna að sóknaraðili hafi samþykkt veðsetningu eignarhluta síns. Byggir sóknaraðili á því að samþykki hennar á veðflutningi veðlána nr. Z og X megi ekki líta á sem hún hafi heimilað að eignarhluti hennar yrði einnig settur að veði til tryggingar efnda lánanna. Í þessu samhengi bendir sóknaraðili á að skýringarreglur samningaréttarins, og þá einkum svonefnd andskýringarregla, leiði til þess að jafnan skuli skýra óljósa og tvíræða samningsskilmála þeim í óhag sem einhliða hafi samið skilmála eða ráðið efni þeirra til lykta. Það sé óumdeilt í málinu að öll skjalagerð í tengslum við veðsetningu C og veitingu lána nr. Z og X hafi einvörðungu verið á hendi varnaraðila. Því hafi bankanum verið í lófa lagið að haga skjalagerð sinni með

þeim hætti að réttindi bankans á hendur sóknaraðila væru skýr. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili verði að bera hallann af þessum óskýrleika.

Sóknaraðili bendir á að framangreindu til frekari stuðnings megi vísa til ótal dóma Hæstaréttar um þær ríku kröfur sem rétturinn geri til þess að lánastofnanir tryggji sér skýrar og ótvíræðar sannanir fyrir tilvist veðréttinda, umfangi þeirra og heimildum að öðru leyti. Í dæmaskyni megi vísa til nýlegs dóms Hæstaréttar í máli nr. 345/2013 en af þeim dómi megi sjá þær ströngu kröfur sem rétturinn geri til fjármálastofnana í þessum efnunum.

Sóknaraðili mótmælir því að ummæli héraðsdómara í máli sem síðar hafi verið staðfest í Hæstarétti, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 162/2009 hafi fordæmisgildi í málinu. Mun fremur eigi að líta til nýlegs dóms Hæstaréttar í máli nr. 345/2013 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 41/2013.

Telji nefndin þrátt fyrir framangreint að sóknaraðili hafi samþykkt veðsetningu eignarhluta síns þá byggir sóknaraðili á því að ógilda beri veðsetninguna þar sem varnaraðili hafi ekki farið að gildandi lögum og reglum þegar til veðsetningarinnar hafi verið stofnað. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, frá 1. nóvember 2001, og ákvæðum laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Því séu fyrir hendi forsendur samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjafninga til að ógilda veðsetningu á eignarhluta sóknaraðila að C.

Sóknaraðili mótmælir staðhæfingum varnaraðila um að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga eigi ekki við um ágreining aðila. Með lögum nr. 32/2009 hafi umrætt samkomulag ekki verið fellt úr gildi. Markmið setningar laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi verið að setja almenn lög sem gilt hafi um öll fjármálafyrirtæki á markaði en gildissvið samkomulagsins hafi einungis náð til samningsaðila. Þessu til viðbótar bendir sóknaraðili á að samkomulagið hafi fyrir margt löngu öðlast viðurkenningu sem almennar leikreglur á lánamarkaði. Því byggir sóknaraðili á því að varnaraðila hafi borið að fylgja fyrirmælum samkomulagsins að því leyti sem þau hafi ekki samrýmst gildandi lögum. Sú ríka laga- og dómafrankvæmd um túlkun ákvæða samkomulagsins gildi því jöfnun höndum um túlkun ákvæða laga nr. 32/2009, enda sé ljóst að það hafi ekki verið markmið löggjafans með setningu laganna að rýra rétt ábyrgðarmanna frá því sem fyrir hafi verið.

Sóknaraðili mótmælir því að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið fellt niður með auglýsingu frá Neytendasamtökunum. Samkomulagið sé enn í fullu gildi og sé það t.a.m. sérstaklega tilgreint á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Samkomulagið hafi verið undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. Varnaraðili hafi verið einn af aðilum þessara samtaka og hafi því borið að fullnægja þeim skyldum sem á bankanum hafi hvílt samkvæmt samkomulaginu þegar ætluð veðsetning á eignarhlut sóknaraðila hafi átt sér stað.

Sóknaraðili vísar til þess að lög nr. 32/2009 eigi við um ágreining aðila enda telji varnaraðili að sóknaraðili hafi veðsett eignarhluta sinn í Njálsgötu 5 til tryggingar skuldbindingum aðalskuldara. Um þetta atriði sé skýrt kveðið á um í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009. Sóknaraðili mótmælir staðhæfingum varnaraðila um að lög nr. 32/2009 taki ekki til ábyrgða sóknaraðila þar sem þær hafi verið veittar í þágu fjárhagslegs ávinnings hennar. Bankinn hafi rökstutt þetta með þeim hætti að ef til veðflutningsins hefði ekki komið þá hefði sóknaraðili ekki getað eignast eignarhlut

sinn. Þessu mótmælir sóknaraðili enda sé staðhæfing bankans með öllu ósönnuð og efnislega röng. Sóknaraðili hafi greitt fyrir sinn eignarhlut með peningum og á eigin ábyrgð.

Sóknaraðili vísar til þess að undantekningarákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009 eigi ekki við í málinu. Sóknaraðili hafi sjálf engan ávinning haft af kaupunum í skilningi ákvæðisins. Kaup sóknaraðila á 23% eignarhlut í C hafi einungis verið gerð til að hjálpa aðalskuldara við að festa kaup á fasteigninni. Í þessu samhengi bendi sóknaraðili á að hún sé ekki sjálf búsett að C. Vísar sóknaraðili til nefndarálits viðskiptanefndar um undantekningarákvæði 2. mgr. 2. gr. laganna. Þar sem sóknaraðili búi ekki að C megi ekki líta á eignarhlut hennar sem „eigin íbúðarhúsnæði“. Allan vafa í þessum efnum beri að skýra sóknaraðila í vil, enda leggi nefndin sérstaka áherslu á að undanþágur beri að skýra þröngt.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðila hafi verið fullkunnugt um hvernig skiptingu kaupverðs á milli sóknaraðila og aðalskuldara hafi verið háttað. Sóknaraðili hafi greitt kr. 5.331.760 vegna kaupanna eða um 23% af kaupverði eignarinnar.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi stórlega vanefnt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 32/2009. Sóknaraðili rökstyður það með eftirfarandi hætti. Í fyrsta lagi hafi varnaraðili ekki framkvæmt greiðslumat á aðalskuldara í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2009 þegar eignarhlutur sóknaraðila hafi verið veðsettur til tryggingar veðlánnum nr. Z og X. Verði þó að telja að full ástæða hafi verið til þess þar sem fyrirliggjandi greiðslumat bankans á aðalskuldara hafi leitt í ljós að greiðslugeta hennar hafi verið neikvæð um kr. 139.734. Þess skuli sérstaklega getið að sóknaraðili hafi ekki verið upplýst um niðurstöðu þessa greiðslumats. Í öðru lagi hafi varnaraðili ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart sóknaraðila samkvæmt 2. og 3. mgr. 4. gr. og 5. gr. laga nr. 32/2009. Af gögnum málsins megi með engu móti greina að bankinn hafi gert tilraun til þess að upplýsa sóknaraðila um að hún væri í reynd að gangast undir ábyrgð fyrir dóttur sína. Í þriðja lagi hafi varnaraðili ekki gengið frá skriflegum ábyrgðarsamningi eins og honum hafi borið skylda til samkvæmt 6. gr. laga nr. 32/2009. Í ákvæðinu sé skýrt kveðið á um það gildisskilyrði að ábyrgðarsamningur skuli vera skriflegur.

Sóknaraðili byggir á því að næst komi til skoðunar hvort misbrestur varnaraðila að framangreindu leyti leiði til þess að víkja eigi ábyrgðinni til hliðar samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936.

Sóknaraðili vísar til þess hvað varðar efni samningsins að enginn sérstakur skriflegur ábyrgðarsamningur hafi verið gerður í tengslum við veðsetningu eignarhluta sóknaraðila. Af þeim sökum hafi sóknaraðila ekki verið veittar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við 2. kafla laga nr. 32/2009, einkum 1. mgr. 5. gr. laganna. Þessir starfshættir varnaraðila varði við lög og séu bersýnilega ósamngjarnir í garð sóknaraðila.

Sóknaraðili telur að um stöðu samningsaðila þurfi ekki að fjölyrða. Varnaraðili hafi haft yfirburðarstöðu gagnvart sóknaraðila og sé með sérþekkingu sem sóknaraðili hafi ekki haft. Sóknaraðili sé þjóðfræðingur og þýðandi og hafi ekki sérþekkingu á lögfræðilegri skjalagerð. Þá hafi hún ekki notið aðstoðar sérfræðinga við samningsgerðina. Þá hafi hin lögfræðilega skjalagerð alfarið verið á höndum varnaraðila og hafi sóknaraðili ekki komið að skjalagerðinni. Með vísan til þessa sé ljóst að mikill aðstöðumunur hafi verið á milli sóknaraðila og varnaraðila.

Sóknaraðili vekur sérstaka athygli á því hvernig atvikum við samningsgerðina hafi verið háttað. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi leynt mikilvægum upplýsingum um greiðslugetu aðalskuldara. Í málinu liggi fyrir að varnaraðili hafi

greiðslumetið aðalskuldara og niðurstaða matsins hafi verið sú að greiðslugeta aðalskuldara hafi verið neikvæð um kr. 139.734. Sóknaraðili fullyrði að hún hefði ekki gengist undir ábyrgð fyrir aðalskuldara hefði hún verið upplýst um niðurstöðu greiðslumatsins.

Sóknaraðili bendir á að þau atvik sem síðar hafi komið til leiði til þess að bersýnilega sé ósanngjarnt að varnaraðili haldi veðsetningunni til streitu gagnvart sóknaraðila. Aðalskuldari hafi fengið samþykka umsókn um greiðsluaðlögun en það þýði að hún sé um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hafnar málatilbúnaði sóknaraðila varðandi það að með undirritun hennar á veðflutningsskjölin hafi hún einungis verið að samþykkja veðsetningu á 77% eignarhluta aðalskuldara í eigninni, en ekki 23% eignarhluta sóknaraðila sjálfs. Varnaraðili bendir á að samþykki sóknaraðila við veðflutningi skuldabréfanna byggji á undirritun sóknaraðila en á grundvelli þeirra hafi skuldabréfunum verið þinglýst á alla eignina. Varnaraðili byggir á því að skjölin séu að öllu leyti skýr um að samkvæmt efni þeirra séu þinglýstir eigendur og kaupsamningshafar að samþykkja veðsetningu eignarinnar til tryggingar skuldabréfanna.

Varnaraðili vísar til þess að í skjölunum sjálfum komi eftirfarandi fram: „*samkvæmt beiðni samþykkir F hér með að veðréttur skv. framangreindu veðskuldabréfi verði fluttur af fasteigninni B yfir á fasteignina að C*“. Varnaraðili telur þetta orðalag skýrt um að verið sé að veðsetja eignina en ekki einungis afmarkaðan hluta hennar. Hafi ætlunin verið að undanskilja einhvern hluta eignarinnar hefði enda þurft að tilgreina það sérstaklega, öfugt við það sem sóknaraðili haldi fram. Vísi varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 162/2009.

Varnaraðili telur að ekki verði framhjá því litið í þessu samhengi að samþykki sóknaraðila hefði alls ekki verið nauðsynlegt hefði aðalskuldari eingöngu verið að veðsetja sinn eignarhluta. Samþykki sóknaraðila hafi því eingöngu getað snúið að veðsetningu eignarhluta sóknaraðila en ekki vegna eignarhluta annarra eigenda.

Varnaraðili telur af framansögðu að sóknaraðila hafi ekki getað dulist að um hafi verið að ræða veðsetningu á heildareigninni. Af nefndum dómi Hæstaréttar telur varnaraðili ljóst að sóknaraðila hafi verið ljóst, eða a.m.k. átt að vera ljóst að um hafi verið að ræða veðsetningu heildareignarinnar og sóknaraðili hafi með undirritun á veðflutningsskjölin gefið gilt loforð um veðsetningu á sínum eignarhluta í eigninni. Telur varnaraðili einsýnt að nefndin geti því ekki fallist á kröfu sóknaraðila á grundvelli þessara sjónarmiða.

Varnaraðili bendir á að í kvörtun sóknaraðila sé vísað til þess að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga eigi við um ágreining aðila og því mótmælt að samkomulagið hafi verið fellt úr gildi með lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Varnaraðili ítrekar að samkomulagið geti ekki átt við um ágreining aðila þar sem það hafi fallið úr gildi þegar fyrrnefnd lög hafi tekið gildi. Sé það t.a.m. óumdeilt meðal aðila samkomulagsins og megi um það vísa til umfjöllunar Neytendasamtakanna, sem hafi verið sá aðili samkomulagsins sem átt hafi aðild fyrir hönd neytenda. Um það hafi verið fjallað í frétt á vef Neytendasamtakanna frá 17.

janúar 2011, þar sem sérstaklega sé vísað til þess að samkomulagið hafi fallið úr gildi með gildistöku laganna.

Varnaraðili telur að þar sem veðflutningurinn hafi átt sér stað eftir gildistöku laganna verði því til þess að líta hvort lög nr. 32/2009 eigi við um ágreining aðila. Í 2. gr. laganna sé farið yfir gildissvið þeirra og þar fjallað um hvaða ábyrgðarskuldbindingar falli undir lögin. Í 2. mgr. 2. gr. laganna séu sérstaklega undanþegnar lögnum ábyrgðir sem séu í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans. Eins og vísað hafi verið til í samskiptum aðila telji varnaraðili að með vísan til þessa ákvæðis falli veðsetning eignarinnar utan gildissviðs ábyrgðarmannalaga og varnaraðila hafi ekki verið skylt á grundvelli laganna að framkvæma greiðslumat á aðalskuldara skuldabréfanna.

Varnaraðili telur að samþykki sóknaraðila fyrir veðsetningu eignarinnar hafi verið í þágu fjárhagslegs ávinnings sóknaraðila í skilningi 2. mgr. 2. gr. laganna. Við mat á því hvort um fjárhagslegan ávinning hafi verið að ræða í skilningi ákvæðisins sé nærtækast að líta til lögskýringargagna með ákvæðinu.

Varnaraðili bendir á að í frumvarpi því sem varð síðar að lögum nr. 32/2009 hafi gildissviðið verið afmarkað á þann hátt að frá lögnum hafi eingöngu átt að undanskilja ábyrgðir sem hafi verið í þágu eigin atvinnurekstrar ábyrgðarmanns. Eftir umfjöllun viðskiptanefndar hafi hins vegar verið gerð sú breyting á frumvarpinu að gildissviðið hafi verið afmarkað enn frekar og samkvæmt breytingartillögu hafi því verið bætt við að frumvarpið að ábyrgðir í þágu fjárhagslegs ávinnings ábyrgðarmanns yrðu jafnframt undanskildar lögnum. Hafi frumvarpið orðið að lögum með breytingum viðskiptanefndar. Í nefndaráliti viðskiptanefndar hafi verið tekin dæmi um að tilefni væri til þess að undanskilja frá lögnum tilvik þegar ábyrgðarmaður gangist í ábyrgð í eigin þágu og þar sé t.a.m. átt við þegar gengist sé í ábyrgð fyrir lánveitingu sem ráðstafað sé til kaupa á húsnæði í hans eigu.

Varnaraðili vísar til þess að af kaupsamningi eignarinnar verði ekki séð að með neinum hætti hafi sérstaklega verið sundurliðað að tiltekinn hluti kaupverðsins væri sérstök greiðsla fyrir annan hvorn eignarhluta kaupenda. Kaupverð eignarinnar í heild sé tilgreint í samningnum og því næst vísað til þess að greiðsla kaupverðs fyrir fasteignina sé í fyrsta lagi peningagreiðsla við kaupsamning, því næst greiðsla samhliða veðflutningi þeirra lána sem hér um ræði og loks lokagreiðsla við útgáfu afsals. Þar sé með engu sundurgreint að annar kaupanda greiði með öðrum hætti en hinn. Í kaupsamningnum sé hinn umdeildi veðflutningur skuldabréfanna tilgreindur sem hluti af greiðslu kaupverðs eignarinnar sem sóknaraðili hafi síðan eignast í kjölfarið og í beinum tengslum við veðflutninginn. Hafi varnaraðili því ekki haft ástæðu til þess að ætla annað en að veðflutningurinn hafi verið beinn þáttur í sameiginlegum kaupum sóknaraðila og aðalskuldara skuldabréfanna á eigninni. Veðsetning eignarinnar hafi enda verið afleiðing þess að varnaraðili hafi einfaldlega samþykkt beiðni kaupenda á veðflutningi skuldabréfanna.

Varnaraðili telur af framansögðu ljóst að umrædd veðsetning falli utan gildissviðs laga nr. 32/2009 þar sem samþykki sóknaraðila fyrir veðsetningu eignarinnar hafi ljóslega verið í þágu fjárhagslegs ávinnings hennar í skilningi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009, sbr. fyrrnefnd lögskýringargögn. Verði enda ekki annað ráðið en að um nákvæmlega sambærilega stöðu sé að ræða og tekin sé sem dæmi í fyrrnefndu nefndaráliti viðskiptanefndar Alþingis. Falli hin umdeilda veðsetning því utan gildissviðs laga nr. 32/2009 og eigi ákvæði laganna um greiðslumatsskyldu ekki við um samþykki sóknaraðila fyrir veðflutningunum á veðflutningsskjölunum, né önnur ákvæði laganna sem sóknaraðili vísi til í kvörtun sinni.

Varnaraðili telur af framansögðu að þegar af þeirri ástæðu beri að hafna kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili byggji á því að víkja beri veðrétti varnaraðila í eignarhlut hennar til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Varnaraðili telur að lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn eigi ekki við um hina umþrættu veðsetningu og þegar af þeirri ástæðu geti flest þau sjónarmið sem sóknaraðili vísi til í tengslum við beitingu á 36. gr. laga nr. 7/1936 ekki átt við.

Varnaraðili vísar til þess hvað varðar athugasemdir sóknaraðila um efni samningsins að veðflutningarnir teljist fullgildir og skýrir samningar um veðsetningu eignarinnar og skuldbindandi af hálfu sóknaraðila.

Varnaraðili hafnar jafnframt fullyrðingum sóknaraðila um að varnaraðili hafi sérstaklega leynt upplýsingum fyrir sóknaraðila. Sé öllum slíkum málatilbúnaði mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Sóknaraðili vísi til þess að varnaraðili hafi metið greiðslugetu aðalskuldara með þeirri niðurstöðu að greiðslugeta greiðanda hafi verið neikvæð um kr. 139.734. Ætla verði að sóknaraðili byggji þessa ályktun á lánsúmsókn, dags. 25. janúar 2006. Eins og bersýnilega megi sjá á skjalinu sé þar ekki um eiginlegt greiðslumat að ræða, enda séu þar engar forsendur um tekjur greiðanda né greiðslubyrði annarra lána. Þær upplýsingar sem sóknaraðili haldi fram að varnaraðili hafi leynt fyrir sér hafi því enga þýðingu og gefi ekki mynd af fjárhagsstöðu greiðanda. Greitt hafi verið skilvíslega af lánunum frá lántöku og allt fram á síðari hluta ársins 2010 og hafi varnaraðili ekki haft reynslu af öðru þegar veðflutningurinn hafi átt sér stað en að aðalskuldari hefði fulla greiðslugetu vegna lánanna.

Vegna tilvísunar sóknaraðila til atvika sem síðar komu til vísar varnaraðili til þess að sú staðreynd að aðalskuldari hafi fengið samþykka greiðsluaðlögun geti ekki ein og sér leitt til þess að ósanngjarnt teljist fyrir varnaraðila að bera fyrir sig veðsetninguna í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936. Í því samhengi verði ekki fram hjá því litið að markmið og tilgangur veðsetningarinnar hafi verið að veðrétturinn og tryggingarréttindin yrðu til staðar kæmi til þess að aðalskuldari stæði ekki við greiðsluskyldu sína. Sú staða hafi því ekki getað verið ófyrirséð við samþykki sóknaraðila við veðsetningunni og séu skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 ekki uppfyllt.

Varnaraðili telur að af framansögðu verði ekki séð að sóknaraðili hafi sýnt fram á að skilyrði séu fyrir því að víkja megi veðsetningu í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Njálsgötu 5 til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Beri því að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar 23% eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að C, með veðskuldabréfum nr. X og Z, útgefnum af A til FF annars vegar og FFF hins vegar.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar aðallega á því að hún hafi ekki samþykkt veðsetningu 23% eignarhluta síns í fasteigninni að C og vísar því til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 345/2013 og úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 41/2013.

Skuldabréf nr. X og Z voru flutt yfir á fasteignina að C, af B, með veðflutningi, dags. 2. og 12. febrúar 2010. Samkvæmt efni skjalanna virðist ljóst að

um heildareign sóknaraðila og A að C sé að ræða, enda er eignarhluti sóknaraðila ekki undanskildur sérstaklega. Sóknaraðili skrifar undir veðflutninginn sem samþykkt sem kaupsamningshafi 23%. Af efni skjalsins og undirritun sóknaraðila verður ekki annað ráðið en að hún hafi samþykkt veðsetningu eignarhluta síns með undirritun umræddra veðflutninga. Verður því ekki fallist á með sóknaraðila að hún hafi ekki samþykkt veðsetningu 23% eignarhluta síns í fasteigninni að C.

Ekki verður fallist á vísan sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 345/2013 og úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 41/2013, enda var í umræddum málum um maka skuldara að ræða sem undirritaði veðsetningarskjöl sem maki þinglýsts eigenda, sbr. 60. gr. og 64. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Í máli þessu undirritaði sóknaraðili sem samþykkt veðsetningu sem kaupsamningshafi 23%.

Verði ekki fallist á framangreindar röksemdir sóknaraðila byggir hún á því að ekki hafi verið farið að lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn og samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við stofnun veðsetningarinnar.

Lög nr. 32/2009 gilda um lánveitingar stofnana og fyrirtækja þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna er með ábyrgðarmanni átt við einstakling sem gengst persónulega í ábyrgð eða veðsetur tilgreinda eign sína til tryggingar efndum lántaka enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans.

Síðasti málsliður 2. mgr. 2. gr. laganna um veðsetningu eignar í þágu ábyrgðarmanns kom inn í lögina við meðferð viðskiptanefndar. Í nefndaráriti viðskiptanefndar er nefnt sem dæmi um þá aðstöðu þegar ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð fyrir lánveitingu sem síðan er ráðstafað til kaupa á hans eigin íbúðarhúsnæði. Einnig er sérstaklega tiltekið að umrædda undanþágu beri að skýra þröngt.

Við mat á því hvort umrætt undanþáguákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009 eigi við í máli þessu ber í fyrsta lagi að líta til þess að A var frá öndverðu ein skuldari umræddra bréfa og eini eigandi veðandlagsins að B samkvæmt efni þeirra. Voru varla efni til þess fyrir varnaraðila að líta fyrirfram svo á að veðflutningur umræddra bréfa væri vegna hagsmuna annarra en hennar sjálfar eða að fé sem fengist greitt við sölu þeirrar eignar við veðflutninginn tilheyrði öðrum en henni sjálfri.

Í öðru lagi liggur fyrir í málinu að sóknaraðili greiddi kr. 5.331.760, eða tæp 23% kaupverðsins, inn á reikning fasteignasölunnar D daginn sem kaupsamningurinn var undirritaður, en í kaupsamningi um fasteign sóknaraðila og A að C kemur fram að við kaupsamning verði greitt með peningum kr. 5.200.000, þá verði greitt með peningum samhlíða veðflutningi við kaupsamning kr. 17.900.000 og kr. 500.000 verði greitt við afsal mánuði eftir afhendingu með peningum.

Með vísan til alls framangreinds verður ekki talið að veðsetning eignarhluta hennar til tryggingar efndum A, hafi verið í þágu fjárhagslegs ávinnings hennar. Lög nr. 32/2009 gilda því um veðsetningu eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að C.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 32/2009 skal lánveitandi meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka. Í 6. gr. laganna kemur fram að ábyrgðarsamningur skuli vera skriflegur. Í honum skuli getið þeirra upplýsinga sem nefndar séu í 5. gr. laganna. Í 5. gr. kemur fram að fyrir gerð ábyrgðarsamnings skuli lánveitandi upplýsa ábyrgðarmann skriflega um þá áhættu sem ábyrgð sé samfara. Þá eru talin upp atriði sem m.a. skuli veita upplýsingar um.

Ekki liggja fyrir gögn um að varnaraðili hafi metið greiðslugetu A, útgefanda veðskuldabréfa nr. X og Z, við veðflutninga, dags. 2. og 12. febrúar 2010. Samkvæmt

4. gr. laga nr. 32/2009 var varnaraðila skylt að meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður tekist á hendur veðsetningu eignarhluta síns í fasteigninni að C eftir að hafa kynnt sér matið.

Við mat á því hvort víkja beri veðsetningu 23% eignarhluta sóknaraðila til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, er til þess að líta að samkvæmt lögum nr. 32/2009 ber lánveitendum að fullnægja ákveðnum upplýsingaskyldum þegar lán er veitt með veði í eign ábyrgðarmanns til tryggingar efndum lántaka, enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans. Þessum meginreglum er ætlað að tryggja að ekki sé farið offari gegn neytendum í því að velta ábyrgðum af lánveitingum af fjármálafyrirtækjum á ábyrgðarmenn. Varnaraðili kaus að virða þessar skyldur samkvæmt lögum nr. 32/2009 að vettugi, við umrædda veðflutninga. Skerti varnaraðili því mjög möguleika sóknaraðila á því að gera sér grein fyrir áhættunni sem hún tókst á hendur með því að heimila veðsetningu eignarhluta síns til tryggingar efndum lántaka.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að ósanngjarnt væri að varnaraðili gæti byggt rétt á umræddu veðleyfi, sem fengið var án þess að hann stæði við lögbundnar skyldur sínar um hvernig afla skal slíks veðleyfis. Telst því rétt að ógilda veðsetningu 23% eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að C, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning 23% eignarhluta sóknaraðila, M, í fasteigninni að C, með veðskuldabréfum nr. X og Z, útgefnum af A, er ógild.

Reykjavík, 17. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elisabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 12. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, varaformaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 89/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, kt. 581008-0150, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 22. júlí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 22. júlí 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. júlí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 26. ágúst 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. ágúst 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 14. október 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 12. desember 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 20. júní 2007 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað af A. Greiðandi var tilgreindur A. Tiltekið var að ráðstöfunartekjur væru kr. 298.445, áætlaður framfærslukostnaður væri kr. 106.452, áætlaður rekstrarkostnaður húsnæðis var kr. 18.983, áætlaður rekstrarkostnaður bifreiðar var kr. 37.500, önnur gjöld voru engin. Áætluð greiðslugeta án skulda var tilgreind kr. 135.511. Áætluð greiðslubyrði núverandi fasteignalána var kr. 0 sem og áætluð greiðslubyrði annarra núverandi lána. Áætluð greiðslubyrði væntanlegra lána var kr. 105.522. Áætluð greiðslugeta með skuldum var kr. 29.989. Tiltekið var að samtals eignir væru kr. 16.300.000 og samtals skuldir voru 16.300.000. Tiltekið var að framangreindar upplýsingar um skuldir og fjárhagsstöðu greiðanda væru að hluta til frá honum sjálfum. Að því leyti væru forsendur mats á greiðslugetu hans og niðurstöður/ályktanir dregnar af þeim upplýsingum á hans ábyrgð. Þær væru því án ábyrgðar fyrir FF. Staðfesti greiðandi matið sem fullnægjandi fyrir sig.

Þann 3. september 2007 var íbúðalán nr. S, að fjárhæð kr. 3.260.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu.

Fasteignin að K 2, fnr. X, var sett að veði á 2. veðrétti og fasteign maka sóknaraðila að L 8, fnr. Y, var sett að veði á 3. veðrétti til tryggingar skuldinni. B, maki sóknaraðila, skrifaði undir sem veðsali veðs B en sóknaraðili skrifaði ekki undir sem samþykkt veðsetningunni sem veðsali og maki veðsala veðs B.

Þann 28. janúar 2009 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs, sem A skrifaði einn undir. Þann 21. desember 2010 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins sem B skrifaði undir sem þinglýstur eigandi og sóknaraðili sem maki þinglýsts eiganda.

Þann 22. október 2012 fékk sóknaraðili leyfi til setu í óskiptu búi eftir maka sinn, B.

Þann 13. maí 2014 sendi A varnaraðila bréf þar sem óskað var eftir því að felld yrði úr gildi veðsetning á eigninni að L 8 vegna lántöku hans hjá FF þann 3. september 2007. Lánanefnd varnaraðila hafnaði beiðni A og var lögmanni tilkynnt um höfnunina þann 20. júní 2014.

Þann 15. maí 2014 undirritaði sóknaraðili skjalið „Kauptilboð“ þar sem sóknaraðili var tilgreind seljandi fasteignarinnar að L 8 fyrir kr. 33.500.000.

Þann 16. maí 2014 undirritaði sóknaraðili skjalið „Gagntilboð“ þar sem sóknaraðili var tilgreind kaupandi að fasteigninni í húsi Á 902 í Reykjavík, fnr. Z, fyrir kr. 32.800.000.

Þann 30. júní 2014 barst A staða innheimtumáls nr. Þ, vegna íbúðaláns nr. Æ. Samtals nam fjárhæð kröfunnar kr. 3.674.589.

Þann 1. júlí 2014 undirritaði C, lögfræðingur, f. h. varnaraðila fyrirvara um greiðslu vegna kröfu Þ. Tiltekið var í fyrirvaranum að D og sóknaraðili hefðu ákveðið að greiða í skil kröfu varnaraðila skv. framangreindu veðskuldabréfi. Fram kom að greiðslan væri gerð með fyrirvara vegna ágreinings um réttmæti veðsetningar á eigninni L 8. Sóknaraðili taldi að veðsetningin fengi ekki staðist. Þar sem eignin væri í söluferli væri óhjákvæmilegt að greiða skuldina í skil, til að veðflutningur á láninu næði fram að ganga. Samhliða greiðslu myndu sóknaraðili og D gera kröfu um að bankinn endurgreiddi fjárhæðina með dráttarvöxtum, enda væri greiðsla þeirra eingöngu tilkomin til að tryggja framgang á sölu eignarinnar og þannig draga úr frekara tjóni. Greiðsla væri því gerð með fyrirvara og fæli ekki á neinn hátt í sér viðurkenningu á réttmæti veðsetningarinnar.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 22. júlí 2014.

Þann 10. október 2014 skrifaði sóknaraðili undir umboð til handa E, m.a. til að gæta hagsmuna hennar fyrir nefndinni.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að veðsetning fasteignarinnar að Á 8, með fastanúmerið Ö, til tryggingar á skuldum A samkvæmt skuldabréfi nr. R, útgefnu 3. september 2007, verði felld úr gildi. Þá er þess krafist að varnaraðila verði gert að afmá veðið að fasteigninni.

Umboð til handa lögmanni sóknaraðila var lagt fram með lokaathugasemdum hennar, dags. 10. október 2014.

Sóknaraðili byggir á því að samningur maka hennar, B, um veðsetningu fasteignarinnar að L 8 við FF sé ógildanlegur á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem og ólögfesta reglna samningaréttarins og sé því ekki skuldbindandi fyrir sóknaraðila.

Sóknaraðili bendir á að FF hafi verið fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og hafi sem slíkt verið bundið af samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001. Í samræmi við almennar reglur kröfuréttar um mótbárutap við aðilaskipti að kröfuréttindum, haldi sóknaraðili öllum þeim mótbárum gegn varnaraðila sem hún annars hefði getað haft við upphaflegan veðhafa, FF.

Sóknaraðili vísar til markmiðs samkomulagsins, sbr. 1. gr. þess. Þá vísar hún til 1. mgr. 3. gr., 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Einnig vísar hún til 4. gr. samkomulagsins, 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili bendir á að maki hennar hafi aldrei fengið afhentan upplýsingabækling um skuldaábyrgðir né hafi honum verið kynntar frekari upplýsingar en fram hafi komið á skuldabréfinu. Þá hafi varnaraðili ekki uppfyllt skyldu sína til að tryggja að ábyrgðarmaður gæti kynnt sér greiðslumat, enda sé greiðslumatið ekki undirritað af honum né hafi honum verið að öðru leyti kynnt niðurstaða greiðslumatsins, réttur sinn í því efni eða staða sem veðsala að öðru leyti, líkt og bankanum hafi borið að gera skv. 4. gr. samkomulagsins. Liggi í augum uppi að varnaraðili beri sönnunarbyrði fyrir því að forveri sinn hafi uppfyllt skyldur sínar að þessu leyti. Hafi varnaraðili ekki fullnægt þeirri sönnunarbyrði enda einungis fyrir hendi greiðslumat á skuldara, undirritað af starfsmanni FF og skuldara en ekki ábyrgðarmanni. Þá liggi hvergi fyrir staðfesting frá maka sóknaraðila um að hann hafi kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir. Þar sem maka sóknaraðila hafi aldrei verið kynnt greiðslumat skuldara, né verið afhentar þær upplýsingar sem FF hafi borið skylda til að láta honum í té, hafi legið fyrir ófullnægjandi og rangar forsendur til grundvallar undirritun veðsala á veðsamninginn.

Sóknaraðili byggir á því að FF hafi ekki uppfyllt skyldur sínar um að framkvæma greiðslumat í samræmi við 3. gr. samkomulagsins, þar sem fyrirliggjandi greiðslumat sé haldið verulegum annmörkum og hafi ekki endurspeglad fjárhagsstöðu greiðanda. Nægi þar m.a. að líta til þess að við tilgreiningu á föstum útgjöldum hafi ekki verið litið til þess að greiðandi skyldi greiða meðlag með barni sínu og að hann hefði á þeim tíma safnað upp meðlagsskuldum að fjárhæð u.þ.b. kr. 1.000.000. Telur sóknaraðili að enn frekari vankantar kunni að vera á greiðslumatinu. Fjármálafyrirtæki geti ekki látið sér í léttu rúmi liggja hvaða upplýsingar séu notaðar og hvaða gagna sé aflað við framkvæmd greiðslumats og hafi FF borið sjálfstæðar skyldur gagnvart veðsala að þessu leyti. Hvíli sönnunarbyrði á varnaraðila um að greiðslumatið byggi á réttum upplýsingum og að nauðsynlegra gagna hafi verið aflað.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili verði að bera hallann af því að ekki hafi verið viðhöfð þau vönduðu vinnubrögð sem samkomulagið geri ráð fyrir, enda að öðrum kosti vandséð að náð verði því meginmarkmiði samkomulagsins að tryggja að ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem þeir takist á hendur með veitingu ábyrgðar, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 569/2012 og 630/2013.

Sóknaraðili hafnar því að dómur Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu. Byggi enda niðurstaða dóms Hæstaréttar á því að í veðskuldabréfi sem ábyrgðarmaður hafi undirritað hafi verið sérstakt ákvæði sem kveðið hafi á um það að: „Með undirritun sinni á skuldabréfið staðfestir veðsali, sem ekki er útgefandi eða maki útgefanda, að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings Landsbanka Íslands um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila“. Hafi Hæstiréttur talið að með því að kynna sér upplýsingabækling lánveitanda hafi veðsala

átt að vera kunnugt um að greiðslumat hafi verið gert. Að mati Hæstaréttar hafi greiðslumatið með þeim hætti verið kynnt veðsala og undir honum sjálfum komið að óska eftir því að sjá það áður en veðleyfi hafi verið veitt. Í máli þessu liggi hins vegar fyrir að ekkert sambærilegt ákvæði hafi verið að finna í því veðskuldabréfi sem maki sóknaraðila hafi undirritað. Þá hafi varnaraðili ekki fært fram aðra sönnun þess að maka sóknaraðila hafi verið kynntur upplýsingabæklingur um persónuábyrgðir og veðtryggingar né möguleiki á að kynna sér niðurstöður greiðslumatsins. Ríkar skyldur hvíli á fjármálafyrirtækjum gagnvart veðsölum og eðlilegt sé að varnaraðili beri sönnunarbyrði um að réttilega hafi verið staðið að málum.

Sóknaraðili vísar til þess að við samningsgerðina hafi FF verið í mikilli yfirburðarstöðu gagnvart veðsala og hafi allur undirbúningur veðsamningsins og framkvæmd verið á höndum sérfræðinga bankans. Á FF hafi hvílt sérstök skylda til að haga starfsháttum sínum í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamörkuðum, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002. Með hliðsjón af 36. gr. laga nr. 7/1936 og brota á skýrum ákvæðum samkomulagsins og skýrum fyrirvara við veðflutning sé farið fram á það að veðsetning í eign sóknaraðila verði felld niður og veðið verði afmáð af fasteign hennar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína byggir varnaraðili á 7. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum leggi E hdl. fram kvörtunina og geri kröfur fyrir hönd sóknaraðila. Gefi E nefndinni samþykki fyrir því að hún fái öll gögn í hendur sem málið varði frá varnaraðila. Þrátt fyrir það liggi ekki fyrir undirritað eða vottað umboð henni til handa. Virðist hún gera kröfur fyrir hönd sóknaraðila og gefi samþykki til nefndarinnar til að leita upplýsinga um hana án heimilda í sérstöku umboði eða lögum. Í ljósi ofangreinds umboðsskorts E og skorti hennar á lögvörðum hagsmunum telur varnaraðili að vísa beri málinu frá úrskurðarnefndinni.

Til stuðnings varakröfu sinni byggir varnaraðili á því að forveri hans hafi uppfyllt skyldur skv. 3. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, við veðsetningu fasteignar maka sóknaraðila, enda hafi greiðslumatið legið fyrir og honum gert kleift að kynna sér niðurstöðu þess, sbr. 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Niðurstaða greiðslumatsins sem framkvæmt hafi verið á skuldara hafi skýrlega gefið til kynna að það benti til þess að hann gæti efnt skuldbindingar sínar. Þá hafi einnig verið tryggt að maki sóknaraðila gæti kynnt sér niðurstöður þess en rúmur tveir mánuðir hafi liðið milli þess sem greiðslumatið hafi verið gert og þar til skuldabréfið hafi verið undirritað. Hafi forvera varnaraðila ekki borið að kynna maka sóknaraðila greiðslumatið heldur hafi honum einungis borið skylda til að tryggja að hann gæti kynnt sér niðurstöðurnar. Hafi þannig ekki hvílt sú skylda á forvera varnaraðila að fá skriflega staðfestingu maka sóknaraðila á greiðslumatið, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Hefðu niðurstöður greiðslumatsins hins vegar bent til þess að skuldari gæti ekki efnt skuldbindingar sínar og ábyrgðarmaður óskaði engu að síður eftir að lán yrði veitt hefði þurft skriflega staðfestingu hans. Þar sem greiðslumat á skuldara hafi legið fyrir þó nokkuð löngu fyrir lánveitinguna telur varnaraðili óumdeilt að það hafi staðið veðsölum til boða að

kynna sér niðurstöður á hvaða tímapunkti sem væri. Því verði veðsalinn að bera hallann af því að hafa ekki óskað eftir þeim upplýsingum.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili byggi m.a. á því að forveri varnaraðila hafi ekki uppfyllt skyldur sínar um að framkvæma greiðslumat í samræmi við 3. gr. samkomulagsins, þar sem greiðslumatið sé haldið verulegum annmörkum og hafi ekki endurspeglad fjárhagsstöðu greiðanda þar sem ekki hafi verið litið til þess að skuldara hafi borið að greiða meðlag með barni sínu og hafi safnað upp meðlagsskuldum. Varnaraðili mótmælir fullyrðingum sóknaraðila um þetta efni. Líkt og sóknaraðili hafi réttilega bent á þá mæli 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins fyrir um tiltekna þætti sem líta skuli til við mat á greiðslugetu skuldara. Komi þar fram að við greiðslumat skuli taka tillit til neyslu og annarra fastra útgjalda áður en ráðstöfunarfé til greiðslu skuldbindinga sé reiknað út. Einnig skuli við áætlun á útgjöldum til neyslu að lágmarki nota viðmiðun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eða Íbúðarlánasjóðs. Eins og fram komi í niðurstöðum greiðslumatsins séu upplýsingar um áætlaðan framfærslukostnað, rekstur húsnæðis og bifreiðar byggðar á neyslukönnun Hagstofu Íslands og þurfi ekki endilega að endurspeglar neyslukostnað greiðanda. Neyslukönnun Hagstofunnar sýni hvernig útgjöld heimilanna skiptist en gefi ekki upplýsingar um hvað heimili þurfi sér til framfærslu. Hafi því við mat á greiðslugetu skuldara verið litið til strangari mælikvarða en samkomulagið geri kröfu um og lagt til grundvallar að framfærslukostnaður hans væri hærri en viðmið Hagstofunnar hafi gefið til kynna.

Varnaraðili bendir á að í niðurstöðum greiðslumatsins segi að upplýsingar um fjárhagsstöðu greiðanda séu að hluta til frá honum sjálfum. Ekki hafi verið á færi forvera varnaraðila að finna út hvort skuldari greiddi meðlag eða hefði safnað upp meðlagsskuldum. Hefðu þær upplýsingar átt að koma frá skuldara sjálfum. Þá bendir varnaraðili á að samkvæmt greiðslumatinu hafi áætluð greiðslugeta skuldara verið jákvæð um kr. 29.989. Varnaraðili bendir á að samkvæmt vefsíðu Innheimtustofnunar sveitarfélaga hafi mánaðarleg meðlagsgreiðsla í janúar 2007 verið kr. 18.284. Hefði greiðslumatið tekið tillit til meðlagsgreiðslna skuldara hefðu niðurstöður þess eftir sem áður verið jákvæðar um kr. 11.705. Hins vegar hafi engin leið verið fyrir forvera varnaraðila að afla á sjálfstæðan hátt upplýsinga um meðlagsskuldir skuldara. Hafi sú skylda hvílt á skuldara að upplýsa um skuldastöðu sína. Hafi forveri varnaraðila verið í góðri trú með að greiðslumatið væri byggt á réttum upplýsingum enda hafi skuldari staðfest með undirritun sinni á greiðslumatið að hann samþykkti það sem fullnægjandi fyrir sig. Skuldari hafi undirritað greiðslumatið og staðfest þar með að upplýsingar þess væru réttar.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili byggi á því að þar sem ekki liggja fyrir staðfesting maka hans um að hann hafi kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir hafi legið fyrir ófullnægjandi og rangar forsendur til grundvallar undirritun veðsala. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins staðfesti ábyrgðarmaður með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt séu út í tengslum við afgreiðsluna að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Varnaraðili byggir því á að með undirritun sinni á umþrætt skuldabréf staðfesti maki sóknaraðila að hann hafi kynnt sér upplýsingabæklinginn. Fullyrðingum sóknaraðila um að hann hafi ekki mótttekið bæklinginn sé því hafnað.

Varnaraðili kveður sóknaraðila ýja að því í greinargerð sinni að umrætt greiðslumat málsins hafi verið gert til málamynda. Leggi sóknaraðili til að útbúið hafi verið jákvætt greiðslumat til að blekkja maka sóknaraðila til að setja fasteign sína að veði. Þeirri málsástæðu mótmælir varnaraðili harðlega sem rangri og ósannaðri.

Umþrætt skuldabréf hafi verið gefið út í tengslum við fasteignakaup skuldara. Þann 20. júní 2007 hafi skuldari verið greiðslumetinn, stuttu síðar hafi lán upp á kr. 13.040.000 verið veitt skuldara og þann 3. september 2007 hafi hið umþrætta lán verið veitt. Hafi greiðslumatið verið framkvæmt tæpum mánuði áður en fyrra lánið hafi verið veitt. Þrátt fyrir það hafi engin skylda hvílt á forvera varnaraðila til að greiðslumeta skuldara áður en fyrri lánveitingin hafi farið fram, enda hafi enginn gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir því láni og hafi ekkert lánsveð verið veitt. Það hafi ekki verið fyrr en við umþrætta lánveitingu sem sú skylda hafi hvílt á forvera varnaraðila að greiðslumeta skuldara. Réttilega hafi verið staðið að gerð greiðslumatsins og eins og áður hafi verið fjallað um hefðu auka upplýsingar sem skuldara hafi láðst að upplýsa um, ekki breytt niðurstöðu þess. Því telur varnaraðili tilvísun sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 376/2013 ekki eiga við. Í þeim dómi hafi ráðstöfunartekjur greiðslumats rangarlega verið tilgreindar, innbyrðis ósamræmi hafi verið í greiðslumatinu og óljóst við hvað ætlaður framfærslukostnaður hafi verið miðaður, svo eitthvað sé nefnt. Slík óvissa sé ekki til staðar í þessu máli og hafi sóknaraðili ekki nefnt neina þætti matsins sem gætu valdið slíkum vafa. Sé því engin óvissa til staðar um það hvort maki sóknaraðila hefði veitt veðheimild í fasteign sinni þar sem réttilega hafi verið staðið að gerð greiðslumatsins og niðurstöður þess hafi verið jákvæðar.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili byggir á því að varnaraðili verði að bera hallann af því að viðhafa ekki þau vönduðu vinnubrögð sem samkomulagið geri ráð fyrir og vísi málinu sínu til stuðnings til tveggja dóma Hæstaréttar í málum nr. 569/2013 og 630/2013. Eins og samkomulagið geri kröfu um hafi forveri varnaraðila framkvæmt greiðslumat á maka sóknaraðila [svo] og hafi niðurstöður þess verið jákvæðar. Hafi einnig verið tryggt að maki sóknaraðila gæti kynnt sér niðurstöður þess en rúmir tveir mánuðir hafi liðið frá því greiðslumatið hafi verið gert og þar til hann hafi veitt lánsveð í fasteign sinni. Því eigi umræddir Hæstaréttardómar ekki við í máli þessu. Í dómunum hafi ekkert greiðslumat verið framkvæmt og hafi sanngirnismat dómsins miðast við það. Í þessu máli liggi hins vegar fyrir jákvætt greiðslumat sem maki sóknaraðila hafi haft fullt tækifæri til að kynna sér. Niðurstöður greiðslumatsins hafi sýnt fram á að líkur stæðu til þess að skuldari gæti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfinu. Verði að telja að maki sóknaraðila hafi veitt lánsveð í fasteign sinni á þeim forsendum að meiri en minni líkur væru á því að skuldari gæti staðið við skuldbindingar sínar. Hafi niðurstöður greiðslumatsins sýnt að miðað við stöðu skuldara þá yrði raunin líklegast sú. Séu því uppi allt aðrar aðstæður en í hinum tilvísuðu dómum.

Varnaraðili byggir á því að maki sóknaraðila og sóknaraðili sjálfur hafi sýnt af sér verulegt tómlæti við að halda fram rétti sínum með því að samþykkja tvær skilmálabreytingar og að setja ekki fram beiðni um afléttingu veðsins fyrr en tæpum sjö árum eftir lánveitinguna. Renni það enn frekari stoðum undir þá afstöðu varnaraðila að ekki sé tilefni til að ógilda ábyrgð sóknaraðila.

Að öllu framangreindu virtu telur bankinn það hvorki ósanngjarnt né andstætt góðri viðskiptavenju þótt lánsveð samkvæmt umræddu skuldabréfi verði haldið upp á sóknaraðila. Því telur varnaraðili ekki unnt að fella niður lánsveðið með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá sé ekki unnt að fella niður lánsveðið með þeim rökum að það hafi verið í ósamræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að Á 902, með íbúðaláni nr. S, útgefnu af A til varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá á grundvelli umboðsskorts lögmanns sóknaraðila. Lögmaður sóknaraðila lagði fram umboð henni til handa með lokaathugasemdum sínum, dags. 10. október 2014. Verður aðalkröfu varnaraðila um frávísun því hafnað.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á því hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við bankann, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt greiðslumat tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“, dags. 20. júní 2007. Þar kom fram að áætluð greiðslugeta með skuldum væri kr. 29.989. Greiðandi og starfsmaður FF skrifa undir skjalið, hins vegar skrifar maki sóknaraðila, veðsali, ekki undir það. Ljóst er að varnaraðili framkvæmdi greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllti þannig skilyrði 3. gr. samkomulagsins að þessu leyti. Af hálfu sóknaraðila hafa verið gerðar athugasemdir við að meðlagsgreiðslur og meðlagsskuld A, útgefanda skuldabréfsins, séu ekki tilgreindar í greiðslumatinu. Sóknaraðili hefur engin gögn fært fram til stuðnings umræddri fullyrðingu um meðlagsgreiðslur og -skuldir og verður því að bera hallann af því að ekkert liggur fyrir um réttmæti þeirra. Verður því ekki á þeim byggt, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í málum nr. 55/2013 og 65/2014.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar.

Í 2. mgr. 4. gr. ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklingsins og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána hjá fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur ekki fyrir að maka sóknaraðila hafi verið kynntur upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og veðsetningar. Verður varnaraðili að bera hallann af því að það liggur ekki fyrir. Liggur því fyrir að maka sóknaraðila var hvorki kynnt niðurstaða greiðslumats né upplýsingabæklingur um ábyrgðir, sbr. 4. gr.

samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þá var maka sóknaraðila ekki bent á þann möguleika að kynna sér greiðslumatið eða gögn því til grundvallar.

Ljóst er að með því að afhenda maka sóknaraðila ekki upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar var ekki tryggt að maki sóknaraðila væri að fullu upplýstur um það hvað í því felst að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 10/2011, 62/2012 og 36/2013.

Þegar atvik málsins eru metin heildstætt verður að líta til þess hvernig forveri varnaraðila hunsaði þær skyldur sem hann hafði tekið á sig með umræddu samkomulagi. Lánveitanda bar að kynna ábyrgðarmanni upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og niðurstöðu greiðslumats. Ástæða þess að lánastofnanir undirgengust þessar skyldur er augljóslega sú að þannig var leitast við að tryggja eftir föngum að ábyrgðarmenn væru meðvitaðir um þýðingu skuldbindinga sinna, en með umræddu samkomulagi voru settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum. Í gögnum málsins er hins vegar ekki að sjá viðleitni í þá átt að upplýsa sóknaraðila um þýðingu skuldbindinga sinna eða stöðu lántaka. Verður því talið að forsendur séu til að víkja veðsetningu fasteignar sóknaraðila að Á 902 til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 61/2012, 97/2012, 191/2012 og 36/2013.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna maka hennar greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hennar. Fæst ekki séð að þetta hafi komið upp við breytingar á greiðsluskilmálum lánsins. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili eða maki hennar, hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að veðsetning fasteignar hennar verði látin standa. Verður hér að hafa í huga hve þröng staða ábyrgðarmanna er jafnan þegar leitað er eftir að þeir samþykki skilmálabreytingar á lánum sem ella fara í vanskilainnheimtu, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 38/2013.

Í ljósi alls framangreinds er fallist á með sóknaraðila að veðsetning fasteignar hennar að Á 902, með skuldabréfi nr. S, sé ógild með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávísunarkröfu varnaraðila, er hafnað.

Veðsetning fasteignar sóknaraðila, M, Á 8, fastanr. Ö ásamt hlutdeild í bílageymslu, fastanr. T, með skuldabréfi nr. S, útgefnu af A til FF, er ógild.

Reykjavík, 12. desember 2014.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 6. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 90/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 30. júlí 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. 28. júlí 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 31. júlí 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 22. ágúst 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 28. ágúst 2014 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 8. september 2014. Í kjölfarið, með tölvupósti nefndarinnar var varnaraðila gefinn kostur á því koma á framfæri viðbótar athugasemdum. Athugasemdirnar bárust með bréfi dags. 22. október 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 27. febrúar og 3. mars 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 18. febrúar 1998 var skuldabréf nr. X, upphaflega að fjárhæð kr. 3.200.000, gefið út af A til FF. Skuldabréfið var tryggt með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, B, og C. Ekki hvíldi skylda á FF að greiðslumeta A þegar skuldabréfið var gefið út þar sem samkomulag um notkun ábyrgðaskuldbindinga tók ekki gildi fyrir en 18. maí 1998. Þann 18. október 1999 var gerð skuldskeyting á skuldabréfinu þar sem sóknaraðili tókst með á hendur greiðslur á eftirstöðvum á fyrrnefndu skuldabréfi með þeim ákvæðum sem í bréfinu greinir. Engir ábyrgðarmenn undirrituðu skjalið og ekkert greiðslumat var framkvæmt. Skuldskeytingin var undirrituð, stimpluð og skönnuð inn í kerfi bankans, auk þess sem athugasemd um hana var rituð á skuldabréfið.

Þann 6. júní 2001 var skjalið „*Breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs*” undirritað, þar sem gerð var breyting á greiðsluskilmálum fyrrnefnds skuldabréfs. Undir skjalið ritaði A sem skuldari en sóknaraðili og B skrifuðu undir sem ábyrgðamenn.

Þann 11. desember 2002 var önnur skilmálabreyting gerð á bréfinu, þannig að eftirstöðvar bréfsins skyldi greiða með 176 jöfnum afborgunum. Undir skjalið vegna þessarar skilmálabreytingar ritaði A einnig sem skuldari en sóknaraðili og B skrifuðu undir sem ábyrgðamenn.

Þriðja skilmálabreytingin á bréfinu var gerð 15. desember 2008 og var sami háttur enn hafður á varðandi undirritanir um hana.

Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF samkvæmt umræddu skuldabréfi sem í dag ber númerið X.

Í júní árið 2012 barst sóknaraðila greiðsluáskorun frá varnaraðila vegna skuldabréfsins, í kjölfarið af gjaldþroti A. Í byrjun árs 2014 barst honum svo tilkynning um kröfu bankans um fjárnám. Sóknaraðili leitaði þá til lögmanns sem setti fram þá beiðni við fjárnámið, að því yrði vikið fyrir héraðsdómara á þeim grundvelli að aðförin byggði á röngum grundvelli.

Því var hafnað en gerðarþoli lét bóka mótmæli við því að gerðin gengi fram, á grundvelli framangreinds óskýrleika.

Þann 27. júní 2014 barst sóknaraðila tilkynning um nauðungarsölu á fasteign hans að D. Í kjölfarið ákvað hann að skjóta málinu til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun dags. 28. júlí 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að nefndin úrskurði að sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfi nr. X, upphaflega nr. Y, sé ógild.

Sóknaraðili kveður stofnun umræddra ábyrgðarskuldbindinga, í kjölfarið af skuldskeytingu á skuldabréfi dags. 18. október 1998, ekki hafa verið í samræmi við samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða frá 27. janúar 1998, sbr. 3. gr. samkomulagsins. Bendir sóknaraðili á að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt við útgáfu skuldabréfanna.

Sóknaraðili telur ljóst að þar sem sonur hans hafi skrifað undir skilmálabreytingu þá sem undirrituð var 6. júní 2001, sem skuldari þá hafi átt sér stað önnur skuldskeyting þar sem sonurinn tók á ný við hlutverki skuldara, en hann sjálfur á ný við hlutverki ábyrgðarmann. Sú skuldskeyting hafi þannig átt sér stað eftir að samkomulag um notkun sjálfskuldaábyrgða frá árinu 1998 tók gildi. Af því leiðir að FF bar að framkvæma greiðslumat þegar sú skuldskeyting fór fram og kynna niðurstöður þess fyrir ábyrgðarmönnum. Það var ekki gert og því telur sóknaraðili ljóst að sjálfskuldarábyrgðin sé ógild.

Sóknaraðili vísar til þess að reglur samningaréttar leiði til þess að skuldskeyting þann 18. október 1999 hafi orðið gild enda undirrituð og vottuð og hlotið meðferð í samræmi við það. Af því telur hann leiða að önnur skuldskeyting hafi þurft að koma til, til þess að bréfið yrði aftur færð yfir á son sóknaraðila.

Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili til samkomulags fjármálafyrirtækja um notkun á sjálfskuldarábyrgðum frá 1998 og 2001 og 36. gr. laga nr. 7/1936 um umboð, samningsgerð og ógilda lagagerninga. Bendir hann á að ógildingarkrafan byggji í meginatriðum á 36. gr. laganna eins og hún sé skýrð í ljósi framangreindra samkomulaga. Sóknaraðili vísar einnig til 33. gr. framangreindra laga og 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, í ljósi þess að hann telur það stangast á við heiðarleika í viðskiptum að bankinn beri fyrir sig sjálfskuldaábyrgðina eins og málum

er háttað. Að lokum vísar hann til 34. gr. laga nr. 7/1936 en samkvæmt því telur hann að bankinn geti ekki borið því við að skuldskeytingin hafi verið gerð til málamynda.

Sóknaraðili hafnar kröfu varnaraðilia um að vísa skuli kröfunni frá á grundvelli þessi að hún sé svo vanreifuð og óskýr að erfitt sé að taka til efnilegra varna gegn henni, enda sé rökstuðningur varnaraðila andstæður gögnum málsins. Sóknaraðili bendir á að í aðför þeirri sem er ástæða þess að málinu var vikið fyrir nefndina, er sóknaraðili tilgreindur sem ábyrgðarmaður og aðförin gerð á þeim grundvelli. Því sé afar einkennilegt að varnaraðili skuli bera því við þegar málið er komið fyrir nefndina að sóknaraðili sé skuldari bréfsins. Þannig virðist sem varnaraðili sé að velja sér skuldara bréfsins eftir innheimtumöguleikum.

Þá bendir sóknaraðili einnig á að greiðslur af bréfinu hafi aldrei verið innheimtar hjá sóknaraðila en sonur hans greitt allt til dags. 15. apríl 2009 af skuldabréfinu samkvæmt útsendum greiðsluseðlum. Eftir þann tíma og allt til ársins 2010 hafi skuldabréfið ennfremur verið innheimt hjá syni sóknaraðila, sem síðar hafi verið keyrður í þrot vegna skuldbindinga hans við varnaraðila.

Sóknaraðili bendir ennfremur á að varnaraðili hafi ekki innheimt skuldabréfið hjá sóknaraðila frá því skuldskeyting var gerð og því sé liðinn tíu ára fyrningarfræstur kröfunnar. Þannig sé ljóst að jafnvel þó að hin síðari skuldskeyting hafi ekki átt sér stað, þá standi sóknaraðili ekki í skuld við varnaraðila.

Sóknaraðili telur einnig að ef hin síðari skuldskeyting hafi ekki verið gerð, þá hafi varnaraðili verið að innheimta ólöglega af bréfinu frá skuldskeytingu 18. október 1999.

Sóknaraðili telur að með innheimtugjörðum sínum hafi varnaraðili viðurkennt son sóknaraðila sem réttan skuldara, óháð því hvaða löggerningur hafi legið til grundvallar skuldinni. Sóknaraðili bendir á að sonur sóknaraðila sé enn tilgreindur skuldari bréfsins í bókum varnaraðilia. Sóknaraðili skorar á varnaraðila að láta nefndinni í té öll skjöl og innheimtuseðla sem varðar skuldbindinguna.

Þá bendir sóknaraðili á að varnaraðili beri á borð grundvallarlausar fullyrðingar þegar hann staðhæfir að skuldskeyting hafi ekki verið skráð inni kerfi bankans. Sóknaraðili ræddi við fyrrverandi starfsmann forvera varnaraðila. Taldi hann nánast ómögulegt að skuldskeytingarskjalið hafi verið skannað inn í kerfi bankans án þess að það hafi samtímis verið skráð. Starfsmaðurinn minntist þess að fyrri skuldskeyting hafi verið gerð til að taka skuldbindingar af syni sóknaraðila á meðan hann var að fara í gegnum greiðslumat vegna kaupa á fasteign. Telur sóknaraðili þar vera komna enn eina ástæðuna fyrir því að rétt sé að ógilda ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfinu.

Sóknaraðili telur úrskurð nefndarinnar nr. 57/2013 ekki hafa fordæmisgildi fyrir fyrirliggjandi mál þar sem það var ljóst í því máli að umkvartandi var útgefandi af skuldabréfinu, ásamt skuldara. Í fyrirliggjandi máli sé það hinsvegar alveg ljóst að sonur sóknaraðila er útgefandi skuldabréfsins en ekki sóknaraðili.

Að lokum vill sóknaraðili benda á að varnaraðili sé að reyna að hagnýta sér þá óreiðu sem var á bókum forvera hans, með því að segja kröfu sóknaraðila vanreifada og óskýra. Sóknaraðili bendir á að það sé ekki krafa hans sem sé óskýr, heldur sé það utanumhald varnaraðila og forvera á skuldbindingunni sem sé óskýr og eigi hann ekki að líða fyrir þann óskýrleika sem leiddi af gjörningum sérfróðs fjármálafyrirtækis.

Sóknaraðili bendir á þær skyldur sem varnaraðili hefur samkvæmt 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 3. og 9. gr. reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. En ljóst sé að sambærilegar reglur giltu þegar atvik áttu sér stað sbr. lög frá 1970 og 2005 sem fjalla um eðlilega viðskiptahætti.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að að kröfu sóknaraðila verði vísað frá en til vara er þess krafist að kröfunni verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo vanreifaður og óskýr að erfitt sé að taka til efnislegra varna í málinu. Máli sínu til stuðnings bendir varnaraðili á e-lið 6. gr. samþykktta fyrir úrskurðanefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000. Í því sambandi bendir varnaraðili á að í kvörtun sóknaraðila komi fram að hann telji sig óbundinn af ábyrgð sinni þar sem ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu skuldara áður en sóknaraðili gekkst í ábyrgðina við hina meintu skuldskeytingu sem í reynd var ekki gerð. Samkvæmt skýrri áritun á skuldabréfið er sóknaraðili ekki í ábyrgð fyrir greiðslu skuldabréfsins heldur er hann skuldari þess, og breyti röng skráning í kerfum bankans engu þar um. Þar sem skuldskeyting, dags. 28. október 1999, hafi fyrir mistök ekki verið skráð í kerfi bankans hafi sóknaraðili verið látinn samþykkja skilmálabreytingarnar, dags. 6. júní 2001, 11. desember 2002 og 15. desember 2008, sem ábyrgðarmaður en ekki skuldari. Undirritun sóknaraðila á skilmálabreytingarnar sem ábyrgðarmaður geti engu breytt í þessu sambandi og feli ekki í sér að skuldaraskipti hafi í reynd farið fram. Meginreglan sé enda sú að skuldaraskipti eru óheimil án samþykkis kröfuhafa þar sem möguleikar kröfuhafa á því að fá efndir kröfu sinnar ráðast að verulegu leyti af greiðslugetu skuldara. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 23. október 2013 í máli nr. 57/2013.

Varnaraðili hafnar því að hann hafi með innheimtugjörðum sínum viðurkennt son sóknaraðila sem réttan skuldara, óháð því hvaða löggerningur lá til grundvallar skuldinni. Hann bendir einnig á að sóknaraðili hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að hin meinta síðari skuldskeyting á tímabilinu 18. október 1999 til 6. júní 2001 hafi farið fram, en sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila samkvæmt skýrri áritun á skuldabréfið sé fallin úr gildi hvílir á sóknaraðila. Í þessu sambandi tekur varnaraðili fram að engin lagaskylda hvílir á bankanum að geyma gögn eldri en sjö ára. Varnaraðili bendir jafnframt á að krafa lögmanns sóknaraðila um að ágreiningi um aðför yrði vikið fyrir héraðsdóm, dags. 9. apríl 2014, byggði á því að efniságalli væri á aðfarabeidninni m.a. í ljósi þess að bréfinu var skuldskeytt 18. október 1999. Það sé fyrst í kjölfarið sem sóknaraðili haldi því fram að önnur skuldskeyting hafi átt sér stað. Varnaraðili hafnar því því enn fremur að hann sé að „velja sér skuldara bréfsins eftir innheimtumöguleikum” og bendir á að umrædd mistök hafi fyrst komið í ljós í kjölfar þess að sóknaraðili kvartaði til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Í ljósi framangreinds verði ekki annað séð en að vísa verði kröfu sóknaraðila frá, sbr. m.a. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 23. október 2013 í máli nr. 57/2013.

Þá hafnar varnaraðili því að tíu ára fyrningarfrestur kröfunnar, sbr. 1. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, á hendur sóknaraðila sem skuldara sé liðinn. Engu máli skipti í þessu sambandi þótt bankinn hafi ekki sent sóknaraðila greiðsluseðla, enda ber honum ekki skylda til þess. Í samræmi við 1. máls. 1. mgr. 5. gr. laga 14/1905 reiknast tíu ára fyrningarfrestur kröfunnar frá síðasta ógreidda gjalddaga og gjaldfellingu skuldabréfsins sem miðast við 15. mars 2009, en samkvæmt skuldabréfinu fellur skuldin öll í gjalddaga án

uppsagnar eða tilkynningar standi skuldari ekki í skilum með greiðslu afborgana og/eða vaxta eða vísitöluálags.

Varnaraðili byggir varakröfu sína aðallega á því að skuldskeyting sem var fyrirhuguð þann 18. október 1999 hafi ekki farið í gegn. Þar sem samkomulagið um notkun sjálfskuldaábyrgða frá 27. janúar 1998 tók gildi 1. maí sama ár hafði það ekki tekið gildi við útgáfu ábyrgðaryfirlýsingarinnar. FF hafi því ekki borið skylda til að fara að ákvæðum samkomulagsins og sé ábyrgð sóknaraðila frá 18. febrúar 1998 því gild. Varnaraðili bendir á að frá 1. nóvember 2000 hafi sóknaraðili ekki greitt af skuldabréfinu sem skuldari, en samkvæmt fram lögðum gögnum sem sýni greiðslu gjalddaga frá 1. nóvember 2000 til 1. mars 2001, hafi A verið skuldari lánsins og greiðandi umrædda gjalddaga. Næsti greiddi gjalddagi hafi verið 15. júlí 2001, sbr. skilmálabreytingu, dags. 6. júní 2001. Varnaraðili skoraði því á sóknaraðila að sýna fram á að hann hafi á einhverjum tímabili á tímabilin 18. október 1999 til 1. nóvember 2000 greitt af skuldabréfinu sem skuldari þess. Þessu til viðbótar bendir varnaraðili á að B hafi samþykkt skilmálabreytingu á umræddu skuldabréfi sem ábyrgðarmaður, þ.e. 6. júní 2001, 11. desember 2002 og 15. desember 2008, án þess að gera athugasemdir við ábyrgð sína. Hefði umdeild skuldskeyting farið í gegn hefði ábyrgð B fallið niður samkvæmt skýru orðalagi skuldskeytingarinnar. Athugasemdarlausar undirritanir B á skilmálabreytingunum séu því til marks um að skuldskeytingin sem var fyrirhuguð þann 18. október 1999 hafi ekki farið í gegn. Enn fremur bendir varnaraðili á að bú A var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, dags. 3. maí 2012, og hafi varnaraðili lýst kröfu í þrotabúið. Kröfunni hafi ekki verið mótmælt. Framangreindu til viðbótar bendir varnaraðili á að sóknaraðili hefur í samræmi við ákvæði laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn reglulega fengið tilkynningar um ábyrgð sína og ekkert aðhafst. Líkt og áður greinir hafi það jafnframt fyrst verið í kjölfar þess að lögmaður sóknaraðila krafðist þess að ágreiningi um aðför yrði vikið fyrir héraðsdóm í apríl sl., á þeim grundvelli að skuldabréfinu hefði verið skuldskeytt 18. október 1999, sem sóknaraðili haldi því fram að önnur skuldskeyting hafi átt sér stað. Renni það enn frekari stoðum undir að umrædd skuldskeyting sem var fyrirhuguð þann 18. október 1999 hafi ekki farið í gegn.

Fallist úrskurðarnefndin á rök sóknaraðila og telji sannað að önnur skuldskeyting hafi verið gerð á tímabilinu 18. október 1999 til 6. júní 2001, þ.e. að þá hafi A aftur gerst skuldari lánsins og sóknaraðili aftur gengist í sjálfskuldarábyrgð á efnendum þess, telur varnaraðili ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila gilda.

Þá tekur varnaraðili fram að samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða hafi hvorki lagagildi né feli það í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulagi ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða bankans að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningagerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað er til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2010 í máli nr. 116/2010. Þar komi fram að „þótt fyrir liggi að sérstakt mat á greiðslugetu skuldara lánsins hafi ekki farið fram, eins og reglur samkomulagsins kveði á um, hafi það ekki í för með sér ógildi ábyrgðaryfirlýsingar áfrýjanda.“ Niðurstaða dómsins styrki afstöðu bankans um að skoða þurfi atvik máls og afstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áðurnefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Í þessu sambandi skipti einkum máli að við síðari skuldskeytinguna varð staða sóknaraðila ekki lakari en verið hafði fyrir enda var sóknaraðili skuldari umrædds láns og hafi því í raun einungis verið um breytingu á formi skuldbindingar sóknaraðila að ræða, sbr. úrskurð úrskurðarnefndarinnar í máli

nr. 25/2013 og dóm Hæstaréttar frá 17. janúar 2007 í máli nr. 16/2007. Í málinu kærði Kaupþing banki hf. úrskurð héraðsdóms þar sem fallist hafði verið á kröfu E um ógildingu fjárnáms sem sýslumaðurinn í Keflavík hafði gert hjá henni á grundvelli skuldabréfs sem gefið hafði verið út af sambúðarmanni E. Hafði hún tekist á hendur sjálfskuldaábyrgð á skuldinni með undirritun sinni á bréfið. Andvirði skuldabréfsins var að öllu leyti varið til greiðslu víxilskuldar þar sem E var einn víxilskuldara. Í málinu var talið að með þessari ráðstöfun hefði formi skuldbindingar hennar einungis verið breytt. E ekki var fallist á að unnt væri að ógilda skuldbindingar af því tagi með vísan til sérstaks samkomulags milli bankastofnana, neytendasamtakanna og stjórnvalda um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Var kröfu E um ógildingu aðfaragerðarinnar því hafnað. Með vísan til framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldaábyrgð sóknaraðila samkvæmt skuldskeytingu sem gerð var á tímabilinu 18. október 1999 til 6. júní 2001 á umræddu skuldabréfi gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Samkvæmt skýrri áritun á skuldabréfið sé sóknaraðili ekki í ábyrgð fyrir greiðslu skuldabréfsins heldur sé hann skuldari þess, og breyti röng skráning í kerfum bankans engu þar um. Þar sem skuldskeyting dags. 28. október 1999 hafi fyrir mistök ekki verið skráð í kerfi bankans, hafi sóknaraðili verið látinn samþykka skilmálabreytingarnar, dags. 6. júní 2001, 11. desember 2002 og 15. desember 2008, sem ábyrgðarmaður en ekki skuldari.

VI. Niðurstaða.

Krafa sóknaraðila er í sjálfri sér skýr, en hann krefst þess að nefndin úrskurði að sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfi nr. X, upphaflega nr. Y, sé ógild. Málaltilbúnaður hans er ekki svo óskýr að það varði frávísun málsins á grundvelli 6. gr. samþykktu nefndarinnar. Virðist ljóst að sóknaraðili byggir málaltilbúnað sinn á því að hann hafi tekið á ný við hlutverki ábyrgðarmanns á bréfinu og þá með ógildanlegum hætti, eftir að hann hafði gerst skuldari þess með áritaðri skilmálabreytingu þann 18. október 1999. Verður frávísunarkröfu varnaraðila því hafnað.

Það er ekki upplýst hvað olli því að eftir skilmálabreytinguna sem undirrituð var og skráð á skuldabréfið, var upphaflegi skuldarinn enn krafinn um greiðslur afborgana og að við skilmálabreytingar var enn litið á hann sem skuldara, m.a. af báðum aðilum máls þessa.

Áréttað skal að fyrir nefndinni liggur ekki réttarfarslegur ágreiningur um fullnustuaðgerðir varnaraðila, heldur einvörðungu sú krafa sóknaraðila að hann verði leystur undan ábyrgð sinni á greiðslu umrædds skuldabréfs. Byggir sú krafa á þeirri málsástæðu sóknaraðila að síðari skuldskeyting hafi farið fram, eftir 18. október 1999, þar sem hann hafi á nýjan leik verið gerður ábyrgðarmaður bréfsins.

Um þessa málsástæðu á sóknaraðili sjálfur sönnunarbyrði. Skuldskeyting getur ekki orðið án samþykkis kröfuhafa. Meginregla þessi vegur þungt og helgast það af því að möguleikar kröfuhafa á því að fá efnidir kröfu sinnar ráðast að verulegu leyti af greiðslugetu skuldara. Í íslenskum rétti hefur verið viðurkennt að kröfuhafi geti bæði með beinum og óbeinum hætti samþykkt skuldaraskipti. Ef um er að ræða óbeint samþykki fer mat á slíku samþykki fyrst og fremst eftir túlkun á viðkomandi samþykkisyfirlýsingu, sbr. t.d. Hrd. 1969:845. Hér er hins vegar ekki um neina síðari

samþykkisyfirlýsingu að ræða og er ekkert sem bendir til annars en að það hafi verið fyrir mistök varnaraðila að áritun og yfirlýsing um skuldskeytingu kom aldrei til framkvæmda, hvorki við innheimtu lánsins né síðari skilmálabreytingar.

Samkvæmt ofangreindu, verður að byggja á efni framlagðs skuldabréfs um að sóknaraðili máls þessa sé með réttu greiðandi þess en ekki ábyrgðarmaður. Verður því að hafna kröfu hans um að sjálfskuldarábyrgð hans á bréfinu sé ógild.

Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina verður hins vegar ekki tekin afstaða til þess, hvaða áhrif það hefur á skyldu sóknaraðila til greiðslu, m.a. á dráttarvöxtum og innheimtukostnaði að hefðbundinni innheimtu á afborgunum bréfsins virðist ekki hafa verið beint gegn honum heldur öðrum manni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 3. mars 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason.

Ár 2014, föstudaginn 31. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 91/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 18. ágúst 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. ágúst 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. ágúst 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 18. september 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. október, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 31. október 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 29. nóvember 2006 var skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. X“ undirritað, m.a. af sóknaraðila. Tiltekið var að umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 2.600.000 væri A. Ráðstafa átti láninu til að greiða upp heimild Y, lán nr. Z og fjölgreiðslur á Vísakorti A. Gert var ráð fyrir greiðslumati en reitir þess efnis hafa verið fylltir út með kr. 0.

Á umræddri lánsúmsókn kom eftirfarandi fram: „Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt “Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga” (dags. 1. nóv. 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir.“ Neðan við umræddan texta var gert ráð fyrir að hakað væri við það hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda hjá bankanum og að ábyrgðarmanni hefðu verið kynntar þær ráðagerðir. Þá voru reitir um að ekki væri óskað eftir greiðslumati eða að greiðslumat hefði verið

framkvæmt og hvort að niðurstöður þess bentu til að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar eða ekki. Ekki hefur verið hakað við neinn þessara valmöguleika.

Þann 29. nóvember 2006 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.600.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B Linda Ström tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu.

Fyrir liggur skjalið „Niðurstöður greiðslumats“, með gildistíma til 28. febrúar 2007. Aðili í greiðslumati var A. Fram kom að ráðstöfunartekjur væru samtals kr. 372.983, áætlaður framfærslukostnaður var kr. 83.600, áætlaður rekstrarkostnaður bifreiða var kr. 32.187, áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna var kr. 40.000 og öryggismörk voru tilgreind kr. 0. Áætluð greiðslugeta án tillits til lána var kr. 217.196. Áætluð greiðslubyrði lána sem ekki yrðu greidd upp var kr. 109.654 og áætluð greiðslubyrði væntanlegs láns var kr. 31.561. Til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána á mánuði var kr. 75.981. Skuld sem greiddist við sölu var kr. 2.199.895, sölubóknun var kr. 0. Eignir samtals voru neikvæðar um kr. 2.199.895. Núverandi skuldir sem ekki greiddust upp voru að fjárhæð kr. 19.169.559. Væntanlegt lán var kr. 2.600.00. Skuldir samtals voru kr. 21.769.559. Enginn hefur skrifað undir greiðslumatið.

Fyrir liggur útprentun úr tölvukerfi varnaraðila þar sem fram kemur að jákvætt greiðslumat á A hafi verið tilbúið þann 22. nóvember 2006.

Þann 11. febrúar 2009 var gerð skilmálabreyting á skuldabréfinu sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 23. júní 2014 fór lögmaður sóknaraðila þess á leit við varnaraðila að viðkomandi ábyrgðarskuldbinding yrði felld niður. Varnaraðili kvaðst þann 10. júlí 2014, meta ábyrgðina gilda.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 13. ágúst 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hennar til tryggingar lánveitingar nr. X, verði felld úr gildi.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi ekki farið að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sbr. 3. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. þess.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi ekki verið upplýst um niðurstöðu greiðslumatsins áður en hún hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna lánveitingar nr. X. Þá liggja ekki fyrir að skjal sem beri yfirskriftina „Niðurstöður greiðslumats“ hafi legið fyrir áður en sóknaraðili hafi gengist í fyrrgreinda ábyrgð þann 29. nóvember 2006. Hvíli á herðum varnaraðila fortakslaus skylda að upplýsa ábyrgðarmann um niðurstöðu greiðslumats áður en hann gangist í ábyrgð.

Sóknaraðili byggir á því að hún hafi ekki verið upplýst um að ráðgert hafi verið að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán lántakanda hjá fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins hafi henni átt að vera gert að staðfesta það skriflega að henni hefðu verið kynntar þær ráðagerðir. Skjöl sem beri það með sér liggja ekki fyrir.

Sóknaraðili telur með vísan til framangreinds að það liggja ljóst fyrir að varnaraðili hafi ekki staðið rétt að viðkomandi lánveitingu, sem og staðið við upplýsingaskyldu sína gagnvart sóknaraðila skv. samkomulaginu áður en stofnað hafi verið til skuldaábyrgðar. Óhjákvæmilega beri að meta viðkomandi sjálfskuldarábyrgð

ógilda með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur að farið hafi verið að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við umrædda lánveitingu.

Varnaraðili vísar til þess að forveri hans hafi framkvæmt mat á greiðslugetu lántaka og hafi matið verið jákvætt, þ.e. matið hafi gefið til kynna að lántaki gæti staðið við skuldbindingar sínar. Samkvæmt samkomulaginu hafi ekki hvílt fortakslaus skylda á herðum lánveitanda að kynna ábyrgðarmanni niðurstöður greiðslumats heldur skyldi tryggt að ábyrgðarmaður gæti kynnt sér niðurstöðurnar enda lægi fyrir samþykki greiðanda, sbr. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Einnig skuli áréttað að engan áskilnað sé að finna í samkomulaginu að lántaki staðfesti niðurstöðu greiðslumats. Með undirritun sinni á lánsúmsókn, dags. 29. nóvember 2006, staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um sjálfskuldarábyrgðir. Í bæklingnum sé vísað til samkomulagsins og greint frá helstu atriðum þess og séu ábyrgðarmenn sérstaklega hvattir til að kynna sér greiðslugetu lántaka. Þar sem sóknaraðili hafi staðfest að hafa kynnt sér efni bæklingsins verði að leggja til grundvallar að honum hafi verið kunnugt um að greiðslumat hafi verið framkvæmt og á hans ábyrgð að óska eftir að sjá það áður en hann hafi gengist í ábyrgð. Í þessu samhengi megi vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Sambærilega niðurstöðu megi finna í úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 101/2012 og 147/2012. Auk þess vísar varnaraðili til dóms héraðsdóms í máli nr. E-760/2012.

Varnaraðili vísar til þess að framangreint greiðslumat nr. Þ hafi verið framkvæmt þann 22. nóvember 2006 eða rúmlega viku áður en skuldabréfið hafi verið dagsett og hafi matið gilt til 28. febrúar 2007. Það sé því ljóst að greiðslumatið hafi legið fyrir þegar sóknaraðili hafi gengist í hina umþrættu ábyrgð. Matið hafi því verið til reiðu fyrir sóknaraðila til að kynna sér að fengnu samþykki lántaka.

Varnaraðili hafnar því að sóknaraðili hafi ekki verið meðvitaður um að verja ætti lánsfjárhæð til að endurgreiða önnur lán lántaka hjá fjármálafyrirtæki og að skjöl varðandi þetta liggi ekki fyrir. Á lánsúmsókn sem ábyrgðarmaður undirriti þann 29. nóvember 2006 komi fram að ráðstafa skuli skuldabréfinu til að greiða upp heimild á reikningi nr. Y, lán nr. Z og fjölgreiðslur á Vísakorti lántaka, allt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Ljóst sé því að sóknaraðili hafi gert sér grein fyrir því að lánsfénu átti að verja til endurgreiðslu annarra lána og hafi staðfest það með undirritun sinni á lánsúmsóknina. Engu skipti þótt ekki hafi verið búið að merkja við hvort meira en helmingi lánsfjár yrði varið til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki og sé um þetta atriði vísað til fyrrnefndra dóma og úrskurða.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili beri fyrir sig 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Meta þurfi hvort skilyrðum 36. gr. laganna um hvort ósanngjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera sjálfskuldarábyrgðina fyrir sig. Af dómaframkvæmd megi sjá að það ráðist af heildstæðu mati á atvikum hvers máls fyrir sig hvort beita eigi ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936. Einnig megi ráða af dómum að fjármálastofnun þurfi að hafa verið grandvís um slæma fjárhagsstöðu skuldarans og látið hjá líða að tilkynna ábyrgðarmanni þar um, en svo hafi ekki verið í umræddu máli. Sönnunarbyrði um að

skuldbinding ábyrgðaraðila sé ógild hvíli á sóknaraðila og hafi hann ekki sýnt fram á það.

Varnaraðili bendir á að skuldabréfið hafi verið útgefið í nóvember 2006 og hafi ábyrgðarmaður ekki gert athugasemdir við það fyrr en nú og hafi hann því sýnt af sér tómlæti en tæplega átta ár séu liðin frá útgáfu skuldabréfsins. Skilmálum umrædds skuldabréfs hafi einnig verið breytt í febrúar 2009 og hafi sóknaraðili undirritað þá breytingu sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Hafi sóknaraðila því verið í lófa lagið að koma athugasemdum að fyrr.

Varnaraðili telur að ljóst sé að skilyrði fyrir niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila séu ekki fyrir hendi og að gætt hafi verið að ákvæðum samkomulagsins þegar sóknaraðili hafi gengist í hina umþrættu ábyrgð. Telur varnaraðili því að hafna beri kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í málinu liggur fyrir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“. Þar kom fram að til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána á mánuði væri kr. 75.981. Enginn skrifar undir umrætt skjal. Ljóst er að varnaraðili framkvæmdi greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllti þannig skilyrði 3. gr. samkomulagsins að þessu leyti, enda liggur fyrir útskrift úr tölvukerfi varnaraðila þar sem staðfest er að umrætt greiðslumat var tilbúið þann 22. nóvember 2006. Sóknaraðili hefur ekki gert athugasemdir við forsendur greiðslumatsins.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar.

Í 2. mgr. 4. gr. ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklingsins og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána hjá fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 er á því byggt að í 4. gr. samkomulagsins felist í senn að greiðslumat skuli gert á greiðanda og að ábyrgðarmanni gefist færi á að kynna sér matið. Í umræddu máli lá fyrir að greiðslumat hafði verið framkvæmt. Það hafði hins vegar ekki verið kynnt ábyrgðarmanni sem hafði þó kynnt sér efni upplýsingabæklings um persónuábyrgðir og veðsetningar þriðja aðila. Byggt var á því sjónarmiði í umræddum dómi að með undirritun ábyrgðarmanns á veðskuldabréfið staðfesti hann að hafa kynnt sér upplýsingabækling lánveitandans en þar með átti honum að vera kunnugt um að greiðslumat hafði verið gert. Matið hefði verið kynnt áfrýjanda með þessum hætti en jafnframt hafi það verið undir honum sjálfum komið hvort hann óskaði eftir að sjá það áður en hann veitti samþykki við veðsetningu fasteignar sinnar.

Í máli þessu liggur fyrir að niðurstaða greiðslumats var jákvæð. Sóknaraðili staðfesti með undirritun lánsúmsóknarinnar að hafa kynnt sér upplýsingabækling FF um sjálfskuldarábyrgðir en þar með átti henni að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið gert. Með þessum hætti var sóknaraðili kynnt að greiðslumatið hefði verið gert en það var undir henni sjálfri komið hvort hún óskaði eftir að sjá það áður en hún gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldabréfinu. Enda þótt þannig væri reglum samkomulagsins ekki fylgt að fullu, verður ekki litið svo á að það hafi haft afgerandi þýðingu fyrir því að sóknaraðili gekkst í ábyrgðina, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 og úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 55/2013 og 65/2014.

Sóknaraðili byggir enn fremur á því að hún hafi ekki verið upplýst um að ráðgert hafi verið að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán lántakanda hjá fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins.

Þegar sóknaraðili gekkst í ábyrgð samkvæmt skuldabréfinu hafði ekki verið hakað við á skjalinu „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ að verja hafi átt meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán umsækjanda (greiðanda) hjá bankanum og að sóknaraðili hafi verið kynntar þær ráðagerðir. Þrátt fyrir það hafði sóknaraðili vitneskju um það hvernig ráðstafa átti láninu, þ.e. til greiðslu á ýmsum tilgreindum skuldum sóknaraðila hjá varnaraðila.

Með vísan til þess að sóknaraðili skrifaði undir skjal þar sem hún er upplýst um framangreinda ráðstöfun lánsins verður ekki fallist á með sóknaraðila að forsendur séu til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð hennar á skuldabréfi nr. X, af þessum sökum, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 156/2012, 65/2013 og 84/2014.

Í ljósi alls framangreinds er ekki unnt að fallast á með sóknaraðila að sjálfskuldarábyrgð hennar á skuldabréfi nr. X sé ógild, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Verður kröfu sóknaraðila því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 31. október 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2014, föstudaginn 5. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 92/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, , hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. ágúst 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 26. ágúst 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. ágúst 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 3. október 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. október 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 21. október 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. desember 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 18. maí 2008 var skuldabréf nr. R, að fjárhæð kr. 2.400.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Staðfestu þau að hafa kynnt sér efni bréfsins og að þau gerðu sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra væri fólgin og að þau teldu hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt hefðu þau kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 18. maí var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga [R]“ undirritað, m.a. af sóknaraðila. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 2.400.000 var tilgreindur A og ábyrgðarmenn voru sóknaraðili og B. Ekki var hakað við hvort ráðstafa ætti meira en helmingi lánsfjár til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá FF. Staðfestu ábyrgðarmenn að hafa fengið og kynnt sér bækling FF um sjálfskuldarábyrgðir. Þá óskuðu ábyrgðarmenn eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og settu upphafsstafi sína við það val. Tiltekið var að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000. Ekki var hakað við hvort

niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar eða ekki.

Þann 8. maí 2012 var sóknaraðila send tilkynning um nauðungarsölu frá sýslumanninum í Reykjanesbæ. Hafði embættinu borist beiðni um nauðungarsölu á ökutækinu S. Ákveðið hafði verið að selja ökutækið á uppboði.

Þann 26. febrúar 2013 var A sent skjal með stöðu innheimtumáls nr. T, vegna skuldabréfs nr. R. Samtals nam fjárhæð kröfunnar kr. 3.490.093.

Þann 16. júlí 2014 undirritaði sóknaraðili skjalið „Móttaka bifreiðar/tækis í vörslu [varnaraðila].“ hjá varnaraðila. Staðfestist þar að sóknaraðili hefði afhent bifreiðina/tækið Subaru Legacy með fastnúmer S til varnaraðila. Í samræmi við lög nr. 90/1991 um nauðungarsölu var bifreiðin/tækið selt á uppboði hjá sýslumanni.

Þann 16. apríl 2014 var lögð fram í héraðsdómi Reykjanes stefna varnaraðila gegn sóknaraðila og A til að greiðslu, in solidum, á skuld að fjárhæð kr. 1.065.467, með dráttarvöxtum. Skuldin var tilkomin vegna búsetu sóknaraðila og eiginmanns hennar, A, í fasteign sem varnaraðili hafði eignast en þau höfðu ekki rýmt.

Þann 7. janúar 2014 var gerður viðauki við skuldabréf nr. Æ, útgefna af A. Tiltekið var að eftirstöðvar lánsins væru kr. 3.998.000, sem tryggt væri með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila og B in solidum. Með viðaukanum samþykkti varnaraðili að nýr skuldari, sóknaraðili, yfirtæki skyldur útgefanda samkvæmt skuldabréfinu. Á sama tíma féllu niður sjálfskuldarábyrgðir skuldabréfsins.

Fyrir liggur óundirritað skjal með yfirskriftinni „Breyting á greiðsluskilmálum. Viðauki við skuldabréf“. Skuldabréf það sem um var rætt var skuldabréf sóknaraðila númer Æ. Ný staða láns var tilgreind kr. 3.998.000.

Þann 18. ágúst 2014 var A sent skjal með stöðu innheimtumáls nr. T vegna skuldabréfs nr. R. Samtals nam krafan kr. 4.046.260.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 26. ágúst 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Þar sem ég hef grun um að [varnaraðili] hafi brotið alvarlega á mér með vanrækslu sinni og kunnáttuleysi mínu, þ.e.a.s. vegna mögulegrar ólöglegrar ábyrgðar geri ég eftirfarandi kröfu á [varnaraðila]. Krafa mín er sú að [varnaraðili] aflétti skilyrðislaust öllu fjárnámi sem bankinn er með á eignum mínum og greiði mér andvirði þeirra tækja sem ég hef selt og söluandvirðið hefur runnið til bankans. [Varnaraðili] er enn með fjárnám í [E], [F] og [S]. Andvirði þeirra eigna sem ég hef selt þ.e.a.s. [G] = 1.450.000 og [H] = 300.000 = 1.750.000 ásamt vöxtum og öðrum áföllnum kostnaði“.*

Sóknaraðili kveður lögmenn fyrir hennar hönd hafa síðan í maí 2012 verið að reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu með varnaraðila sem báðir aðilar gætu þokkalega unað við. Hafi varnaraðili þá þegar verið farinn að beita sóknaraðila mikilli hörku í sínum aðgerðum til að fá fullnustu greiðslu eða samning. Fyrsta formlega tilboð varnaraðila hafi verið nýtt skuldabréf upp á kr. 4.000.000 með 10% vöxtum til 10 ára. Sóknaraðili kveður það boð hafa verið sent henni eftir að hún hafi farið í greiðslumat hjá varnaraðila. Þetta hafi henni og lögmönnum hennar fundist argasti dónaskapur, því hún hafi haft þann skilning á málinu að því væri hægt að ljúka með greiðslu á kr. 500.000. Hafi hún ekki séð ástæðu til að svara þessu útspili bankans og

hafi sú ákvörðun verið tekin í samráði við lögmennina. Þá hafi komið enn eitt útspilið frá varnaraðila um kr. 1.000.000 í lokagreiðslu, en það kveðst sóknaraðili ekki hafa verið tilbúin að samþykkja. Þá hafi verið góð ráð dýr en mánuði seinna hafi komið enn ein stefnan og hafi það nú verið kr. 1.000.000 fyrir vangoldna húsaleigu. Sóknaraðili kveðst fyrir löngu vera komin að þolmörkum en varnaraðila vaxi ásmegin með hverjum deginum sem líði.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi ásamt öðrum manni verið ábyrgðarmaður á skuldabréfi nr. R sem seinna hafi breyst í Æ og enn verið breytt í V. Varnaraðili hafi tekið fjárnám í öllu sem hann hafi komist yfir og hafi tekið við andvirði seldra eigna sóknaraðila. Það sé liðið á þriðja ár síðan varnaraðili hafi strokað hinn ábyrgðarmanninn út og leyst hann undan skyldum sínum og hafi skilið sóknaraðila eina eftir í súpunni.

Sóknaraðili vísar til þess að greiðandi skuldabréfsins hafi ekki farið í greiðslumat og svo breyti varnaraðili skilmálunum og felli ábyrgðarmann brott að sóknaraðila forspurðri. Bifreiðin S hafi verið í vörslu varnaraðila síðan 16. júlí 2014 en menn frá Króki og Vörslusvippingu hafi hringt og hótað á 1-2 mánaða fresti síðastliðin tvö og hálf ár. Kveðst sóknaraðili hafa gefist upp og skilað bílnum til útibúsins í Reykjanesbæ. Að síðustu sé stefnan um ógreidda húsaleigu, en sóknaraðili kveðst hafa flutt út úr íbúðinni strax eftir nauðungarsöluna. Hafi hún ekki leigt íbúðina af bankanum, enda hafi hún engin fjárráð haft til þess og hafi ekki gert leigusamning við varnaraðila.

Sóknaraðili kveðst ekki gera athugasemdir við ábyrgðina sé hún skilyrt við 50% en sé ábyrgðin in solidum, þá hafi varnaraðili verið að gera ranga hluti þegar bankinn hafi tekið annan ábyrgðarmanninn af bréfinu og skilji sóknaraðila eina eftir að henni forspurðri.

Sóknaraðili telur sig hafa verið svikna í samskiptum við varnaraðila, þ.e.a.s. skuldari hafi ekki farið í greiðslumat þegar lánið hafi verið tekið og aftur þegar bankinn hafi leyst hinn ábyrgðarmanninn undan skyldum sínum. Enn sé varnaraðili að stefna sóknaraðila fyrir húsaleigunni fyrir eign sem bankinn hafi eignast á uppboði og sóknaraðili hafi flutt út með það sama. Sóknaraðili kveðst ekki vita hvar bankinn ætli henni að fá peninga til að greiða þetta, ekki ætli þeir mannum eða öðrum í fjölskyldunni að greiða þetta. Varnaraðili viti kannski af því að þau séu farin að búa aftur saman og saman hafi þau þokkalegar tekjur í dag. Þegar ein manneskja fari í greiðslumat þá sé það ekki öll ættin. Árin 2007, 2008, 2009 og 2010 hafi laun sóknaraðila verið frá kr. 950.000 til 1.200.000 á ári og hafi maður hennar verið með svipað há laun. Varnaraðili virðist engan samningsvilja hafa, einungis það markmið að féfletta sóknaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að þeim hluta kvörtunar sóknaraðila er lúti að því að varnaraðili hafi hinn 16. apríl sl. höfðað mál á hendur sóknaraðila og maka hennar verði vísað frá. Þá er þess krafist að kröfu sóknaraðila þess efnis að varnaraðili aflétti fjárnámum í áðurnefndum eignum sóknaraðila og endurgreiði sóknaraðila kr. 1.700.000 verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að kröfur sóknaraðila séu með öllu óljósar í ljósi málsatvika. Af rökstuðningi fyrir kvörtun hennar megi ráða að hún óski eftir því að varnaraðili endurgreiði henni kr. 1.750.000 og aflétti fjárnámum sem rekja megi til

innheimtuaðgerða bankans á grundvelli vanskila skuldabréfs nr. V. Af kvörtuninni verði ráðið að sóknaraðili telji að umrædd ábyrgð hafi verið ógild frá upphafi þar sem ekki hafi verið framkvæmt mat á greiðslugetu aðalskuldara við umrædda lánveitingu, þ.a.l. hafi varnaraðila ekki verið heimilt að grípa til framangreindra innheimtuaðgerða. Af kvörtuninni verði loks ráðið að gerðar séu athugasemdir við að varnaraðili hafi hinn 16. apríl sl. höfðað mál á hendur sóknaraðila og maka hennar til greiðslu vangoldinnar húsaleigu.

Varnaraðili vísar til þess hvað varðar þann hluta kvörtunar sóknaraðila er lúti að því að varnaraðili hafi stefnt sóknaraðila og maka hennar til greiðslu ógreiddrar húsaleigu, að líkt og fram komi í gögnum málsins hafi mál sóknaraðila verið þingfest í héraðsdómi Reykjaness 16. apríl sl. Í ljósi þessa beri að vísa málinu frá nefndinni, sbr. d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varðandi kröfu um höfnun vísar varnaraðili til 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Samkvæmt framlögðum gögnum hafi sóknaraðili undirritað fyrrgreint skuldabréf hinn 18. maí 2008 sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Samkvæmt skuldabréfinu hafi sóknaraðili ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Ég undirritaður hef kynnt mér efni bréfs þessa og geri mér grein fyrir í hverju ábyrgð mín er fölgin og tel hana samrýmast greiðslugetu minni. Jafnframt hef ég kynnt mér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.“ Samhliða hafi sóknaraðili undirritað skjal með heitinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Þar hafi sóknaraðili merkt við reit þar sem hún hafi óskað eftir því að greiðslugeta skuldara yrði ekki metin. Samkvæmt skjalinu hafi sóknaraðili ritað undir eftirfarandi yfirlýsingu „Sjálfskuldarábyrgðarmaður/menn staðfesta með undirritun sinni að hann/þeir hafi fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir.“

Varnaraðili byggir á því að fyrir liggi að sóknaraðili hafi verið og sé maki upphaflegs skuldara að aðurnefndu skuldabréfi. Að því virtu og með hliðsjón af því sem að framan sé rakið hafi upphafleg ábyrgð sóknaraðila verið gild. Beri því að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili rétt að minna á að ágreiningsmál um fjárnám beri að reka samkvæmt sérreglum laga nr. 90/1989 um aðför.

V.

Niðurstaða.

Undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „Þar sem ég hef grun um að [varnaraðili] hafi brotið alvarlega á mér með vanrækslu sinni og kunnáttuleysi mínu, þ.e.a.s. vegna mögulegrar ólöglegrar ábyrgðar geri ég eftirfarandi kröfu á [varnaraðila]. Krafa mín er sú að [varnaraðili] aflétti skilyrðislaust öllu fjárnámi sem bankinn er með á eignum mínum og greiði mér andvirði þeirra tækja sem ég hef selt og söluandvirðið hefur runnið til bankans. [Varnaraðili] er enn með fjárnám í [E], [F] og [S]. Andvirði þeirra eigna sem ég hef selt þ.e.a.s. [G] = 1.450.000 og [H] = 300.000 = 1.750.000 ásamt vöxtum og öðrum áföllnum kostnaði.“

Kröfur sóknaraðila eru óljósar. Af rökstuðningi hennar fyrir kröfunni virðist mega ráða að hún óski eftir að varnaraðili endurgreiði henni kr. 1.750.000 og aflétti fjárnámum sem rekja meggi til innheimtuaðgerða bankans á grundvelli vanskila

skuldabréfs nr. V, enda hafi sjálfskuldarábyrgð hennar á því skuldabréfi verið ógild frá upphafi. Þá virðist sóknaraðili gera athugasemdir við málshöfðun varnaraðila vegna vangoldinnar húsaleigu. Með því að varnaraðili hefur lagt þennan skilning í kröfugerð sóknaraðila og sóknaraðili ekki gert athugasemdir við það, þykir mega leggja hann til grundvallar umfjöllun um málið.

Verður í upphafi vikið að athugasemdum sóknaraðila vegna málshöfðunar varnaraðila. Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms.

Mál sóknaraðila vegna vangoldinnar húsaleigu er til meðferðar almennra dómstóla. Verður því ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila þar að lútandi frá nefndinni, sbr. d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Verður því næst vikið að kröfum sóknaraðila varðandi gildi sjálfskuldarábyrgðar hennar á skuldabréfi nr. V.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá þeim sparisjóði. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. V. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins var fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema sóknaraðili óskaði eftir því að greiðslumat yrði ekki framkvæmt, enda var sóknaraðili maki eða í óvígðri sambúð með útgefanda skuldabréfsins. Á skjalinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga [R]“ óskaði sóknaraðili eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og setti upphafsstafi sína við það val.

Í ljósi framangreinds og á grundvelli 3. gr. samkomulagsins var varnaraðila ekki skylt að meta greiðslugetu greiðanda, A, og kynna sóknaraðila niðurstöðu þess greiðslumats. Með vísan til þess hefðu ekki verið forsendur til að vikja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. V. Verður því að hafna öllum kröfum sóknaraðila sem studdar eru við að ekki hafi verið staðið rétt að því að stofna til ábyrgðar hennar á umræddu bréfi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, sem lúta að innheimtumáli varnaraðila, F, gegn henni, sem þingfest var í héraðsdómi Reykjaness 16. apríl 2014 er vísað frá.

Öllum öðrum kröfum sóknaraðila er hafnað.

Reykjavík, 5. desember 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 20. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 93/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni dags. 2. september 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 2. september 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi, dags. 7. október 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, samdægurs, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum fyrir dags. 21. október 2014. Engar frekari athugasemdir bárust.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar dags. 6., 13. og 20. febrúar 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 9. maí 2008, undirritaði A lánsúmsókn vegna kr. 3.500.000 láns hjá F. Sóknaraðili undirritaði lánsúmsóknina sem ábyrgðarmaður. Á lánsúmsókninni var gert ráð fyrir að ábyrgðarmaður gæti hakað við valmöguleikana Já eða Nei gagnvart svohljóðandi yfirlýsingu: *Óska eftir mati á greiðslugetu greiðanda*. Sóknaraðili hakaði við hvorugan valkostinn.

Á grundvelli þessarar umsóknar tók A kr. 3.500.000 lán með skuldabréfi nr. X, en það lán mun nú hafa verið felld niður af varnaraðila

Þar sem sóknaraðili er tilgreind sem ábyrgðarmaður á bréfinu hefur hún sett upphafsstafi sína til staðfestingar á svofelldri yfirlýsingu „*Óskar eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda*“. Í 12. gr. skilmála skuldabréfsins kemur jafnframt fram svofelld yfirlýsing „*Með undirritun sinni á skuldabréf þetta staðfesta sjálfskuldarábyrgðaraðilar að þeir hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings [F] um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en [F] er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.*“

Ekki liggur fyrir lánsúmsókn vegna skuldabréfaláns nr. Y, sem hér er deilt um, en þann 5. maí 2009, undirrituðu sóknaraðili og lántaki undir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“. Í greiðslumati þessu er sóknaraðili tilgreind sem maki lántaka. Í greiðslumatinu eru raktar tekjur og útgjöld lántaka og maka, samtals kr. 611.396 á mánuði. Mánaðarlegur framfærslukostnaður er áætlaður alls kr. 339.393. Gert er ráð fyrir að mánaðarleg greiðslubyrði lána sem ekki verði greidd upp sé kr. 125.600, en að lokum er gert grein fyrir að áætluð greiðslubyrði væntanleg láns sé kr. 2.508.383. Leiðir þetta til þeirrar niðurstöðu að áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda er talin neikvæð um kr. 2.294.590 á mánuði. Undir þetta ritaði sóknaraðili sem maki. Fyrir neðan undirskrift hennar á blaðinu er svofelld yfirlýsing: *Þrátt fyrir að ofangreint greiðslumat gefi það til kynna að greiðandi getur ekki efnt skuldbindingar sínar óskar ábyrgðarmaður eftir að lánið verði veitt og lýsir því hér með yfir að hann vilji engu að síður takast á hendur sjálfskuldarábyrgð. Var á eyðublaðinu gert ráð fyrir því að ábyrgðarmenn skrifuðu sérstaklega undir þessa yfirlýsingu, en enginn hefur ritað undir línu sem merkt er „undirskrift ábyrgðarmanns“.*

Þann 5. febrúar 2009, undirritaði sóknaraðili skuldabréf nr. Y, sem sjálfskuldarábyrgðaraðili, en um var að ræða skuldabréfalán A að fjárhæð kr. 2.250.000. Skuldabréfið var með einni afborgun dags. 1. október 2009.

Samkvæmt framlagðri yfirlýsingu frá þjóðskrá skildi sóknaraðili lögskilnaði í desember 2006 og hefur ekki gengið í hjúskap síðan.

Umræddu skuldabréfi var skilmálabreytt tvisvar sinnum á árunum 2009 og 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst ógildingar á ábyrgðarskuldbindingu nr. Y. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki farið eftir ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við stofnun umræddrar ábyrgðarskuldbindingar og hafi með þeirri háttsemi brotið á neytendarétti sóknaraðila sem varinn sé af 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Sóknaraðili segir að af einhverjum ástæðum hafi varnaraðili skráð hana sem maka lántaka þrátt fyrir að þau hafi aldrei verið í sambandi og/eða sambúð. Við útreikning á greiðslugetu skuldara hafi þannig verið notaðar bæði upplýsingar um tekjur lántaka og sóknaraðila, sem sóknaraðili kveður ekki réttlætanlegt þar sem að hún hafði einungis fyrirhugað að skrifa undir skuldabréfið sem ábyrgðarmaður en ekki meðskuldari.

Þegar niðurstaða greiðslumatsins hafi legið ljós fyrir hafi lántaki komið að heimili sóknaraðila með það fyrir augum að fá undirritun hennar á niðurstöðu greiðslumatsins. Hún kveðst hafa undirritað samkvæmt leiðbeiningum frá bankanum og segir einnig að henni hafi aldrei verið boðið í bankann og kynnt gögnin og því hafi hún ekki áttað sig fyllilega á mikilvægi niðurstöðu greiðslumatsins. Þá bætir sóknaraðili því við að hún hafi aldrei verið beðin um að staðfesta vilja sinn til þess að gerast ábyrgðarmaður þrátt fyrir að niðurstaða greiðslumatsins hafi verið neikvæð. Sóknaraðili kveðst ekki hafa gert neinar athugasemdir þar sem að hún hafi verið í góðri trú um að varnaraðili væri að starfa rétt og í samræmi við þágildandi reglur.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að samkomulag um notkun ábyrgðar á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli það í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafa þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulagi ekki verið fylgt til hlítar. Það sé því afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samninga aðila og önnur atriði sem varpað geta ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísar varnaraðili þannig til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2010 í máli nr. 116/2010. Þar hafi komið fram að „þótt að fyrir liggja að sérstakt mat á greiðslugetu skuldara lánsins hafi ekki farið fram, eins og reglur samkomulagsins kveði á um, hafi það ekki í för með sér ógildi ábyrgðaryfirlýsingar áfrýjanda”. Þannig styrki niðurstaða dómsins afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áður nefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá vísar varnaraðili jafnframt til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 29. apríl 2011 í máli nr. 10/2011. Þar kemur fram að þegar metið sé hvort skortur á sönnun þess að sóknaraðili hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir eigi að leiða til þess að ábyrgð sóknaraðila verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 þurfi að meta hvort talið verði ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera samningsskilmálana fyrir sig. Í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 segir að við mat skv. 1. mgr. skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar koma til.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt framlögðum gögnum undirritaði sóknaraðili fyrrgreint skuldabréf hinn 5. febrúar 2009 sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Þar merkti sóknaraðili við reit þar sem hún óskaði eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda. Þar fyrir neðan var sérstaklega tekið fram að ábyrgðaraðili gæti óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda enda væri heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda gagnvart varnaraðila lægri en 1.000.000 kr. „eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda”. Samkvæmt þessu féll sóknaraðili frá því að greiðslugeta maka hennar yrði metin, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt skuldabréfinu ritaði sóknaraðili jafnframt undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Með undirritun sinni á skuldabréf þetta staðfesta sjálfskuldarábyrgðaraðilar að þeir hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings [F] um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en [F] er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.” Samkvæmt þessu telur varnaraðili sýnt að sóknaraðili kynnti sér efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og upplýsingabækling um sjálfskuldaábyrgðir áður en hún undirritaði umrætt skuldabréf, sbr. 4. gr. samkomulagsins.

Varnaraðili bendir á að þrátt fyrir áður nefnda ósk sóknaraðila var framkvæmt mat á greiðslugetu maka hennar og undirritaði sóknaraðili niðurstöðu þess 5. febrúar 2009 sem maki aðalskuldara, sbr. skjal með heitinu: „Niðurstöður greiðslumats”. Á skjalinu undir fyrirsögninni: „Lántaki og fjölskylda” kom fram að heimili aðalskuldara væri að B í Kópavogi. Þá var sóknaraðili tilgreind sem maki. Undir fyrirsögninni: „Tekjur og útgjöld” voru útborguð mánaðarlaun maka tilgreind 392.236 kr. á mán., áætlaður framfærslukostnaður 138.210 kr. á mán., áætlaður

rekstrarkostnaður bifreiða 45.000 kr. á mán, áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna 67.136 kr. á mán., annar kostnaður 21.657 kr. á mán., áætluð greiðslubyrði lána sem ekki yrði greidd upp 125.600 kr. á mán. og áætluð greiðslubyrði væntanlegs láns 2.508.383 kr. á mán. Áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda var -2.294.590 kr. á mán. Samkvæmt skjalinu ritaði sóknaraðili undir svohljóðandi yfirlýsingu: „*Framangreindar upplýsingar um skuldir og fjárhagsstöðu greiðanda eru að hluta til frá honum sjálfum komnar og miðast niðurstöður/ályktanir dregnar af þeim við þann tíma sem þær eru gefnar. Forsendur mats og niðurstöður á greiðslu hans sem og breytingar á fjárhagslegum aðstæðum hans eru því án ábyrgðar frá [F]*” Á skjalinu var sérstök athygli vakin á því með feitletrun að greiðslugeta teldist ekki næg. Varnaraðili bendir á að þrátt fyrir það undirritaði sóknaraðili niðurstöður greiðslumatsins og staðfesti þar með skriflega vilja sinn til að gangast í umrædda ábyrgð, sbr. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Þá hafði sóknaraðili jafnframt sérstaklega óskað eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin. Greiðslumat var því hvorki forsenda né ákvörðunarástæða fyrir því að sóknaraðili gekkst í umrædda ábyrgð.

Hvað varðar fullyrðingu sóknaraðila þess efnis að greiðslumatið hafi ekki verið rétt unnið þar sem að hún hafi ekki verið maki aðalskuldara áréttar varnaraðili að samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga skuli við greiðslumat taka tillit til neyslu og annarra fastra útgjalda áður en ráðstöfunarfé til greiðslu skuldbindinga er reiknað út. Við áætlun á útgjöldum til neyslu skuli að lágmarki nota viðmiðun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eða Íbúðarlánasjóðs. Þegar aðalskuldari láns nr. Y var greiðslumetinn hafi varnaraðili verið upplýstur um að hann væri í sambúð með sóknaraðila. Þá hafi bankanum verið veittar upplýsingar um skuldir og tekjur sóknaraðila. Við mat á mánaðarlegum útgjöldum hafi því verið tekið tillit til þess að aðalskuldari væri í sambúð. Greiðslumatið hafi því verið unnið í samræmi við framangreind fyrirsmæli.

Varnaraðili bendir á að í framangreindu samhengi sé einnig rétt að árétta að bankanum beri ekki að rannsaka lántakendur. Bankinn verði þannig að vissu leyti að byggja á upplýsingum frá lántakendum líkt og fram kemur í greiðslumatinu sjálfu en þar segi m.a. eftirfarandi: „*Framangreindar upplýsingar um skuldir og fjárhagsstöðu greiðanda eru að hluta til frá honum sjálfum komnar*”. Þetta hafi sóknaraðila verið kunnugt um eða mátt vera kunnugt um enda hafi hún ritað undir greiðslumatið. Hafi sóknaraðila hvorki dulist að hún var tilgreind sem maki aðalskuldara á niðurstöðu greiðslumatsins né að tekjur og skuldir hennar væru lagðar til grundvallar niðurstöðunum. Varnaraðili bendir á að í þessu sambandi verði jafnframt að hafa í huga að greiðslumat sé ekki eingöngu framkvæmt með tilliti til hagsmuna ábyrgðaraðila heldur sé eitt af höfuð markmiðunum þess jafnframt að aðstoða væntanlega lántakendur við að gera sér grein fyrir því hvort þeir geti staðið við væntanlegar lántökur. Fjármálafyrirtæki treysti því að upplýsingar sem þeim eru veittar séu réttar. Bankinn geti staðreynt að réttmæti ákveðinna upplýsinga sem honum eru veittar svo sem um skuldastöðu, með svokölluðu FE yfirliti. Hinsvegar eigi bankinn erfiðara með að staðreyna upplýsingar um fjölskylduhagi viðkomandi viðskiptavina. Í þessu sambandi telur varnaraðili rétt að vekja athygli á því sóknaraðili og aðalskuldari eru og voru með sama lögheimili. Þá telur varnaraðili einnig rétt að vekja athygli á því að hinn 9. maí 2008 hafi sóknaraðili gengist í sjálfskuldaábyrgð fyrir sama aðalskuldara. Í forsendum og niðurstöðum greiðslumats vegna þeirrar lánveitingar hafi sóknaraðili verið tilgreind sem maki lántaka og hafi hún ritað samþykki sitt fyrir niðurstöðu greiðslumatsins. Varnaraðili telur því afar ótrúverðugar fullyrðingar sóknaraðila þess efnis að hún hafi ekki verið í sambúð með aðalskuldara

eða eftir atvikum ekki gert sér grein fyrir því að hún væri tilgreind sem maki á niðurstöðu greiðslumats. Hafi sóknaraðili hagað gerðum sínum á þann hátt að skrifa undir greiðslumatið án þess að kynna sér efni þess verði hún að bera hallann af því, sbr. dóm Hæstaréttar frá 3. nóvember 2011 í máli nr. 669/2010. Sóknaraðila hafi enda verið í lófa lagið að láta ógert að rita nafn sitt á greiðslumatið. Þá liggi ekkert fyrir um að starfsmenn varnaraðila hafi beitt sóknaraðila þrýstingi til að aðhafast eitthvað sem hún var ekki fús til.

Þá mótmælir varnaraðili þeim fullyrðingum að sóknaraðila hafi ekki verið boðið í bankann og greiðslumat aldrei kynnt henni almennilega og telur þær rangar og órökstuddar. Sóknaraðili hafi þannig ekki sýnt fram á að henni hafi ekki verið boðið í bankann, hvað þá að greiðslumat og önnur skjöl hafi aldrei verið kynnt henni almennilega. Hvað sem öðru líður hafi falist í undirritun sóknaraðila á skuldabréfið yfirlýsing um að hún hefði kynnt sér efni upplýsingabæklings bankans um persónulegar ábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila. Varnaraðili hafi því mátt treysta því að með undirritun sinni hefði sóknaraðili kynnt sér efni bæklingsins.

Varnaraðili bendir á að telji nefndin ástæðu til að taka undir framangreindar fullyrðingar sóknaraðila geti það eitt að bankinn hafi falið aðalskuldara að kynna sóknaraðila skjölin ekki orðið grundvöllur ógildingar á sjálfskuldaábyrgð hennar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 1. nóvember 2012 í máli nr. 169/2012.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur varnaraðili að hann hafi í öllum meginatriðum farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember og að meintir annmarkar sem nefndir eru í kvörtuninni eigi ekki að leiða til ógildingar framangreindra sjálfskuldaábyrgða.

Varnaraðili telur að sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila sé fallin úr gildi eða ógild hvíli á sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að ósanngjarnt sé að hálfu varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgð hennar samkvæmt skuldabréfinu, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt. Þegar sóknaraðili undirritaði umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili hafi falist í því loforð sem skuldbindi hana að lögum til að tryggja efndir samkvæmt skuldabréfinu. Að því virtu og þegar framangreind atriði eru metin heildstætt telur varnaraðili að ekki verði talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hennar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldaábyrgð þá sem sóknaraðili gekkst í til tryggingar á áður nefndu skuldabréfi gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldaábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y, útgefnu af A til varnaraðila.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af varnaraðila og bar honum að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þrátt fyrir þetta ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð

ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili undirritaði skuldabréf númer Y, sem sjálfskuldarábyrgðaraðili þann 5. febrúar 2009, og samþykkti þar með sjálfskuldarábyrgð á umræddri skuld. Þá óskaði sóknaraðili jafnframt sérstaklega eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu skuldara.

Þrátt fyrir að varnaraðili hafi óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu skuldara vegna umræddrar lántöku framkvæmdi varnaraðili engu að síður slíkt greiðslumat. Niðurstaða greiðslumatsins, dagsett sama dag og skuldabréfið, þ.e. 5. febrúar 2009, sýnir að greiðslugeta teljist ekki næg. Varnaraðili undirritar niðurstöðu greiðslumatsins sem maki skuldara og staðfestir að hafa fengið afhent, kynnt sér og skilið umrætt mat á greiðslugetu skuldara og samþykkir sem fullnægjandi fyrir sig. Þá staðfesti varnaraðili einnig að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings sóknaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Í 3. mgr. 4. gr. Samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, segir að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Þá segir ennfremur að bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega. Loks segir að hjónum, eða fólki í óvígðri sambúð, sé heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars, sbr. 3. gr. samkomulagsins.

Fyrir nefndinni liggur fyrir skjal sem heitir niðurstaða greiðslumats. Það skjal sýnir neikvæða niðurstöðu greiðslumats skuldara vegna umræddrar lántöku og er sú niðurstaða staðfest með undirritun sóknaraðila sem maka skuldara.

Á þessu skjali er glögglega gerð grein fyrir tekjum lántaka og sóknaraðila sem maka. Gat sóknaraðila ekki dulist að matið væri m.a. byggt á tekjum hennar þegar hún staðfesti að hafa kynnt sér efni þess. Getur sóknaraðili því ekki byggt rétt á því nú, að þessi framkvæmd hafi verið röng, enda ekkert í samkomulaginu sem girðir fyrir að hjón og sambýlisfólk séu metin með þessum hætti.

Á umræddu skjali er gert ráð fyrir að ábyrgðaraðili staðfesti sérstaklega, með annarri undirritun, að hann óski að lán verði veitt engu að síður. Liggur fyrir að ábyrgðaraðili undirritaði ekki skjalið á þeim stað sérstaklega.

Við mat á því hvort víkja eigi umþættri sjálfskuldarábyrgð varnaraðila til hliðar verður fyrst að meta hvort varnaraðili hafi getað undanskilið fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats vegna ábyrgðar á skuldum maka. Við það mat verður að leggja til grundvallar að engin gögn, önnur en að sóknaraðili og skuldari hafi haft sama lögheimili, liggja fyrir um að sóknaraðili hafi verið maki skuldara eða þau í óvígðri sambúð á þeim tíma þegar skuldabréfið var undirritað. Verður því að telja það ósannað.

Í öðru lagi verður að leggja til grundvallar þá skýru reglu að ábyrgðarmaður verði, sé niðurstaða greiðslumats neikvæð, að staðfesta sérstaklega að hann óski þess

að lán verði veitt engu að síður. Fær það stuðning við lestur skjalsins „niðurstaða greiðslumats“, sem útbúið er einhliða af varnaraðila, en þar er gert ráð fyrir sérstakri staðfestingu í formi undirritunar ábyrgðaraðila. Verður því að telja að sóknaraðili hafi ekki staðfest skriflega að hann óski þess að lánið yrði veitt þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu greiðslumatsins. Verður varnaraðili því að bera hallan af því að 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins hafi ekki verið fylgt samkvæmt orðanna hljóðan.

Þegar fyrir liggur að varnaraðili braut gegn áðurgreindu samkomulagi þarf að meta hvort ástæða sé til að víkja sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 en þar segir að víkja megi samningi til hliðar eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig.

Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðili undirritaði umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili og óskaði sérstaklega eftir því að greiðslugeta skuldara yrði ekki metin. Þrátt fyrir það framkvæmdi varnaraðili engu að síður greiðslumat á skuldara og niðurstaða þess, sem var neikvæð, var kynnt varnaraðila sérstaklega og staðfesti varnaraðili jafnframt að hafa fengið, kynnt sér og skilið niðurstöður greiðslumatsins sem og upplýsingabækling varnaraðila um persónuábyrgðir o.fl. Mátti sóknaraðila því vera ljóst að greiðslugeta skuldara væri ekki næg þegar sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. Skiptir hér ekki máli hvort sóknaraðili staðfesti niðurstöðu greiðslumatsins sem maki eða ábyrgðaraðili.

Í ljósi skýrrar undirritunar sóknaraðila sem sjálfskuldarábyrgðaraðili á umræddu skuldabréfi sem og þeirrar staðreyndar að varnaraðili greiðslumat skuldara og sóknaraðili staðfesti niðurstöður greiðslumats með undirritun sinni verður ekki séð að orsakatengsl séu milli vankanta sóknaraðila við frágang greiðslumatsins og vilja varnaraðila til að gangast í sjálfskuldarábyrgð skuldabréfsins.

Í ljósi framangreinds verður ekki talið að forsendur séu til að víkja ábyrgð sóknaraðila til hliðar á grundvelli samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 20. febrúar 2015.

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

SÉRATKVÆÐI

Byggt á þeim gögnum sem lögð hafa verið fram og eru m.a. undirrituð af sóknaraðila, verður að telja að varnaraðili hafa haft réttmæta ástæðu til þess að ætla að sóknaraðili hafi verið maki lántaka, en því er ómótmælt í málinu að þau hafi verið skráð með sama lögheimili. Getur sóknaraðili, sem skrifaði undir skjöl sem maki lántaka, ekki byggt á því gagnvart varnaraðili að það hafi verið rangt. Verða ekki gerðar þær kröfur til lánveitanda við þessar aðstæður að hann afli frekari gagna um fjölskylduhagi sóknaraðila og lántaka. Leiðir af framangreindu, að sóknaraðili gat, svo gilt væri, undanskilið varnaraðila skyldu til að greiðslumeta lántakann, svo sem hún gerði með undirritun skuldabréfsins og tel ég rétt að hafna kröfu sóknaraðila þegar af þeirri ástæðu. Þar sem meirihluti nefndarinnar telur rétt að byggja niðurstöðu málsins á efni greiðslumatsins sem framkvæmt var, tek ég fram að ég er sammála þeirri niðurstöðu meirihlutans að umræddri ábyrgð verður ekki vikið til hliðar á þeim grunni að greiðslumatið hafi verið ófullnægjandi.

Reykjavík, 20. febrúar 2015.

Haukur Guðmundsson

Ár 2015, föstudaginn 30. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 94/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 16. september 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 16. september 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. september 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 23. október 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. Október og 6. nóvember og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 11. desember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. janúar 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 8. ágúst 2007 undirritaði sonur sóknaraðila, A, skuldabréf með nr. R að höfuðstóli 5.800.000 kr., og gaf það út til FF. Lánið var veitt gegn því að veitt yrði lánsveð á 3. veðrétti á fasteign sóknaraðila að B nr. 21. Sóknaraðili skrifaði undir skuldabréfið sem þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Ágreiningslaust virðist að þann sama dag undirritaði sóknaraðili „Niðurstöður greiðslumats” vegna lánveitingarinnar, en undirskrift sóknaraðila er dagsett 9. ágúst.

Þann 4. febrúar 2008 undirritaði A annað skuldabréf með nr. S að höfuðstóli 6.500.000 kr. og gaf það út til FF. Lánið var veitt gegn því að veitt yrði lánsveð á 4. veðrétti í fasteign sóknaraðila að B nr. 21. Sóknaraðili skrifaði undir skuldabréfið sem þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Ágreiningslaust virðist að þann sama dag undirritaði sóknaraðili „Niðurstöður greiðslumats” vegna lánveitingarinnar, en undirskrift sóknaraðila er dagsett 5. febrúar 2008.

Í kjölfar fjárhagslegra erfiðleika sótti A ásamt maka sínum um greiðsluaðlögun skv. lögum nr. 101/2010 þann 2. nóvember 2011. Þann 7. mars 2012 komst á samningur um greiðsluaðlögun þeirra.

Með samkomulagi um uppgjör á milli D, Eignasafns Seðlabanka Íslands og varnaraðila dags. 30. desember 2013 varð varnaraðili kröfuhafi samkvæmt ofangreindum skuldabréfum og tilheyrandi veðsetningu. D hafði orðið eigandi krafna

FF eftir að bankinn var tekinn til slita í júní árið 2009. Leiðir þannig varnaraðili rétt sinn til krafanna frá FF.

Sóknaraðila barst bréf frá varnaraðila hf. dags. 21. mars 2014 varðandi ofangreindar veðsetninga. Var í bréfinu vísað til ofangreindra samninga og að bankinn kynni að leita fullnustu á eftirstöðvum skuldabréfanna. Sóknaraðila barst svo „viðvörðun um innheimtu“ frá varnaraðila hf. dags. 7. júlí 2014 þar sem skorað var á sóknaraðila að greiða eftirstöðvar skuldabréfs að viðurlögðum innheimtuaðgerðum og stórauðnum kostnaði fyrir sóknaraðila. Sóknaraðili óskaði eftir að eftir að bankinn aflýsti framangreindum veðum en með tölvupósti frá lögfræðingi bankans dags. 18. júlí 2014 var þeirri umleitun hafnað.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að veðsetning fasteignar hennar að B nr. 21, með skuldabréfi nr. R og nr. S, útgefnum af A til FF, sem síðar voru framseld til varnaraðila, verði ógilt.

Sóknaraðili telur að við framangreindar tvær veðsetningar á fasteign sinni hafi FF ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og að fyrir hendi séu forsendur samkvæmt 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 til að víkja samningum um veðsetningar til hliðar. Byggir það á því að greiðslumat sem framkvæmt var í tengslum við lántökurnar hafi verið haldið verulegum annmörkum sem leiða eigi til þeirrar niðurstöðu.

Eins og fram komi í skjalinu „Niðurstöður greiðslumats“ sem sóknaraðili undirritaði þegar til veðsetninganna var stofnað var FF aðili að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Samkomulagið undirrituðu m.a. Samtök banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna, en FF var einn af stofnaðilum félagsins í janúar árið 2001. Bankanum hafi því, þegar til veðsetningarinnar var stofnað, borið að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu.

Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðamanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. FF hafi því borið skylda til að framkvæma greiðslumat vegna veðsetningarinnar á fasteign sóknaraðila og til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu að öðru leyti.

Sóknaraðili telur ljóst að annmarkar séu á báðum greiðslumötum. Hér fyrir neðan verður fyrst gerð grein fyrir annmörkum hvors greiðslumats fyrir sig. Þar á eftir verður sameiginlega fjallað nánar um grundvöll krafanna.

Sóknaraðili telur í fyrsta lagi að niðurstaða greiðslumatsins, í tengslum við veðsetningu á fasteign sóknaraðila hinn 8. ágúst 2007, sé röng. Niðurstaðan sýni að jákvæður afgangur á mánuði sé 366.439 kr., að meðtalinni greiðslubyrði lánsins sem verið var að veita. Forsendur þessa útreiknings séu þó þannig að ráðstöfunartekjur A hafi verið 328.000 kr. og að frá því dragist greiðslubyrði lána 150.479 kr., framfærslukostnaður 85.041 kr., og önnur föst útgjöld 27.000 kr. Niðurstaða þessa útreiknings ætti því að vera 65.480 kr. Sem fyrr segir hafi sóknaraðila þó verið kynnt ofangreind niðurstaða.

Í öðru lagi telur sóknaraðili að skuldarstaða A sé stórlega vanreiknuð um a.m.k. 32.249.822 kr. Þær skuldir sem tilgreindar séu í greiðslumatinu séu eingöngu

yfirdráttur hjá E að upphæð 2.000.000 kr., auk þess láns sem tekið var gegn veðsetningunni. Inn á skuldayfirlitið vanti lán hjá FF sem A tók sama dag og lánið sem veitt var gegn lánsveði sóknaraðila, dags. 8. ágúst 2007. Það lán var að upphæð 19.480.000 kr. Á þessum tíma hafi A einnig verið með lán hjá F nr. T, sem hinn 1. ágúst 2007 var ekki undir 2.344.417 kr., m.v. stöðu við árslok 2006. Þá hafi A einnig verið með lán hjá G nr. U sem hinn 1. ágúst 2007 var að uppgreiðsluverðmæti 1.544.443 kr. Sóknaraðili telur að heildarskuldir samkvæmt þessu ættu því að vera a.m.k. 40.309.982 kr. en ekki 13.600.000 kr., eins og matið sýni.

Í þriðja lagi telur sóknaraðili að greiðslubyrði A hafi þar af leiðandi einnig verið stórlega vantalin eða samtals a.m.k. um 182.790 kr. Heildar greiðslubyrði A af skuldum hans hafi samkvæmt því á þessum tíma verið a.m.k. 332.269 kr., en ekki 150.579 kr. eins og matið sýnir.

Um vantalningu skulda og greiðslubyrði sé því svo við að bæta að á skattframtölum A vegna áranna 2006 og 2007 sé að finna ýmsar skuldir við E sem ekki sé gerð full grein fyrir í greiðslumatinu, en ætla má að hafi a.m.k. að nokkru leyti verið í gildi á þessum tíma.

Í fjórða lagi bendir sóknaraðili á að margar augljósar villur séu á gerð greiðslumatsins. Sé samandregin skuldastaða tiltekin kr. 13.600.000,- en inni í þeirri tölu sé augljóslega tvítekin sú upphæð sem nemur láninu sem veitt var gegn lánsveði sóknaraðila (5.800.000 kr. + 2.000.000 kr. + 5.800.000 kr. = 13.600.000 kr.). Þá sé greiðslubyrði nýja lánsins tilgreind efst á skuldayfirlitinu kr. 32.000,- en í reitnum „breyting samtals” sem ætti að birta sömu tölu sé hún þó tilgreind kr. 88.479,-.

Sóknaraðili telur að sér hafi ekki verið kynntur upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og veðsetningar sbr. 4. gr. samkomulagins. Þá megi það teljast til annmarka að undirritun greiðslumatsins sé dagsett daginn eftir að skuldabréfið var gefið út.

Vikur þá sóknaraðili að þeim annmörkum sem hann telur á greiðslumati í tengslum við veðsetningu á fasteign sóknaraðila hinn 4. febrúar 2008.

Sóknaraðili bendir í fyrsta lagi á að skuldastaða A sé stórlega vanreiknuð um a.m.k. 31.677.142 kr. Þær skuldir sem tilgreindar séu í greiðslumatinu séu skuldabréf hjá H að upphæð 10.009.800 kr., yfirdráttur hjá E að upphæð 200.000 kr., Visa hjá E að upphæð 448.200 kr., og skuldabréf hjá E að upphæð 6.101.900 kr., samtals 16.759.900 kr., auk þess láns sem tekið var gegn veðsetningunni samtals 23.259.900 kr.

Inn á skuldayfirlitið vanti skuldabréfin þrjú sem A hafði útgefið 8. ágúst 2007, annars vegar tvö skuldabréf samtals að upphæð kr. 19.480.000,- og hinsvegar bréf með veði í eign sóknaraðila að upphæð kr. 5.800.000,-.

Á þessum tíma hafi A einnig verið með lán hjá F, nr. T, sem hinn 5. febrúar 2008 hafi ekki verið undir 2.249.855 kr., m.v. stöðu við árslok 2007.

Á þessum tíma hafi A einnig verið með lán hjá G nr. U sem hinn 1. ágúst 2007 hafi numið að uppgreiðsluverðmæti 1.760.915 kr.

Heildarskuldir samkvæmt þessu ættu því að vera a.m.k. 54.937.042 kr., en ekki 23.259.900 kr., eins og matið sýni.

Í öðru lagi bendir sóknaraðili á að greiðslubyrði A af skuldum hafi þar af leiðandi einnig verið stórlega vantalin, sbr. fyrrgreindar upplýsingar, eða samtals um 206.556 kr. Heildar greiðslubyrði A af skuldum sínum hafi á þessum tíma numið a.m.k. 352.262 kr. en ekki 145.706 kr., eins og matið sýni.

Sóknaraðili telur að sér hafi ekki verið kynntur upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og veðsetningar sbr. 4. gr. samkomulagins. Þá megi það teljast til annmarka að undirritun greiðslumatsins er dagsett daginn eftir að skuldabréfið var gefið út.

Að öllu ofangreindu virtu telur sóknaraðili að greiðslumat þau sem hún undirritaði hinn 9. ágúst 2007 og 5. febrúar 2008 hafi verið haldið verulegum annmörkum. Eigi það jafnt við um óvönduð og ófagleg vinnubrögð, augljósar villur, ófullnægjandi gagnaöflun og að mikilvægum grunnupplýsingum var sleppt. Sóknaraðili telur að A hefði ekki staðist greiðslumatið ef réttar og fullnægjandi upplýsingar hefðu legið til grundvallar. Sóknaraðili kveðst ekki hafa gengist í ábyrgðina ef niðurstaða greiðslumatsins hefði verið neikvæð eða gefið raunsanna mynd af greiðslugetu A.

Sóknaraðili kveðst hafa treyst því að FF viðhefði rétt og fagleg vinnubrögð við gerð matanna enda um að ræða leyfisskylt fjármálafyrirtæki sem m.a. sérhæfði sig í lánveitingum og veðum og ábyrgðum þeim tengdum. Bankinn hafi auk þess verið skyldur skv. þágildandi lögum um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003. Skv. 4. gr. laganna skuli fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármála-markaðsins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Skv. 6. gr. skuli fjármálafyrirtæki gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni og beri því ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptavinir njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt 1. gr. samkomulagsins frá 1. nóvember 2001 var markmið þess að draga úr vægi ábyrgða á einstaklinga og að lánveitingar væru miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans. Með samkomulaginu hafi verið settar meginreglur til verndar ábyrgðamönnum í þeim tilvikum að skuldaábyrgð eða veð í eigu annars einstaklings væru sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu. Miðað við hvernig framangreind greiðslumöt voru gerð, verði þau ekki talin hafa miðað við greiðslugetu greiðanda enda hafi þau gefið mjög ranga mynd af henni. Þá verði greiðslumötin af sömu ástæðu ekki talin til þess fallin að vernda sóknaraðila sem ábyrgðamann og framkvæmd þeirra því í andstöðu við tilgang samkomulagsins.

Sóknaraðili mótmælir yfirlýsingu varnaraðila sem er á þá leið að niðurstaða greiðslumats dags. 8. ágúst 2007 sé einföld misritun sem sóknaraðila hafi vitað eða mátti vita um og geti þ.a.l. ekki byggt neinn rétt á því. Niðurstaða greiðslumats sé grundvallaratriði í gerð þess og beri fjármálafyrirtæki að kynna ábyrgðarmanni rétta niðurstöðu sem grundvallist á faglega unnu greiðslumati. Ekki verði lögð sú ábyrgð á ábyrgðarmanninn að koma auga á og leiðrétta villur í greiðslumatinu. Eins og varnaraðili viðurkenni, hafi verið um fjölda annarra annmarka á greiðslumatinu að ræða svo sóknaraðila hafi verið ómögulegt að leggja raunhæft mat á hver niðurstaða matsins ætti með réttu að vera.

Sóknaraðili telur að í ljósi þess að varnaraðili viðurkenni að við gerð greiðslumatsins hafi farist fyrir að gera ráð fyrir einhverjum fyrirliggjandi skuldbindingum þá feli það í sér að greiðslumatið hafi ekki gefið rétta mynd af greiðslugetu lántakandans og ekki verið unnt að sjá hver niðurstaða þess hefði orðið ef réttar upplýsingar hefðu verið notaðar. Eins og skýrlega komi fram í niðurstöðu Hæstaréttar í máli 376/2013 frá 28. nóvember 2013 skuli fjármálafyrirtæki bera hallann af þeirri óvissu hvort lántakandinn hefði staðist greiðslumat ef réttar upplýsingar hefðu verið tilgreindar og því hvort hvort veðsali hefði veitt

veðheimildina ef réttilega hefði verið staðið að gerð greiðslumatsins. Þar af leiðandi sé varnaraðila ekki hald í því að telja sig ekki bera ábyrgð á að tiltaka ekki slíkar fyrirbyggjandi upplýsingar í matinu eða á því að afla ekki upplýsinganna sem ekki voru fyrirbyggjandi. Allar þær skuldir sem vantaldar séu þess eðlis að varnaraðili hefði auðveldlega getað aflað þeirra og sé slíkt alvanalegt.

Sóknaraðili mótmælir því alfarið að hún hafi haft fjárhagslegan ávinning af því að veðsetja eignir sínar fyrir skuldum lántaka. Sóknaraðili bendir á að gögn sýni að lánin hafi í raun aðeins verið lögð inná reikning sóknaraðila en verið ráðstafað þaðan aftur í þágu lántakans innan örskamms tíma. Í fyrra skiptið, 15. ágúst 2007, hafi verið um að ræða lánveitingu vegna kaupa lántakans á fasteign að I nr. 10. Á fylgiskjölum megi sjá að að sama dag og upphæðin var lögð inná reikning sóknaraðila var henni ráðstafað til seljanda fasteignarinnar, til fasteignasölu vegna þinglýsingar og vegna sölubóknunar. Minni háttar mismunur hafi verið á heildar innborgun og þremur framangreindum útborgunum af reikningi sóknaraðila og þar sem langt er um liðið hafi ekki verið hægt að ákvarða með vissu hvaða aðrar útborganir af reikningum skýra hvernig mismuninum var ráðstafað, en sóknaraðili fullyrðir að hún hafi ekki haft neitt fé útúr þessum gerningi enda hafi það alls ekki verið tilgangur veðsetningarinnar. Í síðara skiptið, 14. febrúar 2008, megi sjá að upphæðin sé öll tekin út af reikningi sóknaraðila daginn eftir 15. febrúar 2008, og lögð inná reikning lántaka í E þar sem henni hafi svo verið ráðstafað til að greiða upp eldri lán lántakans hjá sparisjóðnum.

Í öllu falli hafnar sóknaraðili því alfarið að hafa haft fjárhagslegan ávinning af því að veðsetja fasteignir sínar og bendir á að þar sem varnaraðili haldi hinu gagnstæða fram þá beri varnaraðili sönnunarbyrði um það. Tilvísun varnaraðila til yfirlýsinga um ráðstöfun lánsins feli ekki í sér sönnun á því að sóknaraðili hafi haft fjárhagslegan ávinning af því. Hvorki sóknaraðili né lántakinn hafi óskað eftir því að lánunum yrði ráðstafað með þessum hætti heldur hafi það verið gert að kröfu bankans.

Sóknaraðili telur Hæstaréttardóm nr. 324/2013 á engan hátt vera fordæmisgefandi hvað mál þetta varðar. Í því máli hafi einstaklingar verið taldir hafa haft fjárhagslegan ávinning af því að gangast í sjálfskuldaábyrgð fyrir skuldum fyrirtækis sem þeir voru sjálfir eigendur að. Í þessu máli sé hinsvegar ekki um sambærilega aðstöðu að ræða enda sóknaraðili einungis að veita veð í fasteignum sínum án þess að hafa nokkra hagsmuni af því.

Sóknaraðili mótmælir því að lög um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003 gildi ekki um lögskipti aðilanna. Sóknaraðili vísar vegna þessa til forsendna í dómi Hæstaréttar nr. 127/2013, en þar segir m.a. „Ósannað er að að varnaraðila hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins. Varnaraðili mátti treysta því að greiðslumat það, sem sóknaraðila var skylt að framkvæma, væri trúverðugt og til þess vandað og hagsmunir víðskiptavina almennt og lántaka, og þess sem veitti veð til tryggingar skuldinni, sérstaklega hafðir að leiðarljósi, sbr. til hliðsjónar 4. gr. og 6.gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.“ Það sé því ljóst að Hæstiréttur hafi í samskonar málum vísað til þessara lagaákvæða og eigi tilvísun til þeirra því jafnt við í þessu máli.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir þeim fullyrðingum sóknaraðila að hann hafi viðhaft röng og ófagleg vinnubrögð við framkvæmd greiðslumatanna tveggja. Þá er því einnig mótmælt að varnaraðili hafi ekki afhent sóknaraðila upplýsingabækling um

sjálfskuldaábyrgðir og lánsveð, enda komi fram á niðurstöðum beggja greiðslumatanna, dags. 8. ágúst 2007 og 1. febrúar 2008, að sóknaraðili hafi fengið afhentan og kynnt sér upplýsingabækling um sjálfskuldaábyrgðir og lánsveð.

Varðandi niðurstöðu greiðslumata dags. 8. ágúst 2007 og 4. febrúar 2008 byggir varnaraðili í fyrsta lagi á því að fyrirliggjandi greiðslumöt í máli þessu séu ekki það röng að efni til að valda skuli ógildingu veðsetningar fasteignar sóknaraðila. Varnaraðili bendir á að í greiðslumati, dags. 8. ágúst 2007, komi fram að jákvæður afgangur á mánuði sé 366.439 kr. en með réttu eigi sú tala að vera 65.480 kr. Hins vegar bendir varnaraðili á að þar sé um að ræða einfalda samlagningarvillu og misritun enda megi hverjum sem kynnir sér niðurstöður þessa greiðslumats vera ljóst að jákvæður afgangur í greiðslumati að teknu tilliti til afborgana og framfærslu geti aldrei verið hærri en ráðstöfunartekjur lántaka. Því bendir varnaraðili á að um einfalda misritun hafi verið að ræða sem sóknaraðili hafi vitað eða mátt vita um og geti þ.a.l. ekki byggt neinn rétt á því, sbr. 32. gr. laga um samningagerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936.

Varnaraðili mótmælir því ekki að framsetning og efni greiðslumatsins, sem varðar skuldastöðu lántaka, hefði mátt vera skýrara en hinsvegar sé fullyrðingu sóknaraðila um að mánaðarleg greiðslubyrði allra skuldbindinga lántaka við lántökuna hafi átt að vera 332.269 kr., harðlega mótmælt. Byggir varnaraðili á því að í greiðslumatinu hafi að hluta til verið gert ráð fyrir afborgunum af öðrum skuldbindingum lántaka í samtölunni 150.479 kr. Hins vegar virðist hafa farist fyrir að gera ráð fyrir einhverjum undirliggjandi skuldbindingum. Varnaraðili bendir hinsvegar á að skv. skýrum fyrirvara á niðurstöðu greiðslumatsins byggi matið að hluta til á gögnum um skuldastöðu sem lántaki hafi látið varnaraðila í té. Þá sé skýr fyrirvari í greiðslumatinu þess efnis að lánveitandinn beri ekki ábyrgð á greiðslumatinu ef lántaki hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um fjárhag sinn. Varnaraðili geti því ekki, skv. skýrum fyrirvara greiðslumatsins, axlað einhliða þá ábyrgð að afla allra mögulegra gagna um skuldastöðu lántaka.

Hvað varðar greiðslumatið vegna skuldabréfsins, dags. 4. febrúar 2008, þá komi fram í greinargerð sóknaraðila að skuldarstaða lántaka hafi verið vantalin á þeim tíma er lánið var veitt. Varnaraðili mótmælir ekki að framsetning og efni greiðslumatsins hefði mátt vera skýrara líkt og við greiðslumatið dags. 8. ágúst 2007, en hins vegar er fullyrðingum sóknaraðila um að mánaðarleg greiðslubyrði allra skuldbindinga við lántökuna hafi átt að vera 352.262 kr. harðlega mótmælt. Byggir varnaraðili á að í greiðslumatinu hafi að hluta til verið gert ráð fyrir afborgunum af öðrum skuldbindingum lántaka í samtölunni 145.076,-. Hinsvegar virðist hafa farist fyrir að gera ráð fyrir einhverjum undirliggjandi skuldbindingum. Varnaraðili bendir hins vegar á sömu fyrirvara á niðurstöðu greiðslumatsins varðandi skuldastöðu sem lántaki hafi látið varnaraðila í té og umábyrgðarleysi á greiðslumatinu hafi lántaki veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.

Í öðru lagi byggir varnaraðili kröfu sína á því að sóknaraðili hafi haft fjárhagslegan ávinning af því að samþykkja veðsetningu fasteignarinnar sinnar samkvæmt skuldabréfunum tveimur þar sem sóknaraðili hafi, við báðar lánveitingarnar til A, fengið andvirði lánanna greitt inná reiknings sinn í kjölfarið af útgreiðslu lánanna. Vísar varnaraðili í því samhengi til fylgiskjala þar sem bersýnilega komi fram að lántaki hafi óskað eftir því að lánin yrðu greidd inná reikning sóknaraðila. Lánveitandinn hafi orðið við ósk lántaka og andvirði beggja lánanna verið greitt inná tékkareikning sóknaraðila nr. 537-26-502320. Fáist ekki annað séð en að sóknaraðili hafi haft beinan fjárhagslegan ávinning af því að veita lántaka

samþykki til að veðsetja fasteign sína. Þar sem sóknaraðili hafði fjárhagslegra hagsmuna að gæta af samþykki sínu telur varnaraðili að þeir annmarkar á greiðslumatinu sem sóknaraðili hefur haldið fram geti ekki verið slíkir að framsetning þeirra teljist andstæð ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Því til stuðnings vísar varnaraðili m.a. til dóms Hæstaréttar 7. nóvember 2013 í máli nr. 324/2013 en þar hafi ábyrgðamenn tekist á hendur sjálfskuldaábyrgð til að tryggja fjárhagslega hagsmuni þeirra sjálfra og því hafi ekki verið fallist á kröfu þeirra um ógildingu sjálfskuldaábyrgðarinnar á grundvelli 36. gr. sml. Varnaraðili telur að af þessari ástæðu beri að hafna kröfum sóknaraðila um ógildingu veðsetningar á fasteign sóknaraðila.

Að öðru leyti mótmælir varnaraðili því jafnframt að önnur atvik séu fyrir hendi sem valdi því að veðsetning fasteignar sóknaraðila skv. veðskuldabréfum sé ógild. Varnaraðili mótmælir því að undirritun greiðslumatsins sé í báðum tilvikum dagsett degi eftir útgáfu skuldabréfanna, enda liggi fyrir að lánin voru í báðum tilvikum ekki keypt eða greidd út fyrir en eftir að greiðslumatið var kynnt og undirritað. Ábyrgðakrafa varnaraðila vegna skuldabréfanna varð því fyrst virk þegar skuldabréfið var keypt og greitt út.

Varnaraðili mótmælir jafnframt tilvísun sóknaraðila til 4. gr. laga um veðabréfaviðskipti nr. 33/2003 enda sé óumdeilt að þau lög gilda ekki um lögskipti þau sem deilt er um í þessu máli. Varnaraðili mótmælir einnig fullyrðingum sóknaraðila um að hafa ekki viðhaft fagleg og rétt vinnubrögð líkt og honum var skylt, sbr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Telur varnaraðili óumdeilt, m.v. allt framangreint að vinnubrögð hans hafi verið fagleg og að sóknaraðili hafi verið með fullnægjandi hætti upplýstur um þá áhættu sem fólst í því að samþykkja veðsetninguna, sem þó var sóknaraðila til hagsbóta. Þá mótmælir varnaraðili því að fyrir hendi séu nokkrar ástæður til að ógilda veðsetningu á fasteign sóknaraðila skv. skuldabréfum, sbr. 36. gr. sml.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetninga fasteignar sóknaraðila að B nr. 21, með veðskuldabréfum nr. R og nr. S, útgefnum af A til FF sem síðar voru framseld til varnaraðila.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaganna sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaganna og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við bankann, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í upphafi verður fjallað um greiðslumat í tengslum við veðsetningu á fasteign sóknaraðila hinn 8. ágúst 2007.

Í máli þessu virðist óumdeilt að sóknaraðili undirritaði „Niðurstöður greiðslumats“ í raun sama dag og skuldabréfið var gefið út. Í greiðslumatinu kom fram að jákvæður afgangur lántakanda á mánuði væri 366.439 kr. og að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar. Gögn málsins sýna hinsvegar að niðurstaða greiðslumatsins birti rangar fjárhæðir varðandi bæði skuldastöðu og greiðslubyrði lána.

Er ágreiningslaust að inn á skuldayfirlitið vantaði m.a. lán hjá FF að fjárhæð kr. 19.480.000 sem lántakinn tók sama dag og þetta lán sem veitt var gegn lánsveði sóknaraðila. Enda þótt fallast megi á það með varnaraðila að á hann verði ekki lögð ábyrgð á því ef greiðslumat er rangt vegna þess að lántakinn hafi leynt öðrum skuldum, er í þessu ljósi ekki hægt að leggja ábyrgðina á rangfærslum í greiðslumatinu á annan en varnaraðila. Hefur varnaraðila alls ekki tekist að sýna fram á að tölulegar upplýsingar í greiðslumatinu séu samræmanlegar þeim forsendum sem lánveitandanum hlutu að vera ljósar vegna eigin lána til lántakans.

Er nærtækast að líta svo á að greiðslumatið feli ekki í sér raunhæfa tilraun til að leggja mat á stöðu lántakandans.

Sambærilegir annmarkar eru á greiðslumati því sem sóknaraðili undirritaði hinn 4. febrúar 2008, en í málinu liggur fyrir að þar hafi skuldastaða lántaka einnig verið vanreiknuð, meðal annars þar sem fyrrgreint lán frá 8. ágúst að upphæð 19.480.000 virðist ekki hafa verið tekið með í reikninginn.

Í 1. gr. samkomulagsins frá 1. nóvember 2001 segir frá markmiði þess sem var að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánsveitingar væru miðaðar við greiðslugetu greiðanda. Með samkomulaginu voru þannig settar meginreglur sem til verndar ábyrðarmönnum í þeim tilvikum að skuldaábyrgð eða veð í eigu annars einstaklings væru sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu.

Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðila var ekki kynnt raunveruleg skuldastaða lántaka og gaf matið því ekki rétta mynd af greiðslugetu lántakandans. Í samræmi við niðurstöður Hæstaréttar í máli nr. 376/2013 frá 28. nóvember 2013, skal fjármálafyrirtæki bera hallann af þeirri óvissu hvort lántaki hafi staðist greiðslumat ef réttar upplýsingar hefðu verið tilgreindar og því hvort veðsali hefði heimilað veðsetninguna ef réttilega hefði verið staðið að gerð greiðslumatsins. Verður varnaraðili að bera hallann af því að það var ekki gert. Ljóst er að með því að upplýsa sóknaraðila ekki um rétta skuldastöðu lántaka, og þ.a.l. um rétta greiðslugetu hans, var ekki tryggt að sóknaraðili væri að fullu upplýst um það hvaða áhætta fælist í veðsetningunni, með þeim hætti sem fjármálafyrirtæki höfðu skuldbundið sig til að gera.

Þegar atvik málsins eru metin heildstætt verður að ætla að forveri varnaraðila hafi brugðist skyldum þeim sem hann tók á sig með umræddu samkomulagi, en greiðslumatið var haldið slíkum annmörkum að sóknaraðila var ekki kynnt rétt niðurstaða greiðslumatsins.

Í ljósi framlagðra gagna um ráðstöfun lánsfjárins inn á reikning varnaraðila og þaðan viðstöðulaust til lántaka og viðskiptamanna hans, verður talið ósannað að sóknaraðili hafi haft fjárhagslegan ávinning af lánsveitingunum.

Í ljósi alls framangreinds er fallist á kröfur sóknaraðila um að ógilda veðsetningu fasteignar hennar að B nr. 21 með skuldabréfum nr. R og S, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning á fasteign sóknaraðila að B nr. 21, með skuldabréfum nr. R og S, er ógild.

Reykjavík, 30. janúar 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 20. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 95/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni dags. 25. september 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. 22. september 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 25. september 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 23. október 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 23. október 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 27. október 2014. Í athugasemdum lögmanns sóknaraðila bætir hann við kröfugerð sína og voru þær því sendar varnaraðila með tölvupósti dags. 17. nóvember 2014. Viðbótar athugasemdir bárust frá varnaraðila með tölvupósti dags. 11. desember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar dags. 6., 13. og 20. febrúar 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 30. júní 2005 var gefið út tryggingarbréf nr. X í nafni A, fyrirverandi maka sóknaraðila, í FF. Bréfið veitir veðréttindi í fasteigninni B, en hún var á þessu tímamarki eign A og sóknaraðila að jöfnu. Á því er byggt að bréfið hafi verið gefið út í tengslum við lán vegna bílakaupa. Samkvæmt ákvæðum bréfsins stóð það til tryggingar „öllum skuldum veðsala eða síðar tilgreinds/tilgreindra aðila við [FF], kt. [...], eða hann/þá sem [FF] vísar til, í hvaða formi sem skuldbindingar eru, hvort sem eru samkvæmt lánssamningi, víxilskuldir, yfirdráttur á tékkareikningi, skammtímalán, reikningslán, skuldabréfalán, erlend endurlán, lánssamningi í erlendum myntum, öðrum lánssamningum, sem og hvers konar aðrar skuldir við bankann, þar með taldar ábyrgðir, sem bankinn hefur tekist, eða kann að takast á hendur veðsala vegna, svo og þær skuldir annarra sem veðsali ábyrgist bankanum sem lánveitanda eða

eiganda slíkrar kröfu [ásamt öllum kostnaði] í hvaða gjaldmiðli sem er, að fjárhæð allt að fjárhæð JPY 3.864.000“

Í tryggingarbréfinu er jafnframt svohljóðandi ákvæði um framsal bréfsins. „*Veðhafa er heimilt að framselja tryggingarbréf þetta að hluta eða öllu leyti til þriðja aðila ásamt þeim réttindum sem því fylgja enda tilkynni hann það veðsala áður en til framsalsins kemur. Heimilt er veðsala að hafna framsalinu og er þá skuldin öll eða sá hluti hennar, sem framselja átti í gjalddaga fallin og ber veðsala þá þegar að greiða veðhafa gjaldfallna fjárhæð ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði.*“

Þann 16. október 2007, gaf A út lánasamning nr. Y til FFF með það fyrir augum að fjármagna kaup á stofnfjárbréfum. Samkvæmt ákvæðum samningsins var gerður sérstakur veðsamningur um veðrétt FFF í umræddum stofnfjárbréfum í FF og er fjallað um vanefndaúrræði lánveitanda Ekki var krafist annarra tryggingar vegna þessa en veðs í umræddum bréfum. Um vanefndaúrræði lánveitanda segir í samningnum. „*Verði vanskil á skuldbindingum skv. samningi þessum, hvort sem er vegna afborgana af vöxtum eða höfuðstól, öðlast lánveitandi heimild til að fullnustu veðsins í samræmi við veðsamninginn og viðeigandi lagaákvæði. Andvirði innleystra trygginga skal ráðstafað inn á lánið.*“

Samkvæmt heimild Fjármálaeftirlitsins frá 22. febrúar 2008 tók FFF yfir allar skyldur og öll réttindi FF frá 1. júlí 2007. FFFF tók svo við öllum tryggingarréttindum FFF í samræmi við 2. tl. í ákvörðun FME frá 22. apríl 2010. Þann 5. mars 2011 tók varnaraðili við rekstri skuldbindinga og eignum FFFF samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Þann 2. apríl 2013 undirrituðu A og sóknaraðili eignaskiptayfirlýsingu í tengslum við skilnaðarkjarasamning, þar sem sóknaraðili var gerð að eiganda allrar fasteignarinnar að B.

Þann 10. mars 2014 barst sóknaraðila innheimtuviaðvörðun frá varnaraðila vegna skuldar fyrrverandi eiginmanns síns, vegna láns nr. Y, á grundvelli þess að lánið var tryggt með fyrrnefndu tryggingarbréfi, en bréfið tryggt með veði í fasteigninni B. Voru sóknaraðila veittir 10 dagar til þess að ganga frá greiðslu skuldarinnar

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að tryggingarbréfi nr. X að fjárhæð JPY 3.864.000 verði aflýst af fasteigninni B, gegn uppgreiðslu á bílaláni, nr. Z. Í athugasemdum sínum, dags. 27. október 2014 setur sóknaraðili fram þá varakröfu að úrskurðað verði að tryggingabréf nr. X tryggi ekki lán fyrrverandi eiginmanns sóknaraðila sem tekið var í FFF árið 2007.

Sóknaraðili ber því við að innheimtubríf það sem henni barst 10. mars 2014 hafi verið fyrsta bréfið sem varnaraðili sendi henni sem gaf til kynna að tryggingarbréfið sem gefið var út í FF árið 2005 tryggði lán sem veitt var í FFF árið 2007. Sóknaraðili mótmælir þeim skilningi varnaraðila að tryggingarbréf nr. X komi einnig til tryggingar láni nr. Y þar sem að lánið hafi upphaflega verið án tryggingar og auk þess undirritað áður en bankarnir sameinuðust.

Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili til 72. gr. stjórnarskrár sem kveður á um friðhelgi eignarréttarins. Telur hún óskiljanlegt að sameining bankanna hafi veitt þeim aukinn rétt yfir eignum hennar, rétt sem þeir höfðu þó ekki áður vegna

lánveitingar þar sem engrar tryggingar var krafist. Að mati sóknaraðila gildir hér einu þó að Fjármálaeftirlitið hafi samþykkt sameiningu þeirra.

Sóknaraðili bendir á að framsal tryggingarbréfsins sé, samkvæmt innihaldi þess, háð samþykki skuldara. Þá hafi aldrei verið framkvæmt mat á greiðslugetu aðalskuldara né hennar áður en bréfið var gefið út.

Sóknaraðili bendir einnig á að í skýrslu PWC sem unnin var fyrir FFF og birt var í vefritinu Kjarnanum, komi fram að lán vegna stofnfjárkaupa hafi verið veitt án annarra trygginga en í stofnfjárbréfunum sjálfum. Umrætt tryggingarbréf var þar eingöngu talið tryggja lán sem tekið var í FF. Það sé því ljóst að það var ekki skilningur FFF að umrætt tryggingarbréf tryggði lánið vegna stofnfjárkaupanna.

Sóknaraðili mótmælir frávisunarkröfu varnaraðila þar sem að þær eigi ekki við rök að styðjast. Þeir fjárhagslegu hagsmunir sem séu í húfi í málinu séu augljósir en skv. innheimtuviðvörðun frá varnaraðila sem dagsett er 10. mars 2014 er tryggingarbréfið að núvirði kr. 4.177.370. Samkvæmt tölvupósti sóknaraðila sem dagsettur er 22. september 2014 var bílalánið sem tryggingarbréfið átti upphaflega að tryggja í kr. 1.123.172 þann dag. Mismunur þessara fjárhæða séu þannig þeir fjárhagslegu hagsmunir sem um er fjallað í þessu máli.

Varðandi frávisunarkröfu varnaraðila sem lýtur að því að kröfu þeirri sem hér er fjallað um hafi ekki verið beint að bankanum bendir sóknaraðili á að ítrekað hafi þess verið krafist að skuld sem stofnaðist við FFF falli ekki undir umrætt tryggingarbréf. Þá hafi verið krafist aflýsingar á bréfinu og eðli máls samkvæmt hefur í þeirri kröfu falist að sú skuld sem tryggingabréfið var gefið út vegna yrði greidd upp. Til vara setur sóknaraðili engu að síður fram varakröfu sína. Sú krafa byggir á nákvæmlega sama grunni og aðalkrafa þessa máls.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfunni verði hafnað.

Varnaraðili krefst þess að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, sbr. 5. og 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000. Samkvæmt umræddri 5. gr. er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns. Varnaraðili bendir á að framlögð gögn sóknaraðila sanni að hún hafi ekki beint kröfu að sér um að tryggingarbréfi nr. X að fjárhæð JPY 3.864.000 verði aflýst af fasteigninni B, gegn uppgreiðslu á bílaláni, Z og þeirri kröfu verið hafnað af hálfu varnaraðila.

Í áðurnefndri 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er kveðið á um hverskonar mál nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið fjallar nefndin ekki um kröfur viðskiptamanna, sem ekki verður metinn til fjár. Varnaraðili bendir á að í kvörtun sóknaraðila komi ekki fram hvernig meta megi áðurnefnda kröfugerð til fjár. Sé því ljóst að ákvæði b-liðar 6. gr. sé ekki fullnægt. Þá telur varnaraðili úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki ekki hafa lagaheimild til að úrskurða þess efnis að bankinn aflétti áðurnefndu tryggingarbréfi af fasteign sóknaraðila gegn uppgreiðslu á bílaláni. Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili að vísa verði frá kröfu sóknaraðila.

Verði ekki fallist á kröfu um frávisun málsins krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Sóknaraðili byggir kröfu sína í fyrsta lagi á því að framsal

tryggingarbréfs nr. X hafi verið háð samþykki skuldara. Krafan byggir í öðru lagi á því að ekki hafi verið framkvæmt mat á greiðslugetu skuldara. Í þriðja lagi sé á því byggt að sóknaraðila hafi aldrei verið tilkynnt um vanskil bréfsins.

Hvað fyrstu málsástæðu sóknaraðila varðar vísar varnaraðili til eftirfarandi: Í tölvubréfi sóknaraðila til varnaraðila frá 6. maí 2014 hafi m.a. verið óskað eftir því að bankinn rökstyddi hvernig tryggingarbréf nr. X útgefið af A, fyrrverandi maka sóknaraðila, í FF árið 2005 gæti gilt fyrir lán sem tekið hefði verið í FFF árið 2007. Í svarbréfi varnaraðila hafi verið vísað til þess að um væri að ræða allsherjarveð sem tryggði allar skuldir A við bankann. Samkvæmt heimild Fjármálaeftirlitsins frá 22. febrúar 2008 hefði FFF tekið yfir allar skyldur og öll réttindi FF frá 1. júlí 2007. Þar með hefði umrætt tryggingarbréf tryggt allar skuldir A við FFF. FFFF hefði svo tekið við öllum tryggingarréttindum FFF í samræmi við 2. tl. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins frá 22. apríl 2010. Þar með hefði bréfið tryggt allar skuldir A við FFFF. Hinn 5. mars 2011 hefði varnaraðili tekið við rekstri, skuldbindingum og eignum FFFF samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og tryggði því bréfið nú allar skuldir A við varnaraðila. Framangreint væri rökstuðningur bankans fyrir því að nýta Tryggingarbréfið og hefði þessi afstaða verið kynnt A og lögmanni hans í mars 2013. Varnaraðili ítrekar framangreind sjónarmið og telur ákvæði tryggingarbréfsins sem sóknaraðili vísar til ekki eiga við.

Hvað þriðju málsástæðu sóknaraðila varðar vísar varnaraðili til áður nefnds svarbréfs bankans. Þar hafi verið vísað til þess að ástæða þess að sóknaraðili hefði verið send innheimtuviðvörðun þrátt fyrir að greiðslubeiðni hefði ekki borist væri sú að greiðandi skuldarinnar sem lægi að baki tryggingarbréfinu, sem tryggt væri með veði í eign sóknaraðila, væri A og lægi greiðsluskyldan fyrst og fremst hjá honum. Kröfum um greiðslu skuldarinnar hefði því hingað til verið beint til hans en ekki sóknaraðila, þar sem sóknaraðili bæri ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingunni heldur aðeins með eign sinni sem veðsali samkv. tryggingarbréfinu.

Varnaraðili ítrekar framangreind rök og telur áður nefndar málsástæður sóknaraðila ekki eiga að leiða til þess að krafa sóknaraðila verði tekin til greina.

Hvað aðra málsástæður sóknaraðila varðar tekur varnaraðili fram að eftir að hafa farið yfir öll gögn í tengslum við útgáfu umrædds tryggingabréfs, sem og lánveitingar þær er bréfið tryggir, verði ekki betur séð en að ekki hafi verið framkvæmt mat á greiðslugetu fyrrverandi maka sóknaraðila. Í ljósi þessa hafi varnaraðili ákveðið að fella niður veðsetningu 50% eignarhlutar sóknaraðila í fasteigninni að B, samkvæmt tryggingarbréfi nr. X. Varnaraðili fellst með öðrum orðum á að veðsetningin sé ógild að því leyti sem sóknaraðili veitti veð í 50% eignarhluta sínum, en hafa verði í huga að þegar fyrrverandi maki hennar gaf út umrætt tryggingarbréf, sem og þau lán sem bréfið tryggir, hafi hann verið 50% eigandi að B. Hinn 2. apríl 2013 hafi sóknaraðili og fyrrverandi maki hennar undirritað eignarskiptayfirlýsingu. Þar lýstu þau yfir að með samningi um skilnaðarkjör vegna skilnaðar þeirra að borði og sæng er gerður hefði verið 1. október 2012, hefði sóknaraðili ein orðið eigandi að fasteigninni B. Eignarhlutur þessi teldist vera 50% eign fyrrverandi maka hennar af heildareigninni og óskaðist honum þinglýst á nafn sóknaraðila.

Varnaraðili bendir því á að með útgáfu fyrrgreinds tryggingarbréfs veitti A veð í 50% eignarhluta sínum. Þrátt fyrir að eigendaskipti hafi orðið að umræddum 50% eignarhluta standi veðsetning hans samkvæmt tryggingarbréfinu óhögguð. Þegar umrædd eigendaskipti áttu sér stað hafi ekki verið aflað samþykkist varnaraðila í

samræmi við ákvæði tryggingarbréfsins. Bankinn hefði því getað gjaldfellt umrædda skuld án uppsagnar eða tilkynningar og gengið að veðinu en kosið að gera það ekki.

Hvað varakröfu sóknaraðila varðar er vísað til athugasemda bankans sem voru gerðar við fyrstu málsástæðu sóknaraðila til stuðnings aðalkröfu hans. Af framangreindu tilefni ítrekar FF hafi verið samruni án skuldaskila. Þannig hafi FF algerlega verið sameinaður FFF með yfirtöku eigna og skulda og FF slitið. Þegar varnaraðili tók yfir FFFF hafi jafnframt verið um að ræða samruna án skuldaskila. Þannig hafi FFFF verið algerlega sameinaður varnaraðila með yfirtöku eigna og skulda og bankanum slitið. Varnaraðili telur því ákvæði tryggingarbréfsins, sem sóknaraðili vísar til í kvörtun sinni og kveður á um framsal tryggingarbréfsins til þriðja aðila, ekki eiga við í því tilviki sem hér um ræðir enda ekki um það að ræða að tryggingarbréfið hafi verið framselt til FFF og frá FFFF til Varnaraðila, heldur hafi verið um algera sameiningu að ræða þannig að FF varð að FFF og FFFF varð síðar að varnaraðila. Varnaraðili bendir einnig á að FFF og varnaraðili geti ekki talist þriðji aðili í skilningi áður nefnds ákvæðis tryggingarbréfsins.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort aflýsa beri tryggingarbréfi nr. X af fasteigninni B gegn uppgreiðslu á bíláláni, Z, en til vara að því hvort tryggingabréf nr. X tryggi með réttu lán A, fyrrverandi eiginmanns sóknaraðila sem tekið var í FFF árið 2007.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá með vísan til 5. og b-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggja að ágreiningur sé um sakarefnið. Þrátt fyrir að formlega kröfu um aflýsingu tryggingarbréfsins sé ekki að finna í framlögðum gögnum um samskipti aðilanna verður ekki fallist á það að vísa beri kröfunni frá á grundvelli greinarinnar enda benda gögnin til þess að ljóst hafi verið að fyrir liggja ágreiningur milli aðilanna um sakarefnið, sbr. úrskurði nefndarinnar nr. 194/2012 og 202/2012.

Samkvæmt b-lið 6. gr. fyrrnefndrar samþykktar fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Lesa má úr kröfugerð sóknaraðila að hún krefjist þess að umræddu tryggingarbréfi verði aflýst af fasteign hennar en skv. innheimtuviðvörðun sem henni barst þann 10. mars 2014 og hún lagði fram með gögnum sínum er tryggingarbréfið að núvirði kr. 4.177.370,-.

Í ljósi þessa verður að telja að krafa sóknaraðila verði metin til fjár, enda um fjárhagslega hagsmuni að ræða og því ekki fallist á með varnaraðila að vísa eigi kröfunni frá á grundvelli b-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ekkert liggur fyrir um önnur kröfuréttindi sem kunna að liggja að baki umræddu tryggingabréfi en annars vegar tiltekið bílalan, sem ekki er deilt um í máli þessu og hins vegar fyrrgreindan lánsamning frá árinu 2007. Ekkert er fram komið sem gefur til kynna að fleiri kröfuréttindi geti ekki fallið undir umrætt

veðtryggingarbréf. Er í þessu ljósi rétt að hafna aðalkröfu sóknaraðila um aflýsingu tryggingarbréfsins.

Stendur þá eftir varakrafa sóknaraðila um að umrætt tryggingabréf nr. X tryggi ekki lán A, fyrrverandi eiginmanns sóknaraðila sem tekið var í FFF árið 2007.

Í máli þessu liggur fyrir að A, fyrrverandi maki sóknaraðila, og þáverandi helmings eigandi í fasteigninni að B, undirritaði umrætt tryggingarbréf þann 30. júní 2005. Sóknaraðili samþykkti undirritunina sem maki og þinglýstur eigandi fasteignarinnar.

Fyrir liggur að varnaraðili hefur fallist á að fella niður veðsetninguna í eignarhlut sóknaraðila í fasteigninni eins og hann var við útgáfu bréfsins. Þar sem yfirlýsing varnaraðila um þetta virðist fyrst hafa komið fram í greinargerð hans til nefndarinnar þykir rétt að efni hennar sé tekið upp í úrskurðarorð svo sem að neðan greinir. Er þar með óþarft að fjalla frekar um þær málsástæður sóknaraðila sem lúta að því að ekki hafi verið rétt staðið að útgáfu tryggingarbréfsins gagnvart henni sem veðsala, en ljóst er að hún tók við eignarhlut fyrrverandi eiginmanns með áhvílandi réttindum.

Þá hefur ekki verið sýnt fram á að varnaraðili hafi vanrækt skyldur sínar hvað varðar tilkynningar til sóknaraðila eftir að sóknaraðili varð eigandi að þeim veðsetta hluta fasteignarinnar sem áður tilheyrði eiginmanni hennar.

Af skýrum texta tryggingarbréfsins má ráða að um allsherjarveð er að ræða sem samkvæmt orðalagi sínu tryggir allar kröfur sem veðhafi á eða eignast kann í lögskiptum sínum við tiltekinn aðila. Með bréfinu eignaðist FF því samkvæmt því 3. veðrétt í fyrrnefndri fasteign.

Samkvæmt heimild Fjármálaeftirlitsins frá 22. febrúar 2008 tók FFF yfir allar skyldur og öll réttindi FF frá 1. júlí 2007. FFFF tók svo við öllum tryggingarréttindum FFF í samræmi við 2. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 22. apríl 2010. Þann 5. mars 2011 tók varnaraðili við rekstri, skuldbindingum og eignum FFFF samkvæmt ákvörðun FME.

Í máli Hæstaréttar nr. 236/1993, var fjallað um málsatvik sem að ýmsu leyti voru sambærileg við atvik þessa máls. Háttáði þar svo til að banki (V) sem naut handveðsetningar í bankareikningi samkvæmt tryggingarbréfi, var sameinaður öðrum banka sem átti kröfuréttindi á hendur sama skuldara. Varð það niðurstaða Hæstaréttar að eigi yrði „talið að framangreindur handveðsréttur hafi við þessa sameiningu bankanna færst yfir á aðrar skuldbindingar, sem útgefandi tryggingarbréfsins kynni þá eða fram að sameiningu bankanna að hafa gengist undir gagnvart öðrum þessar banka en V[...]. Hinn nýi banki gat ekki öðlast rýmri rétt en hver bankanna um sig hafði gagnvart viðskiptamönnum sínum, og gat efnisleg umfang handveðsins ekki aukist við sameininguna, án þess að annað kæmi til.“

Með vísan til þessarar niðurstöðu Hæstaréttar og forsendna hennar, telur nefndin rétt að fallast á varakröfu sóknaraðila, enda liggur fyrir að stofnað var til lántöku fyrrverandi eiginmanns sóknaraðila í FFF áður en kom til sameiningar þess sparisjóðs við upphaflegan veðhafa. Fær þessi niðurstaða enn frekari stuðning af því að við umrædda lánveitingu, var sérstaklega fjallað um tryggingar fyrir láninu og þær einskorðaðar við veðtryggingu í stofnfjárbréfum í FF.

Þar sem ekkert liggur fyrir um hvort varnaraðili eigi, eða kunni að eignast, síðar til komin kröfuréttindi á hendur sóknaraðila verður ekki fallist á aðalkröfu sóknaraðila um aflýsingu veðtryggingarbréfsins. Er með úrskurði þessum ekki útilokað að önnur, síðar til komin kröfuréttindi, geti notið veðréttinda á grundvelli bréfsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Tryggingarbréfi varnaraðila, nr. X að fjárhæð JPY 3.864.000, útgefnu af A, skal aflýst af 50% fasteignarinnar B. Tryggingabréfið tryggir ekki lán fyrrverandi eiginmanns sóknaraðila sem tekið var í FFF árið 2007.

Öðrum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 20. febrúar 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

SÉRATKVÆÐI

Ég er sammála niðurstöðu meirihluta nefndarinnar um annað er varðar takmarkanir á heimild varnaraðila til að nýta veðrétt í eigninni að B.

Málavextir eru raktir í áliti meirihluta, þar á meðal að FFF tók yfir allar skyldur og réttindi FF sem var upphaflegur veðhafi samkvæmt tryggingarbréfi X. Ákvörðun FME frá 22. febr. 2008 þar að lútandi gildi frá 1. júlí 2007. Veðsali og eigandi að 50% eignarinnar samdi um lánveitingu þá sem hér um ræðir við FF þann 16. okt. 2007.

Andstætt áliti meirihlutans tel ég að tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 236/1993 eigi ekki við um það úrlausnarefni sem hér er til umfjöllunar. Þar háttaði svo til, að fjór bankar sameinuðust að meginstefnu til með einkaréttarlegum samningum, þó svo að löggjafinn hafi komið þar við sögu með breytingu á þágildandi lögum (86/1985) um viðskiptabanka til að samruna yrði við komið. Yfirfærslna réttinda og skuldbindinga bankanna fór því ekki fram með sambærilegum hætti og síðar gerðist með atbeina FME. Lagabreytingin tók einungis til yfirfærslu eigna og skuldbindinga með almennum hætti og af umræddum dómi Hæstaréttar má draga þá ályktun að óbein eignarréttindi eins og veðréttur sem hver hinna fjögurra banka höfðu aflað sér til tryggingar útlánnum færðist ekki sjálfkrafa yfir til til sameinaðs banka til uppgjörskrafna sem þar voru til staðar á veðsala við sameininguna án þess að til kæmi sérstakt samkomulag sem tæki á þeim aðilaskiptum sem sameiningunni fylgdu. Á hinn bóginn hefur verið litið svo á, að í ákvörðun FME um fyrirtöku rekstrar fælist yfirtaka hvers konar réttinda nema annars væri sérstaklega getið og hvers konar áritun skjala væri óþörf því til staðfestu.

Þá er til þess að líta, að sem fyrr segir fjallar dómur Hæstaréttar um þá aðstöðu, að lántaki hafði gert upp skuld við veðhafa en var í vanskilum annan banka af þeim fjórum sem veðhafi sameinaðist. Er það niðurstaða dómsins að eigi verði talið

„að framangreindur handveðsréttur hafi við þessa sameiningu bankanna færst yfir á aðrar skuldbindingar sem útgefandi tryggingabréfsins kynni þá eða fram að sameiningu bankanna að hafa gengist undir gagnvart öðrum þessara banka en Verslunarbanka Íslands“. Þykir ekki varhugavert að túlka þessa niðurstöðu á þann veg að hefði hinn gjaldþrota veðsali lifað áfram, hefði félagið í lánsamningum við sameinaðan banka getað notað fyrrgreinda tryggingu enn á ný.

Þó svo að lánsamningur hafi verið undirritaður 16. okt. 2007 en ákvörðun FME hafi verið birt 22. febr. 2008, þá miðaðist yfirtaka lánveitanda á rekstri FF við 1. júlí 2007. Verður því ekki séð að áform varnaðila um að nýta tryggingarbréf nr. X til uppgjörs nefnds lánsammans auki efni veðréttarins umfram það sem yfirtökuaðili öðlast með ákvörðun FME.

Í ljósi alls framangreinds tel ég að ekki sé unnt að fallast á að veðréttur samkvæmt umræddu tryggingarbréfi standi ekki til tryggingar lánsamningi þeim sem gerður var við FFF.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Tryggingarbréfi varnaðila, nr. X að fjárhæð JPY 3.864.000, útgefnu af A, skal aflýst af 50% fasteignarinnar B. Öðrum kröfum sóknaraðila á hendur varnaðila er hafnað.

Reykjavík, 20. febrúar 2015.

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 27. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 96/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. september 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 26. september 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 6. nóvember 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar sama dag og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 27. nóvember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar dags. 20. og 27. mars mars 2015.

II.

Málsatvik.

Með bréfi dags. 17. mars 2014 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila um leiðréttan endurútreikning á bílaláni nr. X sem sóknaraðili var skuldari að hjá FF og var greitt upp þann 11. júlí 2012. Nam inneign eftir leiðréttingu kr. 817.021. Í bréfinu lýsti varnaraðili yfir skuldajöfnuði við hluta inneignar, eða kr. 532.021, á móti vanskilum á skuldabréfi nr. Y, sem var útgefið þann 28. desember 1993 af A, til FF, upphaflega að fjárhæð kr. 1.300.000, og tryggt með sjálfskuldaábyrgð sóknaraðila. Ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfinu var í lögfræðinnheimtu vegna vanskila en staða innheimtumálsins þann 18. mars sl. var kr. 2.113.530. Sama dag var greiðslu samkvæmt skuldajafnaðaryfirlýsingunni ráðstafað inn á innheimtumálið. Í kjölfarið af tilkynningu varnaraðila óskaði sóknaraðili eftir upplýsingum og sundurliðun á því hver væri staðan á ábyrgð hennar samkvæmt skuldabréfi nr. Y. Í kjölfarið afhenti varnaraðili sóknaraðila skjal, dags. 18. mars 2014. Skjalið bar heitið „Kvittun nr. [Z] (Fullnaðargreiðsla)”. Í skjalinu kom fram staða höfuðstóls, vaxta og innheimtukostnaður auk þeirrar innborgunar sem gerð hafði verið á lánið og loks samtals eftirstöðvar sem samkvæmt skjalinu voru 0,00 kr. Sóknaraðili taldi sig samkvæmt þessu hafa undir höndum fullnaðarkvittun sem kvað á um fullnaðargreiðslu skuldabréfs nr. Y og fór þess á leit við varnaraðila að hann afhenti henni frumrit skuldabréfsins. Varnaraðili hafnaði beiðninni með tölvupósti útibússtjóra dags. 8. september 2014 og með formlegu bréfi dags. 12. september 2014.

Í kjölfarið lagði sóknaraðili málið fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að kvittun nr. Z (fullnaðargreiðsla) sem varnaraðili gaf út 18. mars 2014 verði með úrskurði nefndarinnar viðurkennd sem fullnaðarkvittun á allri skuld sóknaraðila við varnaraðila samkvæmt skuldabréfi nr. Y og að varnaraðila beri að afhenda sóknaraðila frumrit.

Sóknaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu varnaraðila að kvittun nr. Z (fullnaðargreiðsla) sem bankinn gaf út 18. mars 2014 hafi ekki verið fullnaðarkvittun þrátt fyrir skýrt efni hennar.

Sóknaraðili bendir á að á kvittun nr. Z (fullnaðargreiðsla), dagsett 18. mars 2014, sem varnaraðili sendi sóknaraðila hafi komið fram höfuðstóll skuldabréfs nr. Y. Einnig hafi komið fram á skuldabréfinu vextir og innheimtu- og fjárnámskostnaður og fleira um innborganir á lánið. Hafi auk þess komið fram á kvittuninni að lánið væri að fullu greitt, en þar sagði eftirfarandi: „*Samtals eftirstöðvar. 0,00*“:

Sóknaraðili telur málið skýrt þar sem að orðið „*fullnaðargreiðsla*“ hafi komið fram í fyrirsögn kvittunarinnar. Hér sé því um að ræða fullnaðarkvittun kröfuhafa vegna skuldar samkvæmt ofangreindu skuldabréfi og hafi sóknaraðili með réttu litið á að svo væri.

Þá telur sóknaraðili athyglisvert að samkvæmt kvittuninni, sem gefin var út 18. mars. 2014, hafi skuldari verið tilgreindur sem A, þrátt fyrir að 20 ár væru liðin síðan félagið hafi verið úrskurðað gjaldþrota.

Sóknaraðili telur ljóst að kvittun nr. Z (fullnaðargreiðsla) beri augljóslega með sér að vera fullnaðarkvittun vegna skuldar á skuldabréfi nr. Y, en tekið hafi verið fram sérstaklega innan sviga að hún væri kvittun fyrir fullnaðargreiðslu og að „*Samtals eftirstöðvar*“ væru engar, núll (0,00). Til samanburðar vísar sóknaraðili til sundurliðunar sem sóknaraðili fékk vegna skuldar hennar við sama banka. Í því skjali hafi komið fram eftirfarandi: „*Eftirstöðvar kröfuhafa 1.591.504,00*“. Umrætt uppgjör hafi sóknaraðili fengið nokkrum mánuðum áður en hún fékk fullnaðarkvittunina dagsetta 18. mars 2014, en í henni kom fram eftirfarandi: „*Samtals eftirstöðvar. 0,00*“. Sóknaraðili telur augljóst að hún hafi ekki getað skilið kvittun nr. Z (fullnaðargreiðsla) með neinum öðrum hætti en sem fullnaðarkvittun. Engan veginn hafi verið hægt að skilja hana öðruvísi væri hún borin saman við sundurliðunina frá 1. nóvember 2013. Á kvittuninni hafi verið, eins og áður sagði, tekið fram að um fullnaðargreiðslu sé að ræða. Við móttöku kvittunar nr. Z (fullnaðargreiðsla) hafi sóknaraðili fengið í hendur skýra yfirlýsingu frá varnaraðila, sem kröfuhafa, um að greiðslum samkvæmt skuldabréfi nr. Y væri lokið. Sóknaraðili bendir á að mikilvægt sé að hún geti treyst efni og gildi kvittunarinnar og yfirlýsinga bankans og vísar um þetta atriði til Hæstaréttardóms nr. 600/2011, þar sem sagði eftirfarandi: „*Búa hér að baki sjónarmið um öryggi í viðskiptum, en það getur haft í för með sér mikla röskun á fjárhagslegum hagsmunum skuldara, sem um lengri tíma hefur hagað sér í samræmi við tilmæli kröfuhafa, ef kröfuréttarsambandið er tekið upp hvað fortíðina varðar og honum í framhaldinu gert að standa kröfuhafa skil á umtalsverðum viðbótargreiðslum fyrir liðna tíð, þvert á væntingar sínar um hið gagnstæða.*“.

Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili til Hæstaréttardóma nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013 um fullnaðarkvittanir, ásamt því að vísa til sjónarmiða sem komu fram í úrskurði Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr.

90/2013. Sóknaraðili telur að líta beri á kvittunina sem fullnaðarkvittun, í fyrsta lagi þar sem sóknaraðili hafi verið í góðri trú um að skuldin væri niðurfelld og að hún hefði staðið við skyldur sínar sem ábyrgðarmaður á skuldabréfinu. Hún hvorki vissi né mátti vita að greiðslur hennar væru ófullnægjandi og þegar hún fékk kvittun nr. Z sem fullnaðarkvittun hafi hún fengið frá varnaraðila staðfestingu á fullnaðargreiðslu samkvæmt skuldabréfinu. Í öðru lagi sé augljós aðstöðumunur á sóknaraðila sem ábyrgðarmanns á skuldabréfinu og varnaraðila í málinu. Sem fjármála- og lánastofnun búi varnaraðili yfir mikilli sérþekkingu á sviði skuldabréfaréttar og verði því að gera þá kröfu að upplýsingar og kvittanir sem hann sendi viðskiptamönnum, ábyrgðarmönnum og skuldurum, séu réttar og að viðskiptamenn megi treysta efni þeirra. Í þriðja lagi sé augljóst að varnaraðila standi mun nær að bera áhættuna og hallann af eigin mistökum, hafi þau orðið við útgáfu kvittunar nr. Z (fullnaðargreiðsla), nokkuð sem sóknaraðili telur engar forsendur til að ætla. Gera verði þá kröfu til varnaraðila að hann geti gefið út kvittun sem viðskiptamenn geti skilið með auðveldum hætti. Takist honum ekki að sinna þeirri grundvallarskyldu sinni beri hann hallann af því. Í fjórða lagi beri að líta til þess hér að umfang viðbótarkröfu varnaraðila sé ekki mikið (rúmlega 1.500.000 kr.).

Sóknaraðili telur að hér verði að líta til þess mikla óhagræðis sem hún yrði fyrir verði ekki fallist á sjónarmið hennar hér að ofan. Verði ekki fallist á kröfu hennar og sjónarmið, felist í því að engar kröfur séu gerðar til vinnubragða og skjalagerðar hjá bönkunum og lánastofnunum við útgáfu kvittana vegna uppgjors á skuldabréfum, að minnsta kosti þegar kemur að ábyrgðarmönnum.

Um lagarök fyrir afhendingu frumrits skuldabréfsins vísar sóknaraðili til 1. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798.

Sóknaraðili gerir athugasemd við kröfugerð varnaraðila en þar sé þess einungis krafist að kvörtun sóknaraðila verði hafnað. Ekki sé gagnkrafa um niðurstöðu í málinu um hvert sé efnislegt gildi umræddrar kvittunar varnaraðila til sóknaraðila nr. Z frá 18. maí 2014, til dæmis um að hún sé einungis kvittun vegna uppgjors á vanskilum eða annarri greiðslu. Sóknaraðili telur að í efnislegri niðurstöðu þessa máls verði að felast afstaða úrskurðarnefndarinnar til þess hvert sé gildi umræddrar kvittunar, það er hvort að um hafi verið að ræða fullnaðarkvittun eða ekki. Hafi kvittunin ekki verið fullnaðarkvittun spyr sóknaraðili hvað hún hafi verið þá?

Hvað varðar bréf varnaraðila til sóknaraðila, dagsett 17. mars 2014, bendir sóknaraðili á að það eina sem hafi komið fram í bréfinu og lúti að skuldabréfi nr. Y, sé að inneign sóknaraðila hjá varnaraðila hafi verið skuldajafnað á móti vanskilum. Inneign hafi myndast hjá sóknaraðila vegna endurútreiknings lána sem varnaraðili og aðrar fjármálastofnanir þurftu að framkvæma í kjölfar Hæstaréttardóma, þar sem rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að greiðslukvittanir hafi jafngilt fullnaðarkvittunum. Með bréfinu hafi varnaraðili því verið að leiðrétta endurútreikning sinn á þremur lánunum, þar á meðal á nefndu skuldabréfi. Ekkert hafi komið fram í bréfinu, dagsettu 17. mars 2014, um hver krafan samkvæmt skuldabréfinu hafi verið þann dag og var sóknaraðili ekki upplýst um hana fyrr en með umræddri kvittun nr. Z, dagsettir 18. mars 2014.

Sóknaraðili bendir ennfremur á að henni hafi borist umrædd kvittun með pósti, en eftir að henni hafði borist ofangreind bréf varnaraðila um endurútreikning lána, dagsett 17. mars 2014, hafi hún óskað eftir því að fá upplýsingar og sundurliðun á því hver staðan væri á ábyrgð hennar samkvæmt skuldabréfi nr. Y. Þær upplýsingar hefðu borist frá varnaraðila með umræddri fullnaðarkvittun nr. Z, dagsettri 18. mars 2014. Í ljósi þessa hafnar sóknaraðili þeirri málsástæðu varnaraðila að sóknaraðili hafi ekki

verið í góðri trú um að umrædd kvittun hafi verið um fullnaðargreiðslu á skuld samkvæmt skuldabréfinu sem fráleitri. Sóknaraðili hafi verið í góðri trú um gildi umræddrar kvittunar sem fullnaðarkvittunar og beiðni hennar um frekari sundurliðun á stöðu ábyrgðarinnar samkvæmt skuldabréfinu staðfesti það.

Sóknaraðili hafnar þeim rökum varnaraðila að umrædd fullnaðarkvittun hafi verið „innanhússkjal” og hafi verið send sóknaraðila fyrir mistök og telur þau ekki standast skoðun. Umrædd kvittun hafi verið send sóknaraðila til skýringar og sundurliðunar á endurútreikningi lánsins sem sóknaraðila var tilkynnt um með bréfi 17. mars 2014. Þá bendir sóknaraðili á að hún hafi ekki verið upplýst um þessi mistök fyrr en með greinargerð varnaraðila dagsettri 6. nóvember 2014, þrátt fyrir mikla hagsmuni hennar í málinu. Telur sóknaraðili augljóst að þessi málsástæða varnaraðila sé ekki í neinu samræmi við gögn og staðreyndir málsins. Varnaraðila hefði verið í lófa lagið að upplýsa sóknaraðila um þessi meintu mistök sín miklu fyrr, til dæmi í bréfi sínu til sóknaraðila, dagsettu 12. september 2013. Í því bréfi hafi ekki verið minnst einu orði á að varnaraðili hefði gert mistök með því að senda sóknaraðila umrædda kvittun og ekki að um „innanhússkjal” hefði verið að ræða. Sóknaraðili hafnar því þessum rökum. Í umræddu bréfi, hafi meðal annars eftirfarandi komið fram: „*Sú kvittun sem vísað er til var staðfesting á greiðslu vanskila á skuldabréfinu ekki kvittun um fullnaðargreiðslu skuldabréfsins*“.

Sóknaraðili spyr því hvernig það megi vera að varnaraðili, ein helsta fjármálastofnun landsins, sendi viðskiptamanni sínum kvittun vegna greiðslu af skuldabréfi þar sem í titli hennar sé tekið fram að um fullnaðargreiðslu hafi verið að ræða, en segi síðar að ekki hafi verið um fullnaðargreiðslu að ræða vegna sama skuldabréfs? Augljóst sé að varnaraðili sendi sóknaraðila umrædda kvittun nr. Z, dagsetta 18. mars 2014 sem staðfestingu á þeirri kröfu sem lýst er í kvittuninni. Þegar af þeirri ástæðu beri að fallast á kröfu sóknaraðila um að umrædd kvittun verði viðurkennd sem fullnaðarkvittun á allri skuld málsaðila við varnaraðila samkvæmt skuldabréfi nr. Y.

Sóknaraðili hafnar leiðbeiningum varnaraðila um það hvernig eigi að lesa fullnaðarkvittunina með tilvitnuðum orðum úr kvittuninni sem eigi að sanna að ljóst sé að með orðunum „*Samtals eftirstöðvar 0,00*“ hafi verið átt við eftirstöðvar vanskila en ekki skuldabréfsins. Telur sóknaraðili að leiðbeiningarnar séu ómarktækar og fráleitt sé að byggja niðurstöðu í máli þessu á slíkum útskýringum varnaraðila á kvittun sem hann hafi sjálfur gefið út. Hafa verði í huga að hér sé um eina helstu lánastofnun landsins að ræða. Efni kvittunar nr. Z (fullnaðargreiðsla), dagsettri 18. mars 2014, hafi verið skýrt. Á kvittuninni var málsgrein sem hét „*Lýsing kröfu*” og sagði þar eftirfarandi: „*Upphaflega skuldabréf nr. [Y], að fjárhæð kr. 1.300.000, útg. 28.12.1993. Bréfið var upphaflega keypt af [FF] sem sameinaður var [varnaraðila]. Bréfið hefur fengið nýtt númer [Y]*“.

Sóknaraðili fellst ekki á þær málsástæður varnaraðila að hún hafi mátt lesa það útúr öðrum skjölum en umræddri fullnaðarkvittu, að skuldin samkvæmt skuldabréfi nr. Y, sem sóknaraðili var ábyrgðarmaður að, hafi ekki verið að fullu greidd þrátt fyrir skýrt efni umræddrar kvittunar. Í því fælist að varnaraðili og aðrir viðskiptamenn banka og fjármálastofnana gætu ekki treyst efni kvittanna sem varnaraðili og aðrar fjármálastofnanir í landinu gefa út. Sóknaraðili ítrekar þá undantekningu sem komi fram í dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011, frá meginreglunni um að kröfuhafi sem hafi fengið minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum við skuldara, eigi tilkall til viðbótargreiðslu. Eins og komi fram í Hæstaréttardóminum styðst undantekningin „*við þau rök, að skuldari hafi við móttöku kvittunar fengið í hendur yfirlýsingu*

kröfuhafa um að greiðslu væri lokið. Búa hér að baki sjónarmið um öryggi í viðskiptum“. Atvik í þessu máli séu með þeim hætti að undantekningin eigi við og víkja beri frá nefndri meginreglu.

Sóknaraðili bendir á að einungis tvær tilkynningar hafi verið sendar henni frá dagsetningu kvittunarinnar 18. mars 2014 til fyrri hluta júní á sama ári. Ein tilkynning sé dagsett 11. júní 2014, sem sé degi áður en sóknaraðili fundaði með lögmanni sínum um málið en í beinu framhaldi af þeim fundi ræddi sóknaraðili við varnaraðila (líklega á föstudeginum 13. júní) um skilning sinn á umræddri kvittun og tilkynnti honum að hún væri komin með fullnaðarkvittun vegna skuldar samkvæmt skuldabréfinu nr. Y. Sóknaraðili hafi því ekki sýnt af sér tómlæti með því að halda ekki fram skilningi sínum á umræddri kvittun gagnvart varnaraðila. Sóknaraðili hafi haft samband við varnaraðila um leið og hún hafði ráðfært sig við lögmann sinn um málið. Ekki sé hægt að halda því fram að sóknaraðili, sem sé venjulegur viðskiptamaður varnaraðila, tapi rétti á svo skömmum tíma sem varnaraðili hafi haldið fram en hann haldi því fram að sóknaraðila hafi mátt verið ljóst í byrjun apríl að hún „misskildi efni kvittunarinnar“. Engan veginn sé hægt að byggja niðurstöðu í máli þessu á þessari málsástæðu og rökum eða að sóknaraðila hefði mátt vera ljóst að hún misskildi efni kvittunar. Hafa beri í huga að 22. ágúst 2014 ritaði lögmaður sóknaraðila bréf til varnaraðila um skilning sóknaraðila á kvittuninni. Sóknaraðila var svarað með bréfi varnaraðila, dagsettu 12. september. Eftir svar varnaraðila hafi sóknaraðili leitað til úrskurðarnefndar um málið.

Hvað varðar umfjöllun varnaraðila um að skuldabréfið hafi verið sent úr lögfræðisinnheimtu til viðkomandi útibús bankans þá telur sóknaraðili það ekki varða hana hvar varnaraðili geymi skuldabréfin. Hvert varnaraðili sendi það og önnur innri mál varnaraðila, til dæmis að kvittunin hafi verið innanhússkjal, séu ekki atriði sem hægt sé að byggja niðurstöðu þessa máls á. Verði að gera ráð fyrir því að varnaraðili geymi umrætt skuldabréf á öruggum stað og að hann geti gefið út kvittanir sem viðskiptamaður geti lesið og skilið með auðlesanlegum hætti og án leiðbeininga.

Að lokum ber sóknaraðili því við að hún hafi ekki fengið senda greiðsluseðla vegna þessa láns frá varnaraðila, hvorki frá FF né varnaraðila og þeir hafi ekki verið sýnilegir í heimabanka sóknaraðila. Það sé því rangt sem komi fram í greinargerð varnaraðila að hann hafi sent sóknaraðila greiðsluseðla vegna ábyrgðar hennar samkvæmt skuldabréfinu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hafði áður hafnað kröfu sóknaraðila með bréfi, dags. 12. september 2014. Í bréfinu kom fram að umrædd kvittun hafi verið staðfesting á greiðslu vanskila á skuldabréfinu en ekki kvittun um fullnaðargreiðslu þess. Þar sem eftirstöðvar skuldabréfsins næmu rúmlega kr. 1.500.000 yrði innheimtu á því haldið áfram í samræmi við innheimtuferli bankans. Í bréfinu var því jafnframt hafnað að afhenda sóknaraðila frumrit skuldabréfsins.

Varnaraðili ítrekar framangreind sjónarmið og bendir á að viðtakandi umræddrar kvittunar hafi verið varnaraðili, en ekki sóknaraðili, eins og sjá megi í haus kvittunarinnar. Hafi því í reynd verið um „innanhússkjal“ að ræða sem sóknaraðili hafi fengið afhent fyrir mistök. Í kvittuninni sagði jafnframt „*Innborgun lánið gr. í skil*“ og „*Leiðrétting endurútreiknings láns... til skuldajöfnunar vegna vanskila*“ sem sé til marks um að umrædd greiðsla hafi greitt upp vanskil skuldabréfsins í

lögfræðiinnheimtu. Sé „*Samtals eftirstöðvar 0,00*” lesið í samhengi við efni kvittunarinnar að öðru leyti, einkum það að staða innheimtumálsins sé „*Samtals kr. 2.113.530,0*”, sé ennfremur ljóst að með „*Samtals eftirstöðvar 0,00*” sé átt við eftirstöðvar lögfræðiinnheimtu til viðkomandi útibús. Umædd kvittun beri því ekki með sér að vera fullnaðarkvittun um fullnaðargreiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi nr. Y líkt og sóknaraðili haldi fram.

Varnaraðili bendir á sóknaraðila hafi verið fyllilega ljóst að staða innheimtumálsins væri hærri en svo að greiðsla að fjárhæð kr. 532.021 myndi greiða skuldabréfið upp. Sóknaraðili hafi reglulega frá 5. janúar 2013 fengið bréf og tilkynningar frá varnaraðila um vanskil skuldabréfsins, uppgreiðsluverðmæti þess og síhækkandi innheimtukostnað. Þá hafi greiðsluáskorun, dags. 14. maí 2013, verið birt eiginmanni sóknaraðila þann 22. maí sama ár, en þar hafi komið fram að staða kröfunnar væri kr. 1.985.369 en sóknaraðili hafi fengið tilkynningu um aðfarabæðnina og fjárhæð kröfunnar frá Sýslumanninum í Keflavík. Jafnframt hafi sóknaraðili móttengið bréf frá varnaraðila, dagsettu 31. desember 2013, með yfirliti yfir ábyrgðir á skuldum annarra þar sem sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á umræddu skuldabréfi var tiltekin. Þar hafi verið tiltekið að fjárhæð ábyrgðarinnar væri kr. 1.823.075 og vanskil kr. 359.746 en sá fyrirvari var jafnframt gerður að ef skuld væri í vanskilum legðust dráttarvextir og innheimtukostnaður við ábyrgðarfjárhæð.

Jafnframt bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að hún hafi samið um afslátt af kröfunni, né að varnaraðili hafi áður gefið henni ástæðu til þess að ætla að hann myndi gefa eftir hluta af kröfunnar, en skuldabréfið beri ekki með sér að það sé að fullu greitt.

Framangreindu til viðbótar bendir varnaraðili á að strax í kjölfar þess að vanskil skuldabréfsins voru gerð upp hafi skuldabréfið verið sent úr lögfræðiinnheimtu til viðkomandi útibús bankans. Frá 1. apríl 2014 hafi varnaraðili gefið út greiðsluseðla vegna umrædds skuldabréfs og sent tilkynningar til sóknaraðila sem ábyrgðarmanns um vanskil bréfsins. Frá því að umrædd kvittun hafi verið gefin út og þangað til greiðsluseðill vegna skuldabréfsins var gefinn út þann 1. apríl 2014 hafi einungis liðið 14 dagar. Ekki liggi ljóst fyrir hvenær eða hvernig sóknaraðila barst umrædd kvittun en hafi sóknaraðila borist hún í mars 2014 hafi henni mátt vera ljóst strax í byrjun apríl sama ár að hún hafi misskilið efni kvittunarinnar.

Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili auðsýnt að sóknaraðili hafi ekki verið í góðri trú um að umrædd kvittun hafi verið um fullnaðargreiðslu á skuld sóknaraðila samkvæmt skuldabréfinu. Samkvæmt öllu því sem framan sé rakið séu ekki forsendur til að verða við kröfu sóknaraðila. Beri því að hafna kröfunni.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að innheimtu skuldabréfs nr. Y og gildi kvittunar nr. Z. Sóknaraðili krefst þess að kvittunin verði með úrskurði nefndarinnar viðurkennd sem fullnaðarkvittun á allri skuld sóknaraðila við varnaraðila samkvæmt skuldabréfi nr. Y og að varnaraðila verði gert að afhenda sóknaraðila frumrit bréfsins.

Í kjölfar bréfs frá varnaraðila, dags. 17. mars 2014, sem fjallaði um leiðréttan endurútreikning láns og skuldajöfnun varnaraðila vegna vanskila á láni nr. Y óskaði sóknaraðili eftir því við varnaraðila að fá upplýsingar og sundurliðun á því hver væri staðan á ábyrgð hennar samkvæmt skuldabréfi nr. Y. Til þess að svara fyrirspurninni sendi varnaraðili sóknaraðila kvittun nr. Z, dags. 18. mars 2014. Efst á umræddri kvittun stóð innan sviga í hástöfum „*FULLNAÐARGREIÐSLA*“. Auk þessa kom fram

á kvittuninni staða höfuðstóls auk vaxta og innheimtukostnaðar, þá innborgun á lánið og loks samtals eftirstöðvar en þar sagði eftirfarandi: „0.00“.

Telja verður nægilega í ljós leitt að skjal þetta var sent fyrir mistök varnaraðila og að því var í raun ætlað að sýna stöðu málsins innan bankans í uppgjöri á milli lögfræðiinnheimtu bankans og viðkomandi útibús.

Það er meginregla kröfuréttar að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Frá þeirri meginreglu eru þó undantekningar, meðal annars um að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að hann glati frekari kröfu. Hvíli áherslan þá á því, að skuldari hafi við móttöku kvittunnar fengið í hendur viljayfirlýsingu kröfuhafa um að greiðslu sé lokið og þar með réttmæta ástæðu til að ætla að hann hafi gert upp að fullu greiðslu sína og geti treyst því að ekki komi til frekari kröfur síðar. Í þessu máli hlýtur þannig að ráða úrslitum mat á því hvort umrædd kvittun gat með réttu vakið traust hjá sóknaraðila um að krafa varnaraðila vegna ábyrgðar hennar væri að fullu greidd.

Í því tilliti er ekki unnt að leggja málsatvik hér að jöfnu við þá dóma sem sóknaraðili vísar til og fjalla um atvik þar sem skuldarar hafa yfir lengri tímabil greitt fjölda greiðsluseðla án þess að nokkuð hafi bent til þess að efast mætti um að umræddir gjalddagar væru þannig uppgreiddir.

Enda þótt titill skjalsins „Kvittun - nr. Z (FULLNAÐARGREIÐSLA)“ sé að sönnu mjög afdráttarlaus, ásamt þeirri lokaniðurstöðu skjalsins að eftirstöðvar séu kr. 0,00 hlaut ýmislegt við skjalið að öðru leyti að vekja efasemdir hjá varnaraðila um að í því fælist full greiðsla á skuld hennar. Í fyrsta lagi var skjalið stílað á F fyrirtækjab. en merkt F –Lögfræðiinnheimtu. Meira er þó um vert að þær fjárhæðir sem raktar eru sem „Mismunur“ í skjali þessu voru ekki skýrðar og voru ekki í neinu samræmi við inngreiðslur hennar eða önnur atvik, en sóknaraðila var vel kunnugt um að fjárhæð skuldar hennar var miklum mun hærri en nam endurreikningi á láni hennar og þeirri fjárhæð sem í skjalinu er merkt „Innborgun lánið gr. í skil“. Verður í þessu ljósi ekki fallist á að þessi kvittun hafi slíkt traustfangsgildi að hennar vegna sé krafa varnaraðila fallin niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 27. mars 2015

Haukur Guðmundsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Oddur Ólason

Sératkvæði:

Málavextir eru raktir í álitni meirihluta.

Í málinu verður einkum að líta til þess að kvittun sú sem varnaraðili sendi sóknaraðila bar með sér að um fullnaðargreiðslu væri að ræða enda gaf titill skjalsins það eindregið til kynna. Sóknaraðili gat ekki vitað að skjalið hefði verið sent henni fyrir mistök og bendir ekkert til þess að hún hafi ekki talið að umrædd kvittun fæli í sér staðfestingu á fullnaðargreiðslu á skuld samkvæmt skuldabréfinu.

Þrátt fyrir þá málsástæðu varnaraðila að umrædd kvittun hafi verið staðfesting á greiðslu vanskila á skuldabréfinu og að um „innanhússkjal“ hafi verið að ræða sem hafi aðeins verið sent sóknaraðila fyrir mistök þá er ljóst að innihald skjalsins var sett fram á þann hátt að það hlaut að skapa þær væntingar sóknaraðila að hún gæti treyst því að gengið hefði verið frá fullnaðaruppgjöri vegna skuldabréfsins. Verður varnaraðili sem sérfróð fjármálastofnun að bera hallann af þeim mistökum.

Fæst ekki séð að neitt í viðbrögðum sóknaraðila eða atvikum að öðru leyti geti leitt til þeirrar niðurstöðu að sóknaraðila hafi hlotið að vera ljóst að um mistök væri að ræða, þegar tekið er tillit til efnis kvittunarinnar og þess aðstöðumunar sem hér um ræðir.

Í ljósi alls framangreind teljum við að fallast beri á kröfur sóknaraðila og ber varnaraðila að afhenda sóknaraðila frumritið að skuldabréfi nr. Y.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Ár 2015, föstudaginn 20. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 97/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun sóknaraðila, dags. 30. september 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 2. október 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 30. október 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 31. október 2014, og gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dags. 11. nóvember 2014

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 13. og 20. febrúar 2014.

II.

Málsatvik.

Eiginmaður sóknaraðila, eigandi og rekstraraðili A, lést árið 1997 og tóku synir þeirra við rekstrinum. Rekstur félagsins virðist hafa verið erfiður og svo fór að bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, uppkveðnum 22. nóvember 2012.

Þann 24. febrúar 1999 gaf félagið A, út skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 3.822.000, til FF. Skuldabréfið var bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á höfuðstól, vísitöluálagi, vöxtum, dráttarvöxtum og alls vanskilakostnaðar, tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu.

Þann 15. ágúst 2003 gaf sóknaraðili út skuldabréf nr. Y, nú Z, til forvera varnaraðila, FF, að fjárhæð kr. 7.345.000. Skuldabréfið var tryggt með 1. veðrétti í jörðinni B, sem þá var þinglýst eign móður sóknaraðila, C.

Aðdragandi útgáfu skuldabréfsins var sá að skuldabréf nr. X var í vanskilum og að forveri varnaraðila, FF, myndi leita fullnustu skuldarinnar hjá sóknaraðila vegna sjálfskuldarábyrgðar. Þar sem sóknaraðili var eignalaus var lagt til að sóknaraðili myndi útvega veðtryggingu fyrir nýju veðbréfi til að greiða upp allar skuldbindingar A við FF. Sóknaraðili fékk samþykki móður sinnar, sem þá sat í óskiptu búi, fyrir veðsetningu veðbréfsins sem var þinglýst á eignina. Hvorki fæst séð að framkvæmt hafi verið mat á greiðslugetu sóknaraðila við útgáfu skuldabréfsins né að móður

sóknaraðila, veðsala, hafi verið kynntar niðurstöður slíks mats. Eftir andlát veðsalans, C, virðast erfingjar hafa fengið leyfi til einkaskipta á dánarbúi C, og féll þá jörðin B í skaut sóknaraðila og bræðra hennar tveggja í jöfnum hlutföllum.

Sóknaraðili sendi varnaraðila erindi, dags. 4. júlí 2014, og fór þess á leit við varnaraðila að skuldabréf nr. Z yrði afskrifað vegna misbrests forvera varnaraðila á að framkvæma greiðslumat o.fl. Með bréfi varnaraðila til sóknaraðila dags. 1. september 2014, var sóknaraðila tilkynnt að erindið hefði verið tekið til skoðunar og að ákveðið hefði verið að leysa eignarhluta bræðra sóknaraðila, D og F, úr veðböndum. Öðrum kröfum sóknaraðila var hafnað.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili fer fram á lausn undan veðskuldabréfi þar sem eftirstöðvar samkvæmt greiðsluseðli frá varnaraðila þann 14. október 2014 eru kr. 9.259.988.

Enn fremur fer sóknaraðili fram á niðurfellingu á sjálfsábyrgð á skuldabréfi nr. X í FF, þar sem ekki fór fram greiðslumat á sóknaraðila sem einstaklingi og jafnframt niðurfellingu á sjálfsábyrgð á veðskuldabréfi nr. Y, sem kom í stað fyrra skuldabréfs og var ábyrgðin af skuldinni sett á nafn sóknaraðila og samþykkt var að fá móður sóknaraðila til að setja jörð sína að veði. Sóknaraðili telur að greiðslumat hefði átt að fara fram áður en samþykkt var sjálfsábyrgð á henni sem einstaklingi þar sem skoða hefði átt greiðslugetu hennar áður en nokkur lánaþyrirgreiðsla var samþykkt. Jafnframt hafi móður sóknaraðila ekki verið kynnt greiðslugeta sóknaraðila áður en hún skrifaði undir samþykkt á veði. Sóknaraðili telur það ekki vera sanngjarnt eða standast hófsemdar- eða jafnræðisreglu að þurfa að taka á sig alla þessa ábyrgð sem einstaklingur en fjármálafyrirtækið enga.

Þegar sóknaraðili var fengin til að gerast ábyrgðarmaður á skuldbindingum A, hafi hún verið starfsmaður á bæjarskrifstofu og ekki í neinum störfum hjá fyrirtækinu. Sóknaraðili kveðst eingöngu hafa viljað aðstoða syni sína sem hugðust halda rekstri félagsins áfram eftir fráfall föður þeirra. Andvirði bréfsins hafi að mestu farið í kaup á tækjum sem reyndust ekki sem skyldi og skiluðu þar af leiðandi ekki þeim tækjum sem væntingar gerðu ráð fyrir. Þegar bréfið fór í vanskil og ekki hafði verið greitt af því í sex mánuði, hafi þáverandi bankastjóri boðið fram þá lausn að sóknaraðili gæfi út nýtt veðbréf og fengi veðtryggingu í eign móður hennar. Sóknaraðili kveðst ekki hafa séð sér annað fært en að ganga að því og fengið samþykki móður sinnar fyrir veðsetningunni. FF hafi þó ekki gætt þess að honum hafi borið að kanna greiðslugetu sóknaraðila sem var engan veginn fær um að greiða af þessu bréfi og kynna það fyrir veðþola, móður hennar. Hið nýja bréf hafi jafnframt verið töluvert hærra en sem nam uppgreiðslu fyrra bréfsins og telur sóknaraðili enga skýringu hafa komið fram á því. Að því sögðu telur sóknaraðili að með þessu hafi FF verið að tryggja stöðu sína og gott betur en það, með því að hóta sóknaraðila gjaldþroti og gera hana tæknilega gjaldþrota með svo íþyngjandi lausn sem raun ber vitni.

Með bréfi varnaraðila til sóknaraðila hafi ólögmati veðsetningu bréfsins verið aflétt af eignarhluta bræðra hennar, en varnaraðili telur að veðsetningin hafi verið lögmet með vísan til tilvistar hennar á þeim eignarhluta sem sóknaraðili síðar erfði í veðandlaginu. Sóknaraðili geti ekki séð hvernig varnaraðili ætli að ganga að veðinu ef til þess kæmi að hún félli frá og greiðslufall yrði á bréfinu þar sem eignin er í óskiptri sameign. Sóknaraðili telur að varnaraðili geti vart breytt einhliða ólögmati veðsetningu í lögmeta á þriðjungi óskiptrar sameignar án samþykkis sameigenda og sett eignina í gíslingu, komi til greiðslufalls á bréfinu.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili bendi á það í málatilbúnaði sínum að félagið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta árið 2012 eða að 9 árum liðnum frá því að sóknaraðili hafi að eigin mati verið þvinguð til að gefa út nýtt bréf til að gera upp gamlar skuldir þessar við bankann. Sóknaraðili telur að það sé vart frétt næmt að verktakafyrirtæki hafi farið í þrot á þessum tíma. Sóknaraðili hafi á þeim tíma ekkert haft með félagið að gera, en bendi á að það var ekki varnaraðili sem keyrði það í þrot.

Sóknaraðili telur sig ávallt staðið í skilum með umrætt bréf en telur sig hvorki njóta vaxtabóta, þó sjaldan væri meira tilefni til, og fái ekki leiðréttingu í samræmi við aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem nú séu fyrirliggjandi.

Sóknaraðili telur að FF hafi væntanlega horft fram hjá því vísvitandi að greiðslumeta sóknaraðila, þar sem þeir hafi haft viðskiptasögu hennar og vitað að hún myndi ekki standast það. Sóknaraðili telur aðstöðumuninn vera mikinn og að það hafi vantað fyrirhyggjusemina og einnig að upplýsa aldraða móður hennar um þá stöðu og áhættu sem hún var að taka með að heimila veðsetninguna.

Sóknaraðili kveðst hafa orðið þess áskynja eftir umræðu síðustu ára, að veðsetning jarðarinnar væri ólögmæt enda hafi hún ekki verið í samræmi við samkomulag stjórnvalda og fjármálafyrirtækja frá 1. nóvember 2001 um notkun sjálfskuldarábyrgða á skuldum einstaklinga þar sem ekkert greiðslumat hafi verið gert á greiðslugetu hennar áður en tekið var veð í jörðinni. Í tæp 11 ár hafi sóknaraðili að eigin mati greitt samviskusamlega af láninu en móðir sóknaraðila hafi látist, grunlaus um að veðsetningin væri ólögmæt. Sóknaraðila hafi ekki verið kunnugt um að hún hafi verið í ábyrgð fyrir mismuninum á hinu nýja veðbréfi og þess veðbréfs sem greitt var upp, en heildargreiðsla þess hafi numið kr. 5.973.518.

Greiðslubyrði veðbréfsins sé, og hafi verið, um kr. 70.000 á mánuði og hafi sóknaraðili verið í skilum í þá 130 mánuði sem frá eru liðnir. Heildargreiðsla bréfsins það sem af er lánstímanum nemi í dag um kr. 9.000.000 en eftirstöðvar séu engu að síður um kr. 10.500.000. Greiðslubyrðin hafi verið sóknaraðila afar íþyngjandi og hafi komið í veg fyrir að sóknaraðili kæmi yfir sig þaki og notið eðlilegra lífsgæða. Sóknaraðili kveðst vera 54 ára einstæð móðir og búa við þröngan kost. Fjórðungur núverandi launatekna fari í að standa skil á bréfinu. Sóknaraðili kveðst ekki geta sótt um vaxtabætur af bréfinu eins og um hefðbundið íbúðarlán hafi verið að ræða. Komi það í veg fyrir að hún fái eðlilega leiðréttingu á þeim forsendubresti sem stjórnvöld hyggist nú leiðrétta.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að við útgáfu skuldabréfs nr. X hafi verið í gildi samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, en það hafi tekið gildi 27. janúar 1998. Í 2. mgr. 2. gr. samkomulagsins segi að með sjálfskuldarábyrgð í samkomulaginu sé átt við ábyrgð sem einstaklingur, ábyrgðarmaður, gangist í fyrir annan einstakling, greiðanda og sé til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, s.s. láni eða úttekt með kreditkort. Þá segi í 4. mgr. 2. gr. samkomulagsins að það taki einnig til einfaldrar ábyrgðar, sem og til þess er einstaklingur hefur gefið leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings. Af orðalagi 2. og 4. mgr. 2. gr. samkomulagsins frá 1998 leiði að samkomulagið gildi ekki þegar einstaklingar tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð eða veittu leyfi til að veðsetja fasteignir sínar til tryggingar skuldum og skuldbindingum lögaðila.

Varnaraðili vísar jafnframt til þess að gildissvið samkomulagsins frá 1998 sé sambærilegt gildissviði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem tók gildi 1. nóvember 2001, að því er varðar að það tekur eingöngu til þeirra tilvika þegar einstaklingar takast á hendur ábyrgð eða heimila veðsetningu á fasteignum sínum til tryggingar skuldum annarra einstaklinga. Ákvæði 2. gr. samkomulagsins frá 1998 og 2. gr. samkomulagsins frá 2001 séu að því leyti orðuð með sambærilegum hætti. Ofangreind takmörkun á gildissviði samkomulagsins hafi einnig verið staðfest í dómum Hæstaréttar, m.a. í máli nr. 322/2013 en í forsendum dómsins komi fram að samkvæmt heiti samkomulagsins frá 2001 og ákvæði 2. gr. samkomulagsins um gildissvið þess, hafi það ekki tekið til tilvika er einstaklingur gekkst í ábyrgð fyrir skuld rekstraraðila.

Samkvæmt framangreindu hafi samkomulagið því ekki gilt þegar sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð til handa A við útgáfu skuldabréfsins 24. febrúar 1999. Af því leiði að forvera varnaraðila hafi ekki verið skylt að greiðslumeta A og kynna sóknaraðila niðurstöðu slíks greiðslumats við útgáfu skuldabréfsins. Því telur varnaraðili að rétt hafi verið staðið að frágangi og töku sjálfskuldarábyrgðarinnar við útgáfu bréfsins og að ekki hafi verið fyrir hendi neinar aðstæður við útgáfu þess sem gáfu tilefni til að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, sbr. 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Þá er fullyrðingum sóknaraðila um að forvera varnaraðila hafi borið að greiðslumeta sóknaraðila áður en hún tókst á hendur ábyrgðina mótmælt, enda hafi aldrei hvílt skylda á lánveitendum að meta greiðslugetu væntanlegra ábyrgðarmanna eða veðsala.

Varðandi útgáfu skuldabréfs nr. Z komi fram í athugasemdum sóknaraðila að aðdragandi útgáfu skuldabréfsins hafi verið sá að rekstur A hafi verið þungur og að fyrirtækið hafi stefnt í þrot. Því hafi sóknaraðili átt í samskiptum við bankastjóra og fram hafi komið í samskiptum þeirra að sú hætta væri fyrir hendi að gengið yrði að sóknaraðila vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar. Vegna þess virðist sóknaraðili hafa ákveðið að gefa út nýtt skuldabréf, nr. Z, og skyldi andvirði þess ráðstafað til að greiða upp eldri skuld sem hún var í gildri sjálfskuldarábyrgð á.

Útgáfa skuldabréfsins hafi á því tímamarki verið til hagsbóta fyrir sóknaraðila enda legið fyrir að forveri varnaraðila hefði gengið að henni vegna ábyrgðarskuldbindingarinnar með tilheyrandi íþyngjandi áhrifum á stöðu hennar, s.s. fjárnámi o.fl. Því telur varnaraðili ekkert fram komið í málinu sem gefi tilefni til að víkja greiðsluskyldu sóknaraðila til hliðar, sbr. 36. gr. samningalaga, en það liggja fyrir og sé óumdeilt að sóknaraðili hafi verið í gildri sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldabréfi nr. X. Hafi útgáfa skuldabréfs nr. Z, sem greiddi upp skuld A, verið henni til hagsbóta. Með útgáfu skuldabréfs nr. Z gerðist sóknaraðili skuldari en var ekki lengur ábyrgðarmaður á skuld annars aðila. Því hvíldi ekki sérstök skylda á forvera varnaraðila á þeim tímapunkti að leggja mat á greiðslugetu sóknaraðila fyrir útgáfu skuldabréfsins og kynna henni niðurstöður slíks mats, ólíkt því sem 10. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013 mæli nú fyrir um. Öðru máli gildir þó um stöðu veðsala.

Með vísan til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða bendir varnaraðili á að sóknaraðili sé útgefandi skuldabréfsins og bundin greiðsluskyldu þess. Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili engar forsendur vera til staðar til að leysa sóknaraðila undan greiðsluskyldu á skuldabréfi nr. Z.

Varðandi niðurfellingu veðsetningar á eignarhlut bræðra sóknaraðila, þá tekur varnaraðili fram að forvera varnaraðila hefði borið að kynna veðsalanum, móður sóknaraðila, niðurstöður greiðslumats á sóknaraðila áður en hún veitti leyfi til að

veðsetja jörðina B. Varnaraðili hafi ekki fundið merki þess að slíkt mat hafi verið framkvæmt.

Líkt og fram komi í gögnum málsins hafi veðsalinn nýverið látist og hafi þá jörðin fallið í jöfnum eignarhlutum til erfingja, þ.e. sóknaraðila og bræðra hennar. Sökum þess að ekki hafi fundist undirritað greiðslumat hafi varnaraðili tekið ákvörðun um að leysa eignarhluti bræðra sóknaraðila úr veðböndum. Ekki hafi verið fallist á að leysa eignarhlut sóknaraðila úr veðböndum enda hafi orðið samruni réttar og skyldu þegar sóknaraðila erfði eignarhlut í jörðinni og varð veðsali skuldabréfsins.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfum nr. X, útgefnu af A, til FF, og gildi skuldbindingar hennar samkvæmt skuldabréfi nr. Y, nú Z, útgefnu af sóknaraðila, til forvera varnaraðila, FF. Af kröfugerð og málalíbúnaði sóknaraðila er auk þess ljóst að hún gerir kröfu um afléttingu veðs fyrir síðarnefnda bréfinu af fasteigninni B. Hefur varnaraðili svarað þeirri kröfu í málalíbúnaði sínum og verður hún tekin fyrir í máli þessu, enda þótt setja hefði hana fram með skýrari hætti.

Óhjákvæmilegt er að hafna þeirri kröfu sóknaraðila að sjálfskuldarábyrgð hennar á skuldabréfi nr. X verði felld niður þar sem fyrir liggur að bréfið var að fullu greitt upp með síðara skuldabréfi og að varnaraðili gerir ekki fjárkröfur á grundvelli þessa skuldabréfs. Aðdragandi þess að ráðist var í útgáfu umrædds bréfs skiptir þó máli fyrir aðrar kröfur sóknaraðila.

Við útgáfu skuldabréfs nr. X þann 24. febrúar 1999 var í gildi samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998. Forveri varnaraðila, FF, var einn þessara banka og verður varnaraðili því talinn bundinn við efni þess. Með samkomulaginu voru settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum í þeim tilvikum er sjálfskuldarábyrgð var sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu.

Umrætt samkomulag tók meðal annars til þess þegar einstaklingur gekk í sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfaláni, sbr. 1. mgr. 2. gr. samkomulagsins. Í 2. mgr. 2. gr. samkomulagsins segir að með sjálfskuldarábyrgð í samkomulaginu sé átt við ábyrgð sem einstaklingur, ábyrgðarmaður, gengst í fyrir annan einstakling, greiðanda og er til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, s.s. láni eða úttekt með kreditkort. Þá segir í 4. mgr. 2. gr. samkomulagsins að það taki einnig til einfaldrar ábyrgðar sem og til þess er einstaklingur hefur gefið leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings.

Af orðalagi ákvæða samkomulagsins er ljóst að þau taka ekki til tilvika er einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir skuld fyrirtækis eða rekstraraðila, þar sem eingöngu er kveðið á um skuldir annarra einstaklinga. Því verður að telja að samkomulagið hafi ekki tekið til þess þegar sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð til handa A. Því var forvera varnaraðila ekki skylt á grundvelli samkomulagsins að greiðslumeta A og kynna sóknaraðila niðurstöðu slíks greiðslumats við útgáfu skuldabréfsins.

Af framangreindu leiðir að líta verði svo á að forveri varnaraðila hafi átt gilda kröfu á hendur sóknaraðila í ágúst 2003 og er óumdeilt að sú krafa var í vanskilum.

Hvað varðar skuldabréf nr. Y, nú Z, sem útgefið var af sóknaraðila, til FF, þann 15. ágúst 2003 og tryggt með 1. veðrétti í jörð móður sóknaraðila, er óumdeilt af aðilum málsins að forveri varnaraðila framkvæmdi ekki greiðslumat á greiðslugetu sóknaraðila fyrir útgáfu bréfsins. Það haggar hins vegar ekki til skyldu hennar til að

greiða bréfið, enda átti hún ekkert lögvarið tilkall til þess sjálf að vera greiðslumetin við þessa lántöku sína, sem framkvæmd var til að greiða upp gilda og gjaldfallna ábyrgðarskuldbindingu.

Við útgáfu skuldabréfs nr. Y var í gildi Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Samkvæmt 3. gr. þess er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert, þegar veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði engu að síður veitt, skal hann staðfesta það skriflega.

Samkvæmt þessu var forvera varnaraðila, FF, skylt að greiðslumeta sóknaraðila þegar jörð móður sóknaraðila var veðsett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nam meira en einni milljón króna. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort móðir sóknaraðila hefði eftir sem áður veðsett eign sína til tryggingar fyrir skuld sóknaraðila, eftir að hafa kynnt sér matið. Í ljósi þess verður að telja að veðsetning móður sóknaraðila, C, á jörðinni B, hafi verið ógildanleg á grundvelli 36. gr. samningalaga, enda hefði verið ósanngjarnt af varnaraðila að bera veðsetninguna fyrir sig gagnvart C.

Varnaraðili hefur nú þegar samkvæmt bréfi til sóknaraðila dags. 1. september 2014, leyst eignarhlut bræðra sóknaraðila úr veðböndum. Ágreiningur er um gildi veðréttarins í eignarhlut sóknaraðila,

Í fyrsta lagi ber varnaraðili því við að réttindi og skylda hafi fallið saman. Telja verður að þótt sóknaraðili sé bæði skuldari og veðþoli samkvæmt efni bréfsins þá feli það ekki í sér að réttindi og skyldur skuldara og veðsala samkvæmt skuldabréfinu séu þær sömu.

Sóknaraðili hefur gefið varnaraðila gilt loforð um að greiða umrætt skuldabréf og virðist óumdeilt að hún hefur hingað til staðið við það loforð. Hún hefur hins vegar aldrei veðsett eign sína til fullnustu skuldarinnar.

Fyrri eigandi eignarhlutans, móðir sóknaraðila, sem hún leiðir rétt sinn frá, setti eignarhlutann hins vegar að veði fyrir skuld sóknaraðila. Kemur hér að því álitamáli, hvort sóknaraðili geti krafist þess af varnaraðila að hann aflétti þeim veðréttindum með vísan til sanngirnissjónarmiða, sbr. 36. gr. samningalaganna, á þeim grundvelli að ekki hafi verið nægilega gætt að hagsmunum móður hennar sem veðsala.

Ekki verður fallist á þetta. Sóknaraðili er í skuld við varnaraðila. Ekki er ósanngjarnt að hann njóti veðréttar í eign hennar fyrir þeirri skuld, jafnvel þótt veðrétturinn sé til kominn með þeim hætti að ekki standist að fullu kröfur margnefnds samkomulags, en þeim reglum var ætlað að vernda hagsmuni þeirra sem settu eign sína að veði fyrir skuld þriðja manns.

Með hliðsjón af ofanrituðu verður kröfum sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 20. febrúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marellsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, fimmtudaginn 30. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Guðlaug B. Ólafsdóttir og Lilja Jensen.

Fyrir er tekið **mál nr. 98/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 30. september 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. 25. september 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 2. október 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 6. nóvember 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 17. nóvember 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 28. nóvember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar dags. 27. mars og 30. apríl 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 31. janúar 2002 gaf A út tryggingarbréf X (nú Y) til FF. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins hafa sóknaraðili og A verið í sambúð síðan árið 1998. Tryggingarbréfið var að höfuðstólsfjárhæð USD 85.000 og tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni að B. Í texta tryggingarbréfsins sagði: „*Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem ég og/eða [sóknaraðili], nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kunnum að skulda eða ábyrgjast...*“. A undirritaði tryggingarbréfið sem skuldari þess og sóknaraðili skrifaði nafn sitt á línu þar sem sagði: „*undirskrift maka skuldara*“. Undir þeim dálki var annar dálkur sem bar heitið „*VEÐHEIMILD*“, þar skrifaði A undir sem samþykkur veðsetningu sem þinglýstur eigandi og sóknaraðili á línu þar sem segir „*Samþ. maka þinglýsts eiganda*“.

A gaf út tryggingarbréf nr. Z til FF þann 20. febrúar 2004. Tryggingarbréfið var að höfuðstólsfjárhæð EUR 183.000 og tryggt með 6. veðrétti í fasteigninni að B 21. Í texta tryggingarbréfsins sagði: „*Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem ég og/eða [sóknaraðili], nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kunnum að skulda eða ábyrgjast...*“. A undirritaði tryggingarbréfið sem skuldari þess og sóknaraðili skrifaði á línu þar sem segir „*undirskrift maka skuldara*“.

Þann 21. september 2005 gaf A úr tryggingarbréf nr. Þ (nú Æ). Tryggingarbréfið var að höfuðstólsfjárhæð JPY 3.612.000 og var tryggt með 3. veðrétti í fasteigninni að B 21, 113 Reykjavík. A undirritaði tryggingarbréfið sem

skuldari þess og samþykkti veðsetninguna sem þinglýstur eigandi og sóknaraðili skrifaði á línu þar sem sagði: „*samþykki maka þinglýsts eiganda*“. Sóknaraðili skrifaði einnig undir línu þar sem sagði: „*samþykki maka skuldara*“

Þann 13. nóvember 2006 gaf A út tryggingarbréf nr. Ö til FF „*Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem ég hér eftir neðangreindur skuldari, nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kann/kunnum að skulda eða ábyrgjast [FF]*“. Tryggingarbréfið var að höfuðstólsfjárhæð JPY 7.000.000 og tryggt með 4. veðrétti í fasteigninni að B 21. A undirritaði tryggingarbréfið sem útgefandi og samþykkti veðsetninguna sem þinglýstur eigandi og sóknaraðili skrifaði undir línu þar sem sagði: „*samþykki maka útgefanda*“. Sóknaraðili skrifaði einnig undir línu þar sem sagði „*Samþykki maka þingl eiganda*“

Loks gaf A út veðskuldabréf nr. R (nú nr. S) þann 8. janúar 2008. Veðskuldabréfið var að höfuðstólsfjárhæð kr. 3.500.000, - og tryggt með 5. veðrétti í fasteigninni að B 21. A undirritaði veðskuldabréfið sem skuldari og sóknaraðili skrifaði undir línu þar sem sagði: „*samþykki maka skuldara*“. Ekkert var ritað í reiti þar sem gert var ráð fyrir sérstöku samþykki þinglesins eiganda og eftir atvikum maka hans.

Sóknaraðili fór þess á leit við varnaraðila með bréfi dagsettu 12. febrúar 2014 að varnaraðili tæki afstöðu til þess hvort hann teldi veðsetninguna ná til allrar eignarinnar að B 21 eða einungis eignarhluta A. Með bréfi varnaraðila dags. 16. september 2014 var kröfu sóknaraðila hafnað og áréttað að öll tryggingar- og skuldabréfin hvíldu áfram á allri eigninni að B 21. Áður hafði sóknaraðili borið sama erindi undir fyrri eiganda veðbréfanna, C, en C hafði hafnað því.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að veðsetningar á 50% eignarhluta hennar í fasteigninni B 21, 113 Reykjavík, teljist ógildar samkvæmt eftirfarandi tryggingarskjölum:

1. Samkvæmt tryggingarbréfi nr. X, dagsettu 31. janúar 2002, að fjárhæð USD 85.000 útgefnu af A til FF.
2. Samkvæmt tryggingarbréfi nr. Z, dagsettu 20. febrúar 2004, að fjárhæð EUR 183.000, útgefnu af A til handa FF.
3. Tryggingarbréf að fjárhæð JPY 3.612.000 gefið út hinn 21. september 2005 af A með 3. veðrétti í B 21, Reykjavík.
4. Samkvæmt tryggingarbréfi nr. Ö, dagsettu 13. nóvember 2006, að fjárhæð JPY 7.000.000, útgefnu af A til handa FF.
5. Samkvæmt veðskuldabréfi nr. R, dagsettu 8. janúar 2008, að fjárhæð 3.500.000 kr., útgefnu af A til handa FF.

Sóknaraðili krefst ógildingar á þeim grundvelli að ófrávíkjanleg skilyrði laga um þinglýsingar hafi ekki verið uppfyllt, en einnig á grundvelli þess að skilyrði um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 4. nóvember 2001 hafi ekki verið uppfyllt.

Sóknaraðili telur að við fyrrgreindar veðsetningar á eigninni að B 21, 113 Reykjavík, sem er að 50% hluta í eigu A og 50% hluta í eigu sóknaraðila, hafi FF (síðan C og nú varnaraðila) einungis öðlast veðrétt í eignarhluta A í eigninni þar sem ekki hafi verið uppfyllt meginregla þinglýsingalaga nr. 39/1978 um að sá einn geti ráðstafað eign með löggerningi sem til þess hafi þinglýsta heimild eða samþykki þess

er slíkrar heimildar nýtur, sbr. 24. og 25. gr. laganna. Með öðrum orðum telur sóknaraðili að ritun hennar á viðkomandi tryggingar- og veðskuldaskjöl hafi borið með sér að hún hafi eingöngu átt sem maki skuldara að samþykkja veðsetningu eignarinnar hvað eignarhluta A varðar, sbr. 60. og 64. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Samþykki sóknaraðila hafi hinsvegar skort fyrir veðsetningu hennar eignarhluta. Að mati sóknaraðila á framangreint við um öll fyrrgreind veðbréf, líkt og endurspeglit í undirritun þeirra sem og undirritun skilmálabreytinga vegna þeirra.

Sóknaraðili mótmælir þeirri málsástæðu varnaraðila að ákvæði hjúskaparlaga nr. 31/1993 hafi ekki þýðingu við úrlausn málsins. Sú lögvilla eða misskilningur sem starfsmenn forvera varnaraðila hafa búið yfir vegna hjúskaparstöðu sóknaraðila og skuldara, eða misskilningur þeirra með tilgang þess að afla undirritunar samþýlings á framangreind skjöl, geti með engum hætti gengið framur ákvæðum og efni tryggingar- og skuldabréfa í heild sinni né heldur orðið þess valdandi að undirritun sóknaraðila, í góðri trú, þess efnis að hún væri að samþykkja veðsetningu skuldara á sínum eignarhluta (þ.e. eignarhluta skuldara), valdi veðsetning á hennar eignarhluta í fasteigninni.

Sóknaraðili telur að önnur gögn þessa máls styðji enn fremur að FF, síðan C og nú varnaraðili hafi einungis öðlast veðrétt í eignarhluta A í eigninni þar sem FF, síðan C og nú varnaraðili hafi hvorki greiðslumetið A né uppfyllt önnur ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001, gagnvart sóknaraðila áður en gengið var frá veðsetningu skulda- og tryggingarskjala á fasteignina að B 21. Ekkert annað í síðari samskiptum aðila, sem eitthvað vægi hafði við mat á slíkri veðsetningu í ljósi málavaxta, bendi til annars en að veðsetningin hafi eingöngu tekið til eignarhluta A í fyrrnefndri fasteign.

Telur sóknaraðili að það beri að nefna í þessu samhengi að í tryggingarbréfum Ö og veðskuldabréfi R hafi verið sérstakur reitur þar sem þinglýstur eigandi gat skrifað undir. Þeir reitir séu auðir, en hæglega hefði verið hægt að óska eftir því að sóknaraðili skrifaði undir þá reiti og þannig gengið eftir því að varnaraðili eða forveri, fengi veð í hennar eignarhluta einnig. Sú staðreynd að það var ekki gert sýni svo ekki verði um villst að einungis hafi verið um veðsetningu á eignarhluta skuldara að ræða.

Í fyrsta lagi bendir sóknaraðili á að ekkert bendi til þess, eins og tryggingarskjöl er liggja til grundvallar veðsetningunum voru útfærð, að veðsetningarnar hafi átt að ná til annars hluta fasteignarinnar en hluta A. Skjölin hafi verið undirrituð af A og staðfesti hann veðsetninguna ýmist sem skuldari og/eða sem þinglýstur eigandi. Sóknaraðili hafi hvergi staðfest veðsetningu þeirrar fasteignar sem um ræðir með undirritun á þar til gerða staði þar sem stóð „*samþ. framangreinda veðsetningu sem þinglýstur eigandi*“. Slíkt samþykki fyrir veðsetningu eignarhluta sóknaraðila hefði hinsvegar verið nauðsynlegt skilyrði samkvæmt þeirri meginreglu þinglýsingarlaga nr. 39/1978 að sá einn geti ráðstafað eign með löggerningi sem til þess hafi þinglýsta heimild eða samþykki þess er slíkrar heimildar njóti, sbr. 24. gr. og 25. gr. laganna. Á hinn bóginn sé það þannig að í öllum veðskjölum segi að fullnægt hafi verið „*skilyrðum 64. gr., sbr. 60. gr., 1. nr. 31/1993 um heimild til veðsetningar án samþykkist maka*“. Nafn sóknaraðila hafi síðan verið ritað í þar til gerða reiti þar sem annars vegar hafi staðið „*undirskrift maka skuldara*“ og/eða í sumum tilvikum „*samþ. maka þinglýst eiganda*“. Með öðrum orðum telur sóknaraðili að ritun hennar á framangreind tryggingar- og veðskuldaskjöl hafi borið með sér að hún hafi átt sem maki skuldara að samþykkja veðsetningu eignarinnar hvað eignarhluta A varðaði, sbr. þá meginreglu sem tiltekin er í 60. gr. og 64. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, enda þótt sambúðarform A og sóknaraðila hafi ekki fallið undir þá reglu.

Framangreindri málsástæðu til stuðnings vísar sóknaraðili til nýlegs dóms Hæstaréttar Íslands nr. 345/2013. Sóknaraðili leggur áherslu á að í framangreindu máli hafi Hæstiréttur snúið við niðurstöðu héraðsdóms með skýrri tilvísun til framangreindrar meginreglu þinglýsingarlaga sem um er getið í 24. og 25. gr. þinglýsingarlaga. Sé rétt að vekja athygli á því að enda þótt að það hafi verið að finna tilvísun til orðsins „*heildareignin*“ í einu tryggingarbréfanna er liggja fyrir í máli þessu, þá verði að skoða það í ljósi framangreinds rökstuðnings Hæstaréttar, enda geti að mati Hæstaréttar Íslands slíkt orð eitt og sér í haus skjals aldrei gengið framar skýrri kröfu laga um skilyrði veðsetningar á fasteign.

Í öðru lagi bendir sóknaraðili að önnur gögn málsins veiti ekki heldur vísbendingu um að raunin hafi verið önnur en sú að A væri eingöngu að veðsetja sinn eignarhluta, þvert á móti, sbr. neðangreinda staflíði, a. til d.

- a) Aldrei hafi verið framkvæmt greiðslumat á A, sem hefði verið skilyrði ef meiningin væri sú að sóknaraðili væri jafnframt að veita veð í sínum eignarhluta í fasteigninni, sbr. 3. og 4. gr., sbr. og niðurlag 1. mgr. 2. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 4. nóvember 2001. Rétt sé að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða vegna skulda einstaklinga gerir ráð fyrir því að skuldari sé greiðslumetinn þótt maki veiti ábyrgð eða veð í eigin eign, sbr. 3. mgr. 3. gr. Það réttlæti ekki brot á skýrum ákvæðum samkomulagsins að sóknaraðili og A hafi verið í sambúð frá árinu 1998, enda hafi ekki verið gengið eftir því að sóknaraðili undanskildi FF frá skyldu til greiðslumats, líkt og heimild sé fyrir í samkomulaginu, ef ætlunin hafi verið að láta veðréttinn einnig ná til hennar eignarhluta.
- b) Ennfremur bendir sóknaraðili á að önnur ákvæði samkomulagsins um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns/veðsala áður en til skuldaábyrgðar eða veðsetningar er stofnað hafi heldur ekki uppfyllt, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Þannig hafa sóknaraðili ekki fengið afhentan upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar líkt og gerð er krafa um í 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins og hún hafi því ekki verið upplýst um það sem þar kom fram.
- c) Sóknaraðili bendir einnig á að við útgáfu A á þeim skuldabréfum sem féllu samkvæmt orðalagi tryggingarskjala nr. 3 og 4 undir þær veðsetningar sem þau tryggingarbréf útlistuðu, hafi ekki verið óskað eftir undirritun hennar til staðfestingar því að umræddar skuldir væru tryggðar með eignarhluta hennar í fasteigninni. Slíkt hefði hinsvegar verið eðlilegt og í samræmi við góða og heilbrigða viðskiptahætti, með vísan til þeirra meginreglna sem fram koma í samkomulaginu um notkun ábyrgða vegna skulda einstaklinga, ef meiningin væri að þau féllu undir veðrétt sem tæki til eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni.
- d) Loks bendir sóknaraðili á að undirritanir undir allar þrjár skilmálabreytingar á lánaskjölunum sem og öll afgreiðsla þeirrar skjalagerðar beri jafnframt með sér að einungis hafi verið tekið veð í eignarhluta A en ekki eignarhluta sóknaraðila. Að öðrum kosti hefði sóknaraðili sem veðsali vegna eigin hluta fasteignarinnar fengið tilkynningar um skilmálabreytingar á veðtryggðum skuldum og þá hefði undirritun hennar á skilmálabreytingar þeim til staðfestingar/samþykkis jafnframt verið skilyrði samkvæmt 2. mgr. 5. gr. fyrrnefndra reglna samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Hvort tveggja

hafi skort, tilkynningar um fyrirhugaðar skilmálabreytingar og að hún hefði verið beðin um eða verið fengin til að skrifa undir slíkar tilkynningar sem veðsali.

Sóknaraðili segir svo frá að snemma á árinu 2011 hafi henni að farið að berast tilkynningar þar sem hún var tilgreind sem ábyrgðarmaður, en þær tilkynningar virtust allar hafa verið sendar eftir að farið var í endurútreikning á öllum lánum í erlendra mynt tryggðum með veði í fasteign í kjölfar setningar breytingarlaga nr. 151/2010. Mótmælum við því að sóknaraðili væri ábyrgðarmaður hafi verið komið á framfæri við þjónustufulltrúa varnaraðila. Segja megi að sóknaraðila (sem og A) hafi fyrst verið greint frá því á árinu 2011 að varnaraðili liti svo á að sóknaraðili væri veðsali í máli þessu. Hafi það verið með greiðsluáskorun dags. 6. október 2011. Í framhaldi af því hafi sóknaraðili mótmælt þessari afstöðu og hafi verið sett fram fyrirspurn af hálfu Ragnars Þ. Jónssonar hrl. hinn 30. desember 2011 um álit starfsmanna C á umfangi veðréttarins. Svar hafi borist frá starfsmanni C hinn 18. janúar 2012 um að talið væri að veðsetningin næði til allrar eignarinnar eins og sagði í tölvupóstinum. Þeirri afstöðu hafi verið mótmælt.

Ekki hafi náðst nein lending í þessum viðræðum A og C. Í kjölfarið hafi sóknaraðila borist fjölmargar tilkynningar þar sem henni var tilkynnt að hún væri ábyrgðarmaður/veðsali vegna skulda sem komnar væru í vanskil.

Í svari C með tölvupósti dagsettum 6. september sl. þar sem því var aftur hafnað að veðrétturinn taki eingöngu til eignarhluta A, hafi verið vísað til dóms Hæstaréttar Íslands nr. 162/2009, en í svarinu segi: „*Með vísan til dóms Hæstaréttar nr. 162/2009 verður ekki séð af trygginga- og veðskuldabréfunum að veðsetningin eigi eingöngu að ná til eignarhluta [A]*“.. Sóknaraðili telur framangreindan dóm ekki eiga við sem fordæmi í máli þessu af ýmsum ástæðum. Sem dæmi nefni hún að í því máli hafi héraðsdómur lagt mest upp úr því að í umræddu skuldaskjali væri vísað til eignarinnar í heild sinni. Slík tilvísun eigi bara við í einu skuldaskjalanna í þessu máli. Með dómi nr. 345/2013, sbr. framangreind orðrétt tilvísun, hafi því síðan verið svarað svo til að slík tilgreining gæti ekki gengið framur formreglum laga um þinglýsingar. Í öðru lagi liggi líka fyrir að ekki hafi reynt á ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða vegna skulda einstaklinga í málinu enda um að ræða meint veð í fasteign til tryggingar á skuld fyrirtækis, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Af framangreindum tveimur ástæðum eingöngu leiði að beinlínis verði, að mati sóknaraðila, að virða framangreindan dóm að vettugi við mat á því hvornig beri að leysa úr ágreiningi þessum.

Sóknaraðili bendir á að þau lán sem hér um ræðir námu samtals u.þ.b. 32 milljónum króna þegar fjárhæðir hvers og eins láns hafi verið lagðar saman miðað við þá daga sem þau voru greidd út. Hvert og eitt lán hafi því ekki numið hárrí fjárhæð á þeim tíma og að þær hafi rúmast, hver um sig og að samtölu, vel innan eignarhluta A í eigninni. Það kunni að skýra af hverju gengið hafi verið þannig frá framangreindum lánveitingum að þær tækju eingöngu til eignarhluta skuldara sjálfs. Þá megi efast um að kerfi FF á sínum tíma hafi boðið upp á að hægt væri að skrá veðsetningu að hluta inni viðkomandi skjalaform og því hafi því verið sleppt með vísan til framangreindra sjónarmiða, það er að veðrétturinn hafi hvort eð er augljóslega bara náð til eignarhluta A.

Sóknaraðili áréttar að það hafi margítrekað verið afstaða dómstóla undanfarin áratug, með vísan til 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem og 30. og 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, að fella skuli brott ábyrgð eða veðtryggingu, hafi ákvæðum samkomulagsins ekki verið fylgt eftir, þótt efast

megi um að finna megi mál þar sem ákvæðum samkomulagsins séu virt jafn mikið að vettugi og hér ræðir, það er að segja ef það á annað borð var einfaldlega ekki vilji lánveitanda frá upphafi að láta veðin eingöngu ná til 50% eignarhluta A í eigninni.

Vísar sóknaraðili auk laga um þinglýsingar nr. 39/1978 og samkomulags um notkun ábyrgða vegna skulda einstaklinga frá 2001, til laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn eftir því sem við á, ákvæða 30. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningagerð, umboð og ógilda löggerninga, 6. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán, 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 9. gr. laga nr. 575/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá vísar hún til tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins um óréttmæta skilmála í neytendasamningum frá 3. apríl 1993.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðallega á því að efni undirskriftarlínanna á ofangreindum tryggingar- og veðskuldabréfum bendi afdráttarlaust til þess að sóknaraðili hafi ætlað sér að veðsetja alla fasteignina til tryggingar þeim skuldum sem hvíla að baki skjölunum. Í því samhengi verði að skoða lögskipti sóknaraðila og forvera varnaraðila í heild sinni og virða efni skulda- og tryggingarskjalanna framfar formi þeirra. Þá byggir varnaraðili jafnframt á því að ákvæði hjúskaparlaga nr. 31/1993 hafi ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins. Þá telur varnaraðili sig ekki hafa vanrækt skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sem tók gildi 1. nóvember 2001.

a) Tryggingarbréf nr. Y (áður X) og Z

Varnaraðili bendir á að tryggingarbréf nr. Y hafi verið fyrsta tryggingarbréfið sem gefið var út af A og sóknaraðila til FF og varði þau lögskipti sem deilt er um í máli þessu. Að mati varnaraðila sé efni þess alveg skýrt hvað varðar áætlun og vilja sóknaraðila til þess að setja sinn eignarhluta í fasteigninni B 21 að veði til tryggingar þeim skuldbindingum sem tryggingarbréfinu var ætlað að tryggja.

Af efni tryggingarbréfsins hafi í fyrsta lagi mátt ráða að það sé allsherjarveð sem standi til tryggingar skuldum beggja aðila, þ.e. A og sóknaraðila, enda segi í texta þess: „*til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu sem ég og/eða [sóknaraðili]...*“. Undir bréfið skrifaði sóknaraðili, bæði á línu sem sagði „*undirskrift maka skuldara,*“ og línu þar sem sagði „*samb. maka þinglýsts eigenda*“. Þegar efni tryggingarbréfsins sé virt í heild, það er að það standi til tryggingar bæði skuldum A og sóknaraðila, auk þess sem sóknaraðili hafi skrifað undir samþykki veðsetningar á tveimur stöðum í tryggingarbréfinu telur varnaraðila óumdeilt að veðréttur samkvæmt tryggingarbréfinu nái til allrar eignarinnar en takmarkist ekki við eignarhlut A.

Þá bendir varnaraðili á að efni tryggingarbréfs nr. Z sé eins og tryggingarbréfs Y, að því undanskildu að sóknaraðili hafi einungis einu sinni skrifað undir það. Að öðru leyti sé texti þess sambærilegur og í tryggingarbréfi nr. Y, þ.e. um er að ræða allsherjarveð og það stendur til tryggingar skuldum og skuldbindingum sóknaraðila og A. Af efni tryggingarbréfsins leiði að veðréttur varnaraðila í B 21 eigi að ná til allrar fasteignarinnar en ekki takmarkast við 50% eignarhlut A.

Þegar efni og framsetning tryggingarbréfa nr. Y og Z sé virt í heild verði að telja að önnur túlkun og fylling á efni tryggingarbréfanna, en sú að eignarhlutur sóknaraðila sé einnig veðsettur til tryggingar undirliggjandi skuldum, myndi skjóta skökku við.

Þá byggir varnaraðili jafnframt á því að sérgreining veðandlagsins á tryggingarbréfum nr. Y og Z sé afar skýr, en það segi til dæmis á tryggingarbréfi nr. Z að veðið sé B 21, Reykjavík, heildareignin. Með hliðsjón af framangreindu verði að telja að gera hefði mátt þá lágmarkskröfu til sóknaraðila að hún gerði skýran fyrirvara við undirritanir sínar á tryggingarbréfunum ef hún ætlaði eingöngu að samþykkja veðsetningu eignarinnar sem maki A. Með hliðsjón af framangreindu telur varnaraðili hafið yfir vafa að sóknaraðili hafi með undirritunum sínum á tryggingarbréfin samþykkt veðsetningu eignarhluta síns í B 21, 113 Reykjavík, sbr. 24. og 25. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Um gildi fyrirvaralausrar undirritunar í þessu samhengi vísast m.a. til dóms Hæstaréttar 17. desember 2009 í máli nr. 162/2009.

Þá mótmælir varnaraðili málsástæðum sóknaraðila um að veðsetning hafi verið samþykkt líkt og að um hjúskaparmaka, sbr. 60. og 64. gr. hjl, væri að ræða, enda segi skýrum stöfum á tryggingarbréfi nr. Ö: „*Fullnægt er skilyrðum 64. gr., sbr. 60. gr. l. nr. 31/1993 um heimild til veðsetningar án samþykkis maka.*” Vandséð sé hvaða tilgangi undirritun sóknaraðila á tryggingarbréfin sem hjúskaparmaka hefði þjónað, enda liggi fyrir að aðilarnir voru ekki í hjúskap og því engin þörf á að afla slíks samþykkis.

Hvað varðar málsástæður sóknaraðila sem lúta að skyldu til greiðslumats og vanefnda á þeim byggir varnaraðila á því að við útgáfu tryggingarbréfa nr. Y og Z hafi varnaraðila verið óskyldt að framkvæma mat á greiðslugetu A áður en leyfi til veðsetningar var veitt. Byggir varnaraðili á því að tryggingarbréfið hafi staðið til tryggingar skuldbindingum sóknaraðila og A við varnaraðila og þar af leiðandi hafi veðsetning fasteignar, þar með talið eignarhluta sóknaraðila verið henni til hagsbóta. Af þessum sökum hafnar varnaraðili því að honum hafi borið að framkvæma greiðslumat á A við útgáfu tryggingarbréfanna og afhenda sóknaraðila bækling um ábyrgðir og lánsveð. Varnaraðili fái því ekki séð að uppi séu aðstæður sem gefi tilefni til að ógilda veðsetninguna, sbr. 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936.

b) Tryggingarbréf nr. Æ (áður Þ) og Ö.

Hvað varðar tryggingarbréf nr. Æ og Ö og útgáfu þeirra þá vísar varnaraðili til þess að efni þeirra sé ólíkt tryggingarbréfum nr. Y og Z á þann hátt að þau standi einungis til tryggingar á skuldum og skuldbindingum A við varnaraðila og forvera hans.

Sóknaraðili hafi á hinn bóginn ritað tvisvar undir bæði tryggingarbréf nr. Æ og Ö á þar til gerðar línu þar sem sagði „*samþykki maka útgefanda*“ og aðra línu þar sem sagði „*samþykki maka þinglýst eiganda*“.

Varnaraðili bendir á að í báðum tryggingarbréfum hafi verið skýr fyrirvari fyrir ofan þá dálka sem sóknaraðili undirritaði, en þar sagði: „*Ég undirritaður hef kynnt mér efni tryggingarbréfsins og geri mér grein fyrir í hverju ábyrgð mín er fólgin og tel hana samrýmast greiðslugetu minni. Jafnframt hef ég kynnt mér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001.*” Þá hafi staðið með stórum stöfum fyrir ofan reitina „*VEDHEIMILD*“. Óljóst sé hvaða tilgangi slík yfirlýsing undir reiti með slíku heiti hafi átt að þjóna ef það væri ekki til að þess að tryggja samþykki veðsala fyrir veðsetningunni. Því telur varnaraðili að vilji og tilgangur sóknaraðila til að veðsetja sinn eignarhlut í fasteigninni hafi verið skýr og afdráttarlaus.

Varnaraðili byggir á að með undirritun á þar til gerðar línur undir þessum skýra fyrirvara sé hafið yfir vafa að sóknaraðili hafi ritað undir tryggingarbréfin sem veðsali. Öllum málsástæðum sóknaraðila um að veðsetning hafi verið samþykkt líkt

og að um hjúskaparmaka, sbr. 60. og 64. gr. hjl. væri að ræða er mótmælt, enda segir skýrum stöfum á tryggingarbréfi nr. Ö: „*Fullnægt er skilyrðum 64. gr., sbr. 60. gr. l. nr. 31/1993 um heimild til veðsetningar án samþykkis maka.*“ Vandséð sé hvaða tilgangi undirritun sóknaraðila á tryggingarbréfin sem hjúskaparmaka hefði þjónað, enda liggja fyrir að aðilarnir voru ekki í hjúskap og því engin þörf á að afla slíks samþykkis. Því telur varnaraðili þá málsástæðu sóknaraðila haldlausa.

Varnaraðili mótmælir jafnframt þeim málsástæðum sóknaraðila að varnaraðili hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Byggi sóknaraðili á því að ekki hafi verið framkvæmt mat á greiðslugetu sóknaraðila og þá hafi sóknaraðili ekki fengið afhentan upplýsingabækling um ábyrgðir og lánsveð. Þeim fullyrðingum er harðlega mótmælt, enda hafi sóknaraðili undirritað mjög skýrar yfirlýsingar á tryggingarbréfum þess efnis að hún hefði kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgð og efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Í bæklingnum hafi komið fram að varnaraðila hafi borið að greiðslumeta skuldara og kynna ábyrgðarmanni eða veðsala niðurstöðu slíks mats. Varnaraðili bendir á að við afhendingu bæklingssins hafi það verið undir sóknaraðila komið að óska þess að sjá greiðslumat sem hefði verið framkvæmt á A. Verði sóknaraðili að bera hallann af því að hafa ekki óskað þess að fá kynningu á niðurstöðum þess. Vísar varnaraðili til dóma Hæstaréttar í málum 575/2012 og 749/2013 í þessu samhengi, en í málum réttarins hafi komið skýrt fram að ábyrgðarmenn eða veðsalar sem hafa fengið upplýsingabækling um ábyrgðir og lánsveð verði að bera hallann af því að óska ekki eftir að kynna sér niðurstöður greiðslumats. Telur varnaraðili framangreind fordæmi eigi við fullu fetum í máli þessu og sóknaraðili verði að bera hallann af því að hafa ekki óskað eftir að fá að kynna sér niðurstöður greiðslumats líkt og kom fram í upplýsingabæklingnum að henni hafi verið heimilt að gera. Jafnframt telur varnaraðili ekkert fram komið í málinu sem bendi til þess að slík kynning hefði haft nokkur áhrif á þá ákvörðun sóknaraðila að veita veðleyfið og mótmælir því að nokkrar aðstæður séu uppi í málinu til að ógilda veðsetningu eignarhluta sóknaraðila skv. tryggingarbréfum nr. Æ og Ö.

c) Skuldabréf S (áður R)

Skuldabréf S hafi verið gefið út af A þann 8. janúar 2008 og sóknaraðili ritað undir skuldabréfið á línu þar sem sagði: „*samþykki maka skuldara*“. Ljóst sé að mati varnaraðila að sóknaraðili undirritaði skuldabréfið ekki á þar til gerða reiti undir hinum skýra fyrirvara þar sem fram kom að viðkomandi hafði mótttekið og kynnt sér bækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þó fallast megi á með sóknaraðila að frágangur skuldabréfsins hefði getað verið vandaðri þá telur varnaraðili það ekki hafa slík áhrif að veðsetning eignarhluta sóknaraðila sé ógild. Byggir varnaraðili í fyrsta lagi á því sem áður hefur komið fram, að þrátt fyrir að sóknaraðili hafi undirritað á línu þar sem segir „*Samþykki maka skuldara*“ þá hafi aðilar ekki á neinum tímapunkti verið í hjúskap og því með öllu óþarft að sækja samþykki sóknaraðila sem hjúskaparmaka, sbr. 60. og 64. gr. hjl. Því verði undirritun sóknaraðila ekki túlkuð á annan veg en hún hafi verið að samþykkja veðsetningu síns eignarhluta samkvæmt skuldabréfinu.

Þá telur varnaraðili það jafnframt ekki koma að sök þótt skuldabréfið beri ekki með sér að sóknaraðili hafi ekki fengið afhentan upplýsingabækling um ábyrgðir þar sem hún hafi áður veitt leyfi til veðsetningar á fasteign sinni samkvæmt áðurnefndum tryggingarbréfum. Því telur varnaraðili að líta megi svo á að sóknaraðili hafi undanþegið A greiðslumati við útgáfu tryggingarbréfs, sbr. 3. mgr. 3. gr.

samkomulagsins frá 2001. Vísar varnaraðili einnig til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 760/2013 í þessu samhengi.

d) Dómur Hæstaréttar nr. 345/2013

Varnaraðili hafnar því að þetta mál hafi fordæmisgildi við úrlausn þessa máls enda fjölmargt ólíkt með aðstæðum aðila.

Í forsendum réttarins segi: „*Nafnritun sóknaraðila á skuldabréfið kom þrátt fyrir það ekki fram í þar til gerðum reit um samþykki þinglýst eiganda heldur einungis í reitum fyrir samþykki maka skuldara og maka þinglýsts eiganda. Samkvæmt þessu ber nafnritun sóknaraðila á veðskuldabréfið ekki með sér að hún hafi samþykkt veðsetningu síns eignarhluta og önnur gögn málsins veita heldur ekki vísbendingu um að sú hafi verið ætlunin.*“

Varnaraðili byggir á, líkt og aðstæður í þessu máli gefi eindregið til kynna, að öll gögn og staðreyndir málsins bendi til þess að ætlun sóknaraðila hafi verið að veita veðrétt í eignarhluta sínum í fasteigninni. Vísar hann í því samhengi meðal annars sérstaklega til þess að tryggingarbréf nr. Y og Z standi til tryggingar skuldum sóknaraðila og hafi sóknaraðili ítrekað og athugasemdalaust ritað undir tryggingarbréfin. Þegar og af þeirri ástæðu telur varnaraðili að fordæmi Hæstaréttar eigi ekki við í þessu máli.

Varnaraðili bendir jafnframt á að í dómi Hæstaréttar nr. 345/2013 hafi aðilar, veðsalinn og makinn, verið í hjúskap og því hafi rétturinn litið svo á að makinn hefði einungis samþykkt veðsetninguna sem maki, sbr. 60. og 64. gr. hjl. Í þessu máli liggi hinsvegar fyrir að sóknaraðili og A voru ekki í hjúskap og varnaraðila því óþarft að sækja slíkt samþykki. Ónákvæmni í undirritunarlínu varnaraðila í þessu máli geti ekki haft sömu réttaráhrif og í dómi nr. 345/2013 enda hafi aðilar ekki verið í hjúskap. Því hafni varnaraðili að dómur Hæstaréttar í máli 345/2013 hafi nokkuð fordæmisgildi í máli þessu.

e) Aðrar málsástæður sóknaraðila

Varnaraðili mótmælir því að skilmálabreytingar á skuldabréfum útgefnum af A einum og án beins veðs í B 21, sem ekki voru samþykktar af sóknaraðila, hafi nokkurt gildi í þessu máli. Þar sem skuldabréfin hafi ekki verið tryggð með beinu veði í B hafi varnaraðila ekki á neinum tímapunkti verið skylt að kynna sóknaraðila um þær skilmálabreytingar.

Loks mótmælir varnaraðili öllum vangaveltum sóknaraðila um að skuldir A við forvera varnaraðila hafi verið vel tryggðar og rúmast innan hans eignarhluta þegar lánin voru veitt og að slíkt gefi til kynna að veðrétturinn hafi eingöngu átt að ná til eignarhluta A. Bendir varnaraðili á að það sé meginregla í allri útlánastarfsemi að útlán séu vel tryggð og þá þurfi einnig að hafa í huga að umrædd skulda- og tryggingarskjöl voru í erlendum myntum og því var hætt við að óvæntar gengissveiflur gætu haft mikil áhrif á tryggingarþekjuna.

Varnaraðili bendir á að forveri sinn og upphaflegur kröfuhafi skjalanna hafi átt fjölmörg stöðluð skjöl í fórum sínum, meðal annars tryggingarskjöl líkt og þau sem deilt er um í þessu máli. Tilvísun til 60. og 64. gr. hjúskaparlaga á skjölunum breyti engu um það að sóknaraðila var ekki skylt að undirrita skjölin sem hjúskaparmaki, heldur var óskað undirritunar sóknaraðila á skjölin sem veðsala.

Af öllu ofangreindu virtu krefst varnaraðili að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar í 50% hluta fasteignar sóknaraðila. Verður að skilja kröfu sóknaraðila svo að krafist sé viðurkenningar á því að veðsetningarnar nái ekki til hennar eignarhluta í fasteigninni. Varðandi hvert veðbréf þarf bæði að skoða hvort fallast beri á þá málsástæðu sóknaraðila að veðsetningin hafi frá öndverðu ekki náð til eignarhluta hennar, en að því frágengnu, hvort meint vanhöld lánveitandans á skuldbindingum sínum samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, leiði til þess að veðrétturinn verði ógiltur. Samkomulag þetta var undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. Upphaflegur rétthafi hinna umdeildu veðbréfa var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðila í máli þessu rétt sinn frá því félagi. Lánveitanda bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við sparisjóðinn, sbr. dóm Hæstaréttar í máli 169/2012. Umrætt samkomulag tekur meðal annars til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins.

Verður fyrst tekin afstaða til gildis tryggingarbréfa nr. Y (áður X) og Z.

Við mat á því hvort fyrir liggja nægilega skýr heimild sóknaraðila til veðsetningar á eign sinni telur nefndin rétt að líta mjög til þeirrar forsagnar sem finna má í dómi Hæstaréttar í máli 345/2013. Í samræmi við þann dóm verður talið að nafnritanir sóknaraðila á tryggingabréf þessi beri ekki skýrlega með sér slíka heimild. Þarf þá að meta hvort önnur gögn veiti vísbendingu um að sú hafi verið ætlunin. Verður ekki litið fram hjá því að formið sem bréfin eru rituð á gerir aðeins ráð fyrir að um sé að ræða einn skuldara/útgefanda og aðeins einn veðsala. Þrátt fyrir þetta tryggja umrædd veðtryggingabréf allar skuldir bæði sóknaraðila og A og eignin sem sett er að veði er sameiginleg eign þeirra beggja, en óumdeilt er að þau voru og eru í sambúð. Skiptir í þessu samhengi ekki máli hvernig síðari lánaviðskiptum hvors um sig var í framhaldinu háttað, enda útilokað að það hafi legið fyrir við útgáfu tryggingabréfsins. Hlaut sóknaraðili að gera ráð fyrir því að tryggingarbréf í hennar eigin húsi fyrir hennar eigin skuldum næði einnig til hennar eignarhluta í húsinu, nema annað kæmi skýrlega fram.

Með því að litið er svo á að þessi tryggingabréf hafi verið gefin út til hagsbóta fyrir þau bæði sameiginlega er útilokað að varnaraðila verði gert að sæta ógildingu á veðrétti sínum í eignarhluta sóknaraðila á þeim grundvelli að ekki hafi verið gætt að þeim ákvæðum fyrrgreinds samkomulags sem vörðuðu skyldu til greiðslumats við veðsetningu fyrir skuldum annars einstaklings.

Að öllu þessu athuguðu verður kröfum sóknaraðila um ógildingu veðsetningar á 50% eignarhluta hennar samkvæmt tryggingarbréfi nr. X, og tryggingarbréfi nr. Z, hafnað.

Verður þessu næst vikið að tryggingarbréfum nr. Æ (áður Þ) og Ö.

Eins og rakið er í atvikalýsingu bera nafnritanir sóknaraðila á tryggingabréf þessi ekki skýrlega með sér heimild til veðsetningar á eignarhlut hennar. Bréf þessi voru eingöngu til tryggingar á skuldum A við FF. Þótt sú málsástæða varnaraðila sé út af fyrir sig réttmæt að ekki var nein lögbundin þörf til þess að afla undirskriftar sóknaraðila á bréf þessi ef hún ætlaði alls ekki að veðsetja sinn eignarhlut, þá verður að líta til þess að það var lánveitandinn sem var einráður um form bréfanna og má ætla að mat hans hafi ráðið því að sóknaraðili var fengin til að skrifa undir bréfin. Skiptir þá ekki miklu, hvort það var vegna þess að starfsmenn lánveitandans töldu

ranglega að þannig fengist veðréttur í allri eigninni eða að það væri skylt vegna stöðu sóknaraðila sem sambýliskonu. Telur nefndin að meta verði þessi bréf samkvæmt efni sínu og að ekki sé unnt að reisa veðrétt í eign sóknaraðila, samkvæmt þeim, eingöngu á því að sóknaraðili telst áður hafa veðsett eignarhlutann fyrir eigin skuldum með nokkuð óvönduðum veðskjölum. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um að veðrétturinn samkvæmt þessum bréfum nái ekki til hennar eignarhluta.

Þá skal áréttað að veðréttindi þannig fengin væru einnig ógildanleg samkvæmt 36. gr. samningalaga þar sem ekkert greiðslumat virðist hafa verið gert við umrædda lánveitingu og FF þannig hunsað með öllu skyldur sínar samkvæmt 3. og 4. gr. áðurnefnds samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga til að gera og kynna greiðslumat á skuldara. Í 3. gr. er kveðið á um skyldu til að gera greiðslumat þegar veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu í þágu annars einstaklings. Í 4. gr. áðurnefnds samkomulags segir m.a. að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gangist í ábyrgðina. Er óumdeilt að ekkert greiðslumat var framkvæmt og verður varnaraðili að bera hallann af því og þar með hallann af því að ekkert liggur fyrir um hver niðurstaða greiðslumats hefði orðið eða hvort sóknaraðili hefði viljað veðsetja eign sína að fengnu greiðslumati. Eru tilvísanir varnaraðila til dóma Hæstaréttar í málum nr. 575/2012 og 749/2013 í þessu samhengi haldlaugar, enda hafði greiðslumat verið gert í báðum þessum málum.

Verður þá að lokum vikið að skuldabréfi nr. S (áður R). Með vísan til framangreindra röksemda varðandi veðtryggingabréf nr. Æ og Ö verður fallist á kröfur sóknaraðila varðandi veðskuldabréf þetta. Hvorki liggur skýrlega fyrir að sóknaraðili hafi veitt veðréttindi í eign sinni fyrir þessu bréfi með undirritun sinni á það, né hefur nokkuð verið fært fram um að lánveitandinn hafi gert minnsta reka að því að efna skuldbindingar sínar gagnvart sóknaraðila sem veðsala við útgáfu bréfsins. Var umrædd veðsetning í eignarhluta sóknaraðila því ógild.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, um að veðsetning á 50% eignarhluta hennar í fasteigninni að B 21, 113 Reykjavík samkvæmt veðtryggingarbréfi nr. Y (áður nr. X) og veðtryggingarbréfi nr. Z verði ógilt, er hafnað.

Veðsetning á fasteigninni að B 21, 113 Reykjavík samkvæmt veðtryggingarbréfi nr. Æ (áður nr. Þ), veðtryggingarbréfi nr. Ö og veðskuldabréfi nr. S (áður nr. R), nær ekki til 50% eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni.

Reykjavík, 20. mars 2015

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Lilja Jensen

Ár 2015, föstudaginn 13. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 100/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 7. október 2014, með kvörtun sóknaraðila. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 9. október 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 31. október 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 3. nóvember 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með tölvupósti dags. 16. nóvember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 13. febrúar 2015.

II.

Málsatvik.

Með bréfi, dags. 29. ágúst 2014, tilkynnti varnaraðili sóknaraðila um leiðréttan endurútreikning á bílaláni nr. X, sem sóknaraðili var skuldari að hjá FF og var greitt upp þann 19. febrúar 2010. Áður hafði FF endurreiknað lán sóknaraðila í kjölfar dóma sem gengu í Hæstarétti á árinu 2010 og í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2010 sem m.a. breyttu ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málum 600/2011, 464/2012 og 50/2013 leiðrétti varnaraðili endurútreikninginn. Nam inneign eftir leiðréttingu kr. 1.535.583. Í bréfinu lýsti varnaraðili yfir skuldajöfnuði inneignar á móti vanskilum á skuldabréfi nr. Y, sem var útgefið hinn 21. maí 2007 af sóknaraðila til B, upphaflega að fjárhæð kr. 1.500.000, og tryggt með sjálfskuldarábyrgð C. Staða skuldabréfsins þann 29. ágúst 2014 var kr. 1.929.262.

III.

Umkvörtunarefni.

Undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Samráð um skuldajöfnun á móti vanskilum á láni.*“

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi tekið einhliða ákvörðun um ráðstöfun á inneign hennar eftir að leiðrétting á láni lá fyrir. Telur hún að varnaraðila

hafi borið að hafa samráð við hana um inneignina og hvernig henni yrði skuldajafnað og telur hún að hann hafi ekki veitt henni þá ráðgjöf né aðstoð sem honum bar.

Sóknaraðili mótmælir frávísunarkröfum varnaraðila á grundvelli 5. og 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti með fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000 og bendir á að hún hafi talað við þjónustufulltrúa hjá bankanum og óskað eftir því við hann að endurgreiðslan yrði notuð til þess að greiða upp annað bílalán sem var hjá bankanum. Þeirri fyrirspurn hafi ekki verið svarað af varnaraðila og því hafi sóknaraðili afráðið að fara með málið fyrir úrskurðarnefndina.

Sóknaraðili mótmælir því enn frekar að krafa hennar sé svo óskýr að hún uppfylli ekki 6. gr. samþykktanna og kveður hana skýra og að hún þurfi ekki lagatilvísanir til. Sóknaraðili óski eftir því að varnaraðili ráðstafi ekki peningum sem hann á ekkert í. Ekki sé óskað eftir því að varnaraðili skili peningunum heldur ráðstafi þeim í samráði við sóknaraðila og að það sé gert með hagsmunum beggja aðila að leiðarljósi. Telur hún ennfremur eðlilegt að peningar sem endurgreiddir hafi verið vegna bílaláns verði notaðir til að greiða upp bílalán.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili krefst þess að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, sbr. 5. og 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000. Samkvæmt umræddri 5. gr. er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki að fjármálafyrirtæki hafni kröfu viðskiptamanns. Framlögð gögn sóknaraðila sanni ekki að hún hafi beint kröfum sínum að varnaraðila og þeim verið hafnað.

Varnaraðili bendir á að í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er kveðið á um hvers konar mál nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið greinarinnar fjallar nefndin ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Í kröfugerð sóknaraðila segi aðeins: „*Samráð um skuldajöfnun á móti vanskilum á láni.*” Að mati varnaraðila er kröfugerð sóknaraðila svo óskýr að hún er ekki tæk til úrskurðar og málsatvik illa upplýst. Engar lagatilvísanir eða málsástæður eru til stuðnings kröfu sóknaraðila og því ómögulegt fyrir varnaraðila að taka til varna í málinu. Einnig sé kröfugerðin það óskýr að úrskurðarnefndin getur ekki orðað niðurstöðu sína í samræmi við hana. Að mati varnaraðila eru því skilyrði ákvæðis 1. málsl. e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina uppfyllt í málinu.

Fallist nefndin ekki á frávísun málsins krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Í kvörtuninni sé tekið fram að sóknaraðili sé í greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara en sóknaraðili hafi fengið heimild til greiðsluaðlögunar samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga þann 30. apríl sl. Í kvörtuninni komi jafnframt fram að varnaraðili taki einhliða ákvörðun um ráðstöfun á inneign eftir leiðréttingu endurútreiknings láns, en sóknaraðili telji að varnaraðili eigi að hafa samráð við sig varðandi ráðstöfun inneignarinnar.

Um skuldajafnaðarrétt sinn vísar varnaraðili til almennra reglna kröfuréttar um skuldajöfnuð. Svo annar aðili skuldarsambands geti krafist skuldajafnaðar þurfi tilteknum skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi þarf aðalkrafan og gagnkrafan að vera gagnkvæmar, þ.e. að vera á milli sömu aðila. Í öðru lagi þurfa þær að vera

sambærilegar, þ.e. um sömu tegundarákveðnu greiðsluna. Í þriðja lagi þurfa þær að vera hæfar til að mætast hvað greiðslutíma varðar. Loks þarf gagnkrafan að vera lögvarin krafa. Varnaraðili telur einsýnt að framangreind skilyrði séu uppfyllt í málinu að því er varðar kröfu varnaraðila um greiðslu samkvæmt skuldabréfi nr. Y og endurgreiðslukröfu sóknaraðila. Ekki skiptir máli þótt skuldajafnaðarréttur fjármálafyrirtækja gagnvart viðskiptamönnum sínum sé almennt háður verulegum takmörkunum í samræmi við það hlutverk sem fjármálafyrirtækja að taka að sér vörslur fjármuna fyrir viðskiptamenn sína, enda eigi slík sjónarmið ekki við um kröfu viðskiptamanns um útgreiðslu fjár vegna endurútreiknings á láni á sama tíma og hann skuldar sama fjármálafyrirtæki gjaldfallnar peningakröfur, sbr. úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í málum nr. 83/2013 og 2/2014 og dóm héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. september 2014 í máli nr. E-26/2014.

Um skuldajafnaðarrétt sinn vísar varnaraðili einnig til d-liðar 1.mgr. 3. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga en sóknaraðili fékk heimild til greiðsluaðlögunar samkvæmt lögnum þann 30. apríl sl. Samkvæmt framangreindu ákvæði laganna falla kröfur sem fullnægt yrði með skuldajöfnuði ef bú skuldara hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta ekki undir greiðsluaðlögun. Líkt og fram kemur í umfjöllun um umrædda grein í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 101/2010 getur kröfuhafi sem á kröfu á skuldara og skuldar honum jafnframt dregið skuld sína frá kröfunni hafi hann eignast kröfuna þremur mánuðum áður en umsókn til greiðsluaðlögunar var tekin til greina, hafi hann hvorki vitað né mátt vita að skuldari átti ekki fyrir skuldum og hafi hann ekki fengið kröfuna til þess eins að skuldajafna. Í greinargerðinni segir síðan: „Þó ber að hafa í huga að þegar frestun greiðslna skv. 11. gr. er komin á er lánadrottnum óheimilt að skuldajafna kröfu skuldarans við kröfu sína nema því aðeins að aðalkrafa og gagnkrafa séu af sömu rót runnar.“ Þegar litið er til þess að b. liður 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins, sem gerði ráð fyrir því að á meðan greiðsluaðlögunarumleitanir færi fram væri lánadrottunum óheimilt að skuldajafna kröfu umsækjanda við kröfu þeirra nema því aðeins að aðalkrafan og gagnkrafan væru af sömu rót runnar, var felldur brott í meðförum þingsins, er ljóst að framangreind ummæli í greinargerðinni um d-lið 1. mgr. 3. gr. laganna hafa ekki lengur þýðingu og eru andstæð skýrum ákvæðum laganna. Varnaraðili telur því einsýnt að bankanum hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu sóknaraðila vegna leiðréttis endurútreiknings á láni nr. X á móti kröfu bankans vegna vanskila á skuldabréfi nr. Y.

Framangreindu til viðbótar bendir varnaraðili á að samkvæmt almennum reglum kröfuréttar um skuldajöfnuð hefur sá sem lýsir yfir skuldajöfnuði val um til greiðslu hvernar skuldar gagnkrafa hans skuli renna, sbr. einnig úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr. 74/2014. Sóknaraðili verði því að sæta því að krafa varnaraðila samkvæmt skuldabréfi nr. Y, hafi verið nýtt til efnda á endurgreiðslukröfu sóknaraðila.

Samkvæmt öllu því sem framan greinir telur varnaraðili ekki forsendur til að verða við kröfu sóknaraðila. Ber því að hafna kröfunni.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að lögmati skuldajöfnunar varnaraðila á móti vanskilum sóknaraðila á láni nr. Y.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi

hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggji að ágreiningur sé um sakarefnið.

Í máli þessu liggur einungis fyrir fullyrðing sóknaraðila þess efnis að að hún hafi talað við þjónustufulltrúa bankans og óskað eftir því við hann að endurgreiðslan yrði frekar nýtt til greiðslu á öðru bílaláni hjá bankanum, og að ekki hafi fengist svar við þeirri beiðni. Varnaraðili hefur mótmælt þessari fullyrðingu sem ósannaðri.

Í ljósi þess verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá, með vísan til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur F, er vísað frá.

Reykjavík, 13. febrúar 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 27. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 101/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. október 2014, með kvörtun sóknaraðila. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 17. febrúar 2015, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 18. nóvember 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 20. nóvember 2015, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Engar athugasemdir bárust.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 27. febrúar 2014.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili tókst á árunum 2006 – 2008 á hendur sjálfskuldarábyrgð á þremur skuldabréfum. Um er að ræða eftirtalin skuldabréf:

Skuldabréf nr. 1, útgefið 19. febrúar 2007 upphaflega að fjárhæð kr. 1.620.000.

Skuldabréf nr. 2, útgefið 26. janúar 2006, upphaflega að fjárhæð kr. 1.260.000.

Skuldabréf nr. 3 útgefið 4. júní 2008, upphaflega að fjárhæð kr. 2.450.000.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgðir sínar á umræddum skuldabréfum verði ógiltar og byggir kröfur sínar á því að við útgáfu þeirra hafi varnaraðili og forveri varnaraðila, ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um ógildingu ábyrgðar á skuldabréfi nr. 1 á því að niðurstaða mats á greiðslugetu greiðanda hafi verið röng. Undir liðnum „Kvörtun“

á kvörtunareyðublaði sóknaraðila segir eftirfarandi: „Útborguð mánaðarlaun skuldara voru 116.226 kr., áætlaður framfærslukostnaður 66.810 kr. Áætluð greiðslugeta án tillit til skulda 49.416 kr. Áætluð greiðslubyrði lána 12.100 kr., greiðslubyrði nýja lánsins 32.909 kr.“ Við framkvæmd matsins telur sóknaraðili að varnaraðili hafi hvorki gert ráð fyrir kostnaði við rekstur bifreiðar né húsnæðiskostnaði í forsendum matsins. Því telur sóknaraðili að greiðslugeta skuldara hefði átt að vera neikvæð ef raunhæft greiðslumat hefði verið gert með kostnaði vegna reksturs bifreiðar eða húsnæðiskostnaði. Því hafi varnaraðili gerst brotlegur við ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og rétti sóknaraðila sem er varinn í 36. gr. laga nr. 7/1936.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um ógildingu ábyrgðar hans á skuldabréfi nr. 0146-74-2238 á því að niðurstaða mats á greiðslugetu greiðanda hafi verið röng. Undir liðnum „Kvörtun“ á kvörtunareyðublaði sóknaraðila segir eftirfarandi: „Fyrir lánveitingu voru tekjur skuldara 170.000 kr., eftir lánveitingu 177.000 kr. Fyrir lánveitingu er greiðslubyrði lána samkvæmt greiðslumati 56.700 kr., en eftir lánveitingu 60.000 kr., hækkun um 3.300 kr. Mánaðarleg greiðslubyrði nýja lánsins var 23.504 kr. Samkvæmt framangreindu er hækkun mánaðarlegrar greiðslubyrði 20.204 kr. en ekki 3.300.“ Rökstuðningur sóknaraðila fyrir umræddri kröfu er eftirfarandi: „Við framkvæmd greiðslumats aðalskuldara hefur Landsbankinn hf. einhverra hluta vegna hækkað laun aðalskuldara og metið greiðslubyrði nýja lánsins alltof lágt til að geta sýnt fram á greiðslugetu skuldara, þegar hún í raun átti að vera neikvæð. Tekið skal einnig fram að aðalskuldari staðfestir hvergi sannleiksgildi niðurstöðu greiðslumats, sem ég man ekki eftir að mér hafi verið kynnt ásamt upplýsingabæklingi bankans.“ Með þessu telur því sóknaraðili að Sparisjóðurinn í Keflavík hafi gerst brotlegur við ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og einnig brotið á rétti sóknaraðila sem varinn er í 36. gr. laga nr. 7/1936.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um ógildingu ábyrgðar hans á skuldabréfi nr. 2 á því að niðurstaða mats á greiðslugetu greiðanda hafi verið röng. Undir liðnum „Kvörtun“ á kvörtunareyðublaði sóknaraðila segir eftirfarandi: „Hreinar tekjur skuldara eru þær sömu fyrir og eftir lántöku 408.081 kr. á mánuði. Samkvæmt greiðsluerfiðleikamati var mánaðarleg greiðslubyrði lána fyrir lánveitingu 86.290 kr. en eftir lánveitingu 79.097 kr., lækkaði um 7.193 kr. Mánaðarleg greiðslubyrði af láni sem umsækjandi var að greiða af nr. 426685 var 56.375 kr. Mánaðarleg greiðslubyrði af nýja láninu var 38.908 kr. eða samtals 95.283 kr., sem er 16.186 kr. hærra en fram kemur í greiðslumati.“ Rökstuðningur sóknaraðila fyrir umræddri kröfu er eftirfarandi: „Í greiðslumati aðalskuldara kemur fram að heildarskuldir hafi verið fyrir lánveitingu um 4.824.500 kr. og að mánaðarleg greiðslubyrði þeirra sé 86.920 kr. Við það átti að bæta 38.908 kr. sem er greiðslubyrði nýja lánsins. Þar af leiðandi átti greiðslubyrði lána aðalskuldara að vera samtals 125.198 kr. en ekki 79.097 kr. eins og fram kemur í greiðslumati. Tekið skal fram að hvergi í gögnum málsins sem ég fékk frá Landsbankanum hf. kemur fram að um að lánveiting hafi verið notuð til greiðslu eldri skulda. Samkvæmt framangreindu átti greiðslugeta aðalskuldara að vera neikvæð um 20.348 kr. en ekki jákvæð um 25.753 kr. eins og fram kemur í greiðslumati bankans.“ Samkvæmt þessu telur sóknaraðili að forveri F hafi þar með gerst brotlegur við ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og rétti sóknaraðila sem varinn er í 36. gr. laga nr. 7/1936.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hefur áður hafnað kröfum sóknaraðila, meðal annars á fundi með sóknaraðila og eiginkonu sóknaraðila, þann 7. maí 2014 í útibúi varnaraðila í Hafnarfirði.

Varðandi skuldabréf nr. 1 byggir varnaraðili á því að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafa þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu, hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar.

Það er afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geta ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2010 í máli nr. 116/2010. Þar kemur fram að „þótt fyrir liggja að sérstakt mat á greiðslugetu skuldara lánsins hafi ekki farið fram, eins og reglur samkomulagsins [kveðið] á um, [hafi] það ekki í för með sér ógildi ábyrgðaryfirlýsingar áfrýjanda.“ Varnaraðili telur að niðurstaða dómsins styrki afstöðuna um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig, sérstaklega í ljósi áður nefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá vísar varnaraðili jafnframt til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 29. apríl 2011 í máli nr. 10/2011. Í úrskurðinum kemur fram að þegar metið sé hvort að skortur á sönnun þess að sóknaraðili hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir eigi að leiða til þess að ábyrgð sóknaraðila verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 þurfi að meta hvort talið verði ósamngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera samningsskilmálana fyrir sig. Í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 segir að við mat samkvæmt 1. mgr. skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.

Varnaraðili byggir á því að greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna lántöku skuldara og að greiðslumatið hafi verið jákvætt og þannig gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Í málinu liggja fyrir að sóknaraðili ritaði undir skjal merkt: „Niðurstöður greiðslumats“ og samkvæmt því hafi hann ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Greiðandi og ábyrgðarmenn hafa fengið afhent, kynnt sér og skilið þetta mat á greiðslugetu greiðanda og samþykkt það sem fullnægjandi fyrir sig. Þeir hafa einnig kynnt sér efni upplýsingabæklings Landsbankans um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila“. Samkvæmt skjalinu hafi sóknaraðili einnig ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Framangreindar upplýsingar um skuldir og fjárhagsstöðu greiðanda eru að hluta til frá honum sjálfum komnar. Að því leyti eru forsendur mats á greiðslugetu hans og niðurstöður/ályktanir dregnar af þeim upplýsingum á hans ábyrgð. Þær eru því án ábyrgðar fyrir Landsbanka Íslands hf.“

Samkvæmt fyrrnefndu skuldabréfi hafi sóknaraðili jafnframt ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Með undirritun sinni á skuldabréf þetta staðfesta sjálfskuldarábyrgðaraðilar að þeir hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings Landsbanka Íslands hf. um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en Landsbankinn er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.“ Enn fremur hafi sóknaraðili staðfest með undirritun sinni á skjal merkt: „Lánsúmsókn einstaklings“ að hann hefði kynnt sér „efni bæklings um persónuábyrgðir og veðtryggingu þriðja

aðila, auk samkomulags um sama efni sem fjármálastofnanir eiga aðild að“. Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili kynnt sér efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir áður en hann undirritaði umrætt skuldabréf, sbr. 4. gr. samkomulagsins.

Varnaraðili vísar til þess að farið hafi verið í öllum atriðum að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við framangreinda lánveitingu.

Hvað varðar athugasemd sóknaraðila sem lýtur að forsendum umrædds greiðslumats bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki lagt fram nein gögn um fjárhagsaðstæður skuldans sem bendi til þess að greiðslumatið hafi verið rangt unnið eða rangt reiknað eða gert sennilegt að hann hefði ekki átt að standast greiðslumat samkvæmt þeim viðmiðunum sem lagðar eru til grundvallar í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þá telur varnaraðili að sóknaraðili hafi hvorki sýnt fram á að skuldari hafi haft kostnað af rekstri bifreiðar eða húsnæðis, né sýnt fram á að varnaraðila hafi mátt vera það ljóst. Því telur varnaraðili að sóknaraðili verði að bera hallann af því að ekkert liggja fyrir um þetta. Varnaraðili telur rétt að ítreka að um suma kostnaðarliði í greiðslumati verði lánveitandi almennt að styðjast við upplýsingar lántakans sjálfs en á skjalinu „*Niðurstöður greiðslumats*“ er að hans mati skýrlega tekið fram að greiðslumatið sé að hluta til byggt á upplýsingum sem greiðandi hafi gefið á sína ábyrgð. Þannig hafi háttáð til um liðina „*rekstrarkostnaður bifreiða*“ og „*rekstrarkostnaður fasteigna*“. Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar frá 7. mars 2013 í máli nr. 575/2012. Í dómnum var talið að ætluð röng forsenda í greiðslumati þess efnis að ekki hefði verið tekið tillit til húsnæðiskostnaðar lántaka hefði ekki verið þess eðlis að forvera L hf., yrði um hana kennt.

Varnaraðili bendir einnig á að á þeim tíma sem skuldabréfið var gefið út, hafi skuldari verið skráður til heimilis að X, en samkvæmt meðfylgjandi yfirliti úr Fasteignaskrá var móðir skuldara, eigandi fasteignarinnar á þeim tíma. Hafi það rennt stoðum undir að skuldari hafi ekki haft kostnað af rekstri húsnæðis. Jafnframt bendir varnaraðili á að framfærslukostnaður hafi verið áætlaður kr. 66.810 á mánuði í greiðslumati en framfærsluviðmið Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sem notað var við vinnslu greiðslumata, fyrir einstakling í ágúst 2006 hafi verið kr. 41.800. Þá hafi viðmið Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um rekstrarkostnað bifreiðar í ágúst 2006 verið kr. 24.500. Því telur varnaraðili ljóst að áætlaður framfærslukostnaður hefði dekkað rekstrarkostnað bifreiðar ef skuldari hefði haft kostnað af rekstri bifreiðar.

Varnaraðili kveður að á þeim tíma sem umrætt greiðslumat var framkvæmt hafi engar reglur verið í gildi sem kváðu á um að ekki mætti framkvæma mat á greiðslugetu skuldara með þessum hætti, þ.e. án þess að gera ráð fyrir kostnaði af rekstri húsnæðis eða bifreiðar. Varnaraðila hafi einungis borið að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 en í 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins hafi verið kveðið á um hvernig meta skyldi greiðslugetu greiðanda. Þar hafi meðal annars komið fram að við greiðslumat ætti að taka tillit til neyslu og annarra fastra útgjalda áður en ráðstöfunarfé til greiðslu skuldbindinga væri reiknað út. Við áætlun á útgjöldum til neyslu ætti að lágmarki að nota viðmiðun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eða Íbúðalánasjóðs. Greiðslumat á greiðslugetu skuldara hafi miðast við framangreind fyrirsmæli. Þannig hafi áætlaður framfærslukostnaður hans verið miðaður við neysluviðmiðun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna líkt og um einstakling hafi verið að ræða.

Varnaraðili bendir enn fremur á að yfirlýsing sóknaraðila á skjalinu „Niðurstöður greiðslumats“ hafi verið afdráttarlaus þar sem sóknaraðili hafi talið greiðslumatið fullnægjandi fyrir sig. Þá hafi sóknaraðili kosið um leið og hann undirritaði skjalið „Lánsúmsókn einstaklings“ og umrætt skuldabréf, að kvitta sérstaklega við þann valkost að hann hafi óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til úrskurðar úrskurðarnefndar frá 28. febrúar 2014 í máli nr. 101/2013.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili 19. febrúar 2007 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðaryfirlýsinguna í febrúar 2014 eða sjö árum eftir að sóknaraðili gekk í umrædda ábyrgð. Sóknaraðili hafi mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 1. janúar 2011, 1. janúar 2015, 5. janúar 2013 og 31. desember 2013, með yfirliti yfir ábyrgðir sínar á skuldum annarra þar sem umrædd ábyrgðarskuldbinding hafi verið tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið um gildi ábyrgðarinnar. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar frá 7. mars 2013 í máli nr. 575/2012. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, hafi sérstaklega verið tekið fram að ábyrgðaraðili hefði sýnt af sér tómlæti með því að hafa ekki haft uppi athugasemdir fyrr en sex árum eftir að hann gekkst í ábyrgðina.

Varnaraðili telur sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila sé fallin úr gildi eða ógild hvíla á sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að það hafi verið ósanngjarnt af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgð hans samkvæmt skuldabréfinu, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsveð, umboð og ógilda löggæringa séu uppfyllt. Þegar sóknaraðili undirritaði umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili, hafi falist í því loforð sem skuldbindi sóknaraðila að lögum til að tryggja efndir samkvæmt skuldabréfinu. Að því virtu og þegar það er metið heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hans á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldarábyrgð þá sem sóknaraðili gekkst í til tryggingar áður nefndu skuldabréfi nr. 1 gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Hvað varðar skuldabréf nr. 2, þá liggur fyrir að greiðslumat hafiverið framkvæmt vegna lántöku skuldara og verið jákvætt. Varnaraðili byggir á því að það hafi gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Einnig liggur fyrir að sóknaraðili hafi ritað undir skjal merkt: „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ en samkvæmt því hafi hann ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Sjálfskuldarábyrgðarmaður/menn staðfesta með undirritun sinni að hann/þeir hafi fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir.“ Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili kynnt sér efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir áður en hann undirritaði umrætt skuldabréf sem ábyrgðarmaður, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Þá hafi sóknaraðili jafnframt ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu samkvæmt skjalinu: „Sparisjóðurinn tekur fram að greiðslumat tekur einvörðungu til könnunar á fjármálum greiðanda hjá Sparisjóðnum og uppflettingar í opinberri vanskilaskrá. Aðrar upplýsingar um fjárhagslega stöðu greiðanda hefur Sparisjóðurinn ekki undir höndum. Jákvæð niðurstaða greiðslumats felur ekki í sér tryggingu fyrir því að

skuldari efni skyldur sínar.“ Samkvæmt skjalinu hafi greiðandi lánsins enn fremur heimilað með undirskrift sinni að ábyrgðarmönnum yrðu veittar upplýsingar um niðurstöðu könnunar á greiðslugetu og að ábyrgðarmenn hafi kynnt sér þau gögn sem greiðslumatið byggði á.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur varnaraðili að forveri F hafi í öllum atriðum farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við framangreinda lánveitingu.

Hvað varðar athugasemd sóknaraðila sem lýtur að forsendum greiðslumats bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki lagt fram nein gögn um fjárhagsaðstæður skuldarans sem hafa bent til þess að greiðslumatið hafi verið rangt unnið eða rangt reiknað eða gert sennilegt að hann hefði ekki átt að standast greiðslumat samkvæmt þeim viðmiðunum sem lagðar hafi verið til grundvallar í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Varnaraðili telur rétt að ítreka að um suma kostnaðarliði í greiðslumati verði lánveitandi almennt að styðjast við upplýsingar lántakans sjálfs og hafi greiðslumat því óhjákvæmilega verið að hluta til byggt á upplýsingum sem lántaki hafi gefið á sína ábyrgð. Þannig hafi háttað hér til um liðinn „hreinar tekjur“ en upplýsingar um tekjur skuldara lánsins hafi stafað frá henni sjálfri. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til áðurnefnds dóms Hæstaréttar frá 7. mars 2013 í máli nr. 575/2012. Í málinu var talið að ætluð röng forsenda í greiðslumati þess efnis að ekki hefði verið tekið tillit til húsnæðiskostnaðar lántaka hefði ekki verið þess eðlis að forvera F yrði um hana kennt.

Hvað varðar liðinn „*greiðslubyrði lána*“ bendir varnaraðili á að eins og meðfylgjandi skjöl beri með sér hafi andvirði skuldabréfs nr. 2 verið varið til uppgreiðslu á skuld við lögmennt að fjárhæð kr. 754.655, meðlagsskuld að fjárhæð kr. 60.000 og skuldabréfi, útgefnu 5. september 2005 upphaflega að fjárhæð kr. 500.000, en þann 26. janúar 2006 hafi uppgreiðsluverðmæti þess numið kr. 451.232. Ljóst sé að skuldabréf hafi legið til grundvallar greiðslubyrði lána fyrir lánveitingu samkvæmt greiðslumatinu en ekki hafi legið fyrir upplýsingar um greiðslubyrði þess. Þá má ráða af skjali merkt: „*Fjárhagsstaða einstaklinga Lánayfirlit*“ að til grundvallar greiðslumati hafi legið annað skuldabréf í eigu forvera F, en um skuldabréf hafi verið að ræða sem var útgefið 24. mars 2004, upphaflega að fjárhæð kr. 1.710.000. Ekki hafa legið fyrir upplýsingar um greiðslubyrði þess skuldabréfs fyrir og eftir umrædda lántöku. Varnaraðili telur rétt að áréttu að ekki hafi verið talið að sú skylda hafi hvílt á forvera F að geyma gögn að baki greiðslumatinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 17. apríl 2012 í máli nr. 141/2012, en með framangreindu telur varnaraðili sig á hinn bóginn hafa gert grein fyrir því á hvaða gögnum greiðslumatið hafi verið reist og þannig rennt stöðum undir réttmæti þess.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sóknaraðila ekki hafa sýnt fram á að greiðslumatið hafi verið efnislega rangt. Þá telur varnaraðili að engin gögn hafi fylgt kvörtuninni til stuðnings framangreindum fullyrðingum. Varnaraðili mótmælir því öllum fullyrðingum sóknaraðila og vísar til niðurstöðu fyrrgreinds dóms Hæstaréttar frá 17. apríl 2012 í máli nr. 141/2012. Í niðurstöðu dómsins segir m.a.: „*Í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða og skuldbindinga er ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats. Á hinn bóginn var varnaraðila með fyrrgreindu skjali um niðurstöðu greiðslumats bent á þann möguleika að kynna sér niðurstöðu þess að fengnu samþykki aðalskuldara. Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili hafði látið fara fram mat á greiðslugetu aðalskuldara, að virtum tilgreindum gögnum, áður en hinn fyrrnefndi tók ákvörðun um lánveitinguna til aðalskuldarans [S]. Var*

varnaraðila með skjalinu kynnt „jákvæð niðurstaða“ greiðslumats, jafnframt því sem tilgreint var að slík niðurstaða fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að aðalskuldari gæti efnt skyldur sínar. Verður ekki fallist á með varnaraðila að á sóknaraðila hafi hvílt sú skylda að geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg varnaraðila rúmum fimm árum síðar. Þá ber skjalið með sér að varnaraðila var einnig afhentur bæklingur um þýðingu þess að gangast undir sjálfskuldarábyrgð og undirritaði hann yfirlýsingu þess efnis að hafa „fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.“ Samkvæmt þessu fullnægði sóknaraðili skyldum sínum samkvæmt samkomulaginu frá 1. nóvember 2001 og verður hvorki fallist á með varnaraðila að ógilda beri umþrætt fjárnám á grundvelli 33. gr. eða 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga né samkvæmt óskráðum reglum kröfuréttar um forsendubrest. Verður því hafnað kröfu varnaraðila um ógildingun umræddrar aðfaragerðar.“

Í kvörtuninni hafi einnig verið gerðar athugasemdir við það að skuldari hafi hvergi staðfest sannleiksgildi niðurstöðu greiðslumats og að sóknaraðili hafi hvorki munað eftir að sér hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins né upplýsingabækling bankans. Í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 er ekki kveðið á um að skuldari þurfi að samþykkja greiðslumat eða staðfesta sannleiksgildi þess. Á hinn bóginn segir í 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Líkt og í úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki staðfesti frá 22. júní 2012 í máli nr. 53/2012 lýtur tilvísun þessa ákvæðis til samþykkis greiðanda að því að greiðandi þurfi að samþykkja að ábyrgðarmaðurinn fái aðgang að fjárhagsupplýsingum um hann, en ekki að greiðandinn þurfi að samþykkja greiðslumatið. Þar sem greiðandi lánsins hafi heimilað með undirskrift sinni á skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ að ábyrgðarmönnum yrðu veittar upplýsingar um niðurstöðu könnunar á greiðslugetu og að ábyrgðarmenn hafi getað kynnt sér þau gögn sem greiðslumatið byggði á, mótmælir varnaraðili því að sóknaraðila hafi ekki verið kynnt greiðslumatið með fullnægjandi hætti. Ákvæði 3. mgr. 4. gr., um neikvætt greiðslumat, er eina ákvæði samkomulagsins sem kveður á um það að ábyrgðarmaður verði að staðfesta með undirritun sinni að hann hafi kynnt sér niðurstöðu greiðslumats. Í öðrum tilvikum skal tryggt að ábyrgðarmaður hafi getað kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins, sem og hafi verið gert í þessu máli. Þá liggur fyrir að með undirritun sóknaraðila á skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ hafi hann staðfest að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir en þar með hafi honum átt að vera kunnugt um að greiðslumat hafi verið gert. Sóknaraðili vísar til dóms Hæstaréttar frá 7. mars 2013 í máli nr. 575/2012. Í málinu var uppi ágreiningur milli A og L hf. vegna veðsetningar sem A hafði veitt í fasteign sinni með undirritun á skuldabréf sem útgefið hafði verið af hálfu þáverandi tengdasonar A til forvera L hf. Hæstiréttur taldi að með undirritun A á veðskuldabréfið hefði hann staðfest að hafa kynnt sér upplýsingabækling lánveitandans, en þar með hefði honum átt að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið gert. Með þeim hætti hefði matið verið kynnt A og það hefði verið undir honum sjálfum komið hvort hann óskaði eftir að sjá það áður en hann veitti samþykki við veðsetningu fasteignar sinnar.

Hvað sem framangreindu líður telur varnaraðili ótrúverðuga þá fullyrðingu sóknaraðila að hann hafi ekki verið upplýstur um niðurstöðu greiðslumatsins. Hafi niðurstaða greiðslumats verið ákvörðunarástæða fyrir því að sóknaraðili samþykkti að

gangast í ábyrgðina telur varnaraðili að honum hafi borið að kynna sér niðurstöðu matsins. Varnaraðili telur að það verði að teljast fremur ólíklegt að sóknaraðili hefði vikist undan því að gangast í umrædda ábyrgð hefði hann fengið nánari upplýsingar um niðurstöðu greiðslumats áður en umrædd skuldabréf hafi verið undirrituð. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og hafi það þannig gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Í því sambandi telur varnaraðili einnig rétt að áréttu að sóknaraðili hafi óskað sérstaklega eftir því með undirritun sinni á skjalið „*Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga*“ að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 7. september 2012 í máli nr. 55/2012 sem varðar kvörtun eiginkonu sóknaraðila vegna ábyrgðar hennar á sama skuldabréfi og hér er til umfjöllunar. Í niðurstöðu úrskurðarins segir: „*Þegar atvik málsins eru metin heildstætt, þ.á.m. ósk sóknaraðila sjálfs um að greiðslugeta skuldarans yrði ekki metin, verður það ekki talið ósanngjarnt af varnaraðila að byggja á ábyrgðaryfirlýsingunni, þótt hann hafi ekki tryggt sér sönnun um að hann hafi í raun og veru kynnt fyrir sóknaraðila þá niðurstöðu sína að skuldarinn væri líkleg til að geta greitt af viðkomandi láni. Fæst ekki séð að orsakatengsl séu á milli háttsemi bankans þegar honum láðist að tilkynna um jákvæða niðurstöðu og ábyrgðarinnar sem sóknaraðili gekkst í.*“

Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á það með málatilbúnaði sínum að það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að sóknaraðili sé bundinn við samþykki sitt fyrir veðsetningunni. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og hafi sóknaraðili vitað eða mátt vita að það hafi verið framkvæmt. Þá hafði sóknaraðili aðgang að því og hefði því getað kynnt sér efni þess. Varnaraðili telur því að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að skilyrði 36. gr. nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga séu uppfyllt til að unnt sé að fallast á kröfu hans.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili 26. janúar 2006 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðaryfirlýsinguna í febrúar 2014, eða átta árum eftir að sóknaraðili gekkst í umrædda ábyrgð. Sóknaraðili hafi mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 1. janúar 2012, 5. janúar 2013 og 31. desember 2013, með yfirliti yfir ábyrgðir sínar á skuldum annarra þar sem umrædd ábyrgðarskuldbinding hafi verið tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið um gildi ábyrgðarinnar. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar frá 7. mars 2013 í máli nr. 575/2012. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, var sérstaklega tekið fram að ábyrgðaraðili hefði sýnt af sér tómlæti með því að hafa ekki haft uppi athugasemdir fyrir en sex árum eftir að hann gekkst í ábyrgðina.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldarábyrgð þá sem sóknaraðili gekkst í til tryggingar áður nefndu skuldabréfi nr. 2 gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Varðandi skuldabréf nr. 3 þá liggja fyrir að greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna lántöku skuldara. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og hafi þannig gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Í málinu liggja einnig fyrir að sóknaraðili hafi ritað undir skjal merkt: „*Niðurstæða greiðslumats*“, dags. 4. júní 2008, en þar hafi komið fram að niðurstæða greiðslumats hafi bent til þess að lántakandi hafi getað efnt skuldbindingar sínar. Þá hafi komið fram að meira en

helmingi lánsupphæðarinnar yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá sparisjóðnum. Samkvæmt skjalinu hafi sóknaraðili jafnframt ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „*Sjálfskuldarábyrgðaramaður/menn og/eða veðsali staðfesta með undirritun sinni að hann/þeir hafi fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.*“ Í málinu liggja jafnframt fyrir skjal merkt: „*Lánsúmsókn/greiðslumat*“ en þar hafi umsækjandi lánsins með undirskrift sinni veitt sparisjóðnum heimild til að kynna ábyrgðarmönnum niðurstöður greiðslumats. Umsækjandi lánsins hafi einnig lýst því yfir að allar upplýsingar sem hún hafi skráð á skjalið séu réttar. Þar komi jafnframt fram að andvirði lánsins hafi verið varið til greiðslu á skuldabréfum og yfirdrætti á tékkareikningum, en rétt sé að geta þess að sóknaraðili hafi verið í sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að kr. 600.000 á síðastgreindum yfirdrætti samkvæmt sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu útgefinni 6. september 2007. Í fylgiskjali með greiðslumati, dags. 27. maí 2008, hafi verið að finna upplýsingar um forsendur greiðslumatsins en af því hafi meðal annars mátt ráða að skuldabréf hafi haldist óbreytt frá því fyrir umrædda lánveitingu. Af framangreindu megi ráða að með umræddri lántöku hafi verið stefnt að því að létta mánaðarlega greiðslubyrði umsækjanda með einu láni til langs tíma í stað fjögurra eldri lána á óhagstæðari vöxtum og hafi sóknaraðili verið meðvitaður um það.

Með vísan til þessa telur varnaraðili að forveri F hafi í öllum atriðum farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við framangreinda lánveitingu.

Í kvörtuninni hafi einnig verið gerðar athugasemdir við að skuldari staðfesti hvergi sannleiksgildi niðurstöðu greiðslumatsins og að sóknaraðili hafi ekki munað eftir að sér hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins. Líkt og að framan greinir hafi sóknaraðili staðfest með undirritun sinni á skjalið „*Niðurstaða greiðslumats*“ að honum hafi verið kynnt jákvæð niðurstaða matsins. Þá hafi umsækjandi lánsins veitt sparisjóðnum heimild til að kynna ábyrgðarmönnum niðurstöður greiðslumats með undirritun sinni á skjalið „*Lánsúmsókn/greiðslumat*“. Að öðru leyti vísar varnaraðili hvað þetta varðar til umfjöllunar um skuldabréf nr. 1.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sóknaraðila hvorki hafa sýnt fram á að umrætt greiðslumatið hafa verið rangt né að ekki hafi verið farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga að öðru leyti við framangreinda lánveitingu. Varnaraðili mótmælir því öllum fullyrðingum sóknaraðila og telur að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hans á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili 5. júní 2008 og hafi fyrst gert athugasemdir við ábyrgðaryfirlýsinguna í febrúar 2014 eða tæpum sex árum eftir að sóknaraðili gekkst í umrædda ábyrgð. Sóknaraðili hafi móttakið bréf frá varnaraðila, dags. 1. janúar 2012, 5. janúar 2013 og 31. desember 2013, með yfirliti yfir ábyrgðir sínar á skuldum annarra þar sem umrædd ábyrgðarskuldbinding hafi verið tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið um gildi ábyrgðarinnar. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar frá 7. mars 2013 í máli nr. 575/2012. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, hafi sérstaklega verið tekið fram að ábyrgðaraðili hefði sýnt af sér tómlæti með því að hafa ekki haft uppi athugasemdir fyrir en sex árum eftir að hann gekkst í ábyrgðina.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldarábyrgð þá sem sóknaraðili gekkst í til tryggingar áður nefndu skuldabréfi nr. 3 gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að ógildingu á sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfum nr. 1, nr. 2 og nr. 3.

Þegar sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð á umræddum skuldabréfum var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, og ekki er umdeilt að upphaflegur lánveitandi var aðili að samkomulaginu. Bar honum því að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu.

Samkomulagið tekur meðal annars til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins.

Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en 1.000.000 kr.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Ákvæðið felur í sér að greiðslumat skuli gert á greiðanda og að ábyrgðarmanni gefist færi á að kynna sér matið.

Í 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins er kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar og með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna skal ábyrgðarmaður staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir.

Í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklingsins og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Fyrir liggur að varnaraðili framkvæmdi greiðslumöt í umrædd skipti og uppfyllti þannig lágmarksskilyrði 3. gr. samkomulagsins að því leyti.

Sóknaraðili byggir á því að forsendur og niðurstöður á greiðslumötum skuldara á umræddum þremur skuldabréfum, séu rangar. Óhjákvæmilegt er að fjalla sérstaklega um gildi ábyrgða á hverju skuldabréfanna þriggja fyrir sig.

Hvað varðar skuldabréf nr. 1, ritaði sóknaraðili undir yfirlýsingu þess efnis að greiðslumat skuldara væri fullnægjandi fyrir sig og að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklinga um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila hjá Landsbankanum á umræddu skuldabréfi. Með þessum hætti var sóknaraðila kynnt að

greiðslumatið hefði verið gert, en það væri undir honum sjálfum komið hvort hann óskaði eftir að sjá það áður en hann gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldabréfinu. Sóknaraðili hefur ekki fært fram gögn því til stuðnings að útgefandi skuldabréfsins hafi rekið bifreið eða haft kostnað af húsnæði, við útgáfu skuldabréfsins, né sýnt fram á að lánveitandanum hafi mátt vera það ljóst, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Í dómnum var talið að ætluð röng forsenda í greiðslumati þess efnis að ekki hefði verið tekið tillit til húsnæðiskostnaðar lántaka hefði ekki verið þess eðlis að forvera Landsbanka hf. yrði um hana kennt. Má heimfæra forsendur dómsins að miklu leyti til atvika hvað þetta skuldabréf varðar.

Með vísan til ofangreinds verður kröfu sóknaraðila um ógildinguna ábyrgðar hans samkvæmt skuldabréfi varnaraðila nr. 1, hafnað.

Verður næst vikið að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. 2. Röksemdir varðandi skuldabréf 1 um þýðingu yfirlýsinga sóknaraðila hafa sömu þýðingu varðandi þetta skuldabréf.

Sóknaraðili telur að laun skuldara hafi verið hækkuð um 7.000 kr. til að geta sýnt fram á jákvæða greiðslugetu. Er ekki unnt að hafna því fyrirvaralaust sem röngu að umrædd hækking hafi verið raunveruleg, án þess að sóknaraðili hafi stutt þá fullyrðingu gögnum. Burtséð frá 7.000 kr. tekjuhækkun hefði greiðslumatið samt sem áður verið jákvætt um 2.532 kr. og verður því greiðslumati ekki hnekkt á þessum forsendum einum.

Heimfæra má dóm Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 að miklu leyti til atvika hvað þetta skuldabréf varðar en í dómnum var það ekki talin skyldu lánveitanda að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats. Á hinn bóginn var ábyrgðarmanni með skjali um niðurstöðu greiðslumats bent á þann möguleika að kynna sér niðurstöðu þess að fengnu samþykki aðalskuldara. Greiðslumat fór fram og var ábyrgðarmanni með skjalinu kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats, jafnframt því sem tilgreint var að slík niðurstaða fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að aðalskuldari gæti efnt skyldur sínar. Ekki var fallist á með ábyrgðarmanni að á lánveitanda hafi hvílt sú skylda að geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg ábyrgðarmanni rúmum fimm árum síðar.

Af dómnum má því draga þá ályktun að það virðist m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna gögn að baki greiðslumati. Þar sem sóknaraðili telur að niðurstaða greiðslumats hafi verið ákvörðunarástæða fyrir því að hann samþykkti að gangast í ábyrgð, þá verður að telja að honum hafi borið að kynna sér niðurstöðu matsins þar sem hann hafði aðgang að því og forsendum þess.

Sóknaraðili telur einnig að skuldari hafi hvergi staðfest sannleiksgildi niðurstöðu greiðslumatsins. Í samkomulaginu um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er ekki kveðið á um að skuldari þurfi að samþykkja greiðslumat eða staðfesta sannleiksgildi þess. Einnig er ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins segir að ábyrgðarmaður skuli geta kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 lá fyrir að greiðslumat hafði verið framkvæmt. Það hafði hins vegar ekki verið kynnt ábyrgðarmanni sem hafði þó kynnt sér efni upplýsingabæklings um persónuábyrgðir og veðsetningar þriðja aðila. Byggt var á því sjónarmiði í umræddum dómi að með undirritun ábyrgðarmanns á veðskuldabréfið staðfesti hann að hafa kynnt sér upplýsingabæklings lánveitandans,

en þar með átti honum að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið gert. Matið hefði verið kynnt áfrýjanda með þessum hætti en jafnframt hafi það verið undir honum sjálfum komið hvort hann óskaði eftir að sjá það áður en hann veitti samþykki við veðsetningu fasteignar sinnar.

Þegar virtar eru fyrirliggjandi upplýsingar um þau lán sem greiða átti upp með þessu nýja láni, er alls ekki útilokað að útreikningarnir í greiðslumatinu á því hve lítið greiðslubyrðin hækkaði við útgáfu þess, fái staðist. Af framangreindu verður því talið að engin gögn hafi verið lögð fram sem sýna að skuldari hafi ekki átt að standast greiðslumatið og verður því ekki hnekkt. Þar sem sóknaraðili hafði aðgang að greiðslumati og þeim gögnum sem lágu að baki því, þá verður að telja að sóknaraðili beri hallann af því að hafa ekki skoðað gögnin áður en hann undirritaði umrædda sjálfskuldarábyrgð.

Með vísan til ofangreinds verður kröfu sóknaraðila um ógildingu ábyrgðar hans samkvæmt skuldabréfi varnaraðila nr. 2, hafnað.

Verður því næst vikið að skuldabréfi nr. 3. Röksemdir varðandi skuldabréf 1 um þýðingu yfirlýsinga sóknaraðila hafa sömu þýðingu varðandi þetta skuldabréf.

Sóknaraðili telur að greiðslugeta aðalskuldara vegna lántöku hjá forvera F hefði átt að vera neikvæð, en ekki jákvæð líkt og komi fram í greiðslumati bankans. Af framlögðum gögnum í málinu er ljóst að andvirði nýja lánsins var varið til greiðslu á tveimur skuldabréfum og yfirdrætti á tveimur tékkareikningum. Samkvæmt upplýsingum varnaraðila var stefnt að því með umræddri lántöku að létta mánaðarlega greiðslubyrði með einu láni til langs tíma, í stað fjögurra eldri lána á óhagstæðari vöxtum. Sóknaraðili ritaði undir skjalið „Niðurstæða greiðslumats“ þar sem fram kom að meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum ásamt því að tiltekið var á skjalinu „Lánsúmsókn / greiðslumat“ á hverju andvirði lánsins yrði varið til greiðslu á. Að þessu virtu verður ekki talið að niðurstöðu greiðslumatsins hafi verið hnekkt. Hlaut sóknaraðila að vera það ljóst að láninu væri ætlað að koma í stað eldri lána.

Með vísan til ofangreinds verður kröfu sóknaraðila um ógildingu ábyrgðar hans samkvæmt skuldabréfi varnaraðila nr. 3, hafnað.

Með vísan til alls framangreinds verður talið að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að greiðslumötin hafi verið efnislega röng. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram nein gögn um fjárhagsaðstæður skuldans sem hafa bent til þess að greiðslumötin hafi verið ranglega unnin eða ranglega reiknuð eða gert sennilegt að skuldarnir hefðu ekki átt að standast greiðslumöt samkvæmt þeim viðmiðunum sem lagðar hafi verið til grundvallar í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Því verður að telja að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember hafi verið fylgt við umræddar lánveitingar. Þegar atvik málsins eru metin heildstætt verður það ekki talið ósanngjarnt af varnaraðila að byggja á ábyrgðaryfirlýsingunum þar sem ekkert liggur fyrir um að niðurstöður á greiðslumötunum hafi verið rangar. Í ljósi alls framangreinds eru því ekki fyrir hendi forsendur í máli þessu til að víkja sjálfskuldarábyrgðum sóknaraðila til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Verður kröfu sóknaraðila um ógildingu á sjálfskuldarábyrgðum því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um ógildingu á ábyrgð hans á skuldabréfum 1, 2 og 3 til F, er hafnað.

Reykjavík, 27. febrúar 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 20. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 102/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni dags. 30. október 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 31. október 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 17. nóvember 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með tölvupósti dags. 8. desember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 20. febrúar 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 2. júní 2006 var gefið út skuldabréf nr. X til FF sem síðar sameinaðist FFF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur samkvæmt umræddu skuldabréfi. Bréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 2.400.000 og var gefið út af A.

Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna lánsins. Skuldabréfið var gefið út þann 2. júní 2006 í gildistíð samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001. Sóknaraðili ritaði undir skuldabréfið og staðfesti þar m.a. að hafa kynnt sér upplýsingabækling varnaraðila um sjálfskuldarábyrgðir.

Fyrir liggur skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ vegna lánveitingar þessarar. Þar kemur fram sú niðurstaða greiðslumats „að lántakandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar miðaði við núverandi fjárhagsaðstöðu“. Þá kemur fram að meira en helmingi lánsupphæðar verði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Skjal þetta er dagsett 7. júní 2006 og sóknaraðili skrifar undir það ásamt B.

Þá hefur varnaraðili lagt fram skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga [X]“, en þar er um að ræða útfyllt eyðublað. Þar kemur einnig fram að meira en helmingi lánsfjár verði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá óðnum. Á skjali þessu er jafnframt gert ráð fyrir að ábyrgðarmenn haki við valkostina Já eða Nei varðandi spurninguna „Óskar ábyrgðarmaður/menn eftir því að greiðslugeta greiðanda verði metin?“. Hefur sóknaraðili hakað greinilega við valkostinn Já, en auk

Þess er merki við valkostinn Nei og ritað nafn sitt við. Við hlið undirritunar hefur sóknaraðili jafnframt merkt í þar til gerðan reit við orðin „Greiðslumat séð“. Skjal þetta er dagsett 2. júní 2006.

Sóknaraðili hefur greitt kr. 1.230.000 inn á lánið.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðarskuldbinding hans vegna láns nr. X verði ógilt og að varnaraðili verði látin endurgreiða honum kr. 1.230.000,- sem sóknaraðili hafði áður greitt til þess að halda láninu í skilum.

Sóknaraðili ber fyrir sig að framkvæmd varnaraðila við stofnun sjálfskuldaábyrgðanna hafi ekki verið í samræmi við samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001. Sóknaraðili byggir á því að niðurstaða greiðslumats hafi ekki legið fyrir við útgáfu skuldabréfsins og að honum hafi ekki verið kynnt niðurstaða þess né réttindi sín eða upplýsingabækling, fyrr en fimm dögum eftir að hann gerðist ábyrgðamaður vegna umræddrar lánveitingar.

Sóknaraðili vísar til þess að skv. 1. mgr. 3. gr. fyrrgreinds samkomulags beri fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda sé skuldaábyrgð eða veð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, nema ábyrgðamaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Í 4. gr. sama samkomulags komi fram að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgð og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðamönnum til undirritunar. Það hafi verið skylda varnaraðila sem stórs aðila í umræddum viðskiptum að tryggja að farið yrði eftir gildandi reglum við stofnun umræddrar ábyrgðaskuldbindingar. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi með framferði sínu ekki tryggt að settum reglum væri fylgt og hafi með því brotið gegn neytendarétti hans sem varinn sé í 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Þá bendir sóknaraðili á að þar sem að um ólögsmæta ábyrgðarskuldbindingu hafi verið að ræða, beri varnaraðila að greiða honum til baka þá fjármuni sem hann hafi lagt fram vegna umræddrar lánveitingar.

Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili til fyrri úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 41/2012 og 161/2012.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir í fyrsta lagi á að engan áskilnað sé að finna í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001 um að lántaki staðfesti niðurstöður greiðslumats sérstaklega. Þar að auki hafi sóknaraðili enga tilraun gert til að útskýra hvernig dagsetningar þessarar yfirlýsingar hafi skipt máli fyrir ábyrgðarskuldbindingu hans eða haldið því fram að vilji hans hafi staðið til þess að gangast ekki í ábyrgð vegna niðurstöðu greiðslumatsins, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 32/2012. Að auki vísar varnaraðili til þess að ekki verði séð að orsakatengsl séu á milli dagsetningar umræddra skjala og ábyrgðarinnar sem sóknaraðili gekkst undir.

Í öðru lagi bendir varnaraðili á að þann 2. júní 2006 hafi sóknaraðili undirritað yfirlýsingu sem beint var að ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga. Téð yfirlýsing staðfesti að varnaraðili hefði séð greiðslumatið sama dag og hann undirritaði skuldabréfið, en ábyrgðamenn hafi sett upphafsstafi sína við IV. kafla

yfirlýsingarinnar sem kveði á um greiðslumat. Samkvæmt því verði ekki séð að brotið hafi verið gegn samkomulaginu.

Í þriðja lagi áréttar varnaraðili að lánið hafi fyrst verið tekið til innheimtu þann 7. júní 2006. Ekki verði annað séð en að hann hafi uppfyllt þær skyldur sem lagðar voru á hann samkvæmt 3. og 4. gr. umrædds samkomulags.

Varnaraðili bendir á að af dómaframkvæmd megi sjá að það ráðist af heildstæðu mati á atvikum hvers máls fyrir sig hvort beita eigi ógildingarreglu 36. gr. samningalaga. Einnig megi ráða af dómum að fjármálastofnun verði að hafa verið grandvís um slæma fjárhagsstöðu skuldara og látið hjá líða að tilkynna ábyrgðarmanni þar um. Sönnunarbyrði fyrir því að skuldbinding sóknaraðila sé fallin úr gildi eða ógild hvíli á sóknaraðila og hafi hann ekki sýnt fram á það.

Þá vísar varnaraðili til þess að með undirritun á skuldabréfið og á yfirlýsingu til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga staðfesti sóknaraðili sérstaklega að hafa kynnt sé efni upplýsingabæklings varnaraðila um sjálfskuldarábyrgðir. Í bæklingnum sé vísað til samkomulagsins og greint frá helstu atriðum þess, sérstaklega sé tekið fram að ef lánfjárhæð er umfram 1.000.000 kr. skuli fjármálafyrirtæki alltaf framkvæma greiðslumat. Sömuleiðis séu ábyrgðarmenn þar hvattir sérstaklega til þess að kynna sér sérstaklega greiðslugetu lántaka. Eins og að framan greinir hafi greiðslumatið verið framkvæmt og hafi niðurstaða matsins bent til þess að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindinguna.

Varnaraðili bendir á að þar sem að sóknaraðili staðfesti tvívegis að hafa kynnt sér efni bæklingsins, verði að leggja til grundvallar að honum hafi verið kunnugt um að greiðslumat var framkvæmt og að það hafi verið á ábyrgð hans að óska eftir því að fá að sjá það áður en hann gekkst í ábyrgðina. Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 verði því að telja að ákvæði samkomulagsins um að tryggt sé að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins hafi verið uppfyllt og því sé ekki uppfyllt skilyrði samkvæmt 36. gr. samningalaga fyrir því að víkja ábyrgðinni til hliðar, sbr. eftirfarandi forsendur dómsins: „*Áfrýjandi heldur fram að víkja beri til hliðar samningi hans við forvera stefnda á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Til þess séu öll skilyrði uppfyllt eins og atvik málsins liggi fyrir. Samkvæmt nefndu lagaákvæði má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bara hann fyrir sig eins og nánar er þar kveðið á um. Áður er komið fram að leggja verði til grundvallar að áfrýjandi hafi átt að vera kunnugt um að greiðslumat var gert á lántakanum. Getur þá ekki skipt máli sú viðbára hans í skýrslu fyrir dómi að hann hafi ekki lesið „smáa letur“ veðskuldabréfsins. Það var því á ábyrgð hans sjálfs hvort að hann óskaði eftir því að sjá greiðslumatið áður en hann veitti samþykki við veðsetningu fasteignar sinnar.*”

Varnaraðili bendir einnig á að skuldabréfið hafi verið gefið út í desember 2006 en sóknaraðili hafi þó ekki gert athugasemdir við það fyrr en nú og því hafi sóknaraðili sýnt af sér nokkurt tómlæti, en tæp átta ár séu frá því að skuldabréfið var gefið út. Telur varnaraðili að sóknaraðila hafi því verið í lófa lagið að koma að athugasemdum fyrr.

Varnaraðili hafnar því, með hliðsjón af framansögðu, að fella skuli ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila niður. Byggir hann kröfu sína á því að reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið fylgt í hvívetna við lánveitingar til sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A, 2. júní 2006 til FF og endurgreiðslu ofgreidds fjár vegna umræddrar ábyrgðarskuldbindingar.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili rétt sinn frá því félagi.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði engu að síður veitt, skal hann staðfesta það skriflega.

Í málinu liggur fyrir skjal sem ber heitið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga [X]“. Á skjalinu, sem undirritað var sama dag og skuldabréfið, má sjá hvar sóknaraðili setur upphafsstafi sína við IV. kafla skjalsins sem kveður á um greiðslumat og að hann hafi kynnt sér efni þess.

Af framangreindu virtu, verður ekki talið að sóknaraðili geti byggt á því gagnvart varnaraðila, að honum hafi ekki verið kynnt greiðslumat á því tímamarki, þegar hann gekkst í ábyrgðina. Verður því ekki annað séð en að varnaraðili hafi uppfyllt þær skyldur sem lagðar voru á hann samkvæmt 3. og 4. gr. samkomulagsins.

Verður kröfu sóknaraðila því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 20. febrúar 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elisabet Júlíusdóttir

Ár 2015, föstudaginn 20. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 103/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun sóknaraðila, dags. 3. nóvember 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 4. nóvember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 1. desember 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 4. desember 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 8. desember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 20. mars 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 15. júní 2006 gaf sóknaraðili út skuldabréf nr. X, nú Y, til FF, forvera varnaraðila. Skuldabréfið var tryggt með veði í eign A, og B, að C. Skuldabréfinu var skilmálabreytt þann 11. nóvember 2008 og þann 9. mars 2009. Þú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur þann 21. september 2011 og lauk skiptum þann 23. júlí 2012.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili viðurkenni að kröfur á hendur honum vegna skuldabréfs nr. Y, séu fyrndar og að varnaraðili felli niður frekari innheimtuaðgerðir vegna umrædds skuldabréfs.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki brugðist við kröfum sóknaraðila, sem bornar hafi verið fyrst upp þann 5. ágúst 2014 og hafa verið ítrekaðar síðan í tölvupóstsamskiptum við lögmann á lögfræðisviði bankans. Í tölvupósti, dags. 28. október 2014, hafi komið fram að varnaraðili hefði ekki enn tekið afstöðu til erindis varnaraðila frá 5. ágúst 2014 og krafan hafi nú verið skráð í lögfræðilega innheimtu hjá varnaraðila.

Þú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur þann 21. september 2011 og skiptum lauk þann 23. júlí 2012. Því telur

sóknaraðili að kröfur varnaraðila vegna umrædds skuldabréfs hafi fyrnst þann 23. júlí 2013, þegar tvö ár höfðu liðið frá skiptalokum, sbr. 2. og 3. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Sóknaraðili telur að ákvæðin séu sérákvæði um fyrningu, sem tóku gildi þann 17. desember 2010, þegar breytingarlög nr. 142/2010 voru samþykkt á Alþingi. Af því telur sóknaraðili að umrædd lög ættu að ganga framur almennum ákvæðum fyrningarlaga nr. 150/2007, þar sem þau séu í senn yngri lög og sérlög.

Sóknaraðili telur að ákvæði 3. mgr. 165. gr. laganna taki fram að fyrning krafna á hendur gjaldþrota einstaklingum verði „*aðeins slitið á ný með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrestsins mál á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum*“. Sóknaraðili telur að ekkert líkt mál hafi verið höfðað á hendur sóknaraðila, jafnvel þótt varnaraðili hafi verið grandsamur um gjaldþrotið, enda hafi bankinn lýst kröfu í bú sóknaraðila.

Því hafnar sóknaraðili alfarið allri greiðsluskyldu og fer fram á að varnaraðili felli tafarlaust niður frekari innheimtu á umræddu skuldabréfi.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara krefst varnaraðili að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir kröfu sína um frávísun á því að krafa sóknaraðila sé mjög óljós og óskýr, þar sem varnaraðili telur að engin innheimta sé í gangi á hendur sóknaraðila vegna umrædds láns heldur einungis á hendur veðsölum lánsins. Varnaraðili krefst því að kröfu sóknaraðila verði vísað frá með vísan til 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og með vísan til þess að veðsalar lánsins séu ekki aðilar að umræddri kvörtun.

Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað þar sem varnaraðili hafnar því að krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila sé fyrnd.

Varnaraðili byggir í fyrsta lagi á því að fyrning kröfunnar hafi verið rofin. Sóknaraðili hafi greitt mánaðarlegar greiðslur af skuldinni eftir að skiptum á búi sóknaraðila lauk en fyrsti ógreiddi gjalddagi lánsins hafi verið þann 23. júlí 2014. Varnaraðili vísar um þetta til 14. og 20. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Varnaraðila telur í ljósi þess, ekki hafa verið nauðsynlegt að höfða mál á hendur þrotamanninum og fá dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum, líkt og sóknaraðili hafi haldið fram. Varnaraðili vísar í dóm Hæstaréttar frá 10. maí 2013 í máli nr. 247/2013, en þar var talið að kröfuhafi hefði slitið fyrningu kröfu, eftir skiptalok, með því að krefjast aðfarar hjá þrotamanni, sbr. 17. gr. laga nr. 150/2007.

Varnaraðili byggir á því í öðru lagi að 2. málsl. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., eigi ekki við þegar tryggingarréttindi séu fyrir kröfunni. Lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. hafi verið breytt þann 29. desember 2010 með lögum nr. 142/2010. Tilgangur breytingarinnar hafi verið að breyta fyrningarfresti á þeim kröfum sem ekki fengust greiddar við gjaldþrotaskipti, til að auðvelda þeim einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta, en bera áfram ábyrgð á skuldum sem ekki fengust greiddar við gjaldþrotaskiptin, að koma fjármálum sínum á réttan kjöl. Í 3. málsl. 2. mgr. 165. gr., sem kom inn með lögum nr. 142/2010, segir að ef kröfuhafi hefur fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en fyrningarfrestur er á enda, fyrnist krafa hans ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna tryggingarréttinda. Varnaraðili telur

að málgreinin eigi einnig við um þá aðstöðu þegar kröfuhafi hefur tryggingarréttindi í eign þriðja manns og að krafa varnaraðila farnist því ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna þeirra tryggingarréttinda.

Varnaraðili byggir á því í þriðja lagi að 2. máls. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 fari í bága við 72. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944, og því beri að víkja því til hliðar. Til lánsins hafi verið stofnað fyrir gildistöku ákvæðis gjaldþrotalaga um tveggja ára fyrningarfrest, lög nr. 142/2010. Þessu til stuðnings vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar frá 25. nóvember 2010 í máli nr. 274/2010. Í því máli taldi Hæstiréttur að með 3. mgr. 9. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009, sbr. 12. gr. laganna, hafi verið kveðið á um brottfall ábyrgða, sem til hafði verið stofnað fyrir gildistöku þeirra, án tillits til þess hver greiðslugeta ábyrgðarmanna væri. Kröfuréttur kröfuhafa á hendur ábyrgðarmönnum nyti verndar 72. gr. stjórnarskrár og þau réttindi yrðu ekki skert án bóta með afturvirkri íþyngjandi löggjöf. Kröfuréttur stefnda málsins á hendur áfrýjendum var talinn njóta verndar 72. gr. stjórnarskrár. Varnaraðili telur að umræddur dómi sé fordæmi í umræddu máli.

Varnaraðili byggir að lokum á því að engin innheimta sé í gangi á hendur sóknaraðila heldur eingöngu á veðsala lánsins. Veðsalar lánsins séu ekki aðilar að máli þessu. Varnaraðili hefur hafnað því að fella niður innheimtuaðgerðir á hendur veðsölum, þar sem varnaraðili telur kröfu sína á hendur þeim ekki fyrnda. Jafnframt vísar varnaraðili til 27. gr. laga nr. 150/2007.

V.

Athugasemdir sóknaraðila.

Af hálfu sóknaraðila er málatilbúnaði varnaraðila, að kröfugerð sóknaraðila sé óljós og óskýr sem og fullyrðing varnaraðila að engin innheimta sé í gangi á hendur varnaraðila, alfarið hafnað.

Sóknaraðili telur að kröfugerð hans sé í senn skýr og einföld. Sóknaraðili fer fram á að varnaraðili viðurkenni að kröfur hans vegna láns nr. Y, séu fyrndar og að bankinn stöðvi frekari innheimtuaðgerðir á hendur sóknaraðila vegna framangreinds láns. Sóknaraðili telur að um viðurkenningarkröfu sé að ræða, sem verði ekki útskýrð með frekari hætti.

Að mati sóknaraðila eru fullyrðingar varnaraðila um engin innheimta sé í gangi á hendur sóknaraðila „*rakalaus ósannindi*“. Sóknaraðili telur varnaraðila hafa beint kröfum sínum að sóknaraðila í a.m.k. sjö mismunandi bréfum sem hafa verið send á lögheimili sóknaraðila. Umrædd bréf eru dagsett 6. ágúst 2014, 8. ágúst 2014, 11. ágúst 2014, 28. ágúst 2014, 1. september 2014, 11. september 2014 og 1. október 2014. Þá hafi lögmaður varnaraðila, staðfest í tölvupósti til sóknaraðila þann 28. október 2014, að málið hafi verið „skráð í lögfræðilega innheimtu“.

Í ljósi þess telur sóknaraðili yfir allan vafa hafið að varnaraðili hafi beint kröfum sínum að sóknaraðila. Þar af leiðandi telur sóknaraðili að nefndinni beri að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Í varakröfu varnaraðila eru tilteknaðar þrjár málsástæður, sem varnaraðili telur renna stöðum undir kröfu sína þess efnis að hafna beri málatilbúnaði sóknaraðila.

Í fyrsta lagi hafi varnaraðili byggt varakröfu sína á því að krafa hans á hendur sóknaraðila sé ekki fyrnd. Varnaraðili byggir annars vegar á ákvæðum 14. og 20. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, og hins vegar á dómi Hæstaréttar í máli nr. 247/2013.

Lög um fyrningu kröfuréttinda hafi tekið gildi 1. janúar 2008. Samkvæmt gildistökuákvæði 28. gr. laganna gilda lög in einvörðungu um þær kröfur sem hafi

stofnast eftir það tímamark. Útgáfudagur umþrætts láns nr. Y var 13. maí 2006 og hafi krafan því stofnast fyrir gildistöku laganna.

Óháð því hvort lög nr. 150/2007 eða eldri lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 hafi verið í gildi á framangreindum tíma, sé ljóst að fyrningartíma krafna hafi verið breytt þann 17. desember 2010. Þá hafi Alþingi samþykkt sérlög nr. 142/2010, sem tóku sérstaklega til fyrningartíma krafna eftir að einstaklingar yrðu gjaldþrota. Þannig hafi almennur fyrningartími krafna á hendur gjaldþrota einstaklingum, sem annars var kveðið á um í lögum 150/2007 eða 14/1905, verið stytur niður í 2 ár frá skiptalokum. Nýju lögin nr. 142/2010, sem tóku gildi 29. desember 2010, séu í senn yngri og sértækari en eldri lög, enda hafi kveðið aðeins sérstaklega og einvörðungu á um fyrningartíma einstaklinga sem hafa misst forræði á búi sínu. Þannig telur sóknaraðili ljóst að meginreglur laga um að nýrri lög gangi framur eldri lögum, sem og reglan um að sérlög gangi framur almennum reglum gilda í þessu máli.

Á fyrningartímanum, það er frá skiptalokum 23. júlí 2012 til 23. júlí 2014, hafi sóknaraðili borið ábyrgð á greiðslu kröfunnar, sbr. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991. Þeir greiðsluseðlar sem varnaraðili hafði sent sóknaraðila á þeim tíma höfðu verið greiddir í samræmi við það. Sóknaraðili telur að engu hafi breytt um fyrningartíma kröfunnar þó að varnaraðili hafi kosið að krefja sóknaraðila um greiðslu einstakra afborgana en ekki höfuðstól lánsins alls, þegar bú sóknaraðila hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, svo sem varnaraðila hefði verið heimilt að gera, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 hafi fyrningu krafna á hendur einstaklingum sem hafa farið í gegnum gjaldþrot „*áðeins slitið á ný með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum*“. Að mati sóknaraðila tekur framangreint ákvæði því af öll tvímæli með það að greiðslur afborgana á fyrningartímanum hafi ekki leitt til þess að fyrningu hafi verið slitið, hvort heldur litið til 14. og 20. gr. laga nr. 150/2007 eða samsvarandi ákvæðis í 6. gr. laga nr. 14/1905.

Sóknaraðili telur ómögulegt að fallast á túlkun varnaraðila hvað varðar dómafordæmi sem varnaraðili hefur nefnt til stuðnings málatilbúnaði sínum. Í umræddum dómi nr. 247/2013 var fjallað um kærsmål vegna aðfarargerðar á hendur þrotamanni. Í málinu hafði Innheimtustofnun sveitarfélaga krafist aðfarar hjá föður vegna ógreiddra meðlaga. Í dómi Hæstaréttar var þess sérstaklega getið að Innheimtustofnunin hafði heimild til þess að „*fá gert fjárnám til tryggingar þeim hluta kröfunnar sem tekur til barnsmeðlaga frá því að skiptum á búi varnaraðila lauk og til ágúst 2012.*“ Með þessum orðum taldi Hæstiréttur ekkert því til fyrirstöðu að gert væri fjárnám fyrir kröfu sem myndaðist á hendur umræddum þrotamanni eftir að gjaldþrotaskiptum á búi hans lauk.

Krafan sem sóknaraðili hefur krafist að varnaraðili viðurkenni að sé fyrnd, hafi öll myndast áður en bú sóknaraðila hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta þann 21. september 2011. Í dómi Hæstaréttar nr. 247/2013 er fjallað um kröfu sem myndaðist á hendur þrotamanni eftir uppkvaðningu gjaldþrotáurskurðar. Að mati sóknaraðila sé því um gjörólík mál sem séu að mati sóknaraðila ekki á nokkurn hátt sambærileg. Því telur sóknaraðili að dómur Hæstaréttar nr. 247/2013 sé ótækt fordæmi í fyrirliggjandi máli.

Í öðru lagi byggir varnaraðili varakröfu sína á því að 3. ml. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 eigi ekki við þegar tryggingarréttindi séu fyrir kröfunni. Í tilvitnuðum málslið segir: „*Hafi kröfuhafi fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en frestur skv. 2. mgr. var á enda fyrnist krafa hans þó ekki að*

Því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna þeirra tryggingarréttinda“. Varnaraðili telur að þetta „*eigi einnig við um þá aðstöðu þegar kröfuhafi hefur tryggingarréttindi í eign þriðja manns“*.

Að mati sóknaraðila verður ekki séð að framangreind túlkun varnaraðila eigi sér nokkurn stuðning í tilvitnuðum 2. ml. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, þar sem sérstaklega er tiltekið að ákvæðið taki til tryggingarréttinda sem kröfuhafi fær „*fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins“*. Sóknaraðili telur að óumdeilt sé í þessu máli að krafa varnaraðila sé tryggð með veði í eign þriðja aðila og því algjörlega ótækt að mati sóknaraðila að varnaraðili hafi teygt 3. ml. 2. mgr. 165. gr. laganna svo langt að að ákvæðið eigi að taka nú yfir eignir þriðja manns. Í frumvarpi breytingarlaga nr. 142/2010, sem bætti 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, að 3. ml. 2. mgr. 165. gr. laganna, segir að ákvæðið taki aðeins til þeirra eigna sem „*skuldari eignast á þessu tveggja ára tímabili“* sem líður frá skiptalokum og þar til krafan fyrnist. Að mati sóknaraðila sé því jafnframt óumdeilt að sóknaraðili hafi ekki eignast þá fasteign, sem stóð til tryggingar hinu umþrætta og nú fyrnda láni nr. Y, hvorki frá 23. júlí 2012 til 23. júlí 2014, né eftir það tímamark.

Í þriðja lagi byggir varnaraðili kröfur sínar á því að 2. ml. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 brjóti í bága við 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og beri því að víkja lagaákvæðinu til hliðar. Sóknaraðili telur ómögulegt að fallast á þetta sjónarmið varnaraðila. Ákvæði 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 takmarkast af ákvæði 3. mgr. 165. gr. laganna, sem kveður á um hvaða réttarúrræðum kröfuhafar geta beitt til þess að tryggja að eignarréttindi þeirra fari ekki forgörðum. Í 3. mgr. 165. gr. laganna er kveðið á um að kröfuhafi geti slitið fyrningu krafna með því að höfða mál á hendur þrotamanninum innan tveggja ára tímabilsins sem líður frá skiptalokum og þar til krafan fyrnist. Fallist dómstóll á sjónarmið kröfuhafa gilda almennar fyrningarreglur um fyrningu kröfunnar.

Að mati sóknaraðila hafi varnaraðili ekki gert tilraun til þess að rjúfa þann tveggja ára fyrningarfrést sem um kröfuna hafi gilt. Þó hafi varnaraðili verið grandvís um að bú sóknaraðila hafi verið tekið til gjaldprotaskipta, svo sem sjá má af því að bankinn hafði lýst kröfu í bú sóknaraðila. Því telur sóknaraðili að varnaraðili hafi haft fullt tækifæri til þess að vernda eignarrétt sinn og tryggja að hann félli ekki niður, en hafi sýnt því fullkomið tómlæti með því að bregðast ekki við innan lögmæltra tímamarka, 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991.

Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur ítrekað verið fjallað um þær skyldur sem lagðar eru á herðar kröfuhafa vilji þeir viðhalda eignarrétti sínum eða forgangsrétti þegar það kemur að gjaldprotaskiptum viðskiptamanna þeirra. Þannig er m.a. kveðið á um það í 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 að kröfuhafar þrotamanna geti viðhaldið forgangsrétti krafna sinna sem eru eldri en ákvæði 1. mgr. 112. gr. laganna kveður á um, ef mál hefur verið höfðað til heimtu kröfunnar innan sex mánaða frá gjalddaga og dómur hefur gengið um kröfuna á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag eða síðar. Sóknaraðili vísar til dóms Hæstaréttar nr. 150/1986, þar sem því var hafnað að lögtak vegna kröfu væri ígildi dóms og forgangsrétti hafnað þar sem liðið hafði of langur tími frá gjalddaga og fram að skiptum. Þá var fjallað um hvernig aðgerðarleysi kröfuhafa gæti orðið til þess að krafa glattist fyrir sakir vanlýsingar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 459/2011. Í því máli rétt eins og í fyrirliggjandi máli, brást kröfuhafi of seint við til þess að viðhalda réttindum sínum gagnvart lántakanda og féll krafan því niður.

Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar 274/2010. Sóknaraðili telur að ekki verði séð að hægt sé að túlka þann dóm með þeim hætti að hann veiti leiðbeiningar um hvernig taka skuli á því álitafni sem hér reynir á. Í dóminum reyndi á gildi

þágildandi 3. mgr. 9. gr., sbr. 12. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009, en ákvæðið kvað á um brottfall ábyrgða, sem hafði verið stofnað til fyrir gildistöku laganna, án tillits til greiðslugetu ábyrgðarmannanna. Ákvæðið hljóðaði svo: „*Nauðasamningur eða önnur eftirgjöf sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka hefur sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.*“

Á framangreindu ákvæði, sem Hæstiréttur taldi í dómi nr. 274/2010 að væri að vettugi virðandi, og þeim lagaákvæðum sem sóknaraðili byggir kröfur sínar á hendur varnaraðila fyrir nefndinni, sé grundvallarmunur að mati sóknaraðila. Munurinn felst í því að ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2009 hafi gert kröfuhöfum ókleyft að viðhalda kröfum sínum á hendur ábyrgðarmönnum lántakenda, í kjölfar nauðasamnings lántakanda. Sérstakt fyrningarákvæði 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 sé gjörólíkt brottföllnu ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2009 að því leyti, að fyrningarfrestur 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 takmarkast af 3. mgr. 165. gr. laganna.

Sóknaraðili heldur því fram að fyrning sé dæmi um hvernig aðgerðarleysi getur haft áhrif að lögum. Því þegar krafa er gjaldkræf, eða þegar kröfuhafi á fyrst rétt til efnda, byrjar fyrningarfrestur að líða. Í fyrirbyggjandi máli var það eigi síðar en við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti sóknaraðila þann 21. september 2011, en skv. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991 falla allar kröfur sjálfkrafa í gjaldþrot við uppkvaðningu gjaldþrotáúrskurðar. Þar sem ekkert hafði verið gert af hálfu varnaraðila og fyrningarfrestur leið á þeim tveimur árum sem liðu frá skiptalokum, hafi krafan þannig fyrnst og varnaraðili hafi því misst af þeim réttindum sem krafa varnaraðila hljóðaði upp á. Að mati sóknaraðila sé óumdeilt í skuldaskilarétti að kröfuhafi verði sjálfur að gera þær ráðstafanir sem þörf sé á til þess að krafa hans fyrnist ekki að lögum. Fyrningin hafi því alfarið verið á ábyrgð varnaraðila. Sú staðreynd að mati sóknaraðila, að varnaraðili hafi kosið að láta undir höfuð leggja að grípa til ráðstafana til þess að vernda eignarrétt sinn og komast hjá brottfalli hans, hafi ekki í för með sér að brotið hafi verið gegn eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Að lokum vill sóknaraðili koma því á framfæri að málatilbúnaður varnaraðila þess efnis að ákvæði 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 brjóti í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar hafi vakið nokkra furðu hjá honum. Þegar lagafrumvarp um styttingu fyrningarfrest í kjölfar gjaldþrotaskipta var til umfjöllunar hjá Allsherjarnefnd Alþingis hafi löggjafanum borist erindi frá Samtökum fjármálafyrirtækja, en varnaraðili er aðili samtakanna og erindið því m.a. sent inn fyrir hönd bankans. Í erindi SFF hafi samtökin lýst yfir ánægju með styttingu fyrningarfrest og töldu „*áhrif breytingarinnar jákvæð fyrir einstaklinga sem teknir eru til gjaldþrotaskipta*“. Hvergi hafi verið einu orðið hreyft við því að breytingin kynni að hafa í för með sér að eignarréttindi fjármálafyrirtækja yrðu skert með nokkru móti. Þessu hafði hins vegar verið öfugt farið þegar SFF sendu inn erindi til umsagnar um frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, þar sem fyrirhugðum lögum hafði verið harðlega mótmælt, sér í lagi umræddri og fyrirhugaðri 3. mgr. 9. gr. laganna.

Í ljósi framangreinds telur sóknaraðili að það sé kveðið við nokkuð holan hljóm þegar varnaraðili hefur lýst sig andsnúinn núgilandi fyrningarákvæði 165. gr. laga nr. 21/1991, rúmum fjórum árum eftir að lögin hafi verið sett og þegar á umrædda réttarbót fyrir einstaklinga loks reynir.

Í niðurlagi bréfs varnaraðila séu að mati sóknaraðila tíunduð þau ósannindi sem upp voru borin í upphafi bréfs varnaraðila um að „*engin innheimta*“ sé í gangi á hendur sóknaraðila.

Í athugasemdum varnaraðila kemur eftirfarandi fram: „*varnaraðili hafnar því að fella niður innheimtuaðgerðir á hendur [veðsölum] þar sem hann telur kröfu sína á hendur þeim ekki fyrnda*“. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi enga sjálfstæða kröfu á hendur veðsölum lánsins, enda sé krafan á hendur aðalskuldara fyrnd. Í 24. gr. laga nr. 150/2007 er kveðið á um að með fyrningu glati kröfuhafi rétti sínum til efnda. Sambærileg meginregla hafi verið í gildi í gildistíð laga nr. 14/1905. Þar sem krafan sé niðurfallin stendur veðið ekki lengur til tryggingar kröfunni og varnaraðila því ókleift að halda innheimtuaðgerðum sínum áfram, hvort heldur sé á hendur sóknaraðila eða veðsölum lánsins sem nú sé fyrnt.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að fyrningu á skuldabréfi nr. Y, gefið út af sóknaraðila til forvera varnaraðila, og tryggt með veði í eign A, og B, að C, vegna gjaldþrotaskipta sóknaraðila. Eins og kröfugerð þessari er háttað er ekki fjallað um gildi veðréttar.

Varnaraðili krefst þess að máli þessu verði vísað frá nefndinni á grundvelli þess að krafa sóknaraðila sé mjög óljós og óskýr, þar sem varnaraðili telur að engin innheimta sé í gangi á hendur sóknaraðila vegna umrædds láns, heldur einungis á hendur veðsölum lánsins og vísar þannig til 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar.

Ekki verður fallist á krafa sóknaraðila sé óskýr eða óljós þar sem sakarefnið virðist liggja nægilega skýrt fyrir í þessu máli til að unnt sé að taka afstöðu til þess. Einnig virðist ágreiningur málsins liggja skýrt fyrir í þessu máli, þ.e. að sóknaraðili telur kröfu varnaraðila vegna skuldabréfs nr. Y, vera fyrnda. Krafa sóknaraðila er studd gögnum þess efnis að varnaraðili hafi reynt að innheimta umrætt lán hjá sóknaraðila og því verður ekki fallist á málsástæðu varnaraðila að innheimta sé ekki í gangi á hendur sóknaraðila, heldur eingöngu veðsölum. Verður frávisunarkröfu varnaraðila því hafnað.

Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað og vísar í fyrsta lagi til þess að fyrning umræddrar kröfu hafi verið slitið.

Þegar krafa er gjaldkræf, eða þegar kröfuhafi á fyrst rétt til efnda, byrjar fyrningarfrestur að líða. Í fyrirbyggjandi máli var það eigi síðar en við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti sóknaraðila þann 21. september 2011, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Lög nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, voru í gildi þar til lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 tóku gildi 1. janúar 2008. Samkvæmt 28. gr. síðarnefndra laga gilda þau eingöngu um þær kröfur sem stofnuðust eftir það tímamark. Ljóst er að útgáfudagur umrædds láns var 13. maí 2006, og því hafi krafan stofnast fyrir gildistöku laganna.

Varnaraðili telur að slit hafi verið á fyrningu samkvæmt 14. gr. laga nr. 150/2007. Í ákvæðinu segir að „*þegar skuldari hefur gagnvart kröfuhafa beinlínis eða með atferli sínu viðurkennt skylduna, svo sem með loforði um greiðslu eða með því að greiða afborgun höfuðstóls, verðbætur eða vexti*“. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi greitt af umræddu skuldabréfi eftir að úrskurður um gjaldþrotaskipti hafi átt sér stað.

Lög nr. 142/2010 um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti, tóku gildi þann 22. desember 2010 og var með lögnum fyrningartíma krafna breytt. Sóknaraðili byggir á því að lögin séu nýrri en lög nr. 150/2007 og gangi því framur þeim, sem og að reglan um að sérlög gangi framur almennum reglum, gildi í þessu máli. Með breytingarlögum var fyrningartími krafna á hendur gjaldþrota einstaklingum stytur í 2 ár frá skiptalokum. Því er ljóst að frá skiptalokum sóknaraðila, þann 23. júlí 2012 til 23. júlí 2014, bar sóknaraðili ábyrgð á greiðslu kröfunnar, sbr. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 og samkvæmt gögnum sem liggja fyrir var krafan greidd af sóknaraðila á því tímabili.

Samkvæmt 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 verður kröfu á hendur einstaklingum sem hafa farið í gegnum gjaldþrot „*áðeins slitið á ný með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarlitum gagnvart honum.*“

Ekki er fallist á að dómur Hæstaréttar í máli nr. 247/2013 hafi fordæmisgildi þar sem krafa sóknaraðila í þessu máli myndaðist öll áður en bú sóknaraðila hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta þann 21. september 2011. Í dómi þessum er fjallað um kröfu sem myndaðist á hendur þrotamanni eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar og því ekki um sambærileg atvik og í þessu máli.

Ljóst er að varnaraðili höfðaði ekki mál á hendur þrotamanni skv. 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 og verður því ekki fallist á kröfu varnaraðila þess efnis að fyrningu hafi verið slitið, sbr. 14. og 20. gr. laga nr. 150/2007 eða samsvarandi ákvæðis í 6. gr. laga nr. 14/1905.

Í öðru lagi vísar varnaraðili til þess að ákvæði 2. máls. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., eigi ekki við þegar tryggingarréttindi eru fyrir kröfunni skv. 3. ml. 2. mgr. 165. gr. sömu laga. Í 3. ml. 2. mgr. 165. gr. laganna segir: „*Hafi kröfuhafi fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en frestur skv. 2. mgr. var á enda fyrnist krafa hans þó ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna þeirra tryggingarréttinda.*“ Af þessu verður því að telja að ákvæðið taki því aðeins til þeirra eigna sem „*skuldari eignast á þessu tveggja ára tímabili*“ sem liður frá skiptalokum og þar til krafan fyrnist.

Það verður að telja óumdeilt í málinu að varnaraðili er með veð í eign þriðja aðila, þ.e. A og B, vegna skuldabréfs sóknaraðila. Því er ljóst að varnaraðili hefur tryggingarréttindi í eign þriðja manns, en ekki í eign sóknaraðila. Sóknaraðili hefur ekki eignast veðsettu eignina, hvorki frá 23. júlí 2012 til 23. júlí 2014, né eftir það tímamark. Því verður ekki fallist á málsástæðu varnaraðila þess efnis, þar sem ákvæði 165. gr. laga nr. 21/1991 er skýrt þar sem kveðið er á um eignir sem skuldari eignast.

Að lokum verður ekki fallist á málsástæðu varnaraðila þess efnis að 2. máls. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 fari í bága við 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Í 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að eignarétturinn sé friðhelgur og engan megi skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji, en til þess þurfi lagafyrirmæli og fullt verð.

Ákvæði 2. máls. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 var samþykkt á Alþingi þann 17. desember og sett með lögum nr. 142/2010. Breytingin á ákvæðinu var til þess fallin að auðvelda þeim einstaklingum, sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta, en bera áfram ábyrgð á skuldum sem ekki hafa fengist greiddar við gjaldþrotaskiptin, að koma fjármálum sínum á réttan kjöl.

Ekki er fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 274/2010 hafi fordæmisgildi í máli því sem nú er til úrlausnar. Í dómnum var kveðið á um brottfall ábyrgða, 3. mgr. 9. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009, sbr. 12. gr. laganna, sem til

hafði verið stofnað fyrir gildistöku þeirra, án tillits til þess hver greiðslugeta ábyrgðarmanna væri. Verður að telja að ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2009 og 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 séu ólík að því leyti að 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 er sérstakt fyrningarákvæði sem takmarkast af 3. mgr. 165. gr. 21/1991.

Þar sem lög nr. 142/2010 voru sett til breytingar og lagafyrirmæli til staðar verður kröfu varnaraðila hafnað.

Af öllu framangreindu verður því talið að varnaraðili hafi ekki haldið uppi kröfu sinni á hendur sóknaraðila að liðnum þeim tveimur árum frá gjaldþrotaskiptum. Ekki verður fallist á að kröfunni hafi verið slitið skv. 14. gr. laga nr. 150/2007 né að 2. másl. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 eigi við um tryggingaréttindi þriðja manns, þ.e. veðsala lánsins. Einnig er kröfu varnaraðila þess efnis að ákvæði 2. másl. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 fari í bága við 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, hafnað. Því verður fallist á kröfu sóknaraðila þess efnis að fyrningarfrestur hafi liðið á tveimur árum sem liðu frá skiptalokum. Krafa varnaraðila vegna skuldabréfs sóknaraðila, nr. Y, er því fyrnd að lögum.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fallist er á kröfu sóknaraðila, M, að krafa varnaraðila, F, vegna skuldabréfs nr. Y, sé fyrnd.

Reykjavík, 20. mars 2015.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 3. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 104/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni dags. 11. nóvember 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. 23. október 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 14. nóvember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 11. desember 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar dags. 12. desember 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 30. desember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar dags. 27. febrúar og 3. mars 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 26. maí 2005 gaf A út skuldabréf nr. X, að höfuðstóli kr. 6.000.000, til FF. Varnaraðili hefur nú yfirtekið réttindi og skyldur FF. samkvæmt skuldabréfinu. Til tryggingar réttum efndum lánsins setti sóknaraðili fasteign sína að B að veði.

Neðst á veðskuldabréfið er rituð svofelld yfirlýsing. „*Veðsali staðfestir hér með undirritun sinni að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings [FF] um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.*“ Undir þessa yfirlýsingu ritaði sóknaraðili ekki, heldur eingöngu undir yfirlýsingu um veðsetninguna sjálfa.

Í tengslum við lántökuna var framkvæmt greiðslumat sem reyndist jákvætt. Liggja fyrir tvö skjöl vegna matsins. Í fyrsta lagi skjalið „Forsendur fasteignalánamats“ sem dags. er 24. maí 2005. Þar kemur fram að láninu verði nær öllu varið til að greiða upp allar eldri skuldir lántaka, sem tiltekna eru í skjalinu. Útborguð mánaðarlaun hans séu kr. 267.000, en framfærslukostnaður á mánuði kr. 63.070. Í öðru lagi skjalið „Niðurstöður fasteignalánamats“ þar sem sömu upplýsingar eru dregnar saman og tiltekið að áætluð greiðslugeta lántakans án tillits til skulda sé kr. 203.930, en greiðslubyrði lána sem ekki verði greidd upp sé 0 kr. og greiðslubyrði nýs láns sé kr. 25.706 á mánuði. Er áætluð greiðslugeta lántakans að teknu tilliti til alls þessa kr. 178.224. Er niðurstaðan sú að „fjármögnun telst takast“. Undir þetta skjal ritar lántakinn, en ekki er gert ráð fyrir öðrum undirritunum á því.

Í samræmi við 4 gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001, gaf varnaraðili út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir

Í september 2009 átti sér stað breyting á greiðsluskilmálum veðskuldabréfsins í kjölfar greiðsluerfiðleika lántaka og þann 26. ágúst 2014 barst málskotsaðila greiðsluáskorun varnaraðila vegna vanskila á fyrrgreindu skuldabréfi, en lántaki var lýstur gjaldþrota í ársbyrjun 2012. Þann 3. október 2014 synjaði varnaraðili erindi sóknaraðila um afléttingu veðsins á þeim grundvelli að greiðslugeta lántaka hafi verið jákvæð í niðurstöðu fasteignalánamats.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógilt verði veðsetning á 4. veðrétti í fasteigninni B. Veðið var sett til tryggingar skuld sonar hans, A, samkvæmt veðskuldabréfi nr. X, að höfuðstóli kr. 6.000.000. Þess er krafist að úrskurðað verði að allar skuldbindingar sóknaraðila samkvæmt veðskuldabréfinu skuli úr gildi felldar.

Sóknaraðili telur að ekki hafi verið gætt réttra aðferða af hálfu varnaraðila við lánveitingu til sonar hans í maí 2005 og að varnaraðili hafi ekki gætt ákvæða Samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001.

Sóknaraðili bendir á að skv. 2. ml. 2. gr. samkomulagsins frá 1. nóvember 2001 gildi ákvæði þess um „lánsveð”, eins og það sem á reynir í máli þessu.

Jafnframt bendir sóknaraðili á að samkvæmt 4. gr. samkomulagsins beri lánastofnunum að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og dreifa með þeim skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum. Þrátt fyrir að varnaraðili hafi gefið út slíkan bækling, hafi þess ekki verið gætt að ábyrgðaraðila væri kynntur bæklingurinn áður en hann gekkst í ábyrgð. Á þessu ákvæði hafi verið hnykket í fyrrgreindu veðskuldabréfi með sérstakri áritun á baklið þess, þar sem þess var sérstaklega krafist að væri um lánsveð að ræða skyldi lánsveðsveitandinn staðfesta með sérstakri undirskrift sinni, til viðbótar undirskrift sinni undir veðskuldabréfið sjálft að hann hefði kynnt sér efni upplýsingabæklingsins. Sóknaraðili hafi ekki undirritað sérstaklega þessa yfirlýsingu og skuldabréfinu hafi verið þinglýst án þess að sú undirskrift ætti sér stað. Þá byggir sóknaraðili kröfur sínar einnig á því að honum hafi ekki verið kynntar forsendur né niðurstöður fasteignalánamats, sem fór fram tveimur dögum fyrir undirritun veðskuldabréfsins. Sóknaraðili bendir einnig á að í 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins segir: „Tryggt skal að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöður greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina...” Telur hann sýnt að varnaraðili hafi ekki séð til þess að það væri tryggt, þrátt fyrir þetta afdráttarlausa ákvæði. Þá hafi hvergi í skuldabréfinu verið vikið að mati á greiðslugetu skuldara.

Í september 2009 hafi farið fram breyting á greiðsluskilmálum veðskuldabréfsins þar sem lántaki gekkst undir greiðsluerfiðleikamat og sóknaraðili undirritaði forsendur greiðsluerfiðleikamatsins. Sóknaraðili bendir ennfremur á að þrátt fyrir að það lægi fyrir á upprunalega skuldabréfinu að vanrækt hefði verið að kynna honum þessar upplýsingar við upphaflegu lántökuna, hafi varnaraðili ekki kynnt honum upplýsingar bankans til ábyrgðaraðila sbr. 4. gr. samkomulagsins. Þá hafi sóknaraðila borist greiðsluáskorun frá varnaraðila þann 28. ágúst 2014 vegna vanskila á skuldabréfinu, en lántaki hafi verið lýstur gjaldþrota í ársbyrjun 2012. Greitt hafði verið af skuldabréfinu fram til vordaga 2014, þegar innheimtu virtist hætt.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi brotið gegn ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2011 og því beri að fallast á kröfur hans og ógilda framangreinda veðsetningu í fasteign hans. Byggir sóknaraðili

kröfu sína einnig á ákvæðum 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð umboð og ógilda löggæringa, þar sem varnaraðili, sem atvinnufyrirtæki og sérfræðingur á lánamarkaði hafi ekki uppfyllt skyldur sínar um að upplýsa ábyrgðarmann með lög- og samningsbundnum hætti um stöðu sína.

Sóknaraðili mótmælir yfirlýsingu varnaraðila þess efnis að upplýsingabæklingur hafi í öllum tilvikum verið afhentur ábyrgðarmönnum að lánum. Í tilviki sóknaraðila sé það rangt. Varnaraðili hafi ekki gætt þess að kærandi fengi afhentan upplýsingabækling um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna og þar af leiðandi hafi honum ekki verið kynntar reglurnar um ábyrgðarmenn. Af þeirri ástæðu hafi hann ekki undirritað skuldabréfið á þar til gerða línu til staðfestingar því að hann hefði kynnt sér upplýsingabæklinginn. Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi mátt vera ljóst, áður en hann veitti lánið, að ábyrgðarmanni höfðu ekki verið kynnt réttindi hans og skyldur svo sem samkomulagið frá 1. nóvember 2001 hljóðaði um. Því hafi varnaraðila borið, þegar af þeirri ástæðu, að sjá til þess að honum yrði afhentur bæklingurinn með sannanlegum hætti og að lánið yrði ekki afgreitt fyrir en kærandi hefði undirritað skuldabréfið um það að honum hafi verið kynnt réttindi og skyldur ábyrgðarmanna og aðrar forsendur lánveitingarinnar. Til þess hafi samkomulag lánastofnana frá 1. nóvember 2011 verið gert, að tryggja það meðal annars að ábyrgðarmenn staðfestu með formlegum hætti að þeim væru réttindi sín og skyldur ljósar við lántöku.

Hvað varðar lántöku þá sem varnaraðili fjallar um, frá 13. febrúar 2001, þar sem sóknaraðili undirritaði yfirlýsingu þess efnis að hann hefði kynnt sér bækling um ábyrgðarmenn, bendir sóknaraðili á að sá grundvallarmunur sé á þeirri lántöku og lántöku þeirri sem um ræðir í þessu máli að hið fyrra lán hafi verið gefið út fyrir gildistöku samkomulags banka og sparisjóða um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Þær reglur voru staðfestar níu mánuðum eftir lántökuna, eða þann 1. nóvember 2001. Sóknaraðila hafi ekki verið kynntar skyldur ábyrgðarmanna við töku þessa láns sem hér er til meðferðar, og varða skuldabréf nr. X, sem útgefið var þann 25. maí 2005 og um gilda reglurnar frá 1. nóvember 2001 og þegar af þeirri ástæðu telur sóknaraðili að varnaraðili hafi brugðist skyldum sínum og veitt lán, án þess að gæta þess að bankinn hafi sjálfur farið að þeim reglum sem hann hafði undirgengist að hlíta.

Hvað varðar yfirlýsingu varnaraðila þess efnis að krafa málsins sé fallin niður vegna tómlætis tekur sóknaraðili það fram að hann líti ekki á það sem tómlæti af sinni hálfu að leita nú til úrskurðarnefndarinnar til þess að fá skorið úr um skyldur sínar. Lánastofnun sækir nú að honum vegna stöðu hans sem ábyrgðarmanns [svo] að láni og geti neytt réttar síns til þess að fá fasteign hans selda á nauðungaruppboði til þess að fullnusta skuldina. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi sett alla skilmála varðandi lánveitinguna og stöðu ábyrgðarmanna og að varnaraðili hafi ekki gætt eigin reglna við lánveitinguna með því að fullnægja ekki ákvæðum samkomulagsins frá 1. nóvember 2011 um upplýsingar til ábyrgðarmanna. Því verði að líta til ákvæða 36. gr. samningalaga þegar staða samningsaðila sé metin. Telja megi að um forsendubrest sé að ræða varðandi ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila, þar sem að varnaraðili hafi ekki gætt réttra starfsreglna við lánveitinguna og þar af leiðandi sé ákveðinn forsendubrestur fyrir skuldbindingu ábyrgðarmannsins. Sóknaraðili bendir á að það sé í reynd kjarni máls þessa að bankinn hafi ekki farið að þeim reglum sem hann hafði sjálfur samþykkt þann 1. nóvember 2001 í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi haldið ábyrgðinni uppi á kæranda öll þessi ár, þrátt fyrir það að hafa ekki tekið tillit til þess að í lámsgögnum og á veðskuldabréfinu sjálfu hafi það legið skýrt fyrir, svo varnaraðila gat ekki dulist, að ekki hafði verið farið að hinum samþykktu reglum við lánveitinguna, þar sem ábyrgðarmanni hafði ekki verið kynntur bæklingurinn um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna. Sóknaraðili hafnar því að hann hafi sýnt af sér tómlæti varðandi sjálfskuldaábyrgðina. Varnaraðili sjálfur hafi gengið fram gegn betri vitund öll þessi ár og kafið sóknaraðila um að greiða af láni, sem bankanum, sem lánastofnun, sem samþykkt hafði sérstakar reglur um vernd ábyrgðarmanna, hafi allt frá lánveitingunni árið 2005 vítað að lánveiting var ekki í samræmi reglur bankans. Sóknaraðili bendir því á að varnaraðila hafi sjálfum borið að gangast í að fullnægja skyldum sínum og samþykktum reglum þegar eftir lánveitinguna og sjá til þess að sóknaraðili væri að fullu upplýstur svo sem reglur kveða á um. Því sé um tómlæti varnaraðila að ræða þar sem að hann hafi ekki gengið í það að leiðrétta forsendur lántökunnar strax og honum mátti vera þær ljósar, sem var fyrir lánveitinguna sjálfa árið 2005. Það hafi síðan verið á ábyrgð varnaraðila sem lánveitanda og þess aðila sem setti reglurnar í samskiptum aðila, hvort ábyrgðarmaðurinn staðfesti ábyrgð sína eða hafnaði henni síðan. Af því verður varnaraðili að bera hallann en ekki ábyrgðarmaður sbr. ákvæði 36. gr. samningalaga.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur í upphafi rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafa þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geta ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2010 í máli nr. 116/2010 en þar sem fram kom að „þótt fyrir liggi að sérstakt mat á greiðslugetu skuldara lánsins hafi ekki farið fram, eins og reglur samkomulagsins kveðu á um, hafi það í för með sér ógildi ábyrgðaryfirlýsingar áfrýjanda“. Þannig styrki niðurstaða dómsins afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áður nefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá vísar varnaraðili jafnframt til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 29. apríl 2011 í máli nr. 10/2011. Þar kom fram að þegar metið sé hvort að skortur á sönnun þess að sóknaraðili hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir eigi að leiða til þess að ábyrgð sóknaraðila verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 segir að við mat skv. 1. mgr. skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerð og atvika sem síðar komu til.

Varnaraðili áréttar að í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggi fyrir að greiðslumat var framkvæmt vegna lántöku skuldara þann 24. maí 2005 í samræmi við 3. gr. fyrrnefnds samkomulags. Greiðslumatið hafi verið jákvætt en niðurstaða þess hafi gefið til kynna að lántaki hefði mánaðarlega greiðslugetu að fjárhæð kr. 178.224,- eftir að gert hafði verið ráð fyrir greiðslu af veðskuldabréfinu. Lántaki taldist því vel greiðslufær á þeim tíma sem lánið var veitt.

Varnaraðili bendir á að enda þótt það hafi misfarist að fá sóknaraðila til að staðfesta með undirritun sinni á þar til gerða línu á bakhlið umrædds veðskuldabréfs að hann hefði kynnt sér efni upplýsingabæklings bankans um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, skuli tekið fram að umræddur upplýsingabæklingur hafi legið frammi í öllum útibúum bankans og í öllum tilvikum verið afhentur viðskiptavinum og ábyrgðarmönnum fyrir undirritanir skuldaviðurkenninga, tryggingarskjala, og ábyrgðaryfirlýsinga, líkt og á veðskuldabréfi því sem hér er til umfjöllunar. Í þessu sambandi bendir varnaraðili á að lántakinn A staðfesti með undirritun sinni á skjal merkt: „Niðurstöður fasteignalánamats” að hann hefði „kynnt sér efni upplýsingabæklings Landsbankans um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila”. Einnig staðfesti sóknaraðili með undirritun sinni á sömu hlið veðskuldabréfsins að hann sé samþykkur veðsetningunni sem þinglýstur eigandi veðsins. Jafnframt bendir varnaraðili á að andvirði umrædds veðskuldabréfs hafi m.a. verið ráðstafað til uppgreiðslu á skuldabréfi nr. Y sem var útgefið þann 13. febrúar 2001 af A, upphaflega að fjárhæð kr. 1.100.000, og tryggt með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila. Með undirritun sinni á skjal merkt: „Lánsúmsókn einstaklings”, dags. 9. febrúar 2001, staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni bæklingsins um persónuábyrgðir. Sóknaraðili hafi því þekkt efni upplýsingabæklingsins. Í ljósi framangreinds telur varnaraðili að líta verði svo á að með undirritun sinni á veðskuldabréfið hafi sóknaraðili ekki einvörðungu lýst sig samþykkjan umræddri veðsetningu sem veðsali heldur einnig staðfest að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, enda hefði honum verið í lófa lagið að gera sérstakan fyrirvara við undirritun sína á veðskuldabréfið þess efnis að hann hefði ekki séð upplýsingabæklinginn. Í því sambandi bendir varnaraðili á að á sömu hlið veðskuldabréfsins og sóknaraðili undirritaði kom skýrt fram með feitlettruðum orðum að hann hefði kynnt sér efni upplýsingabæklingsins, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 17. desember 2009 í máli nr. 162/2009.

Varðandi yfirlýsingu sóknaraðila þess efnis að honum hafi hvorki verið kynntar forsendur né niðurstöður greiðslumatsins í samræmi 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, bendir varnaraðili á að ákvæðið segi að tryggja skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Líkt og úrskurðanefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki staðfesti í úrskurði sínum frá 22. júní 2012 í máli nr. 53/2012 lýtur tilvísun þessa ákvæðis til samþykkis greiðanda á því að ábyrgðarmaður fái aðgang að fjárhagsupplýsingum um hann en ekki að greiðandi þurfi að samþykkja greiðslumatið. Þar sem greiðandi lánsins heimilaði með undirskrift sinni á skjal merkt: „Forsendur fasteignalánamats” að ábyrgðarmönnum yrðu veittar þær fjárhagsupplýsingar sem þar komu fram og lágu til grundvallar niðurstöðu könnunnar á greiðslugetu mótmælir varnaraðili því að sóknaraðili hafi ekki verið kynnt greiðslumatið með fullnægjandi hætti. Þess beri að geta að ákvæði 3. mgr. 4. gr., um neikvætt greiðslumat, sé eina ákvæði samkomulagsins sem kveði á um það að ábyrgðarmaður verði að staðfesta með undirritun sinni að hann hafi kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins. Í öðrum tilvikum skuli tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins, sem og hafi verið gert í þessu máli. Þá liggi fyrir, líkt og að framan greinir, að sóknaraðili þekkti efni upplýsingabæklingsins. Þar með átti honum að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið gert. Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar frá 7. mars 2013 í máli nr. 575/2012. Í málinu hafi verið uppi ágreiningur milli A og L hf. vegna veðsetningar sem A hafði veitt í fasteign sinni með

undirritun á skuldabréf sem útgefið hafði verið af hálfu þáverandi tengdasonar A til forvera L hf. Hæstiréttur taldi að með undirritun A á veðskuldabréfið hefði hann staðfest að hafa kynnt sér upplýsingabækling lánveitandans, en þar með hefði honum að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið gert. Með þeim hætti hefði matið verið kynnt A og það hefði verið undir honum sjálfum komið hvort hann óskaði eftir að sjá það áður en hann veitti samþykki fyrir veðsetningu fasteignar sinnar.

Hvað sem framangreindu líður telur varnaraðili ótrúverðuga þá fullyrðingu sóknaraðila að hann hafi ekki verið upplýstur um niðurstöðu greiðslumatsins. Hafi niðurstaða greiðslumats verið ákvörðunarástæða fyrir því að sóknaraðili samþykkti að gangast í ábyrgðina hafi honum borið að kynna sér niðurstöður matsins. Varnaraðili bendir á að það verði að teljast fremur ólíklegt að sóknaraðili hefði vikið sér undan því að gangast í umrædda ábyrgð hefði hann fengið nánari upplýsingar um niðurstöður greiðslumats áður en umrætt veðskuldabréf var undirritað enda um son sóknaraðila að ræða. Þá var greiðslumatið jákvætt og gaf til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi hvorki sýnt fram á að þær upplýsingar sem koma fram í greiðslumatinu hafi verið rangar né hvers vegna kynning á mati á greiðslugetu lántaka ætti að hafa breytt vilja sóknaraðila til að setja fasteign sína að veði til tryggingar á láninu. Markmið samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar yrðu miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans, sbr. 1. gr. samkomulagsins. Lánveiting sú sem hér um ræðir uppfyllti þetta markmið samkomulagsins enda var lánið veitt út á greiðslugetu greiðanda. Þá verði ekki séð að nokkuð hafi komið fram í greiðslumati lántaka sem hefði getað breytt afstöðu sóknaraðila til lánsveðsins, enda var greiðslumatið jákvætt og lánveiting því í samræmi við markmið samkomulagsins.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur varnaraðili að hann hafi í öllum meginatriðum farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og að meintir annmarkar sem nefndir eru í kvörtuninni eigi ekki að leiða til ógildingar framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar. Vísað er til niðurstöðu Hæstaréttar frá 6. desember 2012 í máli nr. 343/2012 um gildi lánsveðs. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna hans, komi fram að þótt að stefndi, sem var fjármálafyrirtæki, beri hallan af sönnunarskorti um að niðurstaða greiðslumats hafi verið kynnt ábyrgðarmanni áður en hann gekkst í ábyrgð, beri að líta til þess að niðurstaða umrædds mats á greiðslugetu skuldara hafi verið jákvæð og bent til þess að hann gæti staðið í skilum með afborganir af láninu. Í málinu hafi ekki verið talið að framangreindir annmarkar á upplýsingagjöf fjármálafyrirtækisins til ábyrgðarmanns hefðu gengið gegn markmiðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Að því virtu hafi ekki verið talið unnt að fallast á kröfu stefnanda um að fella úr gildi veðsetningu þá er stefnandi veitti í fasteign sinni í málinu.

Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á með málatilbúnaði sínum að það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að sóknaraðili sé bundinn við samþykki sitt fyrir veðsetningunni. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og vissi sóknaraðili og/eða mátti vita af því að það hefði verið framkvæmt. Þá hafði hann aðgang að því og gat því kynnt sér efni þess. Varnaraðili telur því að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, séu uppfyllt til að unnt sé að fallast á kröfu hans.

Varnaraðili telur auk framangreinds, kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar veðsetningar falla niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir umrætt veðskuldabréf sem veðsali 26. maí 2005 en hafi fyrst gert athugasemdir við ábyrgðina í október sl. eða rúmum níu áru eftir að sóknaraðili gekkst í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili ritað undir skilmálabreytingu á framangreindu veðskuldabréfi 3. nóvember 2009 án þess að gera athugasemdir við ábyrgð sína, meintan skort á á kynningu greiðslumats eða öðrum sem hann taldi að leitt gæti til þess að ábyrgð hans væri niður fallin. Þá hafi sóknaraðili einnig mótttekið bréf frá varnaraðila að jafnaði mánaðarlega frá 8. desember 2009 til 11. mars 2014 þar sem honum var tilkynnt um vanskil vegna umrædds veðskuldabréfs. Jafnframt hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 18. febrúar 2010, 1. janúar 2011, 1. janúar 2012, 5. janúar 2013 og 31. desember 2013, með yfirliti yfir ábyrgðir á skuldum annarra þar sem ábyrgð vegna umrædds veðskuldabréfs var tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið. Enn fremur liggi fyrir að sóknaraðili varð að minnsta kosti 29 sinnum við áskorun um greiðslu vanskila, fyrst 4. júní 2009 og síðast 17. mars sl. Með hliðsjón af greiðsluerfiðleikum A megi hinsvegar leiða líkum að því að sóknaraðili hafi greitt fleiri gjalddaga á tímabilinu enda þótt það hafi ekki verið skráð sérstaklega hverju sinni. Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi með framangreindri háttsemi sinni viðurkennt í verki að hann beri ábyrgð á greiðslu veðskuldabréfsins. Vísað er til dóms Hæstaréttar frá 7. mars 2013 í máli nr. 575/2012. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, sé sérstaklega tekið fram að ábyrgðaraðili hafði sýnt af sér tómlæti með því að hafa ekki uppi athugasemdir fyrr en sex árum eftir að hann gekkst í ábyrgðina.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili ábyrgðaryfirlýsingu þá sem sóknaraðili gekkst í til tryggingar á áðurnefndu veðskuldabréfi nr. X gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B, samkvæmt veðskuldabréfi nr. X.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. Forveri varnaraðila var eitt þessara aðildarfélaga og bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur veitir leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur fyrir að greiðslumat var framkvæmt vegna umræddrar lántöku árið 2005. Var niðurstaða greiðslumatsins jákvæð og taldist lántaki vel

greiðslufær á þeim tíma sem lánið var veitt. Ekki hafa verið lögð fyrir nefndina nein gögn um fjárhagsaðstæður skuldarans sem sýna fram á að greiðslumatið hafi verið rangt unnið, eða gera sennilegt að hann hefði með réttu ekki átt að standast greiðslumat samkvæmt þeim viðmiðunum sem lagðar eru til grundvallar í títtnefndu samkomulagi um notkun ábyrgðarskuldbindinga. Haggar það ekki þessari niðurstöðu að greiðslubyrði væntanlegs láns virðist töluvert vanáætluð. Hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna að fjölskylduaðstæður, tekjur, skuldastaða, eða önnur mikilvæg atriði séu röng í forsendum framangreinds greiðslumats.

Sóknaraðili byggir á því ekki hafi verið farið að ákvæðum 3. mgr. 4. gr. áðurnefnds samkomulags þar sem að honum hafi hvorki verið kynntar forsendur né niðurstöður fasteignalánamatsins. Fallast verður á það með sóknaraðila að það er ósannað að honum hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins.

Þegar metið er hvaða þýðingu það hafi fyrir gildi veðsetningarinnar að ekkert liggur fyrir um að varnaraðila hafi verið kynnt niðurstaðan, verður ekki horft fram hjá því að niðurstaða þess var jákvæð og afdráttarlaus. Hefur sóknaraðili ekki útskýrt hvaða áhrif það hefði haft á vilja hans til að gangast í ábyrgðina ef honum hefði verið kynnt afdráttarlaus niðurstaða greiðslumatsins um að lántakinn teldist fær um að greiða af láninu. Virðast hugsanleg vanhöld varnaraðila á því að efna skyldu sína til að kynna greiðslumatið því engu hafa skipt fyrir þá ákvörðun varnaraðila að gangast á ný í ábyrgð fyrir son sinn. Er í þessu ljósi ekki ósanngjarnt af varnaraðila, vegna þessara vanhalda, að bera veðsetninguna fyrir sig.

Í máli þessu liggur ekki fyrir að sóknaraðila hafi verið kynntur upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og veðsetningar í tengslum við umrædda lántöku, enda verður varnaraðili að bera hallann af því ekki hafi verið sýnt fram á annað. Í 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur fram að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabæklinga um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar. Í bæklingnum komi m.a. fram hvaða skyldur felist í ábyrgðinni, heimild ábyrgðarmanns til að segja ábyrgðinni upp, heimild hans til að óska eftir að greiðslumat verði ekki framkvæmt og heimild hans til að bera ágreiningsmál vegna ábyrgðarinnar undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki náist ekki sátt milli hans og fjármálafyrirtækisins, sbr. 1. mgr. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. staðfestir ábyrgðarmaður með undirritun lánsútsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir.

Ekki verða talin efni til þess að víkja hinni umþrættu veðsetningu til hliðar vegna þessa. Um var að ræða einfalda veðsetningu og fyrir liggur að sóknaraðili hafði áður gengist í ábyrgðir fyrir þennan sama son sinn og þá veitt viðtöku upplýsingabæklingum um ábyrgðir og veðsetningar, en efni þeirra hefur vart tekið þeim stakkaskiptum við gerð nýs samkomulags frá árinu 2001 að máli skipti. Var andvirði hins umdeilda veðskuldabréfs að verulegu leyti varið til uppgreiðslu þessara eldri skulda.

Þegar atvik eru metin í heild sinni virðist umrædd lánveiting hafa byggst á raunhæfu mati á því að lántakinn gæti að óbreyttu greitt lánið til baka. Það sem á skorti að uppfyllt væru öll ákvæði samkomulagsins frá 2001 virðist í raun engu máli hafa skipt fyrir veitingu ábyrgðarinnar. Verður því að hafna vísan sóknaraðila til 36. gr. samningalaganna, en án tilvísunar til lögfesta ógildingarheimilda verður veðsetningunni ekki vikið til hliðar.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðili, F, er hafnað.

Reykjavík, 3. mars 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 6. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 105/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 11. nóvember 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. 7. nóvember 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 14. nóvember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 11. desember 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 12. desember 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 19. desember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 6. mars 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 6. desember 2007, var fasteignin að A, keypt fyrir kr. 54.000.000. Kaupendur voru sóknaraðili að hlutfalli 80%, B að hlutfalli 10% og C að hlutfalli 10%. Sóknaraðili fékk lán hjá varnaraðila fyrir 47.000.000 kr., í erlendum myntum, fyrir kaupverði og til að standsetja eignina. Lánsamningurinn var nr. X, dags. 11. desember 2007. B og C staðgreiddu sinn hlut í kaupverðinu og við standsetninguna. Til tryggingar á láninu fékk varnaraðili 1. veðrétt í allri eigninni, þar með talið hlut B og C, og því til viðbótar tókust D og C á hendur 10.000.000 kr. sjálfskuldarábyrgð, in solidum.

Sóknaraðili virðist ekki hafa getað staðið að fullu við lánsamninginn í kjölfar hruns krónunnar og meðfylgjandi hækkunar á afborgunum. Aðilum ber ekki að fullu saman um samskipti sín vegna þessa, en fyrir liggur undirritað „Uppgjörs-samkomulag“ á milli aðila, dags. 13. desember 2010, þar sem fjallað er um uppgjör lánsamningsins. Þar kemur fram að skuldir og ábyrgðir sóknaraðila við varnaraðila nemi alls kr. 139.124.000. Skuldir sem falli undir samkomulagið nemi kr. 105.348.000. Felur samkomulag þetta í sér að eigendur sóknaraðila leggi félaginu til kr. 12.000.000 í eigið fé, sem gangi til lækkunar á skuldum félagsins. Jafnframt að gerður verði sérstakur viðauki við lánsamninginn sem feli í sér að höfuðstóll skuldarinnar verði færður niður í kr. 39.000.000. Þá eru í samkomulagi þessu ákvæði um afborgunarskilmála, tryggingar og fleiri atriði.

Í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar í máli Landsbankans hf. gegn Mótormax í máli nr. 155/2011 var umrætt lán endurreiknað og var sóknaraðila tilkynnt um þennan endurútreikning 7. apríl 2014. Var fjárhæðin kr. 6.808.346 greidd inn á reikning sóknaraðila 24. september 2014. Má ráða af málatilbúnaði aðila að grundvallaratriðið í ágreiningi þeirra sé hvort að við endurreikninginn beri að meta kr. 12.000.000 greiðslu sóknaraðila með nýju láni inn á samninginn um leið og uppgjörssamkomulagið var gert, sem greiðslu á hærri fjárhæð, vegna sérstaks samkomulags sem náðst hafi um það.

III.

Umkvörtunarefni.

C, fyrir hönd sóknaraðila, krefst þess að varnaraðili „viðurkenni að niðurfærsla láns nr. [X] hafi verið í 55 milljónir en ekki 51 og að 55 milljónir verði notuð sem greiðslutala við endurútreikning lánsins“. Jafnframt er þess krafist að „dráttarvextir af láninu eftir 5 júlí, þegar við neitum að greiða og heimtum fund, verði felldir niður og endurgreiddir“.

Sóknaraðili lýsir atvikum svo að eftir fjölda tölvupósta og símtöl frá sóknaraðila til varnaraðila á árunum 2008 - 2010 hafi sóknaraðila verið lofuð úrlausn sinna mála. Á fundi sóknaraðila með starfsmönnum varnaraðila þann 4. júní 2010, hafi verið ákveðið, að stefna að því að sóknaraðili færi í svonefnda 100% leið. Hins vegar hafi þessir starfsmenn varnaraðila hætt störfum og hafi því sóknaraðili verið skilinn eftir á byrjunarreit.

Eftir 5. júlí 2010, hafi sóknaraðili neitað að greiða meira af láninu, nema að fá fund hjá varnaraðila og úrlausn sinna mála. Þann 21. september 2010 hafi sóknaraðili fengið fund með starfsmönnum varnaraðila, E og F. Á fundinum hafi C og B verið tilkynnt að ekkert frekar yrði gert fyrir sóknaraðila. Í framhaldi af fundinum, hafi gengið tölvupóstar á milli manna og annar fundur með E og F hafi verið haldinn þann 4. nóvember 2010. Hafi sóknaraðila verið boðið að lánið yrði fært niður í 55.000.000 kr. Það er að segja, að 39.000.000 kr. yrði lán á 1. veðrétti með 5,8% vöxtum auk vísitölu, 16.000.000 kr. yrði lán á 2. veðrétti með 6,8% vöxtum auk vísitölu ásamt tryggingu C og D.

Sóknaraðili kveður húsnaðið hafa verið metið fyrir varnaraðila af G fyrr um vorið á 43.500.000 kr., og hafi hlutur C og B verið 20% af þeirri upphæð. Telur sóknaraðili að í þessu ljósi hafi umrædd 100% regla, verið orðin skráttin í framkvæmd varnaraðila.

Sóknaraðili hafi tjáð E að „þetta væri dauðadómur yfir fyrirtækinu og því eins gott að bankinn hirði kofann.“ Sóknaraðili heldur því fram að E hafi þá boðið sóknaraðila að fá 16.000.000 kr. lánið með afslætti, ef þau myndu staðgreiða það, en að kr. 10.000.000 - 12.000.000, hafi þurft að útreiknast. C og B hafi ákveðið að taka þessu tilboði með það í huga að reyna að tryggja sinn eignarhluta í húsnaðinu.

Þetta samkomulag telur sóknaraðili að hafi náðst þann 4. nóvember 2010. Daginn eftir, þann 5. nóvember 2010, hafi C sent eftirfarandi tölvupóst til E: „Ef lán eins og okkar væru dæmd ólögleg og sú upphæð sem þá kæmi út væri lægri en 55 m þá fengum við sjálfkrafa samsvarandi lækkun, er ekki svo?“. E svaraði því og sagði: „Afstaða bankans er að lánið sé löglegt. Fari svo að lánið verði dæmt ólöglegt þá tel ég að þessi lækkun sem við erum að bjóða í þessu tilviki niður í 55 mkr og svo viðbótar afsláttur af þessum 16 mkr sé meiri en amk miðað við þau dómafordæmi sem eru í gangi í dag“.

Sóknaraðili segir þau C og B hafa selt fyrirtæki sitt, H, árið 2009 til þess að fjármagna sóknaraðila og bjarga honum þannig frá gjaldþroti. Húsnæðislánið sem sóknaraðili hafi fengið, var að hans mati með tryggingar langt umfram verðmæti og hafi uppreiknað lánið verið í rúmum 105.000.000 kr., samkvæmt varnaraðila. Því telur sóknaraðili ljóst að varnaraðili hafi haft „*hreiðjatak*“ á sóknaraðila og þeim hjónum. Uppgjörið hafi hins vegar dregist fram í desember og varnaraðili hafi komið með uppgjörssamkomulag sem hafi verið kallað „*Endurskipulagning skuldbindinga félagsins og afskrift*“ og þar hafi 12.000.000 kr. greiðslan verið orðin að „*Nýju eigið fé*“ auk einhverra tilfæringa. Sóknaraðili telur að á þetta hafi aldrei verið minnst áður og ekki hafi verið minnst á þetta síðar, enda sé hans mat að þetta hafi verið leið varnaraðila til að ganga frá þessu samkomulagi á sinn máta til innanhússnotkunar.

Sóknaraðili telur að hann hafi ekki skuldað varnaraðila neitt annað á þessum tíma en umræddan lánsamning. Fjárhæðin 139.124.000 kr., sem hafi komið fram í uppgjörssamkomulaginu frá 13. desember 2010, hafi samanstæðið af umræddu láni og erlendum ábyrgðum til birgja sóknaraðila, en á móti þeim ábyrgðum hafi verið peningar C og B á reikningum sem varnaraðili hafi haft veð í.

Sóknaraðili heldur því fram að öll samtöl af hálfu varnaraðila hafi verið símleiðis, þar sem starfsmenn varnaraðila hafi hringt í forsvarsmenn sóknaraðila og þannig hafi samtölin farið fram um farsíma þeirra og utan hefðbundins vinnutíma.

Forsvarsmenn sóknaraðila hafi aldrei fengið neina pappíra í hendur eða tillögur í tölvupósti. Á fundinum 4. nóvember 2010, hafi þeim verið boðin niðurfærslan munnlega. Því telur fyrirsvarsmáður sóknaraðila að eina sönnunargagnið fyrir tillögunum hafi verið það sem hann hafi skrifað í minnisbók sína.

Í tölvupósti frá varnaraðila 4. júlí 2014 frá F, starfsmanni varnaraðila, hafi erindi sóknaraðila verið hafnað en þar hafi eftirfarandi komið fram: „*Lagt var upp með að skuldbindingar yrðu færðar niður í 53,3 m kr. en upphæðinni skipt í 2 lán*“. Þetta telur C að forsvarsmenn sóknaraðila hafi aldrei heyrt áður, né séð, og heldur eftirfarandi fram: „*ef þetta hefur verið það sem lagt var af stað með af hálfu bankans fyrir fundinn 4. nóvember 2010 er ljóst að starfsmenn bankans hafa skellt sér í póker og búist við þrútti og því boðið að lánið væri fært í 55 milljónir en verið til í 53,5 ef við færum að væla. Þarna er talað um að niðurfærslan færi í 2 lán. Að félagið „hafi tekið þá ákvörðun að greiða inn eigið fé til lækkunar skuldbindingum“ er algjör tilbúningar og einkamál bankans.*“

Sóknaraðili telur að það sé ekki rétt í athugasemdum varnaraðila að eignavirði félagsins hafi verið 53.500.000 kr. og niðurfærslan á láninu hafi verið í samræmi við það.

Sóknaraðili telur að upphæðin 53.500.000 kr., hafi aldrei komið upp í samtölum eða tölvupóstum sóknaraðila og varnaraðila, fyrr en í tölvupósti þann 4. júlí 2014. Sóknaraðili hafi eingöngu skuldað varnaraðila umrætt gengistryggt lán, sem tekið hafi verið til að kaupa húsnæði árið 2010 og að mati sóknaraðila hafi varnaraðili boðið sóknaraðila að lánið yrði lækkað í 55.000.000 kr. Líkt og áður hefur komið fram, hafi sóknaraðili sent E, tölvupóst þann 5. nóvember 2010 sem hafi verið eftirfarandi: „*Ef svona lán eins og okkar væru dæmd ólögleg og sú upphæð sem þá kæmi út væri lægri en 55 millurnar þá fengjum við sjálfkrafa samsvarandi lækkun er ekki svo?*“ Fyrrgreint svar E hafi borið með sér að verið væri að ræða um niðurfærslu á láninu niður í 55 milljónir króna.

Sóknaraðili telur því að hafi verið um mat á eignavirði félagsins að ræða upp á 53.500.000 kr., sé það skrátið að bæði varnaraðili og sóknaraðili skyldu vera að tala um niðurfærslu á gengistrygðu láni niður í 55.000.000 kr.

Jafnframt hafi forsvarsmenn sóknaraðila ekki skilið hvers vegna sóknaraðili hafi átt að greiða dráttarvexti af láni sem sannarlega hafi verið náð samkomulagi um þann 4. nóvember 2010, þótt bankinn hafi dregið frágang á málinu til 23. desember sama ár.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveðst hafa hafnað kröfu sóknaraðila áður með bréfi, dags 13. október 2014. Í bréfinu hafi verið vísað til þess að í endurskipulagningu skulda félagsins hafi verið fallist á það að eigendur þess myndu leggja félaginu til nýtt eigið fé að fjárhæð kr. 12.000.000 og að höfuðstóll láns nr. X yrði færður niður í kr. 39.000.000. Nýju eigin fé að fjárhæð kr. 12.000.000, hafi verið ráðstafað inn á lánið þann 29. desember 2010 og hafi endurútreikningur lánsins tekið mið af því. Í bréfinu hafi verið jafnframt ítrekuð sú afstaða varnaraðila sem hafi komið fram í tölvubréfi varnaraðila, dags. 4. júlí sl., að leiðir varnaraðila við endurskipulagningu hafi ekki tekið mið af því að meta gefinn afslátt við innborgun á nýju eigin fé sem greiðslu þegar kæmi að endurútreikningi. Endurútreikningur á láninu yrði því ekki leiðréttur.

Varnaraðili bendir á að haustið 2010 hafi skuldaþol og eignavirði sóknaraðila verið metið kr. 53.500.000. Í samræmi við samþykkt lánanefndar hafi sóknaraðila verið boðið að skipta fjárhæðinni í tvö lán; annað að fjárhæð kr. 37.500.000, til 25 ára og hitt að fjárhæð kr. 16.000.000, til 7 ára. Í ljósi þess að breytinga hafi verið að vænta á reglum um niðurfærslu skulda, sem hafi gert ráð fyrir þeim möguleika að hluti skulda yrði færður niður með afslætti gegn því að eigendur legðu félögum til nýtt hlutafé, hafi sóknaraðila verið boðið að fá skuldina lækkaða um kr. 14.500.000, eða úr kr. 53.500.000, í kr. 39.000.000, gegn því að eigendur félagsins myndu leggja því til nýtt eigið fé að fjárhæð kr. 12.000.000. Varnaraðili bendir jafnframt á að C hafi undirritað áður nefnt uppgjörssamkomulag fyrir hönd sóknaraðila og þar hafi útfærslu endurskipulagningarinnar verið lýst skilmerkilega. Varnaraðili mótmælir því þeirri fullyrðingu í kvörtun sóknaraðila að „á þetta [hefði] aldrei verið minnst og ekki [hefði verið] minnst á þetta síðar enda einhver leið bankans til að ganga frá þessu samkomulagi á sinn máta til innanhúss notkunar“. Þá telur varnaraðili að á framangreindu tímamarki hafi verið litið svo á að skuldbindingar sóknaraðila samkvæmt lánssamningnum hafi verið í erlendum gjaldmiðlum, en ekki lán, sem hafi verið bundið við gengi erlendra gjaldmiðla í andstöðu við 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varnaraðili telur að sóknaraðili geti ekki síðar haldið því fram að endurskipulagning skulda félagsins hafi byggst á öðrum forsendum.

Hvað varðar athugasemd sóknaraðila sem lýtur að því að endurútreikningur lánsins hafi átt að taka mið af því að lánið hafi ekki borið dráttarvexti frá 5. júlí 2010 bendir varnaraðili á að endurskipulagning skulda félagsins hafi miðast við 26. nóvember 2010 líkt og fram kemur í 1. gr. uppgjörssamkomulagsins, en þar segir jafnframt að sama dag hafi skuld sóknaraðila við varnaraðila samkvæmt láni nr. X numið kr. 105.348.000, og þar af hafi vanskil numið kr. 2.904.000. Sóknaraðila hafi því verið ljóst við undirritun áður nefnds uppgjörssamkomulags að gert hafi verið ráð fyrir því við endurskipulagninguna að lánið hefði verið í vanskilum. Þá er ljóst að sóknaraðila hafi borið í samræmi við grein 7.1 í lánssamningnum að greiða varnaraðila dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Enn fremur hafi verið skýrt af viðauka við lánssamninginn, sem hafi verið undirritaður

samhliða uppgjörssamkomulaginu þann 13. desember 2010, að eftirstöðvum lánsins í erlendum myntum hafi verið breytt í íslenskar krónur að fjárhæð kr. 39.000.000, frá 6. desember 2010. Þá hafi jafnframt komið fram í viðaukanum að vextir af fjárhæðinni hafi reiknast frá 6. desember 2010. Á hinn bóginn hafi hvergi komið fram að uppgjorið hafi miðast við stöðu lánsins þann 5. júlí 2010.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi á lánessamningi nr. X.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir undirritað uppgjörssamkomulag dags. 13. desember 2010. Samkvæmt því var kr. 12.000.000, greiðslu sóknaraðila ráðstafað inn á lán nr. X, þann 29. desember 2010 og tók endurútreikningur lánsins mið af því.

Sóknaraðili heldur því hins vegar fram að samið hafi verið um annað á fundi með starfsmanni varnaraðila þann 4. nóvember 2010. Sóknaraðili telur varnaraðila hafa boðið munnlega niðurfærslu á láninu og krefst þess vegna að kr. 12.000.000 greiðsla samkvæmt 1. tölul. 2. gr. samkomulagsins verði metin sem greiðsla að fjárhæð kr. 16.000.000, við endurútreikning á umræddu láni.

Ekki liggja fyrir önnur skrifleg gögn um samskipti aðila í aðdraganda uppgjörssamkomulagsins en minnispointar úr minnisbók fyrirvarmanns sóknaraðila eftir fund 4. nóvember 2010. Einnig hefur sóknaraðili lagt fram tölvupóst frá 5. nóvember 2010, milli sóknaraðila og starfsmanns varnaraðila. Sóknaraðili telur að gögn þessi styrki þá fullyrðingu að samið hafi verið um niðurfærslu umrædds láns í kr. 55.000.000, í stað kr. 51.000.000, líkt og varnaraðili heldur fram.

Ekki verður fallist á þessa túlkun varnaraðila á umræddum tölvupósti, enda kemur berum orðum fram í honum að um „frekari afslátt“ sé að ræða af hálfu varnaraðila en að færa lánið niður í kr. 55.000.000.

Burtséð frá aðdraganda þess að skrifað var undir samkomulag aðila um skuldauppgjör eru engin efni eru til að víkja því til hliðar eða að leggja til grundvallar einhverjar aðrar fjárhæðir en þar koma fram við endurreikning lánsins. Umrætt uppgjörssamkomulag er skýrt, og undirritaði fyrirvarmaður sóknaraðila það fyrir hans hönd. Verður því ekki byggt á einhliða fullyrðingum sóknaraðila þess efnis að varnaraðili hafi samið við sóknaraðila um aðra eftirgjöf en í undirritaða samkomulaginu greinir.

Með samkomulagi þessu var jafnframt samið um vexti. Er ekkert fram komið sem gefur tilefni til að hrófla við samkomulagi aðila um að vextir af fjárhæðinni reiknist frá 6. desember 2010.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur F, er hafnað.

Reykjavík, 6. mars 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, fimmtudaginn 30. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 106/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. nóvember 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. 1. nóvember 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 14. nóvember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 12. janúar 2015. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 13. janúar 2015, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 28. janúar 2015.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. apríl 2015.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili tók fimm gengistryggð lán hjá varnaraðila, sem tryggð voru með veði í tveimur fasteignum hans og eiginkonu hans. Annars vegar lán nr. X, upphaflega að fjárhæð kr. 29.000.000, nr. Y, upphaflega að fjárhæð kr. 1.000.000 og nr. Z, upphaflega að fjárhæð kr. 24.000.000, og voru þau öll tryggð með veði í fasteigninni að A. Hins vegar lán nr. Þ, upphaflega að fjárhæð kr. 11.000.000 og nr. Æ, upphaflega að fjárhæð kr. 10.000.000, sem tryggð voru með veði í fasteigninni að B.

Í kjölfar efnahagshrunsins hækkðu bæði afborganir og reiknuð staða hinna gengistryggðu lána mjög. Sóknaraðili óskaði eftir greiðslufrestun hjá varnaraðila og var slíkur samningur gerður um hvert skuldabréf með gengistryggingu. Breytingar voru gerðar á greiðsluskilmálum skuldabréfanna og afborgunum og greiðslu vaxta frestað á lánnum nr. Þ, Æ, Y og Z, dags. 19. mars 2009 og 30. júní 2009 og dags. 19. mars 2009 og 6. ágúst 2009 á láni nr. X. Samningunum var þinglýst.

Í framhaldi af greiðslufrestunartímanum var gerður samningur dags. 16. febrúar 2010 um sérstæka skuldaaðlögun sóknaraðila og undirritaður var kaupsamningur dags. 18. febrúar 2010, að fjárhæð kr. 19.000.000 þar sem varnaraðili, var kaupandi og sóknaraðili og maki hans seljendur. Í kaupsamningnum segir: „Seljendur lofa að selja og kaupandi að kaupa fasteignina [B] ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja hér. []. Kaupverð skyldi greiðast þannig: „a) Kaupandi greiðir inn á lán nr. [Þ] frá [varnaraðila] sem tryggt er með veði í [B], fjárhæð kr.

19.000.000, - *eftirstöðvar þess verða felldar niður. b) Lán nr. [Æ] frá [varnaraðila] sem tryggt er með veði í [B] verður fellt niður, sem liður í sértækri skuldaaðlögun*“. Afsal var undirritað samdægurs. Þar segir: „*Umsamið kaupverð er að fullu greitt við útgáfu afsals þessa*“. Þar að auki leysti varnaraðili til sín lán frá FF, sem hvíldi á eign sóknaraðila að A. Niðurfærðu erlendu lánin og lánið frá FF, mynduðu síðan höfuðstól að kr. 68.000.000 verðtryggðu skuldabréfi, sem sóknaraðili greiddi af. Auk þess voru útbúin tvö skuldabréf, annars vegar að fjárhæð kr. 40.000.000 og hins vegar að fjárhæð kr. 6.800.000, svokölluð vaxtalaus biðlán, og voru þau felld niður árið 2013.

Að öðru leyti er ágreiningur um málsatvik meðal málsaðila og verður því málsatvikalýsing málsaðila, hver um sig, reifuð og metin eftir atvikum.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili byggir á því að undanfarin ár hafi hann reynt að fá leiðréttingu mála sinna hjá varnaraðila og forverum hans í kjölfar aðgerða sem hafi verið gripið til í gegnum tíðina vegna erlendra lána sem sóknaraðili hafi tekið hjá varnaraðila á árunum 2006-2008. Sóknaraðili kveðst alltaf hafa haft frumkvæði að öllum samskiptum við varnaraðila í þeirri von um að mál hans yrðu skoðuð. Þegar varnaraðili hafi loksins litið á hans mál þá hafi rökum sóknaraðila alla tíð verið hafnað og hafi enn ríkari kröfur verið gerðar til endurgreiðslna. Sóknaraðili kveðst frá upphafi hafa sýnt takmarkalausán greiðsluvilja og vísar hann til yfirlits um greiðslusögu. Þann 21. október 2013, þar sóknaraðili fram formlega kvörtun við varnaraðila og var kröfu sóknaraðila formlega hafnað af varnaraðila dags. 12. maí 2014.

Kröfur sóknaraðila samkvæmt kvörtunareyðublaði eru eftirfarandi:

1. *Ég krefst þess að Seðlabankavextir eigi ekki við á greiðslufrestunartíma frá október 2008- feb. 2010, þar sem fyrir liggja þinglýst skjöl um óbreytta vexti á skuldabréfum sem tilgreind eru í meðfylgjandi bréfi, samtals kr. 10.504.011 auk vaxta.*
2. *Ég krefst þess að kr. 7.000.000 auk vaxta frá desember 2009 sem voru færðar sem greiðsla inn á skuldabréf nr. [Æ] verði endurgreiddar þar sem ég tel að viðkomandi skuldabréf hafi verið fellt niður.*
3. *Ég geri kröfu um að niðurfelling skuldabréfs nr. [Æ] standi óhöggud í samræmi við kaupsamning vegna sölu minnar á eigninni [B]. Ég geri kröfu um að höfuðstóllinn eins og hann var reiknaður í október 2013, kr. 10.768.497, verði felldur niður og reikningsfærður inná greiðslur inn á þetta bréf, kr. 1.481.351 sem er 8,84% af mánaðarlegri greiðslu inn á íslenska lánið frá október 2010 verði bakfærðar með vöxtum.*
4. *Ég geri kröfu um að skuldabréf nr. [Ö] frá [FF], með veði í [A] komi ekki til álita í endurútreikningi Arion á lánum mínum, þar sem bankinn hefur ekki getað með óbyggjandi hætti sýnt fram á kröfurétt sinn. Jafnframt geri ég kröfu um að kr. 2.535.131, sem er 15.06% af mánaðarlegri greiðslu inn á íslenska lánið auk vaxta frá febrúar 2010 verði ráðstafað til greiðslu á sannanlegum höfuðstól skuldar minnar við [varnaraðila].*
5. *Ég geri kröfu um að [varnaraðili] greiði að fullu allan kostnað sem ég hef borið vegna þessa máls, þ.á.m. kr. 389.307 auk vaxta vegna lögfræðikostnaðar.*

Sóknaraðili kveðst hafa gengið á fund útibússtjóra aðalútibús varnaraðila árið 2006 til þess að ræða um mögulega fjármögnun á húsi sem hann hafi haft hug á að

byggja. Ein af ástæðum þess að sóknaraðili hafi ráðist í húsbyggingu á þessum tíma hafi verið einstaklega hagstæð lánakjara sem varnaraðili hafi boðið upp á, svokölluð erlend lán, en fram til þess hafi sóknaraðili ekki talið fýsilegt að taka íslenskt, verðtryggt lán til húsbyggingar. Sóknaraðili greinir svo frá að á fundi hans með útibússtjóranum hafi hann oft spurt útibússtjóran hvort honum væri heimilt að lána einstaklingum peninga með þessum skilmálum. Útibússtjórinn hafi fullvissað sóknaraðila um það. Síðar, í febrúar 2008, þegar sóknaraðili hafi fengið síðasta lánið frá varnaraðila, hafi hann rætt við útibússtjóran í síma og telur sóknaraðili að útibússtjórinn hafi viljað að sóknaraðili tæki íslenskt, verðtryggt lán, þar sem íslenska krónan væri að dala. Sóknaraðili kveðst hafa spurt hann hversu mikið hann myndi ætla að gengið félli og hafi útibússtjórinn talið að það gæti orðið allt að 30% gengisfelling. Sóknaraðili hafi talið það viðunandi og vegna þess hafi hann því kosið frekar erlent lán, en íslenskt.

Eftir fjármálahrunið 2008, hafi verið ljóst að sóknaraðili gæti ekki lengur staðið við skuldbindingar samkvæmt skuldabréfunum. Hann hafi því gripið til þess ráðs að óska eftir greiðslufrestunarsamningi og hafi slíkur samningur verið gerður um hvert skuldabréf með gengistryggingu með miklum eftirgangsmunum. Þessum samningum hafi verið þinglýst og sérstaklega hafi verið tekið fram að vextir myndu vera óbreyttir. Á þessum tíma hafi aldrei verið gefið í skyn, eða sóknaraðila á einhvern hátt tilkynnt, að hann gæti staðið frammi fyrir því að allt að þrisvar sinnum hærri vextir yrðu reiknaðir á skuldina á greiðslufrestunartímanum. Sóknaraðili telur að ef slíkt hefði verið í myndinni á þeim tíma, hefði hann aldrei skrifað undir slíkan samning, enda alger óvissa hvaða vaxtaprósenta gæti komið til í óráðinni framtíð.

Í framhaldi af greiðslufrestunartímanum, hafi verið gripið til svokallaðrar sértækrar skuldaaðlögunar í febrúar 2010. Þar telur sóknaraðili að varnaraðili hafi unnið vinnuna algerlega einhliða og hafi sóknaraðili ekkert haft um hana að segja. Meira að segja hafi lögfræðingur varnaraðila ekki viljað setja inn í ákvæði um íslenskt skuldabréf, sem hann hafi neyðst til að samþykkja og hafi komið í stað erlendu lánanna, fyrirvara um betri útkomu í framhaldi af fyrirhugðum málaferlum. Við sértæku skuldaaðlögunina hafi varnaraðili leyst til sín íbúð sem sóknaraðili hafi átt að B og í kaupsamningi hafi kaupverðið, kr. 19.000.000, verið notað til að greiða upp annað lánið á íbúðinni en hitt hafi verið skilyrðislaust fellt niður. Þar að auki hafi varnaraðili fullyrt að hann hafi leyst til sín lán frá FF sem hafi hvílt á eign sóknaraðila að A.

Niðurfærðu erlendu lánin og lánið frá FF, hafi síðan myndað höfuðstól að kr. 68.000.000 verðtryggðu skuldabréfi, sem sóknaraðili hafi síðan greitt af. Auk þess hafi verið útbúin tvö skuldabréf, annars vegar kr. 40.000.000 og hins vegar kr. 6.800.000, svokölluð vaxtalaus biðlán, og hafi þau verið felld niður árið 2013.

Sóknaraðili telur mikilvægt að hafa í huga að þegar greiðslufrestunarsamningurinn hafi verið gerður hafi myndast nýir skilmálar, þ.e. greiðslufrestun, sem hann hafi einnig staðið við. Frá febrúar 2010 hafi sóknaraðili greitt skilmerkilega á gjalddaga allar afborganir af íslenska láninu þótt verðtrygging þess hafi verið sóknaraðila mjög íþyngjandi. Sérhver greiðsla inn á íslenska lánið hafi verið reiknuð sem greiðsla inn á erlendu lánin. Því telur sóknaraðili að ef erlendu lánin væru enn til, þá myndi sjást hversu mikið sóknaraðili hafði greitt inn á hvert og eitt þeirra. Þetta hafi glögglega komið í ljós í endurútreikningi frá 2011 og 2013. Einnig hafi komið í ljós að skuldabréfið sem hafi verið fellt niður, við sértæku skuldaaðlögunina, hafi enn verið í lánakerfum varnaraðila í þessum reikningskúnstum, þótt það hafi ekki getað verið lengur til að mati sóknaraðila. Enn fremur hafi komið

fram í endurútreikningi frá 2013 að Seðlabankavextir hafi verið reiknaðir á greiðslufrestunartímanum og hafi þar munað kr. 10.504.011 á samningsvöxtum og Seðlabankavöxtum.

Sóknaraðili kveðst hafa haft algjört frumkvæði að því að hafa fengið starfsmenn varnaraðila að borðinu til að ræða þá þrjá helstu þætti sem sóknaraðili hafi gert athugasemdir við. Strax árið 2012 hafi hann fengið fund með starfsmanni varnaraðila, sem sóknaraðili telur að hafi tafið málið mikið. Það hafi því ekki verið fyrr en 2014, að sóknaraðili hafi fengið lögfræðing, C, í lið með sér og hafi þá komist hreyfing á málið. Þar að auki hafi sóknaraðili átt fundi með útibússtjóra aðalútibús varnaraðila, þar sem hann hafi lofað að skoða málið og hafi í framhaldi vísað sér á umboðsmann viðskiptavina varnaraðila. Hann hafi óskað eftir fundi með sóknaraðila, þar sem hann hafi viljað fá nánari upplýsingar um málavexti, en þegar sóknaraðili hafi loks hitti hann, þá hafi það aðeins verið til að tilkynna sóknaraðila að lengra yrði ekki komist með hans mál hjá varnaraðila, sbr. bréf frá varnaraðila dags. 12. maí 2014 og hafi hann ráðlagt sóknaraðila að snúa sér til nefndarinnar.

Helstu ágreiningsefni sem hafi komið fram um endanlegt uppgjör umræddra skulda eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi krefst sóknaraðili þess að samningsvextir á svokölluðum greiðslufrestunartíma verði látnir gilda og að Seðlabankavextir verði ekki lagðir til grundvallar við uppgjör lánanna. Sóknaraðili telur ljóst að hann hafi fengið tímabundinn greiðslufrest á lánum hjá varnaraðila. Samningar hafi verið gerðir um frestun greiðslna á lánunum og þeim hafi verið þinglýst. Þegar greiðslufrestunarsamningarnir hafi verið gerðir hafi ríkt gagnkvæmur skilningur meðal þeirra sem að þeim hafi komið um að vextir myndu vera óbreyttir, þ.e. að samningsvextir myndu gilda á frestunartímanum og þeir myndu vera lagðir við nýjan höfuðstól síðar. Skuldabréfin hafi verið stimpluð með tilvísun til skilmálabreytinganna. Það hafi ekki verið fyrr en við endurútreikning árið 2013 að í ljós hafi komið að varnaraðili hafi reiknað sér Seðlabankavexti sem hafi verið í gildi á greiðslufrestunartímanum. Það sé augljóst að mati sóknaraðila að hann hefði aldrei fallist á þessa málsmeðferð, þ.e. að samþykkja samning sem fæli í sér samningsvexti ef til greiðslu ættu að koma Seðlabankavextir, sem enginn hafi vitað á þessum tíma hversu háir yrðu í framtíðinni. Upphaflegri breytingu þessara bréfa hafi verið þinglýst 23. mars 2009 og skilmálarnir hafi síðar verið framlengdir til 8. júlí 2009. Það hafi því aldrei farið á milli mála hver gjörningurinn hafi verið, þ.e. að halda skuldabréfunum í skilum með breytingum á afborgunum svo að þetta myndi ekki fara frekar úr böndunum. Sóknaraðili mótmælir því athugasemdum varnaraðila. Sóknaraðili hafnar fordæmisgildi dóms Hæstaréttar í máli nr. 170/2014, þar sem sá dómur hafi einungis fjallað um hvort líta beri á útreiknaða vexti sem hafi verið lagðir við nýjan höfuðstól skuldarinnar í lok frestunartímans, sem fullnaðargreiðslu eður ei. Í máli sóknaraðila gagnvart varnaraðila sé ágreiningurinn einungis sá hversu háa vexti beri að reikna á frestunartímanum. Krafa sóknaraðila sé því sú að staðið verði við samninga sem gerðir hafi verið vegna greiðslufrestunarinnar. Á fundum sóknaraðila með starfsmönnum varnaraðila hafi sóknaraðili bent þeim á að mismunur milli samningsvaxta og Seðlabankavaxta á greiðslufrestunartímanum hafi verið honum í óhag um 11.000.000 kr. Varnaraðili hafi reiknað út að vaxtamunurinn á þessum tíma hafi verið kr. 10.504.011. Því gerir sóknaraðili þá kröfu að samningsvextir hafi gilt á greiðslufrestunartíma og gerir kröfu um að endurútreikningur frá október 2013 lækki sem nemi þessari upphæð, kr. 10.504.011, auk vaxta frá febrúar 2010.

Í öðru lagi krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði sér kr. 7.000.000 auk vaxta, þar sem sú fjárhæð hafi reynst ofgreiðsla inn á skuldabréf nr. Þ, þegar eigendaskipti fóru fram á B. Sóknaraðili hafi farið í svokallaða sértæka skuldaaðlögun vegna umræddra lána árið 2010, áður en Hæstiréttur hafi dæmt þau ólögleg. Lánin hafi verið uppreiknuð miðað við gengi og hafi stökkbreyttur höfuðstóll þeirra numið samkvæmt útreikningi varnaraðila um kr. 127.000.000. Við þessa sértæku skuldaaðlögun hafi íbúð sóknaraðila að B verið tekin af honum og hafi í kaupsamningi verið tekið fram að kaupverð íbúðarinnar myndi vera notað til að greiða upp annað af tveimur skuldabréfum, en hitt skuldabréfið yrði fellt niður. Íbúðin hafi verið til fullnaðargreiðslu á tveimur skuldabréfum, nr. Þ og Æ sem hafi hvílt á íbúðinni. Söluverð eignarinnar hafi verið ákveðið kr. 19.000.000 og hafi það farið allt til fullnaðargreiðslu á skuldabréfi nr. Þ og hafi uppreiknaðar eftirstöðvar þess verið felldar niður. Jafnframt hafi skuldabréf nr. Æ verið fellt skilyrðislaust niður í tengslum við þessa sértæku skuldaaðlögun. Í mars 2011 hafi skuldabréf nr. Þ verið endurútreiknað að heildarverðgildi kr. 14.658.907, með vöxtum svokallaðra „*Árna Páls laga*“. Í endurútreikningi varnaraðila frá október 2013 hafi komið fram að þar sem skuldabréf nr. Þ hafi reynst lægra eftir dóm Hæstaréttar en reiknað hafði verið með í desember 2009 og mars 2011, hafi kr. 7.000.000 verið lagðar inn sem greiðsla á skuldabréf nr. Æ, sem hafi verið fellt niður tveimur árum fyrr. Í endurútreikningi varnaraðila frá 2013, hafi staðið að þessar 7.000.000 kr. hafi verið lagðar inn á skuldabréf nr. Æ í mars 2009 en sóknaraðili telur að það sé ekki rétt, því í endurútreikningsskjali varnaraðila frá 2011 hafi hvergi verið minnst á þessa fjárhæð heldur hafi þessi reikningsfærsla fyrst orðið til í endurútreikningi árið 2013. Við endurútreikning lána sóknaraðila á árunum 2011 og 2013 hafi niðurfellda skuldabréfið verið endurvakið og ofgreiðsla, sem hafi reynst vera inn á hitt bréfið, samtals kr. 7.000.000 hafi verið notuð sem greiðsla inn á niðurfellda bréfið. Sóknaraðili hafnar þessari nálgun, þar sem hann heldur því fram að þessum fjármunum hafi verið með ólögumætum hætti ráðstafað inn á skuldabréf nr. 3283, sem hafi verið fyrir löngu niðurfellt hjá varnaraðila. Fyrir liggja í kaupsamningnum að skuldabréf nr. Æ hafi verið fellt niður og í kaupsamningi hafi komið fram að fjármunir sem hafi fengist fyrir íbúðina yrðu einungis notaðir til fullnaðargreiðslu á láni nr. Þ, en að engar greiðslur kæmu til fyrir lán nr. Æ. Engir fyrirvarar hafi verið settir um það að ef verðmæti íbúðarinnar yrði á einhverjum tíma umfram verðmæti skuldabréfsins yrði því ráðstafað annars staðar, allra síst inn á skuldabréf sem hafi verið búið að fella niður. Þar af leiðir að þessi innágreiðsla inn á skuldabréf nr. Æ hafi ekki verið samkvæmt samningi, enda hafi viðkomandi lán ekki verið lengur til. Sóknaraðili hafnar því að varnaraðili hafi geta endurvakið skuldabréf nr. Æ. Sóknaraðili telur að þetta hafi verið mistök varnaraðila í samningsgerð gagnvart honum, en að það hafi alls ekki dugað til að endurvekja bréfið. Sóknaraðili telur að lögfræðingur varnaraðila sem hafi gert þennan samning fyrir varnaraðila sé nú yfirmaður innheimtudeildar varnaraðila og þess vegna sé það skiljanlegt að hann hafi ekki viljað játa á sig þessi mistök. Sóknaraðili hafi einnig viljað taka það fram að við sértæka skuldaaðlögun hafi samningsstaða hans ekki verið sterk, þar sem honum hafi verið boðið að samþykkja það sem varnaraðili hafi boðið, eða hann myndi missa allt sitt. Því gerir sóknaraðili kröfu um að fá greiddar kr. 7.000.000, auk vaxta frá desember 2009 vegna ofgreiðslu inn á skuldabréf nr. Þ.

Í þriðja lagi gerir hann kröfu um að niðurfelling skuldabréfs nr. Æ standi óhöggud. Sóknaraðili telur að ef nokkur grunur hefði verið um það að þetta skuldabréf yrði endurvakið hefði hann aldrei samþykkt þennan kaupsamning. Því gerir hann

kröfu um að höfuðstóll lánsins eins og hann hafi verið reiknaður í október 2013, kr. 10.768.497, verði felldur niður og reikningsfærðar innágreiðslur inn á þetta bréf, kr. 1.481.351 sem sé 8,4% af mánaðarlegri greiðslu inn á íslenska lánið frá október 2010 verði endurgreiddar með vöxtum. Varnaraðili hafi borið fyrir sig forsendubrest, sem hafi réttlætt endurvakningu skuldabréfsins, en þeirri röksemd varnaraðila hafnar sóknaraðili, þar sem fjármálasérfræðingar hafi átt í hlut.

Í fjórða lagi krefst sóknaraðili þess að skuldabréf nr. Þ, upphaflega að fjárhæð kr. 11.000.000 og nr. Æ, upphaflega að fjárhæð kr. 10.000.000, verði ekki talin með í endurútreikningi varnaraðila, enda hafi þau verið að fullu uppgerð, þegar varnaraðili hafi tekið yfir íbúð sóknaraðila að B til uppgjors þessara lána. Í þessu efni vísar sóknaraðili enn og aftur til kaupsamnings sem hafi verið gerður. Þar hafi það komið ótvírætt fram að íbúðin hafi verið fullnaðargreiðsla fyrir þessi lán. Enn og aftur hafnar sóknaraðili þeim skilningi varnaraðila að hægt sé að taka til baka þá gerninga sem fullt samkomulag og sameiginlegur skilningur hafi verið um, þegar þessir samningar hafi verið gerðir, undirritaðir og þeim þinglýst. Í athugasemdum varnaraðila hafi staðið þar svart á hvítu að sóknaraðili myndi fá íbúðina að B gegn skuldabréfunum sem á henni hafi hvílt, skilyrðislaust. Sóknaraðili telur óviðunandi að sérfræðingur á sviði fjármála í bankastofnun, hafi nú skotið sér á bak við ólögfestar reglur kröfuféttar um rangar og brostnar forsendur. Sóknaraðili krefst þess að samninga skuli halda hvað þetta varðar og að varnaraðili sé bundinn af samkomulaginu. Það hafi verið varnaraðila í lófa lagið að setja fram fyrirvara við uppgjörið hefði hann kosið þess að gera það. Það hafi hann hins vegar ekki gert og hafi samþykkt að taka við íbúðinni sem fullnaðargreiðslu fyrir þessi tvö skuldabréf. Varnaraðili hafi enga heimild til að ógilda þetta samkomulag eftir á og þannig endurvekja niðurfellda kröfu sína.

Í fimmta lagi krefst sóknaraðili þess að meint uppgjör varnaraðila á skuldabréfi nr. Ö, frá FF, verði ekki tekið inn í heildaruppgjörið. Varnaraðili hafi gert þá kröfu, við endurútreikning árið 2013, að sóknaraðili myndi greiða upp lán frá FF sem hafi hvílt á eign sóknaraðila og maka á A. Sóknaraðili telur að ekki hafi verið sýnt fram á með neinum hætti að varnaraðili hafi greitt þetta lán upp. Hins vegar hafi varnaraðili komið með ýmsar upphæðir sem varnaraðili hafi sagt að hafi verið greiddar, s.s. kr. 6.027.840 samkvæmt endurútreikningi frá október 2013, kr. 18.000.000 samkvæmt uppgreiðslusamningi frá 18. febrúar 2010, kr. 12.600.000 samkvæmt bréfi til lögmanns sóknaraðila, C, dags. 12. maí 2014 frá starfsmanni á lögfræðisviði varnaraðila og starfsmanni á viðskiptasviði bankans, kr. 14.787.807 samkvæmt óundirritaðri skilmálabreytingu/myntbreytingu vegna veðskuldabréfs nr. Ö frá FF, dags. 15. mars 2010 og 14.780.000 samkvæmt útreikningi í febrúar 2014. Því sé enn vafi í huga sóknaraðila, hvort eða hversu mikið varnaraðili hafi í raun greitt fyrir skuldabréfið, þar sem ekki liggi fyrir hversu hár endurútreikningur þessa láns frá 2014 sé og þar af leiðandi leiðréttingargreiðsla til varnaraðila og raunverulegur nettókostnaður hans vegna lánsins. Sóknaraðili geti sýnt fram á með tölvupóstssamskiptum að hann hafi ítrekað reynt að fá upplýsingar um þetta hjá varnaraðila án árangurs. Sóknaraðili ítrekar ósamræmi í útreikningi varnaraðila um heildarfjárhæð sem hann hafi sagt að hann hafi greitt vegna þessarar kröfu. Jafnframt bendir sóknaraðili á þá staðreynd, að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á með neinum hætti að hann sé löglegur eigandi skuldabréfs nr. Ö og að formlegt framsal til hans, frá FF, hafi farið fram. Enn fremur hafi hann ekki sýnt fram á að hann sé handhafi skuldabréfsins, t.d. með framlagningu frumrits þess. Sóknaraðili álitur meðfylgjandi ljósrit af meintum ódagsettum kvittunum varnaraðila vegna þessa láns ekki fullnægjandi sönnunargagn um uppgreiðslu þessa láns. Fyrir utan að lánsnúmer hafi

ekki verið tilgreint í meintri dagbókarfærslu og skjámyndir af meintum kvittunum séu ódagsettar, og því sé allt eins hugsanlegt að mati sóknaraðila að hafi þessi færsla í raun farið fram, að þá sé einhvers staðar annars staðar bakfærsla að hluta eða öllu leyti. Því sé þessu algerlega hafnað af hálfu sóknaraðila. Sóknaraðili gerir þess vegna þá kröfu að meint skuldabréf frá FF, upphaflega kr. 9.000.000, með veði í A verði ekki tekið með í kröfugerð varnaraðila gagnvart sóknaraðila, þar sem sóknaraðili hafi ekki getað með óyggjandi hætti sýnt fram á kröfurétt sinn. Jafnframt gerir sóknaraðili kröfu um að kr. 2.535.131, sem er 15.06% (hlutfall FF af heildarlánnum samkvæmt varnaraðila) af mánaðarlegri greiðslu inn á íslenska lánið, auk vaxta frá febrúar 2010 verði notað til að greiða niður sannanlegar höfuðstól skuldar hans við bankann.

Í sjötta lagi gerir sóknaraðili kröfu um að fá að fullu greiddan allan útlagðan kostnað vegna þessa málareksturs úr hendi varnaraðila, þ.á.m. 389.307 auk vaxta vegna lögfræðikostnaðar. Sóknaraðili telur að hann eigi ekki að bera kostnað sem orðið hefur til við að ná fram réttlæti í þessu máli. Sóknaraðili telur að kostnaður hafi aukist frá 1. nóvember 2014, en þá sé ekki reiknaður til fjár sá tími sem sóknaraðili hafi varið til að verjast varnaraðila og kröfum hans í gegnum árin. Þá telur sóknaraðili að tjónið sé ómælt hvað varðar lífsgæði hans þar sem hann hafi þurft að verjast ólögmetum kröfum varnaraðila undanfarin ár. Sóknaraðili telur eðlilegt að varnaraðili beri allan kostnað vegna þessa málareksturs.

Hvað varðar athugasemdir varnaraðila, þá mótmælir sóknaraðili frávísunarkröfu varnaraðila. Sóknaraðili telur að ekki verði betur séð en að varnaraðili hafi áttað sig fyllilega á málavöxtum og öllum röksemdum sóknaraðila í málinu. Þá verði ekki séð að framsetning krafna sóknaraðila hafi valdið honum erfiðleikum við að halda uppi vörnum í málinu.

Sóknaraðili mótmælir einnig öllum öðrum athugasemdum varnaraðila. Sóknaraðili hafnar því algerlega að hafa ritað undir nýtt verðtryggt skuldabréf fyrirvaralaust þegar sértæk skuldaaðlögun hafi farið fram. Sóknaraðili hafi margoft óskað eftir því að skriflegur fyrirvari yrði settur í skuldabréfið um lögmeti þessarar aðgerðar og réttarstöðu sem gæti orðið til í framtíðinni. Lögfræðingur varnaraðila hafi fundið marga meinbugi á slíku og hafi sagt að á heimasíðu varnaraðila væri allir þeir fyrirvarar sem þeir hafi þurft á að halda. Sóknaraðili myndi vilja að þeir sem tóku þátt í þessum fundahöldum yrðu yfirheyrðir til að rannsaka hvort þessir fyrirvarar hafi ekki örugglega verið settir fram munnlega.

Sóknaraðili ítrekar það að hann hafi sýnt takmarkalausán greiðsluvilja og greiðslugetu á meðan lánið hafi verið innan löglegra marka, þrátt fyrir að lánsupphæðin, frá því að verðtryggða lánið hafi komið til sögunnar, hafi verið mun hærra en lagt hafi verið upp með. Þess vegna sé öllum kröfum um aðra vexti en sammingsvexti hafnað og uppvakningu niðurfelldra skuldabréf einnig hafnað. Sú aðgerð varnaraðila að þvinga sóknaraðila til að taka verðtryggt íslenskt lán hafi ekki verið gerð í þökk sóknaraðila. Þá hafnar sóknaraðili því einnig að varnaraðili hafi geta ráðstafað fjármunum sem hafi orðið til við lokauppgjör skuldabréfs nr. Þ, án samráðs við sóknaraðila.

Varnaraðili vísi til þess að raunverð íbúðarinnar að B hafi verið lægra en raunstaða áhvílandi krafna á þeim tíma. Sóknaraðili telur að í rauninni hafi ekki skipt máli hvert verðgildi íbúðarinnar eða krafanna hafi verið. Staðreyndin sé sú að það hafi verið samið um það að varnaraðili fengi íbúðina í stað skuldabréfanna sem á henni hafi hvílt. Sóknaraðili ítrekar, að á fundi í apríl 2012 hafi starfsmaður varnaraðila lagt til að „byrjað yrði aftur á reit eitt“. Sóknaraðili sé enn tilbúinn til þess, gegn því að fá íbúðina sem varnaraðili hafi þvingað af honum til baka, auk

tapaðrar leigugreiðslu, sem hafi reiknast um kr. 9.975.000, auk vaxta frá apríl 2010 til ársloka 2014.

Varnaraðili bendir á nauðsyn þess að fara eftir meginreglu samningaréttar, en meginreglan sé einmitt sú að samninga skuli halda. Sóknaraðili hvetur varnaraðila til þess að fara eftir þeim samningum sem hann hafi gert við sóknaraðila. Sóknaraðili vísar í þessu til samninga um óbreytta vexti á greiðslufrestunartímanum og kaupsamning vegna B.

Varnaraðili krefjist endurvakningar á skuldabréfi nr. Æ á grunni ólögfesta reglna kröfuréttar um rangar og brostnar forsendur. Sóknaraðili telur að þessi krafa sé með ólíkindum í ljósi þess að fjöldi fjármálasérfræðinga og lögfræðinga í starfi hjá varnaraðila hafi komið að samningsgerð vegna kaupsamningsgerða vegna B, aðilar sem ættu öðrum fremur að þekkja þær forsendur sem hafi legið til grundvallar þessum gjörningi. Sóknaraðili telur að það sé nær að sóknaraðili fengi allar kröfur varnaraðila felldar niður, í ljósi þess að hann hafi ekki búið yfir þeirri fjármálaþekkingu sem varnaraðili hafi búið yfir og hafi þannig staðið einn gegn öllu sérfræðingaliði varnaraðila.

Sú fullyrðing varnaraðila í athugasemdum sínum að sóknaraðili hafi undirritað uppgreiðslubeiðni erlendra lána án athugasemda sé að mati sóknaraðila röng. Sóknaraðili hafi gert margar munnlegar athugasemdir við alla þessa starfshætti varnaraðila, en hafi ekki haft aðra kosti en að sæta þessari málsmeðferð á þessum tíma eða átt á hættu að missa eignir sínar. Enn og aftur ítrekar sóknaraðili að hann hafi verið minnimáttar í öllum þessum viðskiptum og hafi því yfirleitt ekkert haft um þau að segja. Lögfræðingar varnaraðila hafi margítrekað að á heimasíðu varnaraðila hafi verið að finna alla þá fyrirvara sem sóknaraðili þyrfti á að halda í öllu þessu ferli. Í einfeldni sinni hafi sóknaraðili treyst orðum varnaraðila í þessu efni. Þar að auki hafi almennur fyrirvari varnaraðila verið ritaður á þessar uppgreiðslubeiðnir.

Einnig vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi sýnt mikið tómlæti í þessu máli. Allt sem hafi verið gert hafi verið að frumkvæði sóknaraðila, yfirleitt með miklum eftirgangsmunum. Í stað þess að fjalla málefnalega um ágreining málsaðila, hafi varnaraðili, þegar hann loks hafi fengist til að fjalla um málið, haldið fram í krafti stærðar sinnar og yfirburðastöðu óbilgjörnum, ýtrustu kröfum og skýlt sér á bak við forsendubresti, ólögfest kröfuréttindi og haldið fram kröfum um endurvakningu krafna og ógildingu samninga og hafnað öllum sanngjörnum athugasemdum sóknaraðila.

Að lokum vísar sóknaraðili til þess að hann geti fallist á það að ofgreiðslur inn á óréttmætar kröfur varnaraðila verði notaðar til lækkunar sannanlegrar kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá með vísan til 6. gr. samþykktar Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Varnaraðili byggir frávisunarkröfu sína á því að kröfur sóknaraðila séu svo óljósar og óskýrar að málið sé ekki tækt til úrskurðar.

Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili byggir á því að það sem hafi haft mesta þýðingu fyrir endurútreikning umræddra lána sé sú staðreynd að í febrúar 2010 hafi varnaraðili samþykkt sértæka skuldaaðlögun fyrir sóknaraðila og eiginkonu hans, vegna greiðsluerfiðleika þeirra, en í henni hafi falist í raun tvíþætt aðgerð. Annars vegar hafi varnaraðili samþykkt að

yfirtaka fasteign sóknaraðila að B á kr. 19.000.000, gegn áhvílandi skuldum. Kaupsamningur þessu til staðfestingar hafi verið undirritaður dags. 18. febrúar 2010. Tvö lán frá varnaraðila hafi verið tryggð með veði í eigninni, þ.e. lán nr. Þ og Æ en á þessum tíma hafi verið talið að um lögmæt erlend lán hafi verið að ræða, og staða þeirra hafi verið talin samtals um kr. 46.400.000. Hafi lánunum verið aflétt af eigninni samhliða yfirtökunni. Hins vegar hafi varnaraðili samþykkt að aðlaga áhvílandi skuldir fasteignarinnar að A, að 100% verðmæti eignarinnar, en þetta hafi verið almennt úrræði sem varnaraðili hafi boðið upp á fyrir viðskiptavinum sína á þessum tíma. Á fasteigninni hafi hvílt fimm lán, þ.e. íbúðalán nr. R frá varnaraðila, upphaflega að fjárhæð kr. 15.000.000, erlent lán frá FF, upphaflega að fjárhæð jafnvirði kr. 9.000.000 og framangreind lán nr. X, Y og Z, sem á þeim tíma hafi verið talin vera lögmæt erlend lán. Staða áhvílandi lána hafi verið talin samtals um kr. 127.200.000. Nýtt veðskuldabréf hafi verið útbúið að fjárhæð kr. 68.000.000, dags. 18. febrúar 2010, en verðmat eignarinnar á þeim tíma hafi verið kr. 68.000.000 og hafi andvirði þess verið nýtt til að greiða upp öll áhvílandi lán, að svo miklu leyti sem andvirði þess hafi dugað, en eftirstöðvar áhvílandi skulda frá varnaraðila hafi verið afskrifaðar. Sóknaraðilar hafi undirritað kaupsamning, samning um uppgreiðslu og nýtt veðskuldabréf fyrirvaralaust og hafi þannig staðfest með undirritun sinni umrædda skuldaaðlögun.

Með síðar tilkomnum dómum Hæstaréttar hafi komið í ljós að þau lán sem talið hafi verið að væru lögmæt erlend lán, þ.e. lán nr. X, Y, Z, Þ og Æ, hafi í raun verið ólögmæt gengistryggð lán og því hafi staða þeirra í reynd verið lægri en gert hafi verið ráð fyrir við skuldauppgjörið. Nánar tiltekið sé um að ræða dóma Hæstaréttar sem hafa fallið annars vegar um lögmæti erlendra lána og hins vegar um endurútreikning á lánnum sem hafi legið fyrir að innihaldi ólögmæta gengistryggingu.

Varnaraðili hafi endurreiknað umrædd lán upphaflega í ársbyrjun 2011 á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 38/2001. Ástæða þess að lánin hafi verið endurreiknuð, þrátt fyrir að skuldauppgjör hafi farið fram hafi verið að sýna fram á hver niðurstaðan hefði verið ef skuldauppgjör hefði ekki farið fram, og meta í framhaldi niðurstöðuna m.t.t. hagsmuna viðskiptavinarins.

Þá hafi varnaraðili endurreiknað lán nr. X, Y, Z, Þ og Æ í samræmi við fyrirmæli 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og dóma Hæstaréttar frá árinu 2012 um gildi fullnaðarkvittana við endurútreikning gengistryggðra lána, og hafi hinn endurskoðaði endurútreikningur varnaraðila upphaflega verið kynntur sóknaraðila í október 2013. Nánar tiltekið hafi endurútreikningurinn falist í því að lánin hafi átt, í stað umsaminna erlendra vaxta, að bera óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands, sbr. 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 og ákvæði 18. gr. laga nr. 38/2001. Aftur á móti hafi varnaraðili ekki getað, m.t.t. þeirrar undantekningar frá meginreglu kröfuréttar um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslna, sem m.a. hafi verið beitt í dómum Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 og máli nr. 464/2012, krafð lántaka um greiðslu vaxta umfram þá fjárhæð vaxta, sem hann hafi sannanlega greitt fyrir tiltekin vaxtatímabil, enda hafi vextir af kröfunni talist fullgreiddir samkvæmt fullnaðarkvittunum sem hafi verið gefnar út vegna einstakra lána.

Í því skyni að einfalda málið, hafi varnaraðili endurreiknað lánin miðað við dags. 16. febrúar 2010, þ.e. tímamark hinna sértæku skuldaaðlögunar, og hafi sóknaraðila verið kynntar forsendur endurútreikningsins miðað við þá aðferðafræði. Við endurútreikning allra framangreindra lána hafi sóknaraðili notið fullnaðarkvittana

fyrir greiðslum fram til október 2008 en eftir það tímamark hafi ekkert verið greitt og hafi því reiknast óverðtryggðir vextir Seðlabanka Íslands á láninu frá þeim tíma og til viðmiðunardags endurútreiknings. Varnaraðili telur að rétt hafi verið að leggja endurútreikning til grundvallar miðað við framangreint tímamark við skoðun á máli sóknaraðila og hafi það í raun verið eina raunhæfa leiðin til að leggja rétt mat á stöðuna.

Það sé mat varnaraðila að endurútreikningur, miðað við þær forsendur, hafi sýnt annars vegar, að yfirtökuverð fasteignarinnar að B hafi verið lægra heldur en raunstaða áhvílandi krafna á þeim tíma og hins vegar, að fjárhæð veðskuldabréfsins frá 18. febrúar 2010 hafi verið lægra heldur en raunstaða áhvílandi krafna fasteignarinnar að A á þeim tíma, að teknu tilliti til endurútreiknings lánanna.

Varnaraðili telur að af yfirliti, sem hafi verið lagt fram af varnaraðila, hafi endurreiknuð staða lána nr. Þ og Æ verið um kr. 23.800.000 miðað við hinn 16. febrúar 2010, en sem fyrr segir hafi yfirtökuverð fasteignarinnar að B verið ákveðið kr. 19.000.000, s.s. samkomulagið um skuldauppgjör hafi verið hagfelldara fyrir sóknaraðila en niðurstaða endurútreiknings. Jafnframt að staða áhvílandi lána fasteignarinnar að A hafi verið samtals kr. 77.700.000 samanborið við fjárhæð veðskuldabréfsins frá 18. febrúar 2010, sem hafi verið ákveðið kr. 68.000.000. Því hafi skuldauppgjórið enn og aftur einnig komið hagfelldara út fyrir sóknaraðila. Sérstaklega hafi verið tekið fram að staða áhvílandi láns á 2. veðrétti frá FF af yfirliti hafi tekið mið af endurútreikningi þess að teknu tilliti til dóma Hæstaréttar um gildi fullnaðarkvittana við endurútreikning gengistryggðra lána, samkvæmt upplýsingum frá kröfueiganda. Samkvæmt þessu hafi raunafskrift varnaraðila á skuldum sóknaraðila og eiginkonu hans við skuldauppgjórið verið samtals um kr. 14.500.000. Af þeim sökum sé örðugt fyrir varnaraðila að skilja, á hvaða forsendum sóknaraðila hafi nú óskað eftir frekari niðurfellingu skulda en gert hafi verið með svokallaðri sértækri skuldaaðlögun sem fram hafi farið í febrúar 2010. Varnaraðili telur að svo virðist sem kröfur sóknaraðila hafi hins vegar verið byggðar að því að samningur um skuldaaðlögun hafi átt að halda og síðan aftur á móti að hann hafi ekki átt að halda. Varnaraðili bendir á meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga.

Sóknaraðili krefjist þess að ekki verði tekið tillit til láns frá FF, þar sem varnaraðili hafi ekki sýnt fram á kröfurétt sinn. Varnaraðili telur sig hafa lagt fram greiðslukvittun að fjárhæð kr. 14.787.807, dags. 15. mars 2010 til uppgreiðslu á láni nr. Ö að hluta, af sértækum skuldaaðlögunarsamningi aðila. Þrátt fyrir þá staðreynd að varnaraðili hafi greitt kr. 14.787.807, vegna umrædds láns til FF, þá sé miðað við kr. 12.600.000, í endurreikningi lánsins miðað við 16. febrúar 2010, til hagsbóta fyrir sóknaraðila. Varnaraðili bendir hér sérstaklega á að hin sértæka skuldaaðlögun sem samþykkt hafi verið í febrúar 2010 og hafi falið í sér umtalsverða lækkun á skuldum sóknaraðila og eiginkonu hans hafi verið hagfelldari fyrir sóknaraðila heldur en sú niðurstaða sem hafi leitt af endurútreikningnum. Því geti sóknaraðili ekki átt kröfu á hendur varnaraðila um frekari lækkun núverandi láns hans hjá varnaraðila en hafi leitt af hinni sértæku skuldaaðlögun.

Hvað varðar fyrstu kröfu sóknaraðila samkvæmt kröfugerð, þá áréttar varnaraðili að jafnvel þótt lánin hafi verið reiknuð með samningsvöxtum í stað óverðtryggðra vaxta Seðlabanka Íslands á greiðslufrestunartíma hafi það engin áhrif á niðurstöðuna, þ.e. lækkun á skuldum sóknaraðila og eiginkonu hans sé meiri samkvæmt sértækum skuldaaðlögunarsamningi heldur en samkvæmt endurreikningi gengistryggðra lána. Þess utan telur varnaraðili að við endurútreikning á ofangreindum lánnum, að teknu tilliti til gildi fullnaðarkvittana, hafi varnaraðila verið

skylt að endurreikna lánin með óverðtryggðum vöxtum Seðlabanka Íslands frá stofnþegi þeirra, sbr. einnig ákvæði 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Fyrir þau vaxtatímabil sem lántaki hafi sannarlega greitt aðra fjárhæð í vexti, í samræmi við greiðslutilkynningar varnaraðila, hafi varnaraðila þó verið óheimilt að reikna óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands á lánið enda hafi lántaki í slíkum tilvikum fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta. Hins vegar hafi ekki staðið rök til annars en að lán hafi borið óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands og hafi engir vextir verið greiddir til varnaraðila, enda hafi engar fullnaðarkvittanir legið fyrir, og hafi þá ekki skipt máli þótt samið hafi verið um „frystingu“ á greiðslum á tilteknum tímabilum. Varnaraðili vísar í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 170/2014, sem uppkveðinn var dags. 25. september 2013, en í þeim dómi hafi verið staðfest að greiðslufrestanir hafi ekki haft að geyma megineinkenni greiðslu samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ekki hafi því verið um að ræða fullnaðarkvittanir fyrir þau tímabil og því hafi borið að reikna almenna vexti Seðlabanka Íslands, en ekki samningsvexti.

Hvað varðar aðra kröfu sóknaraðila telur varnaraðili ljóst að sé málið skoðað með heildstæðum hætti hafi því farið fjarri að varnaraðili hafi ekki geta horft til láns nr. Æ við mat á stöðu áhvílandi lána fasteignarinnar að B, að teknu tilliti til endurútreiknings. Fyrir liggir að lánið hafi hvílt á 2. veðrétti fasteignarinnar við yfirtöku varnaraðila á eigninni og hafi varnaraðili samþykkt að yfirtaka eignina, gegn áhvílandi lánum sem lið í sértækri skuldaaðlögun. Orðalag kaupsamnings hafi tekið mið af þeim tölulegu forsendum sem hafi verið lagðar til grundvallar við undirritun hans. Það liggir því fyrir að hefðu aðilar miðað við rétta stöðu lánanna við yfirtöku fasteignarinnar hefði kaupverðið ráðstafast til uppgreiðslu á láni nr. Þ, sem hafi hvílt á 1. veðrétti fasteignarinnar og eftirstöðvarnar hafi verið nýttar til innborgunar á láni nr. Æ og eftirstöðvar þess láns, eða kr. 4.768.989, hafi verið afskrifaðar. Byggir afstaða varnaraðila á ólögfestum reglum kröfuréttar um rangar og brostnar forsendur, sbr. til hliðsjónar ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Þá bendir varnaraðili jafnframt á að sé fallist á það með sóknaraðila að varnaraðili hafi verið skuldbundinn af tilvitnuðu orðalagi kaupsamningsins þá verði í öllum tilvikum að taka tillit til þess að raunafskrift varnaraðila vegna áhvílandi krafna fasteignarinnar að A, þ.e. kr. 9.700.000 hafi verið hærri heldur en mismunur á kaupverði fasteignarinnar að B og raunstöðu láns nr. Þ á fyrsta veðrétti fasteignarinnar, þ.e. kr. 6.500.000. Því telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki getað gert kröfu um endurgreiðslu þess fjár frá varnaraðila. Varnaraðili vísar í því sambandi til almennra reglna um skuldajöfnuð.

Varnaraðili bendir sérstaklega á að ekki hafi verið undirritað heildarsamkomulag um uppgjörið samkvæmt hinni sértæku skuldaaðlögun, en ekki hafi þó geta farið á milli mála hvaða skilning aðilar hafi lagt í samkomulagið og hvaða fjárhæðir skulda hafi verið lagðar til grundvallar. Samhliða undirritun kaupsamnings um fasteignina að B og nýs veðskuldabréfs sem hafi verið tryggt með veði í fasteigninni að A, hafi sóknaraðili undirritað, án athugasemda, sérstakan uppgreiðslusamning og beiðni um uppgreiðslu allra lána sem hafi átt við, í tengslum við hina sértæku skuldaaðlögun. Þar sé skjalfest hvaða fjárhæðir lánanna aðilar hafi lagt til grundvallar við gerð samkomulags síns, annars vegar vegna yfirtöku fasteignarinnar að B og hins vegar vegna útgáfu hins nýja veðskuldabréfs að fjárhæð kr. 68.000.000. Þessar forsendur hafi því legið fyrir. Á þeim tíma þegar samþykkt hafi verið að gera sértækan skuldaaðlögunarsamning í febrúar 2010, hafi aðilum ekki verið kunnugt um ólögmati hinna gengistryggðu lána. Hæstiréttur kvað upp fyrstu dóma varðandi ólögmeta gengistryggingu á árinu 2011.

Varnaraðili áréttar það að hann hafi í raun greitt kr. 14.787.807 til FF, sbr. greiðslukvittun, dags. 15. mars 2010, til uppgreiðslu á láni nr. 714980. Engin rök hafi staðið gegn því að fullt tillit hafi verið tekið til þess láns við endurreikning gengistryggðra lána sóknaraðila hjá varnaraðila. Lánið hafi verið endurreiknað í kr. 12.600.000, til hagsbóta fyrir sóknaraðila, þrátt fyrir að varnaraðili hafi í raun greitt hærri fjárhæð fyrir lánið við uppgreiðslu þess.

Varnaraðili hafnar að lokum kröfu sóknaraðila um að varnaraðili eigi að greiða að fullu þann kostnað sem hann hafi borið vegna málsins, þ.á.m. kr. 389.307, auk vaxta vegna lögfræðikostnaðar. Í samþykktum Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki sé ekki að finna neina heimild fyrir nefndina að úrskurða um málskostnað, sbr. t.a.m. úrskurð í máli nr. 39/2014.

Að lokum bendir varnaraðili á að sóknaraðili og eiginkona hans hafi fengið meiri lækkun skulda og hagfelldari niðurstöðu samkvæmt sértækum skuldaaðlögunarsamningi heldur en þau hefðu getað gert sér vonir um samkvæmt endurreikningi gengistryggðra lána miðað við réttar forsendur.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi gengistryggðra lána og tengslum þeirra við skuldauppgjör varnaraðila og sóknaraðila samkvæmt sértækum skuldaaðlögunarsamningi sem samþykkt var að gera í febrúar 2010.

Varnaraðili krefst þess að máli þessu verði vísað frá nefndinni á grundvelli þess að krafa sóknaraðila sé svo óljós og óskýr að málið sé ekki tækt til úrskurðar, og vísar til 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd.

Í 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar.

Ekki verður fallist á það með varnaraðila að kröfur sóknaraðila sé óskýrar eða óljósar þar sem sakarefnið virðist liggja nægilega skýrt fyrir í þessu máli til að unnt sé að taka afstöðu til þess. Einnig virðist ágreiningur málsins liggja skýrt fyrir og eru kröfur sóknaraðila studdar gögnum þess efnis, auk þess sem varnaraðili hefur vandræðalaust tekið til efnislegra varna gegn kröfunum. Verður frávisunarkröfu varnaraðila því hafnað.

Það er meginatriði, sem ræður úrslitum um flestar kröfur sóknaraðila, hvernig eigi að túlka og fara með þá samninga sem aðilar gerðu árið 2010 þegar gengistryggð lán sem þar var fjallað um, eru endurreiknuð. Í samningum þessum fólst eftirgjöf varnaraðila á fjárkröfum sem höfðu hækkað verulega vegna ólögmætrar gengisbindingar lánanna. Í grófum dráttum eignaðist varnaraðili með þessum samningum aðra fasteign sóknaraðila, en jafnframt verðmæti hinnar fasteignarinnar í þeim kröfuréttindum sem eftir stóðu. Aðrar fjárkröfur voru hins vegar gefnar eftir

Það felst í kröfugerð sóknaraðila að í stað þess að upphaflegir samningsskilmálar standi, skuli lán endurreiknuð og þannig lækka. Byggir þessi krafa á því að sóknaraðili hafi ofgreitt af lánum sínum, þ.e. greitt meira af þeim en lög stóðu til. Sóknaraðili telur hins vegar að þrátt fyrir þennan endurreikning á uppgjöri á milli aðila eigi einstök ákvæði um eftirgjöf einstakra lána að standa fullum fetum. Nefndin telur ekki unnt að fallast á þetta. Augljóst er að með samningunum frá febrúar 2010 voru lán sóknaraðila færð niður og að ástæða þess var sú að þau höfðu hækkað mjög verulega og umfram það sem sóknaraðili réði við að greiða eða unnt var að fullnusta.

Virðist þetta raunar óumdeilt. Það fæli í sér stórfellda röskun á þeim fjárskiptum sem samið hefur verið um, bæði við veitingu lánanna og við niðurfærsluna 2010, ef einstök lán ættu nú að sæta niðurfærslu en önnur að teljast niðurfelld. Af þessu leiðir að ekki verður fallist á þær kröfur sóknaraðila sem eru númer 2 og 3 í kröfugerð hans.

Eftir því sem næst verður komist af málatilbúnaði aðila leiðir þessi niðurstaða einnig til þess að krafa sóknaraðila nr. 1, þ.e. að *Seðlabankavextir eigi ekki við á greiðslufrestunartíma frá október 2008- feb. 2010, [...]skiptir ekki máli fyrir fjárhagslegt uppgjör þeirra*. Þar sem þetta er þó ekki vafalaust, þykir rétt að taka afstöðu til þessarar kröfu. Af dómum Hæstaréttar um uppgjör ólögðra gengistryggðra lána verður ráðið að almennt verði að miða við að svonefndir Seðlabankavextir séu greiddir í stað umsaminnna vaxta og gengistryggingar. Undantekningar frá þessu geta átt við ef skuldari gerir upp einstaka gjalddaga lánanna og má þá treysta því að um fullnaðaruppgjör sé að ræða, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samningssamband aðila á þeim tíma sem þessi krafa tekur til var óbreytt að því leyti að þeir miðuðu áfram við að skuldin sætti gengistryggingu og að hún bæri umsamda vexti. Ekki var um það að ræða að einstakir gjalddagar væru gerðir upp á þessu tímabili. Virðist því meginreglan um Seðlabankavexti eiga við fullum fetum um þetta tímabil og verður að hafna þessari kröfu sóknaraðila.

Fjórða krafa sóknaraðila byggir á því að hann telur ósannað að varnaraðili hafi í raun eignast skuldabréf nr. Ö frá FF. Við mat á þessu verður í fyrsta lagi að líta til þess að varnaraðili hefur nú þegar samið við sóknaraðila um uppgjör á þessu bréfi. Þá hefur varnaraðili lagt fram kvittanir fyrir kaupum sínum á bréfinu. Enda þótt frumrit skuldabréfsins hafi ekki verið lagt fram í málinu telur nefndin að með hliðsjón af þessu sé henni ófært að leggja það til grundvallar nú að varnaraðili hafi aldrei eignast umrædd kröfuréttindi.

Þar sem nefndin hefur ekki heimildir til að leggja málskostnað eða kostnað af hagsmunagæslu á málsaðila, verður að vísa fimmtu og síðustu kröfu sóknaraðila frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur F, um málskostnað er vísað frá.
Öðrum kröfum sóknaraðila er hafnað.

Reykjavík, 30. apríl 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 13. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 107/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun sóknaraðila, dags. 18. nóvember 2014 og viðbótarupplýsingum 20. nóvember 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 20. nóvember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með tölvupósti dags. 15. desember 2014. Var hann sendur sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 15. desember 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust dags. 16. desember 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 13. mars 2015.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili tók ítrekað lán hjá varnaraðila á tímabilinu desember 2013 – október 2014. Í tengslum við þessi viðskipti greiddi hann fyrirtæki að nafni A fimmtíu sinnum fjárhæðir á bilinu 3.190 kr. – 7.247 kr. samkvæmt fram lögðu yfirliti úr netbanka, alls kr. 293.402 kr. Varnaraðili hefur markaðssett þjónustu sína undir vörumerkjunum B og C og beindi sóknaraðili kröfum sínum upphaflega að þeim. Varnaraðili býður viðskiptavinum upp á framkvæmd lánsþátttöku án endurgjalds á heimasíðu sinni. Einnig er í boði mat frá A, en á heimasíðu varnaraðila kemur fram að þar er um að ræða „samstarfsaðila lánveitanda“. Þegar sóknaraðili tók lánin, óskaði hann eftir lánsþátttöku frá A. Fyrir þessa þjónustu greiddi sóknaraðili þau gjöld sem kvörtun hans lýtur að.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fá 500.000 kr. greiðslu til baka frá A.

Í liðnum „Kvörtun“ á kvörtunareyðublaði sóknaraðila segir: „*Vil fá að vita hvort þessum fyrirtækjum er heimilt að rukka lántökukostnað frá [A] fyrir hraðari afgreiðslu láns.*“ Undir liðnum „Rökstuðningur fyrir kvörtun“ segir: „*Hef því miður þurft á þeirra peningum að halda undanfarið ár en myndi gjarnan vilja fá þá til baka.*“

Í viðbótar athugasemdum sóknaraðila, kveðst hann hafa fengið rukkun í heimabanka frá fyrirtækjunum B og C og vísar því athugasemdum varnaraðila á bug þess efnis að hann hafi aldrei átt nein samskipti við B eða C.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa haft neitt val um hvort hann vildi eiga umrædd viðskipti við A, þar sem ekki hafi verið hægt að fá lán hjá B og C, nema að velja þá leið að kaupa lánshæfismat af A. Þegar hann hafi reynt þann valkost að láta varnaraðila sjálfan vinna lánshæfismat hafi umsóknum hans ekki verið svarað.

Sóknaraðili telur að hann hafi borið ágreining sinn upp við varnaraðila. Þetta hafi hann gert með því að hringja og kvarta undan seinagangi með afgreiðslu láns og hafi verið tjáð að hann gæti ávallt beðið um flýtleið og þá í gegnum fyrirtækið A.

Hvað varðar frávísunarkröfu varnaraðila, þá telur sóknaraðili kröfu sína vera skýra, þar sem hann hafi farið fram á endurgreiðslu frá B og C vegna þess að hann telur að fyrirtækin hafi beint viðskiptum til A til að fá afgreiðslu.

Sóknaraðili kveðst hafa verið til meðferðar hjá Umboðsmanni skuldara og af þeim sökum hefði hann aldrei átt að fá lán hjá B og C. Þess vegna telur sóknaraðili að ekkert greiðslumat hafi farið fram hjá varnaraðila og því síður frá A. Sóknaraðili heldur því fram að ef sótt hafi verið um lán hjá fyrirtækjunum og beðið um afgreiðslu í gegnum A, þá hafi lánið verið afgreitt á „*innan við 5 mínútum svo þetta er ekki að fara neitt út fyrir landsteinana í „athugin“*“.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá.

Kvörtun sóknaraðila beinist að B og C á kvörtunareyðublaði. Að mati varnaraðila getur hvorugt þessara vörumerkja verið aðili þessa máls. Varnaraðili telur að í fyrsta lagi séu bæði vörumerkin rekin af varnaraðila, sem sé lánveitandinn. Í öðru lagi hafi sóknaraðili átt viðskipti við fyrirtækið A og hafi krafist þess að fá fjármuni þá endurgreidda frá B og C, sem hann hafi greitt til A.

Varnaraðili gerir athugasemd við það að kvörtunin sé tekin til meðferðar hjá nefndinni. Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi ekki átt í neinum samskiptum við félagið, né B eða C, vegna umkvörtunarefnisins og því telur varnaraðili ekki vera um neinn ágreining að ræða. Einnig telur varnaraðili að engar kröfur hafi verið uppi af hálfu sóknaraðila né að nein andsvör hafi verið veitt af hálfu félagsins. Vísar varnaraðili til 1. og 2. mgr. 33. gr. laga nr. 33/2013.

Að mati varnaraðila er kröfugerð sóknaraðila sett fram á þann veg að ekki sé „*með góðu móti hægt að henda reiður á hvað er verið að fara fram á.*“ Einnig telur varnaraðili að ekki séu nein gögn í málinu sem sýna fram á að sóknaraðili hafi greitt þá fjárhæð sem hann hafi farið fram á endurgreiðslu á. Að mati varnaraðila verði af þeim sökum ekki kveðinn upp úrskurður á grundvelli kröfugerðar sóknaraðila samkvæmt kvörtuninni. Að mati varnaraðila kemur ekki fram hver sé móttakandi greiðslna, né er samræmi á milli fjárhæða og kröfugerðar samkvæmt yfirliti lögðu fram af sóknaraðila. Varnaraðili fjárhæðirnar á yfirlitinu ekki vera í nokkru samræmi við kröfugerðina.

Hvað kvörtunina sjálfa varðar þá kveðist sóknaraðila vilja fá að vita hvort „*þessum fyrirtækjum*“ hafi verið heimilt að rukka lántökukostnað frá A fyrir hraðari afgreiðslu láns. Rökstuðningur sóknaraðila sé sá að hann hafi þurft að nota þjónustuna en krefjist nú endurgreiðslu. Að mati varnaraðila séu málsástæðurnar engar og rökstuðningur enginn. Telur varnaraðili þennan skort á málsástæðum gera þeim sem

kvörtunin beinist að, ómögulegt að rökstyðja athugasemdir sínar með skynsamlegum hætti, og þannig verði málið um leið ómögulegt til meðferðar.

Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Samkvæmt lögum um neytendalán nr. 33/2013, sé ekki heimilt að veita lán án þess að lánshæfismat fari fram. Varnaraðili telur að viðskiptavinir varnaraðila hafi val á milli þess að kaupa lánshæfismat hjá A eða að fá lánshæfismat hjá lánveitandanum sjálfum. Varnaraðili telur sóknaraðila sjálfan hafa valið að kaupa lánshæfismatið hjá A. Einnig telur varnaraðili það hafa verið valkvæða þjónustu, sem sé ekki skilyrði lánveitingarinnar og af þeim sökum teljist þjónustan ekki til lántökukostnaðar.

Neytendastofa hafi fjallað um málefni varnaraðila og talið kaup á þjónustu A falla undir lántökukostnað og þar með hluta af árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Þessu sé varnaraðili ekki sammála og hafi skotið ákvörðun neytendastofu til Úrskurðarnefndar neytendamála. Þegar athugasemdir varnaraðila hafi verið skrifaðar hafi úrskurður nefndarinnar ekki legið fyrir.

Með lögum nr. 33/2013 um neytendalán hafi verið sett ákvæði sem tóku til starfsemi varnaraðila, m.a. ákvæði um hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán megi árleg hlutfallstala kostnaðar ekki nema meira en 50% af viðbættum stýrivöxtum. Í 21. gr. laganna sé að finna skilgreiningu á árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

Í 4. mgr. 21. gr. komi fram að við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skuli ákvarða heildarlántökukostnað neytanda sem samkvæmt g-lið 1. mgr. 5. gr. laganna sé allur kostnaður, þ.m.t. vextir, verðbætur, þóknun, skattar og önnur gjöld sem neytandi þarf að greiða í tengslum við lánsamning og lánveitanda sé kunnugt um við samningsgerð, að frátöldum þinglýsingarkostnaði. Kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánsamning, einkum váttryggingariðgjöld, sé einnig tekinn með í útreikninginn ef skylt sé að gera viðbótarþjónustusamning til að lánið fái stöð eða til að fá það með auglýstum skilmálum eða kjörum.

Varnaraðili telur sig hafa boðið viðskiptavininum sínum að framkvæma lánshæfismat án endurgjalds. Eftir að lög nr. 33/2013 um neytendalán tóku gildi hafi orðið ljóst, að mati varnaraðila, að meiri vinna og tími, en áður, myndi fara í að framkvæma mat á greiðslugetu umsækjenda. Því telur varnaraðili ljóst að eftir setningu laganna hafi ekki verið mögulegt að bæta við starfsfólki til að framkvæma matið og því hafi legið fyrir að afgreiðsla lána myndi taka lengri tíma en áður hafði tíðkast í starfseminni. Hins vegar hafi varnaraðili ákveðið að fallast á greiðslumat frá öðrum viðurkenndum fyrirtækjum sem hafi sérhæft sig í því að framkvæma mat á lánshæfi. Varnaraðili hafi samþykkt að heimila lánshæfismatsfyrirtækinu A að auglýsa þjónustu sína á heimasíðu sinni og hafi hluti viðskiptavina ákveðið að kaupa þá þjónustu, þar sem skemmri tíma hafi tekið að fá matið frá þeim, en frá varnaraðila.

Varnaraðili telur að umsækjendur um lán hjá varnaraðila hafi því getað keypt lánshæfismat frá þriðja aðila, hafi þeir kosið það, í þeirri von að lánsúmsóknin myndi taka skemmri tíma í afgreiðslu. Samkvæmt lokamálslið g-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013 falli þessi kostnaður ekki undir heildarlántökukostnað við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Neytandinn hafi ekki þurft að greiða þennan kostnað í tengslum við lánsamninginn þó hann hafi átt þess kost og því falli þessi kostnaður ekki undir heildarlántökukostnað samkvæmt fyrri málslið g-liðar 1. mgr. 5. gr. Þar að auki telur varnaraðili að þetta hafi verið viðbótarþjónusta, sem neytanda hafi ekki verið skylt að kaupa, til að lánið myndi fást en samkvæmt síðari málslið g-liðar 1. mgr. 5. gr. laganna falli kostnaður af viðbótarþjónustu, sem ekki er skylt að kaupa, ekki undir heildarlántökukostnað.

Samkvæmt framansögðu falli sá kostnaður, sem fellur á þegar lántakendur ákvæða að kaupa þjónustu A, ekki undir heildarlántökukostnað samkvæmt g-lið 5. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán og komi því ekki til skoðunar við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 4. mgr. 21. gr.

Varnaraðili telur að engar forsendur séu til að rýmka gildissvið ákvæða laga nr. 33/2013 því slíkt samræmist ekki viðurkenndum lögskýringarsjónarmiðum við skýringu lagaákvæða sem þessara. Varnaraðili telur að frekar ætti að skýra ákvæðin þröngt þannig að til þess að kostnaður falli undir ofangreind ákvæði, megi ekki vera neinn vafi hvað það varðar.

Auk ofangreinds þá telur varnaraðili enn frekari ástæða til að vera á varðbergi við túlkun ofangreindra lagaákvæða í ljósi þess að löggjöfin sjálf sé að hans mati andstæð 75. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 33/2013 geta neytendur skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni tengda neytendalánnum til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Lánveitendum er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefndinni og skulu þeir lánveitendur sem eiga aðild að málum standa undir kostnaði nefndarinnar vegna þeirra.

Ágreiningur aðila lýtur að endurgreiðslu lántökukostnaðar.

Sóknaraðili beindi kærinni í upphafi að tveimur smálánafyrirtækjum, B og C, og taldi nefndin því að um tvö aðskilin mál væri að ræða. Með réttu verður talið að kvörtunin beinist að varnaraðila, en óumdeilt er að hann veitti sóknaraðila umrædd lán. Hefur hann tekið til varna í málinu.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Ekkert liggur fyrir um að sóknaraðili hafi nokkurn tíma borið endurgreiðslukröfu sína upp við varnaraðila.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá með vísan til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur F, er vísað frá.

Reykjavík, 13. mars 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 6. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason

Fyrir er tekið **mál nr. 108/2014:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 20. nóvember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 11. desember 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Engar athugasemdir bárust.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 6. mars 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 29. mars 2007 var gerð skuldskeyting á skuldabréfi, sem tilgreint er X, að fjárhæð kr. 2.605.426, en bréfið var þá í eigu FF. Gerðist sóknaraðili skuldari á skuldabréfinu. Vanskil urðu á greiðslu bréfsins og óskaði FF eftir aðför fyrir gjaldfelldum höfuðstól þess og kostnaði. Nam gjaldfallinn höfuðstóll kr. 1.535.224. Þann 27. ágúst 2010 hafnaði sýslumaðurinn í Hafnarfirði því að aðförin næði fram að ganga, þar sem skuldskeytingin uppfyllti ekki formskilyrði aðfararlaga um vottun.

Sóknaraðili var einnig skuldari á gengistryggðum bílasamningi við FFF.

Þann 14. júní 2011 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna FF og FFF við varnaraðila á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Varnaraðili tók við öllum réttindum og skyldum FF og FFF og voru félögin sameinuð undir nafni varnaraðila. Gert var ráð fyrir að samruninn tæki gildi frá og með 1. janúar 2011

Þann 27. júní 2014 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila þar sem honum var tilkynnt að bankinn hefði leiðrétt endurútreikning á láni sem sóknaraðili tók hjá FFF og var greitt upp 19. ágúst 2010. Við leiðréttan endurútreikning eignaðist sóknaraðili kröfu á hendur bankanum að fjárhæð 323.025. Með bréfinu lýsti varnaraðili yfir skuldajöfnuði inneignar á láni XX á móti afskrift á láni XXX er varnaraðili eignaðist í kjölfar samruna FF við bankann. Er óumdeilt að þar er um að ræða sama lánið og

tilgreint er með XXX, í ofangreindri skuldskeytingu, en umrætt skuldabréf liggur frammi í málinu og er ónúmerað. Það athugast að engin áritun um skuldskeytingu er færð á skuldabréfið og ekki er vísað til skuldabréfsins nema með útgáfudegi og fjárhæð í skuldskeytingarskjalinu.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum 323.025 kr. með vöxtum skv. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 26. október 2010 til 26. október 2011 til 16. október 2014., en með vöxtum skv. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Að mati sóknaraðila voru almenn skilyrði skuldajafnaðar ekki uppfyllt við yfirlýsingu varnaraðila um skuldajöfnuð og er þess því krafist að bankinn greiði út inneign sóknaraðila. Þá er það einnig mat sóknaraðila að krafa varnaraðila á hendur honum, sem upphaflega var í eigu FF sé fyrnd og því niðurfalinn.

Sóknaraðili bendir á að krafa hans á hendur varnaraðila stafi af lánasamningi XXX sem gerður var við FFF hf. þann 28. júní 2007. Samningur hans við FFF hafi verið að fullu uppgreiddur þann 19. ágúst 2010. Varnaraðili hafi síðan yfirtekið skyldur og réttindi FFF þegar félögin sameinuðust undir merkjum varnaraðila árið 2009. Í bréfi varnaraðila dags. 27. júní 2014 gangist bankinn við því að hafa tekið yfir skyldur FFF vegna kröfu varnaraðila.

Sóknaraðili bendir á að krafa varnaraðila á hendur honum hafi stafað af veðskuldabréfi XX, sem sóknaraðili tók yfir þann 29. mars 2007, þá hjá FF. Skuld varnaraðila við FF hafi farið í vanskil í mars 2010 og í ágúst sama ár hafi FF krafist fjárnáms hjá sóknaraðila hjá Sýslumanninum í Hafnafirði. Sýslumaður hafi hinsvegar hafnað framgangi gerðarinnar ex officio, þar sem skuldskeytingarskjal það, sem gengið var frá í tengslum við yfirtökuna á veðskuldabréfi XX hafi verið óvottað. Rúmu ári eftir að gerðinni var hafnað, þann 6. október 2011, hafi varnaraðili yfirtekið rekstur FF en varnaraðili eignast 99% prósent hlutafjár FF í febrúar 2010 í kjölfar nauðasamninga.

Máli sínu stuðnings bendir sóknaraðili á að til þess að skuldajöfnun sé heimil þurfi kröfur aðila að hafa stofnast á milli sömu aðila, vera af sömu rót runnar og jafnframt þurfi kröfurnar að vera gildar. Þá sé það meginregla kröfuréttar að framsalshafi kröfu öðlist aldrei meiri rétt en framseljandi átti. Í þessu tilviki hafi FF aldrei átt sjálfstæðan rétt til þess að beita skuldajöfnuði gagnvart sóknaraðila, enda hafi krafa hans á hendur varnaraðila verið sprottin af kröfu hans á hendur FFF. Því sé ljóst að varnaraðili hafi ekki getað áskilið sér rétt til skuldajafnaðar vegna kröfu sóknaraðila á hendur FFF, þó svo að bankinn hafi eignast kröfu FF á hendur viðskiptavinum þess félags. Af ofangreindu megi því sjá að kröfurnar hafi ekki stofnast upphaflega á milli sömu aðila, hafi ekki tengst sama löggerningi né sömu atvikum.

Hvað varðar kröfu FF á hendur sóknaraðila bendir hann á að það sé krafa sem hafi samskonar lögtaksrétt, sbr. 9. gr. þess veðskuldabréfs sem lá til grundvallar kröfunni. Þar af leiðandi hafi krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila fyrnst skv. 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, eigi síðar en 31. mars 2014, en ljóst sé að eldri fyrningarlög taki til réttarsambands aðila enda hafi samningur milli þeirra stofnast fyrir gildistöku laga um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007. Þann 31. mars 2014 hafi verið liðin fjögur á frá því að krafa félagsins á

grundvelli veðskuldabréfs X lenti í vanskilum og krafan því fyrnd, sbr. áðurnefndan 3.tl. 3. gr. 1. 14/1905. Sóknaraðili álitur að lesa megi sambærilega niðurstöðu úr dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 10. nóvember 2014 í máli nr. E-3497/2012. Sóknaraðili telur því ljóst að gjaldfellingin og aðfarargerðin hafi ekki rofið fyrningu kröfunnar, enda var og sé skilyrði 52. gr. laga um aðför nr. 90/1989, að fyrning aðfarahæfrar kröfu sé aðeins slitið ef beiðni hafi borist héraðsdómara eða sýslumanni fyrir lok fyrningartíma „og gerðinni er síðan fram haldið án ástæðulauss dráttar.“ Bankinn hafi á þeim tíma sem liðinn sé frá því að fjárnámsbeiðni hans var hafnað hvergi hreyft sig til að tryggja fyrningarslit kröfunnar. Sé hún því fallin niður og ótæk til þess að beita við skuldajöfnuð með þeim hætti sem lýst var í bréfi varnaraðila frá 27. júní 2014.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að hinn 14. júní 2011 hafi FME samþykkt samruna FF hf. og FFF við varnaraðila á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Varnaraðili hafi tekið við öllum réttindum og skyldum FF og FFF og hafi félögin verið sameinuð undir nafni varnaraðila. Gert hafi verið ráð fyrir því að samruninn tæki gildi frá og með 1. janúar 2011. Varnaraðili hafi þar af leiðandi eignast allar þær kröfur sem FFF og FF áttu á hendur viðskiptavinum sínum frá stofnþegi þeirra krafna. Þá hafi verið litið svo á að kröfur sem viðskiptavinir félaganna áttu á hendur þeim giltu frá stofnþegi þeirra krafna gagnvart varnaraðila. Samkvæmt þessu telur varnaraðili að umræddar kröfu hafi verið milli sömu aðila og þar með gagnkvæmar.

Þá fái varnaraðili ekki betur séð en að önnur skilyrði skuldajafnaðar hafi verið uppfyllt. Þannig hafi kröfurnar verið sambærilegar, enda kváðu þær báðar á um greiðslu peninga. Þá hafi kröfurnar verið hæfar til að mætast hvað greiðslutíma varðaði og gagnkrafa varnaraðila verið gild krafa.

Loks bendir varnaraðili á að gagnkrafan hafi verið skýr og ótvíræð. Þá fellst hann ekki á það með sóknaraðila að kröfurnar hafi þurft að tengjast sama löggerningi eða sömu atvikum til þess að unnt sé að skuldajafna þeim.

Af öllu framangreindu telur varnaraðili að ekki verði annað ráðið en að skilyrðum skuldajafnaðar hafi verið fullnægt í framangreindu tilviki.

Hvað varðar málalögun að sóknaraðila um að krafa varnaraðila hafi verið fyrnd vegna afskriftar á láni nr. 204590 bendir varnaraðili á að samkvæmt 1. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 fyrnast kröfur samkvæmt skuldabréfi, sem ekki falla undir ákvæði 2. gr. laganna, á 10 árum. Ákvæði 3. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda mæli fyrir um að kröfur, er lögtaksrétt hafi, fyrnist á 4 árum. Sóknaraðili vísar í því sambandi til 9. gr. veðskuldabréfs þess sem deilt er um í máli þessu. Í umræddri 9. gr. veðskuldabréfsins sé meðal annars kveðið á um að heimilt sé að gera aðför til tryggingar skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun samkvæmt 7. gr. sömu laga. Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 séu í ellefu töluliðum taldar upp þær heimildir sem gera má aðför samkvæmt. Samkvæmt 7. tölul. mátti gera aðför til fullnustu kröfum samkvæmt skuldabréfum fyrir ákveðinni peningaupphæð, hvort sem veðréttindi hafa verið veitt fyrir skuldinni eða ekki, þar sem undirskrift skuldara væri vottuð af lögbókanda, hæstaréttar- eða

héraðsdómslögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum, ef berum orðum væri tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins að aðför mætti gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar. Samkvæmt 10. tl. sömu málsgreinar megi gera aðför til fullnustu kröfum samkvæmt kröfum, áður ótöldum, sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum laga.

Samkvæmt framangreindu telur varnaraðili ákvæði 9. gr. skuldabréfsins sem deilt er um í máli þessu ekki fela í sér lögtaksrétt samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90 /1989. Þar af leiðandi eigi ákvæði 3. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905 ekki við í málinu heldur ákvæði 1. tl. 4. gr. sömu laga sem mæli fyrir um 10 ára fyrningarfrest. Líkt og sóknaraðili bendi á, hafi fyrningarfrestur vegna kröfunnar byrjað að líða hinn 31. mars 2010. Að þessu virtu telur varnaraðili kröfu bankans vegna afskriftar á láninu nr. 204590 ekki fyrnda.

Hvað varðar tilvísun sóknaraðila til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 10 nóvember 2014 í máli E-3497/2012 telur varnaraðili rétt að geta þess að í því máli hafi verið um að ræða kröfu vegna gjaldfelldra eftirstöðva af námsláni og hafi stefnandi verið Lánasjóður íslenskra námsmanna. Í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmann, sé sérstaklega mælt fyrir um að endurgreiðslur námslána séu aðfarahæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða. Sama gildi um eftirstöðvar skuldar sem felld sé í gjalddaga samkvæmt 11. gr. laganna. Sambærilegt ákvæði hafi áður verið að finna í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, en þar hafi lánasjóðnum verið veittur lögtaksréttur fyrir vangoldnum endurgreiðslum af skuld, svo og gjaldfelldum eftirstöðvum námslána. Í athugasemdum við ákvæði í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 72/1982 komi fram að innheimta námslána hefði ekki verið nægilega markviss. Ástæðan væri fyrst og fremst sú að ekki hefði verið unnt að ganga að lánþegum, þótt um veruleg vanskil hefði verið að ræða, nema með því að stefna þeim fyrir dóm. Í 3. mgr. væri því lagt til að bót yrði ráðin á þessu með því að gera vanskilaskuldir við sjóðinn lögtakskræfar enda væri um að ræða afmarkaðar og óumdeildar kröfur.

Samkvæmt framangreindu hafi Lánasjóði íslenskra námsmanna verið veittur lögtaksréttur fyrir vangoldnum endurgreiðslum sem og gjaldfelldum eftirstöðvum af námslánum allt frá árinu 1982. Hvorki varnaraðila né FF hafi verið veittur slíkur réttur vegna vanskila á skuldabréfum í eigu félaganna. Varnaraðili telur því framangreindan dóm því ekki fordæmisgefandi í þessu máli.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna inneign á láni XX á móti afskrift á láni X er varnaraðili eignaðist í kjölfar samruna FF við hann.

Ekki er fallist á það með sóknaraðila að skilyrði skuldajafnaðar varðandi aðild hafi ekki verið uppfyllt í málinu, en þegar FF og FFF sameinuðust undir nafni varnaraðila, tók varnaraðili við öllum réttindum og skyldum félaganna tveggja og kröfurnar því gagnkvæmar. Er það ekki skilyrði skuldajafnaðar að kröfur séu frá öndverðu á milli sömu aðila. Þá voru önnur skilyrði skuldajafnaðar einnig uppfyllt. Voru kröfurnar sambærilegar, enda kváðu þær báðar á um greiðslu peninga. Þá voru kröfurnar hæfar til að mætast hvað greiðslutíma varðaði. Fallist er á það með sóknaraðila að kröfurnar verði ekki taldar runnar af sömu rót. Það er hins vegar ekki

almennt skilyrði skuldajafnaðar að kröfur séu af sömu rót runnar heldur veitir það aðeins rýmri rétt til skuldajafnaðar en ella.

Í íslenskum rétti hefur verið talið að það sé almennt óheimilt að skuldajafna peningakröfum sem fjármálafyrirtæki eignast á viðskiptamenn sína við innstæður eða önnur fjárhagsleg réttindi sem viðskiptamaðurinn á í viðkomandi banka eða sparisjóði.

Styðjast þessar takmarkanir öðru fremur við það hlutverk fjármálafyrirtækja að taka að sér vörslur fjármuna fyrir viðskiptamenn sína. Er það almennt ekki samræmanlegt þessu hlutverki að banki gangi að innstæðum eða öðrum fjárhagslegum réttindum til að fullnusta eigin kröfur. Er skuldajafnaðarréttur fjármálafyrirtækja gagnvart viðskiptamönnum almennt verulegum takmörkunum háður. Þessi sjónarmið eiga á hinn bóginn ekki við um kröfu viðskiptamanns um útgreiðslu fjár vegna endurreiknings skuldabréfaláns, á sama tíma og hann skuldar sama banka gjaldfallnar peningakröfur.

Krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila lýtur lögum nr. 14/1905 um fyrningu. Skuldabréf hans nýtur ekki lögtaksréttar. Vísan sóknaraðila til dómsmála sem varða Lánasjóð íslenskra námsmanna hafa hér ekki þýðingu um þá túlkun sóknaraðila að bein aðfararheimild í skuldabréfi samsvari lögtaksrétti í skilningi 3.tl. 3.gr., sbr. dóm Hæstaréttar í máli 242/2010. Verður talið að höfuðstóll kröfu varnaraðila fyrnist á 10 árum samkvæmt 1. tl. 4. gr. og sé því ófyrndur. Vextir af kröfunni fyrnast hins vegar á fjórum árum, samkvæmt 2.tl. 3. gr.

Þar sem fram lagt endurrit úr gerðarbók sýslumannsins í Hafnarfirði sýnir að krafa varnaraðila um greiðslu af höfuðstól nemur hærri fjárhæð en kr. 323.025, skiptir hugsanleg fyrning vaxta ekki máli fyrir rétt hans til skuldajafnaðar. Verður kröfu sóknaraðila samkvæmt öllu ofangreindu hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 6. mars 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 27. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Elísabet Júlíusdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 109/2014**:

**M og K
gegn
F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og K, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 24. nóvember 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 24. nóvember, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 14. desember 2014. Var bréfið sent sóknaraðilum, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 15. desember og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Sóknaraðilar höfðu ekki frekari athugasemdir.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 27. mars 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 11. janúar 2008, gaf dóttir sóknaraðila, A, út skuldabréf, nr. X, til forvera varnaraðila, upphaflega að fjárhæð kr. 2.700.000. Sóknaraðilar undirrituðu umrætt skuldabréf, sem ábyrgðarmenn, og tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð.

Sóknaraðilum var kynnt niðurstaða greiðslumats og efni upplýsingabæklings þann 16. janúar 2008, þ.e. fimm dögum síðar.

Ágreiningur er milli málsaðila um hvort farið hafi verið eftir ákvæðum í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001, sem var í gildi þegar skuldabréfið var undirritað.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar telja að varnaraðili hafi ekki farið eftir ákvæði 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við stofnun umræddrar ábyrgðarskuldbindingar þar sem þau hafi undirritað lánsúmsókn fimm dögum eftir undirritun á skuldabréfið.

Sóknaraðilar krefjast þess að ábyrgðarskuldbindingin verði gerð ógild. Undir liðnum „Kvörtun“ á kvörtunareyðublaði sóknaraðila segir: „Við viljum fá ábyrgðina ógilda vegna ósamræmi í vinnubrögðum hjá [varnaraðila] þegar við skrifum undir skuldabréfið sem ábyrgðarmenn.“ Þá kemur fram að sóknaraðilar telja að þau vinnubrögð varnaraðila að kynna þeim ekki niðurstöður greiðslumats og

upplýsingabækling fyrr en 16. janúar 2008, fimm dögum eftir að þau gengust í ábyrgðina, séu ekki í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgðarskuldbindinga frá 1. nóvember 2001.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Greiðslumat hafi verið framkvæmt í samræmi við 3. gr. samkomulagsins og hafi það sýnt fram á jákvæða greiðslugetu lántaka.

Að mati varnaraðila sé í fyrsta lagi engan áskilnað að finna í samkomulaginu þess efnis að ábyrgðarmenn hafi átt að staðfesta niðurstöður greiðslumats sérstaklega. Þar að auki hafi sóknaraðilar enga tilraun gert til að útskýra hvernig dagsetning þessarar yfirlýsingar hafi skipt máli fyrir ábyrgðarskuldbindingu eða haldið því fram að vilji þeirra hafi ekki staðið til þess að gangast í ábyrgð vegna niðurstöðu greiðslumatsins, sbr. úrskurð úrskurðarnefndarinnar nr. 32/2012. Að auki verði ekki séð að orsakatengsl séu á milli dagsetningar umræddra skjala og ábyrgðarinnar. Dagsetningin hafi ekki jafngilt því að greiðslumatið hafi ekki verið til reiðu fyrr en þann dag, enda séu þeir sem undirrita umsókn ekki höfundar þess skjals. Lánið hafi verið í skilum til 1. júní 2014, sem að mati varnaraðila hafi staðfest ennfremur að þegar lánið hafi verið tekið hafi lánþegi haft burði til að greiða af því. Hafi það verið í samræmi við markmið samkomulagsins að mati varnaraðila, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 343/2012.

Í öðru lagi telur varnaraðili að þrátt fyrir dagsetningu skuldabréfsins hafi skuldbinding samkvæmt því ekki verið skráð fyrr en þann 16. janúar 2008. Af framangreindu telur varnaraðili því, að ekki verði annað séð en að varnaraðili hafi uppfyllt þær skyldur sem lagðar voru á hann samkvæmt 3. og 4. gr. samkomulagsins.

Í þriðja lagi vísar varnaraðili til þess að með undirritun á skuldabréfið og á yfirlýsingu til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga hafi sóknaraðilar staðfest sérstaklega að þeir hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings varnaraðila um sjálfskuldarábyrgðir.

Í upplýsingabæklingnum hafi verið vísað til samkomulagsins og þar sé greint frá helstu atriðum þess, sérstaklega hafi verið tekið fram að sé lánsfjárhæð umfram 1.000.000 kr., skuli fjármálafyrirtæki ávallt framkvæma greiðslumat. Sömuleiðis hafi ábyrgðarmenn verið sérstaklega hvattir til þess að kynna sér greiðslugetu lántaka. Sóknaraðilar hafi staðfest að þeir hafi kynnt sér efni bæklingsins og því telur varnaraðili að leggja verði til grundvallar að þeim hafi verið kunnugt um að greiðslumat hafi verið framkvæmt og það hafi verið á ábyrgð þeirra að óska eftir því að fá að sjá það, áður en þau hafi gengist í ábyrgðina.

Því telur varnaraðili að ákvæði samkomulagsins þess efnis að tryggt sé að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats, hafi verið uppfyllt, með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 og framangreindra málsástæðna um dagsetningu skjalsins. Í forsendum dómsins segir: „*Getur þá ekki skipt máli sú viðbára hans í skýrslu fyrir dómi að hann hafi ekki lesið „smáa letur“ veðskuldabréfsins. Það var því á ábyrgð hans sjálfs hvort hann óskaði eftir að sjá greiðslumatið áður en hann veitti samþykki við veðsetningu fasteignar sinnar.*“

Varnaraðili telur að þrátt fyrir að talið hafi verið að við útgáfu umrædds skuldabréfs, hafi ekki verið fyllilega gætt að ákvæðum samkomulagsins, bendir varnaraðili á að sú ástæða ein og sér geti ekki valdið ógildingu ábyrgðar sóknaraðila enda sé ekki að finna sérstakar ógildingarreglur í samkomulaginu sjálfu. Varnaraðili vísar í dóm Hæstaréttar í máli nr. 322/2013, og telur að af honum megi ráða að það

leiði ekki sjálfkrafa til ógildingar á sjálfskuldarábyrgð, þó þeim skyldum sem leiða af samkomulaginu hafi ekki verið sinnt. Fullnægja þurfi ógildingarreglum samningalaga nr. 7/1936. Varnaraðili telur að sóknaraðilar hafi ekki borið ógildingarreglurnar fyrir sig og sé það, eitt og sér, nægt til þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Jafnframt bendir varnaraðili á að skuldabréfið hafi verið gefið út í janúar 2008 og hafi sóknaraðilar ekki gert athugasemdir við það fyrr en nú. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðilar því sýnt af sér nokkurt tómlæti, þar sem tæp sjö ár séu frá því að skuldabréfið hafi verið gefið út. Skilmálum umrædds skuldabréfs hafi þar að auki verið fjórum sinnum breytt, og hafi sóknaraðilar ávallt undirritað breytingarnar sem sjálfskuldaráðilar. Varnaraðili telur að sóknaraðilum hafi verið í lófa lagið að koma að athugasemdum fyrr.

Því hafnar varnaraðili að fella ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila niður þar sem hann telur að reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið fylgt í hvívetna við lánveitingar til sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A, til forvera varnaraðila.

Þegar sóknaraðilar gengust í sjálfsskuldarábyrgð á umræddu skuldabréfi var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, sem var undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. Forveri varnaraðila var eitt þessara aðildarféлага og því ekki umdeilt að varnaraðili sé aðili að samkomulaginu. Varnaraðila bar því að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Samkomulagið tekur meðal annars til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins.

Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en 1.000.000 kr.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Ákvæðið felur í sér að greiðslumat skuli gert á greiðanda og að ábyrgðarmanni gefist færi á að kynna sér matið.

Í 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins er kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar og með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna skal ábyrgðarmaður staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir.

Í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklingsins og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti

ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í málinu liggur fyrir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“, þar sem lýst er yfir jákvæðri niðurstöðu greiðslumats. Áætluð greiðslugeta með skuldum var kr. 9.213 umfram afborganir af láninu sem sótt var um. Ljóst er að varnaraðili framkvæmdi greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllti þannig lágmarksskilyrði 3. gr. samkomulagsins að þessu leyti.

Einnig liggur fyrir að umrætt skuldabréf var undirritað af aðalskuldara og sóknaraðilum þann 11. janúar 2008. Gengust sóknaraðilar því í ábyrgðina þann dag. Samkvæmt skjali sem ber yfirskriftina „Niðurstöður greiðslumats“ var eingöngu undirritað af aðalskuldara. Skjalið „Lánsúmsókn“, sem staðfesti niðurstöðu greiðslumats aðalskuldara, var undirritað af aðalskuldara þann 11. janúar 2008 en af sóknaraðilum þann 16. janúar 2008.

Sóknaraðilar byggja á því að ekki hafi verið farið að ákvæðum 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, þegar þeir undirrituðu skjalið fimm dögum eftir undirritun umrædds skuldabréfs. En samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins er kveðið á um að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina.

Fallist verður á það með sóknaraðilum að ósannað sé að þeim hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins við undirritun skuldabréfsins miðað við dagsetningar skjalanna. Verður því að telja að varnaraðili hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins við útgáfu skuldabréfsins.

Við mat á því hvort víkja eigi ábyrgð sóknaraðila til hliðar í ljósi ofangreinds með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa ber að líta til þess að þann 16. janúar 2008, var sóknaraðilum kynnt niðurstaða greiðslumats og verður ekki horft fram hjá því að niðurstaða þess var jákvæð.

Sóknaraðilar hafa enga tilraun gert til að útskýra hvernig dagsetning skjalanna hafi skipt máli fyrir ábyrgðarskuldbindinguna eða haldið því fram að þau hefðu ekki viljað gangast í ábyrgð fyrir aðalskuldara vegna jákvæðrar niðurstöðu greiðslumatsins ef hún hefði réttilega verið kynnt þeim.

Þegar atvik málsins eru metin heildstætt verður því ekki séð að orsakatengsl séu á milli dagsetningar umræddra skjala og ábyrgðarinnar sem sóknaraðilar gengust í. Verður því ekki talið ósanngjarnt af varnaraðila að byggja á ábyrgðaryfirlýsingunni.

Í ljósi alls framangreinds eru því ekki fyrir hendi forsendur í máli þessu til að víkja sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila til hliðar með vísan til dagsetninga á umræddum skjölum, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Verður kröfu sóknaraðila um ógildingu á sjálfskuldarábyrgð því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M og K, um ógildingu á ábyrgð þeirra á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A, til forvera varnaraðila, er hafnað.

Reykjavík, 27. mars 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Elísabet Júlíusdóttir

Ár 2015, föstudaginn 22. maí 2015, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 110/2014:**

M (sóknaraðili)
gegn
F (varnaraðili)

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. nóvember 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. 20. nóvember 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 27. nóvember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 9. febrúar 2015. Var bréfið sent sóknaraðila með tölvupósti samdægurs og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 28. febrúar 2015.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 15. og 22. maí 2015.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili gerði tvo fjármögnunarleigusamninga við FF. Samning nr. X, sem dagsettur var 1. október 2007, og samning nr. Y um svipað leyti, en samningar þessir hafa ekki verið lagðir fram í málinu.

Þann 6. október 2011, var FF. sameinað varnaraðila og tók varnaraðili þá yfir réttindi og skyldur FF.

Sóknaraðili lenti í verulegum fjárhagsörðugleikum og gat ekki staðið við allar skuldbindingar sínar hjá varnaraðila. Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 bauð varnaraðili viðskiptamönnum sínum, sem voru í sambærilegri stöðu og sóknaraðili, að endursemjja um skuldir sínar. Þessir samningar byggðu í fyrsta lagi á lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og í öðru lagi á samkomulagi fjármálafyrirtækja, samtaka atvinnulífsins, viðskiptaráðs, félags atvinnurekenda og ríkisins frá desember 2010 um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Þann 14. febrúar 2012, undirrituðu varnaraðila og sóknaraðili uppgjörssamkomulag og gerðu þannig með sér samning um fjárhagslega endurskipulagningu á félaginu. Samkvæmt því afskrifaði varnaraðili allar skuldir sóknaraðila að frátöldu veðskuldabréfi sem fært var verulega niður, og biðláni. Er skuldum félagsins eftir endurskipulagninguna svo lýst í 3. gr. samkomulagsins „Með vísan til ofangreinds eru aðilar samnings þessa sammála um að heildarskuldir félagsins við F, að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu skv. samningi þessum, verði krónur 34.500.000 þrjátíuogfjórarmilljónir og fimmhundrað þúsund krónur og munu þær samanstanda af eftirtöldum lánum.“ Var ný staða veðskuldabréfsins kr. 24.150.000. Auk þess var undirritað tryggingarbréf að fjárhæð kr. 10.350.000 sem var biðlán, en unnt var að greiða inn á það lán á biðtímanum og fá þannig afslátt af því.

Í samkomulaginu er ákvæði um tryggingar sem sóknaraðili setti fyrir efnudum þess og var handveðsyfirlýsing vegna innistæðu bankareiknings undirrituð samdægurs, ásamt veðsamningi.

Í 5. gr. samkomulagsins ræðir um afskriftir. Er þar í fyrsta lagi getið um skilyrði afskrifta, en þau lúta að frágangi trygginga. Þá skuldbatt sóknaraðili sig til að hlíta ákveðnum skilyrðum um arðgreiðslur o.fl. á samningstímanum.

Í 6. gr. er að finna yfirlýsingar sóknaraðila um að félagið hafi látið varnaraðila í té réttar og tæmandi upplýsingar um það sem sem máli skipti um fjárhag sinn.

Í samkomulagi þessu er sérstök grein um forsendur varnaraðila fyrir gerð þess. Þar segir „*Það er forsenda og ákvörðunarástæða F fyrir samningi þessum og afskrift þeirri sem nefnd er í 5. gr. að yfirlýsingar félagsins skv. 6. gr. séu réttar. Komi síðar í ljós að yfirlýsingar félagsins skv. 6. gr. séu ekki réttar, áskilur F sér allan rétt til þess að rifta samningi þessum og gera frekari kröfur á hendur félaginu og fyrirsvarsmönnum félagsins*“

Árið 2014 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að fjármögnunarleigusamningar á borð við þann sem aðilar höfðu gert, teldust ólöglegir gengislánasamningar. Með bréfi varnaraðila dags. 3. september og 8. október 2014, til sóknaraðila, var tilkynnt að varnaraðili hefði endurreiknað lán Y og X sem sóknaraðili tók hjá FF og voru greidd upp á árinu 2009. Við endurútreikning lánanna hefði sóknaraðili eignast kröfu á hendur varnaraðila, annars vegar að fjárhæð kr. 1.106.660 vegna láns nr. Y og hins vegar að fjárhæð kr. 6.617.051 vegna láns nr. X. Með bréfunum lýsti varnaraðili því hins vegar yfir að afskrifaðar hefðu verið kr. 23.567.062 vegna láns/veðskuldabréfs, í tengslum við uppgjörssamkomulagið frá 14. febrúar 2014 og „*með vísan til almennra reglna kröfuréttar um skuldajöfnuð lýsir F yfir skuldajöfnuði inneignar á láni X á móti afskrift á láni/veðskuldabréfi. Þessi endurútreikningur er því einungis til upplýsinga þar sem afskrift bankans nam hærri fjárhæð en sem nemur leiðréttingu eftir endurútreikning lána.*“

Með tölvupósti dags. 3. nóvember 2014, óskaði sóknaraðili eftir fundi vegna endurútreikninga á lánnum sóknaraðila. Sóknaraðili taldi að í uppgjörssamkomulagi sóknaraðila við varnaraðila væri ekki ákvæði þess efnis að varnaraðili gæti ráðstafað kröfum sóknaraðila ásamt því að sóknaraðili var með athugasemdir við útreikning varnaraðila.

Í svari frá varnaraðila dags. 11. nóvember 2014, kom fram að „*varðandi skuldajöfnunin þá var þetta samkomulag gert um skuldalækkun og þegar slík samkomulag eru gerð þá er það vegna greiðsluferfiðleika. Félag á ekki að hagnast á því, ef inneign myndast síðar. F telur því vera fulla heimild fyrir skuldajöfnun inneignarinnar á móti skuldalækkun. Inneign sem myndast síðar er því skuldajafnað en ekki greidd út.*“

Sóknaraðili svaraði tölvupóstinum frá varnaraðila samdægurs: „*Þessi umræddu 2 lán eru ólögleg lán, og því eigi að endurgreiða þau*“. Sóknaraðili vísaði í „*Samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja*“ frá 15. desember 2010. Sóknaraðili taldi að ekkert hefði verið „*minnst á um að ef um endurútreikning eða aðra inneign sé að ræða geti bankinn einhliða tekið inneign upp í afskrifað.*“

III.

Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila samkvæmt kvörtunareyðublaði eru að „*endurútreikningur sé endurgreiddur félaginu*“. Visar sóknaraðili til þess að uppgjörssamkomulag, sem beri nafnið „*Beina brautin*“, hafi ekki verið virt.

Sóknaraðili óskar eftir því að það verði skoðað hvort varnaraðila hafi verið heimilt að taka inneign vegna endurútreikninga tveggja tækjakaupalána og skuldajafna við það sem hafi verið afskrifað miðað við uppgjörssamkomulagið. Afskriftir hafi verið samkvæmt uppgjörssamkomulagi sóknaraðila og varnaraðila og hafi byggt á sérlögum nr. 107/2009 frá 30. október, þ.e. lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

Sóknaraðili byggir á því að uppgjörssamkomulagið hafi verið gert á milli sóknaraðila og varnaraðila í febrúar 2012 og hafi verið byggt á lögum nr. 107/2009. Sóknaraðili byggir á því að þegar gengið hafi verið frá öllum pappírurum uppgjörssamkomulagsins hafi sóknaraðila ekki verið kynnt um almenna reglu kröfuréttar um skuldajöfnuð og bendir sóknaraðili á að í lögum nr. 107/2009 sem uppgjörssamkomulagið hafi verið byggt á, segi reglurnar m.a. að þær skulu „*vera aðgengilegar fyrir lántaka og aðra viðskiptavinum þeirra*“.

Sóknaraðili hafi selt allan rekstur sinn þ.e. öll tæki og búnað, viðskiptavild og allar eignir og skuldir fyrir utan húseign og skuld sem hafi hvílt á húseigninni. Þessi sala hafi farið fram dags. 31. ágúst 2010. Því hafi afskriftin samkvæmt samkomulaginu einungis tekið til einu eignar félagsins á húseign.

Sóknaraðili mótmælir eftirfarandi orðum varnaraðila í tölvupósti: „*Félag á ekki að hagnast á því ef inneign myndast síðar*“. Sóknaraðili telur að hann hafi ekki verið að hagnast, þar sem endurútreikningurinn hafi verið vegna þess að innheimt hafi verið samkvæmt ólöglegri gengistryggingu og þess vegna hafi félagið verið látið ofgreiða. Vegna þessara ofgreiðslna, eigi að endurgreiða sóknaraðila allar inneignir sem hafi orðið til vegna endurútreiknings á ólöglegu gengistryggingu lána. Þar að auki byggir sóknaraðili á því að ekki hafi verið neitt ákvæði þess efnis í uppgjörssamkomulaginu að varnaraðili ætti kröfurétt á sóknaraðila vegna afskriftarinnar. Þessi svokallaði kröfuréttur hafi skýlaust átt að koma fram í uppgjörssamkomulaginu. Sóknaraðili telur að það beri að halda og virða uppgjörssamkomulagið.

Sóknaraðili telur að greiðsluferfiðleika félagsins megi rekja til fjármögnunarleigusamnings X frá október 2007, sem hafi verið samningur um mótora í framleiðslulínu fyrir fiskibolluframleiðslu, og hafi átt að greiða kr. 123.771,76 á mánuði samkvæmt greiðsluplani og Y, sem hafi verið vegna bifreiðar. Þann 20. nóvember 2008, hafi greiðsluseðill vegna samnings X verið að fjárhæð kr. 304.878 (146% hækkun) sem sýni orsök greiðsluferfiðleika félagsins árin 2007-2009.

Sóknaraðili telur að samkvæmt eldri óundirritaðri útgáfu af samningi sóknaraðila við varnaraðila sé skýrt kveðið á um hvernig eigi að ráðstafa endurútreikningi skv. 7. gr. sammingsins. Þessi samningur hafi þó aldrei verið samþykktur. Hins vegar hafi uppgjörssamkomulagið verið samþykkt af bæði sóknar- og varnaraðila, en þar sé engin grein líkt og 7. gr. eldri sammingsins og því hvergi neitt um það hvernig varnaraðili geti ráðstafað endurútreikningi. Varnaraðila hafi ekki verið heimilt að skuldajafna inneign félagsins á móti afskrifuðu, né biðláni, né kröfum, þar sem ekkert ákvæði hafi verið um slíkt.

Hvað varðar athugasemd varnaraðila þess efnis að sóknaraðili skuldi varnaraðila, þá vísar sóknaraðili til markmiða laga nr. 107/2009.

Sóknaraðili vísar til þess að í höfnunarbréfi varnaraðila dags. 11. nóvember 2014, hafi ekki verið vísað í neinar reglur, lög eða samninga. Þar hafi verið talað um skuldalækkun en í uppgjörssamkomulaginu hafi verið talað um afskriftir, en sóknaraðili telur að skuldalækkun og afskriftir séu það sama.

Sóknaraðili telur að sér hafi ekki verið kynntar neinar reglur kröfuréttar um skuldajöfnuð og ekkert hafi verið kynnt um það við undirritun, né nein skilyrði í uppgjörssamkomulaginu. Sóknaraðili telur að það sé siðferðileg skylda varnaraðila, sem hafi gert uppgjörssamkomulagið, að kröfuréttur um skuldajöfnuð komi fram í samningnum eða sé í það minnsta kynntur sérstaklega við undirskrift svo að skuldari sé meðvitaður slíkt.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur að ágreining þessa máls megi rekja til þess að með bréfum, dags. 3. september og 8. október 2014, hafi varnaraðili tilkynnt sóknaraðila að hann hafi endurreiknað lán nr. Y og X, sem sóknaraðili hafi tekið hjá FF og hafi verið greidd upp á árinu 2009. Við endurútreikning lánanna hafi sóknaraðili eignast kröfur á hendur varnaraðila, annars vegar að fjárhæð kr. 1.106.660 vegna láns nr. Y, og hins vegar að fjárhæð kr. 6.617.051 vegna láns nr. X. Með bréfunum hafi varnaraðili lýst yfir skuldajöfnuði inneignarinnar á móti kröfu vegna veðskuldabréfs sem varnaraðili hafi afskrifað í kjölfar sammings um fjárhagslega endurskipulagningu á sóknaraðila, dags. 14. febrúar 2012.

Varnaraðili vísar til tölvubrúfs síns, dags. 11. nóvember 2014. Í bréfinu hafi komið fram að „þetta samkomulag [hafi verið] gert um skuldalækkun og þegar slík samkomulög [séu] gerð þá [sé] það vegna greiðsluferfiðleika“. Í bréfinu hafi jafnframt sagt að „félag [eigi] ekki að hagnast á því, ef inneign [myndist] síðar“ og að „F [telji] því vera fulla heimild fyrir skuldajöfnun inneignarinnar á móti skuldalækkun“. Varnaraðili ítrekar framangreind sjónarmið og telur að heimilt hafi verið að skuldajafna kröfu vegna veðskuldabréfs á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Varnaraðili vísar til almennra reglna kröfuréttar um skuldajöfnuð. Svo annar aðili skuldarasambands geti krafist skuldajafnaðar þurfi tilteknum skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi þurfi aðalkrafan og gagnkrafan að vera gagnkvæmar, þ.e. að vera á milli sömu aðila. Í öðru lagi þurfi þær að vera sambærilegar, þ.e. um sömu tegundarákveðnu greiðsluna. Í þriðja lagi þurfi þær að vera hæfar til að mætast hvað greiðslutíma varðar. Loks þurfi gagnkrafan að vera lögvarin krafa. Varnaraðili telur einsýnt að framangreindum skilyrðum skuldajafnaðar hafi verið fullnægt í málinu.

Varnaraðili telur rétt að ítreka að umrædd krafa varnaraðila hafi verið tilkomin vegna gjaldfallinnar skuldar samkvæmt veðskuldabréfi, sem varnaraðili hafi ekki fengið greidda að fullu. Eins og fram komi í uppgjörssamkomulaginu þá hafi varnaraðili afskrifað kröfuna að tilteknum skilyrðum uppfylltum, í ljósi þess að sóknaraðili hafi ekki haft greiðslugetu og að skuld samkvæmt veðskuldabréfinu hafi verið gjaldfallin. Með umræddum samningi hafi sóknaraðila þannig verið forðað frá gjaldþroti. Varnaraðili bendir einnig á að þrátt fyrir að varnaraðili hafi afskrifað kröfuna sé varnaraðili ennþá eigandi kröfunnar og fari um gildistíma hennar eftir lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Afskrift sé m.ö.o. eingöngu bókhaldsleg aðgerð sem hafi engin áhrif á kröfurétt.

Varnaraðili bendir jafnframt á að ekki hafi skipt máli þótt skuldajafnaðarréttur fjármálafyrirtækja, gagnvart viðskiptamönnum sínum, sé almennt háður verulegum takmörkunum í samræmi við það hlutverk fjármálafyrirtækja að hafa tekið að sér vörslur fjármuna fyrir viðskiptamenn sína. Slík sjónarmið eigi ekki við um kröfu viðskiptamanns um útgreiðslu fjár vegna endurútreiknings á láni á sama tíma og hann skuldi sama fjármálafyrirtæki gjaldfallnar peningakröfur, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í málum nr. 83/2013 og 2/2014 og dóm héraðsdóms reykvíkur frá 15. september 2014 í máli nr. E-26/2014.

Þá telur varnaraðili rétt að leiðrétta þann misskilning sem hafi gætt í kvörtun sóknaraðila þess efnis að varnaraðila hafi borið að kynna sóknaraðila almennar reglur kröfuréttar um skuldajöfnuð í tengslum við undirritun áður nefnds samnings um fjárhagslega endurskipulagningu á sóknaraðila með vísan til 1. mgr. 3. gr. þágildandi laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Ákvæðið kveði á um að að reglur kröfuhafa um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánessamninga, sem kynnu að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara, skyldu vera aðgengilegar fyrir lántaka og aðra viðskiptavini þeirra. Eins og fram komi í athugasemdum við 3. gr. frumvarps þess, sem varð að 3. gr. laga nr. 107/2009, var talið mikilvægt að kröfuhafar viðhefðu samræmd vinnubrögð og hlutlægni í ákvörðunum sínum um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánessamninga sem kynnu að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir fyrirtæki og því mælt fyrir um það í lögum að kröfuhafar settu sér sérstakar reglur þar um. Í þessu skyni hafi Samtök fjármálafyrirtækja samið reglur sem beri heitið „*Sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja*“. Reglurnar hafi hlotið samþykki Fjármálaeftirlitsins þann 2. mars 2010, eins og kveðið var á um í 2. mgr. 3. gr. laganna. Þá hafi Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu fyrir reglunum á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Reglurnar hafi m.a. tekið til atriða sem kveðið var á um í 1.-6. tl. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 107/2009, en þar var kveðið á um að reglurnar skyldu m.a. taka til mats á greiðslugetu og eign- og skuldastöðu skuldara, skilyrða fyrir ákvörðunum um breytingar á skilmálum samninga og hlutlægni við ákvarðanatöku. Í reglunum hafi nánar tiltekið verið fjallað um skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu, þætti sem hafa skyldi til hliðsjónar við mat á fyrirtækjum, sjónarmið tengd mati á eigendum og stjórnendum fyrirtækja, skilmála og kvaðir við endurskipulagningu, aðferðafræði og viðmið ásamt því sem helstu gögn sem hafa skyldi hliðsjón af við matið voru listuð upp. Á þessum grunni hafi „*Samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja*“ sem var undirritað þann 15. desember 2010 af Samtökum fjármálafyrirtækja f.h. aðildarfélagi og Dróma hf., stjórnvöldum o.fl. byggst, en það hafi falið í sér nánari viðmið um niðurfærslu skulda og fjárhagsskipan lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í

samræmi við fyrirmæli laganna hafi „*Sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja*“ og „*Samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja*“ bæði verið kynnt og birt opinberlega, m.a. á heimasíðu varnaraðila, og hafi því verið öllum aðgengileg. Framangreindar vinnureglur kröfuhafa hafi verið settar í því skyni að samræma vinnubrögð og koma í veg fyrir geðþóttaákvæðanir við framkvæmd fjárhagslegrar endurskipulagningar. Eðli málsins samkvæmt hafi þær ekki mælt fyrir um réttarreglur sem almennt hafa gildi í íslenskum rétti. Þá verði ekki ráðið af lögum nr. 107/2009 eða lögskýringargögnum að ætlun löggjafans hafi staðið til þess að takmarka almennan skuldajafnaðarrétt við eftirgjöf skulda eða breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánessamninga.

Að framangreindu virtu telur varnaraðili einsýnt að ekki verði byggt á því að ákvæði 1. mgr. 3. gr. þágildandi laga nr. 107/2009, hafi verið brotin við undirritun samnings um fjárhagslega endurskipulagningu á sóknaraðila með því að ekki hafi verið fjallað um almennar reglur kröfuréttar um skuldajöfnuð í framangreindum vinnureglum.

Varnaraðili mótmælir því enn fremur að hinn „*svokallaði kröfuréttur hefði skýlaust átt að koma fram í uppgjörssamkomulaginu*“. Líkt og áður greinir hafi afskrift eingöngu verið bókhaldsleg aðgerð sem hafi engin áhrif á kröfurétt. Við afskrift umræddrar kröfu hafi varnaraðili stöðvað innheimtu á kröfunni en hafi verið áfram eigandi hennar. Framangreindu til viðbótar bendir varnaraðili á að í áðurnefndum samningi um fjárhagslega endurskipulagningu á sóknaraðila sé hvergi rætt um niðurfellingu eða eftirgjöf krafna, heldur hafi eingöngu verið notast við hugtakið afskrift.

Samkvæmt öllu því sem að framan hafi verið rakið séu því ekki forsendur til að verða við kröfu sóknaraðila. Beri því að hafna kröfunni.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu vegna láns/veðskuldabréfs á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Fyrst liggur þó fyrir að taka afstöðu til þess deiluefnis, hvort varnaraðili hafi enn átt gjaldfallna kröfu til að skuldajafna við endurgreiðslukröfuna. Það er rétt hjá sóknaraðila að þótt krafa sé afskrifuð af kröfuhafa, felur það eitt og sér ekki í sér annað en bókhaldslega aðgerð kröfuhafa, sem eftir afskriftina reiknar ekki lengur með henni sem eign í bókhaldi sínu. Getur því skuldari almennt ekki borið það fyrir sig gegn innheimtutilraunum kröfuhafa að krafan hafi verið afskrifuð í bókhaldi hans. Hér ræðir hins vegar ekki um slíka bókhaldslega aðgerð. Aðilar máls þessa gengu til frjálsra samninga um endurskipulagningu á skuldum sóknaraðila sem fólu í sér að hluta skuldanna var komið fyrir á skuldabréfi með föstum afborgunum en öðrum hluta á svonefndu biðláni. Af samkomulaginu verður skýrlega ráðið að aðrar skuldir sóknaraðila voru gefnar eftir. Yfirlýsingar sóknaraðila í samkomulaginu um að hann afskrifi þær verða ekki skildar sem yfirlýsingar um eigið bókhald hans, heldur sem yfirlýsingar um fulla eftirgjöf að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Er sérstakur áskilnaður varnaraðila um rétt til að gera frekari kröfur bundinn við þau atvik að samkomulaginu sé rift vegna þess að í ljós komi að það byggi á röngum yfirlýsingum sóknaraðila.

Enda þótt fyrir liggi að við gerð uppgjörssamkomulagsins hafi önnur skuldastaða verið lögð til grundvallar en síðar kom í ljós, fæst ekki séð að samningur aðila færi varnaraðila neinn rétt til að reisa kröfur á þeirri aðstöðu. Fæst samkvæmt öllu þessu ekki séð að varnaraðili hafi átt neina gilda kröfu á hendur varnaraðila á því tímamarki sem endurútreikningur var framkvæmdur. Verður samkvæmt þessu að fallast á aðalkröfu sóknaraðila um að varnaraðili greiði honum út hina umþrættu fjárhæð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, skal greiða sóknaraðila, M út inneign sína samkvæmt endurreikningi á fjármögnunarleigusamningum nr. X og Y.

Reykjavík, 22. maí 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2015, föstudaginn 13. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 111/2014:**

**M og K
gegn
F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og K, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun sóknaraðila dags. 27. nóvember 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 28. nóvember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 20. janúar 2015. Var bréfið sent sóknaraðilum, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 27. janúar 2015 og gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 20. febrúar 2015.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 13. mars 2015.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðilar áttu húseign að A, í Kópavogi, í óskiptri sameign og jöfnum hlutföllum samkvæmt veðbókarvottorði.

Þann 23. júní 2005, gaf M út tryggingarbréf, nr. X, að fjárhæð kr. 8.000.000, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum hans við FF, sem tryggt var með veði í fasteigninni að A.

Þann 4. febrúar 2008, gaf M út tryggingarbréf, nr. Y, að fjárhæð kr. 5.100.000, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum hans við FF, sem tryggt var með veði í fasteigninni að A.

Þann 3. apríl 2008, gaf M út veðskuldabréf, nr. Z, að fjárhæð kr. 16.000.000, í upphafsmyntinni JPY. Til tryggingar greiðslu veðskuldabréfsins var veitt að veði „[A], Kópavogur, öll eignin“. Varnaraðili hefur nú tekið við öllum réttindum samkvæmt fyrrgreindum tryggingabréfum og veðskuldabréfi.

Sóknaraðilar lentu í fjárhagserfiðleikum og var umsókn sóknaraðila um greiðsluaðlögun, sbr. lög um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 10/2010, samþykkt með ákvörðun dags. 4. nóvember 2011. M var í kjölfarið skipaður umsjónarmaður vegna greiðsluaðlögunar.

Þann 28. ágúst 2012, tók umboðsmaður skuldara ákvörðun um niðurfellingu á sameiginlegri heimild þeirra til greiðsluaðlögunar á grundvelli sömu laga. Þessa ákvörðun kærðu sóknaraðilar til kærnefndar greiðsluaðlögunarmála. Í kærinni kom fram að sóknaraðilar töldu að réttar upplýsingar um tekjur þeirra hefðu ekki verið lagðar til grundvallar ákvörðuninni. Einnig að ákvörðunin hefði byggt á röngum ályktunum um afstöðu þeirra til sölu húseignarinnar að A. Loks var gerð athugasemd við að eignarhlutur K væri talinn veðsettur FF.

Áður en kærnefndin hafði lokið umfjöllun sinni um kærna ákváðu sóknaraðilar að selja húseignina að A og losa þannig um skuldir á eigninni.

Þann 10. febrúar 2014, var samþykkt kauptilboð í fasteign sóknaraðila og leituðu sóknaraðilar eftir heimild til ráðstöfunar á fasteigninni frá umboðsmanni skuldara, í samræmi við 8. mgr. II. bráðabirgða ákvæðis laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Í framhaldi af þessu leitaði B, í umboði sóknaraðila, eftir afstöðu varnaraðila til þess hvort sala á fasteign sóknaraðila gæti farið fram þó eignin væri yfirveðsett., þann 26. febrúar, sendi varnaraðili B tölvupóst, þar sem m.a. eftirfarandi kom fram: „*Hef talað við lögfræðing í bankanum og telur hann ekki fyrirstöðu að aflýsa lánum af eign sem standa úti af. Þarf að fá samþykki útibús/lánanefndar og sendi ég erindi á hana og er fundur á morgun um kl. 11 og á þá endanlegt svar að liggja fyrir um hádegi á [morgun]*“.

Endanlegt svar varnaraðila var sent þann 27. febrúar 2014 til B, þar sem eftirfarandi kom fram: „*Bankinn samþykkir að fella niður af veði það sem stendur er umfram söluverðs eignar. Lán verða felld niður þegar búið er að greiða inn á lán.*“ Var það svar áframsent til C, starfsmanns á fasteignasölunni, sem annaðist sölu fasteignarinnar.

Þann 28. febrúar 2014 barst varnaraðila tölvupóstur frá fasteignasölunni, þar sem óskað var eftir staðfestingu frá bankanum um að salan væri samþykkt og að „*þær skuldir sem á húsinu eru umfram það sem húsið selst á verði felldar niður*“. Fyrirspurninni var svarað samdægurs með eftirfarandi pósti: „*Sæll [C]. Það var samþykkt á lánaefndi í bankanum að [varnaraðili] fellur niður tryggingar / lán á veði á [A] þegar búið er að greiða inn á lán það sem á að fara inn á skv. veðröð lána. Í framhaldi er lánum aflýst af eign. Við höfum ekki verið að gefa út yfirlýsingu.*“

Fasteignasalan ítrekaði fyrirspurn með tölvupósti dags. 4. mars 2014 þar sem C sendi eftirfarandi tölvupóst til varnaraðila: „*Er þá öruggt fyrir okkur að ganga frá kaupsamningi á [A] og borga lífeyrissjóðina og borga svo restina í [varnaraðili] og hann fellir eftirstöðvarnar niður?*“. Þessu svaraði varnaraðili og sagði: „*Það á að vera svo, ég er með samþykkt frá lánaefnd um að banki samþykkir þetta.*“

Í bréfi umboðsmanns skuldara til sóknaraðila, dags. 3. apríl 2014 var ráðstöfun eignarinnar að A heimiluð. Í bréfinu segir m.a. orðrétt: „*Söluverðið dugir ekki til uppgreiðslu áhvílandi lána. Samkvæmt tölvupósti dags. 27. febrúar samþykkir [varnaraðili] að fella niður veðkröfur umfram söluverð þegar söluandvirði eignarinnar hefur verið ráðstafað inná áhvílandi veðkröfur*“.

Þann 4. apríl 2014 var undirritaður kaupsamningur um eignina og var söluverð eignarinnar 54.000.000 kr., en dugði ekki til uppgreiðslu áhvílandi lána.

Þann 9. september 2014, sendi sóknaraðili M tölvupóst til varnaraðila eftir samtal hans við starfsmann varnaraðila, þar sem hann kom á framfæri athugasemdum sínum sem varðaði samþykki varnaraðila um að fella niður af veði það sem stóð eftir umfram söluverð eignar. Töldu sóknaraðilar að varnaraðili hefði í tölvupóstum sínum

til fasteignasölunnar lýst því yfir að varnaraðili myndi fella niður eftirstöðvar skulda sóknaraðila við varnaraðila eftir að sala fasteignarinnar hefði átt sér stað.

Starfsmaður varnaraðila hafði í kjölfarið samband við M símleiðis og tók fram að yfirlýsingin fæli eingöngu í sér að varnaraðili myndi aflýsa af fasteigninni þeim veðskuldum sem ógreiddar væru, eftir sölu fasteignarinnar, en ekki fella þær niður eða afskrifa í heild sinni. Þá var sóknaraðilum bent á að þau þyrftu að leggja fyrir erindi um niðurfellingar á þeim skuldum sem eftir stóðu við sölu á fasteign þeirra.

Þann 19. september 2014 ítrekaði M túlkun sína á tölvupóstum varnaraðila. Þeim tölvupósti var svarað samdægurs af varnaraðila, þar sem frekar var fjallað um hvað átt væri við í fyrri tölvupóstum varnaraðila og veittar leiðbeiningar um hvaða gögnum þyrfti að skila inn til bankans samhliða beiðni um niðurfellingu skulda.

III.

Umkvörtunarefni.

Aðalkröfur sóknaraðila eru eingöngu kröfur K. Kröfuliðirnir eru eftirfarandi:

1. „Að úrskurðað verði að tryggingarbréf nr. [X], upphaflega að fjárhæð kr. 8.000.000, í eigu [varnaraðila] (upphaflega [FF]), sem var tryggt með veði í húseigninni [A], 201 Kópavogi (8. veðrétti) hafi einungis hvílt á eignarhluta [M] í fasteigninni (50%).“

2. „Að úrskurðað verði að tryggingarbréf nr. [Y], upphaflega að fjárhæð kr. 5.100.000, í eigu [varnaraðila] (upphaflega [FF]), sem var tryggt með veði í húseigninni [A], 201 Kópavogi (7. veðrétti) hafi einungis hvílt á eignarhluta [M] í fasteigninni (50%).“

3. „Að úrskurðað verði að veðskuldabréf nr. [Z], upphaflega að fjárhæð kr. 16.000.000, í eigu [varnaraðila] (upphaflega [FF]), sem var tryggt með veði í húseigninni [A], 201 Kópavogi, (8. veðrétti) hafi einungis hvílt á eignarhluta [M] í fasteigninni (50%).“

Sóknaraðilar lýsa atvikum á þann veg að á árinu 2005, hafi K ritað undir tryggingabréf nr. X til FF, sem maki skuldara. Hins vegar hafi hún ekki ritað nafn sitt í reiti á bréfinu sem bar yfirheitið „*VEÐHEIMILD*:“ og í reit, þar sem eftirfarandi texti hafi verið forskráður: „*Samþ. framangreinda veðsetningu sem þinglýstur eigandi*“.

Hvað varðar lán M, í erlendri mynt nr. Z hjá FF á árinu 2006, þá hafi M áritað skuldabréfið sem skuldari, en K sem maki skuldara. Jafnframt hafi M skrifað nafn sitt í annan reit á bréfinu, þar sem hann hafi verið samþykktur veðsetningu eignarinnar sem þinglýstur eigandi. Í næsta reit þar fyrir neðan hafi K ritað nafn sitt og hafi samþykkt veðsetninguna sem maki þinglýsts eiganda. Á milli þessara tvenns konar áritana sóknaraðila hafi verið forskráð á skuldabréfið: „*VEÐHEIMILD*:“. Þannig hafi verið gert ráð fyrir að séu þinglýstir eigendur eignarinnar fleiri, eða aðrir en skuldari, staðfesti hlutaðeigandi, að þeir veiti heimild til að eignin eða tilgreindur eignarhluti þeirra sé veðsettur til tryggingar láninu. Þessi reitur bréfsins hafi verið óútfylltur. Þá hafi einnig verið lina neðst á skuldabréfinu, þar sem forskráð „*Staðfesting veðsala*“, hafi verið óútfyllt.

Sama máli hafi gegnt um tryggingarbréf nr. Y til FF frá árinu 2007, að fjárhæð kr. 5.100.000, en þar hafi K skrifað undir sem maki útgefanda bréfsins, en ekki í reit á bréfinu þar sem eftirfarandi texti hafi verið forskráður: „*Samþykki þingl. eiganda*“.

Með vísan til framangreinds telja sóknaraðilar ljóst að eignarhlutur M, hafi einungis verið veðsettur samkvæmt tryggingarbréfunum tveimur og veðskuldabréfinu.

Hvergi hafi komið fram að eignarhlutur K hafi verið veðsettur vegna bréfanna, með þeim hætti sem lög og dómaframkvæmd krefjist.

Sóknaraðilar telja mikinn aðstöðumun á milli þeirra og forvera varnaraðila. Hafi FF þannig borið skylda til að veita sóknaraðilum fullnægjandi leiðbeiningar um rétta undirritun bréfanna, ef ætlunin hafi verið að tryggja veð í allri húseign sóknaraðila að A. Bréfin hafi verið á stöðluðu formi, sem upphaflega hafi verið samin af FF, og því telja sóknaraðilar ljóst að fyrirvaralaus viðtaka bréfanna hafi óhjákvæmilega leitt til þess að FF hafi borið fulla ábyrgð á öllum frágangi þeirra. Af því telja sóknaraðilar að allir þeir gallar sem hafi verið á bréfunum að þessu leyti, séu alfarið á ábyrgð varnaraðila.

Einnig liggir fyrir að við útgáfu bréfanna, hafi hvorki farið fram greiðslumat á M sem skuldara, né K, sem meintum veðsala. Sóknaraðilar telja það hafa verið í ósamræmi við þær reglur sem hafi gilt þegar bréfin voru gefin út.

Þá vísa sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 345/2013, þar sem fjallað sé um sambærilegt mál að því er varðar veðsetningu sameiginlegrar húseignar. Sóknaraðilar telja að dómurinn sýni hvernig beri að leysa úr framangreindum kröfum.

Sóknaraðilar telja að Hæstiréttur hafi margoft tekið það fram í dómum sínum um gengistryggingu skuldabréfa og annarra fjármálagerninga, að það sé texti bréfsins eða lánssamningsins, sem leggja beri til grundvallar við mat á þeim skuldbindingum sem í viðkomandi bréfi eða samningi felast. Að mati sóknaraðila hafi þessi aðferð Hæstaréttar þannig gefið skýrt til kynna að sama hljóti að gilda um undirritanir, þ.e. að í þeim felist ekki annað en það sem forskráður texti gerir ráð fyrir. Í þessu sambandi vísa sóknaraðilar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 391/2013.

Verði hins vegar ekki fallist á framangreindar kröfur og sjónarmið K, gera sóknaraðilar sameiginlegar kröfur á hendur varnaraðila. Verði hinsvegar fallist á kröfur K, er ljóst að málsaðild breytist og M standi þá einn að kröfufliðum nr. 5. og 6. Þá beri að skilja tilvísanir til þeirra beggja, sem tilvísun til M, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Sameiginlegar kröfur sóknaraðila og þar með varakröfur þeirra eru eftirfarandi:

4. „Að úrskurðað verði að með greiðslum til [varnaraðila] af söluandvirði húseignarinnar að [A], 201 Kópavogi hafi farið fram fullnaðaruppgjör á öllum skuldum okkar við bankann.“

5. „Að úrskurðað verði, sé fallist á kröfur [K] samkvæmt 1.-3.tl. hér að framan, að fullnaðargreiðsla til [varnaraðila] hafi farið fram með greiðslu 50% af söluandvirði húseignarinnar [A] í Kópavogi og beri bankanum að endurgreiða henni það sem ofgreitt var vegna hennar eignarhluta í húseigninni.“

6. „Að úrskurðað verði að bankanum sé skylt að endurgreiða [M] og [K] þann kostnað sem þau hafa haft vegna fyrirkomulags á skuldauppgjöri við okkur.“

Sóknaraðilar telja að samkvæmt umræddum tölvupóstsamskiptum í febrúar til mars 2014 sé ljóst að varnaraðili hafi ætlað að fella niður lán sem væru umfram söluandvirði húseignarinnar. Að mati sóknaraðila hafi því ekki getað leikið minnsti vafi á því að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi varnaraðili, bæði samþykkt og viðurkennt að fullnaðargreiðsla hafi farið fram með greiðslum af söluandvirði húseignarinnar.

Hins vegar hafi það farið svo að um mánaðamótin, ágúst til september árið 2014, hafi M haft samband við starfsmann varnaraðila, sem annaðist hans viðskipti, og óskað eftir fullnaðaruppgjöri. Þá hafi komið í ljós, að M hafi verið áfram persónulega ábyrgur fyrir þeim eftirstöðvum skuldabréfsins sem ekki hafi fengist

greiddar af söluandvirði húseignarinnar að A. Hafi tölvupóstur gengið á milli manna, þar sem M hafi bent á að starfsmaður varnaraðila hafi gefið út yfirlýsingu um niðurfellingu lánsins, eftir að það hafi verið greitt inn á það af söluandvirði hússins. Niðurstaða varnaraðila hafi hins vegar ekki breyst og hafi M þá tjáð óánægju sína með framkomu varnaraðila og tjáð honum að sóknaraðilar myndu kvarta til nefndarinnar. Að mati sóknaraðila hafi engin bein viðbrögð komið við þeirri tilkynningu til varnaraðila.

Sóknaraðilar leggja til grundvallar að varnaraðili hafi haft 30.542.625 kr. í vörslum sínum eftir að ráðstafað hafi verið til annarra kröfuhafa af söluandvirði eignarinnar. Af þessu fé hafi helmingshluti verið eign K, þ.e. 15.542.625 kr. Sóknaraðilar telja að varnaraðila hafi einungis verið heimilt að nota hluta M til uppgjör á skuldum við bankann, en samkvæmt afriti af kvittunum sé ljóst að öllu fénu, hafi verið ráðstafað til greiðslu lána í nafni M. Einnig sé ljóst að dráttarvextir hafi verið teknir við ráðstöfun greiðslna. Sóknaraðilar telja að þessar ráðstafanir séu ólögmetar og krefjast þess að varnaraðili skili K umræddri fjárhæð án tafar ásamt dráttarvöxtum.

Að mati sóknaraðila skipti ekki máli í þessu sambandi hvort fullnaðaruppgjör hafi farið fram með greiðslu sem var 50% af söluandvirði húseignarinnar, eða 100%. Sóknaraðilar telja að varnaraðili hafi lýst því yfir að fullnaðaruppgjör hafi farið fram með yfirlýsingum í tölvupósti og því geti varnaraðili einungis sjálfum sér kennt um ef veðréttur varnaraðila í húseigninni hafi einungis náð til 50% eignarinnar. Sóknaraðilar telja að um sé að ræða stórfellt aðgæsluleysi af hálfu varnaraðila og forvera hans og verði því varnaraðili, í samræmi við það sem áður hafi komið fram, að bera það tjón sem af þessu aðgæsluleysi kann að hljóta. Í þessu ljósi telja sóknaraðilar að varnaraðila beri að endurgreiða K það fé sem varnaraðili hafi með ólögmetum hætti tekið af hennar hlut í söluandvirði húseignarinnar að A.

Hvað varðar frávísunarkröfu varnaraðila samkvæmt 5. gr. samþykktar nefndarinnar, þá mótmæla sóknaraðilar að kröfur þeirra hafi verið fyrst settar fram með málskoti til nefndarinnar. Einnig telja sóknaraðilar að gögn málsins beri skýrt með sér að ágreiningur hafi verið á milli aðila um það hvort endanleg greiðsla til uppgjör á skuldum við varnaraðila hafi átt sér stað og þrátt fyrir veruleg samskipti hafi ekki tekist að leysa úr þeim. Að lokum telja sóknaraðilar að ekki sé kveðið á um tiltekna aðferð við höfnun samkvæmt 5. gr. samþykktar nefndarinnar og byggja á því að munnleg höfnun sé nægileg. Því telja sóknaraðilar að bæði skilyrði 5. gr. samþykktar nefndarinnar séu uppfyllt og að hafna beri kröfu varnaraðila um frávísun.

Hvað varðar efnislega úrlausn, þá telja sóknaraðilar að í umræddum tölvupósti varnaraðila, dags. 27. febrúar, hafi falist ótvíræð yfirlýsing og loforð af hálfu varnaraðila þess efnis að lánin yrðu felld niður og að ekki yrði gerð krafa um frekari greiðslur af þeirra hálfu. Einnig telja sóknaraðilar að síðari tölvupóstur varnaraðila hafi gefið það sama til kynna, þá sérstaklega tölvupóstur varnaraðila dags. 4. mars 2014, þar sem fram hafi komið að lánanefnd hafi samþykkt að fella eftirstöðvar niður.

Sóknaraðilar telja fullyrðingu varnaraðila þess efnis að þeir hafi ekki átt við að þeir myndu „fella niður skuldir“, líkt og þeir orðuðu, heldur að þeir hafi ætlað að fella niður af veði, ekki vera í samræmi við fyrri afstöðu bankans þar sem að mati sóknaraðila sé ljóst af umræddum tölvupósti frá 27. febrúar 2014, að varnaraðili hafi samþykkt að fella niður veðkröfur umfram söluverð fasteignarinnar að A. Þannig hafi það komið fram með óyggjandi hætti að lán yrðu felld niður þegar greitt hafi verið inn á lán og hafi varnaraðili augljóslega verið að vísa til innborgunar af söluandvirði fasteignarinnar.

Að mati sóknaraðila hafi farið fram fullnaðargreiðsla á skuldum samkvæmt tveimur tryggingarbréfum og einu skuldabréfi og því sé enn fremur ljóst að varnaraðila hafi einungis verið heimilt að nota söluandvirði, sem tengdist eignarhluta M í A við uppgjörið. Sóknaraðilar krefjast þess því að varnaraðili viðurkenni að sóknaraðilar eigi kröfur á hendur varnaraðila og að varnaraðili skili K söluandvirði sem tengdist hennar eignarhluta í eigninni.

Varðandi orðalag varnaraðila í umræddum tölvupósti frá 27. febrúar 2014, þá telja sóknaraðilar að með því að ræða um að lán verði felld niður, hljóti það að hafa verið ætlun varnaraðila að hætta innheimtu lána en ekki eingöngu að aflýsa veði af eigninni, því annars hafi þessi setning verið óþörf. Því sé skýringarkosti varnaraðila þess efnis að setningin feli í sér eitthvað annað en það sem hafi verið sagt berum orðum, mótmælt.

Sóknaraðilar telja að yfirlýsing varnaraðila í 2. mgr. umrædds tölvupóst hafi falið í sér beina eftirgjöf eftirstöðva þeirra lána sem ekki hafi fengist greidd af söluandvirði eignarinnar. Þess vegna hafi tölvupóstur varnaraðila dags. 19. september 2014, engu breytt um gildi þess loforðs sem gefið hafi verið, því að mati sóknaraðila hafi verið um ótvíræða og skuldbindandi yfirlýsingu eða loforð varnaraðila að ræða, sem hafi verið send til umboðsmanns sóknaraðila.

Sóknaraðilar hafna því að túlka umræddan tölvupóst varnaraðila í samræmi við vilja varnaraðila. Að mati sóknaraðila hafi réttaráhrif þeirra loforða, sem hafi falist í báðum málsgreinum bréfsins, orðið skuldbindandi fyrir varnaraðila þegar sóknaraðilar kynntu sér efni þess, í samræmi við almennar reglur samningaréttar. Ekki hafi verið um einhliða yfirlýsingu af hálfu varnaraðila að ræða, heldur hafi verið um að ræða lið í umfangsmiklu skuldauppgjöri við lánardrottna með sölu húseignarinnar að A. Því telja sóknaraðilar að um gagnkvæma samninga hafi verið að ræða þar sem aðilar hafi bæði eignast réttindi og skyldur.

Sóknaraðilar hafna því að það beri að líta til samhengis við ástæðu útsendingar tölvupóstsins frá varnaraðila, þar sem sóknaraðilar telja að það skipti ekki nokkru máli í þessu samhengi. Sóknaraðilar telja að eðlilegt hafi verið að þeir sem hafi séð um sölu fasteignarinnar hafi veitt þessum yfirlýsingum varnaraðila móttöku.

Sóknaraðilar telja að varnaraðili hafi ekki afturkallað þær yfirlýsingar sem hafi falið í sér bindandi loforð varnaraðila um að fella niður eftirstöðvar lána sem hafi verið umfram söluandvirði húseignar sóknaraðila.

Einnig hafna sóknaraðilar því að heildarskoðun á tölvupóstum varnaraðila við fasteignasöluna leiði í ljós að varnaraðili hafi aðeins ætlað að aflétta veði af fasteign sóknaraðila.

Loks telja sóknaraðilar að sala húseignarinnar hafi verið byggð á þeirri forsendu, að sú ráðstöfun myndi losa sóknaraðila úr skuldum. Á grundvelli yfirlýsingar varnaraðila hafi sóknaraðilar einnig gert ýmsar ráðstafanir sem þau hefðu líklega annars ekki gert. Einnig hafi sóknaraðilar haft töluverðan kostnað af skuldauppgjöri við varnaraðila. Þá telja sóknaraðilar að varnaraðili hafi leitast við að koma í veg fyrir að Ríkisskattstjóri myndi afhenda sóknaraðilum endurgreiðslu vegna svokallaðrar leiðréttingar. Einnig telja sóknaraðilar að varnaraðili hafi ekki enn sent sóknaraðilum heildarskilagrein vegna ráðstöfunar á söluandvirði húseignarinnar heldur einungis kvittanir vegna uppgjors á einstökum lánnum. Sóknaraðilar telja þessa afgreiðslu varnaraðila algerlega ófullnægjandi og vart sæmandi fjármálafyrirtæki.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfuliðum sóknaraðila nr. 1, 2, 3, 5 og 6, verði vísað frá og kröfulið nr. 4 verði hafnað.

Varnaraðili byggir kröfu sína um frávísun á því að eingöngu hafi verið tekin afstaða til kröfu sóknaraðila um afskrift skulda sem ekki hafi fengist greiddar við sölu á fasteign þeirra að A, sbr. kröfulið sóknaraðila nr. 4. Hvað varðar þá kröfuliði sem krafist er frávísunar á, hafi starfsmenn varnaraðila leiðbeint sóknaraðilum, bæði símleiðis og í tölvupósti, um ferli við niðurfellingu skulda og hafi lagt til að þau sendi varnaraðila formlega beiðni um slíkt ásamt tilteknum fylgiskjölum. Slík beiðni hafi ekki borist varnaraðila og hafi varnaraðila því ekki gefist færi á að taka afstöðu til kröfuliða sóknaraðila nr. 1, 2, 3, 5 og 6, enda hafi þeir fyrst verið gerðar með kvörtun sóknaraðila í máli þessu. Þar sem varnaraðila hafi ekki verið veitt færi á að taka afstöðu til framangreindra krafna áður, telur hann ekki sé rétt að slíkt sé gert á þessum vettvangi.

Varnaraðili vísar til 5. gr. samþykktar nefndarinnar, þar sem kemur fram að það sé skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamannsins eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtækið. Varnaraðili telur ljóst af framangreindri umfjöllun að þetta skilyrði sé ekki uppfyllt og því beri að vísa kröfuliðum nr. 1, 2, 3, 5 og 6 frá nefndinni.

Hvað varðar höfnun varnaraðila á kröfu sóknaraðila, þá hafi sóknaraðilar sameiginlega samkvæmt kröfulið nr. 4, krafist þess að úrskurðað verði að með greiðslum á söluandvirði fasteignarinnar að A til varnaraðila, hafi farið fram fullnaðaruppgjör á öllum skuldum þeirra.

Varnaraðili byggir kröfu sína um höfnun, á öllum tölvupóstsamskiptum sínum við fasteignasöluna og ástæðu þess að þau samskipti hafi átt sér stað. Af þeim sé ljóst að varnaraðili hafi eingöngu fallist á að aflýsa veðrétti sínum í fasteign sóknaraðila. Bendir varnaraðili á að við sölu fasteigna á grundvelli 8. mgr. II. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga, hafi verið aflað samþykkis þeirra veðhafa sem ekki hafi fengið veðkröfur sínar að fullu greiddar við sölu og að þeir muni aflýsa eftirstandandi veðkröfum sínum. Það sé grundvöllur þess að slík fasteign hafi geta talist söluhæf. Með tölvupósti þann 27. febrúar 2014, hafi varnaraðili samþykkt slíka afléttingu. Um eftirstöðvar lána, sem ekki hafi verið greidd upp að fullu, hafi farið svo samkvæmt endanlegum greiðsluáðlögunarsamningi og hafi það verið nefnt við sóknaraðila, sbr. tölvupóst varnaraðila þann 19. september.

Varnaraðili telur ljóst að með tölvupóstinum frá 27. febrúar 2014, hafi verið átt við að fella hafi átt niður af veði, það sem var umfram söluverð eignarinnar. Að mati varnaraðila sé ekki hægt að skilja 2. ml. tölvupóstsins frá 1. ml. og líta á sem svo, að í honum hafi falist að varnaraðili hafi skuldbundið sig til að afskrifa kröfur sínar á sóknaraðila.

Jafnframt telur varnaraðili að túlka verði tölvupóstinn í samræmi við vilja varnaraðila, enda um einhliða yfirlýsingu að ræða, sem hafi verið að fella niður veðrétt sinn í fasteign sóknaraðila eftir sölu hennar. Þá telur varnaraðili að lesa þurfi tölvupóstinn í samhengi við ástæðu útsendingar hans, þ.e. að greiða fyrir sölu á fasteign sóknaraðila. Þá verði einnig að líta til þess að tölvupósturinn hafi ekki verið sendur sóknaraðilum, en hafi ætlunin verið að afskrifa einhvern hluta af skuldum sóknaraðila hefði slík yfirlýsing vafalaust verið beint að þeim sérstaklega, en ekki fasteignasölu, sem annast málefni skuldara ekki að öðru leyti.

Til frekari rökstuðnings vísar varnaraðili til tölvupóstsamskipti varnaraðila og fasteignasölnunar, þann 28. febrúar 2014. Varnaraðili telur lítinn vafa á því að í þeim samskiptum hafi verið átt við niðurfellingu veðtöku bankans í fasteign sóknaraðila. Þann 4. mars, hafi fasteignasalan óskað eftir staðfestingu á því sem áður hafi farið fram í samskiptum við varnaraðila og hafi varnaraðili veitt slíka staðfestingu.

Einnig bendir varnaraðili á að leiðrétt hafi verið mistúlkun sóknaraðila á tölvupóstum varnaraðila um leið og varnaraðili varð uppvís að þeirri túlkun og hafi skýrt fyrir sóknaraðilum hvað hafi falist í tölvupóstunum.

Varnaraðili telur að ef litið sé til þess að ástæða þess að varnaraðili hafi verið í samskiptum við fasteignasölnuna hafi verið til að greiða fyrir sölu fasteignar sóknaraðila og þegar samskipti varnaraðila við fasteignasölnuna hafi verið skoðuð í heild sinni, þá séu tölvupóstar varnaraðila ekki túlkaðir á annan hátt, en að í þeim felist samþykki fyrir því að varnaraðili muni aflétta veði af eign sóknaraðila. Ekki sé hægt að líkja slíku samþykki við viðurkenningu um að fullnaðaruppgjör hafi átt sér stað.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar telur varnaraðili rétt að kröfulið sóknaraðila nr. 4, verði hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur annars vegar að umfangi veðsetningar í fasteigninni að A með tryggingarbréfum nr. X, gefið út 23. júní 2005, að fjárhæð kr. 8.000.000, nr. Y, gefið út 4. febrúar 2008, að fjárhæð kr. 5.100.000 og veðskuldabréfi nr. Z, gefið út 3. apríl 2008, að fjárhæð kr. 16.000.000. Hins vegar er ágreiningur milli málsaðila um hvort loforð hafi verið gefið af hendi varnaraðila með tölvupósti, dags. 27. febrúar 2014 um að greiðslur sem varnaraðila bárust við sölu á fasteigninni A hafi falið í sér fullnaðargreiðslu ofangreiddra skulda þannig að eftirstöðvar skuldanna yrðu felldar niður. Við þetta bætist krafa sóknaraðila um endurgreiðslu kostnaðar.

Hvað varðar aðalkröfur sóknaraðila krefst varnaraðili frávísunar á kröfuliðum nr. 1, 2, og 3 samkvæmt 5. gr. samþykkta nefndarinnar. Samkvæmt 5. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggi að ágreiningur sé um sakarefnið.

Ekkert liggur fyrir um að sóknaraðilar hafi nokkru sinni borið undir varnaraðila þá kröfu að hann endurgreiddi sóknaraðilanum K það fé sem varnaraðili fékk greitt sem veðhafi í hennar eignarhluta í húsinu eða viðurkenningarkröfu þess efnis að veðréttindi varnaraðila samkvæmt veðbréfunum þremur næðu ekki til hennar eignarhluta.

Þar sem slík beiðni hefur ekki borist varnaraðila og hann hefur þar af leiðandi ekki tekið formlega afstöðu til þessara aðalkrafna sóknaraðila er óhjákvæmilegt að vísa þeim frá.

Leiðir þetta jafnframt til þess að sú varakrafa sem tölusett var nr. 5 í umfjöllun um kröfur sóknaraðila verður ekki tekin til umfjöllunar og verður ekki hjá því komist að vísa henni jafnframt frá.

Þrátt fyrir að efnisleg niðurstaða um þessar aðalkröfur sóknaraðila skipti höfuðmáli fyrir uppgjör þeirra við varnaraðila, er unnt að taka afstöðu til varakröfu

þeirra um að varnaraðili verði talinn hafa glatað rétti sínum til frekari efnda krafna sinna með yfirlýsingum sínum í febrúarlok 2014.

Af gögnum málsins er ljóst að sóknaraðilar hafa beint kröfum að varnaraðila þess efnis að viðurkennt verði að fullnaðaruppgjör skuldanna hafi farið fram með ráðstöfun söluverðs fasteignar þeirra. Er óumdeilt að nefndinni ber að fjalla efnislega um hana þar sem ekki er krafist frávísunar.

Í málsatvikalýsingu eru raktar þær yfirlýsingar sem gefnar voru af hálfu varnaraðila í febrúarlok 2014. Við túlkun þeirra verður að hafa í huga að leitað var til varnaraðila vegna fyrirhugaðrar sölu umræddrar fasteignar. Var sú aðstaða uppi að kaupverð dugði ekki til uppgreiðslu veðskulda. Aflýsing veðskuldanna var þó forsenda þess að kaupin gætu gengið eftir. Þegar svör varnaraðila eru virt í þessu ljósi, verður fallist á það með honum að ekki verði litið á þau sem loforð um að falla frá öllum kröfum sínum á hendur sóknaraðilum sem nutu veðréttinda í fasteigninni. Verður þessari kröfu sóknaraðila því hafnað.

Í varakröfu sóknaraðila nr. 6, er þess krafist að varnaraðila sé skylt að endurgreiða sóknaraðilum kostnað vegna fyrirkomulags á skuldauppgjöri. Í 6. gr. samþykktar nefndarinnar, er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar.

Engin rök hafa verið færð fyrir þessari kröfu sóknaraðila og verður ekki af henni ráðið hver kostnaðurinn sé, þar sem sóknaraðilar hafa ekki lagt fram nein gögn kröfunni til stuðnings. Því verður ekki komist hjá því að vísa kröfu sóknaraðila frá með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar nefndarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðalkröfum sóknaraðila K um að úrskurðað verði að tryggingarbréf nr. X, tryggingarbréf nr. Y, og veðskuldabréf nr. Z, sem öll voru tryggð með veði í húseigninni A, 201 Kópavogi, hafi einungis hvílt á eignarhluta sóknaraðila M í fasteigninni, er vísað frá nefndinni.

Kröfu sóknaraðila K um að úrskurðað verði að fullnaðargreiðsla til varnaraðila, varnaraðila, hafi farið fram með greiðslu 50% af söluandvirði húseignarinnar A í Kópavogi og beri varnaraðila að endurgreiða henni það sem ofgreitt var vegna hennar eignarhluta í húseigninni, er vísað frá nefndinni.

Kröfu sóknaraðila um úrskurðað verði að með greiðslum til varnaraðila af söluandvirði húseignarinnar að A, 201 Kópavogi hafi farið fram fullnaðaruppgjör á öllum skuldum sóknaraðila við varnaraðila, er hafnað.

Kröfum sóknaraðila um endurgreiðslu kostnaðar sem þau hafa haft vegna fyrirkomulags á skuldauppgjöri, úr hendi varnaraðila, er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 13. mars 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 13. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 112/2014**:

**M og K
gegn
F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og K, hér eftir nefnd sóknaraðilar annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 27. nóvember 2014, með kvörtun sóknaraðila dagsettri sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 28. nóvember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 2. janúar 2015. Var bréfið sent sóknaraðilum með tölvupósti nefndarinnar, dags. 6. janúar 2015, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 20. janúar 2015.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 13. mars 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 5. september 2006 var skuldabréf nr. X gefið út. Skuldari var A, en varnaraðili kröfuhafi. Til tryggingar þessu láni var eignin B sett að veði, en eigendur hennar voru A og sambýliskona hans, C. Jafnframt gengust sóknaraðilar í sjálfskuldarábyrgð. Við lánveitinguna var framkvæmt greiðslumat sem skuldari stóðst og liggur fyrir undirritað skjalið „til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ sem sóknaraðilar hafa skrifað undir. Ágreiningslaust er að þegar A og C slitu samvistum var ofangreint lán fært yfir á nafn C sem hluti af uppgjöri þeirra á milli með yfirlýsingu um skuldskeytingu, dags. 15. október 2007. Skjal þetta hefur þó ekki verið lagt fram og fram lagt afrit veðskuldabréfsins er ekki áritað um skuldskeytinguna. C og A áttu fasteignina að B sameiginlega, en með afsali 27. nóvember 2007 afsalaði C til A 50% eignarhlut sínum í B. Með yfirlýsingu um veðsetningu og veðbandalausn var fasteign sóknaraðila að D sett að veði í stað B. Er sú yfirlýsing einnig dagsett 15. október 2007.

Ekki var framkvæmt greiðslumat vegna veðflutningsins eða skuldskeytingarinnar.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðila verði gert að ógilda ábyrgð á veðskuldabréfi nr. X og veðsetningu varnaraðila, eða þess sem hann leiðir rétt sinn frá, á fasteigninni að D.

Sóknaraðilar benda á að varnaraðili er aðili að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1998, sem endurundirritað hafi verið árið 2001. Í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins sé kveðið á um að fjármálafyrirtæki beri að meta greiðslugetu greiðanda, en það hafi hinsvegar ekki verið gert vegna þeirra skuldabréfa sem hér um ræðir. Sóknaraðilar telja að framangreindar ábyrgðarskuldbindingar þeirra samkvæmt fyrrgreindum skuldabréfum séu ógildar og því eigi varnaraðili ekki þann rétt sem skuldabréfið beri með sér.

Sóknaraðilar byggja mál sitt á því að ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmt hjá útgefanda skuldabréfsins og engar upplýsingar kynntar sóknaraðilum um fjárhagsstöðu útgefanda og hafi stefndi þannig orðið uppvís að háttsemi er varði ógildingunni á ábyrgðarskuldbindingum sóknaraðila. Þannig hafi varnaraðila skilyrðislaust borið að framkvæma greiðslumat samkvæmt þeim reglum sem hann hafi undirgengist samkvæmt framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og hafi sóknaraðilar mátt teysta því að slíkt yrði gert. Telja sóknaraðilar að þau geti byggt á nefndum reglum líkt og um þriðja manns loforð væri að ræða. Hafi sóknaraðilar mátt treysta því að brot á reglum hefðu í för með sér einhverjar réttarverkanir og í þessu tilviki ógildingunni ábyrgðar. Jafnframt telja sóknaraðilar sig hafa mátt treysta því að varnaraðili færi í einu og öllu eftir samkomulaginu, enda aðili að því.

Sóknaraðilar telja að fyrrgreint samkomulag um notkun ábyrgða staðfesti að í gildi sé sú viðskiptavenja að bankar og sparisjóðir framkvæmi mat á greiðslugetu einstaklings þegar ábyrgðarskuldbinding er hærrí en 1.000.000 kr. Þannig hafi varnaraðili ekki einungis brotið reglu samkomulagsins heldur og orðið uppvís að háttsemi sem fari í bága við gildandi viðskiptavenju. Telja sóknaraðilar þar af leiðandi og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa að ábyrgðarskuldbinding þeirra sé ógildanleg enda taki ákvæðið til þeirra atvika sem hér hefur verið lýst.

Sóknaraðilar mótmæla þeirri málsástæðu varnaraðila að vegna skyldleika hafi ekki verið þörf á greiðslumati þar sem að hjón ættu í hlut. C hafi verið gift hvorugum sóknaraðila og eigi þetta undanþáguákvæði því alls ekki við. Varnaraðila hafi borið, samkvæmt 3. gr. samkomulagsins um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, að meta greiðslugetu C. Varnaraðili hafi hinsvegar kosið að gera það ekki og á því verði hann að bera fulla ábyrgð.

Sóknaraðilar benda á að ljóst sé að hagir C hafi verið allt aðrir þegar hún tók við láninu af A þann 15. október 2007 en þegar hún var í sambúð með honum. Þegar C tók við láninu hafi hún verið einstæð með tvö börn og hefði því aldrei getað staðist greiðslumat, hefði það farið fram. Eina greiðslumatið sem gert hafi verið, hafi verið á A þann 5. september 2006 og sé engan veginn hægt að halda því fram að það greiðslumat hafi verið nægilegt 13 mánuðum síðar, þegar vitað var að fjölskylduhagir voru allt aðrir. Sóknaraðilar fullyrða að þau hefðu ekki heimilað veðsetningu á eign sinni hefði þeim verið ljóst að greiðslugeta skuldara væri ekki nægileg. Verði í því samhengi að horfa til þess að varnaraðili er stórt fjármálafyrirtæki sem starfar á grundvelli opinbers leyfis sem ber að sjá til þess að öllum reglum og skyldum, sem settar séu til hagsbóta og verndar neytendum, sé framfylgt í hvívetna.

Sóknaraðilar bera því við að þau hafi hvorki sérmenntun né reynslu af viðskiptum með fjármálagerninga, en M starfi sem bifvélavirki og K sem stuðningsfulltrúi á sambýli.

Sóknaraðilar telja að við mat á afleiðingum þess að upplýsingaskyldu var ekki sinnt af hálfu varnaraðila verður að líta til þess að veiting lánsveðsins var alfarið í þágu varnaraðila, það er til tryggingar kröfu varnaraðila á hendur lántaka, auk þess sem öll skjöl málsins hafi verið fyrirfram samin af varnaraðila, sem hafði sérfræðipekkingu á sviði fjármálaþjónustu og bankaviðskipta og hafði þar að auki gengist undir skyldur samkvæmt samkomulaginu sem í engu var fylgt eftir.

Vegna þessa telja sóknaraðilar morgunljóst að veðsetning sú og ábyrgð sem þau veittu þann 15. október 2007 sé ógild að öllu leyti með stoð í 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Vísa þau máli sínu til stuðnings til niðurstöðu Hæstiréttur í málum nr. 169/2012, 127/2013, 611/2013 og 630/2013.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Að mati varnaraðila heldur upphaflegt greiðslumat vegna lánsins og stendur því ábyrgð sóknaraðila óhöggud. Umrætt lán hafi upphaflega verið veitt með veði í fasteign sem var í eigu dóttur og tengdasonar sóknaraðila. Þegar þau slitu samvistum hafi sóknaraðilar samþykkt að veðsetja eign sína að D til tryggingar á þessu láni. Að mati varnaraðila sé veðsetningin því í fullu samræmi við lög og reglur og standi því óhöggud.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila á D, til tryggingar veðskuldabréfi X, og sjálfskuldarábyrgð þeirra á sama bréfi.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001 var meðal annars undirritað af Samtökum banka og Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. aðildarféлага sinna. Varnaraðili er eitt þessara aðildarféлага. Verður varnaraðili því talinn bundinn við efni þess, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki. Fjármálafyrirtæki er ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en 1.000.000 kr.

Ekki virðist ágreiningur um að upphafleg sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á veðskuldabréfinu var gerð með gildum hætti. Því er hins vegar ómótmælt að varnaraðili hafi samið við C um að hún tæki að sér greiðslu lánsins um leið og A var leystur undan greiðsluskyldu, án þess að samþykkis sóknaraðila sem sjálfskuldarábyrgðarmanna væri aflað. Er það jafnframt í samræmi við fram lagða lýsingu umboðsmanns skuldara á skuldskeytingarskjalinu. Gat varnaraðili undir engum kringumstæðum vænst þess að sjálfskuldarábyrgð varnaraðila á skuld A samkvæmt bréfinu næði til þess að ábyrgjast skuld nýs skuldara án þeirra samþykkis. Er sjálfskuldarábyrgðin samkvæmt þessu niður fallin og þarf hvorki að vísa til

ógildingarreglna samningaréttar né samkomulags um notkun ábyrgða til að styðja þá niðurstöðu.

Sóknaraðilar undirrituðu „Yfirlýsingu um veðsetningu og veðbandalausn vegna veðskjals nr. [X]” en í skjalinu kom fram að skuldari lýsti því yfir að fengnu samþykki varnaraðila að ofangreint veðskjal yrði flutt af fasteigninni B yfir á fasteign sóknaraðila að D. Í skjalinu kom jafnframt fram að ákvæði veðskjalsins héldust óbreytt að öðru leyti. Jafnframt staðfestu sóknaraðilar með undirritun sinni að þau hefði kynnt sér efni bréfsins og gert sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra sem veðleyfisgjafa fælist og teldu hana samræmast greiðslugetu sinni. Jafnframt að þau hefði kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Hinsvegar liggur einnig fyrir að ekki var framkvæmt greiðslumat á dóttur sóknaraðila þegar þau samþykktu að veita samþykki sitt fyrir þessari veðsetningu fasteignar sinnar.

Þegar metið er hvort að skortur á hinu seinna greiðslumati leiði til þess að ábyrgð sóknaraðila verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga þarf að meta hvort það yrði talið ósamngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera samningsskilmálana fyrir sig. Í 2. mgr. greinarinnar segir að við mat samkvæmt 1. mgr. skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Ljóst er að með því að framkvæma ekki greiðslumatið var ekki tryggt að sóknaraðilar væru að fullu upplýstir um greiðslugetu skuldara og þar af leiðandi þá áhættu sem veðsetningin hefði í för með sér. Þá verður að líta til þess að sóknaraðili er einstaklingur, en varnaraðili fjármálafyrirtæki með sérfræðisekkingu.

Hinsvegar ber einnig að líta til þess að sóknaraðilar undirrituðu skjal þar sem fram kemur að ákvæði veðskuldabréfs, sem þau höfðu áður undirritað sem veðsalar, væri óbreytt.

Mestu skiptir að með þeim breytingum sem gerðar voru á skyldum og réttindum samkvæmt skuldabréfinu þann 15. október 2007 er líklegt að áhættan á því að gengið yrði að sóknaraðilum vegna bréfsins hafi verið aukin verulega. Greiðslumat á upphaflegum skuldara bréfsins, sem þeim hafði verið kynnt, var almennt forsenda fyrir gildi ábyrgðar þeirra. Með því að leysa þennan skuldara undan efnaskyldu sinni, en afla um leið veðtryggingar í fasteign sóknaraðila, velti varnaraðili áhættunni af breytingum þessum yfir á sóknaraðila að mestu. Að sóknaraðilar væru þannig fengin til að veðsetja fasteign sína í þágu annars einstaklings, án þess að metið væri hvort nýr skuldari bréfsins gæti staðið í skilum, var beinlínis í andstöðu við skuldbindingar varnaraðila samkvæmt samkomulaginu um notkun ábyrgða og skiptir þá ekki máli þótt um sama skuldabréf væri að ræða.

Í ljósi heildarmats á aðstæðum í umræddu máli verður því fallist á með sóknaraðilum að ósamngjarnt yrði og andstætt góðri viðskiptavenju, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936, fyrir varnaraðila að bera samninginn fyrir sig. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um ógildingu veðsetningu fasteignarinnar að D.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M og K, á skuldabréfi varnaraðila, F, er ógild. Veðsetning á fasteign sóknaraðila að D, fyrir kröfum samkvæmt skuldabréfinu er ógild.

Reykjavík, 13. mars 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 27. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 113/2014:**

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. desember 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 4. desember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 5. janúar 2015. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dags. 6. janúar 2015 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Engar athugasemdir bárust.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 27. mars 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 26. júní 2012, gerðu sóknaraðili og leigutaki, A, með sér húsaleigusamning um íbúðarhúsnæði í eigu sóknaraðila, B.

Í 10. gr. húsaleigusamningsins, sem ber yfirheitið „*Tryggingar*“, kemur fram að umsamin fjárhæð tryggingar sé 260.000 kr. og að leigusali geti valið milli fimm tryggingarkosta. Í samningnum var merkt við val á „*[t]ryggingarfé sem leigjandi greiðir leigusala og hann varðveitir*“ og aðra tryggingu „*sem leigjandi býður fram og leigusali metur gilda og fullnægjandi*“.

Þann 5. febrúar 2014, lagði leigutaki fram umsókn til varnaraðila um útgáfu bankaábyrgðar að fjárhæð kr. 260.000, til handa sóknaraðila. Í umsóknarbeiðni leigutaka var óskað eftir því að ábyrgðin yrði sótt í útibú varnaraðila.

Þann 6. febrúar 2014, gaf varnaraðili út ábyrgðaryfirlýsingu nr. X, til handa sóknaraðila, sem leigutaki sótti í útibú varnaraðila. Ábyrgðaryfirlýsingin fól í sér skuldbindingu af hálfu varnaraðila fyrir greiðslu leigugreiðslna upp að vissri fjárhæð. Í ábyrgðaryfirlýsingunni kom fram að við gerð krafna á grundvelli hennar skyldi í öllum tilfellum leggja fram „*undirritaðan leigusamning, frumrit ábyrgðaryfirlýsingar*“

og yfirlit yfir ógreidda reikninga“. Þá var jafnframt kveðið á um að gildistími ábyrgðaryfirlýsingarinnar væri til 5. mars 2015, en hún gæti þó fallið niður fyrir þann tíma, ef leigusali samþykkti slíkt skriflega eða við skil á frumriti ábyrgðaryfirlýsingarinnar til varnaraðila.

Þann 18. febrúar 2014, var fasteign sóknaraðila að B seld nauðungarsölu og var Íbúðalánasjóður, kt. 661198-3629, hæstbjóðandi. Samþykkisfrestur var til 15. apríl 2014, og var boðið samþykkt þann dag og afsal gefið út hinn 7. maí 2014.

Þann 28. apríl 2014, skilaði leigutaki frumriti ábyrgðaryfirlýsingarinnar til varnaraðila og felldi varnaraðili ábyrgðina úr gildi, í samræmi við ákvæði ábyrgðarinnar um gildistíma og niðurfellingu.

Hinn 19. júní 2014, barst varnaraðila bréf frá sóknaraðila ásamt afriti af umræddri ábyrgðaryfirlýsingu, þar sem farið var fram á að varnaraðili greiddi húsaleiguskuld leigutaka á grundvelli fyrrgreindrar ábyrgðaryfirlýsingar.

Varnaraðili hafnaði beiðni sóknaraðila með bréfi, dags. 3. júlí 2014. Höfnun varnaraðila byggði á því að leigutaki hefði þegar skilað ábyrgðaryfirlýsingunni og hún verið felld niður í kjölfarið.

III.

Umkvörtunarefni.

Undir liðnum „Kvörtun“ á kvörtunareyðublaði sóknaraðila kemur eftirfarandi fram: „Ég geri þá kröfu á hendur ofangreindu fjármálafyrirtæki að það greiði mér kr. 260.000, vegna mistaka bankans varðandi ábyrgðaryfirlýsingu nr. [X]. Samkvæmt yfirlýsingunni ábyrgðist bankinn mig kvörtunaraðilann sem leigusala fyrir greiðslu allt að kr. 260.000, gagnvart ábyrgðarumsækjandanum sem er [A].“

Þá kemur fram að sóknaraðili krefjist þess að réttur sinn samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni verði viðurkenndur og varnaraðila gert að standa við hana og inna greiðsluna af hendi þar sem varnaraðili hafi afhent röngum aðila frumrit yfirlýsingarinnar. Sóknaraðili telur leigutaka hafa vanefnt leigugreiðslur fyrir mars og apríl árið 2014, eða samtals 260.000 kr. Leigusamningur milli sóknaraðila og leigutaka var dags. 26. júní 2012 og leigan ákveðin 130.000 kr. á mánuði.

Sóknaraðili var eigandi eignarinnar til 7. maí 2014 og því krefst hann þess að viðurkenndur verði réttur hans samkvæmt fyrrgreindri ábyrgðaryfirlýsingu. Einnig krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að standa við ábyrgðaryfirlýsinguna og greiða sóknaraðila fjárhæð kr. 260.000 þar sem varnaraðili hafi afhent leigutaka frumrit yfirlýsingarinnar.

Sóknaraðili bar fram kvörtun sína fyrst munnlega upp við varnaraðila, en síðan formlega í bréfi dags. 19. júní 2014. Kröfunni var hafnað af hálfu varnaraðila með bréfi dags. 3. júlí 2014.

Sóknaraðili telur að mistök varnaraðila séu fölgín í því, að í stað þess að afhenda sóknaraðila frumrit ábyrgðaryfirlýsingarinnar, dags. 6. febrúar 2014, þá hafi varnaraðili afhent leigutakanum frumritið. Þannig hafi varnaraðili útilokað sóknaraðila frá tryggingunni, sem honum hafi verið ætluð ef vanskil yrðu á leigusamningnum. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi gert honum ómögulegt að virkja ábyrgðaryfirlýsinguna af því að rangur aðili, þ.e. leigutakinn, hafi verið með frumritið í höndum. Þegar vanskil urðu hafi sóknaraðili reynt að innheimta skuldina. Það hafi hins vegar ekki gengið og þess vegna hafi sóknaraðili ætlað að ganga að tryggingunni hjá varnaraðila. Síðar hafi sóknaraðili komist að því að frumrit

ábyrgðaryfirlýsingarinnar hafi ranglega verið afhent leigutakanum. Þá hafi sóknaraðili strax gert athugasemd.

Hafi hann skrifað kröfubréf dags. 19. júní 2014, til varnaraðila. Svar hafi borist frá varnaraðila dags. 3. júlí 2014, þar sem varnaraðili hafi ekki orðið við kröfu sóknaraðila. Hins vegar telur sóknaraðili að í bréfi varnaraðila hafi komið fram viðurkenning á því að leigutakinn, sá sem ábyrgðaryfirlýsingunni hafi verið ætlað að tryggja sóknaraðila gagnvart, hafi skilað frumriti yfirlýsingarinnar til varnaraðila. Að mati sóknaraðila hafi leigutaki þannig ranglega fengið leyst út tryggingarféð, án þess að varnaraðili hafi kannað málið sem fagaðili og honum hafi borið skylda til að gera.

Sóknaraðili telur sannað að varnaraðili hafi gert tvö alvarleg mistök. Í fyrsta lagi hafi varnaraðili afhent röngum aðila frumrit ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Í öðru lagi hafi hann ekki kannað það þegar leigutaki hafi komið með frumritið, hvort efnidir samnings hafi farið fram, né hvort frumrit yfirlýsingarinnar hafi verið réttilega komin frá leigusalanum.

Samkvæmt framangreindu krefst sóknaraðili þess að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða kröfu að fjárhæð kr. 260.000, þar sem varnaraðili hafi borið ábyrgð á þessum mistökum.

Þá telur sóknaraðili einnig að ríkar kröfur séu gerðar til fjármálafyrirtækja þar sem þeir séu sérhæfðir fagaðilar og beri þannig ríka ábyrgð á gjörðum sínum og því sé þeim skylt að bæta mönnum það tjón sem hlýst vegna mistaka þeirra. Þá telur sóknaraðili að fara skuli eftir almennum lögum um kaupa-, samninga- og kröfurétt sem gilda á Íslandi ásamt neytendalögum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir málsatvikalýsingu sóknaraðila að því leyti sem hún samræmist ekki málsatvikalýsingu varnaraðila.

Varnaraðili telur að ábyrgðaryfirlýsingin hafi verið afhent réttum aðila og að honum hafi verið rétt að fella ábyrgðina úr gildi við afhendingu frumritsins, í samræmi við skýran texta ábyrgðarinnar. Því hafi ábyrgðaryfirlýsingin, sem sóknaraðili hafi byggt kröfu sína á, verið fallin úr gildi þegar krafan hafi verið lögð fram og þannig hafi ófrávíkjanleg greiðsluskilyrði ábyrgðarinnar ekki verið uppfyllt. Þar af leiðandi hafi varnaraðili ekki fallist á kröfu sóknaraðila.

Hvað varðar afhendingu ábyrgðaryfirlýsingarinnar, mótmælir varnaraðili því að hún hafi verið afhent röngum aðila. Varnaraðili telur að undanfari útgáfu ábyrgðaryfirlýsingar hafi verið beiðni ábyrgðarumsækjanda og útgáfa ábyrgðaryfirlýsingarinnar hafi farið að öllu leyti fram í samræmi við fyrirmæli hans og þá beiðni. Það hafi því verið í höndum ábyrgðarumsækjanda að ákveða hvernig og hvenær rétthafi ábyrgðaryfirlýsingar hafi fengið yfirlýsinguna í sínar hendur og því hafi varnaraðili ekki frekari aðkomu að slíku, nema ábyrgðarumsækjandi hafi óskað eftir því að varnaraðili myndi senda yfirlýsinguna til rétthafa hennar.

Þá hafi varnaraðili bent á að það hafi verið í höndum sóknaraðila að meta hvort hann teldi ábyrgðaryfirlýsingu varnaraðila fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu húsaleigunnar, sbr. 3. mgr. 40. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994. Ábyrgðaryfirlýsing varnaraðila hafi verið skýr og ótvíræð um skilyrði fyrir greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar sem og um gildistíma hennar og við hvaða atvik hún hafi fallið úr gildi. Því hafi sóknaraðili getað farið fram á frekari tryggingar frá ábyrgðarumsækjanda,

hafi hann ekki talið að ábyrgðaryfirlýsingin hafi falið í sér nægjanlega tryggingu, sbr. 10. gr. húsaleigusamningsins.

Að mati varnaraðila hafi hann ekki getað gert skil á staðsetningu frumrits ábyrgðaryfirlýsingarinnar frá því að það hafi farið frá varnaraðila og þangað til því hafi verið skilað til varnaraðila. Hafi sóknaraðili hins vegar ekki fengið frumrit ábyrgðaryfirlýsingarinnar í sínar hendur hafi hann ekki getað litið svo á að hann hafi haft fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslum húsaleigu og því hefði hann átt að fara fram á frekari tryggingar frá leigutaka.

Þegar varnaraðila var afhent frumrit ábyrgðaryfirlýsingarinnar þann 28. apríl 2014, hafi hún verið felld niður, enda hafi verið skýrt kveðið á um að afhending frumritsins til varnaraðila myndi hafa slík áhrif. Varnaraðili hafi ekki talið neitt athugasvert við það, að leigutaki hafi skilað frumritinu til varnaraðila, enda hafi leigusölum borið að skila í hendur leigjanda viðskiptabréfum eða öðrum skilríkjum sem hann hafi afhent fyrir tryggingunni og leigjandi hafi lögvarða eða sanngjarna ástæðu fyrir að fá aftur, sbr. 2. ml. 4. mgr. 40. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994. Hafi þannig ekki verið ástæða til annars fyrir varnaraðila en að taka við frumritinu athugasemdaleiust og fella ábyrgðaryfirlýsinguna niður. Í þessu sambandi bendir varnaraðili jafnframt á að þegar ábyrgðaryfirlýsingunni hafi verið skilað, hafi Íbúðalánasjóður verið með umráðarétt yfir hinni leigðu fasteign.

Varnaraðili hafi ekki haft upplýsingar um ástæður þess að sóknaraðili hafi ekki verið með frumrit ábyrgðaryfirlýsingarinnar í sínum vörslum, en slíkt hafi verið honum nauðsynlegt til að byggja rétt sinn á henni og mátti honum vera það ljóst. Með hliðsjón af þessu og skilyrðum ábyrgðaryfirlýsingarinnar fyrir greiðslu, verði að telja að það hafi verið á ábyrgð sóknaraðila að hafa ekki tryggt sér vörslu frumrits ábyrgðaryfirlýsingarinnar og verður sú ábyrgð því ekki felld á varnaraðila.

Að lokum telur varnaraðili að ekki sé hægt að túlka ábyrgðaryfirlýsinguna á þann veg að í henni hafi falist rýmri ábyrgð en skýr texti hennar hafi kveðið á um. Bendir varnaraðili á að gildistími ábyrgðarinnar og niðurfelling hennar hafi engum vafa verið undirorpin. Þá bendir varnaraðili jafnframt á að skilyrði fyrir greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar hafi meðal annars verið að „*frumrit ábyrgðaryfirlýsingarinnar fylgi með greiðslukröfu.*“

V.

Niðurstaða.

Krafa sóknaraðila verður skilin svo að þess sé krafist að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 260.000 kr. Þessi krafa er reist á því að varnaraðili hafi afhent röngum aðila frumrit yfirlýsingarinnar og geti því ekki borið fyrir sig gagnvart varnaraðila að hann hafi ekki frumrit hennar.

Óumdeilt er að varnaraðili afhenti leigutaka frumrit ábyrgðaryfirlýsingar nr. X. Var það í samræmi við þá aðstöðu að leigutakinn sótti um ábyrgðina og fékk hana útgefna sér til handa, til afnota í viðskiptum við sóknaraðila.

Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni segir að til þess að greiðslur verði inntar af hendi varnaraðila „*skal í öllum tilfellum leggja fram undirritaðan leigusamning milli leigusala og viðkomandi leigutaka, ásamt frumriti ábyrgðaryfirlýsingar og yfirliti yfir ógreidda reikninga, komi til þess að leigusali krefji bankann um greiðslu skv. ábyrgðaryfirlýsingu þessari.*“

Verður því að telja að sóknaraðila hafi mátt vera það ljóst að honum væri nauðsynlegt að hafa frumrit ábyrgðaryfirlýsingarinnar í sínum höndum ef hann ætlaði

sér að byggja rétt til greiðslu á henni. Verður hann sjálfur að bera tjón sem kann að hafa hlotist af því að hann óskaði ekki eftir frumriti yfirlýsingarinnar frá leigutaka.

Það sama gildir varðandi þá málsálstæðu sóknaraðila að varnaraðili hafi ekki kunnað hvort efndir leigusamningsins hafi farið fram, né hvort frumrit yfirlýsingarinnar hafi komið frá leigusala þegar frumriti var skilað til varnaraðila. Þegar leigutakinn, sem var í viðskiptasambandi við varnaraðila um útgáfu ábyrgðarinnar, hafði skilað frumriti hennar, var ábyrgðaryfirlýsingin réttilega felld niður þann 28. apríl 2014. Var enda skýrt kveðið á um það samkvæmt yfirlýsingunni að afhending frumritsins til varnaraðila hefði slík áhrif. Verður ekki lögð sú skylda á varnaraðila að krefjast frekari upplýsinga um ástæður skila á ábyrgðaryfirlýsingunni

Með vísan til ofangreinds er kröfum sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 27. mars 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, föstudaginn 17. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Jón Magnússon, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 114/2014**:

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni dags. 5. desember 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 8. desember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 9. janúar 2015. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti sama dag og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 23. janúar 2015.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 17. apríl 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 4. október 2005, var fyrirtækið A, stofnað sem hluti af R.

Í lok nóvember 2005, sótti sonur sóknaraðila, B, um lán hjá forvera varnaraðila til að fjármagna kaup sín á hlutabréfum í C, þar sem hann starfaði á þeim tíma. Í lánsúmsókninni bauð B lánsveð í fasteign foreldra sinna, sóknaraðila og eiginkonu hans, að D.

Þann 5. desember 2005, var lánsloforð varnaraðila sent í tölvupósti frá fyrrverandi lánstjóra varnaraðila, til B, og var kveðið á um samþykki fyrir láni. Í tölvupóstinum var kveðið á um að varnaraðili væri reiðubúinn að lána óstofnuðu einkahlutafélagi í eigu B, allt að kr. 8.250.000, í erlendum gjaldmiðlum, og til tryggingar skyldi veita kr. 13.000.000, tryggingarbréf tryggt með veðrétti í D, eign sóknaraðila, auk handveðs í öllum bréfum B í C.

Í desember 2005, keypti B einkahlutafélagið A.

Þann 14. desember 2005, sendi B tölvupóst til R, með beiðni um að skrá félagið á sína eigin kennitölu. Afrit af sama tölvupósti var sent á tölvupóstfang eiginkonu B, í aðgreindum tölvupósti.

Hinn 15. desember 2005, sendi B tölvupóst til R og ítrekaði að gengið yrði frá málinu og óskað eftir því að pappírar yrðu útbúnir.

Í kjölfar kaupa á félaginu var nafni félagsins breytt úr A í F ehf., með tilkynningu til fyrirtækjaskrár RSK dags. 16. desember 2005, og stjórn félagsins breytt. Ákveðið var að B yrði framkvæmdastjóri félagsins með prókúru.

Þann 20. desember 2005, gaf F út tryggingarbréf nr. X, sem tryggt var með 2. veðrétti í D. Kveðið var á um að það væri til tryggingar á öllum skuldum og fjárskuldbindingum F ehf. við varnaraðila að fjárhæð allt að kr. 13.000.000.

Hinn 21. desember 2005, stofnaði F ehf. viðskiptareikning hjá varnaraðila.

Þann 27. desember 2005 gerðu varnaraðili og F ehf., með sér lánsamning um lán að fjárhæð kr. 8.250.000 í erlendum gjaldmiðlum. Lánið, að frádregnu lántökugjaldi, var greitt til F ehf. og andvirði þess varið til greiðslu fyrir hlutafé í C.

Þann 28. maí 2009, undirrituðu varnaraðili og F ehf. skilmálabreytingu á lánsamningi nr. Y. Einnig sama dag, undirritaði B handveðsyfirlýsingu. Sett voru að handveði hlutdeildarskírteini í C að nafnvirði kr. 1.415.094 til tryggingar á skaðlausri greiðslu á lánsamningi nr. Y.

Frá árinu 2010 hafa staðið yfir viðræður og deilur á milli varnaraðila og sóknaraðila um umrædda veðsetningu. Þær viðræður hafa ekki skilað árangri, þrátt fyrir fundi, símtöl, bréf og tölvupósta.

Þann 31. maí 2010, óskaði B þess, í bréfi til varnaraðila, að lán F ehf., yrði gert upp með yfirtöku á öllum hlutabréfum hans í C. Einnig krafðist B þess, óháð beiðni um uppgjör af lánunum, að varnaraðili aflétti veðinu á fasteign sóknaraðila, að D, þar sem til þess hafi verið ranglega stofnað. Svar barst ekki frá varnaraðila.

Þann 27. október 2010, fór lögmaður sóknaraðila, fram á það við starfsmann varnaraðila, að varnaraðili samþykkti að veðflutningur myndi fara fram án undirritun á ábyrgðarsamningi um lánsveð, og að samhliða yrði undirrituð yfirlýsing þess efnis að báðir aðilar, varnaraðili og sóknaraðili, áskildu sér rétt vegna þess ágreiningsefnis sem uppi er.

Þann 2. nóvember 2010 fór B fram á það við útibússtjóra varnaraðila, að fallist yrði á kröfu hans og sóknaraðila þess efnis að samþykktur yrði veðflutningur sóknaraðila frá D, að E.

Undirrituð var yfirlýsing dags. 16. nóvember 2010, þar sem áréttaður var fyrirvari um að sóknaraðili gerði athugasemdir við upphaflega veðsetningu og hygðist láta reyna á það fyrir dómstólum hvort hún væri skuldbindandi fyrir hann. Í yfirlýsingunni staðfesti varnaraðili, án þess að viðurkenna sjónarmið sóknaraðila, að varnaraðili myndi ekki byggja á því að hann hafi öðlast betri rétt en hann hafði áður með undirritun nýs ábyrgðarsamnings sem gerður var í tengslum við yfirlýsinguna um veðflutning.

Þann 25. nóvember 2010, var undirritaður ábyrgðarsamningur vegna lánsveðs í samræmi við lög um ábyrgðarmenn af varnaraðila og sóknaraðila. Um var að ræða veðflutning. Kveðið var á um 100% ábyrgðarhlutfall og veðandlagið var E.

Þann 26. nóvember 2010, var undirritaður veðflutningur, viðauki við tryggingarbréf þar sem kveðið var á um nýja veðsetningu og veðbandslausn og var veðréttur samkvæmt tryggingarbréfinu færður af D, yfir á E.

Varnaraðili sendi B bréf dags. 11. janúar 2011, þar sem kveðið var á um að leit regluvarðar að hljóðritunum á símtali við varnaraðila dags. 5. desember 2005, hefði

ekki borið árangur og líklegasta skýringin væri sú að þáverandi starfsmaður varnaraðila, hefði ekki haft hljóðritaðan síma.

C var úrskurðað gjaldþrota þann 14. mars 2011 og hlutabréf í félaginu því með öllu verðlaus. Engar aðrar eignir voru í F ehf. sem er nú ógjaldfært og alls ófært um að standa við skuldbindingar sínar gagnvart varnaraðila.

Með bréfi, 23. júní 2013, var fyrir hönd sóknaraðila, krafist ógildingar og/eða niðurfellingar á veðrétti samkvæmt tryggingarbréfi nr. X. Bréfinu var svarað með bréfi frá varnaraðila dags. 11. október 2013, þar sem kröfu sóknaraðila var hafnað.

Varnaraðili sendi sóknaraðila innheimtuviðvörðun þann 30. október 2014, þar sem skorað var á sóknaraðila að greiða kröfu sem tilgreind var að fjárhæð kr. 13.000.000, innan 10 daga frá dagsetningu bréfsins „*svo komist verði hjá frekari innheimtuáðgerðum á grundvelli réttarfarslaga*“.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að veðréttindum varnaraðila í fasteign hans, nú að E, samkvæmt tryggingarbréfi nr. X, útgefnu af F ehf., dags. 20. desember 2005, upphaflega að fjárhæð kr. 13.000.000, verði vikið til hliðar í heild sinni með vísan til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Til vara krefst sóknaraðili þess að samningnum verði vikið til hliðar að hluta og veðsetningarfjárhæðin lækkuð verulega. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, við afgreiðslu láns F ehf. á árinu 2005.

Sóknaraðili byggir á því að sonur hans, B, hafi sótt um um lán í eigin nafni hjá varnaraðila í nóvember/desember árið 2005, til að fjármagna kaup á hlutum í C. Til tryggingar láninu hafi hann meðal annars boðið veð í fasteign sóknaraðila. Við úrvinnslu lánsúmsóknarinnar hafi komið í ljós að umsækjandi hafi verið með verulegar aðrar skuldbindingar hjá varnaraðila sem tengd hafi verið fyrri kaupum á hlutum í C, sem varnaraðili hafi talið benda til þess að hann gæti ekki geta efnt skuldbindingar sínar og stæðist því ekki greiðslumat. Í stað þess að varnaraðili hafi upplýst sóknaraðila um það, og raunar einnig B, umsækjanda lánsins, hafi varnaraðili stungið upp á því við B að lánið yrði ekki veitt honum persónulega, heldur óstofnuðu einkahlutafélagi í hans eigu. Ekki hafi neinar kröfur verið gerðar til einkahlutafélagsins um eigið fé eða greiðslugetu. Varnaraðili hafi veitt félaginu kr. 8.250.000 lán í erlendum gjaldmiðlum, sem tryggt hafi verið með kr. 13.000.000 tryggingarbréfi í fasteign sóknaraðila, auk veðs í hlutabréfum í C. Varnaraðili hafi ekki greint frá ástæðu fyrir þessari breytingu frá upphaflegri umsókn að öðru leyti en að breytt högun hafi verið tæknilegs eðlis. Sóknaraðili telur einsýnt að varnaraðili hafi lagt hið breytta fyrirkomulag til, í því skyni að lánið félli utan gildissviðs samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Sóknaraðili kveður að á meðan umsókn B hafi verið til umfjöllunar, hafi þáverandi starfsmaður varnaraðila, hringt í hann og greint honum frá því að varnaraðili hafi ekki verið reiðubúinn að veita honum lánið persónulega, en hafi verið þó reiðubúinn til þess að veita óstofnuðu einkahlutafélagi í hans eign lán, gegn þeim tryggingum sem hafi verið boðnar fram. Í framhaldi af símtalinu hafi starfsmaður varnaraðila sent B tölvupóst þar sem kveðið var á um lánsloforðið til óstofnaða félagsins í eigu B.

Í ljósi allra tilvika þyki sóknaraðila ósanngjarnt að hann beri einn hallann af veðsetningunni. Hann hafi aldrei haft fjárhagslega hagsmuni af rekstri F ehf. og hann

hafi ekki notið andvirðis láns varnaraðila til F ehf. Við afgreiðslu lánsins hafi varnaraðili skorast undan skyldum gagnvart sóknaraðila samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða, með því að afgreiða lánið til einkahlutafélags, í stað þess að upplýsa sóknaraðila um greiðslustöðu umsækjanda, þegar fyrir hafi legið upplýsingar hjá varnaraðila um miklar fjárhagslegar skuldbindingar hans sem hafi bent ótvírætt til að hann hafi ekki geta staðið við skuldbindingar samkvæmt láninu. Sóknaraðili hafi því ekki fengið tækifæri til að endurskoða ákvörðun sína um samþykki veðsins á grundvelli þessa mikilvægu upplýsinga. Þá hafi varnaraðili aldrei haft samband né samskipti við sóknaraðila á meðan ferlinu hafi staðið, hvorki í aðdraganda lánsins né við frágang þess, en undirskrift skjala hafi ekki farið fram hjá varnaraðila. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi virt hagsmuni sína að vettugi við afgreiðslu lánsins, en hann hafi verið tekinn að reskjast og hafi verið orðinn 71 árs gamall, þegar lántakan hafi átt sér stað. Þá hafi sú háttsemi varnaraðila að afgreiða lán til einkahlutafélags í stað einstaklings, þegar útlit hafi verið fyrir að hann myndi ekki standast greiðslumat, strítt gegn yfirlýstu markmiði í 1. gr. samkomulags um notkun ábyrgða að „*draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin trygginga hans.*“

Sóknaraðili krefst þess því að úrskurðað verði um hvort það hafi samrýmt góðri viðskiptavenju að varnaraðili hafi látið hjá líða að greina ábyrgðarmanni frá þeirri skoðun sinni að ólíklegt hafi verið að umsækjandi, sem boðið hafi veð í eign ábyrgðarmanns, hafi staðist greiðslumat, en hafi í kjölfarið veitt lán til óstofnaðs einkahlutafélags í stað einstaklingsins, í trausti veðs í eign ábyrgðarmannsins. Sóknaraðili telur að það sé óréttmætt, ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að varnaraðili hafi borið fyrir sig veðrétt í eign sóknaraðila, sem hafi verið fenginn með þeim hætti sem að framan hafi verið lýst. Sóknaraðili krefst þess að veðsamningurinn verði ógiltur með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936.

Sóknaraðili mótmælir einnig lýsingu varnaraðila á þeim atvikum sem hafi leitt til lántöku F ehf. hjá varnaraðila. Sóknaraðili telur að það komi á óvart að varnaraðili hafi nú fært fram mótmæli á framsetningu á atvikalýsingunni, því fram til þessa hafi atvikum málsins ekki verið mótmælt. Í allmörgum bréfum sem hafi verið send varnaraðila vegna málsins, hafi atvikum verið lýst á þann veg sem sóknaraðili geri í kvörtun sinni, þ.e. að B hafi sótt um lán í eigin nafni, en varnaraðili hafi átt frumkvæði að því að veita umbeðið lán til óstofnaðs einkahlutafélags í hans eigu. Megi sem dæmi nefna að þann 31. maí 2010, hafi F ehf. sent bréf til varnaraðila, þar sem aðdraganda lánveitingarinnar hafi verið lýst. Bréfinu hafi verið beint til þáverandi lánastjóra varnaraðila. Í bréfinu hafi því verið haldið fram að fyrirkomulag lánveitingar, þ.e. að lána einkahlutafélagi, en ekki B persónulega, hafi verið að undirlagi varnaraðila. Því hafi ekki verið mótmælt af hálfu varnaraðila. Í kjölfar þess bréfs, hafi átt sér stað viðræður milli fulltrúa sóknaraðila og varnaraðila um veðflutning umþrætts tryggingarbréfs. Því til staðfestingar vísar sóknaraðili til tölvupósts lögmanns sóknaraðila til fulltrúa varnaraðila, dags. 27. október 2010 og bréfs til útibústjóra varnaraðila, dags. 2. nóvember 2010. Í kjölfar þessara viðræðna hafi verið gengið frá veðflutningi og í tengslum við hann, hafi verið undirrituð yfirlýsing dags. 16. október 2010, þar sem sérstaklega hafi verið tekið fram: „*[Varnaraðila] er kunnugt um að veðsali hefur ákveðnar athugasemdir við upphaflegu veðsetninguna og hyggst láta á það reyna fyrir dómstólum hvort veðsetningin sé í raun skuldbindandi fyrir hann eins og atvikum málsins var háttað.*“ Sóknaraðili telur að ef fulltrúar varnaraðila hafi verið ósammála lýsingunni, þá hafi þeir mótmælt henni þá. Engin mótmæli hafi hins vegar komið fram við lýsingu,

fyrir en nú. Þar að auki hafi atvikum verið haldið fram með sama hætti í bréfi lögmanns sóknaraðila dags. 28. júní 2013 og því bréfi hafi varnaraðili svarað með bréfi dags 11. október 2013, án þess að framsetningu málsatvika hafi verið mótmælt. Því telur sóknaraðili að mótmæli varnaraðila við atvikalýsingu, tæpum fimm árum eftir að tilefni gafst til slíkra mótmæla, hafi komið á óvart.

Sóknaraðili mótmælir fullyrðingu varnaraðila þess efnis að ekkert hafi legið fyrir um að varnaraðili hafi „*metið það svo að [B] væri með of háar skuldbindingar og myndi ekki standast greiðslumat.*“ Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi verið í lófa lagið að leggja fram yfirlit yfir útlán til B á þessum tíma, sem hafi þá tekið allhá lán hjá varnaraðila til að fjármagna eldri kaup sín á hlutabréfum í C og eftirláta úrskurðarnefndinni að leggja mat á trúverðugleika framsetningar varnaraðila. Sóknaraðili telur sig hafa reynt, á ýmsan hátt, að fá fram öll tiltæk gögn um þetta tiltekna atriði. Hafi verið óskað eftir framlagningu lánaafgreiðsluskjala varnaraðila á lánsúmsókninni. Varnaraðili hafi ekki orðið við ósk sóknaraðila um að leggja þetta skjal fram. Einnig hafi sóknaraðili óskað eftir afriti af fyrrgreindu símtali varnaraðila og B, frá 5. desember 2005. Með bréfi varnaraðila dags. 11. janúar 2011, hafi regluvörður varnaraðila, staðfest að upptaka af því fyndist ekki. Sóknaraðili telur að í símtalinu hafi verið sagt að ástæða breytts fyrirkomulags hafi verið tæknileg og að léttara hafi verið að fá málið afgreitt með þessum hætti heldur en að lána til hans persónulega, því að á honum hafi hvílt fyrir umtalsverðar skuldbindingar gagnvart varnaraðila vegna fyrri hluta C.

Varnaraðili hafi vitnað í svarbréfi sínu, til tölvupósts fyrrverandi lánastjóra varnaraðila frá 5. desember 2005, þar sem varnaraðili hafi samþykkt að lána félagi B umbeðna fjárhæð. Í tölvupóstinum hafi þar verið tekið fram að varnaraðili hafi verið reiðubúinn að lána „*óstofnuðu félagi ehf. í eigu þín [sic]*“. Sóknaraðili telur að með þessum tölvupósti hafi verið tekin af öll tvímæli um að félagið hafi ekki verið stofnað þegar þarna hafi verið komið við sögu. Heldur hafi B í framhaldinu keypt einkahlutafélagið, A, sem áður hafi verið stofnað af R. Samskipti B við R í tölvupósti vegna þeirra kaupa og óska um frágang skjala vegna þess séu dags. 14. og 15. desember 2005. Í tengslum við það, hafi drög að fundargerðum hluthafafundar og tilkynningar á breyttum samþykktum verið send B, en við útfyllingu þeirra skjala hafi láðst að breyta dagsetningu hluthafafundar. Dagsetning hluthafafundar fundargerðar í tilkynningu til hlutafélagaskrár hafi því verið röng, og hafi líklega verið 15. desember 2005. Dagsetningin hafi því sannanlega verið eftir 5. desember 2005, enda hafi félagið verið keypt sérstaklega í því skyni að taka umrætt lán hjá varnaraðila og fjármagna þannig kaup hlutabréfa B í C. Þá hafi félagið ekki undirgengist neinar skuldbindingar fyrr en eftir 16. desember 2005. Til frekari staðfestingar á tímalínu atburða við stofnun félagsins vísar sóknaraðili til upphafsdagsetningar stofnunar viðskiptareiknings félagsins hjá varnaraðila og dagsetning reiknings frá R vegna kaupa á félaginu.

Sóknaraðili telur einnig að málsatvik í dómi Hæstaréttar í máli nr. 669/2010, sem varnaraðili hafi vísað til, séu í veigamiklum atriðum frábrugðin atvikum umrædds máls. Þar hafi einstaklingur gengist í ábyrgð fyrir félag sem hafi stundað atvinnurekstur um langt skeið áður en ábyrgðarmaðurinn hafi gengist í ábyrgð fyrir yfirdráttarskuld þess. Í þessu máli telur sóknaraðili, að það sé hafið yfir vafa, að til F ehf. hafi verið stofnað gagngert í því skyni að kaupa hlutabréf sem fjármögnuð yrðu með lántöku. Sóknaraðili telur sig jafnframt hafa sýnt fram á, að það hafi varnaraðili gert í því skyni að ekki yrði farið gegn samkomulagi um notkun sjálfskuldarábyrgða.

Af hálfu sóknaraðila hafi málið dregist vegna heilsubreysts hans, en hann hafi frá árinu 2010 barist við krabbamein og hafi heilsu hans hrakað mikið á undanförunum árum og verulega á síðastliðnum mánuðum. Hann hafi greinst með aðra tegund krabbameins á árinu 2012 og þá þriðju nýverið. Þrek sóknaraðila til að standa í þrætum og lagadeilum við varnaraðila við þessar aðstæður sé því mjög takmarkað og þess vegna hafi hann nú gefið elsta syni sínum umboð til að fara fyrir þessu máli.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila í bréfi varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dags. 11. október 2013. Í bréfinu segir að sóknaraðili hafi ritað undir umrætt tryggingarbréf sem veðsali og þar með hafi hann samþykkt að lána félaginu F ehf. veð, til tryggingar á öllum skuldum þess. Þar sem útgefandi tryggingarbréfsins hafi verið félag, hafi varnaraðila ekki verið skylt að meta greiðslugetu þess. Þá hafi ekki verið séð að útlánareglur varnaraðila hafi verið brotnar með því að taka veð í eign manns sem á þeim tíma var 71 árs gamall.

Varnaraðili ítrekar framangreind sjónarmið og byggir á því að fyrir gildistöku laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, hafi verið í gildi áður nefnt samkomulag frá 1. nóvember 2001, þar sem kveðið hafi verið á um skyldu þess að framkvæma greiðslumat á greiðslugetu skuldara við nánar tilgreindar aðstæður. Í umræddu samkomulagi segir m.a. í 2. gr.: „*Einnig tekur samkomulagið til þess er einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings*“. Af orðalagi ákvæðisins og heiti samkomulagsins, sé ljóst að því hafi einungis verið ætlað að ná til ábyrgða á skuldum einstaklinga. Hafi það því ekki tekið til ábyrgða á skuldum einkahlutafélags, sbr. dóm Hæstaréttar frá 3. nóvember 2011 í máli nr. 669/2010 og úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í málum nr. 21/2004, 27/2010, 29/2011 og 107/2012. Þar sem framangreint samkomulag hafi ekki gilt ekki um ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila, telur varnaraðili einsýnt að ekki verði byggt á því að reglur samkomulagsins hafi verið brotnar við undirritun framangreinds tryggingarbréfs. Þá bendir varnaraðili á, að við útgáfu framangreindrar ábyrgðarskuldbindingar, hinn 20. desember 2005, hafi engar reglur gilt um gerð greiðslumats við útlán til lögaðila. Þá hafi ákvæði 58. gr. laga nr. 16/2002, um fjármálafyrirtæki, komið í veg fyrir að upplýsingar um fjárhagsstöðu viðskiptavina hafi verið veittar ábyrgðarmönnum án skriflegs samþykkis viðkomandi aðila. Varnaraðila hafi því hvorki verið heimilt, né skylt, að upplýsa sóknaraðila um fjárhagsstöðu F ehf. þegar sóknaraðili hafi veitt umrætt veð.

Varnaraðili mótmælir fullyrðingum sóknaraðila þess efnis að varnaraðili hafi haft frumkvæði að því að bjóða lán til óstofnaðs félags í eigu B og tekur fram að ekkert í gögnum málsins hafi bent til þess að atburðarásin hafi verið með þeim hætti sem sóknaraðili lýsi í kvörtun sinni. Þannig hafi ekkert legið fyrir um að varnaraðili hafi metið það svo að B hafi verið með of háar skuldbindingar og hafi ekki geta staðist greiðslumat. Í því sambandi tekur varnaraðili fram að samkvæmt minnisblaði frá fundi lánanefndar varnaraðila, hafi skuldbindingar B aldrei komið til umræðu í tengslum við framangreinda útlánaákvörðun, enda hafi félag í hans eigu sótt um lánið, en ekki hann persónulega. Þá hafi ekki legið fyrir umsókn frá B um lán frá varnaraðila. Eins og fram hafi komið í tölvubréfi starfsmanns varnaraðila til B, dags. 5. desember 2005, hafi varnaraðili verið tilbúinn að lána einkahlutafélagi hans allt að

kr. 8.250.000 erlent kúlulán til þriggja ára gegn tryggingu að fjárhæð kr. 13.000.000 með tryggingarbréfi á 1. veðrétti að D. B hafi tekið því boði og ritað undir lánsamning við varnaraðila fyrir hönd F ehf. 27. desember 2005. Þá hafi hann einnig undirritað tryggingarbréf fyrir hönd félagsins 20. desember 2005, sem hafi verið tryggt með veði í D. Jafnframt hafi sóknaraðili undirritað bréfið sem þinglýstur eigandi. Á bréfinu hafi komið skýrt fram að það hafi verið gefið út af félaginu F ehf., en ekki af B. Varnaraðili telur því afar ótrúverðugar fullyrðingar sóknaraðila þess efnis, að hann hafi ekki fengið tækifæri til að endurskoða fyrri ákvörðun sína um samþykki veðsins á grundvelli framangreindra upplýsinga. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðila verið í lófa lagið að láta ógert að rita nafn sitt á umrætt tryggingarbréf. Hann hafi hins vegar kosið að gera það, og telur því sóknaraðili að hann verði að bera hallann af því, sbr. dóm Hæstaréttar frá 3. nóvember 2011 í máli nr. 669/2010. Þá hafi ekkert legið fyrir um, að starfsmenn varnaraðila hafi beitt sóknaraðila, eða eftir atvikum B, þrýstingi til að aðhafast eitthvað sem þeir hafi ekki verið fúsir til.

Þá virðist B þegar hafa hafist handa við að stofna umrætt einkahlutafélag um miðjan nóvember 2005, þ.e. áður en umrædd lánveiting hafi komið til umræðu. Þannig hafi komið fram í fundargerð frá hluthafafundi í A, sem haldinn hafi verið 20. nóvember 2005, vegna breyttar eignaraðildar, að samþykkt hafi verið að breyta heiti félagsins í F ehf. Þá hafi verið samþykkt að nýr stjórnarmaður yrði B og að G, eiginkona B, myndi skipa varastjórn. Einnig hafi verið ákveðið að B yrði framkvæmdastjóri félagsins með prókúru. Tilkynning framangreinds efnis hafi verið send fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra dags. 16. desember 2005.

Varnaraðili mótmælir málsatvikum sóknaraðila hvað varðar símtal starfsmanns varnaraðila til B, þann 5. desember 2005. Sóknaraðili hafi hvorki sannað efni umrædds samtals, né hafi hann lagt fram gögn sem hafi stutt framangreinda frásögn. Þá sé sú fullyrðing sóknaraðila, að mat varnaraðila á greiðslugetu B benti til þess að hann hafi ekki geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart varnaraðila beinlínis röng, enda hafi ekkert mat farið fram á greiðslugetu B. Í því sambandi telur varnaraðili rétt að áréttu að skuldbindingar B við varnaraðila hafi ekki verið ekki til umræðu í tengslum við framangreinda lánveitingu.

Varnaraðili telur að ef B hefði sótt um umrætt lán og varnaraðili samþykkt þá umsókn, þá hefði farið fram mat á greiðslugetu hans í samræmi við samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þar sem umrætt lán hafi hins vegar verið tekið af félagi í eigu hans, hafi samkomulagið ekki gilt.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið, telur varnaraðili að ekki verði betur séð en að varnaraðili hafi í þessu máli farið að öllum reglum og viðhaft góða viðskiptahætti. Að því virtu verði ekki séð að skilyrði séu fyrir hendi til að víkja umræddri veðsetningu til hliðar í heild sinni, eða eftir atvikum að hluta á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Beri því að hafna kröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að ógildingu veðréttar varnaraðila í fasteign sóknaraðila, E, samkvæmt tryggingarbréfi nr. X, útgefnu 20. desember 2005 af F ehf., upphaflega að fjárhæð kr. 13.000.000.

Við veðsetningu eignar sóknaraðila var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001. Í 1. gr. samkomulagsins segir að með samkomulaginu sé verið að setja meginreglur til verndar

ábyrgðarmönnum í þeim tilvikum er skuldaábyrgð eða veð í eigu annars einstaklings eru sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu. Í 2. ml. 1. mgr. 2. gr., er einnig kveðið á um að samkomulagið taki til þess er einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings. Þar að auki segir í 2. mgr. 2. gr. að með sjálfskuldarábyrgð í samkomulaginu sé átt við ábyrgð sem einstaklingur, ábyrgðarmaður, gengst í fyrir annan einstakling, greiðanda og er til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, s.s. láni eða úttekt með kreditkorti.

Af orðalagi ákvæða samkomulagsins er ljóst að þau taka ekki til tilvika er einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir skuld fyrirtækis eða rekstraraðila. Því verður að telja að samkomulagið hafi ekki gilt þegar sóknaraðili veðsetti eign sína til tryggingar tryggingarbréfi útgefnu af F ehf. Því var forvera varnaraðila ekki skylt að greiðslumeta B og kynna sóknaraðila niðurstöðu slíks greiðslumats við útgáfu skuldabréfsins samkvæmt samkomulaginu.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi stungið upp á því við B að lánið yrði ekki veitt honum persónulega, heldur óstofnuðu einkahlutafélagi í hans eigu.

Sóknaraðili byggir einnig á því að þáverandi starfsmaður varnaraðila hafi hringt í B og greint honum frá því að varnaraðili væri ekki reiðubúinn að veita honum lán persónulega, en væri reiðubúinn að veita félagi í hans eigu lán og í framhaldi hafi starfsmaðurinn sent B tölvupóst um lánsloforð til félagsins. Sóknaraðila hefur ekki tekist að sanna þessar málsástæður sínar eða að leggja fram gögn sem gætu velt sönnunarbyrðinni að þessu leyti yfir á varnaraðila. Ekkert í samskiptum aðila eftir að deila þeirra kom upp þykir renna stöðum undir þann skilning sóknaraðila að atvik í aðdraganda lánveitingarinnar hafi verið óumdeild að þessu leyti. Því verður að telja að ekki sé sönnuð sú fullyrðing sóknaraðila að varnaraðili hafi breytt fyrirkomulagi lánsins í því skyni að lánið félli utan gildissviðs samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og verður ekki á henni byggt.

Fjármálafyrirtæki ber að gæta góðra og vandaðra viðskiptahátta. Undir þá skyldu fellur að upplýsa viðskiptamenn eftir því sem efni standa til um efni þeirra skuldbindinga sem þeir gangast undir. Þrátt fyrir að efast megi um að varnaraðili hafi að þessu leyti gengið fram af þeirri vandvirkni sem æskilegt hefði verið, fæst ekki séð af dómaframkvæmd að sóknaraðili eigi vegna þessa lögvarða kröfu til þess að veðsetning á eign hans verði felld úr gildi.

Af öllu framangreindu verður því talið að ekki séu ástæður fyrir hendi til að ógilda veðsetningu sóknaraðila og er því kröfu sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur F, er hafnað.

Reykjavík, 17. apríl 2015.

Haukur Guðmundsson

Jón Magnússon

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2015, föstudaginn 17. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 115/2014:**

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 9. desember 2014 með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 9. desember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 2. janúar 2015. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 2. janúar 2015 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 9. febrúar 2015.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 17. apríl 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 5. september 2008, gaf A, út skuldabréf nr. X til FF, forvera varnaraðila, upphaflega að fjárhæð kr. 2.050.000. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna skuldabréfsins.

Sóknaraðili og lántaki undirrituðu umrætt skuldabréf dags. 5. september 2008, ásamt vottum að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði sjálfskuldarábyrgðaraðila. Á skuldabréfinu var kveðið á um að varnaraðili væri aðili að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga dags. 1. nóvember 2001.

Á lánsúmsókn lántaka, sem var fylgiskjal með umræddu skuldabréfi, var m.a. kveðið á um að undirritaðir hafi kynnt sér upplýsingabækling varnaraðila um sjálfskuldarábyrgðir. Sóknaraðili og lántaki undirrituðu skjalið dags. 5. september 2008. Sóknaraðili krossaði ekki í neinn valkost á skjalinu varðandi framkvæmd greiðslumats við undirritun á það.

Samkvæmt niðurstöðu greiðslumats lántaka kom fram að lántaki hefði kr. 70.094 til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána á mánuði. Samkvæmt skjalinu byggði greiðslumatið á framlögðum gögnum og upplýsingum sem umsækjandi lagði

fram og var ætlað að gefa raunhæfa mynd af fjárhagsstöðu hans að teknu tilliti til væntanlegrar lánveitingar. Lántaki undirritaði skjalið dags. 5. október 2008, þar sem hann staðfesti að framangreindar upplýsingar væru réttar og heimilaði að þær yrðu veittar ábyrgðarmönnum. Sóknaraðili ritaði einnig nafn sitt á skjalið.

Lántaki leitaði eftir heimild til nauðasamnings til greiðsluáðlögunar dags. 10. júlí 2009. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, var nauðsamningurinn staðfestur dags. 22. október 2009.

Sóknaraðili veitti lögmanni fullt umboð og í framhaldinu var varnaraðila sent bréf í umboði sóknaraðila, dags. 21. okt 2014, þar sem gerð var krafa að ábyrgð á skuldabréfi nr. X yrði felld niður.

Bréfi sóknaraðila var svarað dags. 29. október 2014, þar sem erindinu var hafnað af hálfu varnaraðila.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X verði felld niður þar sem framkvæmd varnaraðila við stofnun ábyrgðarinnar hafi ekki verið í samræmi við samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001.

Sóknaraðili kveður lántaka hafa verið vin sinn á þeim tíma sem undirritun á skuldabréfinu hafi átt sér stað. Lántaki hafi fært heimilisfang sitt á lögheimili sóknaraðila, án hennar samþykkis. Á þeim tíma hafi lántaki beðið sóknaraðila að undirrita nafn sitt á pappíra sem hann hafi sagt að væru til þess að „*brúa smá tímabil hjá honum meðan hann væri að selja fasteign sína svo hann geti greitt aðrar skuldir*“ og hafi hann sagt eignastöðu sína mjög góða.

Sóknaraðili segir lántaka hafa í framhaldinu komið heim með pappíra fyrir hana til að undirrita, en hún hafi undirritað þessa pappíra, um tvö eða þrjú blöð. Sóknaraðili telur að reglur samkomulagsins hafi ekki verið kynntar henni áður en hún hafi undirritað nafn sitt á umrætt skuldabréf og meðfylgjandi pappíra.

Á umræddri lánsúmsókn hafi verið eyður, sem hafi borið að krossa í ef það hafi átt við. Svo virðist sem ekki hafi verið krossað í neinn reit á umræddu eyðublaði og því hafi það ekki verið rétt útfyllt. Samkvæmt lánsúmsókninni sé því ljóst að sóknaraðila hafi ekki verið kynnt greiðslumatið og því sé ekki ljóst, að mati sóknaraðila, hvaða áhrif undirritun hennar hafi.

Sóknaraðili telur að hún hafi ekki farið með lántaka í útibú varnaraðila og því hafi henni aldrei verið kynnt hvaða ábyrgð hún hafi verið að taka á sig og hvað hafi falist í því.

Sóknaraðili byggir á því að efni skjalsins „*Niðurstöður greiðslumats*“ hafi verið óljóst og óaðgengilegt og þá sérstaklega fyrir sóknaraðila sem búi yfir takmarkaðri þekkingu á sviði fjármála. Þar að auki hafi sóknaraðili enga menntun utan gagnfræðiskólaprófs. Þá byggir sóknaraðili einnig á því að henni hafi ekki verið kynntar forsendur greiðslumatsins að öðru leyti en því sem fram hafi komið á umræddu greiðslumatsskjali. Hún hafi ekki kynnt sér það að neinu leyti fyrir utan það að lántaki hafi tjáð henni að hann hefði staðist greiðslumat.

Varðandi frekari ágalla greiðslumatsins bendir sóknaraðili á, að greiðslugeta skuldara hafi verið jákvæð samkvæmt því. Þó telur sóknaraðili að séu tekjur lántaka skoðaðar samkvæmt því skattframtali sem hafi getað legið fyrir þegar forsendur hafi verið gefnar við greiðslumatið, sé ljóst að ráðstöfunartekjur lántaka hafi verið um það

bil helmingi of háar miðað við framtalsgögn. Umrætt greiðslumat hafi verið framkvæmt í lok árs 2008, en samkvæmt skattframtali 2008, sem sé fyrir gjaldárið 2007, sé ljóst að meðaltekjur lántaka hafi verið um það bil 250.000 kr. á mánuði í heildarlaun og því sé ljóst að eftir skatt og önnur gjöld hafi ráðstöfunartekjur lántaka verið tæpar 200.000 kr. Því telur sóknaraðili að samkvæmt greiðslumati hafi varnaraðili veitt lántaka aukalega fjárhæð kr. 244.000 á mánuði til ráðstöfunar. Að þessu sögðu telur sóknaraðili að umrætt greiðslumat sé ómarktækt. Sóknaraðili telur að í bréfi varnaraðila hafi því verið haldið fram að tekjur lántaka hafi verið mun hærri á árinu 2008 og því hafi staðan verið önnur.

Þá telur sóknaraðili ljóst að forveri varnaraðila hafi ekki kynnt sóknaraðila bæklinga, sbr. 3. og 4. gr. fyrrgreinds samkomulags. Samkvæmt 4. gr. samkomulagsins hafi fjármálafyrirtæki borið að gefa út upplýsingabæklinga um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent séu ábyrgðarmönnum til undirritunar. Í umræddum bæklingi hafi m.a. átt að kom fram hvaða skyldur hafi falist í ábyrgðinni auk annars. Sóknaraðili telur að sér hafi ekki verið afhentur slíkur upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og veðsetningar eða fengið önnur álíka skjöl til undirritunar eins og skylt sé samkvæmt 4. gr. samkomulagsins. Sóknaraðili byggir jafnframt á því að við mat á afleiðingum þess að upplýsingaskyldu hafi ekki verið sinnt af hálfu varnaraðila verði að líta til þess að veiting lánsins hafi verið í þágu forvera varnaraðila. Láninu hafi verið ætlað að tryggja kröfu varnaraðila á hendur lántaka, þar sem lántaki hafi verið að greiða aðrar skuldir hjá varnaraðila. Hins vegar hafi sóknaraðili ekki haft neina hagsmuni af því að rita nafn sitt á viðkomandi skuldabréf.

Sóknaraðili telur að forveri varnaraðila hafi verið stórt fjármálafyrirtæki sem hafi starfað á grundvelli opinbers leyfis og þannig hafi mátt gera ríkar kröfur um sérfræðipækkingu þess og vönduð vinnubrögð. Þannig vísar sóknaraðili til þess að augljós aðstöðumunur hafi verið með aðilum. Skuldabréfið hafi verið samið af varnaraðila, sem hafi búið yfir sérþekkingu á sviði fjármálaþjónustu og bankaviðskipta. Þá hafi greiðslumatið einnig verið framkvæmt af sama aðila. Sóknaraðili vísar til óskráðra reglna og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 og 4. gr. þágildandi laga nr. 33/2003.

Sóknaraðili telur að henni hafi aldrei, á neinum tímapunkti, verið gerð grein fyrir raunverulegri skuldastöðu lántaka. Þá hafi varnaraðili tekið fram að húsnæði lántaka hafi verið í leigu og að leigan hafi reiknast honum til tekna. Að mati sóknaraðila hafi ekki legið fyrir neinar upplýsingar um hvort umrædd leiga hafi verið í skilum eða hvort lántaki hafi yfir höfuð einhvern tímann fengið greidda leigu. Sóknaraðili telur að hvergi hafi verið minnst á leigutekjur í umræddu greiðslumati. Þá segi einnig í umræddu greiðslumati að þær upplýsingar sem stuðst hafi verið við, séu teknar úr skattframtali lántaka. Sé hins vegar skattframtal, sem hafi raunverulega verið til á þessum tímapunkti skoðað, sé ljóst að tekjur aðalskuldara hafi eingöngu verið kr. 250.000 á mánuði og þar sé hvergi getið um leigutekjur. Að mati sóknaraðila séu skýringar varnaraðila sem koma fram eftir á, ekki til þess fallnar að bjarga varnaraðila frá því að fella niður ábyrgð sóknaraðila.

Þá telur sóknaraðili að þess sé getið bæði í framtölum fyrir gjaldárin 2007 og 2008 að tilgreindar skuldir undir liðnum yfirdráttur og lausaskuldir hafi verið að fjárhæð kr. 1.600.000 fyrir gjaldárið 2007 og kr. 2.800.000, ári seinna. Þá sé staðreyndin sú að örfáum mánuðum seinna hafi allt verið í vanskilum hjá lántaka og hafi farið svo að hann hafi sótt um nauðasamning til greiðsluáðlögunar dags. 1. júlí

2009, sem hafi verið samþykktur, þar sem staða hans hafi augljóslega verið svo slæm að hann hafi ekki getað með nokkru móti greitt skuldir sínar. Því telur sóknaraðili að það hafi verið með ólíkindum að varnaraðili hafi gert upp greiðslumat lántaka og hafi síðan ætlað að komast upp með það með að innheimta skuldina af sóknaraðila.

Af framansögðu telur sóknaraðili ljóst að varnaraðili hafi fegrað greiðslumat og staðreyndir máls til þess eins að fá ábyrgðarmann fyrir hluta af skuldum lántaka. Því telur sóknaraðili að fullyrða megi að viðkomandi ráðstafanir hafi verið fyrst og fremst verið gerðar til hagsbóta fyrir varnaraðila, án þess að farið hafi verið eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Af því sögðu telur sóknaraðili að fella beri úr gildi ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X.

Framangreindu til fyllingar vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar Íslands nr. 376/2013, en sóknaraðili telur að dómurinn sé skýr hvað varðar framkvæmd greiðslumats og skyldur fjármálafyrirtækja til að tryggja að réttar upplýsingar séu notaðar við framkvæmd greiðslumatsins.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur að greiðslumat hafi verið framkvæmt í samræmi við 3. gr. samkomulagsins þegar lán nr. X hafi verið veitt og hafi það sýnt fram á jákvæða greiðslugetu lántaka. Varnaraðili telur að engan áskilnað sé að finna í samkomulaginu um að ábyrgðarmenn staðfesti niðurstöður greiðslumats sérstaklega.

Varnaraðili telur að greiðslumatið hafi verið unnið út frá gögnum sem lántaki hafi gefið upp og þannig hafi lántaki staðfest að upplýsingar í greiðslumati hafi verið réttar og því hafi ekki verið ástæða fyrir varnaraðila til að halda annað. Hafi hins vegar sóknaraðili talið að greiðslumatið væri efnislega rangt, telur varnaraðili að hún hafi haft allar forsendur til að koma að athugasemdum að áður en undirritaði greiðslumatið.

Varnaraðili hafnar því að ágalli hafi verið á greiðslumatinu varðandi leigutekjur lántaka og telur að ekki verði séð hvaða rök séu fyrir því að víkja eigi samningi aðila til hliðar með vísan til samningalaga. Til grundvallar hafi legið þinglýstur húsaleigusamningur um leigu að fjárhæð kr. 135.000. Sóknaraðili byggir á því að hvergi hafi verið minnst á leigutekjur í greiðslumati og að varnaraðili hafi verið að reyna bjarga sér frá því að fella niður ábyrgð sóknaraðila. Varnaraðili telur slíkar staðhæfingar fráleitar. Að mati varnaraðila hafi forsendur greiðslumats gert á skýran hátt ráð fyrir leigutekjum að fjárhæð kr. 135.000. Á þessu sama skjali telur varnaraðili að það hafi greinilega mátt sjá útreikninga á öllum liðum greiðslumatsins.

Því sé alfarið hafnað af hálfu varnaraðila að sóknaraðili hafi ekki fengið afhentan upplýsingabækling. Varnaraðili vísar til þess að með undirritun á skuldabréfið hafi sóknaraðili staðfest sérstaklega að hún hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings varnaraðila um sjálfskuldarábyrgðir. Í bæklingum hafi verið vísað til samkomulagsins og þar hafi verið greint frá helstu atriðum þess. Sérstaklega hafi verið tekið fram að ef lánsfjárhæð hafi verið umfram 1.000.000 kr., skuli fjármálafyrirtæki ávallt framkvæma greiðslumat. Sömuleiðis hafi ábyrgðarmenn verið hvattir sérstaklega til þess að kynna sér greiðslugetu lántaka. Sóknaraðili hafi staðfest að hann hafi kynnt sér efni bæklingsins og því hafi það verið lagt til grundvallar að

þeim hafi verið kunnugt um að greiðslumat hafi verið framkvæmt og það hafi verið á ábyrgð þeirra að óska eftir því að fá að sjá það áður en sóknaraðili gekk í ábyrgðina.

Varnaraðili vísar í forsendur dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 þar sem eftirfarandi kemur fram: „*Getur þá ekki skipt máli sú viðbára hans í skýrslu fyrir dómi að hann hafi ekki lesið „smáa letur“ veðskuldabréfsins. Það var því á ábyrgð hans sjálfs hvort hann óskaði eftir að sjá greiðslumatið áður en hann veitti samþykki við veðsetningu fasteignar sinnar*“.

Varnaraðili telur að ekki verði séð með hvaða öðrum hætti varnaraðili hafi geta tryggt sér sönnun, en með skriflegri staðfestingu ábyrgðarmanns.

Varnaraðili telur að gögn málsins bendi ekki til þess að ábyrgðarmaður hafi undirritað þessi umræddu skjöl heima hjá sér. Hafi skuldabréfið sjálft gefið til kynna að sóknaraðili hafi undirritað það í útibúi varnaraðila að viðstöddum starfsmönnum varnaraðila, sem hafi vottað undirskrift hennar á skuldabréfinu.

Jafnvel þótt talið verði að við útgáfu skuldabréfsins nr. X hafi ekki verið fyllilega gætt að ákvæðum samkomulagsins, bendir varnaraðili á að sú ástæða ein og sér geti ekki valdið ógildingu ábyrgðar sóknaraðila, enda sé ekki að finna sérstakar ógildingarreglur í samkomulaginu sjálfu.

Varnaraðili vísar í dóm Hæstaréttar í máli nr. 322/2012, því til stuðnings að það leiði ekki sjálfkrafa til ógildingar á sjálfskuldarábyrgð þó þeim skyldum sem leiða af samkomulaginu hafi ekki verið sinnt. Fullnægja þurfi ógildingarreglum samningalaga nr. 7/1936. Af dómaframkvæmd telur sóknaraðili mega ráða að það ráðist af heildstæðu mati á atvikum hvers máls fyrir sig hvort beita eigi ógildingarreglu 36. gr. samningalaga. Einnig megi ráða af dómum Hæstaréttar, að fjármálastofnun þurfi að hafa verið grandvís um slæma fjárhagsstöðu skuldarans og látið hjá líða að tilkynna ábyrgðarmanni þar um, sem hafi ekki verið staðan í þessu máli. Sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila sé fallin úr gildi eða sé ógild, hvíli á sóknaraðila og að mati varnaraðila hafi honum ekki tekist að sýna fram á það.

Þar sem sóknaraðili hafi ekki borið ógildingarreglur samningalaga fyrir sig, þá telur varnaraðili að það eitt og sér geti nægt til þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir jafnframt á að skuldabréfið hafi verið gefið út í september 2008 og að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við það fyrir en nú. Þannig hafi sóknaraðili sýnt af sér nokkurt tómlæti, þar sem tæp sjö ár séu frá því að skuldabréfið hafi verið útgefið.

Varnaraðili telur að ekkert hafi komið fram sem hafi sýnt fram á að varnaraðili hafi ekki sýnt af sér góða viðskiptahætti og hafi vandað vinnubrögð sín í málinu í samræmi við meginreglur og lög nr. 161/2002. Því sé það algerlega fráleitt af sóknaraðila að halda slíku fram og að auki verði ekki talið að aðstöðumunur aðila skipti meginmáli hvað varðar gildi ábyrgðarinnar.

Því hafnar varnaraðili því að fella ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila niður.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A, til forvera varnaraðila.

Þegar sóknaraðili gekk í sjálfsskuldarábyrgð á umræddu skuldabréfi var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, sem var undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. Forveri varnaraðila var eitt þessara aðildarfélag og því ekki umdeilt að varnaraðili er

aðili að samkomulaginu. Varnaraðila ber því að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Samkomulagið tekur meðal annars til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins.

Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en 1.000.000 kr.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Ákvæðið felur í sér að greiðslumat skuli gert á greiðanda og að ábyrgðarmanni gefist færi á að kynna sér matið.

Í 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins er kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar og með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna skal ábyrgðarmaður staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir.

Í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklingsins og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Við undirritun sóknaraðila á umrædda lánsúmsókn krossaði hún ekki í valkosti tengda greiðslumatinu. Eins og skjalið er sett upp verður ekki dregin önnur ályktun af því en sú, að sóknaraðili hafi mátt treysta því að við vinnslu lánsúmsóknarinnar yrði greiðslumat framkvæmt og kynnt fyrir henni.

Af gögnum málsins er ljóst að greiðslumat var framkvæmt á lántaka samkvæmt 3. gr. samkomulagsins. Lántaki veitti varnaraðila upplýsingar og gögn fyrir greiðslumatið og staðfesti að þær væru réttar. Sóknaraðili telur hins vegar að upplýsingar samkvæmt greiðslumatinu hafi ekki verið réttar. Þar vísar sóknaraðili aðallega til leigutekna sem hún telur að ekki hafi verið skýrt á kveðið í greiðslumatinu og hafi ekki komið fram á skattframtali lántaka. Af gögnum málsins er þó ljóst að leigutekjurnar voru réttilega tilgreindar í greiðslumatinu. Hvað varðar skattframtalið, þá liggur fyrir þinglýstur leigusamningur sem undirritaður var dags. 19. ágúst 2008. Tekjur samkvæmt þeim leigusamningi hafa ekki færst til tekna á skattframtal árið 2008 vegna tekjuársins 2007. Að teknu tilliti til þessara leigutekna verður ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að varnaraðili hafi lagt rangar tekjur lántaka til grundvallar á þeim tímapunkti þegar matið var framkvæmt.

Sóknaraðili telur að henni hafi ekki verið veittar upplýsingar samkvæmt 4. gr. samkomulagsins, þar sem ekki hafi verið kynntar forsendur greiðslumatsins að öðru leyti en því sem fram hafi komið á umræddu greiðslumatsskjali. Einnig telur sóknaraðili að henni hafi aldrei verið gerð grein fyrir raunverulegri skuldastöðu lántaka. Af gögnum málsins er ljóst að sóknaraðili ritaði nafn sitt á skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ og hafði aðgang að niðurstöðum greiðslumatsins. Verður þannig talið að sóknaraðili hafi verið í aðstöðu til að kynna sér niðurstöðu þess áður

en hún gekk í ábyrgð fyrir lántaka. Af dómi Hæstaréttar í máli nr. 575/2012, verður dregin sú ályktun að það hafi verið undir ábyrgðarmanni sjálfum komið hvort hann hafi óskað eftir að sjá greiðslumatið áður en hann veitti samþykki við veðsetningu fasteignarinnar. Verður því sóknaraðili að bera hallann af því að hafa ekki kynnt sér greiðslumatið betur við undirritun umrædds skuldabréfs. Í fyrrgreindu samkomulagi er ekki kveðið á um að skuldari þurfi að samþykkja greiðslumat eða staðfesta sannleiksgildi þess. Þá er ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats þar sem lánveitandi ber ekki ábyrgð á því gagnvart ábyrgðarmanni að allar upplýsingar sem lántakandi gefur séu réttar. Þó er ljóst að lánveitandi getur ekki byggt greiðslumat á upplýsingum sem hann vissi eða mátti vita að væru rangar.

Sóknaraðili heldur því einnig fram að henni hafi ekki verið kynntur upplýsingabæklingur varnaraðila um sjálfskuldarábyrgðir samkvæmt 1. og 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Með undirritun sinni á lánsúmsókn sem fylgdi með umræddu skuldabréfi, staðfesti sóknaraðili hins vegar að hafa kynnt sér bæklinginn, í samræmi við 4. gr. samkomulagsins. Því verður talið að sóknaraðila hafi ekki tekist að færa sönnur á það að henni hafi ekki verið kynntur upplýsingabæklingur varnaraðila, enda ekki hægt að byggja á öðru en undirritun sóknaraðila í því efni.

Sóknaraðili vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 376/2013 varðandi framkvæmd greiðslumats og skyldur fjármálafyrirtækja. Í dómnum var talið sannað að upplýsingar í greiðslumati hafi verið rangar og greiðslumatið þannig haldið annmörkum. Verður ekki fallist á að dómurinn hafi fordæmisgildi í máli þessu.

Að lokum er því hafnað að svo mikill aðstöðumunur hafi verið á stöðu aðila við útgáfu ábyrgðaryfirlýsingarinnar að hann réttlæti að henni verði vikið til hliðar.

Af öllu framangreindu verður talið að sóknaraðili hafi ekki lagt fram gögn sem sýna fram á að greiðslumatið hafi verið efnislega rangt. Þá hefur sóknaraðila ekki tekist að sanna að ekki hafi verið veittar umræddar upplýsingar og gögn.

Ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember telst því hafa verið fylgt við umrædda lánveitingu.

Þegar atvik málsins eru metin heildstætt verður það því ekki talið ósanngjarnt af varnaraðila að byggja á ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila. Í ljósi alls framangreinds eru því ekki fyrir hendi forsendur í máli þessu til að víkja sjálfskuldarábyrgðum sóknaraðila til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Verður kröfu sóknaraðila um ógildingu á sjálfskuldarábyrgðum því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 17. apríl 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2015, föstudaginn 17. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 116/2014:**

**M og K
gegn
F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og K, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 11. desember 2014, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 12. desember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svar varnaraðila bárust með bréfi dags. 16. janúar 2015. Var það sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 20. janúar 2015 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með tölvupósti, dags. 12. febrúar 2015.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 27. mars og 17. apríl 2015.

II.

Málsatvik.

Þann 25. október 2006 sótti A, sonur sónaraðila, um lán í erlendri mynt til húsnæðiskaupa hjá FF, vegna kaupa á fasteigninni B, 101 Reykjavík. Kom fram í umsókninni að lánið væri að viðmiðunarfjárhæð í íslenskum krónum, tilgreind sem kr. 17.500.000 en mynt lánsins tilgreind JPY. Þá kom fram að til tryggingar láninu væru veðsettar fasteignir A sem tilgreindar voru sem annarsvegar B og hinsvegar C, 210 Garðabæ. Til tryggingar láninu var svo meðal annars gefið út tryggingarbréf nr. X, útgefið 26. október, af útgefanda A, C, 210 Garðabæ, með tryggingu á veðrétti nr. 7 í fasteigninni C, fyrir fjárhæðinni 11.400.000 JPY. Fasteignin er þinglesin eign sóknaraðila og undirrituðu þau skjalið sem þinglýstir eigendur. Í texta umrædds tryggingarbréfs kom meðal annars eftirfarandi fram: „Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem ég, hér eftir nefndur skuldari, nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kann að skulda eða ábyrgjast [FF], eða þeim sem eignast bréf þetta á löglegan hátt, hvort sem eru víxilskuldir mínar, yfirdráttur á tékkareikningi, skuldabréfalán, erlend endurlán eða hverskonar aðrar skuldir við sparisjóðinn, þar með taldar ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur tekist eða kann að takast á hendur mín

vegna, svo og þær skuldir annarra sem ég ábyrgist sparisjóðnum sem lánveitanda eða eiganda slikrar kröfu í hvaða gjaldmiðli sem er, að samtaldri fjárhæð allt að JPY 11.400.000“. Miðað við skráð miðgengi Seðlabanka Íslands á þeim degi stóð tryggingarbréfið til tryggingar skuldum allt að fjárhæð kr. 6.524.220.

Sama dag, eða hinn 26. október 2006, rituðu sóknaraðilar undir skjal sem bar heitið „Niðurstaða greiðslumats“. Þar óskuðu þau eftir því að veitt yrði veð í fasteign þeirra fyrir lántakandann A, á þeim skuldum sem tilgreindar voru á skjalinu. Hvergi kom fram í skjalinu nafn fasteignarinnar eða tilgreining á þeim skuldum sem þau hyggjast ganga í ábyrgð fyrir. Einungis kom fram að um skuldabréf væri að ræða og að lánsupphæðin væri 6.600.000. Ekki kom fram hvaða gjaldmiðil var átt við. Í kafla sem bar heitið „Niðurstaða greiðslumats“ var aðeins að finna eftirfarandi texta: „Niðurstaða greiðslumats bendir til þess að lántakandi geti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu.“ Í kaflanum „Greiðslumat“ sagði eftirfarandi: „Greiðslumatið byggir á gögnum sem sparisjóðurinn hefur aflað sér eða lántakandi hefur látið í té. Niðurstaða greiðslumats er byggð á upplýsingum um framfærslukostnað og önnur föst útgjöld, meðaltekjur heimilisins og greiðslubyrði lána. Framfærslukostnaður og önnur föst útgjöld miðast að lágmarki við þær fjárhæðir sem gefnar eru út af Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna.“

Í kaflanum „Niðurstaða greiðslumats“ kom fram að niðurstaða greiðslumatsins benti til þess að lántaki gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu. Með undirritun sinni á skjalið staðfestu sóknaraðilar jafnframt að þeir hefðu fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldaábyrgðir og lánsveð.

Degi síðar, eða hinn 27. október 2006, gaf A út veðskuldabréf nr. Y. Eigandi þess var FF. Upphafleg lánsfjárhæð bréfsins var tilgreind sem 30.696.369 JPY. Skilmálum skuldabréfsins var breytt nokkrum sinnum og ritaði A undir allar breytingarnar. Sóknaraðilar skrifuðu ekki undir þessar breytingar.

Umrætt skuldabréfalán var endurútreiknað í októbermánuði 2011, vegna gengislánadómanna svokölluðu. Á þeirri stundu var D orðinn kröfuhafi og fékk lánið þá nr. Z. Höfuðstóll lánsins var færður í kr. 27.085.743 og var gefið út nýtt skuldabréf af því tilefni, dagsett 19. október 2011, sem kom í stað skuldabréfs nr. Y. Veðtrygging samkvæmt hinu nýja skuldabréfi var veitt í 1. veðrétt í fasteign A að B.

A greiddi af umræddu láni þar til í októbermánuði árið 2013, þar sem að hann taldi að um ólögmaett erlent lán hefði verið að ræða og af þeim sökum ætti D að framkvæma síðari endurútreikning. Á þeim tíma stóð höfuðstóll lánsins í um það bil 26.800.000 kr. Hinn 10. maí 2014 sendi D bréf til A þess efnis að félagið teldi að umrætt lán væri löglegt lán í erlendri mynt og að lánið yrði því ekki endurútreiknað frekar.

Hinn 23. janúar 2014 sendi varnaraðili A tilkynningu þess efnis að lán hans hefði verið fært frá D til varnaraðila. Hinn 18. febrúar sendu sóknaraðilar bréf til varnaraðila, þar sem þau kröfðust þess að tryggingarbréfi nr. X yrði aflétt af fasteign þeirra C. Svar bankans barst hinn 11. september 2014 og var kröfu sóknaraðila hafnað. Í kjölfarið ákváðu sóknaraðilar að leita eftir úrskurði nefndarinnar.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að tryggingarbréf nr. X, dagsett 26. október 2006 að fjárhæð 11.400.000 – japönsk jen, verði aflétt af fasteign þeirra að C. Til vara krefjast

sóknaraðilar þess að viðurkennt verði að sóknaraðilar hafi tekist á minni ábyrgð en sem nemur fjárhæðinni 11.400.000- japönsk jen, með undirritun tryggingarbréfs nr. X.

Sóknaraðilar byggja í fyrsta lagi á því að við veitingu lánsveðsins hafi ekki verið farið eftir ákvæðum Samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, frá 2001. Sóknaraðilar telja algerlega ósannað að greiðslumat hafi farið fram. Varnaraðili og forveri hans hafi ítrekað verið beðnir um að sýna forsendur greiðslumatsins, en hafi aldrei orðið við þeim beiðnum. Að auki benda sóknaraðilar á að hvergi hafi komið fram sundurliðun á því greiðslumati sem FF segir þó að hafi farið fram. Einungis hafi verið um stuttan texta að ræða sem sagði að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu. Hvergi hafi komið fram á hvaða tölum matið byggði og engum stöðum rennt undir réttmæti þess. Þó að ekki verði gerðar kröfur til þess að fjármálafyrirtæki varðveiti til lengri tíma gögn sem liggja slíkum greiðslumötum til grundvallar, verði að ætlast til að það geti upplýst um á hvaða gögnum hafi helst verið byggt. Í þessu sambandi vísa sóknaraðilar sérstaklega til dóma Hæstaréttar nr. 127/2013, 376/2013 og 169/2012. Þá telja sóknaraðilar einnig að 5. gr. samkomulagsins hafi verið brotin þar sem skilmálum lánsins var margoft breytt án þess að sóknaraðilar hafi veitt samþykki sitt fyrir slíku.

Í öðru lagi byggja sóknaraðilar á því að niðurstöður greiðslumats, sem sóknaraðilar undirrituðu hinn 26. október 2006, hafi miðað við að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar að fjárhæð 6.600.000. Hugsanlega (og líklega) hafi þar verið um að ræða íslenskar krónur. Hafi hinsvegar verið um að ræða JPY, var upphæðin enn minni í krónum talið eða um 5.519.318 kr. Sóknaraðilar benda á að réttast hefði verið að miða greiðslumatið við fjárhæðina 17.600.000 kr. Það hafi verið sú upphæð sem lántakandi tókst á hendur og þurft að standa skil á. Hinsvegar hafi tryggingarbréfið sem sóknaraðilar undirrituðu verið til tryggingar allt að JYP 11.400.000. Miðað við gengi þess gjaldmiðils samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands þann dag hafi upphæðin numið 13.632.120 íslenskum krónum. Sé því um töluvert misræmi að ræða á milli þessara fjögurra talna. Telja sóknaraðilar í fyrsta lagi að misræmið sé slíkt að það geti varðað ógildinguna á tryggingarbréfinu þegar af þessum sökum. Til vara telja sóknaraðilar að tryggingarbréfið eigi einungis að vera til tryggingar á kr. 5.519.318, til þrautavara á kr. 6.600.000 og til þrautaþrautavara á kr. 13.632.120. Vísa sóknaraðilar í ofangreinda umfjöllun varðandi rökstuðning.

Þá byggja sóknaraðilar í þriðja og síðasta lagi á því að varnaraðili geti ekki byggt rétt á tryggingarbréfinu þar sem slíkt yrði að teljast óheiðarlegt eða andstætt góðri viðskiptavenju vegna efnis bréfsins, stöðu samningsaðila og atvika við samningsgerðina., sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningagerð umboð og ógilda löggerninga. Í fyrsta lagi verði að líta til stöðu samningsaðila. Ef staða annars samningsaðila sé veikari hafi hann þörf fyrir aukna vernd til að fyrirbyggja að hann undirgangist ósanngjarna samningsskilmála. Hvorki sóknaraðilar né sonur þeirra hafi búið yfir þeirri þekkingu og reynslu á sviði lánveitinga og bankastarfsemi sem starfsmenn FF bjuggu yfir. Tryggingarbréfin hafi falið í sér gífurlega víðtæka tryggingu fyrir nánast öllum skuldum A um ókomna ævi. Í öðru lagi telja sóknaraðilar að sá þrýstingur sem settur hafi verið á son þeirra að útvega aukaveð fyrir íbúðarkaupum sínum hafi verið óheiðarlegur og andstæður góðri viðskiptavenju. Auk þess að vísa til 36. gr. sml. vísa sóknaraðilar til 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í þriðja lagi telja sóknaraðilar að varnaraðila beri sjálfum að axla einhverja áhættu í viðskiptum sínum. Í máli þessu hafi bankinn reynt að tryggja sig með bæði belti og axlarböndum eins og sagt sé.

Sóknaraðilar benda á að fyrir það fyrsta hafi bankinn tryggingu í sjálfri íbúðinni sem búi að baki láninu. Við það eigi að sitja. Þrátt fyrir að lánið hafi verið endurútreiknað, sé staðreyndin engu að síður sú að höfuðstóll þess sé um 54% hærrí en þegar lánið hafi verið tekið árið 2006. Sóknaraðilar telja að hér beri að líta til þeirrar meginreglu er kom fram í markmiðsyfirlýsingu samkomulagsins frá 2001 eða í 1. gr. þess. Þar hafi komið fram að aðilar samkomulagsins væru sammála um gildi þeirrar stefnu að draga skyldi úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar yrðu miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans. Af þessum sökum telja sóknaraðilar að aflétta beri tryggingarbréfinu og þess í stað verði veðréttur í eign lántakanda, látinn nægja sem trygging fyrir skuldabréfinu. Þá hafi hækkun fasteignaverðs undanfarin misseri gert það að verkum að nú standi íbúðin mjög nálægt því (eða að fullu) að vera fullnægjandi veðandlag fyrir fjárskuldbindingunni.

Að endingu telja sóknaraðilar að líta beri til sanngirmissjónarmiða. Gríðarleg ósanngirni sé falin í því að láta rúmlega sjötugt fólk axla ábyrgð á viðskiptum varnaraðila og sonar þeirra. Færa megi rök fyrir því að undirverkandi orsakavaldur að vandræðum sonar þeirra hafi verið efnahagshrunið fræga og samtímis því gríðarlegt verðfall íslensku krónunnar. Að sama skapi megi einnig færa gild rök fyrir því að forveri varnaraðila, hafi þar átt talsverðan hlut í máli. Í því ljósi og einnig í ljósi niðurfellinga skulda til talsverts stórs hóps Íslendinga í kjölfar hrunsins og að öllu ofangreindu virtu sé það krafa sóknaraðila að tryggingarbréfi nr. X verði aflétt og til vara að viðurkennt verði að bréfið eigi að standa til tryggingar á mun lægri upphæð. Í þessu sambandi beri að geta þess að varnaraðili neitaði að framkvæma svokallaðan síðari útreikning á láninu, þrátt fyrir að sterk rök hafi mátt færa fyrir að bankanum hafi borið að gera slíkt. Sóknaraðilar telja enda umrætt lán, ólöglegt gengistryggt lán. Sóknaraðilar hafna þeirri einhliða yfirlýsingu D, dagsett 10. maí 2014, að um löglegt erlent lán hafi verið að ræða þar sem lánsfjárhæðin hafi verið tilgreind með nákvæmum hætti í fjárhæð erlenda gjaldmiðilsins. Hæstiréttur hafi þvert á móti bent á önnur önnur atriði sem ráðið gætu úrslitum um lögmati lánanna. Þessu til stuðnings benda sóknaraðilar á að þegar sótt var um lánið hafi verið óskað eftir viðmiðunarfjárhæð í íslenskum krónum í stað þess að tilgreina fjárhæðina í erlendri mynt. Þá hafi allar greiðslur farið fram í íslenskum krónum í heimabanka M, annars sóknaraðila. Sóknaraðilar benda einnig á að lánið hafi þegar verið endurútreiknað einu sinni og gefi það augljóslega til kynna að um ólöglegt gengislán sé að ræða, þrátt fyrir yfirlýsingu um hið gagnstæða. Þá sé lánið í dag í íslenskum krónum.

Hvað varðar þau rök varnaraðila að lántaki hafi getað staðið í skilum með lán sitt í fjölmörg ár og það meira að segja á meðan á hruninu stóð þá hafnar sóknaraðili algerlega þessum málsástæðum og telur þær í raun fjarstæðukenndar. Vissulega hafi lántaka með mikilli þrautseigju og ómældri vinnu tekist að greiða af láninu. Þá hafi hann fengið utanaðkomandi aðstoð við slíkt. Varnaraðili eigi hinsvegar ekki að njóta þeirrar þrautseigju með þeim hætti að hún eigi að leiða til þess að þessi mistök hans verði afmáð. Lántaki hafi einfaldlega ekki talið sig eiga annarra kosta vól en að halda láninu á lífi með öllum tiltækum ráðum. Það sé meira en margur hafi gert. Varnaraðili eigi ekki að hagnast af þessu að öðru leyti en að fá afborganir af láninu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því að farið hafi verið eftir ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001 áður en

tryggingarbréfið var útgefið. Þá byggir varnaraðili á því að framkvæmd greiðslumats á lántaka hafi verið í fullu samræmi við samkomulagið og niðurstaða greiðslumatsins verið rétt. Það sé því hvorki ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bankinn byggji á þeim rétti sem honum var veittur samkvæmt tryggingarbréfinu.

Varnaraðili bendir á að þær skyldur sem hvíldu á varnaraðila samkvæmt samkomulagi við útgáfu tryggingarbréfsins hafi verið að framkvæma greiðslumat á lántaka og kynna sóknaraðilum, sem ábyrgðarmönnum, niðurstöður þess, sbr. 3. gr. 3. mgr. 4. samkomulagsins. Þá hafi FF borið að afhenda sóknaraðilum upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar, sbr. 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Þessar skyldur hafi FF uppfyllt, sbr. undirritun sóknaraðila á skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Hafi sóknaraðilum þar verið kynnt niðurstaða greiðslumats á lántaka og þá staðfestu þeir með undirritun sinni að þeir hafi fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldaábyrgðir og lánsveð. Telur varnaraðili því að farið hafi verið að ákvæðum samkomulagsins við töku veðs í fasteign sóknaraðila.

Í kvörtun sóknaraðila var gerð athugasemd við það, að hvergi hafi komið fram sundurliðun á þeim þáttum sem greiðslumatið byggði á. Í þessu sambandi bendir varnaraðili á að samkomulagið hafi ekki lagt slíkar skyldur á fjármálafyrirtæki og vísar í því sambandi til 1. ml. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, þar sem fram komi að tryggja skuli að ábyrgðarmaður „*geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats*“. Niðurstaða greiðslumatsins hafi komið fram í feitletruðum texta í fyrrgreindu skjali „*Niðurstaða greiðslumats*“. Varnaraðili telur að ekki sé hægt að leggja ríkari kröfur á fjármálafyrirtæki umfram það sem beinlínis sé kveðið á um í samkomulaginu og því verði það ekki túlkað á þann veg, að í því felist skylda til að sundurliða þá þætti sem greiðslumat byggji á fyrir ábyrgðarmönnum. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðilar hafi á hverjum tíma getað óskað eftir frekari upplýsingum frá lántaka, en FF hafi verið óheimilt að upplýsa þá um málefni lántaka án hans samþykkis.

Þá telur varnaraðili að niðurstaða greiðslumatsins hafi verið rétt og hafnar því að ekki hafi komið fram á hvað upplýsingum það byggði, eins og sóknaraðilar hafi haldið fram. Þessu til rökstuðnings vísar varnaraðili til kafla í „*Niðurstöðu greiðslumats*“ um „*Greiðslumat*“. Þar kom fram á hvaða upplýsingum greiðslumatið byggði, en meðal þeirra upplýsinga er „*greiðslubyrði lána*“. Varnaraðili telur ljóst af hinum tilvitnaða texta að greiðslumatið hafi byggt á heildargreiðslubyrði lántaka á lánnum sínum þar með talið óveittra en fyrirhugaðra lána hans. Þá bendir varnaraðili á að um níu ár séu frá því að greiðslumatið var framkvæmt og að hvorki honum né FF hafi borið að varðveita undirliggjandi gögn. Þá hafi komið skýrt fram í skjalinu að jákvæð niðurstaða greiðslumats fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að lántaki gæti efnt skyldur sínar. Hafi sóknaraðilum verið bent á að kynna sér greiðslumatið með samþykki lántakanda. Samkvæmt þessu telur varnaraðila að það verði að líta á sem svo, að FF hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 141/2012 þar sem fjallað var um efnislega samhljóða skjal og um ræðir í máli þessu.

Til frekari rökstuðnings bendir varnaraðili á að lántaki stóð í skilum með lánið allt þangað til hann ákvæð að hætta að greiða af því „*þar sem hann taldi að um ólögmeitt erlent lán væri að ræða*“. Hafi lántaki því staðið í skilum með greiðslur af láni sínu í mörg ár og einnig á því tímabili er fjármálamarkaður Íslands hafði hrunið og gengisfall orðið á ISK. Lántaki hafi því getað staðið í skilum með hærri greiðslubyrði en þá sem áætlað var að hann þyrfti að standa skil á við upphaf lánveitingar.

Varnaraðili telur því að ekki sé hægt að líta á sem svo, að greiðslumatið hafi tekið mið af lægri greiðslubyrði lána en raun var, enda hafði FF enga ástæðu til að miða greiðslubyrði af lánnum lántaka við höfuðstól að fjárhæð kr. 6.600.000, og væri slíkt ekki í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“. Þá telur varnaraðili að ástæða þess að fjárhæð „lásupphæðar“ í fyrrgreindu skjali sé tilgreind kr. 6.600.000, megi rekja til þess að það hafi verið andvirði þeirrar ábyrgðar sem sóknaraðilar voru að takast á hendur.

Fallist úrskurðarnefndin hinsvegar ekki á að greiðslumatið hafi tekið mið af greiðslubyrði láns að fjárhæð JPY 30.696.369, telur varnaraðili að sá galli eigi ekki að leiða til ógildingar tryggingarbréfsins. Bendur varnaraðili í því sambandi á að niðurstaða greiðslumatsins hefði að öllum líkindum verið jákvæð þrátt fyrir að miðað væri við „réttu“ greiðslubyrði og vísar í því sambandi til ofangreindrar umfjöllunar um skil lántaka á greiðslum af skuldabréfinu, jafnvel eftir að gengisfall hafði orðið á ISK gagnvart JPY sem sýni fram á aukna greiðslugetu lántaka. Þá bendir varnaraðili jafnframt á að ábyrgð sóknaraðila takmarkaðist ávallt við JPY 11.400.000, sbr. ákvæði tryggingarbréfsins, óháð því hverjar heildarskuldir lántaka voru eða kæmu til með að vera. Lántaki hefði hvenær sem er getað aukið við skuldbindingar sínar og þar með aukið greiðslubyrði sína og hefðu þær skuldir jafnframt fallið undir tryggingarbréfið án samþykkis veðsala, en þó að hámarki fyrrgreindri fjárhæð JPY 11.400.000,-.

Þá telur varnaraðili að niðurstaða greiðslumatsins hafi ekki skipt sóknaraðila máli, það er að þeir hefðu veitt veð í fasteign sinni óháð niðurstöðu greiðslumatsins. Því til rökstuðnings bendir varnaraðili á eðli þeirrar ábyrgðar sem sóknaraðilar tókust á hendur, þar sem þeir veittu allsherjarveð til tryggingar skuldum lántaka upp að vissri fjárhæð. Telur varnaraðili að ekki verði komist hjá því að líta sem svo á að, að sóknaraðilar hefðu veitt ábyrgðina sama hver niðurstaða greiðslumats væri, enda gat lántaki alltaf aukið við greiðslubyrði sína með frekari skuldsetningu sem hefði fallið undir tryggingarbréfið, sbr. umfjöllun í næstu málsgrein að framan.

Hvað varðar skuldabréf nr. Y og lögmæti þess, bendir varnaraðili á að það hafi snúið að viðskiptum varnaraðila og lántaka og hafi því verið lýst yfir að um löglegt lán hafi verið að ræða. Það sé því í höndum lántaka að leggja fram kvörtun til úrskurðarnefndarinnar. Ekki verði skorið úr um lögmæti skuldabréfsins eða endurútreikning á því í máli þessu. Þó telur varnaraðili rétt að benda á nokkur atriði. Í fyrsta lagi þá kæmi það ekki til með að hafa áhrif á gildi tryggingarbréfsins hvort skuldabréfið teldist ólögmætt gengistryggt lán eða ekki, enda standi gildi tryggingarbréfsins sjálfstætt frá gildi skuldabréfsins. Þá myndi endurútreikningur á skuldabréfinu ekki hafa áhrif á fjárhæð tryggingarbréfsins, þar sem tryggingarbréfið hafi einungis staðið til tryggingar á skuldum skuldara upp að vissri fjárhæð. Í öðru lagi standi tryggingarbréfið til tryggingar á fleiri skuldum lántaka en framangreindu skuldabréfi. Í þriðja lagi telur varnaraðili að ótækt sé að komast að þeirri niðurstöðu að veðsalar samkvæmt tryggingarbréfi með allsherjarveði þurfi að samþykkja skilmálabreytingar á skuldabréfum sem ekki feli í sér neinar breytingar á þeirra ábyrgð sem þeir hafi tekist á hendur. Bendir varnaraðili einnig á að sóknaraðilar hafi ekki þurft að veita samþykki sitt fyrir upphaflegum lánveitingum til lántaka, enda hafi þau samþykkt að gangast í ábyrgð á öllum skuldum og skuldbindingum lántaka upp að tiltekinni hámarksfjárhæð með útgáfu tryggingarbréfs, og því sé ekki hægt að líta á sem svo, að þeir hafi þurft að samþykkja skilmálabreytingar á skuldaskjölum lántaka.

Telur varnaraðili það hvorki ósanngjarnt né andstætt góðri viðskiptavenju, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerna, að byggja rétt

sinn á tryggingarbréfinu. Því til rökstuðnings bendi varnaraðili á að við útgáfu tryggingarbréfsins hafi verið farið eftir ákvæðum samkomulagsins.

Hvað varðar varakröfur sóknaraðila fer varnaraðili fram á að þeim kröfum verði hafnað og vísar því til rökstuðnings til framangreindrar umfjöllunar, og telur sóknaraðila auk þess ekki hafa fært fullnægjandi rökstuðning fyrir kröfum sínum, sem séu því vanreifaðar. Ekki fáist séð að nein rök sé að finna sem réttlæti slíka lækkun. Tryggingarbréfið hafi verið gefið út til tryggingar skuldum lántaka upp að vissri fjárhæð. Ljóst sé að tekið var að lágmarki mið af þeirri fjárhæð í greiðslumati sem lántaka byggði á. Þá ítrekar varnaraðili að lögmæti skuldabréfsins og hugsanlegur endurútreikningur þess hefði engin áhrif á gildi tryggingarbréfsins eða fjárhæð þá sem það standi til tryggingar fyrir.

Í ljósi framangreindra atriða sé þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að C, með tryggingarbréfi nr. X.

Sóknaraðilar krefjast þess aðallega að tryggingarbréf nr. X, útgefnu af sóknaraðilum, dagsett 26. október 2006 að fjárhæð 11.400.000 – japönsk jen, verði aflétt af fasteigninni C. Til vara krefjast sóknaraðilar þess að viðurkennt verði að sóknaraðilar hafi tekist á minni ábyrgð en sem nemur fjárhæðinni 11.400.000- japönsk jen, með undirritun tryggingarbréfs nr. X.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. Forveri varnaraðila var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. samkomulagsins skal fjármálafyrirtæki ekki breyta skilmálum láns sem tryggt er með skuldaábyrgð eða veði, þ.á.m. lánstíma, nema með samþykki ábyrgðarmanns.

Ekki er fallist á það með sóknaraðilum að með öllu sé ósannað að greiðslumat hafi farið fram í samræmi við ákvæði samkomulagsins enda benda gögn málsins til þess að lántaki hafi verið greiðslumetinn áður en sóknaraðilar gáfu út umrætt tryggingarbréf til tryggingar skuldbindinga hans.

Í framangreindu samkomulagi er ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til þess að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats

Af skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“, sem undirritað var af sóknaraðilum, má sjá að þeim var bent á þann möguleika að kynna sér niðurstöðu greiðslumatsins sbr. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Með undirritun sinni á skjalið staðfestu sóknaraðilar jafnframt að þau hefðu fengið og kynnt sér bækling um

sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Af innihaldi skjalsins að dæma má ætla að varnaraðili hafi látið fara fram mat á greiðslugetu lántaka og að matið hafi byggt á upplýsingum um framfærslukostnað og önnur föst útgjöld, meðaltekjur heimilisins og greiðslubyrði lána. Var sóknaraðila með skjalinu kynnt að niðurstaða greiðslumatsins benti til þess að lántaki gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu. Verður hér ekki litið fram hjá dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012. Í dómnum var fjallað um samhljóða skjal og það sem á reynir í þessu máli. Í rökstuðningi sínum bentu dómarrar jafnframt á að fyrrgreint samkomulag um notkun ábyrgða og skuldbindinga kvæði ekki á um skyldu lánveitanda til að kynna í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats. Í ljósi niðurstöðu greiðslumatsins hafi verið nægilegt að benda ábyrgðarmanni á þann möguleika að kynna sér niðurstöðu þess að fengnu samþykki aðalskuldara. Þá féllust dómarrar ekki á það að á bankanum hefði hvílt sú skylda að geyma undirgögn til stuðnings matinu í langan tíma.

Af gögnum að dæma verður því að líta svo á að það liggi fyrir að sóknaraðilar hafi látið fara fram mat á greiðslugetu skuldara. Hafi sóknaraðilum með skjalinu verið kynnt „jákvæð niðurstaða“ greiðslumats.

Ekki verður lögð sú skylda á herðar varnaraðila að varðveita undirgögn til stuðnings matinu í svo langan tíma, en um níu ár eru síðan greiðslumatið var framkvæmt. Þegar litið er til þess að sóknaraðilum stóð í upphafi til boða að kynna sér öll gögn á bak við greiðslumatið og var leiðbeint um þann rétt, verður ekki talið ósanngjarnt að byggja á veðsetningunni þótt varnaraðili geti ekki upplýst um hvað bjó að baki niðurstöðunni svo löngu síðar. Skiptir einnig máli í því samhengi að ekkert er fram komið sem vekur rökstuddan grun um að niðurstaða greiðslumatsins sé röng.

Ekki er fallist á það með sóknaraðilum að dómarr Hæstaréttar nr. 376/2013 og 127/2013 hafi fordæmisgildi í málinu enda málsatvik þau að verulegir annmarkar voru á framkvæmd greiðslumats og sýnt var að niðurstaða þeirra var byggð á röngum upplýsingum. Sóknaraðilum hefur ekki tekist að sýna fram á slíkt í þessu máli. Það sama má segja um niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 en þar var fjallað um neikvæða niðurstöðu greiðslumats sem ekki var kynnt ábyrgðarmönnum og er dómurinn því ekki fordæmisgefandi við úrlausn þessa máls.

Með því að leita ekki samþykkis sóknaraðila við lengingu á lánstíma umrædds láns, braut lánveitandinn gegn ákvæði 5. gr. fyrrnefnds samkomulags. Varðandi þýðingu þess fyrir gildi skuldbindingar sóknaraðila verður ekki litið fram hjá því að þau hafa ekki gert sennilegt að þessi lenging lánstíma hafi í raun valdið þeim spjöllum. Verður í því samhengi að horfa til þess að með því að fallast á ósk lántakans um greiðslufrest var því afstýrt að ganga þyrfti að veðtryggingum.

Samkvæmt öllu ofangreindu verður ekki fallist á aðalkröfu sóknaraðila þess efnis að aflétta beri tryggingarbréfi nr. X af fasteign sóknaraðila á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga á þeim forsendum að lánveitandinn eða varnaraðili hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu.

Hvað varðar varakröfu sóknaraðila þá er fallist á þau sjónarmið varnaraðila að eðlilegt hafi verið að tilgreind lánsupphæð í skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ hafi verið kr. 6.600.000, enda felur skjalið í sér samþykki sóknaraðila á að veita veð í fasteign sinni fyrir þeirri upphæð. Á hinn bóginn skal áréttað að reglur samkomulagsins um greiðslumöt og kynningu á efni þeirra fyrir veðsölum, kunna að standa því í vegi að unnt sé að fullnusta aðrar skuldbindingar skuldarans á grundvelli

tryggingarbréfsins, en þeim sem lagðar voru til grundvallar við upphaflega greiðslumatið hafi ekki verið gætt að reglum samkomulagsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M og K á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 17. apríl 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2015, fimmtudaginn 30. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 117/2014:**

M
gegn
F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, , hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 15. desember, með kvörtun sóknaraðila, dags. 9. desember 2014. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 16. desember 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 27. janúar 2015. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dags. 29. janúar 2015 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 5. febrúar 2015.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 30. apríl 2015.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili tók yfir samning nr. X, hjá varnaraðila dags. 29. apríl 2008, að fjárhæð kr. 2.430.834, vegna fjármögnunar á bifreið og var samningurinn gengistryggður.

Þann 16. júní 2010, komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu í málum nr. 92/2010 og 153/2010, að gengistryggðir bílasamningar væru lánssamningar í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu. Talið var að samningar þeir, sem fjallað var um í dómunum, bæru með sér að vera lán í íslenskum krónum og óheimilt væri að verðtryggja slík lán miðað við þróun gengis erlendra gjaldmiðla.

Þann 16. september 2010, staðfesti Hæstiréttur í máli nr. 471/2010, að ekki yrði byggt á erlendu vaxtaviðmiði gengistryggðs lánasamnings. Af þeim sökum skyldu slíkir samningar bera vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga, þ.e. lægstu vexti á óverðtryggðum útlánnum á íslenskum lánamarkaði.

Eftirstöðvar á gjalddaga þann 5. júní 2010, síðasta greidda gjalddaga fyrir dóma Hæstaréttar þann 16. júní 2010, voru kr. 2.749.426.

Samningur sóknaraðila var endurreiknaður dags. 2. mars 2011. Eftirstöðvar samnings fyrir útreikning voru kr. 2.752.113. Eftirstöðvar eftir endurútreikning samnings voru kr. 1.931.685.

Sóknaraðili sendi varnaraðila bréf dags. 25. mars 2014, ásamt útreikningi á þeirri fjárhæð sem sóknaraðili taldi sig hafa ofgreitt af umræddu láni.

Svar varnaraðila dags. 8. maí 2014, ásamt endurútreikningi á bílasamningnum dags. 29. apríl 2014, var sent til sóknaraðila í bréfi. Varnaraðili taldi að ekki væri þörf á frekari endurútreikningi á bílasamningnum, þar sem leiðrétting hefði átt sér stað lögum samkvæmt.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér kr. 318.254, auk dráttarvaxta frá 5. janúar 2014 af þeirri fjárhæð. Einnig krefst sóknaraðili málskostnaðar að fjárhæð kr. 146.835 og endurgreiðslu á málskotsgjaldi.

Sóknaraðili byggir á því að endurreikningur varnaraðila sé rangur og að sóknaraðili hafi með greiðslu á greiðsluseðli þann 5. janúar 2014, ofgreitt kr. 318.254. Sóknaraðili tekur fram að munur sé á kröfugerð í þessu máli og í bréfi til varnaraðila dags. 25. mars 2014, þar sem láðst hafi að taka tillit til vaxta í fyrri útreikningi.

Með samkomulagi, dags. 29. apríl 2008, hafi sóknaraðili tekið bílasamning nr. X. Staða samnings á yfirtökudegi hafi verið kr. 2.430.844 og áætluð greiðslubyrði hafi verið kr. 40.796 á mánuði, í 71 mánuð. Sóknaraðili telur sig hafa greitt alla útgefna greiðsluseðla til og með 5. janúar 2014, en að varnaraðili hafi ekki gefið út greiðsluseðla á tímabilinu 5. júlí 2010 til og með 5. febrúar 2011. Hver greiðsluseðill hafi verið sundurliðaður í höfuðstól og vexti.

Sóknaraðili hafi farið þá leið við endurútreikning að draga allar höfuðstólsgreiðslur frá upphaflegum höfuðstól. Litið hafi verið svo á að hver vaxtagreiðsla um sig hafi verið fullnaðargreiðsla vaxta og vísað hafi verið til dómaframkvæmdar þar um, t.d. dóm Hæstaréttar frá 6. nóvember 2014, í máli nr. 110/2014, varnaraðili gegn Eykt. Af þessu leiði að við greiðslu á gjalddaga 5. maí 2013, hafi skuldin verið að fullu uppgerð. Allar greiðslur eftir það, bæði höfuðstóll og vextir, hafi því verið ofgreiðsla að mati sóknaraðila. Þar að auki hafi sóknaraðili, þann 8. október 2012, greitt kr. 300.000 inn á lánið sem hafi verið aukagreiðsla af hans hálfu. Einnig vísar sóknaraðili til 13. og 14. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 og þeirra sjónarmiða sem hafi verið rakin í dómum Hæstaréttar, m.a. í máli 110/2014.

Sóknaraðili telur að það megi skilja málalíbúnað varnaraðila sem svo hann haldi því fram að sóknaraðili hafi ekki verið að greiða neina vexti. Sóknaraðili telur að það sé rangt hjá varnaraðila. Sóknaraðili telur að vextir hafi alla tíð verið greiddir og það sé því markleysa þegar því sé haldið fram að varnaraðili hafi verið að greiða með umræddu láni. Ágreiningurinn snúist um það hve miklum vöxtum varnaraðili eigi rétt á. Varnaraðili hafi reiknað út, fengið greidda og sætt sig við þá vexti sem hafi verið greiddir og sóknaraðili hafi fullnaðarkvittanir undir höndum vegna þeirra.

Sóknaraðili hafnar því að ekki hafi verið reiknaðir vextir á lánið frá 5. júní 2010 til 5. mars 2011. Sóknaraðili hafi við útreikning kröfu sinnar eingöngu dregið greiðslur af höfuðstól frá upphaflegum höfuðstól lánsins. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki geta aukið við vaxtakröfu sína, en sóknaraðili hafi hingað til, greitt allar vaxtakröfur varnaraðila samkvæmt útsendum greiðsluseðlum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Hvað varðar endurreikning lána sem upphaflega hafi borið gengistryggingu, telur varnaraðili að það verði að líta til þess að um lögmætar skuldbindingar hafi verið að ræða sem lántökum hafi borið að standa skil á samkvæmt grundvallarreglum fjármunaréttar um skuldbindingargildi samninga. Þar sem gengistryggingin hafi verið óheimil, þá hafi bæði gengistrygging og vaxtaviðmið samningsins fallið niður, enda órjúfanlega tengd. Þá hafi atvik svarað til þess að „*að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera*“. Því hafi vextir verið ákvarðaðir í samræmi við lögbundið vaxtaviðmið skv. 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga. Samkvæmt 3. gr. laganna hafi átt að greiða vexti frá stofndegi kröfu og til greiðsludags. Ákvæði 4. gr. sömu laga hafi ákvarðað, að vextir í slíkum tilfellum hafi átt að vera í samræmi við lægstu vexti á íslenskum lánamarkaði, en slík vaxtakjör hafi almennt ekki verið boðin við fjármögnun varanlegra neyslufjármuna, eins og bifreiða. Varnaraðili telur að Hæstiréttur hafi ítrekað hafnað því að endurreikna slíka samninga með LIBOR vaxtaviðmiði, þar sem að það hafi ekki verið til fyrir lán í íslenskum krónum. Með vísan til þessa telur varnaraðili að endurreikningur á gengistryggðum bílasamningi sóknaraðila hafi verið framkvæmdur í samræmi við gildandi rétt og að hafna beri kröfu sóknaraðila. Einnig telur varnaraðili að efnisákvæði 3. og 4. gr. vaxtalaga hafi verið í gildi þegar til samnings aðila hafi verið stofnað.

Varnaraðili vísar til meginreglu kröfuréttar þess efnis að kröfuhafi, sem hafi fengið minna greitt en hann hafi átt rétt á geti átt kröfu á hendur skuldara um það sem vangoldið sé. Frá meginreglunni geti þó verið undantekningar, s.s. vegna fullnaðarkvittunar. Þá sé aðstaðan sú, að þegar kröfuhafi hafi gert kröfu á hendur skuldara um vangoldna greiðslu geti skuldari komist hjá frekari fjárútlátum hafi hann fullnaðarkvittun. Einnig telur varnaraðili að sá sem haldi undantekningarreglu fram, beri sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði séu til þess að víkja frá meginreglunni, en ekki sé um sjálfsafgreiðslu að ræða. Varnaraðili telur að samkvæmt kvörtun sóknaraðila sé ekki að finna nein rök, né gögn, sem hafi sýnt fram á að skilyrði séu til þess að beita undantekningarreglunni um fullnaðarkvittanir. Því sé kvörtunin vanreifuð af hálfu sóknaraðila.

Varnaraðili telur að af dómum Hæstaréttar verði ráðið að undantekningu frá meginreglunni um fullar efndir verði eingöngu beitt við sérstakar aðstæður. Hafi Hæstiréttur í því sambandi horft til meginsjónarmiðs reglunnar um fullnaðarkvittun, til þess að koma í veg fyrir mikla röskun á fjárhagslegum hagsmunum skuldara, vegna óvæntrar kröfu um umtalsverða viðbótargreiðslu þvert á réttmætar væntingar skuldara. Við slíkt mat sé litið til ýmissa sjónarmiða, en ekkert eitt hafi ráðið úrslitum, heldur sé heildarmat á því hvort skuldari hafi orðið fyrir verulegu fjárhagslegu óhagræði. Í því sambandi vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 661/2013. Þá telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki getað haldið fram fullnaðarkvittun lengur en fram til síðasta greidda gjalds, áður en svonefndir gengisdómar hafi fallið í Hæstarétti þann 16. júní 2010. Eftir þann tíma telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki verið í góðri trú um að gengistryggð kjör hafi falið í sér fullar og réttar efndir.

Við mat á undantekningu frá meginreglunni hafi varnaraðili farið yfir ýmis sjónarmið en varnaraðili telur að í tilviki sóknaraðila séu ekki fyrir hendi þær sérstöku aðstæður sem hafi réttlætt frávik frá meginreglunni um fullar efndir.

Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi aldrei verið krafinn um neina viðbótargreiðslu eftir endurreikning. Þar hafi verið miðað við lok

fullnaðarkvittunartímabils þann 5. júní 2010, og þá hafi sóknaraðili ofgreitt og hafi fengið endurgreiðslu í formi skuldajöfnunar við ógreidda gjalddaga, sbr. útreikning dags. 29. apríl 2014, sem hafi fylgt með kvörtun. Þannig hafi aldrei komið til viðbótar fjárútláta sóknaraðila. Þá hafi endurreikningur á láni sóknaraðila leitt til þess að höfuðstóllinn hafi lækkað verulega. Þannig séu atvik þessa máls gerólik þeirri aðstöðu sem hafi verið uppi í máli nr. 464/2012, þar sem lán skuldarans, Borgarbyggðar, hafi hækkað við það að kröfu um viðbótargreiðslu hafi verið bætt við höfuðstól. Í tilviki sóknaraðila hafi endurreikningurinn ekki leitt til neinnar óvæntrar kröfu um viðbótargreiðslu, heldur þvert á móti hafi höfuðstóll skuldbindingar hans lækkað.

Varnaraðili telur ljóst að krafa sóknaraðila að fjárhæð kr. 318.254 kr. sé óveruleg hvort sem litið sé til fjárhæðarinnar sjálfrar eða hlutfalls af lánsfjárhæð. Þannig sé hlutfall þeirrar fjárhæðar af upphaflegum höfuðstól lánsins einungis 13,1%. Hlutfallið sé ennþá lægra, eða 9%, sé horft til kröfunnar og upphaflegs höfuðstóls á sama verðlagi, þ.e. janúar 2014, sem sé tölfræðilega og peningafræðilega réttara að mati varnaraðila. Þannig séu dómstólar einnig farnir að líta til hlutfallsins að teknu tilliti til verðbreytinga, sbr. dómur héraðsdóms í máli E-5225/2013. Ef litið sé til mismunar á greiddum LIBOR vöxtum og endurreiknuðum vöxtum, m.v. 5. júní 2010, þá sé fjárhæðin kr. 325.878. Sú fjárhæð sé einnig óveruleg, hvort heldur sem litið sé til fjárhæðarinnar sjálfrar, eða hlutfalls af höfuðstóls. Þannig sé hlutfallið 13,4% af upphaflegri lánsfjárhæð, en 10,5% þegar báðar fjárhæðir hafi verið á sama verðlagi, þ.e. júní 2010. Með hliðsjón af þessu og fordæmum Hæstaréttar í málum einstaklinga, sé því ljóst að ekki hafi verið um umtalsverða röskun á fjárhagslegum hagsmunum skuldara. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 661/2013, hafi verið kveðið á um að viðbótarkrafa að fjárhæð kr. 4.200.000, sem nam 11% af upphaflegri lánsfjárhæð hafi ekki verið veruleg og því hafi ekki verið tilefni til að víkja frá meginreglunni um fullar efndir. Jafnframt hafi verið kveðið á um það í dómi Hæstaréttar í máli 337/2013, að ekki hafi verið tilefni til að víkja frá meginreglu kröfuréttar þegar hlutfall viðbótarkröfu hafi verið 19,3% og fjárhæð kr. 25.000.000.

Varnaraðili telur sóknaraðila hafa fengið nýtt lán frá varnaraðila til að fjármagna bílakaup og hafi bifreið hans hækkað í verði umfram afskriftir um fjárhæð kr. 393.000, til loka mögulegs fullnaðarkvittunartímabils í júní 2010. Fjárfesting sóknaraðila í bifreiðinni hafi því verið sérstaklega hagkvæm á þessum tíma. Við heildstætt mat á því hvort að sóknaraðili hafi orðið fyrir fjárhagslegu óhagræði við fjármögnun á bílakaupum, þá telur varnaraðili að ekki sé hægt að líta framhjá andlagi þess sem lánið fjármagnaði.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila, sem hafi falið í sér óréttmæta auðgun, þá telur varnaraðili að kröfugerð sóknaraðila hafi falið í sér töluverða auðgun honum til handa á kostnað varnaraðila. Varnaraðili telur að beita verði heildarmati. Í kröfu sóknaraðila hafi falist tilætlun hans um að lán hans hafi borið 5,25% neikvæða raunvexti, þ.e. að varnaraðili hafi átt að borga með láninu. Varnaraðili telur að á sama tíma og sóknaraðili hafi tekið lán sitt, hafi fasteignatryggð og verðtryggð lán hjá Íbúðalánasjóði borið 5,2% raunvexti. Sóknaraðili hafi þannig gert kröfu um að fá 10,45% raunvaxtahagnað miðað við lán hjá Íbúðalánasjóði. Í þessu sambandi telur varnaraðili rétt að vekja athygli á því að samkvæmt ákvæðum 17. og 18. gr. reglna nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, séu bílalan talin meira en helmingi áhættumeiri en fasteignatryggð lán. Sé einnig litið til áhrifa verðhækkunar bilsins, þá hafi raunvextir af láni sóknaraðila orðið neikvæðir um 14,93% miðað við kröfugerð hans.

Þegar öll þessi atriði hafi verið metin heildstætt og horft til réttmætra væntinga samningsaðila og fjárhagslegrar röskunar af fullum efndum, þá sé ljóst að sóknaraðili hafi ekki orðið fyrir verulegri og óvæntri fjárhagslegri röskun. Þegar af þeirri ástæðu séu ekki skilyrði uppfyllt fyrir því að víkja frá meginreglu kröfuréttar um fullar efndir. Samkvæmt framangreindu hafnar því varnaraðili kröfu sóknaraðila. Til viðbótar gerir varnaraðili frekari athugasemdir við kröfugerð sóknaraðila. Í fyrsta lagi telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki reiknað neina vexti á lán sitt frá 5. júní 2010 og til 5. mars 2011. Fyrir liggja að lánið hafi verið vaxtaberandi og eftir dóma Hæstaréttar um ógildi gengistryggingar hafi sóknaraðili ekki getað haft réttmætar væntingar um það að lán hans hafi borið gengistryggð kjör. Þessu til viðbótar hafi sóknaraðili ekki greitt vexti á umræddu tímabili og hafi því eðli máls samkvæmt ekki fullnaðarkvittun fyrir vöxtum. Af þessu leiði að reikna hafi átt vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga á lánið, eftir gjalddaga þann 5. júní 2010, jafnvel þó miðað hafi verið við höfuðstól þann dag samkvæmt kröfugerð sóknaraðila, þ.e. 1.420.027 kr. Miðað við þessa forsendu, þá hafi vanreiknaðir vextir numið á þessum tíma samtals kr. 66.248, sem hafi átt að dragast frá kröfugerð sóknaraðila. Því telur varnaraðili að krafa sóknaraðila hafi aldrei geta verið hærri en að fjárhæð kr. 252.010.

Þá sé kröfu sóknaraðila um dráttarvexti mótmælt, enda verði ekki séð að úrskurðarnefndin hafi umboð til að ákvarða dráttarvexti. Samkvæmt 3. gr. a. í samþykktum nefndarinnar segir að hún „*skuli skera úr um réttarágreining á milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns sem leiðir af samningssambandi þeirra*“. Krafa um dráttarvexti snúi ekki að viðskiptasambandinu heldur að beitingu sérstaks vanefndaúrræðis og þannig hefði þurft jákvæða heimild í samþykktum nefndarinnar til að hún gæti gert varnaraðila að bera slíkt vanefndarálag. Af þeim sökum beri að vísa þeirri kröfu frá.

Jafnframt telur varnaraðili rétt að benda á að sóknaraðili hafi ekki gert kröfu á hendur varnaraðila um greiðslu dráttarvaxta. Af þeim sökum hafi dráttarvaxtakröfu ekki verið hafnað og slík krafa sé því ekki tæk með vísan til 5. gr. samþykktu nefndarinnar og beri að vísa frá. Til viðbótar sé ljóst að dráttarvaxtakrafa sóknaraðila sé reiknuð af of háum stofni og því sé hún röng. Þá hafi krafan ekki uppfyllt ákvæði 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga um upphafstíma. Þar sem krafa sóknaraðila hafi ekki borist varnaraðila fyrr en 25. mars 2014, verði hann ekki krafinn afturvirkkt um dráttarvexti frá 5. janúar 2014. Með vísan til þessa, sé krafan því einnig vanreifuð. Því beri að vísa henni einnig frá.

Að lokum mótmælir varnaraðili kröfu um sérstakan málskostnað, enda telur hann að engin heimild sé í samþykktum úrskurðarnefndarinnar til ákvörðunar málskostnaðar. Það sé meginregla íslensks réttar að hver sem leitar úrlausnar hjá stjórnvaldi eða öðrum úrskurðaraðila beri sjálfur útlagðan kostnað. Sérstaka lagaheimild hafi þurft til þess að heimilt sé að úrskurða málskostnað, s.s. sem finna má í lögum sem snúa að dómsmálum og 8. gr. laga um yfirskattanefnd nr. 30/1992. Þá hafi slíkri kröfu ítrekað verið hafnað af úrskurðarnefndinni.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að ofgreiðslu og endurreikningi á bílasamningi nr. X, sem sóknaraðili tók yfir dags. 29. apríl 2008 hjá varnaraðila, að fjárhæð kr. 2.430.834.

Sóknaraðili telur sig hafa ofgreitt varnaraðila fjárhæð kr. 318.254, samkvæmt endurútreikningi á umræddum bílasamningi, sem sóknaraðili hefur lagt fram í máli þessu. Við endurútreikning sóknaraðila voru dregnar höfuðstólsgreiðslur frá

upphaflegum höfuðstól lánsins og litið svo á, að hver vaxtagreiðsla um sig hafi verið fullnaðargreiðsla vaxta. Á þessum grundvelli telur sóknaraðili að skuld hans við varnaraðila hafi verið að fullu uppgærd dags. 5. maí 2013, og allar greiðslur eftir það, bæði höfuðstóll og vextir, hafi verið ofgreiðsla.

Varnaraðili telur hins vegar að sóknaraðili hafi hvorki fært fram rök né gögn sem sýni fram á að skilyrði séu fyrir því að beita undantekningu frá meginreglu um fullar efndir. Því liggur fyrir ágreiningur hvort sjónarmið um fullnaðargreiðslur gjalddaga eigi við um þær greiðslur sem sóknaraðili innti af hendi.

Nefndin hefur í fyrri úrskurðum gert ákveðnar kröfur til kröfugerðar og rökstuðnings, þegar leitað er eftir úrskurði nefndarinnar í ágreiningsmálum varðandi endurútreikning lána. Hefur nefndin talið nauðsynlegt að fá annað hvort í hendur skýra og glögglega fram setta útreikninga á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum, eða skýra, rökstudda kröfu um að einhver tiltekin atriði í fyrirbyggjandi útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en gert er. Krafa sóknaraðila er miðað við þessi viðmið tæk til úrskurðar og kröfugerð byggð á þeim útreikningum sem settir hafa verið fram ásamt forsendum þeirra. Verða því kröfur sóknaraðila teknar til efnislegrar meðferðar.

Meginregla kröfuréttar að kröfuhafi eigi rétt til fullra efnda kröfu sinnar má rekja til meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Því verður talið að kröfuhafi eigi rétt til viðbótargreiðslu úr hendi skuldara, þegar hinn síðarnefndi efnir skuld sína ekki að fullu. Þó verður talið að undantekningar kunni að vera gerðar frá þessari meginreglu. Sú undantekning sem helst þarf að líta til í þessu samhengi varðar regluna um réttaráhrif fullnaðarkvittunar skuldara. Sú háttsemi skuldara að inna af hendi greiðslu eða að efna skuld gegn útgáfu slíkrar fullnaðarkvittunar, getur haft þau réttaráhrif, að kröfuhafi geti ekki krafist skuldara um viðbótargreiðslu sem nemur því er vangreitt var. Hefur Hæstiréttur tekið á þessu álitafni í þó nokkrum nýlegum dómum.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011, var lagt til grundvallar að greiðslutilkynningar, sem kröfuhafi sendi fyrir hvern gjalddaga með útreikningi á fjárhæðinni sem skyldi greiða og eftir það, fyrirvaralaus móttaka hans á greiðslum í samræmi við tilkynningarnar, hafi jafngilt fullnaðarkvittun um greiðslu á því sem gjaldféll hverju sinni. Þá segir einnig í dómnum, að af meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu leiði, að einungis við sérstakar aðstæður verði undantekningunni beitt, en rök hennar styðjist meðal annars við það að skuldari hafi við móttöku kvittunar fengið í hendur yfirlýsingu kröfuhafa um að greiðslu sé lokið. Að baki búi sjónarmið um öryggi í viðskiptum. Hins vegar taldi meirihluti Hæstaréttar að skilyrði væru til þess að víkja frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu og horfði þá m.a. til þess að um var að ræða langtímalán og að viðbótarfjárhæðin sem lánveitandinn krafði um var veruleg í samanburði við lánsfjárhæðina.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 464/2012, sló Hæstiréttur því föstu að kanna yrði hvort skilyrði væru uppfyllt í málinu, á sama hátt og gert var í dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011, svo að undantekning frá meginreglunni gæti ráðið niðurstöðu málsins. Hæstiréttur taldi að varnaraðili gæti ekki krafist sóknaraðila um viðbótargreiðslur vegna þegar greiddra vaxta aftur í tímann og féllst því á aðalkröfu sóknaraðila. Var í því sambandi m.a. horft til þess að festa taldist komin á framkvæmd afborgana, en um fimmtungur lánstímans var liðinn þegar skuldin var endurreiknuð.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013, var vísað í fyrrgreinda dóma réttarins, í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Rétturinn taldi, að öllum atriðum virtum í málinu,

að það stæði varnaraðila nær en sóknaraðila, að bera áhættu af þeim mistökum sem hefðu leitt til þess að vextirnir hefðu verið vangreiddir og því gæti varnaraðili ekki krafist sóknaraðila um viðbótargreiðslur vegna þegar greiddra vaxta aftur í tímann.

Einnig var vísað í sömu fyrrgreinda dóma í dómi Hæstaréttar í máli nr. 94/2014, þar sem rétturinn lagði til grundvallar að sóknaraðili gæti ekki krafist varnaraðila um viðbótargreiðslur vegna þegar greiddra vaxta aftur í tímann með skírskotun til þess að greiðsluseðlar sóknaraðila og forvera hans og fyrirvaralaus móttaka þeirra á greiðslum frá varnaraðila, eða varnaraðila fyrir hans hönd, jafngiltu fullnaðarkvittun vegna hlutaðeigandi greiðslna.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 544/2013, vísaði Hæstiréttur til dóms réttarins í máli nr. 661/2013, þar sem rakin hefðu verið skilyrði þess að kröfuhafi gæti haft uppi kröfu um viðbótargreiðslu úr hendi skuldara vegna lögskipta, sem þegar hefði verið lokið, sem og þeirra atvika sem valdið gætu því að slíkur réttur glataðist vegna fullnaðarkvittunar. Að mati loknu, þ.e. hvort að varnaraðili hefði verið í góðri trú, hvort aðstöðumunur hefði verið með aðilum, hvort festa hefði verið komin á framkvæmd allra samninga og hvort viðbótakrafa sóknaraðila væru veruleg, taldi rétturinn að sóknaraðili yrði bundinn af fullnaðarkvittunum til varnaraðila og hefði hann þar með glatað rétti til að hafa uppi viðbótarkröfuna. Sérstaklega var í dómi þessum fjallað um þá aðstöðu að lántakinn hafði þegar greitt upp viðbótarkröfuna með nýju láni og var það ekki talið skipta máli fyrir úrlausn málsins enda stæði sú skuld ógreidd að verulegu leyti. Var því staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að sóknaraðili bæri að endurgreiða varnaraðila þá fjárhæð sem félagið hafði greitt vegna viðbótarkröfu sóknaraðila.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 430/2013, var einnig talið að skilyrði væru til að víkja frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu og hafna þar með tilkalli sóknaraðila til viðbótarvaxta fyrir liðna tíð. Í málinu háttaði svo til að samningurinn var að fullu uppgreiddur en lántakinn byggði endurkröfu sína á hendur lánveitanda á mismuninum á því sem hann greiddi og því sem honum hefði borið að greiða, miðað við endurreikning byggðan á sjónarmiðinu um fullnaðarkvittanir.

Af fyrrgreindum sex dómum Hæstaréttar verður talið ljóst að vikið hafi verið frá meginreglu kröfuréttar og umræddri undantekningarreglu beitt. Ef litið er til þessara dóma verður ekki talið að það hafi verið neitt eitt tiltekið atriði sem hafi ráðið úrslitum við matið á því hvort aðstæður hafi verið fyrir hendi hvort að víkja ætti frá meginreglunni. Ítrekað hefur dómurinn áréttað að að baki undantekningunum búa sjónarmið um öryggi í viðskiptum og um að það geti haft í för með sér röskun á fjárhagslegri stöðu skuldara að standa kröfuhafa skil á umtalsverðum fjárhæðum fyrir liðna tíð þvert á væntingar sínar.

Um heildarmat hefur verið að ræða á aðstæðum og atvikum hverju sinni. Þó hafa nokkur sjónarmið verið lögð til grundvallar þegar mat hefur verið lagt á það, hvort efni væru til að víkja frá meginreglunni. Fyrst má þar nefna, hvort að skuldari hafi verið í góðri trú og því hvorki vitað, né mátt vita, að sú greiðsla sem hann hafi innt af hendi, hafi ekki verið fullnægjandi. Þá hafi aðstöðumunur skipt máli og hvort slíkur hafi verið með sanningsaðilum og hvort það hafi geta réttlætt að viðbótarkröfu hafi verið hafnað. Þá hafi einna helst verið litið til sérstöðu fjármálafyrirtækja á lánamarkaði og hvort að staðlaðir skilmálar lánasamninga hafi verið einhliða samdir af fjármálafyrirtækinu, óháð afstöðu lántaka. Einnig hefur verið lagt mat á það hvort öðrum aðilanum hafi staðið nær að bera áhættu af mistökunum sem hafi leitt til þess að vangreitt hafi verið. Þá hafi skipt máli hvort festa hafi verið komin á framkvæmd samningsins í þeim skilningi að skuldari hafi innt margar afborgarnir af hendi í

samræmi við greiðslutilkynningar lánveitanda. Þar að auki hefur verið litið til þess hversu langur tími hafi liði frá því að mistök hafi komið fram og þar til krafa hafi verið höfð uppi, og hvert umfang viðbótarkröfu hafi verið, annað hvort í samanburði við upphaflegan höfuðstól skuldbindingarinnar, eða miðað við þá fjárhæð sem skuldari hafi þegar greitt í vexti af skuldbindingu sinni

Hvað varðar dóma Hæstaréttar, þar sem rétturinn byggir á að beita skuli meginreglu kröfuréttar, ber fyrst að nefna dóm Hæstaréttar í máli nr. 463/2012. Í dómnum var vísað í aðra dóma réttarins í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013 og þeirra sjónarmiða sem þar komu fram um heimild til að víkja frá meginreglu kröfuréttar. Samkvæmt mati réttarins á atvikum málsins var talið að sóknaraðili hefði verið í góðri trú um að greiðslur hans hefði falið í sér fullar efndir, festa hefði verið á framkvæmd lánsamninganna og umfang viðbótarkröfu varnaraðila vegna vaxta hefði verið verulegt. Einnig hefði það staðið varnaraðila nær að gæta þess að í samningum við sóknaraðila væru ekki skilmálar sem stönguðust á við ákvæði laga nr. 38/2011. Á hinn bóginn var litið til þess að við gerð lánsamninganna hefði sóknaraðili verið eitt stærsta verslunarfyrirtæki landsins með umfangsmikinn rekstur. Hefðu gögn málsins borið með sér að félagið hefði verið í samningsstöðu til að hafa áhrif á skilmála lánsamninganna og hefði það haft brýnt tilefni til að leita sér sérfræðiaðstoðar við samningsgerðina. Yrði ekki litið svo á að viðbótarkrafa varnaraðila, sem sóknaraðili hefði þegar greitt, valdið röskun á fjárhagslegri stöðu hans þannig að jafna mætti til óhagræðis sem einstaklingur eða lítið fyrirtæki yrði fyrir vegna óvæntrar kröfu um verulega viðbótargreiðslu. Þóttu því ekki skilyrði til að víkja frá meginreglu kröfuréttar um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu.

Einnig í dómi Hæstaréttar í máli nr. 661/2013, var vísað í dóma réttarins í málum nr. 600/2011, 464/2012, 337/2013 og 430/2013 og sjónarmiða sem þar komu fram. Eftir að hafa metið atvik í málinu var það mat réttarins að ekki hefði verið komin á slík festa á framkvæmd lánsamningsins að það gæti réttlætt frávik frá meginreglunni, en umrætt lán hafði verið greitt upp u.þ.b. einu ári eftir útgreiðslu þess. Með vísan til þessa voru ekki talin skilyrði til að víkja frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu.

Sama niðurstaða réttarins var í dómi Hæstaréttar í máli nr. 337/2013. Þar hafði lántakinn aðeins einu sinni greitt vexti áður en kom að uppgjöri lánasamninganna. Því var talið að ekki væri unnt væri að víkja frá umræddri meginreglu kröfuréttar um að varnaraðili hefði átt rétt á viðbótargreiðslu úr hendi sóknaraðila vegna vangoldinna vaxta.

Þegar öll þessi dómafordæmi Hæstaréttar eru virt heildstætt og borin saman við málavexti í þessu máli, er það niðurstaða nefndarinnar að fallast beri á aðalkröfu sóknaraðila um greiðslu kr. 318.254. Ræður þar miklu að greitt var af láninu um árabíl gegn útgefnum greiðsluseðlum varnaraðila, aðstöðumunur aðila og að dómstólar hafa í framkvæmd talið að sjónarmiðið um röskun við endurreikning eldri gjalddaga eigi við, jafnvel í málum sem ekki snúast um fjárkröfur lánveitenda gegn skuldurum, heldur um kröfur skuldara um uppgjör á grundvelli fullnaðarkvittana. Eins og hér stendur á verður ekki talið að hagsmunir sóknaraðila séu svo óverulegir að það útiloki rétt hans til að byggja á fullnaðarkvittunum varnaraðila frá umræddum tíma.

Ágreiningur er með aðilum um skyldu til greiðslu dráttarvaxta og verður hann borinn undir nefndina samkvæmt samþykktum hennar eins og annar ágreiningur um fjárhagslega hagsmuni. Óumdeilt er að krafa sóknaraðila barst varnaraðila 25. mars 2014. Skal krafan samkvæmt því bera dráttarvexti frá 25. apríl 2014, sbr. 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur samkvæmt samþykktum fyrir nefndina enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu. Verður kröfum sóknaraðila þar að lútandi því vísað frá.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, greiði sóknaraðila, M, kr. 318.254 ásamt dráttarvöxtum frá 25. apríl 2014 til greiðsludags.

Kröfum sóknaraðila um málskostnað er vísað frá.

Reykjavík, 30. apríl 2015.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir